Alþingi 1956.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1956, miðvikudaginn 10. október, var sjötugasta og sjötta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það fimmtugasta og níunda aðalþing í röðinni, en nítugasta og fyrsta samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1.30 miðdegis. Séra Jakob Jónsson, prestur í Hallgrímssókn í Reykjavík, steig í stólinn og lagði út af Jes. 1. kap. 18.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

1. Alfreð Gíslason, 1. landsk. þm.
2. Ágúst Þorvaldsson, 1. þm. Árn.
3. Áki Jakobsson, þm. Siglf.
4. Ásgeir Bjarnason, þm. Dal.
5. Benedikt Gröndal, 5. landsk. þm.
6. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
7. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
8. Björgvin Jónsson, þm. Seyðf.
9. Björn Jónsson, 8. landsk. þm.
10. Björn Ólafsson, 2. þm. Reykv.
11. Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.
12. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
13. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.
14. Finnbogi R. Valdimarsson, 4. landsk. þm.
15. Friðjón Skarphéðinsson, þm. Ak.
16. Friðjón Þórðarson, 11. landsk. þm.
17. Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ.
18. Gunnar Jóhannsson, 6. landsk. þm.
19. Gunnar Thoroddsen, 6. þm. Reykv.
20. Gylfi Þ. Gíslason, 3. landsk. þm.
21. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.
22. Halldór E. Sigurðsson, þm. Mýr.
23. Hannibal Valdimarsson, 7. þm. Reykv.
24. Haraldur Guðmundsson, 4. þm. Reykv.
25. Hermann Jónasson, þm. Str.
26. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Rang.
27. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
28. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
29. Jón Kjartansson, þm. V-Sk.
30. Jón Pálmason, þm. A-Húnv.
31. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.
32. Kjartan J. Jóhannsson, þm. Ísaf.
33. Lúðvík Jósefsson, 2. þm. S-M.
34. Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf.
35. Ólafur Björnsson, 9. landsk. þm.
36. Ólafur Thors, þm. G-K.
37. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.
38. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.
39. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
40. Pétur Pétursson, 10. landsk. þm.
41. Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv.
42. Sigurður Ágústsson, þm. Snæf.
43. Sigurður Ó. Ólafsson, 2. þm. Árn.
44. Sigurvin Einarsson, þm. Barð.
45. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.
46. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.
47. Sveinbjörn Högnason, 2. þm. Rang.

Framantaldir þingmenn voru allir á fundi.

Ókomnir voru til þings:

1. Eiríkur Þorsteinsson, þm. V-Ísf.
2. Guðmundur Í. Guðmundsson, 7. landsk. þm.
3. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
4. Karl Guðjónsson, 2. landsk. þm.
5. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson): Hinn 1. okt. s. l. var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1956 skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 10. okt. 1956.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til

Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

Gert á Þingvöllum, 1. okt. 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

Hermann Jónasson.

Forsetabréf um, að reglulegt Alþingi 1956 skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 10. okt. 1956.“

Samkvæmt bréfi því, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Frá því er Alþingi var stofnað, eru nú liðin 1026 ár. Frá því er Alþingi var endurreist og kom saman af nýju fyrir 111 árum, er þetta 91. samkoma þess, en frá því það fékk aftur löggjafarvald fyrir 82 árum, er þetta hið 76. í röðinni, en 59. aðalþing.

Ég býð alla nýkjörna hv. alþingismenn velkomna til þingstarfa, allt frá þeim, sem nú taka hér sæti í fyrsta sinn, og til þess þingmanns, sem í þessum mánuði fyllir hinn fjórða áratug þingsetu fyrir eitt og sama kjördæmi.

Það munu allir á einu máli um það, að Alþingi sem nú er að hefjast, á úr ýmsum vanda að ráða og örlagaríkum viðfangsefnum. Ég mun að þessu sinni ekki rekja það nánar en ég gerði í innsetningarræðu 1. ágúst s. l. En hér er og ríkjandi mikill áhugi og saman komin mikil reynsla og þekking á stjórnmálum. Um góðan vilja efast ég ekki, og ég árna Alþingi allra heilla í störfum, svo að þau megi verða landi og þjóð til trausts og halds, til gæfu og gengis.

Að svo mæltu bið ég alþingismenn að minnast ættjarðarinnar með því að rísa úr sætum.

[Þingheimur stóð upp, og forsætisráðherra, **Hermann Jónasson**, mælti: „Lifi Ísland.“ Var tekið undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna þingfundi, þar til kosning forseta sameinaðs þings hefur farið fram, og bið ég hann, hv. þm. Vestm., að ganga til forsetastóls.

Tók forseti Íslands sér síðan sæti í þingsalnum, en aldursforseti, Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., gekk til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Minning látinna fyrrv. þingmanna.

Aldursforseti (JJós): Hæstv. forseti. Hv. alþingismenn. Áður en þingstörf hefjast, vil ég minnast nokkrum orðum tveggja fyrrverandi alþm., sem látizt hafa milli þinga. Eru það þeir Bjarni Ásgeirsson sendiherra, sem lézt í sjúkrahúsi í Osló 15. júní s. l., 64 ára að aldri, og Þorleifur Jónsson í Hólum, sem andaðist að heimili sínu 18. júní s. l., 91 árs að aldri.

Bjarni Ásgeirsson fæddist í Knarrarnesi á Mýrum 1. ágúst 1891. Faðir hans var Ásgeir bóndi í Knarrarnesi Bjarnason bónda þar Benediktssonar, en móðir Ragnheiður Helgadóttir bónda í Vogi á Mýrum, sonar Helga Helgasonar, er var þingmaður Mýramanna á fyrstu árum hins endurreista Alþingis, 1845—1849.

Bjarni Ásgeirsson lauk prófi í verzlunarskólanum í Reykjavík árið 1910, stundaði nám í bændaskólanum á Hvanneyri og lauk prófi þaðan árið 1913, en var síðan um skeið við framhaldsnám í búfræði í Danmörku og Noregi. Árið 1915 hóf hann búskap í Knarrarnesi og bjó þar til ársins 1921, en það ár fluttist hann að Reykjum í Mosfellssveit og rak þar búskap fram til ársins 1951, er hann fluttist til Oslóar og tók þar við sendiherrastörfum, sem hann gegndi til æviloka.

Á unglingsárum Bjarna Ásgeirssonar voru ungmennafélög að breiðast út um landið, og á þeim vettvangi hóf hann störf sín að félagsmálum og gerðist þar brautryðjandi í sveit sinni. Síðar var honum falinn ýmiss konar trúnaður í *þjóðmálum og félagsmálum, og sinnti hann um* langt skeið margvíslegum störfum jafnframt búi sínu. Ekki verða þau störf öll rakin hér, en minnzt á nokkur þau helztu.

Í stjórn Búnaðarfélags Íslands var hann á árunum 1927—1951, formaður þess frá 1939, settur búnaðarmálastjóri um skeið á árinu 1950 og kjörinn formaður Bændasambands Norðurlanda 1951—1952. Í bankaráði Landsbankans var hann 1928—1930, bankastjóri Búnaðarbanka Íslands 1930—1938 og gæzlustjóri Söfnunarsjóðs 1932—1951. Árið 1938 var hann skipaður formaður yfirfasteignamatsnefndar ríkisins. Lengi átti hann sæti í verkfæranefnd og um skeið í nýbýlastjórn og í stjórn áburðarverksmiðjunnar. Hann var þm. Mýramanna á árunum 1927—1951, sat á 31 þingi alls. Landbúnaðarráðherra var hann 1947—1949. Árið 1951 var hann skipaður sendiherra Íslands í Noregi og Póllandi, og í ársbyrjun 1952 varð hann jafnframt sendiherra í Tékkóslóvakíu. Í okt. 1955 varð hann ambassador Íslands í Noregi.

Bjarni Ásgeirsson var lengst ævi sinnar bóndi, og flest þau störf, sem hér hefur verið getið og hann vann að innanlands, eru á einhvern veg tengd landbúnaðarmálum. Í búskap sínum var hann stórhuga framkvæmdamaður, og á Reykjum gerðist hann brautryðjandi um ræktun við jarðhita í gróðurhúsum. Á Alþingi átti hann löngum sæti í landbúnaðarnefnd, og með störfum sínum þar og forgöngu sinni í Búnaðarfélaginu og í ráðherradómi átti hann ríkan þátt í þeirri fjölþættu löggjöf, sem á þingmannsárum hans og síðan hefur leitt til stórfelldra umbóta í íslenzkum landbúnaði.

Bjarni Ásgeirsson var vinsæll maður og drengur góður. Hann var mælskur, talaði fagurt mál og ljóst og var jafnan prúðmenni í málflutningi og allri framkomu, en varið gat hann mál sitt með festu og þunga gegn harðri andstöðu. Á skemmtimótum var hann aufúsugestur, léttur í máli og glaðvær. Hann var skáldmæltur vel, birti ljóð eftir sig á yngri árum og orti löngum fleygar stökur. Á búi sínu var hann höfðingi heim að sækja. Vegna mannkosta sinna varð hann góður fulltrúi þjóðar sinnar erlendis síðustu æviárin.

Þorleifur Jónsson fæddist í Hólum í Hornafirði 21. ágúst 1864 og átti þar heimili ævilangt. Foreldrar hans voru Jón bóndi í Hólum Jónsson prests á Hofi í Álftafirði Bergssonar og kona hans, Þórunn Þorleifsdóttir bónda í Hólum Hallssonar. Hann stundaði nám í Möðruvallaskóla 1881—1882 og var síðan forráðamaður fyrir búi móður sinnar til ársins 1890 og farkennari á vetrum. Á árunum 1890—1935 var hann bóndi í Hólum, en lét þá búið í hendur dóttur sinni og

tengdasyni og dvaldist síðan hjá þeim til æviloka.

Þorleifur í Hólum valdist snemma til margs konar forustu meðal sveitunga sinna og sýslunga. Hreppstjóri í sveit sinni var hann um rúmt hálfrar aldar skeið. Sýslunefndarmaður var hann lengi, og voru honum oft falin sýslumannsstörf í Austur-Skaftafellssýslu. Um langt skeið var hann forráðamaður sveitunga sinna í skólamálum og kirkjumálum. Hann vann ötullega að auknum samgöngum og bættri verzlun í héraði sínu og var þar eindreginn samvinnumaður. Þingmaður Austur-Skaftfellinga var hann fyrst kosinn árið 1908 og var fulltrúi þeirra á Alþingi samfellt á árunum 1909—1933, sat alls á 27 þingum og var síðustu árin varaforseti sameinaðs Alþingis. Í landsbankanefnd átti hann sæti árin 1928—1935.

Þorleifur Jónsson var mikill áhugamaður um búnað og ræktun landsins og stórvirkur bóndi á jörð sinni. Hann var vel máli farinn, prúðmenni í framgöngu og lét erjur stjórnmálanna ógjarnan hagga jafnvægi sínu. Ekki hafði hann sig mikið frammi í orðræðum á þingfundum, en vann á þingi vel og farsællega að framfaramálum sýslunga sinna og bændastéttar landsins alls. Þegar aldur færðist yfir hann og hann hafði létt af sér umstangi í búskap og félagsmálum, vann hann að umfangsmiklum ritstörfum, skrifaði verzlunarsögu héraðs síns og birti níræður æviminningar sínar.

Ég vil biðja háttvirtan þingheim að votta minningu þessara tveggja bændahöfðingja virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum. — Síðan gekk forseti Íslands út úr þingsalnum.]

Rannsókn kjörbréfa.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf., og Skúla Guðmundsson, þm. V-Húnv.

Þessu næst skiptust þm. í kjördeildir, og urðu í

1. kjördeild:

BBen, EOl, EmJ, EystJ, FS, FÞ, GÍG, HÁ, HV, JJós, KK, KJJ, ÓB, PZ, PÞ, SB, StgrSt.

2. kjördeild:

BSt, BÓ, EirÞ, FRV, GJóh, HermJ, JPálm, JS, MJ, ÓTh, PO, PP, RH, SÁ, SÓÓ, SE, SkG.

3. kjördeild:

AG, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, BjörgJ, BjörnJ, GíslG, GTh, GÞG, HS, HG, IngJ, JóhH, JK, KGuðj, LJós, SvbH.

Fyrir lá að rannsaka kjörbréf allra alþingismanna. Skiptu kjördeildir með sér kjörbréfum svo sem lög mæla fyrir, þannig að 1. kjördeild hlaut til rannsóknar kjörbréf þeirra þm., sem voru í 3. kjördeild, 2. kjördeild kjörbréf þm. í 1. deild og 3. kjördeild kjörbréf þm. í 2. deild.

Fundi frestað.

Fimmtudaginn 11. okt. var fundinum fram haldið.

Eiríkur Þorsteinsson, þm. V-Ísf., og Karl Guðjónsson, 2. landsk. þm., voru nú til þings komnir og sátu fundinn.

Aldursforseti (JJós): Þá verður fundi haldið áfram. Geri ég ráð fyrir, að nú séu kjördeildarálit fyrir hendi, og hef hugsað mér að hafa þann hátt á, að fyrst tali frsm. meiri og minni hl., ef þeir eru til, eða framsaga höfð á hendi fyrir fyrstu kjördeild, og þegar framsögu fyrir fyrstu kjördeild er lokið, þá fari fram framsaga fyrir aðra og svo þriðju. Ef enginn mælir því í gegn, þá hafði ég hugsað mér að hafa þennan hátt á.

Frsm. meiri hl. 1. kjördeildar (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Fyrsta kjördeild hefur svo sem lög gera ráð fyrir rannsakað kjörbréf þeirra hv. þm., sem sæti eiga í þriðju kjördeild, en það eru þessir hv. þm.: Alfreð Gíslason, 1. landsk. þm., Ágúst Þorvaldsson, 1. þm. Árn., Áki Jakobsson, þm. Siglf., Ásgeir Bjarnason, þm. Dal., Benedikt Gröndal, 5. landsk. þm., Björgvin Jónsson, þm. Seyðf., Björn Jónsson, 8. landsk. þm., Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ., Gunnar Thoroddsen, 6. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, 3. landsk. þm., Halldór E. Sigurðsson, þm. Mýr., Haraldur Guðmundsson, 4. þm. Reykv., Ingólfur Jónsson, 1. þm. Rang., Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv., Jón Kjartansson, þm. V-Sk., Karl Guðjónsson, 2. landsk. þm., Lúðvík Jósefsson, 2. þm. S-M., og Sveinbjörn Högnason, 2. þm. Rang.

Alls eru þetta 18 kjörbréf. Kjördeildin varð ekki sammála um afgreiðslu allra kjörbréfanna. Meiri hl. kjördeildarinnar leggur til, að öll kjörbréfin verði tekin gild. Minni hl. hefur sérstöðu um kjörbréf þeirra hv. þm. Benedikts Gröndals, 5. landsk. þm., og hæstv. menntmrh., Gylfa Þ. Gíslasonar, 3. landsk. þm. Mun frsm. minni hl. væntanlega gera grein fyrir þeirri sérstöðu.

Frsm. minni hl. 1. kjördeildar (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Svo sem frsm. meiri hl. fyrstu kjördeildar gerði grein fyrir, þá varð kjördeildin ekki sammála um afgreiðslu allra kjörbréfanna, og varð meiri hl. að vísu fyrir því að samþykkja þau öll, en minni hl., sem ég er frsm. fyrir, leggur til, að kjörbréf þeirra Benedikts Gröndals og Gylfa Þ. Gíslasonar verði ekki tekin gild, og skal ég stuttlega gera grein fyrir þeim ástæðum, sem til þeirrar tillögu okkar liggja.

Hinn 19. apríl s. l. lýstu Framsfl. og Alþfl. yfir því, að þeir hafi ákveðið, eins og orðrétt var sagt, að efna til algers kosningabandalags í öllum kjördæmum. Þetta er orðrétt tekið úr þeirri yfirlýsingu, sem birt var bæði í Tímanum og Alþýðublaðinu.

Þegar framboðin til alþingiskosninganna hinn 24. júní voru tilkynnt, kom í ljós, að ákvörðun þessi var framkvæmd þannig, að flokkarnir buðu hvergi fram hvor á móti öðrum. Sums staðar voru menn úr báðum flokkum á sameiginlegum lista, þótt hann væri aðeins kenndur við annan flokkinn. Meðmælendur einstakra frambjóðenda voru yfirleitt úr báðum flokkum. Flokksfélög lýstu víða opinberum stuðningi við frambjóðendur hins flokksins, og flokksmenn annars flokksins greiddu við prófkosningu atkv. um, hver ætti af þeirra hálfu að vera á lista hins.

Kosningaúrslitin urðu og slík, að samkvæmt þeim er ómögulegt að gera sér grein fyrir raun-

verulegu fylgi hvors flokksins um sig, heldur sýna þau alranga mynd af því. Engu mannsbarni kemur í alvöru til hugar, að Alþfl. sé stærri flokkur en Framsfl., þó að kosningaúrslitin og tölurnar gefi það til kynna. Þetta sýnir, að kosningatölurnar og úrslitin gefa ekki rétta mynd af því, sem átti sér stað við þessar kosningar. Hins vegar sýna kosningaúrslitin vitanlega rétt samanlagt heildarfylgi beggja flokkanna.

Samningarnir um hið algera kosningabandalag, sjálf framboðin og kosningaúrslitin sanna, svo að ekki verður um deilt, að Framsfl. og Alþfl. hafa í kosningunum óvefengjanlega komið fram sem einn flokkur. Þó að þeir haldi sjálfstæðri tilveru að öðru leyti, skiptir það ekki máli í þessu sambandi, því að mat á framboðum þeirra við kosningarnar verður vitanlega að miðast við athafnir þeirra þá, en ekki við aðrar gerðir þeirra. Með því að koma þannig fram sem einn flokkur svipti hið algera kosningabandalag sig rétti til að bera fram nema einn landslista við kosningarnar, sbr. skýlaust ákvæði 29. gr. kosningalaganna, þar sem segir: „Stjórnmálaflokkur má eigi bera fram nema einn landslista við sömu alþingiskosningar.“ Enda segir í 31. grein stjórnarskrárinnar, með leyfi hæstv. forseta, að allt að 11 þingmenn skuli vera „til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar.“ En svo sem fyrr segir, er ómögulegt að greina raunverulegt fylgi hvors flokksins um sig við kosningarnar, heldur einungis heildarfylgi beggja.

Úthlutun uppbótarsæta ætti því að miðast við þá staðreynd, að Framsfl. og Alþfl. komu fram sem einn flokkur við alþingiskosningarnar 24. júní 1956. Um þetta náðist að vísu ekki samkomulag meiri hl. landskjörstjórnar, þó að meiri hlutinn væri sammála um, að framboðin, svo sem þau voru úr garði gerð, væru ólögleg. En þar sem meiri hlutanum kom ekki að öllu saman um, í hverju ólögmætið væri fólgið, né um viðurlögin, varð niðurstaðan sú, að minni hlutinn, tveir af fimm, réð því, sem gert var. Þrír af fimm landskjörstjórnarmönnum hafa hins vegar gert fyrirvara um tvö af hinum umdeildu kjörbréfum og tveir landskjörstjórnarmenn við önnur tvö.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta ósamkomulag innan landskjörstjórnarinnar. Það heyrir fortíðinni til, og tjáir ekki að deila um það héðan af, enda er aðalatriðið, að Alþingi hefur sjálft rétt og skyldu til að taka hér sjálfstæða ákvörðun.

Samkv. því, sem nú hefur verið sagt, leggur minni hl. 1. kjördeildar til, að neitað sé að taka kjörbréf Benedikts Gröndals og Gylfa Þ. Gíslasonar gild, þar sem hið algera kosningabandalag Framsfl. og Alþfl. fékk svo marga þm. kosna í kjördæmum hinn 24. júní s. l., að hvorki það né nokkur hluti þess á rétt til uppbótarþingmanna.

Fyrri frsm. 2. kjördeildar (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Það er ekki alls kostar rétt, sem hæstv. forseti sagði, þegar hann gaf mér orðið, að ég væri frsm. meiri hl. 2. kjördeildar. Ég er frsm. kjördeildarinnar allrar, að því er öll kjörbréfin snertir nema eitt, en um það kjörbréf varð ágreiningur, og voru jafnmargir í hvorum hluta, hvorki meiri né minni hluti þar af leiðandi. Mér kemur nokkuð á óvart þessi tilhögun, þó að ég sé ekki að segja, að hún sé röng, að taka nú þegar til máls, áður en þau kjörbréf eru útkljáð, sem áðan var rætt um, og er því ekki vel við því búinn að hafa framsögu í málinu.

2. kjördeild hefur haft til athugunar kjörbréf eftirtalinna þingmanna: Bjarna Benediktssonar, 1. þm. Reykv., Einars Olgeirssonar, 3. þm. Reykv., Eysteins Jónssonar, 1. þm. S-M., Halldórs Ásgrímssonar, 2. þm. N-M., Jóhanns Jósefssonar, þm. Vestm., Karls Kristjánssonar, þm. S-Þ., Páls Zóphóníassonar, 1. þm. N-M., Páls Þorsteinssonar, þm. A-Sk., Sigurðar Bjarnasonar, þm. N-Ísf., Steingríms Steinþórssonar, 1. þm. Skagf., Hannibals Valdimarssonar, 7. þm. Reykv., Emils Jónssonar, þm. Hafnf., Friðjóns Skarphéðinssonar, þm. Ak., Friðjóns Þórðarsonar, sem er 2. uppbótarþingmaður Sjálfstfl., Ólafs Björnssonar, sem er 1. uppbótarþingmaður Sjálfstfl., og tvö önnur.

Hvað snertir þau kjörbréf, sem ég hef nefnt, þá hefur kjördeildin ekkert við þau að athuga og leggur einróma til, að þau verði samþykkt og kosning þessara manna tekin gild.

Þá átti kjördeildin enn fremur að hafa til meðferðar kjörbréf Kjartans J. Jóhannssonar, þm. Ísaf. Kjörbréfið var ekki fyrir hendi, þegar kjördeildin hélt fund, en í gærkvöld barst hraðskeyti frá yfirkjörstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, svo hljóðandi:

„Það vottast, að Kjartan J. Jóhannsson læknir var 24. júní s. l. kosinn lögmætri kosningu alþingismaður fyrir Ísafjarðarkaupstað og þá afhent kjörbréf.

Jóhann Gunnar Ólafsson,
formaður yfirkjörstjórnar.“

Það var gert ráð fyrir því á kjördeildarfundinum, að slíkt skeyti kæmi, og mér falið, svo framarlega sem það kæmi, að lýsa yfir því, að kjördeildin legði til, að kosning hans yrði tekin gild. Skrifstofan hefur að vísu afhent síðan endurrit úr gerðarbók yfirkjörstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar. Þessi bókun ber það með sér, að Kjartan J. Jóhannsson hefur verið kosinn þm. Ísaf. Svo fylgja hér nokkrir ágreiningsatkvæðaseðlar í innsigluðu bréfi. Ég hef ekki séð neina ástæðu til þess að kalla kjördeildina saman til þess að brjóta upp bréfið og skoða þessa seðla. Ég veit ekki, hvaða ágreiningur er um þá, en hitt veit ég, að þeir eru miklum mun færri en atkvæðamunurinn á þm. Ísaf. og þeim frambjóðanda, sem næstflest atkvæði hlaut. Og hvernig sem þessir seðlar eru, þá geta þeir ekki haft áhrif á úrslit kosninganna. Kjördeildin leggur, eins og ég sagði, því enn fremur til, að kosning Kjartans J. Jóhannssonar sé tekin gild.

Þá hefur kjördeildin einnig haft til meðferðar kjörbréf Guðmundar Í. Guðmundssonar bæjarfógeta í Hafnarfirði, sem hefur kjörbréf sem 3. uppbótarþingmaður Alþfl. Kjörbréfið er dagsett 9. júlí í ár og undirskrifað af landskjörstjórn, þar af þremur eða meiri hl. landskjörstjórnar athugasemdalaust, en tveir landskjörstjórnarmenn hafa undirskrifað kjörbréfið með fyrir-

vara, þeir Einar B. Guðmundsson og Vilmundur Jónsson.

Þó að ég heyrði ekki alla ræðu hv. 1. þm. Reykv. áðan, þá þykist ég vita, að þar hafi komið fram það mál, sem hér er um að ræða, að það er sem sagt vefengd kosning allra uppbótarþingmanna Alþfl. Ég hlýt því að fara um þetta atriði nokkrum orðum.

Ég vil þá fyrst benda á það, sem allir vita, að það er staðreynd, að samkv. því atkvæðamagni, sem Alþfl. hlaut í síðustu kosningum, ber honum að fá þessi þingsæti, fjögur uppbótarsæti, ef hann er á annað borð viðurkenndur sem sérstakur þingflokkur og stjórnmálaflokkur. Mótmæli þau, sem ég hef lesið, og að svo miklu leyti sem ég heyrði ræðu hv. 1. þm. Reykv., þá kom það einnig fram þar, að þá byggjast mótmælin eingöngu á því, að því er haldið fram, að Alþfl. og Framsfl. hafi komið fram sem einn flokkur í kosningunum, af því að þeir voru í bandalagi um kosningarnar og höfðu gert með sér málefnasamning fyrir kosningar.

Ég verð nú að segja það til að byrja með, að mér finnst það ákaflega einkennilegt, að það virðist vera einkum hv. Sjálfstfl. og hans fulltrúar á þingi, sem vilja gera kosningu þessara fjögurra manna ógilda af þessum sökum. Mér þykir það einkennilegt vegna þess, að eins og allir eldri menn kannast við og muna, hefur Sjálfstfl. áður gert alveg nákvæmlega sams konar bandalag við annan flokk eins og Framsfl. og Alþfl. gerðu með sér í vor. Það var kosningabandalag Sjálfstfl. og Bændaflokksins 1937. Og meira að segja þeir sjálfir gáfu þessu bandalagi ákveðið nafn, kölluðu það breiðfylkingu allra Íslendinga. Nú, það reyndust nú ekki vera allir Íslendingar, sem vildu styðja þessa breiðfylkingu, og ekki einu sinni meiri hluti þeirra.

Mér finnst það liggja í augum uppi, að ef uppbótarþingmenn Alþfl. eru ekki löglega kosnir þingmenn sökum þess, að Alþfl. var í bandalagi við Framsfl., þá hefur sá eini uppbótarþingmaður, sem Bændaflokkurinn fékk á sínum tíma, Stefán sálugi í Fagraskógi, setið ólöglega á Alþingi í fimm ár, 1937—42. En auðvitað er hvort tveggja fjarstæða. Stefán í Fagraskógi sat löglega á Alþingi, því að hann bauð sig fram fyrir sérstakan flokk, þó að hann væri studdur af öðrum flokki og ætti þeim flokki sína þingmennsku að þakka algerlega. Og þingmenn Alþfl. eru löglega kosnir þingmenn þrátt fyrir bandalagið. Og fordæmið frá 1937 hlýtur að hafa nokkra þýðingu í þessu efni. Ég skal ekki segja, hvernig lögfræðingar skýra það, en ég veit þó, að bæði þeir og aðrir telja, að það, sem orðið er að venju eða aðrir hafa gert óátalið áður, þykir heimilara en það, sem er fordæmalaust.

Ég hef að vísu heyrt því haldið fram og séð því haldið fram, að breiðfylkingin frá 1937 hafi verið allt annars eðlis en kosningabandalag Framsfl. og Alþfl. í vor, en það hefur bara verið sagt, svo að ég hafi heyrt: Þetta var allt annars eðlis. — En ég hef engar skýringar fengið á því, að hverju leyti það var annars eðlis. Mér sýnist það algerlega sama eðlis. Á fundi í vor heyrði ég þó mann segja sem svo, að þetta bandalag hefði ekki verið algert, það hefði ekki verið í öllum kjördæmum. En ég sé ekki, að það skipti máli. Það var yfirlýst bandalag, og það hefur meira að segja komið fyrir innbyrðis í flokki, að það hafa verið keppinautar innan sama flokks í kjördæmi. Það hefur komið æði oft fyrir. Það vita allir eldri menn, sem voru í pólitík þá, hvernig t. d. á því stóð, að það gat ekki verið sameiginlegt framboð í Austur-Húnavatnssýslu o. s. frv. Það var af allt öðrum ástæðum en að það væri ekki bezta samkomulag á milli flokkanna, Sjálfstfl. og Bændaflokksins, um það að reyna að ná sameiginlega meiri hluta á Alþingi vegna þessa bandalags.

Þetta er því áreiðanlega nákvæmlega sama eðlis. Alþingi hefur áður tekið það gilt, að uppbótarmaður, sem átti atkv. frá öðrum flokki sannanlega kosningu sína að þakka, var tekinn gildur hér sem alþingismaður, og það þurfa að vera sterk rök fyrir því, að það eigi að brjóta út af þeirri reglu, sem Alþ. þá tók upp í þessu efni.

En hér kemur þó miklu fleira til. Stjórnarskrá Íslands gerði ekki ráð fyrir neinum stjórnmálaflokkum og lét sem þeir væru ekki til fram að 1933. Þingmenn voru kosnir eftir vilja kjósendanna, og stjórnarskráin ákvað ekkert um það, að þeir skyldu tilkynna um, í hvaða flokki þeir væru eða hvort þeir væru í nokkrum flokki eða ekki. Með stjórnarskrárbreytingunni frá 1933 var gerð breyting á þessu. Þá komu uppbótarsætin til til þess að jafna á milli þingflokka, svo að hver þeirra hefði sem líkasta atkvæðatölu á bak við hvern þingmann. Og þá var það í fyrsta sinn ákveðið, að þingmenn skyldu tilkynna það, um leið og þeir tilkynntu framboð sitt, fyrir hvaða stjórnmálaflokk þeir byðu sig fram, og ef þeir ekki gerðu það, þá töldust þeir utanflokka. Hins vegar gekk stjórnarskráin algerlega fram hjá því að skilgreina, hvað væri stjórnmálaflokkur, þó að hún hefði ýmis ákvæði um stjórnmálaflokka að öðru leyti.

Ég geri ráð fyrir, að þetta hugtak, stjórnmálaflokkur og þingflokkur, hafi verið svo ákveðið í hugum manna, að það hafi ekki þótt þörf á að taka það fram í stjórnarskránni sjálfri, hvað væri stjórnmálaflokkur eða þingflokkur. Það var að vísu tekið fram, hvernig nýr þingflokkur gæti myndazt, en ekkert um eldri flokkana. Þetta hugtak hefur þó verið skýrt af fræðimönnum, m. a. af þeim fræðimanninum í þessum efnum, sem telja verður að hafi verið einna lærðastur, sem sé Einari Arnórssyni doktor í lögum. Hann hefur minnzt á þetta atriði í Réttarsögu Alþingis á bls. 604, og hann segir svo um það, hvað sé flokkur:

„Flokkur byggist á samtökum manna, er tekið hafa sér nafn og sett hafa sér einhverjar skipulagsreglur, kosið með sér stjórn og ákveðið sér stefnu í landsmálum og birt hana opinberlega.“

Eins og hver einasti alþingismaður veit, fullnægja bæði Framsfl. og Alþfl. þessum skilyrðum, sem Einar heitinn Arnórsson tekur þarna fram um það, hvað sé stjórnmálaflokkur. Þeir eru nú báðir, þessir flokkar, orðnir 40 ára gamlir og þar af leiðandi alkunnugt fyrir löngu, að þetta eru tveir flokkar, en ekki einn flokkur. Þeir hafa sitt sérstaka nafn hvor um sig, og þessi

nöfn eru ekki nýtekin í sambandi við bandalagið, sem þeir gerðu, heldur eru þau 40 ára gömul. Þeir hafa báðir fyrir löngu sett sér skipulagsreglur, sem eru í höfuðatriðum þær sömu og þær hafa verið í mörg ár. Þeir hafa báðir fyrir löngu kosið sér stjórn og ákveðið stefnu í landsmálum og birt hana opinberlega, m. ö. o. algerlega fullnægt því, sem Einar Arnórsson telur að til þess þurfi, að hægt sé að tala um stjórnmálaflokk. Að málefnasamningur um dægurmál var gerður á milli þessara tveggja flokka, getur engu breytt í því efni, því að það er enginn eðlismunur á því að gera málefnasamning um dægurmál fyrir kosningar eða eftir kosningar, en það er algengt, að stjórnmálaflokkar gera með sér málefnasamning eftir kosningar, og er þá skemmst að minnast málefnasamnings Framsfl. og Sjálfstfl. frá 1953. Og ekki held ég, að hv. 1. þm. Reykv. vilji kannast við það, og ég að vísu ekki heldur, að Sjálfstfl. og Framsfl. hafi verið sami flokkur s. l. kjörtímabil, þótt þeir yrðu vegna stjórnarsamvinnu að fylgjast að í mörgum málum, þó ekki líkt því öllum. Ekki breytir það heldur neinu í þessu efni, þó að miðstjórnir þessara flokka gerðu með sér kosningabandalag, og það er einfaldlega vegna þess, hv. alþm., að valdið í því efni, hverjir verða alþm. og hverjir ekki, það er ekki hjá miðstjórnum flokka, það er ekki hjá formönnum flokka eða forustumönnum, valdið er hjá kjósendum landsins, og á kjördegi getur kjósandinn notað atkvæði sitt alveg eins og honum sýnist, hvað sem hver segir. Og meira að segja þó að miðstjórnir þessara tveggja flokka og forustumenn óskuðu eftir því, að flokkarnir styddu hvor annan og það væri víða gert, vitanlega af frjálsum vilja kjósendanna, þá var enginn nauðbeygður til þess, meira að segja hver einasti kjósandi í öllum kjördæmum landsins gat kosið sinn eigin flokk þrátt fyrir þetta bandalag, og í öllum kjördæmum var eitthvað að því gert. Báðir flokkarnir höfðu sem sé landslista í kjöri, og það voru ekki svo fá atkvæði, sem féllu á landslistana, og þau atkvæði, sem féllu á lista Alþýðuflokksins t. d. í Suður-Múlasýslu, réðu beint úrslitum um kosninguna þar. Hefði kosningabandalagið verið eins algert og hv. 1. þm. Reykv. vildi vera láta og þessi atkvæði þar af leiðandi verið talin frambjóðendum Framsfl., sem féllu á landslista Alþfl. í Suður-Múlasýslu, þá er Vilhjálmur Hjálmarsson kosinn 2. þm. Suður-Múlasýslu. Og Alþingi verður þá að muna eftir því, að ef á að ógilda fjögur uppbótarþingsæti Alþfl., þá verður Alþingi jafnframt að úrskurða, að Vilhjálmur Hjálmarsson sé réttkjörinn 2. þm. S-M. og senda hv. 2. þm. S-M., sem nú er, heim, því að með öðru móti getur það ekki verið einn flokkur, nema landslistaatkvæði beggja flokkanna falli á frambjóðendur þess bandalags í kjördæminu. (Gripið fram í.) Ég er ekki að segja, að það sé frágangssök, en mér datt það svona í hug, að kannske hv. þm. G-K. mundi nú gleyma þessu atriði, þó að hann hefði það fram að reka fjóra uppbótarþingmenn Alþfl. heim.

Það, sem hv. 1. þm. Reykv. var að tala um áðan, um samanlagt atkvæðamagn Framsfl. og Alþfl., sé ég ekki að komi þessu máli við. Kosningalögin og stjórnarskráin sjálf hafa frá upphafi gert ráð fyrir því, að það yrði einn af flokkunum, sem hefði fæst atkvæði á bak við hvern sinn þingmann. Þingmannatala þess flokks, deilt í atkvæðamagn hans, er svo hlutfallstala kosninganna, sem kallað er. Stjórnarskráin og kosningalögin hafa gert ráð fyrir þessu frá upphafi, og að bollaleggja um það, hvort Alþfl. hefði fengið svona mörg atkvæði, ef ekki hefði verið þetta bandalag, það er tilgangslaust, því að þetta veit enginn. Hvernig ætlar hv. 1. þm. Reykv. að sanna það, hvað hver hefði fengið, ef framboðin hefðu verið allt öðruvísi en þau voru? Þó að hann sé allra manna sniðugastur, það skal ég játa, og fundvísastur á rök, þegar hann hefur rök, og það, sem í fljótu bragði sýnist rök, þegar hann hefur ekki rök, gæti ég þó haldið, að honum gengi hálfilla að sanna það, hvers konar menn hefðu og hvaða menn hefðu kosið hvern flokk fyrir sig. Ég hugsa, að hann viti ekki nákvæmlega, hverjir kusu Sjálfstfl., hvað þá aðra flokka.

Þetta atriði hjá honum er nátengt því, sem menn hafa heyrt úr ýmsum áttum og heyrist frá þeim, sem finnst hlutur sinn fyrir borð borinn við kosningar, að þeir beri ekki eins mikið úr býtum í þingsætum og atkvæðamagn þeirra bendi til. En mér kemur þetta þannig fyrir sjónir, að hvað sem um þetta er, þá verði að fara eftir lögum landsins á hverjum tíma um þetta efni eins og öll önnur. Það kann vel að vera, að kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag sé gallað. Ef svo er, þá er vitanlega sjálfsagt að breyta því. Ég get kannazt við það, að mér finnst það á margan hátt gallað, og ég mundi vilja breytingar. Ég býst ekki við, að það yrðu sömu breytingar og hv. 1. þm. Reykv. vill, en þetta er allt annað mál. Hvort sem lögin eru ranglát eða réttlát, þá eru þau eins og þau eru nú í dag, og eftir þeim verður að dæma og engu öðru.

Ég talaði ofur lítið um þetta mál almennt, af því að það er í nánum tengslum við gildi þess kjörbréfs, sem ágreiningur er um af þeim, sem 2. kjördeild hafði til athugunar, og það er kjörbréf Guðmundar Í. Guðmundssonar, sem er 3. uppbótarþingmaður Alþfl., en undir hans kjörbréf hafa skrifað tveir landskjörstjórnarmenn með fyrirvara, Einar B. Guðmundsson og Vilmundur Jónsson. Aftur hefur hæstaréttardómarinn Jón Ásbjörnsson skrifað undir það fyrirvaralaust. Ég þarf ekki að segja neitt fleira um þetta kjörbréf sérstaklega. Ég vísa til þess, sem ég hef nú nýrakið almennt um gildi kjörbréfa þessara fjögurra uppbótarþingmanna Alþfl., og á þeim forsendum og sjálfsagt fleiri er það, að helmingur 2. kjördeildar leggur til, að einnig kjörbréf Guðmundar Í. Guðmundssonar verði tekið gilt.

Aldursforseti (JJós): Út af ummælum hv. 1. þm. Eyf. um það, að ég hefði ekki réttilega nefnt hann frsm. meiri hluta, skal það játað, þegar það er upplýst nú, að ég hef þar tekið fulldjúpt í árinni. En þess er að gæta, að fyrir forseta liggur í þessu máli aldrei neitt skriflegt, og mér var ekki kunnugt um, hvort deildin hefði verið hnífjöfn eða skipt í meiri og minni hluta, sem þó er algengast að sé. — Að öðru leyti vildi

ég, að því er snertir tilhögun á þessum umræðum, geta þess, að ég hef það fyrir satt, að það sé tvennt til í því, annaðhvort að ljúka fyrst hverri kjördeild út af fyrir sig eða ljúka umræðum í öllum kjördeildunum og ganga svo til atkvæða á eftir, og ég hallaðist satt að segja að því síðara, af því að ég hélt, að það væri tímasparnaður og yrði til hagræðis.

Síðari frsm. 2. kjördeildar (Jón Pálmason): Eins og hv. 1. þm. Eyf. tók hér fram, þá fór það svo varðandi það eina kjörbréf, sem hér er ágreiningur um, sem er kjörbréf Guðmundar Í. Guðmundssonar, hæstv. utanrrh., að kjördeildin klofnaði í tvo jafna hluta, þannig að átta vildu taka þetta kjörbréf gilt, en átta vildu fella það, og byggja það á sama grundvelli og greint var frá af frsm. minni hl. 1. kjördeildar, hv. 1. þm. Reykv., því að það er tillaga okkar sjálfstæðismanna, að þau fjögur kjörbréf uppbótarþingmanna Alþýðuflokksins, sem um er að ræða, fylgist að. En bæði vegna þess, að hv. 1. þm. Eyf. fór nokkuð rækilega út í málið sjálft, og að öðru leyti vegna þess, að þetta er stórt deilumál og viðtækt, þá þykir mér ástæða til að fara um það nokkrum orðum og greina frá skoðun minni og áliti á þeim atriðum, sem helzt koma til greina í þessu sambandi.

Í þeim alþingiskosningum, sem fram fóru 24. júní s. l., gerðust ýmsir atburðir og sum úrslitin óvænt, eins og gengur. En eitt meginatriði yfirgnæfði allt annað sem einstætt fyrirbrigði, og það voru aðferðir og framferði bandalags Framsfl. og Alþfl., sem almennt gengur undir nafninu Hræðslubandalagið. Þær deilur, sem orðið hafa meðal þjóðarinnar fyrir og eftir kosningar og hinn alvarlegi ágreiningur innan landskjörstjórnar um lögmæti þeirra aðferða, sem þetta bandalag hafði í frammi, sýnir það og sannar, að hér er um mjög þýðingarmikið mál að ræða. Það er ekkert stundarfyrirbæri eða persónuhagsmunaatriði, hvort einstöku mönnum á að haldast það uppi að brjóta helgustu grundvallarlög okkar lýðveldis, stjórnarskrána og kosningalögin, annað hvort eða bæði, og því alvarlegra er málið, þegar það eru heilir stjórnmálaflokkar og heldur tveir en einn, sem eru sakaraðilar. Af því að slíkt er einstakt í okkar stjórnmálasögu, þá verður að athuga það mjög nákvæmlega hér á Alþingi. Það verður að ræða málið niður til grunna og afgreiða það á eðlilegan hátt í samræmi við ströngustu lagafyrirmæli. Það veltur á svo miklu, hvort sjálft Alþingi er rétt kosið eða ekki, að um það má ekki vera neinn vafi, og þegar fimm valdir menn og fróðir, sem skipa landskjörstjórn, klofna í þrjá hluta, þá er auðsætt, að hér er um að ræða mjög alvarlegt afbrotamál, sem þó er ekki einsætt, á hvern veg skuli með fara.

Í kosningabaráttunni hafa fulltrúar Hræðslubandalagsins nokkrum sinnum vitnað í ummæli, er ég hafði hér á Alþingi um kosningabandalög 1953, þegar kássufrv. sæla var til meðferðar. Þau hnigu að því, að vitanlega gætu stjórnmálaflokkar haft bandalag í kosningum á löglegan hátt. Ég vil taka það fram hér, að það, sem ég hef á prenti séð eftir mér haft um þetta, er rétt með farið, enda eru ummælin þannig, að ég er ekkert við það hikandi að standa við þau og enda reiðubúinn að endurtaka þau. En ég legg áherzlu á tvennt í þessu sambandi, í fyrsta lagi það, að ég ræddi ekkert um það, hvernig kosningabandalög þyrftu að vera til þess að vera lögleg, og í öðru lagi hitt, að ég minntist ekkert á uppbótarþingsæti í því sambandi, en þetta tvennt er einmitt það, sem nú standa deilurnar um. Ég hef engan mann heyrt, sem fordæmir öll kosningabandalög milli flokka, og tel vafasamt, að nokkrir menn, sem standa í stjórnmálabaráttunni, vildu setja það inn í stjórnarskrána að banna algerlega öll bandalög. Það yrði líka örðugt að framfylgja slíku banni í framkvæmd. Við, sem fylgzt höfum með stjórnmálasögu okkar þjóðar síðustu áratugi, vitum það vel, að það hafa margsinnis verið bandalög milli flokka við kosningar, stundum stjórnað af forustumönnum flokka, en stundum af óbreyttum kjósendum innan kjördæmanna. Hið fyrsta kosningabandalag, sem ég man eftir við almennar alþingiskosningar, var milli Framsfl. og Alþfl. vorið 1927. Þetta var leynibandalag og framkvæmt á mjög sniðugan hátt. Í sveitakjördæmunum, þar sem ég þekki bezt til, var þetta framkvæmt á þá leið, að frambjóðendur Framsfl. fóru þannig með, að engar grunsemdir voru um það, að þeir væru nokkuð annað en frambjóðendur síns flokks, og baráttan öll við það miðuð. En bak við tjöldin og algerlega í leyni var samið við kjósendur, sem fylgdu Alþfl., og þeir fengnir til að kjósa framsóknarmenn þá, sem voru í kjöri. Þá voru engin uppbótarþingsæti til og fámennir hópar Alþfl.-kjósenda höfðu um tvennt að velja, að eyðileggja sín atkv. eða kjósa þann frambjóðanda, sem þeir töldu standa sér nær í skoðunum. Þeir skiptust sennilega eitthvað, en meiri hluti þeirra kaus framsóknarmennina, og leynisamningarnir bak við tjöldin studdu þar að.

Þetta kosningabandalag hafði þau áhrif, eins og kunnugt er, að þessir tveir flokkar náðu meiri hluta á Alþ. og tóku við stjórn landsins. Sú stjórn réð í fjögur ár, en snemma árs 1931 slitnaði vináttubandið milli flokkanna á Alþ. út af deilum um stjórnarskrána, Sogsvirkjunina o. fl. Var nokkuð hastarlegur endir þeirra vináttumála í þingrofinu 14. apríl 1931.

En þótt svona færi milli alþm. þessara bandalagsflokka, þá fór ekki alveg eins meðal kjósendanna almennt í landinu. Alþfl.-kjósendurnir voru komnir á framsóknarspenann víða um land og vildu ekki taka því með þökkum að láta færa sér frá. Leynibandalagið hélt því áfram furðu víða og hafði þau áhrif, að Framsfl. einn náði meiri hluta í þingrofskosningunni vorið 1931. Í þriðja sinn reyndu þessir sömu flokkar að viðhalda sínu leynibandalagi í alþingiskosningunum 1934. Einkum voru það þó framsóknarmenn, sem létu sér annt um það, en þetta fór út um þúfur víðast hvar. Aðstaðan var nú líka gerbreytt fyrir Alþfl. frá því, sem áður hafði verið, því að í þessum kosningum komu reglurnar um uppbótarþingsætin fyrst til sögunnar. Alþfl. gat því safnað saman sínum kjósendum og fengið uppbótarþingsæti út á safnið. Fékk hann líka sinn stærsta sigur á ævinni í þeim kosningum og 10 alþingismenn.

Alltaf síðan hefur líka framsóknarmönnum verið mjög illa við uppbótarþingmenn. Þeir sáu réttilega, að með tilkomu þeirra töpuðu þeir mörgum stuðningsaðilum víða um land. Fór líka svo, að leynibandalagsaðferðin var ekki reynd eða bar að minnsta kosti ekki árangur í 22 ár. Í kosningunum 1953 var þó gerð tilraun í þessa átt í nokkrum kjördæmum, en það misheppnaðist alveg, þ. e. a. s. þessir flokkar náðu engu þingsæti vegna þeirrar viðleitni.

Fimmta tilraunin með kosningabandalag tveggja flokka við almennar alþingiskosningar var svo bandalag sjálfstæðismanna við Bændaflokkinn vorið 1937. Það bandalag var meira með opinberum hætti en þau bandalög Frams.- og Alþfl., sem ég hef hér stuttlega minnzt á. Var þetta bandalag af ýmsum kallað „Breiðfylking Íslendinga". Því hefur verið haldið fram af ýmsum forsvarsmönnum Hræðslubandalagsins, að þessi tvö bandalög hafi verið eins. En ég vil segja það, að þeir, sem tala svo eða skrifa, láta svo sem þeir hafi ekki vit á við meðalgreinda menn, og mér þykir það ákaflega leiðinlegt, að svo gáfaður maður sem vinur minn, hv. 1. þm. Eyf. (BSt), skuli flaska svo hroðalega, að fara að jafna þessu saman, eins og hann gerði í ræðu sinni hér áðan, því að það að jafna þessum tveimur bandalögum saman er svo mikil fjarstæða, að það er furða, að nokkrum skuli detta það í hug.

Í fyrsta lagi buðu sjálfstæðismenn og Bændaflokkur hvorir gegn öðrum í 7 kjördæmum, Snæfellsnessýslu, A.-Húnavatnssýslu, Eyjafjarðarsýslu, S.-Þingeyjarsýslu, N.-Múlasýslu, V.-Skaftafellssýslu og Árnessýslu. Það skal tekið fram, að í 3 þessum sýslum, sem eru tvímenningskjördæmi, buðu flokkarnir ekki fram nema einn mann hvor og reyndu að sameina kjósendurna með samkosningum. Raunar mistókst það mjög eins og bandalagið allt.

Í öðru lagi er þess að geta, að 1937 var hvergi *hlutfallskosning nema í Reykjavík einni og* engin tilraun gerð til að rugla saman beinni kosningu og hlutfallskosningu, eins og nú var gert og ég kem síðar að. Ég heyrði ekki, að nokkur orðaði það að hafa aðra en eindregna sjálfstæðismenn á kjörlista Sjálfstfl. í Reykjavík.

Í þriðja lagi leyfi ég mér að fullyrða, að Sjálfstfl. fékk engan þm. kosinn 1937 vegna þessa bandalags.

Í fjórða lagi er svo það, sem í þessu sambandi er aðalatriðið, að hjá Breiðfylkingunni var engin tilraun gerð til að brjóta stjórnarskrána með því að svindla á uppbótarþingsætum. Það var ekki heldur hægt, þó að reynt hefði verið, því *að báðir bandalagsflokkarnir fengu uppbótar*þingsæti eftir þessar kosningar, Bændaflokkurinn eitt, en Sjálfstfl. fimm. Ef uppbótarþingsætum hefði eftir þessar kosningar verið úthlutað sameiginlega á Sjálfstfl. og Bændaflokkinn, sem vel hefði getað komið til mála, þá hefði það bandalag haft möguleika á því að fá einum þm. fleira en ella. Svo einkennilegar voru kosningatölurnar þá, að síðasta uppbótarþingsætið hefði oltið á hlutkesti, ef sameiginlega hefði verið úthlutað á bandalagið. Þetta er þannig að skilja, að áttundi maður Alþfl. og tuttugasti maður Breiðfylkingarinnar hefðu haft nákvæmlega jöfn atkv. eða 1385½ atkv. hvor.

Öll þau bandalög, sem ég hef hér vikið að, takmörkuðu sig við nokkur kjördæmi, en náðu ekki til annarra. Þau voru ýmist alveg leynileg eða þá þannig með farin, að nokkuð örðugt mundi hafa verið að festa hendur á þeim sem afbrotafélögum. Ekkert þeirra hafði viðleitni til að brjóta gegn anda, tilgangi og ákvæðum okkar stjórnarskrár með því að hafa svik í frammi varðandi úthlutun uppbótarþingsæta.

En í nýafstöðnum kosningum komu til sögunnar tvö kosningabandalög allt annars eðlis en öll hin. Nú var ekki verið að fara í launkofa með tilganginn, starfsemina og aðferðirnar. Það var skrifað og talað um það fyrir opnum tjöldum. Á þessum bandalögum er í rauninni mjög lítill eðlismunur. Alþb. var bandalag Sameiningarflokks alþýðu, Sósfl. og Málfundafélags jafnaðarmanna, sem er minni hluti Alþfl. Hræðslubandalagið var bandalag Framsfl. og meiri hluta Alþfl. Bæði hefðu átt að hlíta sömu lögum, en það var nú ekki alveg. Alþb. fór löglegar leiðir og dró enga dul á, að það var eindreginn félagsskapur, einn og sami kosningaflokkurinn. Það sýndi enga viðleitni til að svindla á uppbótarþingsætum. Innan þess hafa án efa verið einhverjar deilur, eins og gengur og gerist, um það, úr hverjum arminum frambjóðendurnir ættu að vera á þessum og þessum stað, en á yfirborðinu virtist allt vera í bróðerni og félagsskapurinn eindreginn. Gegn slíku bandalagi standa aðrir aðilar varnarlausir. Þannig bandalög geta tvímælalaust staðizt án þess að reka sig á stjórnarskrána eða kosningalögin. Bandalagið hlýtur þó að hafa notið þess, að Sósfl. var áður búinn að vinna sér fullan rétt sem löglegur stjórnmálaflokkur. „Hræðslubandalagið" fór allt öðruvísi að. Fulltrúar þess, forustumenn og frambjóðendur skrifuðu í blöðin og töluðu á ótal fundum um það, að þetta félag *væri ein kosningablokk, sem ætti og ætlaði sér* að ná meiri hluta þm., það væri órjúfandi félagsskapur, þar sem allir hagsmunir og öll stefna færi saman, hagur annars armsins væri hagur hins, tjón annars væri líka tjón hins. En þrátt fyrir þetta allt héldu þessir sömu menn því fram, að þetta félag væri eftir sem áður tveir kosningaflokkar, sem bæri þá fyrst að aðskilja, þegar kosningarnar væru um garð gengnar og til þess kæmi að úthluta uppbótarþingsætum. Allt verzlunarspilið var líka þannig undirbúið með sameiginlegum frambjóðendum um land allt, að þeir í félaginu, sem kölluðu sig Alþfl.-menn, skyldu fá framboðið þar, sem Framsfl. hefði *enga sigurvon, og um leið atkv. allra þeirra kjós*enda þar, sem Framsfl. fylgja. Um leið skyldu þeir svo fá tækifæri til að láta úthluta sér uppbótarþingsætum á alla þessa kjósendur úr félagsbúinu, eins framsóknarmenn sem hina.

Á hinn bóginn var svo fyrrverandi kjósendum Alþfl. skipað að kjósa þá frambjóðendur, sem kallast framsóknarmenn, þar sem Alþfl. hafði alls enga sigurvon, allt til þess, að líkur væru til, að sem flestir framsóknarmenn næðu kosningu, án þess að til þyrfti nema sem minnst atkvæðamagn. Svo langt gengu þessir menn, eins

og landskunnugt er, að þeir röðuðu á kjörlista í tveimur hlutfallskosningakjördæmum, Árnessýslu og Reykjavík, frambjóðendum af báðum flokkum, annaðhvort til að undirstrika það, hvað félagsskapurinn væri alger og blokkin vatnsþétt, eða til þess að storka landskjörstjórn og Alþingi.

Vigfús Jónsson, sem var í öðru sæti í Árnessýslu á lista, sem þó er kallaður Framsóknarflokkslisti, er þekktur sem einn af forustumönnum Alþfl. í því héraði og hafði í næstu kosningum áður verið efstur á lista þess flokks. Nú var hann látinn prýða svonefndan Framsóknarflokkslista til sannindamerkis um það, hve félagsskapurinn væri tvímælalaus.

Rannveig Þorsteinsdóttir, sem verið hafði eini þingfulltrúinn, er Framsfl. hafði fengið kosinn í Reykjavík, var nú sett í þriðja sæti á svonefndum Alþfl.-kjörlista, og Skeggi Samúelsson, sem Framsfl. hafði lagt kapp á að koma inn í bæjarstjórn Reykjavíkur sem sínum fulltrúa, var nú ásamt fleiri mönnum settur á kjörlista, sem þó var eftir sem áður ætlazt til að héti Alþfl.-listi og fengi uppbótarþingsæti sem slíkur.

Með svo miklu blygðunarleysi gekk Framsfl. til þessara verka, að hann auglýsti opinbera prófkosningu í flokknum til að velja sína frambjóðendur á kjörlista Alþfl. Eftir þessa prófkosningu voru þeir valdir.

Um alla þessa frambjóðendur í Reykjavík og Árnessýslu er því ekki nema tvennt til, annaðhvort ber að skoða þá sem löglega frambjóðendur og allt félagið einn flokk eða að þeir eru allir ólöglegir frambjóðendur og liggja undir sektarákvæðum 147. gr. kosningalaganna. En munurinn frá þessum frambjóðendum til flestra hinna er stigsmunur, en enginn eðlismunur, og kem ég síðar að því.

Um það stendur hér höfuðdeila, hvort skoða beri Hræðslubandalagið einn flokk eða tvo við úthlutun uppbótarþingsæta. Um það var landskjörstjórn klofin í þrennt, þótt undarlegt megi telja. Ég segi svo, af því að mér finnst ekki nema tvennt til, annaðhvort eða, annaðhvort einn flokkur eða tveir.

Aðalkrafa okkar sjálfstæðismanna er sú og sú eina till., sem við berum fram, að þetta bandalag sé eins og Alþb. tekið sem einn aðili við úthlutun uppbótarþingsæta. Þessi till. er byggð á því, að með þessu móti og þessu móti einu er hægt að gera allt fyrirtækið löglegt og slá striki yfir öll lögbrotin. Þetta er einfaldasta leiðin og vægasta meðferðin, sem lögum samkvæmt er hægt að hafa á þessu bandalagi. Sá galli fylgir þessu, að hegningin kæmi með því móti eingöngu niður á öðrum aðilanum og það þeim, sem sakaminni er. En þeirri úrlausn er það þó til afsökunar, að félagsskapurinn er svo náinn, að ekki er auðvelt að sjá á milli, hvað eru hagsmunir þessa eða hins, þegar allt kemur til alls.

Nú er um það allvíðtækur orðrómur, að hæstv. ríkisstj. sé búin að tryggja það, að þessi till. verði felld, og það sé tryggt á þann hátt, að fulltrúar Alþb. hafi selt skoðun sína og sannfæringu í þessu máli, sem þeir höfðu þó margsinnis enga dul dregið á hver er. Setjum nú svo, að þessi verði niðurstaðan, og allt virðist nú geta skeð. En þá er ástæða til að ræða málið frá þeirri hlið, að því verði slegið föstu með meirihlutasamþykkt hér á Alþ., að Hræðslubandalagið beri að skoða sem tvo flokka við úthlutun uppbótarþingsæta. Þá liggur fyrir að sýna fram á það, að hverju leyti frambjóðendur þessa bandalags eru brotlegir við lög, og ræða það, hvernig þau brot væri réttast að fara með samkv. hinum sömu lögum.

Eins og gefur að skilja, eru það lög um kosningar til Alþingis, sem þarna koma til greina, það eru lög nr. 80 7. sept. 1942, sbr. lög nr. 56 7. maí 1946 og lög nr. 20 2. marz 1950. Upphaf 29. gr. laganna hljóðar svo:

„Við hinar sömu alþingiskosningar má enginn bjóða sig fram í fleiri kjördæmum en einu, vera á fleiri framboðslistum en í einu kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, eða vera í kjöri fyrir fleiri en einn stjórnmálaflokk."

Eins og menn sjá, er þetta skýlaust bann við því að vera í kjöri fyrir fleiri en einn stjórnmálaflokk. En svo koma viðurlögin. 4. mgr. 142. gr. laganna er svo:

„Ef þingmaður hefur verið í kjöri í tveimur kjördæmum eða á tveimur listum eða fyrir fleiri stjórnmálaflokka en einn eða fyrir stjórnmálaflokk og jafnframt utan flokka við hinar sömu alþingiskosningar, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda."

Samkv. þessu er það augljóst, að Alþ. getur úrskurðað ógilda kosningu þeirra þingmanna, sem verið hafa í kjöri fyrir fleiri en einn stjórnmálaflokk. Ég legg áherzlu á það, að það er Alþ. og eingöngu Alþ., sem hefur úrskurðarvald í þessu efni. Það er ekki gert ráð fyrir, að slíkt mál komi til landskjörstjórnar, enda ekki eðlilegt, því að það kæmi, eins og nú stendur, þá fyrst til, þegar búið væri að fella það endanlega að úthluta uppbótarþingsætum á flokkabandalagið sem einn flokk. Verði það gert hér og því slegið föstu með samþykkt Alþ., að bandalagsflokkarnir séu tveir, þegar uppbótarþingsætum er úthlutað, þá væri að sjálfsögðu eðlilegt að meðhöndla bandalagið sem slíkt. Þá er heldur enginn vafi, að flestir frambjóðendur Hræðslubandalagsins hafa verið ólöglegir frambjóðendur, af því að þeir voru í kjöri fyrir tvo stjórnmálaflokka. En það er meira um þetta í okkar kosningalögum. Í 147. gr. þeirra laga er það upp talið, hvaða afbrot varði sektum frá 20—200 krónum. Annar liður þeirrar upptalningar er á þessa leið:

„Ef maður býður sig fram í fleiri kjördæmum en einu eða á fleiri listum en einum eða fyrir fleiri stjórnmálaflokka en einn eða fyrir stjórnmálaflokk og jafnframt sem utanflokkamaður."

Eins og allir geta séð, er samkv. þessari lagagrein hægt að sekta alla þá frambjóðendur, sem verið hafa í kjöri fyrir fleiri en einn stjórnmálaflokk. Þessir menn voru nokkuð margir í Hræðslubandalaginu á síðasta vori, ef þeir vilja endilega samþykkja það, að bandalagið sé tveir stjórnmálaflokkar. Það hefur verið sýnt fram á það, svo að ekki er um að villast, að þetta gildir um alla frambjóðendur viðkomandi bandalags í Reykjavík og í Árnessýslu. Þar liggur þetta svo ljóst fyrir, að ekki þarf lengra að leita en á

kjörlistana sjálfa. Þeir eru óræk sönnun. En þessi sama sök hvílir á nokkuð mörgum öðrum frambjóðendum, eins og ég skal nú víkja að.

Í mínu héraði var frambjóðandi bandalagsins Bragi Sigurjónsson talinn frambjóðandi Alþfl. En það kom dálítið meira upp á diskinn, því að það sannaðist greinilega, að hann var líka frambjóðandi Framsfl., enda ekki dregin nein dul á það. Alls ekki. Í fyrsta lagi samþykkti félag framsóknarmanna í héraðinu að kjósa frambjóðanda, sem Alþýðuflokkurinn tilnefndi. Það var ekki svo mikið við haft að fá að vita, hver maðurinn yrði. Síðan kom framboðið á löglegum tíma. Því fylgdi fullkomlega áskilin tala meðmælenda. En hverjir voru það? Nokkrir Alþýðuflokksmenn að vísu, en meiri hlutinn framsóknarmenn og þar á meðal flestir helztu forustumenn þess flokks í héraðinu. Þar var styrkleiki frambjóðandans undirstrikaður.

Í sjálfri kosningabaráttunni bar tiltölulega lítið á áróðri frá hálfu Alþýðuflokksmanna fyrir fylgi við hinn sameiginlega frambjóðanda. Hann var þeim mun meiri frá framsóknarmönnum. Þaðan var hann svo að segja allur. Frambjóðandi ferðaðist sveit úr sveit og bæ frá bæ, eins og gengur, en alls staðar með fylgd framsóknarmanna. Og þeir lögðu alls staðar á það áherzlu, framsóknarmennirnir, að þessi óþekkti maður væri þeirra frambjóðandi. Um það var enginn látinn vera í vafa. Kosningaúrslitin sönnuðu þetta þó allra bezt, því að við, sem þekkjum styrkleik flokkanna í sýslunni, vitum það, að af hverjum fimm kjósendum, sem kusu Braga Sigurjónsson, voru a. m. k. fjórir framsóknarkjósendur. Ég hef rakið þetta svo náið, af því að þarna er mér spilið kunnugast, en ekki af því, að ég búist við, að þarna hafi þetta verið nokkuð verra en víða annars staðar. Ég geri ráð fyrir, að það hafi verið svipað. Þannig mun þetta hafa líka verið víða um land, vitanlega dálítið breytilegt eftir því, hvernig verzlunarspilin lágu á borðinu í hverju kjördæmi. Þeir eru því ærið margir frambjóðendur Hræðslubandalagsins, sem voru í kjöri fyrir tvo flokka í síðustu kosningum, ef menn vilja halda fast við það, að bandalagið hafi í kosningunum verið tveir stjórnmálaflokkar, en ekki einn.

Engin regla er þó án undantekningar, segir máltækið, og svo er um þessa. Eftir því sem næst verður komizt, voru fjórir frambjóðendur Framsfl., sem náðu kosningu, að því leyti utan við þessa sök, að þeir verða ekki sakaðir sjálfir um lögbrot í þessu efni. Eftir öllum líkum að dæma hafa þeir þó samþykkt lögbrot hinna og bandalag í heild. Þessir fjórir eru Ásgeir Bjarnason, þm. Dal., Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk., og Páll Zóphóníasson og Halldór Ásgrímsson, þingmenn N-M.

Af hverju hafa þessir menn sérstöðu, munu einhverjir vilja spyrja. Það er einfaldlega af því, að ekki er hægt að færa sönnur á, að í þessum þremur kjördæmum væri nokkur Alþfl. til. Hann var horfinn til Framsóknar fyrir þessar síðustu kosningar. Svo var langt komið í kosningunum 1953, að í Dalasýslu hékk aðeins einn kjósandi eftir á landslista Alþfl., í Austur-Skaftafellssýslu voru þeir tveir og í Norður-Múlasýslu 13. Í þessum kosningum hélt þessi eini í Dalasýslu enn sitt strik, en ekki nema 8 í Norður-Múlasýslu. Hafa þeir neitað þeirri fyrirskipun að hverfa til Framsóknar. Hinir fimm í Norður-Múlasýslu hafa e. t. v. hlýtt kallinu, en þeir hafa líka getað flutt í burt eða dáið. Í Austur-Skaftafellssýslu óx þróttur Alþfl. svo mjög, að nú komu 7 á landslistann í stað tveggja 1953.

Þessa alls vegna eru nú fjórir þingmenn Framsfl. það heppnir, að um þeirra kjörbréf getur ekki verið nokkurn hlut að deila. Hinir allir virðast sekir um það lögbrot að vera í kjöri fyrir tvo flokka, ef þeir vilja endilega skipta sínu Hræðslubandalagi í tvennt við úthlutun uppbótarþingsætanna. Þá liggja þeir allir undir sektarákvæðum 147. gr. kosningalaganna, ef málið væri kært. Það liggur þá nokkuð ljóst fyrir eftir úrslit kosninganna, að 11 þessara manna hefðu ekki þurft á neinu Hræðslubandalagi að halda. Þeir hefðu verið kosnir án þess. Það eru í fyrsta lagi tveir Alþfl.-menn, Emil Jónsson, þm. Hafnf., og Haraldur Guðmundsson, 4. þm. Reykv., í öðru lagi fimm framsóknarmenn í tvímenningskjördæmum og í þriðja lagi fjórir framsóknarmenn í einmenningskjördæmum: Strandasýslu, V.-Húnavatnssýslu og báðum Þingeyjarsýslum. Þá eru eftir sex menn, sem beinlínis hafa verið kosnir vegna þess, að þeir voru í kjöri fyrir tvo stjórnmálaflokka. Þeir eru frá þessum kjördæmum: Mýrasýslu, Barðastrandarsýslu, V.-Ísafjarðarsýslu, Siglufirði, Akureyri og Seyðisfirði. Það væri sú eðlilega varatill., þó að Sjálfstfl. flytji hana ekki, að kjörbréf þessara sex manna væru ógilt samkvæmt ákvæðum 142. gr. kosningalaganna, ef það verður fellt hér að úthluta uppbótarþingsætunum á bandalagið sem eina heild. Um leið yrði þá að ákveða uppkosningu á löglegan hátt í þessum sex kjördæmum og fresta Alþ. og úthlutun uppbótarþingsæta allra, þar til því væri lokið.

Um þá sex menn, sem ég tel náð hafa kosningu vegna þess, að þeir voru frambjóðendur tveggja flokka, er aðstaðan annars nokkuð breytileg. Þó er það hverjum manni, sem með fylgist, augljóst um fimm þessara manna, að þetta er svo, því að enginn þeirra hefði getað haft von um sigur án bandalagsins. Um þann sjötta, Björgvin Jónsson, þm. Seyðf., er það að segja, að þetta liggur ekki eins í augum uppi vegna þess, hve mikinn meiri hluta hann fékk. Þó eru fyrir þessu svo sterkar líkur, að nærri stappar vissu. Ef ekkert bandalag hefði verið, þá hefði á Seyðisfirði vafalaust verið fjórskipt kosning. Við hefði bætzt frambjóðandi Alþfl. og án efa fyrrv. alþm. Eggert Þorsteinsson. Þótt gert væri ráð fyrir, að við það hefði ekkert hækkað atkvæðatala Lárusar Jóhannessonar, sem enginn veit þó um, þá eru sterkar líkur til, að Eggert Þorsteinsson hefði orðið kosinn. Hann er maður, sem hefur reynzt vel á Alþ. og átti að hafa mikla möguleika til að bæta við sig fylgi. En þó svo að hann hefði ekkert fengið nema sín 124 atkvæði, eins og 1953, þá er hann samt kosinn, því að þá átti Björgvin ekki eftir nema 116 og var auðvitað fallinn. Lögbrotin hafa því bjargað þessum manni eins og hinum fimm.

Af því, sem hér hefur verið sagt, getur verið

um tvennt að velja í þessu leiðinlega máli, ef Alþ. eða meiri hl. þess vill annars nokkuð hirða um, að farið sé eftir stjórnarskránni og kosningalögunum, annaðhvort það, sem er till. okkar sjálfstæðismanna, að úthluta uppbótarþingsætum á bandalagið sem einn flokk eða að skoða það sem tvo flokka og ógilda kjörbréf þeirra sex manna, sem bjargazt hafa gegnum kosningarnar á lögbrotum. Það mætti segja, að það væri álitamál, hvort réttmætara væri, en Sjálfstfl. flytur ekki till. um annað en fyrri leiðina. Það er ekki heldur vafi, að sú aðferðin er vægari meðferð og skemmtilegri fyrir aðilana sjálfa. Með því eina móti er hægt að slá striki yfir lögbrotin á einfaldan hátt og án uppkosninga og þingfrestunar.

Hv. síðasti ræðumaður, 1. þm. Eyf., talaði töluvert um það, að þetta væru allt saman blekkingar, að það væru forustumenn flokka og bandalag, sem réði því, hvernig fólkið kysi; fólkið réði því sjálft og það væri frjálst um það að kjósa eins og því sýndist. Þetta lætur nokkuð vel í eyrum, og í mörgum tilfellum er þetta rétt. En við skulum hugsa málið dálítið nánar. Það er talið svo, að hjá Rússum og öðrum Sovétríkjum ráði fólkið því sjálft, hvern það kjósi, en það bara á ekki kost á því að kjósa neina aðra menn en þá, sem stjórnin stillir upp. Það má ekki stilla upp nema einum flokki, og fólkið á ekki kost á að kjósa neina aðra. Í þessum kosningum hefur verið beitt í takmörkuðum skilningi sömu aðferðunum. Ég held, að framsóknarmenn í Gullbr.- og Kjósarsýslu, í Borgarfjarðarsýslu, í Snæfellsnessýslu, í Austur-Húnavatnssýslu, á Siglufirði og á Akureyri hafi ekki verið í neinum vafa um það, að það var krafa þeirra flokks, að þeir kysu mann úr öðrum flokki. Það var hamazt á þeim, að þeir mættu ekki kjósa sinn eigin flokk. Þeim var ekki gefinn kostur á neinum frambjóðanda úr Framsfl. Þeir áttu þess vegna ekki nema um tvennt að velja, annaðhvort að hlíta vilja flokksstjórnarinnar eða sitja heima eða skila auðu eða eitthvað því um líkt, ef þeir ekki vildu kjósa menn úr öðrum flokkum. Sama held ég að megi segja um Alþfl.-menninа t. d. í Barðastrandarsýslu, í V.-Ísafjarðarsýslu, í V.-Húnavatnssýslu og víðar. Þeim var ekki gefinn kostur á neinum frambjóðanda frá Alþfl. Þeim var fyrirskipað að kjósa framsóknarmanninn, alveg eins og á sér stað, þar sem ekki má stilla upp nema manni af einum flokki.

Þess vegna er það, að þótt vinur minn, hv. 1. þm. Eyf., haldi þessu mjög rækilega fram, að það hafi verið fólkið, sem var þarna alveg sjálfrátt, þá er það ekki nema í takmörkuðum skilningi.

Að lokum vil ég taka þetta fram:

Ég veit, að ýmsir menn hugsa sem svo, að það sé vafasamt, hvort rétt sé að gera nokkra rekistefnu út af þeim lagabrotum, sem hér hafa verið nefnd. Til að svara þeirri spurningu er vert að athuga nokkra þætti kosningaúrslitanna. Þau eru þannig eins og horfir og að samþykktum öllum kjörbréfum, að Framsfl. hefur 760 atkvæði á hvern þingmann, Sjálfstfl. 1843 atkvæði á hvern sinn þingmann og Alþb. 1982 atkvæði, og eru þá taldir með þeir uppbótarþingmenn, sem tveim hinum síðarnefndu flokkum eru ætlaðir. Við vitum, að þetta stafar að verulegu leyti af gallaðri kjördæmaskipun. Ef það stafaði allt af þeim orsökum, þá væri ekkert hægt við að gera eða segja. En þar er ekki nema önnur orsökin, og þegar við hana bætist það, að sá flokkur, Framsfl., sem kosningu eftir kosningu hefur notið sérréttinda vegna gallaðrar kjördæmaskipunar, tekur upp á því, og beitir sér sérstaklega fyrir því að brjóta kosningalögin og vinna gegn anda, tilgangi og ákvæðum 31. gr. í stjórnarskrá Íslands, þá er komið út á það svið, að með engu móti er við unandi.

Þau ákvæði í stjórnarskrá Íslands, sem hér er átt við, eru um skipun Alþ. í 31. gr., d-lið, og hljóða svo:

„Allt að 11 þm. til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar."

Gegn þessum ákvæðum hefur Hræðslubandalagið brotið greinilega og óvefengjanlega með því að ætlast til, að Alþfl. fái uppbótarþingsæti út á þúsundir atkvæða frá Framsfl. Í því efni er Alþfl. nokkur vorkunn, því að allir þeir, sem í raunir rata, vilja reyna að bjarga lífi sínu á einhvern hátt. En Framsfl. er engin vorkunn. Hann er aðalsakaraðili í þessu máli. Hann beitir sér fyrir því að láta fimm til sex þúsundir sinna kjósenda kjósa annan flokk til að svíkja út uppbótarþingmenn og gera misréttið milli flokka miklu meira en til stendur samkv. ákvæðum stjórnarskrárinnar, sem ég var að vitna hér til. Í augum okkar sveitamanna, sem gjarnan viljum halda sem hæstum rétti fyrir okkar fámennu sveitahéruð, er þetta hættulegasta brot, sem framið hefur verið, því að það er mjög hætt við því, að það hefni sín. Ég segi því, að ef Alþingi tekur ekki hart og lögum samkvæmt á slíku framferði þeirra, er sízt ættu að beita því, þá skilur það ekki sinn vitjunartíma. Þá á Alþingi ekki skilið að njóta þess trausts og þeirrar virðingar, sem því annars ber. Þá er Alþingi meðsekt í því að falsa sig sjálft og líða það, að stjórn okkar lýðveldis sé byggð á sviknum grundvelli. Þess vegna má ekki þagga þetta mál niður.

Frsm. meiri hl. 3. kjördeildar (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. 3. kjördeild hefur fengið til meðferðar og athugunar kjörbréf eftirtalinna alþm.: Bernharðs Stefánssonar, 1. þm. Eyf., Björns Ólafssonar, 2. þm. Reykv., Finnboga R. Valdimarssonar, 4. landsk., Gunnars Jóhannssonar, 6. landsk., Hermanns Jónassonar, þm. Str., Jóns Pálmasonar, þm. A-Húnv., Magnúsar Jónssonar, 2. þm. Eyf., Péturs Ottesens, þm. Borgf., Ólafs Thors, þm. G-K., Péturs Péturssonar, 10. landsk., Ragnhildar Helgadóttur, 8. þm. Reykv., Sigurðar Ágústssonar, þm. Snæf., Sigurðar Ó. Ólafssonar, 2. þm. Árn., Sigurvins Einarssonar, þm. Barð., Skúla Guðmundssonar, þm. V-Húnv., Eiríks Þorsteinssonar, þm. V-Ísf., og Jóns Sigurðssonar, 2. þm. Skagf.

Ég hef orðað það svo, að við höfum fengið í hendur til athugunar kjörbréf þessara hv. þm., en það er ekki alls kostar rétt, og skal ég víkja

að þeim frávikum, sem um er að ræða í því efni, og jafnframt þeim athugasemdum, sem fram hafa komið til kjördeildarinnar til athugunar. Kjörbréf Bernharðs Stefánssonar liggur fyrir, en með því er sent endurrit úr gerðabók yfirkjörstjórnar Eyjafjarðarsýslu og 69 kjörseðlar í lokuðu umslagi, sem eru úrskurðaðir gildir af kjörstjórn gegn mótmælum. Deildin hefur athugað þessa bókun yfirkjörstjórnarinnar, og þar kemur fram, að mótmælin byggjast á því aðallega, að á 66 seðlum hefur verið krossað framan við B-lista, en á auða reitnum, sem er yfir landslistanum. Kjördeildin taldi ekki ástæðu til, enda liggur engin kæra fyrir, að telja þetta svo stóra meinbugi, að það gæti haft áhrif á úrskurð Alþingis í þessu efni, enda atkvæðamunur svo mikill, að þó að þessi atkvæði hefðu verið ógilt, þá hefði það ekki breytt niðurstöðu kosninganna.

Þá hefur ekki borizt kjörbréf Péturs Ottesens, þm. Borgf., en í þess stað hefur borizt símskeyti frá formanni yfirkjörstjórnar, svo hljóðandi:

„Vottast yfirkjörstjórn Borgarfjarðarsýslu gaf út hinn 25/6 1956 kjörbréf til handa Pétri Ottesen sem rétt kjörins alþm. fyrir Borgarfjarðarsýslu kjörtímabilið 1956—1960.

Formaður yfirkjörstjórnarinnar."

Deildin er á einu máli um að telja þetta fullnægjandi.

Með einu kjörbréfi enn, kjörbréfi Sigurvins Einarssonar sem þm. Barð., fylgir einnig eitt ágreiningsatkvæði í lokuðu umslagi. Þar sem það skiptir engu máli um úrslit kosninganna, hvernig það atkvæði hafi fallið, telur kjördeildin enga ástæðu til þess að gera athugasemd við kosninguna af þeim sökum.

Eiríkur Þorsteinsson og Jón Sigurðsson, þm. V-Ísf. og 2. þm. Skagf., hafa ekki lagt fram kjörbréf, en skeyti hefur borizt frá yfirkjörstjórn varðandi Vestur-Ísafjarðarsýslu, þannig:

„Það vottast, að Eiríkur Þorsteinsson var 24. júní s. l. kosinn lögmætri kosningu alþingismaður fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu og þá afhent kjörbréf.

Jóhann Gunnar Ólafsson sýslumaður."

Og varðandi Skagafjörð:

„Jón Sigurðsson, Reynistað, réttkjörinn 2. þm. Skagf. við kosningar til Alþingis s. l. vor. Kjörbréf honum til handa útgefið strax að talningu lokinni.

Yfirkjörstjórn."

Þá er eitt kjörbréf, kjörbréf Péturs Pétursonar, 10. landsk., undirritað af tveimur kjörstjórnarmönnum með fyrirvara, og er það eina kjörbréfið, sem ágreiningur varð um í deildinni. Deildin leggur til einhuga, að öll umrædd kjörbréf eða kjörgögn þeirra þingmanna, sem ég hér hef lesið upp, að undanteknum Pétri Péturssyni, séu samþykkt. Meiri hluti deildarinnar leggur enn fremur til, að kjörbréf Péturs Pétursonar sé líka tekið gilt. Fjórir deildarmenn greiddu atkv. gegn því, að kjörbréfið væri tekið gilt, og munu þeir eða málsvari þeirra gera grein fyrir afstöðu sinni hér við þessar umr. Till. kjördeildar eru því þær, að öll kjörbréfin séu tekin gild, en um eitt þeirra, kjörbréf Péturs Pétursonar, er sá ágreiningur, að fjórir deildarmenn greiddu atkv. á móti því.

Ég skal ekki fjölyrða um gamanmál hv. síðasta ræðumanns í sambandi við kosningarnar, aðeins minna hann á það gamla spakmæli, að þeir, sem ætla sér að sanna of mikið, sanna stundum ekki neitt.

Frsm. minni hl. 3. kjördeildar (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Um leið og ég vísa í meginatriðum til greinargerða Bjarna Benediktssonar og Jóns Pálmasonar, vil ég taka þetta fram:

Þegar tekið var í stjórnarskrá og kosningalög fyrir 22 árum að hafa 11 þingsæti til jöfnunar milli þingflokka, var tilgangur þess sá að stuðla að því, að hver flokkur fengi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölur sínar við almennar þingkosningar, m. ö. o., að Alþingi yrði sem réttust mynd af þjóðarviljanum.

Þar sem Alþfl. og Framsfl. gengu til alþingiskosninga í sumar sem einn flokkur, stofnuðu til algers kosningabandalags í öllum kjördæmum, eins og þeir orða það sjálfir í kosningastefnuskrá sinni, verður tilgangi stjórnarskrárákvæðisins um jöfnunarþingsæti ekki fullnægt með öðrum hætti en þeim, að atkvæði þessara tveggja flokka séu lögð saman við útreikning uppbótarsæta.

Þessi skoðun ein leiðir til skynsamlegrar túlkunar á ákvæðum stjórnarskrár og kosningalaga, og samkvæmt henni á þessi kosningaflokkur Alþýðu- og Framsóknarflokksins ekki rétt til neins uppbótarþingsætis, og þess vegna leggja fulltrúar sjálfstæðismanna í 3. kjördeild að sjálfsögðu til, að kjörbréf Péturs Pétursssonar sé ekki tekið gilt.

Frsm. meiri hl. 1. kjördeildar (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Frsm. minni hl. 1. og 3. kjördeildar og frsm. annars hluta 2. kjördeildar hafa flutt hér inn í sali Alþingis þref það, sem varð um kosningabandalag Alþfl. og Framsfl. fyrir síðustu kosningar. Um ekkert eitt mál urðu meiri umr. í kosningabaráttunni, bæði á fundum, í útvarpsumræðum og blaðaskrifum, heldur en um þetta kosningasamstarf, enda leituðust andstæðingar þessa kosningabandalags við að gera það að einu höfuðádeilumáli sínu gegn Alþfl. og Framsfl. Því verður vart neitað, að þetta mál hafi raunar þegar fyrir kosningar verið útrætt, bæði vegna þess, að hvað sem líður fyrirrætlunum flokka, þá ráða kjósendurnir sjálfir með frjálsum leynilegum kosningarrétti sínum, hvaða fulltrúar kosnir eru á löggjafarsamkomu þjóðarinnar, og eins vegna hins, að rétt kjörin þar til bær stjórnarvöld hafa fjallað um lögmæti þessa kosningasamstarfs, sem Alþfl. og Framsfl. stofnuðu til fyrir síðustu kosningar, og kveðið upp í því máli úrskurði, sem raunar hefðu átt að vera endalok þessa deiluefnis og eru raunar svo í huga meginþorra kjósenda landsins.

Þegar landslistar flokkanna voru lagðir fyrir landskjörstjórn í maímánuði s. l., þá bar Sjálfstfl. eða umboðsmaður hans fram kæru, þar sem hann krafðist þess, að úrskurðað væri, að Alþfl. og Framsfl. skyldi sameiginlega úthlutað uppbótar-

þingsætum samkv. samanlagðri atkvæðatölu þeirri, er þeir hlytu við kosningarnar, eins og einn flokkur væri. Um þetta atriði var landskjörstjórn ekki á eitt sátt. Töldu tveir landskjörstjórnarmenn, þeir Einar Baldvin Guðmundsson hæstaréttarlögmaður og Vilmundur Jónsson landlæknir, að taka bæri kröfu Sjálfstfl. til greina og úthluta uppbótarþingsætum til Alþfl. og Framsfl. sameiginlega. Þrír landskjörstjórnarmenn, þeir Jón Ásbjörnsson hæstaréttardómari, Vilhjálmur Jónsson hæstaréttarlögmaður og Sigtryggur Klemenzson ráðuneytisstjóri, og þar með meiri hluti landskjörstjórnar, töldu hins vegar, að kæran væri ekki byggð á lagarökum, og höfnuðu henni. Þar með hefði átt að vera kominn endanlegur úrskurður um höfuðefni þeirra mótbára, sem hafðar voru uppi um lögmæti kosningabandalags Alþfl. og Framsfl. Jón Ásbjörnsson hæstaréttardómari taldi enn fremur, að listi sá, sem Alþfl. bar fram í Reykjavík og Framsfl. studdi, og sá listi, sem Framsfl. bar fram í Árnessýslu og Alþfl. studdi þar, hafi ekki verið með þeim hætti, að þeir gætu talizt í samræmi við kosningalög, og fórust honum svo orð um þetta í bókun á fundi í landskjörstjórn hinn 28. mai s. l., með leyfi forseta, „að hann telji, að með framboðslista Alþfl. í Reykjavík og framboðslista Framsfl. í Árnessýslu beri að fara sem utanflokkalista, nema á þeim verði gerð breyting, sem hann mun skýra nánar. Litur hann svo á, að þeir geti ekki talizt framboðslistar einstaks flokks, eins og þeir eru nú úr garði gerðir.“ Rök hans fyrir þessu voru þau, að listar þessir væru skipaðir mönnum úr tveimur flokkum. Í samræmi við þetta bar hann fram í landskjörstjórn svo hljóðandi tillögu:

„Lista Alþfl. í Reykjavík og lista Framsfl. í Árnessýslu telur landskjörstjórn utanflokka lista og megi því frambjóðendur flokka þessara á þeim listum ekki standa á landslistum flokka þessara að framboðslistum þeirra í greindum kjördæmum óbreyttum. Beri að veita Alþfl. og Framsfl. frest til úrbóta, ella verði landslistar þeirra ekki metnir gildir.“

Þessi till. var felld með þremur atkv. gegn tveimur. Með henni greiddu atkvæði Jón Ásbjörnsson og Vilmundur Jónsson, en gegn henni þeir Einar Baldvin Guðmundsson, Sigtryggur Klemenzson og Vilhjálmur Jónsson. Þar með var kominn úrskurður um öll ágreiningsatriði um framboð Alþfl. og Framsfl., og þannig fóru alþingiskosningarnar fram frá kjósendanna hendi í trausti þess, að hér væri um endanlegan úrskurð að ræða.

Eftir kosningarnar, þegar landskjörstjórn úthlutaði uppbótarþingsætum og gaf út kjörbréf til landskjörinna þingmanna, kom ágreiningur sá, sem verið hafði í landskjörstjórn áður, að nokkru leyti aftur fram. Þeir Einar Baldvin Guðmundsson og Vilmundur Jónsson undirrituðu kjörbréf landskjörinna þingmanna Alþfl. og varamanna með fyrirvara, með tilvísun til till. þeirrar, sem þeir fluttu áður í landskjörstjórn, en þrír landskjörstjórnarmenn, þeir Jón Ásbjörnsson, Sigtryggur Klemenzson og Vilhjálmur Jónsson, undirrituðu án fyrirvara. Jón Ásbjörnsson ritaði undir kjörbréf hv. 3. landsk. þm., Gylfa Þ. Gíslasonar, sem sú kjördeild, sem ég á sæti í, hafði til meðferðar, með skírskotun til greinargerðar, sem hann lét bóka á fundi n. 9. júlí s. l., en þar segir hann, að hann telji, að landskjörstjórn beri nú að úthluta uppbótarþingsætum eftir landslistunum, eins og þeir liggja fyrir, miðað við atkvæðamagn hvers þeirra um sig, enda hafi kjörgögn ekki leitt neitt nýtt í ljós, er hnekki þessu. Það er því skoðun Jóns Ásbjörnssonar, að úr því að landskjörstjórn á sínum tíma hafnaði till. hans um að úrskurða lista Alþfl. í Rvík og lista Framsfl. í Árnessýslu utanflokkalista og nema nöfn þeirra frambjóðenda, sem á þeim voru, af landslistum flokkanna, beri að úthluta þingsætum af landslistanum eftir þeim óbreyttum.

Mál þetta hefur nú komið til kasta Alþingis, þar sem frsm. minni hl. kjördeildanna hafa lýst sig andvíga því, að kjörbréf landskjörinna þingmanna Alþfl. verði tekin gild. Þar með hefur Sjálfstfl. flutt þetta deilumál hingað inn á Alþingi, deilumál, sem allur þorri kjósenda telur útrætt mál og því illa farið að eyða tíma Alþingis í deilur um það. En fyrst svo er komið, verður ekki hjá því komizt að rekja að nokkru rök þau, sem ég álít vera fyrir því, að taka beri þessi umdeildu kjörbréf gild.

Því er haldið fram af hálfu Sjálfstfl., að Alþfl. og Framsfl. séu í þessu sambandi einn þingflokkur, vegna þess að þeir hafi gengið til kosninga í kosningabandalagi um sameiginlega frambjóðendur og sameiginlega stefnuskrá. Ég er einn þeirra mörgu, sem telja þessa skoðun tvímælalaust ranga. Í 27. og 28. gr. kosningalaganna eru ákvæði um það, hvernig framboðum skuli hagað, bæði í einmenningskjördæmum og kjördæmum, þar sem hlutfallskosning fer fram, og landslistaframboðum. Það er staðreynd, enda hefur enginn treyststst til að mótmæla því, að Alþfl. hefur fullnægt öllum kröfum laganna í þessu efni, yfirlýsingar frambjóðenda í kjördæmum og meðmælenda eru ómótmælanleg sönnunargögn um það, fyrir hvaða flokk fram er boðið. Yfirlýsing flokksstjórnar var skilyrði þess, að viðkomandi frambjóðendur væru teknir á landslista. Kjörstjórnir hafa ekkert vald til þess og Alþingi ekki heldur að ákveða, að frambjóðandi tilheyri öðrum flokki en þeim, sem hann sjálfur og meðmælendur hans lýsa yfir að hann bjóði sig fram fyrir, og það eru ekki heldur nein rök fyrir því, að landskjörstjórn eða Alþingi geti bætt á lista flokks frambjóðendum, sem flokksstjórnir neita að viðurkenna sem frambjóðendur flokksins. En í afstöðu Sjálfstfl. felst raunverulega það, að Alþingi beri að líta svo á, að allir frambjóðendur Framsfl. skuli teljast frambjóðendur Alþfl., eða gagnstætt, að frambjóðendur Alþfl. skuli teljast frambjóðendur Framsfl., eða í þriðja lagi, að frambjóðendur þessara tveggja flokka tilheyri einhverjum nýjum flokki. Auðvitað er slíkt fjarstæða, þar sem það liggur augljóslega fyrir, hvernig frambjóðendur þessara tveggja flokka eru fram boðnir. Með þessu væru frambjóðendur og meðmælendur sviptir rétti sínum til þess að ráða sjálfir, fyrir hvaða flokk þeir eru í kjöri og hvaða flokk þeir styðja, og flokksstjórnir sviptar rétti til þess að ráða, hvaða frambjóð-

endur þær viðurkenna. Fyrir slíkum tiltektum fyrirfinnast að sjálfsögðu engin lög.

Þá hefur því verið haldið fram, að framboð Alþfl. og Framsfl. hafi verið sameiginleg við síðustu kosningar. Þetta er auðvitað algerlega rangt. Þegar hvert einstakt framboð er athugað, sést, að framboð Alþfl. eru alls staðar eingöngu á hans vegum, borin fram af Alþýðuflokksmönnum í hverju kjördæmi fyrir sig og samþykkt af flokksstjórn. Sama máli gegnir um framboð Framsfl. Þau voru aðeins framboð þess flokks, en ekki Alþfl. Það skiptir að sjálfsögðu engu máli hér, þó að sumir af frambjóðendum Alþfl. hafi ekki verið meðlimir flokksins. Um slíkt eru fordæmi áður, og hefur aldrei verið gerð við það athugasemd. Við síðustu kosningar voru sumir af frambjóðendum þriggja flokkanna meðlimir í öðrum flokki en þeim, sem þeir voru í framboði fyrir.

Sjálfstfl. hefur m. a. viljað rökstyðja þá kröfu sína, að Alþfl. verði sviptur uppbótarþingsætum sínum, með því, að Alþfl. og Framsfl. hafi haft með sér kosningabandalag um sameiginlega stefnuskrá. Það er að sjálfsögðu rétt, að þessir flokkar höfðu kosningabandalag um sameiginlega kosningastefnuskrá, sem eðli sínu samkvæmt var dægurmálastefnuskrá. Hins vegar hefur sú kosningastefnuskrá og samstaða í kosningabaráttunni á grundvelli hennar engu breytt um það, að hér var um tvo flokka að ræða, eins og alþjóð er kunnugt, sem á engan hátt eru skipulagslega tengdir og starfa framvegis sem hingað til algerlega óháðir hvor öðrum. En það leiddi af hinni sameiginlegu kosningastefnuskrá og samstöðu í kosningunum, að þeir studdu frambjóðendur hvor annars í kjördæmum landsins á víxl. Slíkt er heldur ekkert einsdæmi. Það hefur átt sér stað meira og minna í fjölmörgum kosningum, að flokkar hafi stutt hvor annan og hvatt fylgismenn sína að kjósa frambjóðendur annars flokks. Gleggsta dæmi um þetta er kosningabandalag Sjálfstfl. og Bændaflokksins í kosningunum 1937, sem var jafnvíðtækt kosningabandalagi Alþfl. og Framsfl. í síðustu kosningum, að því leyti að Sjálfstfl. og Bændaflokkurinn buðu hvergi fram hvor á móti öðrum, þar sem talið var, að slíkt gæti skipt máli um úrslit kosninga. Þannig buðu þeir ekki fram hvor á móti öðrum í 22 kjördæmum, í þrem tvímenningskjördæmum buðu flokkarnir fram sinn manninn hvor, í fjórum kjördæmum aðeins buðu þeir báðir fram, vegna þess að vitað var, að slíkt gat engin áhrif haft á úrslit kosningarinnar í þeim kjördæmum. Alþfl. og Framsfl. höfðu hins vegar ekki þennan hátt á, þó að Alþfl. hefði hæglega getað boðið fram í nokkrum kjördæmum og þar með safnað atkvæðum án þess að setja frambjóðendur Framsfl. í hættu. Slík framboð frá hendi Alþfl. virðast að áliti sjálfstæðismanna hafa getað gert kosningabandalag Alþfl. og Framsfl. lögmætt, þó að þau hefðu óneitanlega aukið möguleika Alþfl. fyrir uppbótarþingsætum.

Sannleikurinn er auðvitað sá, að kosningabandalag Sjálfstfl. og Bændaflokksins og að hinu leytinu Alþfl. og Framsfl. voru gerð með nákvæmlega sama markmiði, því markmiði að ná hagkvæmari útkomu í kosningunum en ella hefði orðið. Þetta er að sjálfsögðu vitað mál og viðurkennt. Í stjórnarskrá og kosningalögum finnast engin ákvæði, hvorki í anda þeirra né efni, sem eru til fyrirstöðu því, að slík kosningabandalög séu í einu og öllu fullkomlega lögmæt. Ég staðhæfi hins vegar, að það væri stórfellt brot á 31. gr. stjórnarskrárinnar og ýmsum ákvæðum kosningalaganna, ef kjörbréfum uppbótarþingmanna Alþfl. yrði hafnað. Í 31. gr. stjórnarskrárinnar segir, að af 52 þjóðkjörnum þingmönnum séu allt að 11 þm. til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Opinberar og staðfestar skýrslur segja til um það, hverjar atkvæðatölur þingflokkanna voru við síðustu kosningar. Og í samræmi við það hefur landskjörstjórn úthlutað uppbótarþingsætum, svo sem fyrir er mælt í 31. gr. stjórnarskrárinnar og 14. kafla kosningalaganna.

Ég hirði ekki að svara hugleiðingum hv. þm. A-Húnv., sem voru með þeim hætti, að það er raunar ástæðulaust að svara þeim sérstaklega umfram það, sem þegar hefur verið gert. Allt tal hans um lögbrot í þessu sambandi var svo fjarstæðukennt, að furðu gegnir.

Ég hef nú rakið nokkuð deilumálið um uppbótarþingsætin og lýst viðhorfi mínu í því og vil að lokum undirstrika það, að í lýðfrjálsu landi eru það kjósendurnir, sem með frjálsum og leynilegum kosningarrétti sínum hljóta að ráða og eiga að ráða, hverjir kosnir eru fulltrúar á löggjafarþing, bæði í kjördæmum og landskjörnir þingmenn. Það er ómótmælanleg staðreynd, að í síðustu alþingiskosningum greiddu 15153 kjósendur á Íslandi Alþýðuflokknum atkv. sitt, og samkv. því ber flokknum fjögur uppbótarþingsæti, eins og landskjörstjórn hefur úrskurðað. Ef nú Alþfl. yrði neitað um þessi fjögur uppbótarþingsæti, sem kjósendur hafa veitt honum, þá væri það að mínum dómi algert brot á stjórnarskrá og kosningalögum, brot á viðurkenndum lýðræðisreglum og ofbeldi gagnvart þessum kjósendum. Með því væru þessir kjósendur sviptir þeim rétti, sem þeim ber til áhrifa á löggjafarþing þjóðarinnar, og væri slíkt meira ranglæti en þekkzt hefur í sögu Alþingis í sambandi við kjör alþingismanna. Ef Alþ. færi inn á þá braut að beita slíkum aðgerðum, þá tel ég, að stjórnskipulegu öryggi þjóðarinnar sé stefnt í voða.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að gera grein fyrir afstöðu Alþýðubandalagsins í þeirri deilu, sem nú fer fram um kjörbréf þeirra þm. Alþfl. hinna landskjörnu, sem meirihluta- og minnihlutaframsögumenn í kjördeildunum nú hafa rætt allýtarlega um.

Það er álit okkar, að fyrirmæli stjórnarskrárinnar um, að allt að 11 þm. skuli kosnir til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þingflokkanna hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar, sé það sjónarmið, sem eigi að ráða, þegar ákveðið er um, hvernig landslistum sé hagað við kosningar. Við álítum, að andi stjórnarskrárinnar í þessum efnum sé ótvíræður. Hins vegar skal það vissulega viðurkennt, að kosningalögin, eins og þau eru, eru allgötótt. Ég skal meira að segja gjarnan

viðurkenna það, að það muni vera allerfitt að gera kosningalögin þannig úr garði, að maður geti alltaf verið öruggur um, að þessum anda stjórnarskrárinnar sé framfylgt, þó að hins vegar sé sjálfsagt að reyna að gera slíkt.

Hvað snertir alveg sérstaklega afstöðuna í sumar við kosningarnar, sem þá fóru fram, þá gerði það að áliti Alþýðubandalagsins það ótvírætt, að landskjörstjórn ætti að úrskurða lista Alþfl. og Framsfl. sem einn lista, að þessir flokkar höfðu þá lýst því yfir, að þeir hefðu *með sér algert kosningabandalag, buðu fram saman í öllum kjördæmum, stóðu hvergi hvor á móti öðrum*, lýst yfir, að þeir mundu raunverulega vera einn þingflokkur, og höfðu eina stefnuskrá. Ég skal viðurkenna, að það hefði strax verið miklu erfiðara fyrir landskjörstjórn að kveða upp þann úrskurð t. d. og ómögulegt að öllum líkindum, að þessir flokkar væru skoðaðir sem einn landslisti, svo framarlega sem þeir hefðu í einu einasta kjördæmi boðið fram hvor á móti öðrum. Það var þess vegna okkar skoðun, að landskjörstjórn bæri að úrskurða þessa flokka þá sem einn þingflokk.

Við verðum í þessu efni að gá að því, að landskjörstjórn hefur fengið það mikla verkefni í hendur að standa vörð um anda stjórnarskrárinnar í þessum efnum, að leggja þannig grundvöll að kosningunum, haga þannig til með sérstaklega landslistana, sem hún á að dæma um, að kjósendurnir viti, að hverju þeir ganga. Það er á ábyrgð landskjörstjórnar að sjá um, að allur undirbúningur undir kosningarnar, allur tilbúningur landslista o. s. frv., sé í samræmi við stjórnarskrána. Það er landskjörstjórnar að sjá um, að kosningin fari fram í samræmi við tilgang stjórnarskrárinnar, og það er landskjörstjórnar að sjá um, að kjósendur geti treyst því, að það, sem þeir kjósa, standist líka á eftir. Þetta er það veigamikla verkefni, sem landskjörstjórn hefur. Hennar vald og hennar ábyrgð er í þessu mjög mikil. Einmitt einn landskjörstjórnarmaður, Vilmundur Jónsson, segir í sínu áliti, þegar hann kvað upp og lét álit sitt í ljós á þessum málum:

„Landskjörstjórn hlýtur að telja sér skylt að halda vörð um þau fyrirmæli stjórnarskrár og kosningalaga svo og anda þeirra fyrirmæla og tilgang, að uppbótarsætum verði úthlutað til raunhæfrar jöfnunar milli þingflokka.“

Það er þess vegna engum efa bundið, að vald og ábyrgð landskjörstjórnar í þessum efnum er mjög mikið og ábyrgð þeirra aðila, sem þar ráða, þess vegna mjög þung, því að við verðum að gá að því, að eins og þeir leyfa listana og ganga frá þeim, eins verður eðlilega kosið af kjósendum. Þeir skapa staðreynd, sem kjósendur nokkurn veginn vita að þeir muni verða að halda sér við. Allra mest er þó ábyrgð landskjörstjórnar í einu efni í þessu sambandi, og það er að tryggja, að ekki sé hægt að misnota kosningalögin þannig, að hægt sé að ná meiri hluta á þingi með minni hluta hjá þjóðinni. Með slíku og með því að seilast eftir slíku er sjálfu lýðræðinu, sjálfum rétti meiri hluta kjósenda til þess að ráða landinu, hins vegar stefnt í voða. Og framar öllu ber að hafa í hyggju að afstýra slíku, þegar verið er að kveða upp dómana, hvort heldur er hjá landskjörstjórn eða á Alþingi, um þessa hluti. Vald og ábyrgð landskjörstjórnar er þess vegna mjög mikil í þessum efnum, eins og ég nú hef greint.

Nú hefur einn þm. Sjálfstfl. verið nokkuð að sveigja að Alþýðubandalaginu í þessum efnum um, hvernig nú muni standa til um afstöðuna hvað snerti hvernig litið verði á kjörbréf þessara umdeildu þingmanna. Ég vil svara því til: Hvaða aðili var það, sem fyrst og fremst fór *með vald landskjörstjórnar í sumar, þegar á*kvörðunin var tekin um, á hvaða grundvelli menn skyldu fá að kjósa? Hvaða aðili var það, sem réð þeim úrskurði, sem þá var kveðinn upp og kjósendur þess vegna auðsjáanlega hafa gengið út frá að þeir gætu haldið sér að, þó að ýmsir væru á þeirri skoðun, eins og m. a. við, að úrskurðurinn væri ekki réttur? Sá aðili, sem réð úrskurði landskjörstjórnar í sumar, var Sjálfstfl. og hans fulltrúar. Það er vitanlegt, að fulltrúar Framsfl. stóðu þar á því, sem fulltrúar Framsfl. og Alþfl. hér hafa haldið fram, að þeir væru að vinna löglega. Það voru fulltrúar Sjálfstfl., sem réðu því í landskjörstjórn, hvernig grundvöllurinn yrði lagður að kosningunum, og undan því verður ekki komizt. Sjálfstfl. átti tvo fulltrúa í landskjörstjórn. Þeir réðu úrskurðunum, þeir réðu niðurstöðunum, þeir mynduðu þann meiri hluta, sem þeim sýndist. Það voru fulltrúar Sjálfstfl. í kosningunum, sem lögðu grundvöllinn að því, að kjósendur voru látnir kjósa í þeirri trú, að Framsfl. og Alþfl. hefðu hvor sinn landslista, en ekki einn sameiginlegan, eins og við hefðum álitið rétt að gera. Það var Sjálfstfl. og hans fulltrúar í landskjörstjórn, sem hindruðu, að það væri úrskurðaður einn landslisti fyrir báða þessa flokka og að kjósendurnir fengju að ganga að kjörborðinu í vitund þess. Og það var Sjálfstfl. og hans fulltrúar í landskjörstjórn, sem þar með sköpuðu þá hættu bókstaflega, að minni hluti hjá þjóðinni gæti náð meiri hluta á Alþingi. Og hvernig hefði farið, ef það hefði orðið ofan á, ef það hefði tekizt, sem bandalag Frams.- og Alþfl. stillti upp sem sinni von í kosningunum í sumar, að það bandalag, þó að það hefði minni hluta þjóðarinnar að baki sér, hefði fengið meiri hluta á þingi? Hvernig hefði þá farið? Þá hefðum við staðið frammi fyrir því, að sá meiri hluti, sem þeir hefðu fengið á þingi, hefði samþykkt hér, að það væri löglegt.

Ég vil draga þetta fram til þess að minna á, hve þung ábyrgð Sjálfstfl. í landskjörstjórn er í þessu sambandi. Það er ekki honum að þakka, að þessu var afstýrt. Og það má máske minna á það í þessu sambandi um leið, að Sjálfstfl. hefur áður beitt þeim áróðri í kosningum, að hann þyrfti ekki að fá nema 300—400 atkv. í vissum kjördæmum til þess að geta haft meiri hluta á þingi, þó að hann hefði minni hluta hjá þjóðinni.

Við skulum þess vegna alveg gera okkur ljóst, einmitt í sambandi við þær fullyrðingar, sem hérna hafa komið fram, að þessar tilraunir, sem þarna eru hættulegastar, þ. e. að minni hluti þjóðarinnar reyni að fá meiri hluta á þingi, — þar eru þeir samsekir, það kosningabandalag,

sem Frams.- og Alþfl. höfðu í sumar, og Sjálfstfl. sjálfur, sem hér deilir nú allskarpt á allt slíkt. Það sást líka í sumar, eftir að úrskurður landskjörstjórnar hafði verið kveðinn upp, að Morgunblaðið sagði það í sinni fyrirsögn, að Hræðslubandalagið, eins og bandalag Frams.- og Alþfl. þá var oft kallað, „lafir á bókstafnum", og sagði í sínum leiðara þá, að meiri hluti landskjörstjórnar hefði álitið, að ekkert beint bann lægi við atferli Hræðslubandalagsins. Það var greinilegt, að það var Sjálfstfl., sem sleppti þessu í gegn, þannig að kjósendur urðu að ganga að þeim grundvelli eins og meiri hluti Sjálfstfl. í landskjörstjórn hafði gengið frá þessu.

Hv. þm. A-Húnv. sagði hér áðan í sinni ræðu, að það hefði verið að brjóta helgustu lög og stjórnarskrá landsins í sambandi við þessa hluti. Það var okkar álit, að Sjálfstfl. í landskjörstjórn hefði átt að standa vörð um stjórnarskrána og hennar anda í þessu sambandi. Hins vegar vil ég minna hv. þm. A-Húnv. á það, ekki sízt út frá því, sem hann var að sveigja að okkur Alþýðubandalagsmönnum, að Sjálfstfl. hefur hingað til ekki orðið bumbult af að taka alla þingmenn á Alþ. gilda, þó að enginn þeirra hafi haft kjörbréf og enginn þeirra hafi verið kosinn. Ég vil minna hann á, hvað gert var 1941. Hv. þm. A-Húnv. var að óskapast yfir, að það væri nú vont, ef einn flokkur reyndi svona, og enn þá verra, ef þeir væru tveir. En það voru þrír, sem höfðu samsæri um það þá að framlengja þingsetu allra þingmanna, án þess að nokkur þeirra hefði verið kjörinn og nokkur þeirra hefði kjörbréf. Ég álít þess vegna, að það sé rétt að tala alveg rólega um þá hluti. Ég held satt að segja, að Sjálfstfl. hafi haft í frammi nokkurn skollaleik í þessum efnum.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði hér áðan, að meiri hlutinn í landskjörstjórn hefði ekki getað komið sér saman um, hvað væri ólöglegt, og vildi ekki fjölyrða um úrskurð landskjörstjórnar, því að hann heyrði fortíðinni til. En það er nú einmitt þessi úrskurður, sem mótaði alla aðstöðuna við kosningarnar í sumar. Við hinir, sem álítum hann rangan, gátum haft í frammi allan mögulegan áróður í sambandi við kosningarnar út frá þessu, en við vissum ósköp vel, að meiri hluti landskjörstjórnar var búinn að skapa staðreynd, sem svo og svo mikill hluti kjósenda mundi taka tillit til, hvernig þeir kysu.

Hv. þm. A-Húnv. sagði, að það væri krafa Sjálfstfl., að báðir flokkar, Framsfl. og Alþfl., væru teknir sem einn. Þessari kröfu gat Sjálfstfl. framfylgt í sumar í landskjörstjórn. Þá var staður og stund til þess. Það er ekki vert að vera að sveigja neinu að okkur Alþýðubandalagsmönnum, sem engan fulltrúa áttum þar, eftir að Sjálfstfl. hefur látið undir höfuð leggjast að grípa til á réttum tíma og gera það, sem þá var rétt.

Það, sem við nú eftir þá aðstöðu, sem nú er sköpuð, verðum að gera upp við okkur, er, hvað sé hægt að gera og hvað sé ekki hægt að gera, eins og nú er komið málum. Hafi það verið skollaleikur af hálfu Sjálfstfl., eins og mönnum liggur við að gruna, að ganga svo frá í landskjörstjórn sem hann gerði, þá hefur hann fallið á sínu eigin bragði. Það var hans sök, að gengið var til kosninganna á þeim grundvelli, sem hans meiri hluti í landskjörstjórn mótaði. Og landskjörstjórn hefur síðan úrskurðað í samræmi við þann grundvöll, sem var lagður af henni 28. maí.

Hver er nú aðstaða Alþ. til þess að geta breytt þessu eða gera gott það, sem Sjálfstfl. í landskjörstjórn gerði rangt 28. maí? Það hefði verið auðvelt að eiga við þetta, ef það hefði verið um kjörbréf kjördæmakjörinna þingmanna að ræða. Það hefði verið auðvelt að láta fram fara uppkjör, nýjar kosningar í þeim kjördæmum, sem slíkir þm. hefðu verið kosnir í. En hér er um að ræða athugasemdir við sjálft landskjörið og deildar meiningar um það, um heildarkjörið. Stærsta atriðið í þessu sambandi er það, að kjósendur hefðu greitt atkv. allt öðruvísi í sumar, svo framarlega sem það hefði legið fyrir, að úrskurðað hefði verið af landskjörstjórn, eins og rétt hefði verið, að Alþfl. og Framsfl. skoðuðust sem einn flokkur og hefðu einn landslista. Kjósendur um allt land hefðu greitt atkv. allt öðruvísi, og það hefði allt annað komið út úr kosningunum. Við stöndum frammi fyrir þessari staðreynd, og ég býst ekki við, að það treystist neinn til þess að mótmæla því. Kjósendur hafa kosið í góðri trú út frá þeim úrskurði, sem ekki hvað sízt sjálfstæðismenn í landskjörstjórn felldu 28. maí. Það er staðreyndin, sem við stöndum frammi fyrir.

Ef við ættum núna að gera ráðstafanir til þess að skapa rétt hlutföll á milli þingflokka samkvæmt úrskurði, sem við Alþýðubandalagsmenn hefðum helzt óskað eftir að hefði verið kveðinn upp í landskjörstjórn í sumar, þá yrði að kjósa Alþingi upp að nýju, eftir nýjum kosningalögum, með landskjörstjórn, sem stæði á verði um anda stjórnarskrárinnar og stæði betur í stöðu sinni en sú gerði, sem nú fjallaði um þessi mál, landskjörstjórn, sem legði réttan grundvöll fyrir kjósendur, þannig að þeir vissu, að hverju þeir væru að ganga.

Það er ekki hægt að leiðrétta það, sem landskjörstjórn gerði rangt í sumar, með því að ógilda kjörbréf hinna landskjörnu þingmanna Alþfl. núna. Það, sem raunverulega liggur fyrir okkur, er fyrst og fremst að reyna að sjá til þess, að svona hlutir geti ekki gerzt að nýju.

Því versta, sem hefði getað hlotizt af afstöðu Sjálfstfl. í landskjörstjórninni í sumar, var afstýrt. Hv. þm. A-Húnv. sagði hér áðan, að stjórn okkar lýðveldis væri byggð á skökkum grundvelli. Svo er ekki. Stjórn okkar lýðveldis er byggð á réttum grundvelli. Alþingi það, sem nú situr, er að því leyti rétt mynd af þjóðarviljanum, að sú stjórn, sem nú situr að völdum, þeir flokkar, sem nú stjórna landinu, hafa ótvíræðan og mikinn meiri hluta þjóðarinnar að baki sér, þrátt fyrir þær aðgerðir Sjálfstfl. í landskjörstjórninni í sumar að stofna raunverulega lýðræðinu í landinu í hættu með sínum skollaleik þá. Og ég verð að segja það, að aðkoman að þjóðarbúinu eftir forustu Sjálfstfl. undanfarin ár er ekki slík, að það sé neinn gamanleikur að vera að leggja út í hverjar kosningarnar á fætur öðrum núna aðeins til þess að leiðrétta hlutfallið á milli þingflokkanna innbyrðis.

Það, sem hlýtur að vera höfuðverkefnið nú eftir þessa reynslu, sem við höfum haft í sambandi við kosningalög og úrskurð landskjörstjórnar í sumar, er að vinna að því, að þeirri höfuðhættu verði afstýrt, að þjóðarminnihluti geti fengið þingmeirihluta, og að reyna að sjá til þess að bæta þannig um, að næst þegar gengið verður til kosninga á Íslandi, geti ekki slík aðstaða myndazt sem núna var. Og ef á að tryggja það, þá hlýtur höfuðverkefnið að vera í fyrsta lagi að semja slík kosningalög, að þau séu í samræmi við þann anda og tilgang stjórnarskrárinnar, að þingflokkar hafi þingsæti í sem réttustu hlutfalli við sinn styrk hjá þjóðinni, semja jafnframt kosningalög, sem séu ekki það götótt, að slungnir lögflækjumenn geti leikið sér að því að smjúga í gegnum þau, eftir því sem e. t. v. vissum flokkum kann að henta á vissu tímabili. Ég veit, að samning slíkra kosningalaga er vissulega erfitt verk, en það er verk, sem verður að reyna að vinna. Í öðru lagi er vitanlegt, að það þarf að reyna að undirbúa þannig slíka breytingu á sjálfri stjórnarskránni, að það verði tryggt, að sjálfur bókstafur stjórnarskrárinnar sé í hvívetna í samræmi við hennar anda og hennar tilgang, þann sem vakti fyrir upphaflega, þegar þau ákvæði 31. gr. voru sett, sem mest er vitnað í. Í þriðja lagi þarf að reyna að sjá til þess, að hægt sé að kjósa landskjörstjórn, sem standi í stöðu sinni um að halda vörð um anda stjórnarskrárinnar og tilgang. Þetta eru þeir hlutir, sem þarf að vinna að á því kjörtímabili, sem nú er hafið. Það þarf að tryggja, að stjórnarskrá og kosningalög tryggi hið pólitíska lýðræði í landinu, tryggi rétt hlutfall á milli flokkanna og afstýri hættu á því, að þjóðarminnihluti geti náð meiri hluta á þingi.

Alþýðubandalagið hefur samið um það við sína samstarfsflokka, að á starfstíma þessarar stjórnar verði kosningalögin og stjórnarskráin endurskoðuð af þar til kjörinni nefnd, og Alþb. mun reyna þar að tryggja, að þau sjónarmið þess og þær skoðanir, sem ég hef skýrt og öllum eru kunnar, móti þá endurskoðun, að hún verði í samræmi við það að tryggja pólitískt lýðræði í landinu, tryggja, að þingflokkar fái þingsæti í sem réttustu hlutfalli við þeirra styrkleik, og sérstaklega afstýra því, að minni hluti hjá þjóðinni geti náð meiri hluta á þingi.

Þetta er það, sem þarf að vinna að á næstunni. Þetta er það verkefni, sem alveg sérstaklega liggur fyrir, og það verkefni, sem ég vil leyfa mér að vona að hægt verði að finna lausn á á þessu kjörtímabili, sem nú er hafið. Þess vegna álítum við, að það sé veigamest að geta unnið að þessu, geta tryggt, að stjórnarskrá og kosningalög verði í framtíðinni þannig úr garði gerð á Íslandi, að slíkar deilur eins og þær, sem nú hafa átt sér stað, slík hætta eins og leidd var yfir þjóðina með úrskurði landskjörstjórnar í sumar þurfi ekki að koma fyrir aftur, og út frá því vil ég leyfa mér að lesa eftirfarandi grg., sem þm. Alþb. gera fyrir þeirri afstöðu sinni að taka núverandi kjörbréf hinna umdeildu landskjörnu þm. gild. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í 31. gr. stjórnarskrárinnar segir, að á Alþingi skuli eiga sæti allt að 11 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar.

Ákvæði þetta er byggt á því grundvallarsjónarmiði íslenzkra stjórnskipunarlaga, að kjósendur skuli hafa jöfn áhrif á skipun Alþingis, hvar sem þeir greiða atkvæði og hverjum stjórnmálaflokki sem þeir greiða atkvæði.

Ákvæði kosningalaganna um kjör landskjörinna þingmanna og úthlutun uppbótarþingsæta ber að skýra með hliðsjón af þessu ákvæði stjórnarskrárinnar.

Alþýðubandalagið telur, að kosningabandalög flokka eða einstakra frambjóðenda og flokka í þeim tilgangi að afla fleiri þingmanna en rök standa til samkvæmt atkvæðatölum þeirra brjóti í bága við anda stjórnarskrárinnar og kosningalaganna. Hins vegar er það skylda landskjörstjórnar að undirbúa almennar kosningar þannig, að þessum tilgangi stjórnarskrárinnar verði náð og að kjósendum sé ljóst, þegar kosið er, eftir hvaða reglum þingsætum verði úthlutað milli stjórnmálaflokka.

Alþýðubandalagið telur, að kosningabandalag Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins í kosningunum 1956 hafi verið þess eðlis, að rétt hefði verið að telja þá í kosningunum og við úthlutun uppbótarþingsæta sem einn þingflokk.

Landskjörstjórn hefur hins vegar úrskurðað og birt fyrir kosningar, að Alþfl. og Framsfl. hefðu hvor sinn landslista í kosningunum og uppbótarþingsætum skyldi úthlutað á þeim grundvelli. Landslistarnir voru því undirbúnir á þeim grundvelli, sem lagður var með úrskurði landskjörstjórnar, og kjósendur reiknuðu með því á kjördegi, að þingsætum yrði úthlutað samkvæmt úrskurði landskjörstjórnar, og greiddu atkvæði samkvæmt því. Landskjörstjórn hefur síðan gefið út kjörbréf til landskjörinna þingmanna á grundvelli úrskurðar síns, sem hún birti fyrir kosningar.

Að þessu athuguðu telur Alþýðubandalagið ekki fært að ógilda kjörbréf þeirra þm. Alþýðuflokksins, sem náð hafa kosningu á þeim grundvelli, sem landskjörstjórn hafði lagt, en leggur þó ríka áherzlu á, að með endurskoðun stjórnarskrárinnar og kosningalaganna verði komið í veg fyrir kosningabandalög, sem raska eðlilegri úthlutun uppbótarþingsæta milli þingflokka.

Með hliðsjón af framansögðu og með tilliti til þess, að í stjórnarsamningi núverandi ríkisstj. er svo ákveðið, að skipa skuli nefnd til að endurskoða á starfstíma þessarar stjórnar kosningalög og stjórnarskrá, telur því Alþýðubandalagið, eins og nú er komið, að staðfesta verði hin umdeildu kjörbréf landskjörinna þingmanna, sem landskjörstjórn hefur gefið út.“

Fundi frestað.

Föstudaginn 12. okt. var fundinum enn fram haldið.

Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf., var nú til þings kominn og sat fundinn.

Ólafur Thors: Herra forseti. Af hendi okkar sjálfstæðismanna hefur verið gerð glögg grein

fyrir, hvers vegna við teljum ekki rétt að samþykkja kjörbréf uppbótarþingmanna Alþfl., og ég tel, að það sé að bera í bakkafullan lækinn, að ég fari að reyna að bæta við þau rök eða endurtaka þau. *Ég vísa þess vegna um aðalatriði* málsins algerlega til þeirra og mun gera a. m. k. flest höfuðrökin að mínum rökum.

En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var nokkur ummæli í ræðu hv. 3. þm. Reykv. (EOl), en ræða hans er hvað niðurlagið snertir orðrétt prentuð í Þjóðviljanum í dag.

Áður en ég kem að meginefni þessa stutta málflutnings míns, þykir mér rétt að vekja athygli á því, að hv. þm., Einar Olgeirsson, margendurtók það, að Sjálfstfl. hæri einn ábyrgð á því, að úrskurður landskjörstjórnarinnar væri rangur, úrskurðurinn um það, hvort Hræðslubandalagið, bandalag Alþfl. og Framsfl., skyldi teljast einn flokkur eða tveir við úthlutun uppbótarþingsæta.

Ég leyfi mér nú aðeins að minna á það, svona til gamans, að í þeim meiri hluta, sem kvað upp sína úrskurði, voru tveir framsóknarmenn og aðeins einn sjálfstæðismaður, en hann man ekki eftir að kenna neinum um „ódæðið" nema sjálfstæðismanninum. Er þetta ekki einhver mælikvarði á dóm þessa ágæta þm. um, hvað er rétt og hvað er rangt í málunum?

Hitt er svo aðalatriðið í þessu sambandi, að enda þótt tveir mætir og landskunnir heiðursmenn séu valdir í þessa landskjörstjórn af Sjálfstfl., þá eru þeir ekki þar sem handbendi Sjálfstfl. Þeir eru þar sem dómarar, sem kveða upp sinn dóm, eftir því sem þeir telja hann réttan. Ég harma það, að þessir ágætu menn eru mér ekki sammála nema að nokkru leyti, og ég harma það, að þeir gátu ekki orðið sammála. Það raskar ekki því áliti mínu, að þeir hafi sagt það, sem þeir töldu réttast. Ég neita aðeins, að þeir þurfi að hafa réttar fyrir sér í þessum efnum en ég og aðrir flokksbræður mínir hér á þingi og raunar utan þings einnig.

En það er dálítið athyglisvert, að í öllu helgislepjuhjalinu um öryggi lýðræðis og þingræðis í landinu skuli einmitt þessi maður, hv. 3. þm. Reykv., beinlínis ráðast á það, að landskjörstjórnarmenn séu ekki handbendi ákveðins flokks, að þeir skuli leyfa sér að hafa skoðun, og enn þá verra, að þeir skuli leyfa sér að fara eftir þeirri skoðun. Það virðist vera höfuðglæpurinn.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta og þessa málfærslu hv. þm., Einars Olgeirssonar, ég tel hana dæma sig alveg sjálfa og raunar fordæma sig sjálfa.

Aðalatriðið í málflutningi hv. þm., Einars Olgeirssonar, var þetta, sbr. Þjóðviljann í dag. Þar segir hann orðrétt:

„Alþýðubandalagið telur, að kosningabandalög flokka eða einstakra frambjóðenda og flokka í þeim tilgangi að afla fleiri þingmanna en rök standa til samkvæmt atkvæðatölu þeirra, brjóti í bága við anda stjórnarskrárinnar og kosningalaganna."

Þetta er skoðun Alþb. Það telur, að slík framboð, slíkt atferli, það brjóti í bága við anda stjórnarskrárinnar og kosningalaganna, og áfram:

„Alþýðubandalagið telur, að kosningabandalag Alþfl. og Framsfl. í kosningunum 1956 hafi verið þess eðlis, að rétt hefði verið að telja þá í kosningunum og við úthlutun uppbótarþingsæta sem einn þingflokk."

Alþb. telur, að það hefði átt að telja þá sem einn þingflokk, vegna þess að allt annað brjóti í bága við anda stjórnarskrárinnar og kosningalaganna, og telur, að það beri að líta á þessa flokka við úthlutun uppbótarþingsæta sem einn flokk, svo að ég noti nú orð hv. þm. sjálfs. Ja, skýrar getur nú ekki verið að kveðið í þessum efnum. Hann má eiga það, hv. þm., að hann er alveg hreinskilinn, hvort sem hann hefur ætlað að vera það eða ekki. Og spurningin eftir þessa yfirlýsingu er nú aðeins sú, hvort Alþýðubandalagsmenn kjósa fremur að gera það, sem rétt hefði verið, eins og þeir kveða að orði, eða að löghelga með atkvæði sínu hér á hv. Alþ. brot á anda stjórnarskrárinnar og kosningalaganna. Það er þetta, sem að er spurt. Valið sýnist ekki erfitt. Það er að velja um rétt eða rangt. Hv. Alþýðubandalagsmenn hafa valið, og þeir tóku að þeirra eigin dómi rangt fram yfir rétt. Ég viðurkenni, að þeir eru dálítið lágkúrulegir, og ég geri ráð fyrir, að sennilega fyrirverði þeir sig. Þeir reyna að breiða yfir sig hjúp og að bregða fyrir sig skildi, og þeim er sannarlega vorkunn, þótt þeir reyni eitthvað. Þeir segja nú: Það er of seint að bæta úr óréttlætinu. Það er landskjörstjórnin, sem þessu ræður. Þingið getur ekki bætt úr yfirsjónunum, úr því sem komið er. — Þetta eru annaðhvort bein orð eða áreiðanlega rétt farið með orð og hugsun hv. þm., bæði eins og það kom fram í ræðu hans og einnig eins og það er prentað í Þjóðviljanum í dag.

En nú segi ég: Ef það er of seint að bæta úr þessu, hvers vegna er þá Alþingi að fjalla um málið? Hvaða skrípaleikur er þetta? Er það misskilningur hjá mér eða er það rétt hjá mér, að Alþ. hafi áskilið sjálfu sér rétt til dóms og úrskurðar í slíkum málum? Er það rétt, að Alþ. hafi áskilið sér þennan rétt í því skyni að geta hrundið úrskurði landskjörstjórnar, ef það álítur hann rangan, eða bætt úr yfirsjónum landskjörstjórnar, í hvaða formi sem þær eru? Er nokkur maður hér á Alþ. í vafa um, að Alþ. hefur áskilið sér þetta vald og fyrst og fremst í þessum tilgangi? Auðvitað veit hv. þm., Einar Olgeirsson, að þessu er svona háttað, og auðvitað skilst Alþýðubandalagsmönnunum, að þeir eru að reyna að villa þjóðinni sýn til þess að hylja það, að þeir hafa selt, svo að ég noti nú meira og minna þeirra orðalag, kosningalögin, stjórnarskrána, réttlætið, lýðræðið og þingræðið fyrir auð og völd, eins og þeir hafa komizt að orði sjálfir. Þeir hafa selt þessa smápinkla sína, kosningalögin, stjórnarskrána, lýðræðið, þingræðið og réttlætið fyrir það, sem þeir svo ætla að hafa hinum megin: auð og völd. Þeir keyptu þetta hnoss sitt, auðinn og völdin, þessu verði. Það er það, sem þeir hafa gert, aumingja mennirnir, bæti ég við.

En séu Alþýðubandalagsmennirnir og Einar Olgeirsson, hv. þm., búnir að gleyma því, að þeir hafa þekkt sannleikann í þessu máli, áður en þeir seldu sál sína fyrir völdin, þá skal ég

með ánægju leiða þá á braut sannleikans með því að rifja upp þeirra eigin orð, og ég skal meira að segja taka þau beint úr Þjóðviljanum, svo að það sé nú ekki í kot vísað, og ég skal hafa ummælin bæði fyrir þann dag, sem landskjörstjórnin felldi sinn úrskurð, og ég skal líka minna á ummæli eftir þann dag, sem úrskurðurinn féll.

Fyrir úrskurðinn lýsir Þjóðviljinn því atferli að leggja blessun sína yfir, að þessir flokkar séu viðurkenndir sem tveir flokkar varðandi úthlutun uppbótarsæta, á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Þarf ekki að lýsa því, að hér er um að ræða algert brot á anda og tilgangi kosningalaganna. Uppbótarþingsætin áttu einmitt að tryggja sem mestan jöfnuð milli þingflokka, „þannig að hver þeirra fái þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við kosningarnar", eins og segir í 124. gr. kosningalaganna. En hér er einnig um að ræða brot á bókstaf kosningalaganna. Í 29. gr. þeirra segir svo: „Stjórnmálaflokkur má eigi bera fram nema einn landslista við sömu alþingiskosningar." Og eins og áður er sagt, verður að líta á Hræðslubandalagið sem einn stjórnmálaflokk, kosningaflokk, út frá framboðum þess og vinnubrögðum öllum."

Þetta stendur í Þjóðviljanum 25. maí.

27. maí, tveim dögum seinna, segja þeir:

„Málflutningi fyrir landskjörstjórn lauk í gær. .... Tóku fulltrúar Alþýðubandalagsins og Þjóðvarnar undir þá kröfu, að landskjörstjórn kvæði upp úrskurð um þetta atriði, og lýstu þeirri skoðun sinni, að Hræðslubandalaginu bæri tvímælalaust að bera fram einn landslista. .... Hræðslubandalagið ber það einkum fyrir sig í yfirlýsingum sínum, að Sjálfstæðisflokkurinn og Bændaflokkurinn hafi haft kosningasamvinnu sín á milli 1937. Þar er þó ekki um hliðstæðu að ræða. Flokkarnir unnu ekki saman í öllum kjördæmum, heldur buðu fram hvor gegn öðrum í sumum, og auk þess fengu báðir uppbótarþingsæti. Samvinnan var ekki við það miðuð að ræna fleiri uppbótarþingsætum en flokkunum bar. Enginn vefengir rétt Framsóknar- og Alþýðuflokksins til að vinna saman í kosningum, en hitt er að sjálfsögðu fráleitt, að þeir fái heimild til að bjóða fram tvo landslista í því skyni einu að ræna langtum fleiri þingsætum en þeir eiga rétt á."

Þetta er svona meðal fárra blessunarorða, sem þetta merkisblað Alþb. hafði um þennan heiðarlega tilgang, sem nú á að fara að dæma um, hvort sé lögmætur eða ekki lögmætur. Það er dómurinn, áður en kjörstjórnin felldi sinn úrskurð.

Svo kveður landskjörstjórnin upp sinn úrskurð, og enda þótt meiri hluti hennar telji athæfi Hræðslubandalagsins ólögmætt, gat þessi meiri hluti ekki náð samstöðu og bjargaði með því tilgangi og fyrirætlunum Hræðslubandalagsins.

Sem kunnugt er, urðu sjálfstæðismennirnir í kjörstjórninni ekki sammála, og hinir frómu leiðtogar Alþb. voru svo sem ekki lengi að finna út, hvernig á því stóð. Þá kunnu þessir háu herrar góð skil á verknaðinum, sem þeir nú ætla að fara að fremja. Ég ætla að hafa yfir orð þeirra sjálfra, því að þau lýsa, hverjum augum þeir í raun og veru líta á það athæfi, sem þeir eru nú sjálfir að gera sig seka um.

Í Þjóðviljanum 29. maí, daginn eftir að landskjörstjórn hefur fellt sinn dóm, eru Alþýðubandalagsmenn byrjaðir að gera því skóna, að nú ætli Sjálfstfl. að fremja það afbrot, þann glæp, eins og þeir kalla það, að samþykkja þessi kjörbréf Alþfl.-mannanna, og þá segja þeir:

„Það er nú augljóst mál, að afstaða Sjálfstæðisflokksins til kosningabragða Hræðslubandalagsins einkennist af einstæðum flátttskap. .... Íhaldið vildi aðeins setja forsprakka Hræðslubandalagsins í gapastokkinn. ... Þá aðstöðu ætlar íhaldið sér að nota í samningum við framsóknarforsprakkana og hægri klíku Alþýðuflokksins. Ef þið tryggið okkur áframhaldandi völd og gróða, skulum við leggja blessun okkar yfir þingmannarán ykkar." Ef þið viljið leggja blessun ykkar yfir völdin og gróðann, ef þið viljið tryggja okkur þetta, þá skulum við leggja blessun okkar yfir þingmannaránið, vera með ykkur í að stela af kjósendunum öllu þessu helgasta og bezta, stjórnarskránni og þingræðinu og lýðræðinu og kosningalögunum og öllu — en við verðum að fá völd fyrir það. Og enn halda þeir áfram:

„Menn eru ýmsu vanir af leiðtogum Sjálfstæðisflokksins, en þó verður vart öllu lengra komizt í tvöfeldni og óheiðarleika, í fullkomnu skeytingarleysi um réttan málstað. Hvað segir það fólk, sem kosið hefur Sjálfstæðisflokkinn í góðri trú, um jafnbotnlaus óheilindi?" — Ja, hvað segja kjósendur? Það er von, að spurt sé.

Ég ætti nú eiginlega ekki að vera að tala mikið frá eigin brjósti, þetta er svo ágætt, sem hv. þm. og hans félagar hafa sagt sjálfir. Ég get litlu bætt við. Hér er kveðinn upp dómur, þungur dómur og réttur, áfellisdómur og dauðadómur yfir því athæfi að selja fyrir áframhaldandi völd eða fyrir ný völd sjálfan frumburðarréttinn og vera með í þingmannaráninu og gerast ræningjar í staðinn fyrir að vera þessir frómu, ágætu menn, sem þeir nú annars vilja vera!

Já, það „verður vart lengra komizt í tvöfeldni og óheiðarleika", segja þessir ágætu Alþýðubandalagsmenn, heldur en að leggja blessun sína yfir þingmannaránið, og svo spyrja þeir loksins: „Hvað segir nú fólkið," sem kosið hefur slíka óþokka? Öllu gleggri sjálfslýsingu en Alþb.-mennirnir þarna hafa gefið af sjálfum sér er tæplega hægt að gefa, og nú spyr ég: „Hvað segir fólkið, sem kosið hefur þessa menn?" Þjóðviljinn segir um þetta athæfi, svo að ég haldi mér nú að þeirri biblíu, þann 30. maí, — hann er að lýsa mönnunum, sem ætla að leggja blessun sína yfir þessi kjörbréf, og hann segir:

„En þessir ránsmenn og braskarar gleyma því, að til er einn dómstóll, sem er æðri en landskjörstjórn og Alþingi, kjósendur sjálfir."

Ránsmennirnir gleymdu kjósendunum þessa stundina, og ég held, að hv. þm., sem var að tala hér í gær, hafi líka verið búinn að gleyma kjósendunum. Ég vildi óska af gömlum kunningsskap, að hann rankaði við sér og raknaði úr rotinu og að hann myndi eftir kjósendunum, og ef hann á réttlæti til, þá eyddi hann því, sem eftir er

í honum, í það að sameinast Sjálfstfl. um að hrekja þá árás á lýðræði og þingræði og stjórnarskrá og kosningalög, sem hér er gerð.

Ég vil svo leyfa mér að minna á enn ein ummæli Þjóðviljans um þetta mál þann 29. maí. Það er úr miklu að moða í þessu ágæta blaði, enda sjaldan komið fyrir — að þess viti — annað eins glæpamál og ef það ætti að samþykkja þessi bréf, og ég vorkenni þeim, þótt þeir vilji hafa um þetta harða dóma, jafnharðir og þeir eru í dómi um margt, sem í sjálfu sér eru lítil afbrot. Þjóðviljinn segir 29. maí:

„Málið sjálft er þó mjög einfalt í eðli sínu. Það var um það spurt, hvort æðra skyldi tilgangur og andi stjórnarskrárinnar og kosningalaganna eða lagakrókar og refjar. Það tiltæki Hræðslubandalagsins að skila tveimur landslistum, enda þótt um sé að ræða sameiginleg framboð í öllum kjördæmum landsins, hafði þann eina tilgang að ræna miklu fleiri þingsætum en atkvæði heimila. ... Það tiltæki er í eðli sínu ekkert annað en kosningasvik og er í fyllstu andstöðu við ákvæði stjórnarskrár og kosningalaga. Þess háttar svik er lengi hægt að verja með lagakrókum og orðhengilshætti, en það breytir engu um sjálfan kjarna málsins.“ — Og má ég minna hv. 3. þm. Reykv. á þetta: „Þess háttar svik er lengi hægt að verja með lagakrókum og orðhengilshætti, en það breytir engu um sjálfan kjarna málsins“? Og má ég ráðleggja honum að tala ekki oftar í málinu, ekkert orð, því að hann getur verið með lagakróka og orðhengilshátt, en það breytir engu um sjálfan kjarna málsins?

Ég vil nú leyfa mér að spyrja að gefnu tilefni frá hv. þm.: Er það líklegt eða er það aðeins hugsanlegt, að Alþ. geti löghelgað slík svik, slíkt þingmannarán — ég er alltaf með orðalag hans sjálfs — eingöngu í skjóli þess, að landskjörstjórnin varð ekki sammála um rök fyrir fordæmingu þessara svika? Það er það, sem hv. þm. ætlar að reyna að skjóta sér undir. Mig langar að láta Þjóðviljann einnig svipta þessari dulu af honum, ef það mætti verða til að koma fyrir hann vitinu.

Í grein, sem hann sennilega hefur skrifað sjálfur, stendur þann 29. maí: „Þrír landskjörstjórnarmenn af fimm heimiluðu þingmannaránið, en úrskurður Alþingis er eftir.“ Þarna er úrskurður fallinn. Þegar Þjóðviljinn segir þetta og líklega þessi hv. þm. sjálfur, leiðtogi flokksins, þá er úrskurður landskjörstjórnar fallinn. Þá liggur sú staðreynd fyrir, að landskjörstjórn er búin að kveða upp þann úrskurð, sem þessi hv. þm. ætlaði í gær að skjóta sér undir og fela undir allan fláttskapinn, ekki minni en hann er nú. Það þarf nokkuð stóra voð yfir það allt. Undir því átti að fela fláttskapinn. Hér stendur: „Guði sé lof, að til er hæstiréttur! Að vísu er landskjörstjórnin búin að tala, en þingið á eftir að tala.“

Mér sýnist, að hér sé ekki farið í neinar grafgötur um, hvað fyrir liggur. Það er ráðizt hastarlega að kjörstjórninni fyrir, að hún gaf úrskurð. Hún er heiftarlega minnt á í leiðinni: Það er til hæstiréttur; það er til aðili, sem er yfir henni. Hún er minnt á það, að hennar orð eru ekki síðustu orðin. Hún er minnt á það, að ef rétt fái að vera rétt, á Alþingi Íslendinga lokaorðið, þá hafi hennar rangi úrskurður enga þýðingu. Það hvílir að vísu í hugum Alþýðubandalagsins þessi skuggi yfir heiðríkju réttlætisins, að Sjálfstfl. ætli að selja sig fyrir auð og völd. Þess vegna eru þeir ekki alveg eins vissir um, að kjörstjórnin fái þá hirtingu, sem þeir telja hana eiga skilið. En það er ekki eini skugginn, sem þarna hvílir.

Hér hefur Alþýðubandalagið kveðið upp sinn úrskurð, og það er ekki hægt að éta hann ofan í sig. Ja, hvað er hægt, veit ég ekki, en það hlýtur að standa í einhverjum. Þeir hafa lýst því yfir, að ef Sjálfstfl. sé ekki sekur um það glæpaatferli, sem þeir eru að gera honum getsakir um, þá skuli yfirkjörstjórnin fá að vita, að það sé annar aðili, sem ráði yfir henni. Þessu hafa þeir lýst yfir.

Það hefur legið frá öndverðu skýrt fyrir, að Sjálfstfl. telur ekki hægt að viðurkenna þessi kjörbréf. Hann hefur alltaf verið á þeirri skoðun og þar af leiðandi sammála hv. Alþb.-mönnum um þetta, þar til Alþb.-mennirnir seldu sig fyrir þetta, sem þeir segja, auð og völd.

Nú hefur sá sorglegi viðburður gerzt, að Alþb.-mennirnir hafa lýst yfir, að það hafi skipt um skoðun. Þegar þeir álitu, að aðrir mundu gerast sekir um slíkt athæfi, þá var það sala að þeirra viti. Þá var verið að selja réttlætið fyrir auðinn og völdin. Ég læt þá sjálfa velja sjálfum sér lýsinguna, og þar þarf engu við að bæta.

En það verð ég að segja, að þetta er mesta kokvídd, sem ég man eftir á Alþ. Slík kok með svona vídd hljóta að vera margæfð, æfð í því t. d., að einn maður sé heilagur guð í dag og morðingi og fantur á morgun. Þessi kok hljóta að hafa rennt niður mörgu sælgæti frá Moskvu og víðar. Þessi kokvídd er ekki einleikin.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta,

Mig langar aðeins að minna á að lokum, að hv. þm. lét mjög í það skína, að þessi verknaður, sem hann annars hefur dæmt svona þungum dómi, gæti átt vissa afsökun í þeirri staðreynd, að Hræðslubandalagið hafi ekki náð meiri hluta. En ég segi: Ef þetta er lagalega órétt, hvernig getur það löghelgazt af þeirri staðreynd, að í staðinn fyrir að fá 27 þm. fengu þeir bara 25 þm. og urðu þess vegna að leita til Alþb.? Mig langar að heyra, á hvaða rökum það er reist, að verknaður, sem er þingmannarán, brot á anda og bókstaf stjskr., brot á kosningal., þingræði og lýðræði, — hvernig verknaður, sem er þannig í eðli sínu, getur alveg breytt um eðli við það, að það þarf að leita til Alþb. um stuðning við stjórnarmyndun. Nei, ber þarna ekki allt að sama brunni, að lög og réttur fer eftir því, hverju þessi hv. þm. og flokkur hans þarf á að halda hverju sinni?

Mér sýnist, að þessi afstaða flokksins til málsins sé þannig, að þeir þurfi að vera þess minnugir, sem þeir voru að brýna fyrir okkur sjálfstæðismönnum, þegar þeir voru að gera okkur upp getsakirnar, að fólkið á eftir að dæma, og yfir kjörstjórninni og yfir Alþ. er þjóðin. Og þann dóm verða þeir að þola, sem slíkt atferli hafa í frammi, ekki aðeins Hræðslubandalagið, sem hefur brotið lög og rétt að minni hyggju,

heldur einnig og ekki sízt þeir, sem hafa svo sterka sannfæringu fyrir, að þetta séu lögbrot, eins og Alþb. hafði, en breyta gersamlega um þá sannfæringu og tjalda allt öðru og gagnstæðu, þegar þeir eru komnir í stjórn landsins og hafa náð sætum í ráðherrastólunum með því að selja þennan helga rétt þjóðarinnar.

Fyrri frsm. 2. kjördeildar (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þetta er nú þriðji dagurinn, sem þessi þingsetningarfundur stendur yfir, og er það að verða nokkuð óvenjulegt og yrði þó enn óvenjulegra, ef enn þyrfti í dag að fresta þessum fundi, kannske fram yfir helgi. Það er því fullkomin ástæða, bæði fyrir mig og aðra, að stytta mál mitt, enda mun ég gera það. Það vill líka svo vel til, að ég þarf ekki miklu að svara af því, sem fram hefur komið, síðan ég talaði hér í gær. Ég get ekki fundið, að neitt af því, sem ég sagði og þeir, sem voru mér sammála, hafi verið hrakið með neinum rökum, enda mun nú verða svo, að héðan af verður aðeins sagt klippt eða skorið í þessu máli. Atkvæðin verða að skera úr, og langar ræður hafa ekki mikið að þýða hér eftir. Auk þessa get ég á margan hátt og að miklu leyti vísað til ræðu hv. þm. Ak. (FS), sem hann hélt í gær og gerði mjög ljósa grein fyrir þeim málstað, sem við höldum fram hér. En þrátt fyrir þetta get ég ekki með öllu gengið fram hjá ræðu hv. þm. A-Húnv., sem hann hélt hér í gær, bæði vegna þess, að hann var frsm. þess hluta 2. kjördeildar, sem var andstæður mér, og einkum þó sökum þess, að í ræðu sinni í gær bar hann bæði á mig og ýmsa aðra þm. sakir, sem hann taldi að mundu jafnvel varða refsingu. Ég skal að vísu játa að slík fjarstæða er ekki svaraverð í sjálfu sér, en ég tel þó rétt að sýna honum, hans sjálfs vegna, hvar hann stendur í slíkum fullyrðingum sem þessum.

Hv. sjálfstæðismenn tala hér mikið um eitthvert Hræðslubandalag, eins og það sé einhver stjórnmálaflokkur. Þeir eiga víst við bandalag Framsfl. og Alþfl. í kosningunum síðustu. Hv. þm. A-Húnv. sagði, að þetta væri einstætt fyrirbrigði í íslenzkum stjórnmálum, þetta bandalag, og hann vildi algerlega neita því, að Breiðfylkingin sáluga frá 1937 væri hliðstæð þessu bandalagi.

Ég býst við, að bæði hann og hv. þm. G-K. (ÓTh), form. Sjálfstfl., treysti á það, að það séu æði margir, sem hafa ryðgað í því, sem gerðist fyrir 19 árum, þess vegna tali þeir eins og þeir tala. Að vísu skal það játað, að hv. þm. A-Húnv. er að því leyti samkvæmur sjálfum sér, að hann hafði ekkert betra álit á Breiðfylkingunni en hann hefur nú á þessu svokallaða Hræðslubandalagi. Þetta var alkunnugt, bæði í hans kjördæmi og víðar. Þau rök, sem hann þó færði nú, þrátt fyrir fyrri andstyggð hans á Breiðfylkingunni, fyrir því, að þetta tvennt, Breiðfylkingin og Hræðslubandalagið, sem hann kallaði, væri ekki hliðstætt, voru fyrst og fremst þau, að Sjálfstfl. og Bændaflokkurinn hefðu boðið fram hvor gegn öðrum í sjö kjördæmum. Þetta er algerlega rangt. Í tvímenningskjördæmunum buðu þeir alls ekki fram hvor gegn öðrum, þó að þeir hefðu báðir frambjóðendur í kjöri. Þá voru ekki komnar hlutfallskosningar, og menn í tvímenningskjördæmum kusu tvo frambjóðendur, og yfirleitt kusu kjósendur Sjálfstfl., því að þá reyndist nú svo, að það var varla að ræða um kjósendur Bændaflokksins, sinn eigin frambjóðanda og frambjóðanda Bændaflokksins. Til dæmis í minu kjördæmi, Eyjafjarðarsýslu, — það kjördæmi var miklu fjölmennara en það er nú, því að þá tilheyrðu því bæði Siglufjörður og Glerárþorp, sem nú er búið að sneiða af því, þess vegna var það, að allir frambjóðendur fengu yfirleitt fleiri atkv. en nú er, — þá fór það svo, að bæði frambjóðandi Sjálfstfl. og Bændaflokksins urðu uppbótarmenn sinna flokka á sömu atkvæðunum, nákvæmlega sömu atkvæðunum, því að þeir voru yfirleitt kosnir saman af kjósendum Sjálfstfl.

Þá eru eftir fjögur kjördæmi. Hv. þm. A-Húnv. er vel kunnugt um það, hvers vegna það lukkaðist ekki að fá hann til þess að fallast á, að það yrði einn frambjóðandi fyrir þessa flokka í Austur-Húnavatnssýslu. Það er kunnugt, að hann neitaði því sjálfur og beitti sínum áhrifum í sínu héraði til þess að koma í veg fyrir það. Það var ætlun flokksins. — Þá eru eftir þrjú, og við vitum það, sem munum þessa tíma, að framboð Bændaflokksins í þeim kjördæmum var aðeins til málamynda, enda sama og ekkert atkvæðamagn þar.

Hv. þm. sagði, að þá hefði engin tilraun verið gerð til að svindla. Ég veit ekki vel, hvað hann kallar svindl í þessu sambandi, en ég geri ráð fyrir því og þá jafnframt með hliðsjón af því, sem hv. þm. G-K. sagði, að það, sem hann kallar svindl, sé það, að hann telji, að með þessu hafi verið reynt til, að þessir tveir flokkar fengju fleiri þingmenn kosna en þeir hefðu annars hlotið og eftir höfðatölu kjósenda. Ég bara segi jú. Hafi þetta verið svindl í vor, þá var alveg sama svindlið 1937. Þetta bandalag, sem kallað var Breiðfylkingin af þeim sjálfum, sem tóku þátt í því, var beinlínis stofnað til þess að reyna að fá fleiri þm. með því móti en ella og reyna að fá fleiri þm. en kjósendatalan sagði til um. Mér er alveg fullkunnugt um þetta.

Ráðagerðin var sú, að þetta bandalag gæti orðið til þess að fella a. m. k. 8 framsóknarþingmenn í kjördæmum, þ. á m. okkur báða þm. Eyf. Síðan var einum Bændaflokksmanni tryggt kjördæmi, sem sé Þorsteini heitnum Briem var tryggð Dalasýsla og hann kosinn þar þingmaður með atkv. sjálfstæðismanna fyrst og fremst, og hann átti svo að koma með nokkrar „doríur“ með sér. Þannig átti að fá meiri hluta á Alþingi án þess að hafa meiri hluta þjóðarinnar, og allt var þetta reiknað og talið sjálfsagt, að þetta gæti lánazt. Það var reiknað eftir tölum næstu kosninga á undan, alveg eins og hv. þm. A-Húnv. reiknaði í gær í ræðu sinni. Það var eins og hann áliti, að enginn kjósandi gæti skipt um flokk eða skipt um skoðun, en það, sem skeði, var aðeins það, að útreikningurinn brást. Kjósendurnir hlýddu ekki þessu kalli, og eins og ég sagði í gær, þá sannaðist það þar, að kjósendur eru alls ekki skyldir til þess að kjósa eins og einhverjir forustumenn flokkanna kveða á um.

Ég man eftir því, að frambjóðandi Sjálfstfl. í Eyjafirði sagði við mig daginn eftir talninguna: Hvar eru Bændaflokksmennirnir hérna? Hann varð ekki var við þá í kosningunni.

Hv. þm. talaði mikið um það, að menn hefðu boðið sig fram fyrir tvo flokka, yfirleitt allir frambjóðendur Framsfl. og Alþfl. Þetta er vitanlega alrangt. Það er bannað að bjóða sig fram fyrir tvo flokka, — ég veit það vel, — en það gerði enginn þessara manna. Enginn þeirra bauð sig fram fyrir tvo flokka. Samkvæmt stjórnarskrá og kosningalögum er það frambjóðandans og hans meðmælenda að segja til um það, fyrir hvaða flokk maðurinn býður sig fram. Það skiptir engu máli, hvaða skoðun maðurinn kann að hafa eða hvaða skoðun hann hefur haft, og það hefur komið fyrir, að menn hafa boðið sig fram beinlínis í trássi við flokk undir hans nafni. Ég fullyrði það, að allir frambjóðendur Framsfl. og Alþfl. tóku það skýrt fram í sínum framboðum og meðmælendur þeirra líka, fyrir hvaða flokk þeir byðu sig fram. Enginn þeirra bauð sig fram fyrir tvo flokka. Hitt er svo annað mál, þótt þeir fengju atkv. frá tveimur flokkum. Aftur á móti 1937, þá má segja, að í tvímenningskjördæmunum gerðu menn þetta beinlínis.

Ef menn eiga að þola refsingu fyrir að hafa boðið sig fram fyrir tvo flokka, samkv. kenningu hv. þm. A-Húnv., hvers vegna kærði hann þá ekki Þorstein Briem 1937 fyrir að hafa boðið sig fram fyrir tvo flokka, því að ef sú kenning hans er rétt, að ég og aðrir framsóknarmenn höfum boðið okkur fram fyrir tvo flokka og Alþýðuflokksmenn gert það sama, þá er það ekki síður rétt a. m. k., að Þorsteinn Briem hafi boðið sig fram fyrir tvo flokka. Hv. þm. A-Húnv. átti sæti á Alþingi þá. Hann hreyfði engum mótmælum gegn kosningu Þorsteins Briems, og hann hreyfði engum mótmælum gegn kosningu Stefáns heitins í Fagraskógi, sem var eini uppbótarmaður Bændaflokksins, þó að hugmyndin væri, að þeir yrðu fleiri, a. m. k. þrír eða fjórir.

Undirstaða undir miklum hluta af kenningum hv. þm. var sú, þar sem hann byggði alltaf á tölum frá undanförnum kosningum, að menn hlytu alltaf að vera í sama flokki, það væri sjálfsagt; ef ekki kæmi einhver fyrirskipun önnur, þá kysu menn alltaf sama flokkinn og væru í sama flokknum. Ja, er þá hv. þm. bara löglegur þm. Sjálfstfl., ef þessi kenning er rétt? Það er vitað, að hann var einu sinni góður og gildur framsóknarmaður. Hafði hann nokkurn rétt til þess að vera að ganga úr Framsfl. og ganga í Sjálfstæðisflokkinn?

Hann talaði um það, að mönnum hefði verið skipað að kjósa. Ég þverneita því, enda er ekki hægt að skipa kjósendum að kjósa. Þeir hafa sinn rétt til að kjósa eins og þeim sýnist, og meira að segja, ef þeim er ógnað, þá geta þeir gert það á þann veg, að enginn viti um, hvernig þeir kjósa. Hann sagði enn fremur, að kjósendur þessara tveggja flokka hefðu ekki átt um neitt að velja nema annaðhvort að skila auðu, sitja heima, kjósa eins og þeim var sagt eða þá að kjósa Sjálfstfl. Þetta er vitanlega alrangt, eins og ég vék reyndar að í gær. Í öllum kjördæmum voru landslistar þessara flokka, og það var hverjum kjósanda í sjálfsvald sett að kjósa landslista síns flokks, og það gerðu margir. Nú, auk þess gátu þeir vitanlega, eins og hv. þm. sagði, kosið Sjálfstfl., Alþb. o. s. frv., og vitanlega gerðu það sumir.

Ég get því ekki séð, að þetta sé sama aðferð og sagt er að Rússar hafi, þó að hv. þm. héldi því fram. Þar er sagt, að það sé ekki nema einn listi eða einn frambjóðandi í kjöri og menn geti ekki annað en annaðhvort kosið þann, sem í kjöri er, eða skilað auðu, og það sé jafnvel hættulegt að skila auðu. Ekki veit ég, hvort nokkuð af þessu er satt, því að ég hef ekki verið í Rússlandi, og það er áreiðanlega mörgu logið þaðan. En það var nú ekki langt frá því, að mér virtist hv. þm. A-Húnv. kannske ekki vera frá því að taka upp að sumu leyti svipaða aðferð og sagt er að Rússar hafi, sem sé þá að setja jafnvel andstæðinga sína í tukthúsið eða þá a. m. k. að setja þá undir einhverjar þungar kárínur aðrar, þar sem hann taldi hér um refsivert atriði að ræða.

Það hefur mjög borið á góma í þessum umr., þó að það komi ekki málinu við, eins og ég sýndi fram á í gær, að það komi fram misrétti í kosningunum, þannig að það séu færri kjósendur á bak við hvern framsóknarþingmann heldur en á bak við þingmenn annarra flokka. Að vísu er þetta misrétti ekki eins mikið og höfðatalan sýnir. Ef nokkuð er meint með því, sem allir flokkar hafa nú á vörunum um jafnvægi í byggð landsins, þá mundi mega ætla, að allir væru sammála um það, að heil héruð þyrftu að hafa fulltrúa á sjálfu Alþingi, jafnvel þótt þau séu fámenn.

En skyldi nú sjálfur Sjálfstfl. vera eins saklaus í þessu efni og hann vill vera láta? Ég man eftir því glögglega eftir næstsíðustu kosningar, nefnilega kosningarnar 1953, að þá var Morgunblaðið og fleiri blöð Sjálfstfl., en einkum Morgunblaðið, með bollaleggingar um það, að ef Sjálfstfl. hefði fengið fáeinum hundruðum fleiri atkv. í sex kjördæmum, tilteknum, og þannig skipt, að þau hefðu komið honum að sem beztum notum, þá hefði hann fengið meiri hluta á Alþingi, og blöðin hörmuðu mjög, að þetta skyldi ekki takast. Sjálfstfl. fékk í þessum kosningum rúmlega 37% atkvæða, og þó að þessi hundruð hefðu bætzt við, hefði það aldrei hækkað prósenttöluna um einn heilan.

Það var ekki annað hægt að sjá en að Sjálfstfl. mundi grípa við því fegins hendi að fá hreinan meiri hluta á Alþingi, þó að hann fengi ekki meiri hluta kjósenda í landinu. Það kom beinlínis opinberlega fram í blöðunum. En þetta kemur ekki málinu við. Það á að úrskurða um þetta mál samkvæmt lögunum, og ef kjördæmaskipun þarf breytinga við, þá á að gera það með lögum, en ekki með því að reka heim löglega kosna þingmenn. Og að deila á Framsfl. í þessu sambandi er náttúrlega fásinna, sökum þess að Framsfl. hefur engu ráðið um þá kjördæmaskipun, sem nú er í landinu. Það voru allir hinir, andstæðingaflokkar hans, sem réðu því máli til lykta og kölluðu þá réttlætismál. Einmitt eftir þeim kosningalögum, sem þessir

flokkar kölluðu réttlætismálið, var kosið síðast, og það er ekki annað að gera, að mér sýnist, en að sætta sig við úrslit þeirra kosninga.

Hv. þm. G-K. deildi hér á Alþb. og vitnaði mjög í Þjóðviljann, svona svipað eins og mjög trúaðir prestar vitna í Bibliuna. Ég lasta þetta ekki, og mér kemur það ekki við. En hvað sem um Alþb. er að segja í sambandi við þetta mál, þá vil ég taka það fram, að afstaða þess, eins og hún kom fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv. í gær, er nákvæmlega sú sama og kommúnistaflokkurinn, sem a. m. k. er enn þá hluti af Alþb., hafði 1937. Ekki man ég eftir því, að það kæmi nein rödd fram hjá kommúnistum 1937 um það að ógilda kosningu Stefáns sáluga í Fagraskógi eða Þorsteins Briems. Hv. 3. þm. Reykv. sat þá á Alþ., og ef hann núna greiðir atkv. með að taka gild þessi kjörbréf, sem um er deilt, þá hefur hann nákvæmlega sömu afstöðu í þessu máli eins og 1937.

Hv. þm. G-K. las upp orð úr Þjóðviljanum, sem beint var til Sjálfstfl., að ekki yrði lengra komizt í óheiðarleik. Ég verð að segja það, að hvað sem líður um yngri menn, sem hafa komið á Alþingi eftir 1937, þá finnst mér það vera eins konar met í óheiðarleik, ef hinir eldri þm. Sjálfstfl., sem þá sátu á Alþ. og ekkert höfðu við kosningu Stefáns í Fagraskógi að athuga, eða Þorsteins Briems, sérstaklega Stefáns, greiða nú atkv. á móti því að taka gild kjörbréf þessara fjögurra Alþfl.-manna, því að það, sem þeir reyna að klóra í bakkann um það, að þetta sé annars eðlis, það bandalag, sem var í kosningunum í vor, heldur en bandalagið frá 1937, er bláber vitleysa, og það er eins greindum og gegnum mönnum og hv. þm. G-K. og hv. þm. A-Húnv. algerlega ósæmandi að taka sér slíkt í munn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. Ak. (FS) lét þau orð falla í gær í lok sinnar ræðu, að meiri hluti kjósenda og þá væntanlega einnig hann sjálfur teldi mjög illa farið með tíma Alþ. að vera að flytja þetta mál inn á Alþingi.

Ég verð nú sannast sagt að segja það, að ég harma mjög, að það skyldi verða hlutskipti jafnmæts manns og hv. þm. Ak. að flytja hér jómfrúræðu sína í Alþ. til að verja einhverja þá mestu misnotkun, sem nokkurn tíma hefur verið í frammi höfð í sambandi við kosningatilhögun og kosningalög hér á Íslandi. Það harma ég mjög, því að hann á sannarlega betra hlutskipti skilið en það.

Ég geri ekki ráð fyrir því heldur, að neinn landsmanna undrist það, að þessu máli skuli vera hreyft hér í byrjun Alþ. og að Sjálfstfl. hafi hér uppi þau mótmæli, sem hann lagði fyrir landskjörstjórn á sínum tíma. Það er öllum vitanlegt, að Alþ. er æðsti dómstóll um það, hvort þm. séu rétt kjörnir eða ekki og hvort að lögum sé farið í því efni. Það má vel vera, að sú tilhögun sé óheppileg, og ég skal fúslega játa, að það getur í mörgum tilfellum verið vafasamt að veita Alþingi slíkan rétt. En engu að síður er þetta tvímælalaus réttur samkvæmt stjórnarskránni, og það er ekki aðeins réttur, heldur um leið skylda Alþingis að sjá um það, að Alþ. sé kjörið í sem beztu samræmi við þær reglur, sem þingið sjálft hefur sett, og í samræmi við þann sjálfsagða tilgang, sem hlýtur að liggja að baki þingræðisskipulagi hvers lýðræðisríkis, að Alþ. sé á hverjum tíma skipað í sem nánustu samræmi við þjóðarviljann.

Það kemur auðvitað engum á óvart, þó að hv. framsóknarmenn gerist hér talsmenn ranglætis í kjördæmaskipan og kosningu. Það hafa þeir alla tíð verið, og það væri mjög einkennilegt, ef þeir allt í einu færu nú að skipta um tón í því efni, því að þeir hafa alltaf á ranglætinu lifað. Hinu er meiri ástæða til að undrast yfir, að Alþfl. og Sósfl., sem nú kalla sig Alþýðubandalag, skuli hér nú taka í sama streng, því að báðir þessir flokkar hafa í sambandi við umræður um kjördæmaskipan og kosningar á undanförnum árum og áratugum jafnan leitazt við að styðja þær breytingar, sem til aukins réttlætis leiddu í þessu efni. Nú hafa þeir horfið af þeirri braut. Hvaða ástæður þar liggja til grundvallar, skal ég engu um spá, en þetta er engu að síður staðreyndin. Má þó segja, að hlutur sósíalista sé hér lakastur, vegna þess að þeir hafa í sambandi við þennan sérstaka verknað, sem hér er til umræðu, haft uppi miklar fordæmingar og það meiri fordæmingar og stóryrði en nokkurn tíma hafa komið fram frá hálfu okkar sjálfstæðismanna. Þegar maður t. d. les ummæli eins og þau, sem birtust í Þjóðviljanum 31. maí 1956 og þannig hljóðuðu, með leyfi hæstv. forseta: „Hvar lendum við, ef það eiga nú að vera góðar lagaskýringar á Íslandi, að heimilt sé að brjóta anda og tilgang laga? Hvað stoðar að fjargviðrast yfir smáþjófum, svindlurum og bröskurum, ef sú hugsjón heilla stjórnmálaflokka á að standast að brjóta niður stjórnarskrá, kosningalög og þá undirstöðu lýðræðislegra kosningahátta, að atkv. kjósenda eigi að ráða skipun Alþingis?“ — þá gegnir það mikilli furðu og hlýtur að vekja alþjóðarathygli, að þessir sömu menn sem fordæma jafnheiftarlega þann verknað, sem hér hefur verið framinn, skuli nú standa upp á hinu háa Alþingi og segja: Jú, að vísu var þetta nú slæmt, en af því að við erum komnir í ríkisstj., þá er þetta allt orðið gott. — En þetta er staðreynd, og fram hjá henni verður ekki gengið. Það er aðeins þjóðarinnar sjálfrar og kjósendanna að draga sínar ályktanir af framferði slíkra manna.

Það er hér búið að ræða mikið um lagaatriði og lögskýringar í sambandi við það mál, sem hér er til umræðu, og skal ég ekki út í þá sálma frekar fara. Það er vafalaust rétt, að þær lagagreinar, sem hér um fjalla, er hægt að skilja á tvo vegu, þær eru alls ekki ljósar. Og það er ástæðan til þess, að landskjörstjórn á sínum tíma taldi sig ekki hafa aðstöðu til þess að fylla út í þessi lagaákvæði á þann hátt, að niðurstaðan gæti orðið skynsamleg og réttlát. Þetta er út af fyrir sig kannske ekki að undra frá hálfu landskjörstjórnar, sem hefur aðeins þennan lagastaf, eftir því sem hún getur skýrt hann, til þess að styðja sig við. En aðstaða og afstaða Alþingis hlýtur hér að verða nokkuð önnur, vegna þess að Alþ. hefur sjálft sett þessi lög, sem landskjörstjórnin er hér að reyna að útskýra. Og Alþ.

veit sjálft, hvað hefur legið að baki þeirra laga, og ef þau eru ekki nægilega skýr, þá verður Alþingi að úrskurða í samræmi við það, sem hefur verið tilgangurinn með lagasetningunni.

Það vita allir hv. alþm., að þær breytingar, sem gerðar hafa verið á kjördæmaskipan og kosningalögum síðustu áratugi, hafa allar hnigið í þá átt að reyna að tryggja það, að Alþ. yrði betri og sannari mynd af þjóðarviljanum en það áður var. Allar lagabreytingarnar hafa hnigið í þá átt. Ég held því, að það geti naumast leikið nokkur vafi á, að ef þeir þingmenn, sem þá sátu á Alþ., er sú lagabreyting var gerð, er nú gildir í kosningalögum varðandi þetta atriði, hefðu haft í huga, að sú tilraun yrði gerð, sem hér hefur verið framkvæmd, til þess að fá kjörna miklu fleiri þm. en viðkomandi flokkar ættu nokkra sanngirni til, þá mundi slíkt hiklaust hafa verið bannað með skýrum orðum. Ástæðan til þess, að það er ekki beint tekið fram í kosningalögum eða stjórnarskrá, er augljóslega sú, að Alþ. kom ekki til hugar, að slíkur verknaður yrði framinn, sem nú er orðinn að raunveruleika hér á Íslandi, að flokkar mundu mynda með sér samfylkingu í því skyni einu að fá kjörna óeðlilega marga þingmenn, að misnota ákvæði þau, sem sett voru í stjórnarskrá og kosningalög um uppbótarþingsæti, á þann hátt, að uppbótarþingsætin féllu ekki til jöfnunar, heldur til aukins ranglætis. Þetta liggur í augum uppi, og af því leiðir, að bollaleggingar um lögskýringar á þessum óljósu lagaákvæðum að öðru leyti hafa sáralitla þýðingu, vegna þess að þetta er kjarni málsins. Það hefur alltaf verið stefna Alþ., þ. e. a. s. að undanskildum Framsfl. þó, að stefna til aukins réttlætis í sambandi við kjördæmaskipun og kosningar.

Hv. 1. þm. Eyf. hneykslaðist yfir því, að hér væri verið að finna að þessum vinnubrögðum, vegna þess að þetta væri ekki annað en lagaákvæði, sem sett hefðu verið af öðrum flokkum en Framsfl. Jú, mikið rétt, þau voru sett af öðrum en honum, en það voru sannarlega ekki sett þessi lagaákvæði með það í huga, að þau yrðu notuð til þess að fremja enn meira ranglæti en áður gilti. Það hlýtur að vera hverjum manni ljóst.

Það sannar því ekkert um það, að lagaákvæði séu í eðli sínu gölluð, þó að einhverjum með alls konar brögðum og lagakrókum reynist auðið að komast fram hjá lagaákvæðunum, svo sem hér hefur verið gert.

Þetta er því sú staðreynd, sem Alþingi stendur andspænis nú. Það er hinn endanlegi dómstóll um þetta mál, og það verður afgerandi um skilning á þessum lagaákvæðum, hvað Alþingi gerir nú, hvort það telur hér rétt að farið eða rangt. Það er vitanlega hægt að hafa í frammi alls konar tilfæringar til þess að fá út óeðlilega niðurstöðu í sambandi við kosningar til Alþingis, ef það á að löggilda, ef refjarnar og brögðin eiga að löggildast af Alþingi. Það var ósköp vel auðið fyrir Sjálfstfl. t. d. að mynda tvo kosningaflokka, sem gat hæglega leitt til þeirrar niðurstöðu, að flokkurinn hefði fengið 2—3 þingsætum fleira. Þetta var hægt. En það var okkar skoðun, að slíkt væri ekki sæmandi, vegna þess að það bryti algerlega í bága við þá hugsun, sem lægi að baki ákvæðum kosningalaganna um uppbótarþingsæti. Þess vegna var það ekki gert.

Það er því augljóst mál, að Alþingi stendur nú frammi fyrir mjög alvarlegri ákvörðun, vegna þess að hér er sannarlega ekki um neitt hégómamál að ræða. Hér er um það að ræða, hvort það eigi að löggilda misnotkun á lögum settum af Alþingi eða hvort það eigi að koma í veg fyrir slíka óhæfu. Atkv. hv. þm., sem hér verða síðar greidd um þetta efni, skera úr um skoðun þeirra varðandi þetta atriði.

Það hefur verið sýnt fram á það hér í umr. af hv. þm. G-K. (ÓTh), hvílík firra það er hjá hv. 3. þm. Reykv. (EOl) að halda því fram, að ekki sé hægt að breyta úrskurði landskjörstjórnar hér á Alþingi, vegna þess að þjóðin hafi gengið til kosninga í þeirri sannfæringu, að þessum úrskurði yrði ekki breytt. Hér er vitanlega um algeran misskilning að ræða. Þjóðin gekk ekki til kosninga með neina slíka sannfæringu, vegna þess að hafi hún haft ástæðu til einhverrar sannfæringar í því efni eða fullvissu, þá hlaut það frekar að hníga í þá átt, að þessi uppbótarþingsæti yrðu gerð ógild, því að þrír stjórnmálaflokkar höfðu lýst því yfir, að þeir teldu, að hiklaust bæri að gera þessi uppbótarþingsæti ógild. Og það voru hverfandi litlar líkur til, að Alþfl. og Framsfl. tækist að ná hreinum meiri hl. á Alþingi til að verja ranglætið. Eftir að úrskurður landskjörstjórnar var kveðinn upp, lýsti þannig Sósfl. því ákveðið yfir, að hann teldi sjálfsagt að senda uppbótarþm. Alþfl. heim, og storkaði sjálfstæðismönnum með því, að þeir mundu renna á því að framfylgja slíkri ákvörðun. Það lágu frá Sjálfstfl. fyrir ákveðnar yfirlýsingar um það, að hann teldi, að Alþingi bæri að segja sitt síðasta orð um þetta í samræmi við það, sem krafa flokksins hafði verið. Það lá því ljóst fyrir kjósendum við kosningarnar, að það voru allar líkur til, að það yrði á Alþingi komið í veg fyrir það atferli, sem hér var í frammi haft, og af þeim sökum gekk enginn gruflandi að því, að það gæti vel orðið niðurstaða málsins. Þess vegna er það vitanlega hrein reginfirra að segja, að af því að landskjörstjórn hafi kveðið upp úrskurð, — meiri hl. hennar, — þá eigi það að leiða til þess, að hendur Alþingis séu í þessu efni bundnar til þess að villa ekki um fyrir kjósendum, sem hafi verið í góðri trú. Þetta liggur því alveg ljóst fyrir, að þessi rök halda ekki.

Enn fremur sýndi hv. þm. Ak. í ræðu sinni í gær glöggt fram á það, sem er alveg rétt, að það er aðeins minni hl. landskjörstjórnar, sem álítur, að hér sé rétt að farið, þó að meiri hl. kæmi sér ekki saman um ágreiningsatriðin, þannig að formleg niðurstaða við atkvgr. yrði á annan veg. Tveir landskjörstjórnarmanna hafa lýst því yfir, að framboð landslistanna tveggja séu ógild að því leyti, að það beri að líta á þá sem einn landslista, og sá þriðji landskjörstjórnarmanna hefur lýst yfir því, að framboðslistar Alþfl. í Reykjavík og Framsfl. í Árnessýslu skuli teljast ógildir sem framboð þeirra flokka, en teljast utanflokka. Það er því meiri hl. landskjörstjórnar, sem telur, að hér séu slíkar misfellur á, að það

sé ekki hægt að taka þetta fyrirkomulag gilt. Og ég sé ekki með nokkru móti, að Alþingi geti komizt hjá öðru, ef það endilega vill halla sér að ákvörðun meiri hl. landskjörstjórnar, eins og þessir hv. þm. segja, heldur en kveða þá upp úrskurð sinn á annan hvorn þennan veg, að taka aðra hvora þessa aðfinnslu til greina, annaðhvort að þeir verði sendir heim — þessir uppbótarmenn — eða þá að framboðslistar þessara tveggja flokka í Reykjavík og Árnessýslu verði taldir utanflokka, sem hlýtur einnig að leiða af sér breytingar á uppbótarsætum, því að fyrir hendi er enginn heilsteyptur meiri hl. til þess að viðurkenna þá skipan, sem hér hefur verið á höfð.

Ég sagði áðan, að það hlyti að verða hlutverk Alþingis að skera úr þessu máli á þann hátt, að það leiddi til þess, að Alþingi yrði sem réttust mynd af þjóðarviljanum. Sannleikurinn er sá, að það hv. Alþingi, sem nú situr, er næstum að segja má skrípamynd af þjóðarviljanum, ef það á að löggildast eins og til er stofnað. Þetta sjáum við glöggt, ef við athugum niðurstöður síðustu alþingiskosninga. Þá fær Sjálfstfl. 35000 atkv., eða 42.4% greiddra atkv. Út á þessa atkvæðatölu fær hann 19 þm., tapar 2 þingsætum. Sjálfstfl. hafði við þingkosningarnar 1953 28700 atkv. rúm, hann hefur því aukið atkvæðatölu sína um á 7. þús. atkv. og hækkað hlutfallstölu sína um nær 5%. Þessi hækkun hefur kostað hann 2 þingsæti. Hins vegar hafði Alþfl. við kosningarnar nú 15100 atkv., eða 18.2% kjósenda, og Framsfl. 12925 atkv., eða 15.6%, og þessir flokkar samanlagt töpuðu tæpum 1 þús. atkv. frá síðustu kosningum. Ekki aðeins fengu þeir ekkert af viðbótinni, hinum nýju kjósendum, heldur töpuðu tæpum 1 þús. atkv. Út á þetta tap sitt fá þeir 3 þm. Þegar þessar staðreyndir eru athugaðar, verður ljóst, hversu fáránlegt það yrði, ef ætti að löggilda skipan Alþingis á þennan veg, þannig að flokkur með 35 þús. atkv. hafi 19 þm., en flokkar með 28 þús. atkv. rúm hafi 25 þm. Og það gagnar harla lítið að vera að vitna í kenningar um jafnvægi í byggð landsins til sönnunar því, að þetta sé gott og blessað, því að sé nokkuð í þessu efni til bölvunar fyrir hinar strjálu byggðir landsins og geti leitt til þess, að ekki verði hægt að halda uppi eðlilegum rétti þeirra í kjördæmaskipun, þá er það einmitt það, að um slíka misbeitingu og ósamræmi sé að ræða eins og hér greinir, því að það hlýtur að vekja slíka óánægjuöldu, að það er hætt við því, að það verði miklum mun erfiðara fyrir vikið að halda á hinum eðlilega rétti strjálbýlisins í þessu efni. Hvað sem öllum slíkum rétti líður, getur hann aldrei réttlætt slíkt ranglæti sem hér er á ferðinni.

Ég held því, að það sé með engu móti hægt að ganga fram hjá þeirri staðreynd, að Alþingi beri að kippa hér í taumana og sjá um, að ekki sé hér beinlínis traðkað á þeim sjónarmiðum, sem ráðið hafa gerðum Alþingis, þegar núgildandi kosningalög og kjördæmaskipun voru ákveðin. Ef Alþingi vill því halda uppi sönnu lýðræði og réttlæti í landinu og vill reyna að tryggja það, að skipan þingsins sé á hverjum tíma með sem fyllstu réttlæti, miðað við vilja kjósendanna í landinu, þá hlýtur Alþingi að taka til greina þá eðlilegu kröfu, sem hér er fram sett af hálfu Sjálfstfl. um það, að bandalagi Alþfl. og Framsfl., sem sameiginlega gengu til kosninga sem ein samfylking og lýstu þá yfir, að þeir starfi áfram sem slíkir að úrlausn mála, verði úrskurðaður einn landslisti með þeim afleiðingum, sem það hefur.

Hv. þm. Ak. lauk máli sínu hér í gær með því að segja, að stjórnskipulegt öryggi landsins væri í voða, ef ætti að taka til greina þá kröfu, sem hér er fram sett. Ég vil nú leyfa mér að snúa þessum orðum við og held, að þau verði þá sannleikanum samkvæmari, ef sagt væri, að stjórnskipulegu öryggi landsins og áliti þjóðarinnar á löggjafarþinginu væri stefnt í voða, ef ætti að gera Alþingi að hreinni skrípamynd af þjóðarviljanum, og það er á valdi Alþingis sjálfs að skera úr um það nú í þetta sinn. Þjóðin mun vissulega fylgjast með, hvernig sá úrskurður verður felldur, og þess er að vænta, að hv. alþm. geri sér einnig grein fyrir sínum vitjunartíma í því efni.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Hv. 1. þm. Eyf. var að tala um það hér áðan, að nú væri komið á þriðja dag þingsins, og honum fannst umr. vera orðnar nokkuð langar. Ég vil nú minna á það, að fyrsta daginn hlýddu þm. á messu, og ég býst við, að mönnum sé í minni sérstaklega sá boðskapur þar, sem presturinn hafði eftir spámanninum og sagði: „Komum nú og eigumst lög við.“ Mér finnst, að framsóknarmenn mættu vel vera þessa minnugir, þegar ekki er lengra frá liðið, og þreytast ekki strax á því að eigast lög við hér í þingsölunum. Þeir eru að vísu því vanir að leiða þann vanda hjá sér að eigast lög við víða í þessu landi, heima í héruðum og ekki sízt í kjördæmum, þegar kosningar standa fyrir dyrum, en þeir komast ekki hjá því, a. m. k. meðan einhver snefill er eftir af þingræði hér, að eigast nokkuð lög við í þingsölunum, a. m. k. um jafnveigamikið og umfangsmikið mál og hér er um að ræða.

Þó að það snerti ekki þetta mál, dettur mér í hug í þessu sambandi, að þeir framsóknarmenn mættu reyndar muna margt meira, sem presturinn sagði við þingsetninguna, eins og þegar hann lýsti því yfir, að hann tryði því, að það hefði verið mikil gleði á himnum, þegar lögin um almannatryggingar voru samþykkt á Alþingi. Ég man ekki betur en að það hafi viljað þannig til, að þegar þau voru samþykkt hér á Alþingi, hafi það verið framsóknarmenn, sem beittu sér fyrir því í báðum deildum þingsins, að málinu væri vísað frá og næði þá ekki fram að ganga. Yfir þeim verknaði hefur sennilega verið glaðzt einhvers staðar annars staðar en á himnum.

1. þm. Eyf. tók bara upp í sig töluvert og sagðist þverneita því, að kjósendum hefði verið skipað að kjósa. Ja, það er hægt að standa hér af hálfu framsóknarmanna og þverneita því, að kjósendum hafi verið skipað að kjósa. En bæði kjósendur almennt og við þm. vitum töluvert annað í þessum efnum. Við þekkjum mýmörg dæmi. Það er hægt að nefna nöfn, þar sem ráðamenn Framsfl. heima í héruðum hafa látið í ljós við menn, að það kæmi aldrei til greina,

að þeir létu skipa sér að kjósa þennan og þennan frambjóðanda. Ég get nefnt hér mann eins og Gunnar Guðbjartsson á Hjarðarfelli í Snæfellsnessýslu, bónda, sem þar hefur af framsóknarmönnum verið talinn merkur maður og líklegur til framboðs, sem viðhafði þau orð hér í Reykjavík við mann, að það kæmi aldrei til greina, að Snæfellingar létu skipa sér að kjósa Alþýðuflokksmann. Það var líka altalað á Siglufirði, að bæjarstjórinn, Jón Kjartansson, ætlaði sér að fara til útlanda, meðan á kosningunum stæði, til þess að hann þyrfti ekki að leggja á sig þá raun að standa í því að láta skipa sér að kjósa annars flokks frambjóðanda. (Gripið fram í.) Ja, það er hægt að færa alveg fullar sönnur á þetta, og Bernharð Stefánsson getur leitað upplýsinga hjá þessum sömu mönnum. En hvað gerðu svo þessir menn? Nei, Jón Kjartansson fór ekki til útlanda. Hann lét skipa sér. Og meira en það, að hann léti skipa sér sjálfum að kjósa, heldur gekk hann manna mest fram í því að skipa öðrum, öðrum framsóknarmönnum á Siglufirði, að kjósa aðra en þeir vildu hafa kosið. Og sama gerði Gunnar Guðbjartsson í Snæfellsnessýslu, því að þessi maður, sem sagt hafði hér í Reykjavík, að hann léti ekki skipa sér að kjósa Alþýðuflokksmann í Snæfellsnessýslu, fór heim í hérað og reið um héraðið til þess að skipa öðrum flokksbræðrum sínum að kjósa Alþýðuflokksmann.

Sannleikurinn er sá, að Framsfl. skarar langt fram úr öllum öðrum flokkum á Íslandi og líklega í heimi í einu og það er að skipa kjósendum sínum að hlýða. Hann hefur algera sérstöðu í því að skipa kjósendum sínum að hlýða, og þetta er að vissu leyti skiljanlegt, þegar athugað er, að hér er um að ræða harðsvíraða valdaklíku, sem hefur sterkasta peningavald og viðskiptavald landsins að baki sér.

Annars er það eftirtektarvert í þessum umræðum, sem snúast um það, hvort 4 frambjóðendur í síðustu alþingiskosningum eigi löglega rétt á þingsæti hér eða ekki, að þm. Hræðslubandalagsins vilja vera sem fáorðastir og jafnvel helzt ekki ræða málið. Hér er þó um að ræða stóralvarleg svikráð, þar sem tveir stjórnmálaflokkar bindast samtökum um það að reyna að sölsa til sín miklu fleiri þingsæti en atkvæðatala þeirra segir til um, þvert ofan í anda og tilgang stjórnarskrár og kosningalög.

Það er skylda Alþ. að kveða upp síðasta úrskurðinn í slíku máli, og það verður fyrsta prófraun þessa Alþ., hvort það hefur manndáð og réttlætiskennd til þess að hnekkja framgangi svikráðanna, eftir að mikill meiri hluti þjóðarinnar hefur fordæmt kosningasvik Hræðslubandalagsins, því að það er staðreynd, að 3 stjórnmálaflokkar hafa áður kveðið upp áfellisdóm sinn yfir kosningasvikunum, þ. e. Sjálfstfl., Alþb. og Þjóðvfl., en samtals hlutu þessir flokkar, eftir að hafa markað þessa afstöðu sína, samtals nærri ⅔ allra atkvæða, eða 66.1%.

Í framsöguræðum sjálfstæðismanna hafa þessu máli verið gerð þegar mjög ýtarleg skil, en ég mun víkja að ýmsum þeim atriðum, sem fram hafa komið í umr. Það verður ekki sagt, að Hræðslubandalagið hafi valið af verri endanum að fela hv. 1. þm. Eyf. (BSt) það hlutverk að verja málstað sinn í þessum umr. Ég hef oft haft ánægju af því að hlýða á rökfastar ræður þessa hv. þm. og góðan málflutning, en því raunalegra var að hlýða nú á, hversu gersamlega mikil ofraun það er honum að réttlæta þær misgerðir, sem hér hafa verið hafðar í frammi.

Ég skal fara lauslega yfir helztu málsvarnir, sem fram hafa komið í ræðu hv. 1. þm. Eyf. Hann heldur því fram, og í sama streng tók hv. þm. Ak., að samkvæmt atkvæðamagni því, sem Alþfl. hlaut í kosningunum, beri honum hin fjögur umdeildu uppbótarþingsæti. En mér er spurn: Er það ekki ómótmælanleg staðreynd, að í þessu svokallaða atkvæðamagni Alþfl. eru þúsundir atkv. framsóknarmanna, 5—7 þúsundir eða eitthvað þar um bil, eftir því sem næst verður komizt og þessir aðilar sjálfir hafa látið í ljós í blöðum sínum? Og ætla menn, að nokkrum dyljist í raun og sannleika þau óljósu svikráð, sem í því felast að nota þessi atkvæði Alþfl. við úthlutun uppbótarþingsæta „til jöfnunar milli þingflokka", eins og segir í 21. gr. stjórnarskrárinnar um úthlutun þeirra?

Hv. 1. þm. Eyf. sagði, að það væri einkum Sjálfstfl., sem vildi vefengja, að þessir 4 Alþýðuflokksmenn eigi rétt til uppbótarþingsæta. Þetta er mikill misskilningur, sem þegar hefur verið bent á í þessum umr., en ég skal árétta nokkru nánar.

Þegar umboðsmenn Sjálfstfl. kærðu fyrir landskjörstjórn kosningasvik Hræðslubandalagsins og kröfðust þess, að við úthlutun uppbótarþingsæta væru atkv. Framsfl. og Alþfl. talin saman, þá tóku bæði umboðsmenn og fulltrúar Alþb. og Þjóðvfl. undir þá kröfu, og málgögn þessara flokka margítrekuðu þá skoðun sína, bæði áður en landskjörstjórn felldi sinn úrskurð og eftir og allt fram að kosningum, að það væri algerlega ólöglegt að úthluta Hræðslubandalaginu uppbótarþingsætum öðruvísi en að telja atkv. Alþfl. og Framsfl. saman. Þó að á sumt af þessu hafi verið þegar minnzt, þá er af meiru að taka, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, minna á nokkur ummæli úr málgagni kommúnista, sem var aðalstuðningsblað Alþb., um kosningasvik Hræðslubandalagsins.

Í forustugrein Þjóðviljans 5. júní og eftir að úrskurður hafði verið felldur í landskjörstjórninni, er því haldið fram, að Hræðslubandalagið sé sekt um stjórnarskrárbrot með framboðum sínum, og um kosningasvikin segir þar m. a. orðrétt: „Tilraun Hræðslubandalagsins að fara í kringum stjórnarskrá landsins og hrifsa til sín mun fleiri þingsæti en því ber hefur vakið fordæmingu. Er bröltið með atkvæðaverzlun Eysteins Jónssonar og Gylfa Þ. Gíslasonar orðið uppvíst hneyksli." — Enn fremur segir í sama málgagni 30. maí, þar sem þessum atburðum er nokkru nánar lýst. „Nú hefur sem kunnugt er" — og þetta eru orð úr einu af stuðningsblöðum núverandi hæstv. ríkisstjórnar — „verið búin til áætlun um stórfelldari misbeitingu á göllum kosningalaganna en dæmi eru til áður. Framsóknarleiðtogarnir hafa fengið með sér í brallið hægri klíku Alþfl., sem var þess ómegnug að

ganga til kosninga ein og óstudd og horfðist í augu við feigð sína. Bjuggu þessir aðilar til áætlun um að reyna að ræna meiri hluta þm. út á mikinn minni hluta kjósenda. Skyldi Framsfl. hirða eins marga kjördæmakosna þm. og unnt væri út á lágmark atkv., en Alþfl. hremma sem flesta uppbótarþingmenn og fá í því skyni afhent 5—6 þús. framsóknaratkvæði.“ Auðvitað var hér um að ræða hreint brot á anda og tilgangi stjórnarskrár og kosningalaga, og sýnir tiltækið, hversu fjarlægir ráðamenn Hræðslubandalagsins eru orðnir undirstöðuatriðum lýðræðisins. Þetta er dómur samverkamanna þeirra núna í hæstv. ríkisstj. um það, hversu fjarlægir ráðamenn Hræðslubandalagsins eru orðnir undirstöðuatriðum lýðræðisins. — Og enn segir í þessu sama málgagni 29. júní: „Nú er keppzt við að hugsa upp brellur og hrekkjabrögð til þess að stela þm. þvert gegn vilja kjósenda. Slíkar aðstæður eitra stjórnmálalífið á Íslandi og gera það að fullkomnum skrípaleik, og við svo búið má ekki lengur standa.“

Þetta eru nokkur af ummælum, sem birtust á þessum tíma í málgagni Alþb., og þetta eru ófagrar lýsingar á aðförum Framsfl. og Alþfl. í Hræðslubandalaginu. Og það er sannað, að það voru sannarlega fleiri en sjálfstæðismenn og eru fleiri, sem halda því fram með fullri einurð, að þau umdeildu uppbótarþingsæti, sem hér um ræðir, tilheyrðu sannarlega ekki Hræðslubandalaginu.

Hv. 1. þm. Eyf. og reyndar aðrir málsvarar Framsfl. og Hræðslubandalagsins fyrr og síðar hafa viljað halda því fram, að Hræðslubandalagið væri nákvæmlega sams konar bandalag og gert hefði verið milli Sjálfstfl. og Bændafl. 1937, og mikill hluti af síðari ræðu hv. 1. þm. Eyf. hér áðan hné að þessu. Þetta fær engan veginn staðizt og verður bezt afsannað með því að viðhafa skilgreiningar ráðamanna Framsfl. sjálfs á þessu bandalagi, áður en kærumálin hófust fyrir landskjörstjórn.

Í Tímanum 24. apríl eru þessi orð höfð eftir formanni þingflokks Framsfl., hæstv. fjmrh. Eysteini Jónssyni, sem hann er sagður hafa sagt í ræðum bæði í Hafnarfirði og Borgarnesi og hafa ekki verið leiðrétt. Það er orðrétt þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Hreinn meiri hluti þessara flokka“ — þ. e. Hræðslubandalagsins — „á Alþ. næst ekki nema með nánara samstarfi en áður hefur þekkzt á milli flokka.“ — Nánara samstarfi en áður hefur þekkzt á milli flokka og m. ö. o. nánara samstarfi en milli Bændafl. og Sjálfstfl. á sínum tíma. Enn fremur: „Það dugir ekki minna en að flokkarnir sameinist algerlega í kosningunum og að hver einasti maður í Alþfl. líti á sigur framsóknarmanna sem sinn sigur og hver framsóknarmaður skoði sigur Alþfl. sem sigur sinn.“ Svo mörg eru þau orð. Og þeir, sem halda nú, að þeir geti fengið hvern einasta mann í tveimur flokkum til þess að fara eftir leiðbeiningum frá sjálfum sér eða forráðamönnum flokksins, með hvað miklum líkum halda þeir svo, að þeir geti haldið því fram eða neitað því, að þeir séu þess umkomnir eða hafi lagt það fyrir sig að skipa kjósendum sínum að hlýða sér? En takið eftir því, að hér er því haldið fram, sem rétt er, að um nánara samstarf sé að ræða milli flokka en áður hefur þekkzt hér á landi. Og þetta sker í raun og veru úr um það, að engan veginn fær staðizt það, sem nú er haldið fram af framsóknarmönnum, að hér sé um nákvæmlega sams konar bandalag að ræða og milli Sjálfstfl. og Bændafl. 1937. Þess vegna er það algert vindhögg, þegar hv. 1. þm. Eyf. er að tala um, að ef hin 4 umdeildu kjörbréf hér verði ekki samþykkt, þá sé það augljóst af því, að Stefán Stefánsson hafi á sínum tíma setið ólöglega á Alþingi í mörg ár, en hann var, eins og kunnugt er, uppbótarþm. Bændafl. Og það, sem enn fremur sker úr í þessu máli, er sú staðreynd, að Bændafl. og Sjálfstfl. þrátt fyrir samvinnu í kosningunum kepptu um uppbótarsætin. En það eru einmitt uppbótarsætin, sem nú á að nota ólöglega til þess að afla þessu kosningabandalagi fleiri þm. en atkvæðatala flokkanna segir til um.

Hv. 1. þm. Eyf. var að tala um, að hv. 3. þm. Reykv. hefði alveg sömu afstöðu nú eins og 1937. En það vill svo til, að það eru alveg ótvíræðir vitnisburðir um það, hvernig hann og flokksmenn hans hafa litið á mismuninn á kosningabandalagi Bændafl. og Sjálfstfl. og Hræðslubandalaginu nú. Um þetta segir m. a. í Þjóðviljanum 27. maí s. l., með leyfi hæstv. forseta: „Hræðslubandalagið ber það einkum fyrir sig í yfirlýsingum sínum, að Sjálfstfl. og Bændafl. hafi haft kosningasamvinnu sín á milli 1937. Þar er þó ekki um hliðstæðu að ræða. Flokkarnir unnu ekki saman í öllum kjördæmum, heldur buðu hvor gegn öðrum í sumum, og auk þess fengu báðir uppbótarþingsæti. Samvinnan var ekki við það miðuð að ræna fleiri uppbótarþingsætum en flokkunum bar. Það er þetta, sem gerir mismuninn, að kosningasvik Hræðslubandalagsins byggjast á því að ná til sín ólöglega fleiri uppbótarþingsætum heldur en því ber.“

Þá sagði hv. 1. þm. Eyf., og hv. þm. Ak. viðhafði næstum sömu orð, að valdið, hverjir verða alþm., er ekki hjá miðstjórnum flokkanna, heldur hjá kjósendum landsins. — Ja, heyr á endemi, þegar fulltrúar Hræðslubandalagsins bera sér slík orð í munn. Hvernig er sjálft Hræðslubandalagið orðið til? Þetta bandalag er þannig til orðið, að öðru fremur tveir menn úr miðstjórnum Framsfl. og Alþfl. í Reykjavík, — sumir segja, að annar sé venju fremur hégómagjarn, og hinn er talinn ekki laus við löngun til að fara með völd og mannaforráð, þótt hann sjálfur telji slíkt mikinn misskilning á hógværu eðlisfari sínu, — þessir tveir menn öllum öðrum fremur lögðu saman ráð sín um það s. l. vetur, — ja, um hvað? — hvernig hægt verði að ná til sín völdum á Íslandi, þ. e. a. s. meirihlutaaðstöðu á Alþ., án tillits til þess og þrátt fyrir það þó að engin von væri til þess, að Framsfl. og Alþfl. hefðu meiri hluta kjósenda með sér, með öðrum orðum, hvernig hægt mundi með bellibrögðum og upphugsuðum svikráðum að svipta meiri hluta kjósendanna því valdi, sem meiri hlutanum raunverulega ber. Sjálfsagt eru áhöld um það, hvor reiknað hefur meir, prófessor Gylfi Þ. Gíslason, hæstv. menntmrh., eða hæstv. forsrh., þm. Str., þegar lögð voru drögin að stofnun Hræðslu-

bandalagsins, en eitt er víst, að þessi var tilgangurinn með öllum útreikningunum, að kjósendurnir hefðu ekki valdið í kosningunum, heldur hitt, að valdið tilfélli reiknimeisturum Hræðslubandalagsins. Þess vegna er það kaldhæðni að heyra hvern þm. Framsfl. á fætur öðrum koma hér upp og tala um það í vandlætingartón, að það séu fyrst og fremst kjósendurnir, en ekki menn í miðstjórnum flokkanna og ráðamenn í flokksstjórnunum, sem ráði því, hverjir á Alþ. sitja, því að engir menn hafa slíka aðstöðu sem þessir hvað þetta áhrærir.

Ég get ekki stillt mig um að vitna enn um þessar aðfarir í ein ummæli úr aðalmálgagni Alþýðubandalagsins, sem ekki hafa komið hér fram í umræðunum, en birtust í því 8. júní s. l. og hljóða þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Menn eru dæmdir til refsingar fyrir að brjótast inn í hús og stela fjármunum, og Tíminn og Alþýðublaðið fordæma að vonum slík lögbrot, en hvað eru slíkir atburðir hjá því að ætla sér að ræna þjóðina sjálfsákvörðunarrétti hennar í kosningum, svipta þjóðina því valdi að ákveða, hverjir fari með stjórn landsins?“

Þetta eru ummæli aðalmálgagns eins þess flokks, sem nú stendur að hæstv. ríkisstjórn.

Mig langar til að víkja nokkru nánar en þegar hefur verið gert að einu atriði í ræðu hv. þm. Ak. (FS). Ég verð að taka undir það með hv. 2. þm. Eyf., að það er ekki góð meðferð á nýjum þingmanni að fela honum það verkefni, sem Hræðslubandalagið fól Friðjóni Skarphéðinssyni, að verja í jómfrúræðu sinni kosningasvik Hræðslubandalagsins, enda var það svo, að þessi hv. þm. fór mörgum orðum um það aðallega, að eiginlega ætti helzt ekki meira um þetta mál að tala. Sennilega er þetta nokkuð einstök jómfrúræða hér í sölum þingsins. Hann sagði, að málið hefði verið útrætt við kosningarnar, kjósendurnir réðu og þeir hefðu kveðið upp sinn úrskurð. Ja, eigum við að fallast á það, að þetta mál hafi verið útrætt við kosningarnar og kjósendurnir hafi kveðið upp sinn úrskurð? Og hvernig var hann? Eins og ég sagði áðan, þá fordæmdu ⅔ af kjósendum landsins kosningasvik Hræðslubandalagsins, þ. e. a. s. kjósendur þeirra flokka þriggja, sem allir höfðu lýst því yfir fyrir kosningarnar, að þeir teldu kosningasvikin í senn brot á anda og tilgangi kosningalaganna. Og það er vissulega skýr vitnisburður um dóm kjósenda að þessu leyti, að þeir kjósendur, sem kjósa þessa flokka eftir þessar yfirlýsingar, taka undir áfellisdóm þessara flokka og fordæmingar um hin margumtöluðu kosningasvik.

Svo er annað atriði í ræðu þessa hv. þm. Ak., sem mig langar til að minna á. Hann sagði þannig: Þar til bær stjórnarvöld hafa kveðið upp úrskurð, sem ætti að vera endalok þessa máls.

Nú er það auðvitað misskilningur hjá hv. þm., að úrskurður landskjörstjórnar sé endanlegur í þessu máli, því að skv. beinum ákvæðum kosningalaganna er það Alþ., sem kveður upp hinn endanlega úrskurð í þessum málum, og hefur verið á það bent. En það er gott að heyra þennan hv. þm. Hræðslubandalagsins segja nú hér á Alþ., að þar til bær stjórnarvöld hafi kveðið upp úrskurð um þetta mál og jafnvel úrskurð, sem hann vill að sé hinn endanlegi í málinu, því að hvað sögðu málgögn Hræðslubandalagsins um þetta atriði, þegar umboðsmenn Sjálfstfl. í landskjörstjórn kærðu málið fyrir þar til bærum stjórnarvöldum? Um þetta atriði sagði Tíminn orðrétt 27. maí s. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Atferli sjálfstæðisforingjanna er meira en tilraun til ofbeldisverka á þeim andstöðuflokkum íhaldsins, sem það óttast mest. Það er um leið háskaleg árás á lýðræðið í landinu og réttlæti í opinberu lífi.“

Og alveg í sama streng tók Alþýðublaðið um sömu mundir. Þetta var þá borið á borð fyrir kjósendur þessa lands, að það væri háskaleg árás á lýðræðið í landinu og réttlæti í opinberu lífi að leggja umdeild málsatriði undir úrskurð þar til bærra stjórnarvalda, sem þessir menn nú leggja svo mikið upp úr, að þeir vilja helzt, þrátt fyrir gagnstæð ákvæði kosningalaga, telja, að eigi að vera sá endanlegi í málinu. Ég get vel skilið það, að sumir stuðningsmenn Hræðslubandalagsins hafi orðið ókvæða við, þegar sjálfstæðismenn eða umboðsmenn þeirra kærðu þessi atvik fyrir landskjörstjórn, og ég frétti það á ferðum mínum út um landið þá, að einn af aðalforráðamönnum þeirra hefði fengið magapínu og lagzt í rúmið. En hitt skil ég ekki, að stjórnmálaflokkar skuli láta hafa eftir sér annað eins og þetta í aðalmálgögnum sínum, að það sé ofbeldisverk og háskaleg árás á lýðræðið í landinu og réttlæti í opinberu lífi að bera umdeild málsatriði undir þar til bær stjórnarvöld, eins og nú var gert og þessir hv. menn nú eftir á leggja svo mikið upp úr, eftir að úrskurðurinn er fallinn.

Ræða hv. 3. þm. Reykv. (EOl) hefur þegar verið gerð hér að umtalsefni, og þarf ég þar litlu við að bæta. Ég get þó ekki stillt mig um að vekja athygli á, hversu lítilmótleg er sú afstaða, sem Alþb. hefur nú tekið hér á Alþ. í þessu máli. Fyrir kosningarnar er atferli Hræðslubandalagsins í aðalmálgagni þessara manna talið verra en innbrot, verra en þjófnaður, en nú leggja þeir blessun sína yfir misgerðirnar. Þessir menn hafa þá selt sannfæringu sína fyrir tvo ráðherrastóla. Það hallast þá ekki á um manndóminn hjá núverandi hæstv. ríkisstj. Hræðslubandalagið gaf um það hátíðlega yfirlýsingar fyrir kosningar, að það mundi undir engum kringumstæðum hafa samvinnu við kommúnista eftir kosningar. Tíminn sagði um þetta á sjálfan kosningadaginn, 24. júní s. l.:

„Þjóðviljinn hefur þá fregn að færa liði sínu við lok kosningabardagans, að ákveðið hafi verið í herbúðum Hræðslubandalagsins að leita til okkar um stjórnarsamvinnu eftir kosningar“ — (þ. e. a. s., að það hafi verið ákveðið af Hræðslubandalaginu að leita til kommúnistanna eftir kosningar).

Svo segir blaðið áfram orðrétt: „Eins og margbúið er að lýsa yfir af hálfu Alþfl. og Framsfl., er þetta uppspuni frá rótum, og ekkert samstarf verður haft við þetta bandalag kommúnistanna um stjórn, af því að þeir eru ekki hóti samstarfshæfari en áður, þótt þeir hafi skipt um nafn.“

Þetta er kosningastefnuskrá og kosningayfir-

lýsing Hræðslubandalagsins, margítrekuð í síðasta skipti á kjördaginn í Tímanum, 24. júní. Og þessi stóryrði og önnur slík voru einnig viðhöfð af hv. 4. þm. Reykv. (HG) í síðustu mínútum útvarpsumræðnanna fyrir kosningar. En allt þetta hafa svo þessir menn eftir kosningarnar, eftir að kjósandinn átti ekki lengur leik á borði, étið ofan í sig og með því gerzt sekir um þá höfuðsynd að svíkja kjósendur sína. Mig furðar á því, að hv. þm. Alþýðubandalagsins skuli nú endilega ekki vilja vera minni menn í þessu stjórnarsamstarfi, þegar þeir koma fram í þessu máli, og éta ofan í sig öll stóryrðin og yfirlýsingarnar um kosningasvik Hræðslubandalagsins, sem þeir viðhöfðu fyrir kosningar.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég undrast ekki, þó að framsóknarmenn kvarti nú mjög undan því, hversu þessar umræður dragist á langinn, því að sýnilegt er af því, sem fram hefur komið hér í málafærslu þeirra, að þeir eru gersamlega rökþrota í þessu máli. Ég er ekki heldur forviða á því, þó að sessunaut mínum, hv. 3. þm. Reykv., líði heldur illa undir upplestrinum á hans eigin fordæmingu á því máli, sem hann nú hefur tekið að sér að verja. Það getur stundum verið heppilegt að leika tveim skjöldum, en því fylgir þá ekki heiður að sama skapi.

Þeir aðilar, sem á er deilt í þessu máli, bera nú fyrir sig þær einkennilegu málsbætur, að þeir segja: Sjálfstæðismenn telja nú ólöglegt það, sem þeir töldu löglegt 1937. — Þetta er meginuppistaðan í málafærslu framsóknarmanna, *og á þetta við samvinnu Sjálfstæðisflokksins* við Bændaflokkinn 1937, sem mikið hefur verið talað um í umræðum þessum. En þetta er að vísu hrein fjarstæða, eins og margoft er búið að taka fram í þessum umræðum. Þó að þessir flokkar væru í samvinnu, í kosningasamvinnu á vissan hátt, þá lýstu þeir aldrei yfir því, að flokkarnir væru einn kosningaaðili, eins og margoft var gert af forustumönnum beggja flokka Hræðslubandalagsins. Þeir lögðu ekki hvor öðrum fram frambjóðendur, eins og þessir tveir flokkar hafa gert. Og þeir buðu hvor á móti öðrum í mörgum kjördæmum, sem þessir flokkar gerðu ekki í þessum kosningum, þeir buðu hvergi hvor á móti öðrum. Bendir nú allt til þess, að Framsfl. og Alþfl. séu farnir að sjá, hversu klaufalega þeir hafa farið að ráði sínu í þessu efni, í því trausti, að það skipti engu máli, hversu fruntalega þeir færu í kringum anda kosningalaganna.

Hv. 3. þm. Reykv., sem að vísu leggur nú blessun sína yfir þetta allt, sagði í gær, að Hræðslubandalagið hefði getað slegið vopnið úr höndum andstæðinganna, ef þeir hefðu haft vit á því að bjóða fram báðir, þó að ekki væri nema í einu kjördæmi, t. d. í Austur-Skaftafellssýslu, þar sem ekki var mikil hætta á, að Framsfl. gæti tapað mörgum atkv. Alþýðuflokksins. Það má vera, að þetta sé rétt. En það hefur þá verið hrokinn í þessu efni, sem hefur blindað Hræðslubandalagið.

Hér er aðeins deilt um það, hvort tveir flokkar, sem lýstu yfir algerri sambræðslu í kosningunum, sem lýstu yfir því, að þeir gengju til kosninganna sem einn flokkur, geti fengið uppbótarsæti hvor í sínu lagi, sem þeim ber ekki, ef sameiginlegt atkvæðamagn þeirra er lagt til grundvallar. Hér er deilt um það, hvort flokkur getur með opinberri flokkskosningu kosið frambjóðanda á lista hins flokksins, án þess að flokkarnir séu taldir ein kosningaheild, þegar á að útdeila uppbótarsætum til þess að jafna metin á milli allra flokka þingsins. Hér er deilt um það, hvort kosningasambræðsla Alþfl. og Framsfl. eigi að fá viðurkennd fjögur uppbótarsæti, sem landskjörstjórn hefur ekki viðurkennt, og tveir flokkar með meiri hluta á Alþingi hafa lýst því yfir, að þessir fjórir menn hafi ekki rétt til þingsetu. Þessir tveir flokkar hafa lýst því yfir, að vísu utan þings, en það er samt sem áður yfirlýsing frá tveimur flokkum, sem nú á þessari stundu hafa meiri hluta í þinginu.

Um þetta er þó ekki deilt af hálfu sjálfstæðismanna af því, að þeir hafi nokkra von um, að núverandi meiri hluti Alþ. hallist á sveif með réttlætinu og viðurkenni, að þverbrotinn sé andi kosningalaganna. Sjálfstæðismenn hafa ekki von um, að þetta geti gerzt. Og um þetta er ekki deilt nú vegna þess, að líklegt sé, eins og nú er komið, að það geti nokkru breytt um þá valdaaðstöðu, sem nú er í þinginu, vegna þess að það er sýnilegt, að stjórnarflokkarnir þjást ekki fyrst og fremst af mikilli réttlætiskennd. En um þetta er nú deilt til þess að fá úr því skorið, hvaða flokkar vilja taka ábyrgð á gerræðinu og eiga í framtíðinni að svara til sakar vegna þess fordæmis, sem hér hefur verið gefið til þess að hlunnfara kosningalög landsins og kjöldraga *heiðarlega framkvæmd þeirra. Ég tel*, að Framsfl. eigi hér þyngstu sökina í því að nota sér umkomuleysi Alþfl. til þess að koma þessu í framkvæmd og láta hann á þennan hátt eins og gert hefur verið hlunnfara kosningalögin.

Það mun álit flestra, að gengi Alþfl. væri nú heldur lítið og vesælt, ef hann hefði ekki gengið á mála hjá Framsfl. á s. l. sumri. En virðing framsóknarmanna fyrir skjólstæðingnum er sýnilega af skornum skammti, því að í umræðunum í gær sagði 1. þm. Eyf., að Alþfl. ætti að sjálfsögðu heimtingu á að fá þessi uppbótarsæti, og svo segir hann orðrétt: „ef hann á annað borð er viðurkenndur sem sérstakur flokkur“.

Það er varla hægt að skilja þessi ummæli nema á einn veg, að það sé varla ástæða til slíkrar viðurkenningar, enda verður ekki annað sagt en að Alþfl. sé nú orðinn próventukarl hjá Framsfl., lítils megandi, en þau not, sem Framsfl. hefur haft af þessum próventukarli sínum, geta gefið vont fordæmi fyrir framtíðina. Eins og Magnús Jónsson minntist á í sinni ræðu, væri það að sjálfsögðu innan handar fyrir Sjálfstfl. að stofna sams konar útbú eins og Framsfl. hefur í Alþfl. og hlunnfara á þann veg kosningalögin eins og gert hefur verið. Flokkurinn gæti stofnað próventuflokk eins og Alþfl., hvað sem hann yrði nú kallaður, hvort hann yrði kallaður sjálfstæðisbandalag eða eitthvað annað, sem yrði sett upp eingöngu í því skyni að ná í fleiri uppbótarsæti en flokkurinn getur fengið með núverandi skipulagi. Það er hægt að skipta núverandi fylgi flokksins þannig, að sex þm. hans væru með 4100 atkv. að baki hver og að 11 þm.

væru með 950 atkv. að baki. Að vísu væri ekki hægt að slá met Framsfl. að hafa 760 atkv. á bak við hvern þingmann. En ef þessu hefði verið skipt á þennan hátt, mundi Sjálfstfl. hafa fengið nú a. m. k. fjóra uppbótarþingmenn.

Mundu nú hinir flokkarnir telja þetta rétt og löglegt, og mundu þeir telja þetta vera í anda kosningalaganna? Ég veit a. m. k. um einn flokk í þinginu, sem ekki mundi gera það. Það er sá hreini, vammlausi flokkur, sem ætíð stendur við orð sín, víkur aldrei af braut réttlætisins og verzlar ekki með sannfæringu sína, — það er Alþýðubandalagið, — Sameiningarflokkur alþýðu — Sósialistaflokkurinn. Til þess að staðfesta þetta hjartalag sitt hefur þessi flokkur við hverjar kosningar, sem hann hefur klofið Alþfl., bætt nýju heiti við nafn sitt, og þess vegna kemur hann nú út úr síðustu kosningunum með þessi nöfn. Hann á þó eftir að fá eitt nafn í viðbót, það er Alþýðuflokkur. Það mundi honum vafalaust fara vel, og hver veit, nema hann fái það í framtíðinni, ef hann getur klofið Alþfl. svo myndarlega, að hann geti lagt hann að velli. Ég efast ekki um, að hann mundi þá taka upp eitt nafn til viðbótar.

Þó að nokkuð hafi verið lesið ýmsum til skemmtunar og sérstaklega hv. 3. þm. Reykv. af því, sem Alþb. áður hefur sagt um slíkar aðgerðir sem þessar, þá ætla ég að enda þessi orð með að lesa, með leyfi hæstv. forseta, stuttan kafla, er sýnir, hvernig þessi hreini og vammlausi flokkur mundi líta á slíkar aðgerðir eins og þessar, sem ég lýsti, ef Sjálfstfl. t. d. gerði þær. Í Þjóðviljanum 8. júní er grein, sem heitir „Að stela þingmönnum“ og hljóðar svo:

„Það hefur verið talið einkenni afbrotamanna að vinna verk sín í leynum, og þess er vart dæmi, að menn tilkynni afbrot sín fyrir fram og skýri nákvæmlega, hvernig þeir ætla að fremja þau. En einsdæmin eru nú einnig farin að gerast á þessu sviði. Þannig hælast nú Alþfl. og Framsfl. daglega yfir því, að þeir ætli sér að stela þingmönnum í kosningunum í sumar, og skýra nákvæmlega, hvernig þeir ætla að gera það.“

Og í kosningablaði Alþýðubandalagsins segir 4. júní:

„Það sýnir bezt, hver alvara er í kosningaslagorðum Hræðslubandalagsins um stríð gegn fjárplógsstarfsemi braskara og svindlara, að sjálft gerist það sekt um mesta brask og svindl með atkvæði landsmanna, sem sagan getur um. — — Þeir eiga yfir höfði sér hæstaréttardóminn á Alþingi fyrir tilraun til stærstu kosningasvika, sem gerð hafa verið á Íslandi.“

Svo mörg eru þau orð. Og nú er fróðlegt að sjá, hverjir greiða atkv. með löggildingu hins mesta brasks og svindls, sem stjórnmálasaga Íslendinga þekkir, að dómi Alþýðubandalagsins, — Sameiningarflokks alþýðu, Sósialistaflokksins.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mikil dæmalaus vandræði, að þessir ágætu þingmenn Sjálfstfl., sem hér hafa talað af slíkri andagift nú undanfarið, skuli ekki hafa lesið þetta allt saman yfir sjálfstæðismönnunum í landskjörstjórn í sumar. Mikið ósköp er undarlegt, að þeir skuli hafa geymt þetta allt saman þangað til núna. Ég held, að þeim hefði verið nær að taka sig dálítið fyrr til og lesa dálítið upp úr Þjóðviljanum. Ég held, að þeir hefðu haft gott af því, þessir hæstaréttarmenn Sjálfstfl. í landskjörstjórn, að heyra allt þetta, sem hér er verið að lesa upp, sem var sagt alveg rétt. Ég gæti nú trúað, — og meginið af því var komið og nógu mergjað áður, — að það hefði átt að vera hægt að þruma þetta yfir hausamótunum á fulltrúum Sjálfstfl. í landskjörstjórn og reyna að berja réttlætið nokkurn veginn inn í hausana á þeim, áður en þeir áttu að þjóna því. Ég held nú þess vegna, að hv. sjálfstæðisþingmenn, sem núna virðast hafa lært svona vel af Þjóðviljanum, ættu héðan af að muna eftir því að reyna að lesa hann dálítið vel og betur og skilja dálítið betur, þegar hann talar rétt, og reyna að koma sínum eigin flokksmönnum í skilning um það og vera ekki svona linir í að framfylgja því, sem Þjóðviljinn er að segja þeim alveg réttilega. Ég held þess vegna, þó að það sé ákaflega ánægjulegt, að Sjálfstæðisflokksmenn skuli vera okkur svona sammála um allt í orði nú á eftir, að þeir hefðu átt að sýna þetta í verki, þegar mest reið á.

Það er hálfundarlegt með þennan blessaðan Sjálfstfl., hann talar þessi ósköp nú, en hvað gerir hann, þegar réttlætið kallar á hann, þegar hann hefur valdið, þegar hann hefur stað og stund til að breyta rétt, — hvað gerir hann þá? Þá breytir hann rangt. Nei, ég held, að allur þessi mikli gangur, sem hér hefur verið í hv. þm. Sjálfstfl., allur þessi rembingur, allur þessi vindur, sem í þeim er hér, hefði átt að reyna að blása dálítið á hæstaréttarmenn Sjálfstfl. í landskjörstjórn í sumar, svo að þeir hefðu fengið eitthvað pínulítið af réttlætinu inn í sig þá. Ég skil eiginlega ekki, hvað Sjálfstfl. er að burðast við að hafa tvo menn í landskjörstjórn, burðast við að bola fulltrúa, sem Alþýðubandalagið eða ella Sósfl. hefði haft í landskjörstjórn, út úr landskjörstjórninni og setja tvo menn inn í landskjörstjórn, sem þeir sjálfir auðsjáanlega ekki treysta til að vita upp né niður, vita hvorki hvað sé rétt né rangt. (Gripið fram í.) Ég held, að það sé bezt að vita, hvað er rétt, og breyta eftir því, og það er það, sem okkar menn mundu hafa gert, ef þeir hefðu átt fulltrúa í landskjörstjórn í sumar. En það var Sjálfstfl., sem sá um það, að hann átti tvo menn, og þessir tveir menn voru slíkir meistarar í að vita hvorki rétt né rangt, slíkir meistarar í að geta aldrei komið sér saman um neina lögskýringu og verandi þó báðir hæstaréttarlögmenn og jafnvel hæstaréttardómarar, að það er engu líkara en að Sjálfstfl., jafnvel kannske sjálfur hv. form. hans, hafi staðið þarna á bak við og ruglað þá svo í ríminu, að einmitt það rétta hafi komið út, sem passaði fyrir Sjálfstfl. M. ö. o.: Þegar tveir sjálfstæðismenn í landskjörstjórn geta ekki vitað, hvað sé rétt og hvað sé rangt, og geta aldrei komið sér saman, þegar annar þeirra álítur eitthvað rétt, þá álítur hinn það endilega rangt, og þegar annar álítur eitthvað rangt, þá álítur hinn það endilega rétt, svo að þeir séu aldrei nokkurn tíma á sama máli um réttlætið, þá passar það alveg fyrir þá.

Nei, ég skal segja ykkur, hvernig ég held að þetta hafi verið. Ég held, að herforingjaráð

Sjálfstfl., þar með taldir hans fulltrúar í landskjörstjórn, hafi ætlað að vera ákaflega sniðugt í sumar. Það er upplýst hérna í umr., að þá langaði til þess að svindla, þeim datt í hug, hvort það væri nú ekki hægt að fara eitthvað svipað að eins og bandalag Alþfl. og Framsóknar, og athuguðu vafalaust þetta á sínum leynifundum gaumgæfilega, herforingjaráðið. Nei, þeir komust víst að þeirri niðurstöðu, að af því að Sjálfstfl. hefur það mikið atkvæðamagn í Rvík, þá gæti hann aldrei svindlað eins mikið og hinir höfðu möguleika á. Þess vegna komu þeir sér niður á, að það væri kannske hægt að hafa einhver tök heldur á hinum og nota það á eftir, og herforingjarnir lögðu þess vegna sínar áætlanir, og það virtist passa alveg ágætlega inn í þær ráðagerðir, hvernig hæstaréttardómarar og hæstaréttarlögmenn, fulltrúar Sjálfstfl. í landskjörstjórn, greiddu atkv. En þegar einu sinni herforingjar eru búnir að leggja sínar áætlanir um, hvernig heyja skuli stríðið, og stríðið síðan fer fram og þeir tapa stríðinu, af því að vitlaust var áætlað, þá er ekki til neins að koma á eftir og segja: Við vildum endilega fá að hafa ráðagerðirnar öðruvísi, þetta var alveg ómark, eins og það var gert. — Sannleikurinn er, að það er of seint að iðrast eftir dauðann. Þið hefðuð átt að athuga þetta allt saman, sem þið eruð að tala um núna, áður en þið létuð ykkar menn í landskjörstjórn kveða upp þá dóma, sem þeir hafa gert.

Hv. þm. G-K. sagði hér áðan, að þessir dómarar, þessir hæstaréttardómarar, þessir fulltrúar Sjálfstfl. í landskjörstjórn, hefðu bjargað tilgangi Hræðslubandalagsins. Ég er efins um, nema þeir hafi líka bjargað tilgangi Sjálfstfl. (ÓTh: Með að leiða ykkur í gildru?) Með að ætla að koma öðrum í gildru, sem Sjálfstfl. ætlaði að leiða þá út úr. Ég er ákaflega hræddur um, að þannig hafi í þessu öllu saman legið. Og þegar hv. þm. G-K. talar hérna svona fagurlega um, að ekki hafi Sjálfstfl. haft nokkur áhrif á, hvað þessir menn hafi gert eða að hvaða niðurstöðum þeir hafi komizt, þá skyldi nú Sjálfstfl. aldrei hafa haft nein áhrif á þessa menn í sambandi við neina dóma, sem þeir hafa kveðið upp? Og undarlegt er það nú, að svona hálærðir menn þurfa endilega að komast að ólíkum niðurstöðum um það, sem er alveg ótvírætt, ef það liggur ekki eitthvað á bak við það, sem þarna er, og hv. þm. G-K. virðist einmitt alveg sérstaklega hafa hnotið um það, sem Þjóðviljinn hafði sagt 29. maí um fláttskap íhaldsins, og las þetta upp hér til þess að reyna að snúa þessu nú upp á Alþýðubandalagið.

Jú, það var svo sem alveg augljóst mál, hver fláttskapur var þarna að verki, og mér fannst nú hv. form. Sjálfstfl., hv. þm. G-K., raunverulega alveg viðurkenna, þegar hann var að lesa þetta upp, að þetta væri ákaflega líklegt, að svona hefðu einhverjir aðilar hugsað í þessu sambandi og svona ótuktarverzlun hefði nú komið út úr þessu. En hv. þm. G-K. gleymdi bara að minnast á eitt í sambandi við þetta allt saman, hver framdi þennan fláttskap 28. maí. Hver var það, sem lagði grundvöll að þessari hugsanlegu verzlun? Var það Alþýðubandalagið? Var það það, sem átti fulltrúa í landskjörstjórn, sem hefðu aldrei kannske komið sér sjálfum saman um að kveða upp einn og sama dóminn, eða var það Sjálfstfl., sem átti tvo fulltrúa, sem hann lét koma sér saman um að vera aldrei sammála? Hvar var grundvöllurinn lagður að þessum fláttskap, og hvað var það, sem átti að koma út úr þessu? Það var ekki Alþb., sem kom þar nærri. Það var Sjálfstfl., sem stjórnaði þessu. Það var hann, sem lét kveða þarna upp dóminn, og það verður kannske sagt um Sjálfstfl. eins og sagt var um einn sniðugan höfðingja hér fyrrum daga: Enginn frýr þér vits, en — eins og það var í gömlu útgáfunni — grunaður ertu um grænzku. — Ekki er það alveg óhugsandi, að slíkar áætlanir hafi verið gerðar þarna eða a. m. k. ef þær hafa ekki verið gerðar, þá eiga þær undarlega vel við það, sem Sjálfstfl. hefur komið bezt í þessu máli.

Nei, Sjálfstfl. hefur valið í þessu máli, hann hefur ákveðið, hvað sé rétt og rangt, hann gerði það í sumar, hann valdi 28. maí í sumar. Þá var ákvörðunin tekin. Við, sem vorum á móti þeirri ákvörðun og höfum ekki breytt um neina skoðun í því sambandi, gátum rekið þann áróður, sem við reyndum að reka í sambandi við kosningarnar út af þessari ákvörðun. En hitt var alveg orðið augljóst mál, að það var staðreynd fyrir kjósendur, um hvað þeir áttu að kjósa, og það hefur enginn staðfest það betur en einmitt þeir hv. þm. Sjálfstfl., sem hérna hafa talað núna, að það er nokkurn veginn augljóst, að kjósendur hefðu í sumar kosið allt öðruvísi, svo framarlega sem landskjörstjórn hefði ekki kveðið upp þennan dóm. Ég býst við, að það sé varla nokkur þm. hér, sem álítur, að útkoman úr kosningunum hefði ekki orðið allt önnur, ef því hefði verið lýst yfir, að Alþfl. og Framsfl. væru skoðaðir sem einn flokkur.

Nei, Sjálfstfl. féll á sjálfs sín bragði í þessum kosningum, og þess vegna er hann reiður yfir byltunni núna.

Hv. þm. G-K. segir, að kjósendur sjálfir eigi eftir að dæma. Vissulega. Til allrar hamingju eiga þeir eftir að dæma, vonandi með betri aðferðum en hv. þm. G-K. ætlaði sér að viðhafa í kosningunum í Kópavogi, þegar hann lýsti því yfir, að með því að undirskrifa bara, þá væru menn að kveða upp fullkomnasta dóminn. Kjósendur eru alltaf að dæma. Kjósendur eru líka að dæma þessa dagana. Kjósendur eru að láta íhaldið fá slíkar hrakfarir þessa dagana í verkalýðsfélögunum á Íslandi, að það hefur aldrei farið aðrar slíkar. Kjósendur eru að dæma, og ég er hræddur um, að íhaldið sé dálítið hrætt við þennan dóm. En það þarf ekki að óttast, að það verði ekki nægilegt lýðræði viðhaft í hverjum þeim kosningum, sem fram eiga að fara hér eftir, og ég skal kannske koma betur að því, að það verður ef til vill hægt að treysta það betur en Sjálfstfl. hefur stundum ætlað sér.

Hv. þm. G-K. hét alveg sérstaklega á Alþb. til hjálpar í þessum efnum. Ég held hann hefði átt að heita á sína menn í landskjörstjórn í sumar til hjálpar í þessum efnum, tala þessi hjartnæmu orð, sem hann sagði til okkar, um að bjarga nú lýðræðinu. Ég held, að hann hefði átt að þruma

þetta yfir hausamótunum á þeim í sumar, þegar þeir stofnuðu því í hættu, að þjóðarminnihluti tæki meiri hluta hér á þingi og hvorki Alþb. né Sjálfstfl. hefði getað gert nokkurn skapaðan hlut á eftir. Þá var lýðræðinu stofnað í voða. Lýðræðið er ekki í voða núna. Nei, núna er þjóðarmeirihluti á bak við þingmeirihluta og bak við stjórn. En lýðræðinu var stofnað í hættu í sumar, þegar Sjálfstfl. lét sína menn í landskjörstjórn gefa bandalagi Alþfl. og Framsóknar möguleika á því að fá hreinan þingmeirihluta með þjóðarminnihluta á bak við sig. Þeirri hættu er afstýrt. Ég held þess vegna, að þegar hv. þm. G-K. kemur með miklar tilvitnanir um lagakróka og orðhengilshátt, þá hefði hann átt að lesa það yfir sínum hæstaréttarmönnum í landskjörstjórn. Lagakrókar og orðhengilsháttur. (ÓTh: Má ég segja svolítið? Ég kunni það ekki þá, því að það var ekki komið í Þjóðviljanum þá.) Svona er það. Ef hann veit ekki það lítið, sem hann veit vel, úr Þjóðviljanum, þá veit hann það ekki. Þess vegna segi ég það, að það er ákaflega hart, að lagakrókarnir skuli vera þannig útbúnir, þegar sjálfstæðismennirnir eru að hengja sig í þá, að þeir skuli aldrei hengja sig á sama krókinn. Ég held, að þeir ættu að reyna að koma sér nokkurn veginn saman um að skilja héðan af, hvernig lagakrókarnir ættu að vera, svo að þeir gætu hér eftir kveðið upp dóma nokkurn veginn í samræmi hver við annan.

Hv. þm. G-K. ítrekaði það, að Sjálfstfl. hefði alltaf verið á þeirri skoðun, sem hann hafði þá vitnað í Þjóðviljann um. Hann var bara ekki á því í sumar, 28. maí. Hann lét sína fulltrúa í landskjörstjórn kveða upp úrskurði, sem voru alveg þveröfugir þar við.

Hv. 2. þm. Eyf. talaði um, að það hefðu verið gerðar tilraunir til þess að ná þingmeirihluta með þjóðarminnihluta og að slíkar tilraunir væru ákaflega ljótar, þær hefðu m. a. verið gerðar í sumar. Og hverjir gerðu þessar tilraunir mögulegar? Það voru einmitt fulltrúar Sjálfstfl. í landskjörstjórn. Það voru þeir, sem gerðu þetta mögulegt með sínum úrskurði í sumar. Það þýðir ekkert að vera með allan þann kattarþvott, sem hv. þm. Sjálfstfl. eru með í sambandi við þetta mál. Það eru þeir, sem eru sekir um, hvernig komið var í þessu máli og að ekki var gripið inn í, þegar staður og stund var til þess.

Það hefur verið rætt um ýmislegt í sambandi við þetta og m. a. um það, hvort það væri alveg ótvírætt, hver lagabrot eða svindl eða annað slíkt hefði átt sér þarna stað. Og hv. þm. G-K. las margt upp um svindl og brask og annað þess háttar. Ja, hv. þm. G-K. veit nú ósköp vel, að því miður er hægt að svindla og braska í þjóðfélaginu og í kosningum, án þess að varði við lög. Því miður. Meira að segja hæstaréttarmenn Sjálfstfl. eru ekki alveg vissir um, hvaða lagabókstaf hvaða svindl eða hvaða brask kann að brjóta. En af því að þessi hv. þm. G-K. talaði nú svona ákaflega mikið og vitnaði svona mikið viðvíkjandi svindli og braski og hvað þetta væri ákaflega ljótt og þá alveg sérstaklega í sambandi við kosningar, þá liggur mér við að minna hann á, hvort þessi heilagi flokkur, Sjálfstfl., þessi vammlausi flokkur í þessum málum, þegar undanskildir eru landskjörstjórnarmennirnir hans, hefði aldrei haft neinar tilhneigingar til þess að beita svindli og braski í þessum málum. Hér hafa hv. þm. Sjálfstfl. talað eins og heilagir menn.

Ég held, að hv. 2. þm. Eyf. hafi hér áðan eitthvað verið að minnast á, að það hafi jafnvel verið athugað, hvort Sjálfstfl. hefði ekki getað grætt tvö þingsæti á því að fara í eitthvert svindl og brask. En hann sagði, að það væri ekki sæmandi að reyna að svindla sér tvö þingsæti með einhverju svoleiðis svindli og braski.

Hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) sagði, að það væri alveg voðalegur hlutur, sem Hræðslubandalagið, eins og hann orðaði það, hefði gert í sumar, það hefði verið með áætlun um að ræna meiri hluta þings út á minni hluta kjósenda, þessi áætlun hefði að vísu misheppnazt. Og hv. 2. þm. Reykv. (BÓ) sagði að vísu, að Sjálfstfl. hefði vel athugað það, að hann gæti svo sem svindlað líka, hann væri bara svo heiðarlegur, hann væri bara svo réttlátur, að honum dytti ekki í hug að gera þess háttar; það væri hinn hreini, hinn vammlausi flokkur, sem aldrei kæmi nærri svindli, vafalaust hvorki í verzlun né kosningum. Hann jafnvel las upp tilvitnanir um óguðlega menn, þessi hv. 2. þm. Reykv., sem hefðu ætlað að stela þingmeirihluta með minni hluta þjóðar að baki, og ítrekaði tilvitnanir, sem hann kom með um, að þetta væri eitt mesta brask og svindl, sem nokkurn tíma hefði tíðkazt. Það er sem sé alveg augljóst mál, að Sjálfstfl. er svo heilagur flokkur í þessum efnum, að honum dettur aldrei í hug að ætla að fara að svindla sér þingmeirihluta með þjóðarminnihluta að baki sér.

Ég held þess vegna, að eftir að Sjálfstfl. hefur gengið í þessa endurnýjun lífdaganna, gerzt svona afskaplega heiðarlegur, vammlaus og hreinn flokkur, sem aldrei detti neitt svindl í hug og aldrei mundi detta í hug að reyna að stela þingmeirihluta með minni hluta þjóðar að baki sér, þá sé rétt að vitna í málgagn flokksins, Morgunblaðið, og það, sem það segir um tilgang flokksins, um draumsjón flokksins, um hans miklu hugsjón, um það, sem hann sé að berjast fyrir í kosningum, og það mikla mark, sem hann setji sér, og ég ætla að gefa Morgunblaðinu orðið, þar sem það segir 23. júní 1953, rétt fyrir kosningarnar, sem þá fóru fram. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aldrei fyrr hefur Sjálfstæðisflokkurinn átt eins glæsilega sigurmöguleika og í væntanlegum þingkosningum. Ekki skortir sjálfstæðismenn nema 344 atkv. frá andstæðingum sínum til þess að vinna 10 ný kjördæmi og fá með því hreinan meiri hluta á þingi þjóðarinnar. 344 atkv. standa í vegi fyrir heilbrigðu, ábyrgu meirihlutastjórnarfari á Íslandi í stað pólitískra hrossakaupa samsteypustjórnanna, þar sem illgerlegt er fyrir kjósendur að greina, hvaða flokkur á lof og hver last skilið fyrir stjórnarframkvæmd sína. Atkvæðin, sem Sjálfstæðisflokkinn skortir, eru þessi: Hafnarfjörður 52, Ísafjörður 5, Siglufjörður 84, Mýrasýsla 4, Dalasýsla 6, V.-Ísafjarðarsýsla 82, V.-Húnavatnssýsla 50, N.-Múlasýsla 26, A.-Skaftafellssýsla 27 og V.-Skaftafellssýsla 3.“

Þetta voru þau 344 atkv., sem Sjálfstfl. auglýsti eftir 1953 í kosningunum að hann vantaði til þess að fá hreinan þingmeirihluta á Íslandi. Hann hefði þá haft eitthvað milli 37 og 40% kjósenda að baki sér, og út á það ætlaði hann sem sé að fá þennan þingmeirihluta. Allt það, sem Sjálfstfl. hefur verið að fordæma í þessum umræðum, sem hann hefur núna haft í frammi, allt saman þetta hefur hann sjálfan dreymt um, hefur hann sjálfur opinberlega lýst yfir, að hann ætlaði sér að reyna að ná.

Hér tala þm. Sjálfstfl. um réttlæti, um lýðræði, um þingræði og standa sjálfir berir að því að hafa ætlað sér að afnema þetta allt saman með misnotkun á núverandi kosningaskipulagi í landinu. Ég held, að þeir ættu að tala ofur lítið varlegar í þessum efnum, hv. þm. Sjálfstfl.

Hv. 2. þm. Eyf. (MJ) segir, að það hafi alltaf verið draumsjónin, að Alþ. sé skipað í sem nánustu samræmi við þjóðarviljann. Það hefur bara ekki verið draumsjón Sjálfstfl. Það er fyrst núna allt í einu í dag, sem hann virðist vera að uppgötva það. Draumsjónin í kosningunum 1953 — og það má mikið vera, ef það hefur ekki örlað á sömu draumsjóninni núna — var að vinna hreinan meiri hluta á þingi með þjóðarminnihluta að baki sér, og það átti þá eftir skoðun Sjálfstfl. að vera hið heilbrigða og ábyrga meirihlutastjórnarfar í landinu.

Hv. 2. þm. Eyf. (MJ) sagði hér áðan um núverandi Alþ.: Alþingi nú er skrípamynd af þjóðarviljanum. — Núverandi Alþ. og sú stjórn, sem það hefur valið, hefur meiri hluta þjóðar að baki sér. Núverandi Alþ. og sú stjórn, sem nú situr að völdum, er rétt mynd af þjóðarviljanum, alveg sérstaklega hvað það snertir, að ríkisstj., sem hefur þingmeirihluta að baki sér, hefur líka þjóðarmeirihluta að baki sér. En það Alþ., sem hefði gefið Sjálfstfl. meiri hluta með 344 atkv. til viðbótar við það, sem hann hafði við kosningarnar 1949, ef hann hefði bætt þeim við sig í kosningunum 1953, hefði að áliti Sjálfstfl. ekki verið skrípamynd af þjóðarviljanum. Ef Sjálfstfl. hefði haft meiri hluta á Alþ. með 38 eða 39% af þjóðinni á bak við sig, var það ekki skrípamynd af þjóðarviljanum. Nei, það var heilbrigt, ábyrgt meirihlutastjórnarfar. Er nú ekki betra fyrir þessa hv. þm. að tala eitthvað ofur lítið minna um réttlætið, lýðræðið o. s. frv.? Ég er hræddur um, að það sé nokkuð mikil hræsni, sem hérna kemur fram. Það er talað um, m. a. af hv. 2. þm. Eyf., að nú þurfi að kippa í taumana. Það þurfti ekki að kippa í taumana 1953, ef Sjálfstfl. hefði fengið hreinan þingmeirihluta með því að bæta við sig 344 atkv., en það þarf að kippa í taumana, af því að hann var með skollaleik í landskjörstjórn í sumar og lék af sér. Það er talað hérna um, að þeir séu að berjast fyrir því, sjálfstæðismennirnir, að halda uppi sönnu lýðræði og réttlæti. Jú, hið sanna lýðræði og réttlæti: 344 atkv. til viðbótar því, sem hann hafði áður, til þess að fá meiri hluta einn á Alþ. með 38 eða 39% þjóðarinnar að baki sér, það var hið sanna lýðræði og réttlæti.

Hv. 2. þm. Eyf. sagði meira að segja, að stjórnskipulegt öryggi landsins væri í hættu. Það var svo sem ekki neitt smáræði, sem var í hættu. Það var í hættu núna, en það var ekki í hættu 1953, ef Sjálfstfl. hefði fengið hreinan þingmeirihluta með 38 til 39% kjósenda að baki sér. Þá var ekki stjórnskipulegt öryggi landsins í hættu.

Stjórnskipulegt öryggi landsins er ekki í hættu nú. Sú stjórn, sem situr að völdum, hefur ekki aðeins þingmeirihluta, heldur líka þjóðarmeirihluta að baki sér. Það hefði stjórn Sjálfstfl. eftir kosningarnar 1953 ekki haft, ef Sjálfstfl. hefði orðið að sinni draumsjón um lýðræði og mannréttindi. Ég held, að þeir ættu að draga ofur lítið úr hræsninni, þessir hv. þm. Sjálfstfl.

Hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) sagði hér áðan, að það væru alvarleg svikráð að reyna að svindla til sín meiri hluta á þingi með minni hluta hjá þjóð. Ég vil spyrja hv. 5. þm. Reykv.: Er ekki Sjálfstfl. þá alveg sérstaklega sekur um þessi alvarlegu svikráð? Það eru ekki svona ljótar hugleiðingar hjá bandalagi Framsfl. og Alþfl. í sambandi við kosningarnar í sumar einar saman. Nei, Sjálfstfl. hefur gengið með þetta, hefur ekki einu sinni getað þagað yfir því. Það er enginn efi á því, að til þess að koma í veg fyrir, að hægt sé að svindla til sín meiri hluta á þingi með minni hluta hjá þjóð, er ekki nóg að breyta meira að segja kosningalögunum og meira að segja ekki nóg, að landskjörstjórnarmenn skilji þau rétt; það þarf að breyta stjskr. sjálfri, ef það á að tryggja, að það sé alltaf meiri hluti þjóðar á bak við meiri hluta þings.

Hv. 5. þm. Reykv. sagði hér áðan, að það hefði verið gerð tilraun til þess að ræna sjálfsákvörðunarrétti þjóðarinnar með því að reyna að ná þingmeirihluta með þjóðarminnihluta að baki sér. Hann dæmir Sjálfstfl. sjálfan í þessu sambandi.

Hv. 2. þm. Reykv. (BÓ), sem hér var að ljúka sinni ræðu áðan, sagði, að Sjálfstfl. væri svo sem ekki að tala hérna vegna þess, að hann hefði von um, að meiri hluti Alþingis hallaðist á sveif með réttlætinu. Nei, það var nú svo sem ekki það. Hann sagði, að hann byggist ekki við, að meiri hluti þingsins þjáðist af réttlætiskennd. En Sjálfstfl. þjáðist af réttlætiskennd 1953, þegar hann fór fram á það að fá meiri hluta hér á Alþ. með minni hluta þjóðarinnar að baki sér. Ja, ég sé það, að þeir eru flestir farnir út, þessir hv. þm. Sjálfstfl., sem voru að tala hérna áðan, og það er ekki nema von.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði áðan, að það væri verið að kjöldraga heiðarlega framkvæmd kosningalaga. Hverjir kjöldrógu hana? Voru það ekki fulltrúar Sjálfstfl. í landskjörstjórn? Og hverja langaði til þess að kjöldraga bæði kosningal. og stjskr.? Var það ekki Sjálfstfl. 1953? Ég held því, alveg í bróðerni sagt, að þm. Sjálfstfl. eigi ekki að venja sig á svona allt í einu upp úr þurru að fara að tala um réttlæti og lýðræði og allt saman þetta, sem þeir hafa haft ósköp lítið við að tala um á undanförnum árum. Ég held, að þeir verði ofur lítið fyrst að stinga hendinni í eigin barm og skoða sína eigin sögu.

Hv. þm. G-K. náði hámarkinu, þegar hann talaði um, að Alþb. hefði selt réttlætið, lýðræðið og þingræðið fyrir auð og völd. Það er nú svo

sem alveg auðséð, að þessi hv. þm. virtist nokkurn veginn hafa hugmynd um, hvað það hefur þýtt fyrir hann að vera í völdum undanfarið. Það hefur verið fórnað nokkuð miklu af þessu öllu saman, þegar hann hefur komið við völdin, og þó kannske allra mest, þegar mest reyndi á hann og hans flokksþingmenn um, hvort þeir vildu standa á verði gagnvart því að taka gild kjörbréf manna, sem engin kjörbréf höfðu. Þessi hv. þm. G-K., sem talaði svona, tók svona mikið upp í sig núna og talaði um kokvídd Alþb. í sambandi við að gleypa 4 þm., hafði kokvídd til þess að gleypa yfir 40 þm. 1941. Hann lét allan Sjálfstfl. samþ. að framlengja umboð allra þm., eftir að þau voru öll runnin út. Þegar engir þm. voru til og engir höfðu rétt til þess að sitja á Alþ. lengur, þá lét hann bara þessa þm. útnefna sig sjálfa. Og svo kemur þessi maður og fer að tala um, að það sé verið að selja réttlætið, lýðræðið og þingræðið fyrir auð og völd. Hann var sjálfur ráðh. þá.

Nei, ég held, að ég verði að fullvissa Sjálfstfl. um, að það verður reynt að bjarga bæði lýðræði og þingræði á Íslandi þrátt fyrir allar aðgerðir bæði landskjörstjórnarmanna Sjálfstfl. í landskjörstjórn, þrátt fyrir allar tilraunir miðstjórnar Sjálfstfl. til þess að hagnýta sér núverandi kjördæmaskipun til þess að ná þingmeirihluta með þjóðarminnihluta að baki sér. Það verður reynt, og um þetta á þjóðin eftir að dæma.

Það, sem liggur fyrir að gera, er að undirbúa að breyta þannig kosningal. og stjskr., að Íslendingar eigi ekki oftar á hættu, frá hverjum sem vera skal, að það sé hægt að skapa meiri hluta hér á Alþ. með minni hluta þjóðarinnar að baki sér. Slíkt verður ekki gert með því, sem oft hefur komið upp hjá ýmsum sjálfstæðismönnum, að koma t. d. á eintómum einmenningskjördæmum eða slíku. Slíkt verður aðeins gert með því að breyta stjskr. áfram í þá átt, sem alltaf hefur vakað fyrir verkalýðshreyfingunni, að tryggja jafnari rétt manna til áhrifa á skipun Alþingis. Það mun verða gert. Kosningalögunum mun verða breytt, og stjskr. mun verða breytt. Það er miklu meira í húfi í sambandi við öll þessi mál en tvö þingsæti eða svo. Það, sem er í húfi, er, að héðan af verði slík kosningal. og stjskr. á Íslandi, að það sé alltaf tryggt, að þingmeirihluti hafi þjóðarmeirihluta að baki sér og að slíkar tilraunir sem gerðar hafa verið á undanförnum árum, bæði í sambandi við síðustu kosningar og fyrri kosningar, um að reyna að skapa sér þingmeirihluta með þjóðarminnihluta geti ekki tekizt. Til þessa þarf að taka bæði sjálf kosningal. og sjálfa stjskr. til endurskoðunar, og það höfum við tryggingu fyrir að verði gert. Og við munum reyna að vinna að því, Alþb.-menn, að í því sambandi verði skapað slíkt réttlæti í þessum málum í framtíðinni, að bæði það, sem bandalag Framsfl. og Alþfl., og það, sem Sjálfstfl. ætlaði sér 1953, geti ekki endurtekið sig; að héðan af geti þjóðin verið örugg um það, að þegar hún gengur til kosninga, þá komi alltaf þannig út úr þeim kosningum, að þingmeirihluti sé fulltrúi fyrir þjóðarmeirihlutann.

Fundi frestað.

Mánudaginn 15. okt. var fundinum enn fram haldið.

Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf., var nú til þings kominn.

Frsm. minni hl. 1. kjördeildar (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Áður en ég sný mér að því atriði, sem aðallega er deilt um, vil ég geta þess, að í sumar, meðan ég enn gegndi starfi dómsmrh., barst dómsmrn. svo hljóðandi bréf:

„Alþýðubandalagið, Reykjavík, 10. júlí 1956.

Eftir ósk Lúðvíks Jósefssonar alþingismanns, sem skipaði efsta sæti á framboðslista Alþýðubandalagsins í Suður-Múlasýslu við alþingiskosningarnar 24. f. m., leyfum við okkur að vekja athygli hv. Alþingis á eftirfarandi:

Við talningu atkvæða í Suður-Múlasýslu kom í ljós, að 84 kjósendur höfðu sett kross í auða reitinn á kjörseðlinum, þar sem nöfn frambjóðenda Alþýðuflokksins hefðu verið, ef sá flokkur hefði haft lista í kjöri í sýslunni.

Þessi atkvæði úrskurðaði yfirkjörstjórn Suður-Múlasýslu B-listanum, lista Framsóknarflokksins í kjördæminu.

Þessi úrskurður virðist ekki geta staðizt, þar sem um er að ræða kross í reit, sem er algerlega aðgreindur frá reit Framsóknarflokksins á kjörseðlinum. Við verðum því að gera þá kröfu til hv. Alþingis, að þessir umræddu 84 atkvæðaseðlar úr Suður-Múlasýslu verði úrskurðaðir ógildir.

Þessu til stuðnings viljum við geta þess, að nokkur hundruð atkvæðaseðlar í Reykjavík voru þannig merktir, að kross (×) var settur í hinn auða reit Framsóknarflokksins á kjörseðlinum. Þessir kjörseðlar voru af yfirkjörstjórn Reykjavíkur úrskurðaðir ógildir.

Virðingarfyllst,

f. h. Alþýðubandalagsins,

Guðmundur Vigfússon.

Til Alþingis."

Nú hef ég spurzt fyrir um það á skrifstofu Alþingis, hvort þetta bréf hafi borizt Alþingi frá dómsmrn., og mér er sagt, að svo hafi ekki verið, og vildi ég þá spyrjast fyrir um það, hvort þessi kæra hafi verið afturkölluð eða hvort dómsmrn. hafi láðst að senda kæruna. En þetta mál hefur beina þýðingu í sambandi við það, sem hv. frsm. annars hluta 2. kjördeildar, 1. þm. Eyf., hélt hér fram, að ef ógilda ætti þau fjögur kjörbréf Alþýðuflokksmanna, sem deilt er um, þá yrði einnig að ógilda kjörbréf hv. 2. þm. S-M. (LJós), vegna þess að þá yrði að telja saman í Suður-Múlasýslu atkvæði Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins.

Þetta kann að hafa nokkuð til síns máls hjá hv. 1. þm. Eyf., og er þó engan veginn fullvíst, að þannig eigi á þetta að líta. Ég veit, að um það er ágreiningur. En ef orðið er við þessari kæru, sem fram var borin í sumar, beint að tilhlutun 2. þm. S-M. samkv. því, sem í henni segir, þá hefur mér skilizt, að þó að atkv. Frams.- og Alþfl. í Suður-Múlasýslu væru talin saman, þá yrði engu að síður hv. 2. þm. S-M. kosinn, vegna þess að það riði á þeim atkv., sem hér er um

deilt og réttilega er tekið fram í kærunni, að miðað við það, sem úrskurðað var í Reykjavík, hefði tvímælalaust einnig átt að telja ógild fyrir austan. En í Reykjavík var það svo, að ógilt voru fyrir Sjálfstfl. nokkuð á fjórða hundrað atkv., þó að sambærileg atkv. hafi verið tekin gild fyrir Framsfl. a. m. k. í tveimur kjördæmum úti á landi og sennilega víðar.

En hvað sem líður ágreiningnum um þetta, hvort eigi að telja þessi atkv. gild eða ekki, þá er það mjög einkennilegt, að þessi kæra skuli ekki vera fram komin. Upplýsa þarf, hvort hún hefur verið afturkölluð, og ef svo er, þá bendir það til töluverðs annars en hv. 3. þm. Reykv. hélt fram, að það hefði í raun og veru alls ekki verið í neinu sambandi við stjórnarsamningana, að Alþb. hefur gersamlega breytt um skoðun í þessu máli, heldur hafi það eingöngu verið vegna þess, að Alþb. hafi gert sér ljóst strax eftir úrskurð yfirkjörstjórnar, að ekki væri hægt að hnekkja honum, vegna þess að kjósendur hafi kosið á þeim grundvelli, sem með honum var lagður. Það er ljóst, að þegar þessi kæra er send að tilhlutun Lúðvíks Jósefssonar hinn 10. júlí, þá er Alþb. enn með það í huga, að kosning hinna fjögurra Alþýðuflokksmanna verði gerð ógild, og þess vegna geti það haft úrslitaþýðingu varðandi kosningu hv. 2. þm. S-M., hvort þessi atkv. séu tekin gild eða ekki.

Ég skal ekki ræða frekar um það á þessu stigi, en vil vænta þess, að upplýst verði, annaðhvort af hálfu hæstv. dómsmrh. eða af hálfu Lúðvíks Jósefssonar sjálfs, hver er ástæðan til þess, að Alþ. hefur ekki fengið þá kæru, sem til dómsmrn. barst.

Að öðru leyti er ljóst, að hv. stjórnarstuðningsmenn vilja sem mest koma sér hjá umræðum um það deiluefni, sem upp er risið. Þeir reyna ýmist að drepa umræðunum á dreif, tala um annað eða segja, að það sé bara óviðeigandi að tala um þetta á Alþ., og að atkv. verði látin skera úr, svo að það sé bezt fyrir þingmenn að vera ekki að eyða sínum kröftum í umræður um þetta.

Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) fór nú allvíða í sinni ræðu, hinni síðari, og talaði m. a. um kosningarnar í Alþýðusambandinu og hélt því fram, að sjálfstæðismenn færu þar mjög miklar hrakfarir. Þetta kemur auðvitað ekkert því máli við, sem hér er verið að ræða um. En úr því að hv. þm. minntist á þetta, þá er nauðsynlegt, að hið sanna komi fram í þessu. Því fer svo fjarri, að sjálfstæðismenn fari hrakfarir í þessum kosningum, að það hefur aldrei komið betur í ljós en einmitt nú, hversu mikið og öruggt fylgi Sjálfstfl. á innan verkalýðshreyfingarinnar. Það er komið í ljós, að til þess að hindra sigur sjálfstæðismanna í mörgum hinum stærstu og öflugustu verkalýðsfélögum hér í Reykjavík hafa allir stjórnarflokkarnir þurft að taka saman höndum og hafa almennt herútboð til þess að koma í veg fyrir, að sjálfstæðismenn yrðu þar ofan á. Hingað til hefur það verið þannig, að oft hefur mjóu munað, hvort lýðræðissinnar sameinaðir og þá fyrst og fremst Alþýðuflokksmenn og sjálfstæðismenn yrðu ofan á í ýmsum þessum félögum eða kommúnistar.

Nú hafa Alþýðuflokksmenn og Framsóknarflokksmenn fyrir atbeina flokksstjórnanna fylkt sér undir merki kommúnista, og það hefur mjóu mátt muna, hvort sú miður geðslega fylking gæti unnið félögin eða hvort sjálfstæðismenn einir yrðu þar ofan á, og sum félögin hafa sjálfstæðismenn beinlínis hlotið þrátt fyrir þessa samfylkingu á móti þeim. Þessi samfylking hefur og ekki látið sér nægja að fylkja liði og láta kosningar fara fram með eðlilegum hætti, heldur hefur verið gripið til hinna fáheyrðustu ofbeldisverka, beinnar kosningakúgunar, kosningasvika, eins og í Iðju, til þess að hindra það, að vitanlegur meiri hluti félagsmanna fengi að ráða.

Það er því algert ófugmæli, svo fullkomið sem frekast er unnt, þegar hv. 3. þm. Reykv. talar um ósigur eða hrakfarir sjálfstæðismanna í þessum kosningum. Fylgi sjálfstæðismanna stendur þar með miklum blóma, og ótti andstæðinganna við afl sjálfstæðismanna hefur aldrei verið meiri en einmitt um þessar mundir, enda málstaður andstæðinganna aldrei lakari en nú, svo að ótti þeirra er vissulega ekki ástæðulaus. En ég skal ekki ræða frekar um þetta, þótt ástæða væri til, vegna þess að sjálft meginmálið, sem hér er til umræðu, er svo mikils vert, að ekki er rétt að láta leiða sig frá umræðum um það.

Það er að vísu rétt, sem hv. 1. þm. Eyf. (BSt) sagði hér á dögunum, að atkvæði verða látin skera úr um þetta. Okkur er það ljóst, að það er þegar ákveðið, hvernig þessu máli á að lykta hér á Alþ. En það er mjög gott dæmi um veikleika stjórnarsinna í þessu máli, að svo hógvær maður og fús til rökræðna venjulega eins og hv. 1. þm. Eyf. skuli leiðast til þess að hverfa frá rökræðum og vitna til valdsins eins og segja, að rökræðurnar hafi ekki neina þýðingu. Ef hann hefði góðan málstað að verja, þá mundi hann vitanlega fagna því að eiga kost á að skýra málið hér á Alþingi og fyrir alþjóð. Það er vegna þess, að hann veit, að hlutur þeirra félaga verður þeim mun lakari, sem málið er lengur rætt, sem hann grípur til þess ráðs að segja, að allt sé fyrir fram ákveðið og að umræðurnar séu þýðingarlausar.

Ég játa það, að ég hef samúð með hans örðuga hlutskipti, að hafa verið kjörinn til þess að gerast málsvari rangindanna að þessu sinni. Honum er líka brugðið að fleiru leyti. Hann fór að efast um, að þær sagnir, sem borizt hefðu frá Rússlandi um ofbeldisstjórnarhætti þar og annað slíkt, væru allar réttar. Þegar slíkur eindreginn lýðræðissinni eins og þessi hv. þm. er farinn að gerast svo veill í trúnni, þá hlýtur eitthvað verulegt að búa undir, og það skyldi þó aldrei vera, að hann væri að vinna fyrir einhverri mikilli upphefð, sem bráðlega mundi í ljós koma og hann þyrfti fylgi kommúnista til að ná. Við sjáum, hvað í því gerist.

Ég efast út af fyrir sig ekki um það, að hræðslubandalagsmennirnir hafi verið í góðri trú í sumar, þegar þeir höguðu framboðum sínum eins og þeir gerðu, og ég efast ekki heldur um, að þeir hafi enn trú á sínum málstað, þó að þeir geri sér ljóst, að hann verður þeim mun veikari sem málið er lengur rætt. En þó að ég sem sagt gruni þá ekki um að tala á móti betri vitund, þá verð ég að segja, að ummæli eins og hjá hv. þm. Ak. (FS) eru langt úr hófi. Loka-

ummæli hans um árás á þingræði, stjórnskipun og annað slíkt, sem fælist í okkar till., eru auðvitað fjarri öllum sanni.

Hv. þm. hlýtur að gera sér þess grein, að hér er a. m. k. um mjög mikið vafamál að ræða. Eða hvernig væri hægt að skýra það með öðrum hætti, að fyrir kosningarnar töldu þrír flokkar af fimm framboð Hræðslubandalagsins vera ólögleg? Og meiri hluti landskjörstjórnar hefur tvímælalaust talið framboðin vera ólögleg; um það verður ekki efazt, því að það er eingöngu vegna þess, að meiri hl. kemur sér ekki saman að öllu leyti um það, í hverju ólögmætið felst, og um viðurlögin, að þessir fjórir menn hafa fengið kjörbréf.

Af yfirlýsingu Alþb. er það einnig óvefengjanlegt, að meiri hluti Alþ. telur, að þessir fjórir menn séu ólöglega kosnir, jafnvel þó að Alþb. af annarlegum ástæðum vilji ekki taka þá ákvörðun að senda þessa menn heim og fylgja því eftir, að þeir séu hingað til Alþingis ranglega komnir.

Ég segi: Hvernig getur nokkur maður og hvað þá jafnhógvær maður og við vitum að hv. þm. Ak. í raun og veru er fengið af sér að segja, þegar allar þessar staðreyndir eru fyrir hendi, að hér sé ekki um neitt að ræða, og talað um þetta sem árás á þingræði og stjórnskipun? Þegar vitað er, að meiri hluti flokkanna, meiri hluti Alþingis og meiri hluti kjósenda í landinu telur, að hér hafi átt sér stað fullkomin lögleysa, þá verða andstæðingarnir a. m. k. að viðurkenna, að um slíkt vafamál sé að ræða og slíkan vanda, að það minnsta, sem gera eigi, sé að rökræða málið á Alþingi, kryfja það til mergjar og íhuga af rólyndi og öfgalaust, hvort hér hafi verið farið að lögum eða lögbrot verið framin.

Því hefur mjög verið haldið fram af stjórnarstuðningsmönnum, og það kom sérstaklega fram hjá hv. 1. þm. Eyf., og hann byggði í raun og veru allan sinn málflutning á því, að þetta bandalag, hið „algera kosningabandalag“ frá því í sumar, væri nákvæmlega hið sama og bandalag sjálfstæðismanna og Bændaflokksmanna 1937. Þetta hefur að vísu verið marghrakið, en stjórnarstuðningsmenn taka engu að síður þessa fullyrðingu upp jafnóðum, og verður því ekki komizt hjá því að ræða þetta mál nokkru nánar en áður hefur verið gert.

Munurinn kemur fram í mörgu.

1937 gáfu sjálfstæðismenn og Bændaflokksmenn ekki út neina slíka sameiginlega stefnuyfirlýsingu, eins og Alþfl. og Framsfl. gerðu í vor. Þeir sömdu aldrei um neitt algert kosningabandalag, eins og Alþfl. og Framsfl. sömdu um og síðan framkvæmdu. Þvert á móti buðu sjálfstæðismenn og Bændaflokksmenn víða fram hvor á móti öðrum 1937, og hv. þm. Eyf. lagði einmitt á það mjög ríka áherzlu, að einn helzti áhrifamaður Sjálfstfl., Jón Pálmason, var þessu bandalagi algerlega andsnúinn og að í kjördæmi Jóns Pálmasonar var háð mjög hörð kosningabarátta á milli Sjálfstfl. og Bændaflokksins. Þetta rifjaði hv. þm. Eyf. upp, og ég spyr: Hvar átti nokkuð svipað sér stað í kosningabaráttunni í sumar? Þegar hv. þm. Eyf. rifjar þetta upp og nefnir það sem dæmi, þá sannar hann einmitt berlega, að þarna er meginmunur á bandalögum 1937 og 1956.

Sjálfstfl. og Bændaflokkurinn höfðu hvergi sameiginlega lista í kjöri 1937, eins og Alþfl. og Framsfl. gerðu núna a. m. k. á tveim stöðum, bæði hér í Rvík og í Árnessýslu; enn þá síður, að það ætti sér stað 1937, sem var í sumar, að fram fór beinlínis prófkosning innan Framsfl. í Rvík, prófkosning, sem tilkynnt var, auglýst í útvarpi og á annan veg, ekki um það, hver ætti að vera í kjöri sem framsóknarmaður hér í Rvík á Framsóknarflokksins eigin lista, heldur hafði Framsfl. prófkosningu um það, hver ætti að taka eitt sætið á lista Alþfl. í Rvík.

Hvaða dæmi frá 1937 er sambærilegt við þetta?

Svo segir hv. 1. þm. Eyf.: Ja, það kemur ekkert við, hvaða skoðun menn hafa, bara ef þeir segjast bjóða sig fram fyrir einhvern flokk, þá er ákvæðum kosningalaganna fullnægt. — Ég efast mjög um, að þetta standist. Ég efast mjög um, að það sé heimilt fyrir frambjóðanda að segjast bjóða sig fram fyrir flokk, ef hann er sannanlega í öðrum flokki. Ég held því fram, að slíkt sé fullkomin misbeiting á kosningalögunum, og ég held því fram, að það sé hneyksli, sem Alþingi geti ekki þolað, að slíkur skollaleikur eigi sér stað.

Þá sýndu kosningaúrslitin 1937 með eðlilegum hætti fylgi Sjálfstfl. og Bændaflokksins. Miðað við kosningaúrslitin þremur árum áður var ekkert óvenjulegt eða óeðlilegt við úrslit í kosningunum 1937. Bændaflokkurinn fær svo að segja sama hundraðshluta, ívið hærri, en svo að segja sama hundraðshluta og hann hafði fengið við kosningarnar áður, og Sjálfstfl. aðeins lægra hlutfall, rúmlega 41% í staðinn fyrir rúmlega 42% áður.

Enn fremur er sannað, að ef fylgi flokkanna hefði verið talið saman, þá mundu þeir sennilega hafa fengið einum uppbótarmanni meira en þeir fengu. Þeir kepptu um uppbótarsætin sín á milli, og það, að fylgið var talið í tvennu lagi, leiddi til þess, að þeirra þingstyrkur varð minni en ella hefði orðið. Þetta er alveg gerólíkt því, sem nú er.

Tilgangurinn 1937 var engan veginn sá að fara á nokkurn veg í kringum kosningalögin eða að afla flokkunum fleiri þingsæta en þeim bar, miðað við eðlilegt fylgi. Þvert á móti: Ástæðan til þess, að Sjálfstfl. og Bændaflokkurinn höfðu nokkurt takmarkað samstarf með sér í kosningunum 1937, var sú, að kosningarnar 1934 sýndu, að Alþfl. og Framsfl. höfðu fengið mun fleiri þingmenn en þeim bar, miðað við heildarfylgi sitt hjá þjóðinni. 1934 fengu sjálfstæðismenn og Bændaflokksmenn saman 48.7% af kjósendum, en aðeins 23 þingmenn kosna, en Frams.- og Alþfl. fengu saman 43.6%, en 25 þingmenn kosna. Það var þess vegna engan veginn neitt óeðlilegt og ekki á neinn veg til þess að fara í kringum kosningalög eða hafa nein rangindi í frammi, eins og vakti fyrir Hræðslubandalaginu nú, þó að sjálfstæðismenn og Bændaflokksmenn reyndu í nokkrum kjördæmum að styðja hvor annan til þess að hindra það, að Framsfl. og Alþfl. fengju meiri hluta á Alþingi, þó að þeir væru í miklum minni hluta hjá þjóðinni.

Það er ekki eitt, heldur er það allt, sem er svo gerólíkt um bandalagið 1937 og 1956, að mann hlýtur stórlega að furða, að jafngreindur maður og gegn eins og hv. 1. þm. Eyf. skuli láta hafa sig til þess að koma hvað eftir annað opinberlega fram á Alþingi og segja, að hér sé um „nákvæmlega hið sama“ að ræða.

Það fór ekki heldur neitt leynt í sumar, fyrir kosningarnar og áður en kæran kom fram, að hér væri um algera nýjung að ræða í íslenzkum stjórnmálum. Það verður enn að minna á ummæli hæstv. fjmrh., sem höfð eru eftir honum í Tímanum þriðjudaginn 24. apríl 1956, þegar hann hafði á fundi sagt:

„Hreinn meiri hluti þessara flokka á Alþingi næst ekki nema með nánara samstarfi en áður hefur þekkzt á milli flokka. Það dugir ekki minna en að flokkarnir sameinist algerlega í kosningum og að hver einasti maður í Alþýðuflokknum líti á sigur framsóknarmanna sem sinn sigur og hver framsóknarmaður skoði sigur Alþýðuflokksins sem sigur sinn.“

Hver og einn einasti maður í flokkunum á sem sé að líta á hinn flokkinn sem sinn flokk, og ráðherrann tekur alveg skýrt fram, að það á að verða „nánara samstarf en áður hefur þekkzt á milli flokka“. Eftir þessa yfirlýsingu og eftir það, *hvernig bandalagið var framkvæmt*, lætur svo hinn mæti 1. þm. Eyf. hafa sig að því ginningarfífli að segja, að hér sé alveg það sama og áður hefur átt sér stað. Ég ann hv. þm. Eyf. annars hlutskiptis og betra en að leika þennan bjálfalega leik, sem hann hefur látið ota sér út í. Það var ekki heldur svo, að hæstv. fjmrh. lýsti þessu yfir í nokkru fljótræði, enda held ég sannast sagt, hvað sem maður segir um hæstv. fjmrh., að þá sé hann manna sízt líklegur til þess að tala af sér eða segja annað en það, sem hann hefur vendilega undirbúið. Hann hefur og aldrei horfið frá þessari yfirlýsingu sinni eða gert neina leiðréttingu á henni. Hún var ekki heldur neitt einstök.

Það voru fleiri af talsmönnum þessara flokka, sem lýstu svipuðu yfir. Samkvæmt því, sem Alþýðublaðið hinn 22. apríl hefur eftir Emil Jónssyni, þá hafði hann sagt á fundi í Hafnarfirði það, sem nú skal greina, með leyfi hæstv. forseta:

„Með samfylkingu Alþfl. og Framsfl., með sameiginlegum framboðum þessara flokka og sameiginlegri stefnuyfirlýsingu er stefnt að því að gerbreyta íslenzkum stjórnmálum, brjóta blað í sögunni, breyta valdahlutföllum og efna til nýrra stjórnarhátta. Stefnuskráin hefur verið lögð fram, flokkarnir ganga til kosninga í einhuga fylkingu.“

Hér er ekkert verið að draga úr því, að um algera nýjung sé að ræða í íslenzkum stjórnmálum, eitthvað, sem því svipað hafi aldrei komið fyrir áður. Emil Jónsson hefur aldrei borið á móti því, að þetta sé rétt eftir honum haft.

Aftur á móti er rétt að geta þess, að það voru önnur ummæli mjög athyglisverð, sem síðar voru borin til baka, en segja þó sína sögu, því að Alþýðublaðið hefur það eftir Gylfa Þ. Gíslasyni, núv. hæstv. menntmrh., að hann hafi á fundi á Akureyri hinn 12. maí lýst því yfir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, sem nú skal lesið, að „ekki færi hjá því, að á næsta þingi yrði þingflokkur þessara flokka stærsti samstæði þingflokkur.“

Þetta hefur Alþýðublaðið eftir hæstv. núverandi ráðherra, og hæstv. ráðh. sá ekki ástæðu til að leiðrétta þetta fyrr en eftir að kæran var komin fram. Þá mundi hann allt í einu eftir því, að hann hafði ekki sagt „þingflokkur“, heldur „þingblokk“.

Það var meinleg misheyrn eða prentvilla hjá blaðinu, og leiðréttingin hefði verið markmeiri, ef hún hefði komið fram strax, en ekki eftir það, að kæran hafði komið til yfirkjörstjórnar.

Þessi hv. þm. (GÞG) á auðvitað leiðréttingu orða sinna eins og aðrir, og vitanlega dettur mér ekki í hug að halda honum að þeim orðum, sem hann segir að hann hafi aldrei mælt.

En við, sem hlustuðum á útvarpsumr. í sumar, höfum áreiðanlega margir tekið eftir því, að þegar þessir ágætu menn, eins og von var til, voru að eggja sína menn til að standa sig í kosningunum, þá notuðu þeir flest orð um sameiningu sína og vilja sinn til samstarfs, annað en þetta eina, að þeir ættu að ganga fram í einum flokki. Það var vandlega passað að nota aldrei það orð, en öll önnur sameiningarheiti voru þar notuð. Þá voru þeir farnir að gæta tungu sinnar dálítið betur en áður.

En auðvitað eru það athafnirnar, sem menn eru dæmdir eftir, en ekki orðin, þó að orðin vitanlega hafi sína þýðingu. Vitanlega hefur það þýðingu, hvaða orð menn viðhafa, en þó að þeir hefðu sagt allt þetta, sem ég hef nú rakið um „algert kosningabandalag“ o. fl., þá höfðu orðin enga þýðingu, ef þeir hefðu ekki hagað framboðunum eins og þeir gerðu. Það er athöfnin, styrkt af orðunum, sem sker úr. Og það er vegna þess, að kosningabandalagið var algert í framkvæmd, sem það á að vera algert, þegar úrslitin eru fundin, en ekki skiptast, þegar þessum herrum þóknast. Þeim tjáir ekki að hafa það algert, meðan þeir eru að afla sér fylgisins, en neita svo að taka afleiðingunum af þessari „algeru“ sameiningu. Auðvitað skilur hv. þm. (EystJ) þetta, jafngreindur og hann er. Og það er vegna þess, að hann og flokksbræður hans skilja þetta, að þeim er jafnilla við þessar umr. og raun ber vitni um. Þótt þeir hafi atkvæðamagnið og þótt þeir ætli ekki að láta rökin hafa nein áhrif, þá finna þeir, að þeir hafa gert rangt, og þess vegna þola þeir ekki, að umræðunum sé haldið áfram, að þetta mál sé lagt fyrir þjóðina og rökrætt svo sem efni standa til.

Það er einnig óvefengjanlegt, að kosningaúrslitin eru með þeim hætti, að ómögulegt er að greina á milli raunverulegs fylgis hvors flokksins um sig. Þeir segja að vísu hér, bæði hv. 1. þm. Eyf. og þm. Ak.: Alþfl. fékk þetta fylgi. Það er staðreynd, sem ekki verður haggað, og Alþfl. er þá svona stór eins og raun ber vitni um.

Ég skal leiða vitni móti þessum herrum um þetta. Við skulum alveg sleppa því að rekja, hvað sjálfstæðismenn segja um þetta, og ekki minnast á, að öll þjóðin veit, að Framsfl. er stærri flokkur en Alþfl., þótt kosningatölurnar sýni allt annað. En við skulum athuga, hvað

Tíminn, málgagn Framsfl., segir um þetta. Viðurkennir hann það, að kosningaúrslitin, kosningatölurnar, sýni raunverulegt fylgi Framsfl.? Þannig stóð á, að Morgunblaðið var að stríða Tímanum eða framsóknarmönnum með því í sumar, að nú væri Framsfl. orðinn það, sem Morgunblaðið kallar stundum „pínulitli flokkurinn", og búinn að taka þann titil af Alþfl. Tíminn var þá fljótur að svara, eins og stundum ella, og ég er ekki viss um, hvort þeim verður mikil þökk í því svari, þegar til lengdar lætur. Það er stundum betra að hugsa dálítið, áður en talað er. Tíminn sagði 3. júlí:

„Þá gerir Morgunblaðið sér mjög tíðrætt um Framsfl. sem „pínulitla" flokkinn. Rétt er það, að Framsfl. hefur nú minna atkvæðamagn á bak við sig en 1953. En það stafar ekki af fylgistapi. Kosningaúrslitin sýna vissulega, að Framsfl. hefur ekki tapað fylgi í kosningunum, heldur hið gagnstæða. Um það vitna m. a. úrslitin í þeim kjördæmum, þar sem Framsfl. hefur fyrst og fremst orðið að styðjast við eigið fylgi. Ástæðan til þess, að heildartala flokksins lækkar, er allt önnur en fylgistap. Það veit Morgunblaðið mæta vel af úrslitunum á Akureyri, Siglufirði, Snæfellsnesi og í Austur-Húnavatnssýslu, svo að nokkur kjördæmi séu nefnd. Þau sýna bezt, hve samstæður og sterkur flokkur Framsfl. er og hve auðveldlega hann getur fylkt liði eftir því, sem bezt hentar á hverjum stað. Kosningaúrslitin sýna ótvírætt, að Framsfl. er enn sem fyrr sterkasti andstæðingur íhaldsins."

Þetta segir Tíminn, orðrétt, eftir að kosningatölurnar eru búnar að sýna, að hann sé orðinn minnsti flokkurinn, jafnvel minni en „pínulitli flokkurinn".

Svo var hv. þm. Eyf. (BSt) hér að tala um, að það væri algerlega rangt, að flokkarnir gætu ráðið yfir atkvæðum kjósendanna, og auðvitað væru kjósendurnir alveg frjálsir að því, hvernig þeir kysu. Ja, hvað segir Tíminn hér? Tíminn segir beinlínis og hælist um yfir, að flokksstjórnin hafi fylkt liði, eftir því sem bezt hentaði á hverjum stað. Þarna kemur fram alger staðfesting á því, sem hv. þm. A-Húnv. (JPálm) og hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) höfðu haldið fram. (**Gripið fram í**: Skorað á menn.) Já, þeir skoruðu á menn og kannske gerðu dálítið meira sums staðar.

Nú, en látum það eiga sig. Það er alveg rétt hjá þessum hv. þm., að við kjörborðið ræður kjósandinn því einn að lokum, hvern hann kýs. Það getur verið áskorun, það geta verið hinar og þessar fortölur, það getur verið ýmiss konar þvingun, sem er beitt, en að lokum ræður kjósandinn, hvern hann kýs. Þetta er alveg rétt, og það er rétt, að kosningatölurnar urðu að lokum þær, sem þær eru, þótt þær séu alveg villandi. En enginn ber á móti því, að kjósendur Alþfl. eigi að hafa jafnrétti á við aðra, hvernig sem atkvæðin voru fengin.

Það, sem hér er verið að tala um, er eingöngu þetta: Eiga kjósendur að geta skapað sér meiri rétt en þeim í raun og veru ber, með því að fara að eins og gert var í sumar? Eiga þeir að skapa sér meiri rétt en aðrir landsmenn? Það er ekki verið að tala um að svipta kjósendurna nokkrum rétti. Þeir eiga að hafa alveg þann rétt, sem þeim ber. En eiga framsóknarmenn með því að láta fylkja sér, eins og Tíminn segir, eftir því sem bezt hentar á hverjum stað, að verða rétthærri en aðrir landsmenn? Það er það, sem hér er til úrskurðar og ákvörðunar.

Þessir menn tóku þátt í „algeru kosningabandalagi". Þeir áttu fullkominn rétt til þess að taka þátt í slíku algeru kosningabandalagi og kjósa hvern þann, sem þeim leizt. En úr því að þeir tóku þátt í hinu „algera kosningabandalagi", urðu þeir vitanlega að taka afleiðingunum af því og atkvæði þeirra að metast samkvæmt því og hið „algera kosningabandalag" að fá það atkvæðamagn á Alþ., sem því að réttum lögum ber, en ekki með rangindum fjórum þingmönnum meira en þessir menn eiga nokkra siðferðislega eða réttarlega kröfu til.

Þeir kjósendur, sem þetta gerðu, vissu ákaflega vel, hvað þeir voru að gera. Það var margtekið fram á kosningafundum víðs vegar um landið, í blöðum og í útvarpi, að 3 af 5 flokkum töldu, að svona ætti að líta á atkvæðin, og þegar kjósendurnir greiddu atkvæði, þá hlutu þeir sem góðir og skynsamir menn að gera ráð fyrir þeim möguleika, að sú leið yrði ofan á. Það liggur líka fyrir, að ýmsir af forustumönnum þessara flokka gerðu sér þess fulla grein. Þannig hafði einn af frambjóðendum Hræðslubandalagsins, frambjóðandinn í A.-Húnavatnssýslu, áður látið uppi, hvernig líta bæri á slíkt „algert kosningabandalag". Bragi Sigurjónsson hafði í blaði sínu sagt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef sameiningin væri alger, mundi það tákna, að kosningabandalagið fengi enga uppbótarþingmenn sökum atkvæðafæðar Framsóknarflokksins bak við hvern þingmann sinn. Kosninguna yrði því að vinna á kjördæmakosnum þingmönnum eingöngu."

Svo mörg eru þau orð. Þessi forustumaður Alþfl. gerði sér fullkomna grein fyrir því, áður en til þessarar deilu kom, að algert kosningabandalag væri algert, það væri ekki hægt að hlaupa frá því í miðjum klíðum og gera það að engu, sem algert er, eða sundurskilja það.

Hv. þm. Ak. lagði á það mikla áherzlu, að þetta mál væri í raun og veru útrætt; það væri búið að taka ákvörðun um það af réttum aðilum, landskjörstjórn, og Alþ. kæmi þetta í raun og veru ekkert við. Hv. þm. veit það auðvitað ofur vel, jafnvel og ég, að samkv. stjórnlögum landsins hefur Alþ. endanlega úrskurðarvaldið í þessu. Og það er ekki aðeins réttur, sem Alþ. með þessu er fenginn, heldur er það bein skylda Alþingis að gera sér grein fyrir, hvort að lögum hafi verið farið eða ekki. Alþingi hefur skylduna og getur ekki skotið sér undan henni með nokkru móti. Og eins og ég segi, þá var svo margoft tekið fram í kosningabaráttunni, að þessu mundi verða skotið til Alþingis, að engum þeim manni, sem þetta hugleiddi í alvöru, hefur getað komið annað til hugar en að Alþ. að lokum yrði um málið að fjalla og því frekar sem landskjörstjórn er tvíklofin og tveir af fimm ráða úrslitum. Þó að ekkert væri annað en það eitt, þá er það auðvitað óhjákvæmilegt, að Alþ. geri sér sjálfstæða grein fyrir málinu og athugi, hvernig á getur

staðið, að slíkur úrskurður sé kveðinn upp sem þarna átti sér stað og slík sundrung komi fram, að alger minni hluti ráði úrslitum.

Þess hefur stundum verið spurt af andstæðingum okkar í þessu máli, af hverju sjálfstæðismenn fylgdu ekki oddamanninum í landskjörstjórn, Jóni Ásbjörnssyni hæstaréttardómara. En ég spyr andstæðingana: Viljið þið fylgja Jóni Ásbjörnssyni, þið sem berið hann svo mjög fyrir ykkur? Eruð þið þá reiðubúnir til þess að fylgja Jóni Ásbjörnssyni? Eruð þið reiðubúnir til þess að láta hæstv. menntmrh. víkja af þingi? Mér er enginn sérstakur akkur í því, að hæstv. menntmrh. víki af þingi, og ég segi það, að sjálfur tel ég, að hann eigi ekki frekar að víkja af þingi en hinir þrír. En samkv. skoðun Jóns Ásbjörnssonar er hæstv. menntmrh. ólöglega kosinn. Þeir, sem alltaf eru að bera fyrir sig Jón Ásbjörnsson, vilja þeir þá fylgja honum í þessu máli? Ef þeir vilja það ekki, er sæmst fyrir þá að hætta að vitna í þann mæta mann.

Ég hef sjálfur mjög mikla tiltrú til Jóns Ásbjörnssonar og tel hann með okkar mætustu lögfræðingum. Mér kemur ekki til hugar að væna hann eða neinn af landskjörstjórnarmönnum um það, að þeir hafi gert annað en það, sem þeir telja réttast og sannast. En einmitt ágreiningurinn innan landskjörstjórnar og tvískinnungurinn í afstöðu manna þar hlýtur að sanna mönnum það, þótt ekki væri annað, að hér er um fullkomið vafamál að ræða, að ekkert fær staðizt af þeim stóryrðum, sem hv. þm. Ak. hafði um það, hversu þessi kæra væri fráleit og till. okkar ósanngjarnar.

Í mörgum deilumálum, þar sem deilt er um lög og staðreyndir, er auðvitað mikill vafi um, hver úrslit eigi að vera. Þess vegna eru höfð fleiri en eitt dómsstig. Það er ekki vegna þess, að menn væni héraðsdómarana um það, að þeir dæmi vísvitandi rangt eða séu út af fyrir sig ekki hæfir menn í sínu starfi, heldur vegna þess, að betur sjá augu en auga. Það eru mörg atvik, sem geta valdið því, að einstökum manni skjátlist í dómi sínum. Þess vegna eru líka ekki aðeins höfð fleiri en eitt dómsstig, heldur eru hafðir fleirskipaðir æðri dómstólar og víða lægri dómstólar líka. Þess vegna eru 5 menn í hæstarétti. Einn maður gæti e. t. v. annað því starfi að kveða upp dóma í öllum málunum, sem koma fyrir hæstarétt. En það er vegna þess, að talið er nauðsynlegt, að margir menn beri ráð sín saman og fleiri en einn verði sammála um niðurstöðu í vandasömum málum, sem dómurinn er hafður fjölskipaður.

Það er þess vegna síður en svo nokkurt vantraust á Jón Ásbjörnsson hæstaréttardómara eða aðra landskjörstjórnarmenn, þó að við séum þessum mönnum ósammála. Þeim skjátlaðist í þessu efni, og það er vegna þess, að Alþ. hefur gert ráð fyrir því, að slíkum mönnum geti skjátlazt, að þeir hefðu ekki að lokum rétt mat á öllum atvikum, sem það er sett í lög, að Alþ., en ekki landskjörstjórn, eigi að hafa í þessu úrslitaatkvæði.

Hitt er svo auðvitað fjarstæðara en í raun og veru ætti að þurfa að eyða orðum að, þó að ég skuli einnig svara því nokkuð, þegar hv. þm. Reykv. heldur því fram, að við sjálfstæðismenn höfum ráðið atkvæði Jóns Ásbjörnssonar í þessu efni. Það var einn af aðalforkólfum Alþfl., sem sagði það við ákveðinn sjálfstæðismann, áður en þessi úrskurður var kveðinn upp: Við vitum það, að hvernig sem Jón Ásbjörnsson kveður upp sinn úrskurð að lokum, þá verður hann gerður eftir beztu vitund og ákveðinni sannfæringu hans sjálfs.

Ég hygg, að þó að mikill hluti og ég vil segja mikill meiri hluti íslenzku þjóðarinnar sé áreiðanlega ósammála Jóni Ásbjörnssyni um úrskurð hans, þá séu allir þeir, sem eitthvað þekkja til Jóns Ásbjörnssonar, sammála þessum orðum Alþýðuflokksmannsins, að allir viti, að Jón Ásbjörnsson kvað upp úrskurð sinn eftir beztu vitund. En honum getur auðvitað skjátlazt eins og öðrum, og við teljum, að honum hafi illilega skjátlazt í þessu máli. Ég fer ekki dult með það.

Það er alveg tvennt til varðandi menn í slíkum nefndum eins og landskjörstjórn. Eiga þeir þar eingöngu að skoða sig sem umboðsmenn sinna flokka og fara eftir fyrirmælum þeirra, eða eiga þeir að skoða sig sem sjálfstæða aðila, sem sjálfstætt stjórnvald, sem á að gera sér sjálfstæða grein fyrir málefninu og kveða upp sinn eigin úrskurð og ekki fara eftir fyrirmælum annarra? Landskjörstjórnarmenn hafa áreiðanlega að meiri hluta fylgt þessari skoðun, að þeir teldu sig vera sjálfstætt stjórnvald, sem ætti að gera sér sína eigin grein fyrir málinu, en ekki fara eftir utanaðkomandi fyrirmælum. Ef það væri tilgangurinn, væri og alveg eins hægt að láta þetta bara í hendurnar á umboðsmönnum miðstjórnanna eða láta þær koma sér saman um meðferð málsins. Alþingi ætlast ekki til, að sá háttur sé hafður á. Þess vegna hefur þetta sjálfstæða stjórnvald verið skipað.

Hitt er svo annað mál, að út frá skoðun einmitt hv. 3. þm. Reykv. er það eðlilegt, að hann telji, að það séu ekki til sjálfstæð stjórnvöld í þessari merkingu. Það er einmitt skoðun kommúnista, — eitt af því, sem mest greinir þá frá lýðræðismönnum, að kommúnistar viðurkenna ekki sjálfstæði dómstólanna eða getu dómara til þess að kveða upp hlutlausan og sjálfstæðan úrskurð, heldur vilja þeir láta dómstólana og hliðstæð stjórnvöld vera beint verkfæri í höndum valdhafanna. Sú skoðun er einmitt skýringin á þeim réttarhneykslum, sem þeir sjálfir viðurkenna nú að hafi átt sér stað austur í þeirra ríkjum. Þar hafa dómstólarnir ekki sjálfstæða tilveru, heldur líta þeir eingöngu á sig sem verkfæri, er eigi ætið að hlíta valdhöfunum.

Þess vegna gerast slík ósköp eins og gerðust fyrir rúmri viku austur í Ungverjalandi, þegar þar er haldin ný jarðarför yfir mönnum, sem voru drepnir fyrir eitthvað sjö árum. Nú er grafhelgi þeirra raskað, þeir eru teknir úr moldinni, þar sem þeir höfðu verið heygðir eins og hundar, og safnað saman 200 þúsund manns í fylkingu til þess að grafa þá í heiðursgrafreit, vegna þess að nú hafa stjórnvöldin ákveðið, að þessir menn hafi verið drepnir saklausir. Sömu stjórnvöldin, að verulegu leyti sömu mennirnir, sem enn fara með völdin, ákváðu, að þessa menn skyldi drepa að ósekju. Þannig fer, þegar fylgt er þessari

kenningu kommúnistanna, að dómstólarnir eiga eingöngu að vera verkfæri í höndum valdhafanna, eru eingöngu notaðir til þess að kúga borgarana, til þess að halda þegnunum í skefjum, til þess að hindra, að einstaklingarnir hafi sjálfstæðar skoðanir og njóti mannréttinda.

Við sjálfstæðismenn erum þessari lífsskoðun gersamlega andstæðir, og það eru ekki við sjálfstæðismenn einir, heldur er það yfirleitt skoðun lýðræðissinna, að þetta sé eitt mesta mein í mannlegu samfélagi, þegar slík stjórnarstefna ræður, þegar *dómstólarnir á þennan veg eru* sviptir sjálfstæði sínu.

Við viðurkennum það ósköp fúslega, að dómurum jafnt sem öðrum getur skjátlazt, einstökum dómara þó öllu frekar heldur en mörgum dómstigum. Við viðurkennum þetta allt saman, og einmitt þess vegna erum við alveg ófeimnir að segja: Við teljum Jón Ásbjörnsson einn fremsta lögfræðing þessa lands, og við höfum aldrei reynt að segja honum fyrir verkum, en í þessu tiltekna máli skjátlaðist honum, og Alþingi er til þess sett og hefur til þess skyldu að taka þarna í taumana, að leiðrétta þá skyssu, sem hinn ágæti, flekklausi maður, Jón Ásbjörnsson, gerði sig sekan um.

En þá komum við að því, sem hv. 3. þm. Reykv. hélt fram, að það væri ekki hægt að gera þetta ógilt nú eftir á, vegna þess að kjósendurnir hefðu kosið í góðri trú á þennan úrskurð landskjörstjórnar. Hann sagði: Það er vitað mál, að ef úrskurðurinn hefði ekki fallið á þennan veg, þá hefðu margir kjósendur kosið allt öðruvísi en þeir gerðu. — Ég spyr nú hv. þm. að því og vonast til þess, að hann svari því: Gerir hann ráð fyrir því, að Hræðslubandalagið hefði fengið fleiri eða færri atkv., ef úrskurðurinn hefði gengið á móti því?

Ég geri ráð fyrir, að það kunni að vera eitthvað til í því, að úrskurðurinn hafi haft sín áhrif, en ég er eindregið þeirrar skoðunar, að úrskurðurinn, eins og hann féll, hafi orðið Hræðslubandalaginu viss lyfting í kosningabaráttunni, gefið mönnum trú á, að þrátt fyrir allt kynni svo að fara, að bandalagið lukkaðist, og þess vegna hafi þeir fengið fleiri atkv. en ella. Ef svo er, þá er a. m. k. ekki hallað á þá, þó að kosningatölurnar, eins og þær liggja fyrir, séu teknar til *greina og lagðar til grundvallar. Hræðslubanda*lagið hafði eina hina æskilegustu kosningaaðstöðu, sem mögulegt var. Úrskurður landskjörstjórnar gaf þeim óneitanlega vind í segl, og þess vegna geta þeir ekki farið fram á annað eða sagt, að á sig sé hallað, þó að þessar tölur séu lagðar til grundvallar og sagt: Þið verðið að standa við það, að þið voruð í „algeru kosningabandalagi", eins og þið sögðuzt ætla að vera. Það er alveg víst, að ekki er á þá hallað, þó að svo sé farið að.

Ég játa þó, að það er ekki hægt að fullyrða, hver áhrif úrskurðurinn hafi haft, en þá kem ég aftur að því, að kjósendurnir hlutu auðvitað að gera sér grein fyrir því, að þetta mál kæmi til Alþ., og þeir gátu ekki trúað því fyrir fram, að t. d. Alþb. væri eingöngu að nota þetta mál til áróðurs, en meinti ekki þær marggefnu yfirlýsingar, sem fram komu af þess hálfu um, að Alþingi hlyti að hnekkja úrskurði landskjörstjórnar. Það hefur nokkuð verið lesið upp af því, sem Þjóðviljinn sagði um þetta mál fyrir kosningarnar. En Alþb. hafði fleiri málgögn, þ. á m. blað, þar sem ritstjórinn var einn af þm., sem nú eiga að greiða atkv. um þetta, hv. 4. landsk. þm. (FRV). Í blaðinu Útsýn, sem hann gaf út, segir berum orðum: „Alþingi er hæstiréttur í málum kosningasvindlara." Þetta er sagt 4. júní, og svipað þessu er síðan margendurtekið í blaðinu, t. d. segir blaðið hinn 18. júní, hér um bil viku fyrir kosningar: „Það er of augljóst svindl. Þingsætaþjófnaður verður ekki látinn viðgangast fremur en annar opinber þjófnaður."

Nú sjáum við, hvort hv. þm., sem þetta skrifaði og á þessu ber ábyrgð, ætlar að láta þingsætaþjófnað viðgangast, því að væntanlega er ekki hinnar nýju stjórnar að löggilda annan opinberan þjófnað.

Kjósendur gerðu sér vitanlega fulla grein fyrir því, að það var möguleiki, svo að vægt sé talað, á því, að Alþ. skærist í þennan leik, og ég vil segja, að hv. þm. Alþb. bregðast illilega sínum kjósendum, ef þeir standa ekki við þau heit, hinar marggefnu yfirlýsingar um það, að Alþ. ætti að taka um þetta sjálfstæða ákvörðun og úrskurða í málinu.

Hv. 3. þm. Reykv. segir: Það er ekki hægt að kjósa upp aftur, það yrði þá að ógilda allar kosningarnar, og það er ekki ástæða til að kjósa aftur bara vegna deilu um hlutföll milli stjórnarflokkanna. — Hver segir, að deilan verði einungis um það? Það skyldi þó aldrei vera svo, að hv. þm. vilji ekki taka afleiðingunum af því, að kjósendurnir hafi kosið á röngum forsendum, vegna þess að þessir herrar séu hræddir við að ganga fram fyrir kjósendur nú aftur, af því að þeir óttast, að kjósendurnir snúi algerlega við þeim baki og Sjálfstfl. fái hreinan meiri hluta við nýjar kosningar, ef þær nú yrðu?

Við sjáum virðingu Alþýðubandalagsins fyrir kosningaheitum sínum, og Hræðslubandalagið lýsti hvað eftir annað yfir því, að þeir ætluðu ekki að vinna með kommúnistum að loknum kosningunum. Það er ósköp eðlilegt, að þeir menn, sem strax að afloknum kosningum ganga þvert ofan í helztu yfirlýsingar, gefnar fyrir kosningar, séu hræddir við að koma fram fyrir kjósendur skjótlega aftur og vilji láta nokkurn tíma líða þangað til kjósendurnir fái að dæma í málum manna.

Við sjálfstæðismenn óttumst ekki að ganga fram fyrir kjósendur, hvort heldur af þessum sökum eða öðrum, heldur lítum vonglaðir til þeirrar baráttu, hvenær sem hún verður. Hitt er svo annað mál, að við teljum, að það sé ekki ástæða til að ógilda alla kosninguna af þessum sökum, þó að ég segi það fyrir mitt leyti, að ég vildi frekar gera það heldur en láta þessi rangindi haldast. Við teljum, að það sé ekki ástæða til slíkrar ógildingar, við teljum, að fullkomnu réttlæti verði fullnægt með því, að þessir 4 rangkjörnu þm. verði látnir hverfa heim og þeir kvaddir í þingsalinn í staðinn, sem til þess hafa raunverulegt fylgi þjóðarinnar.

Hv. 3. þm. Reykv. veit ofur vel, að afstaða

þeirra félaga hefur valdið mikilli óánægju í þeirra eigin herbúðum. Hann veit það, að einn af mestu ráðamönnum þeirra hér í bænum sagði t. d. í nokkuð fjölmennum hóp, skömmu eftir kosningarnar: „Er það þá virkilega svo, að við eigum að telja þessa fjóra Alþýðuflokksþingmenn réttkjörna, bara ef Gylfi vill hafa okkur með í stjórn, en ef hann vill ekkert með okkur hafa að gera, þá eigum við að vera með því að reka þá af þingi?“

Fólkið finnur ósköp vel þau óheilindi, sem hér eiga sér stað, þá brigðmælgi gagnvart því og þau svik, sem þessir flokkar hafa gert sig seka um í sambandi við þetta mál.

Það er líka mjög athyglisvert, að í þessum umræðum hefur enginn, ekki einn einasti þm., gerzt talsmaður þess, að það væri sanngjarnt, að þessir 4 menn ættu sæti á Alþ. Það mesta sem var hægt að toga út úr hv. þm. Ak. og 1. þm. Eyf., var þetta, að lög væru lög og þeim yrði að fylgja, þangað til þeim væri breytt, hvort sem þau væru réttlát eða ranglát. Út af fyrir sig er það rétt, að ef lögin eru ótvíræð, þá verður að fylgja þeim. En ef þau eru vafasöm, og fram hjá því verður aldrei komizt, að hér leiki mjög mikill vafi á, þá er hið eina eðlilega og rétta að túlka lögin í samræmi við sanngirni og heilbrigða skynsemi, svo sem við sjálfstæðismenn förum fram á að gert verði.

Við sjálfstæðismenn viðurkennum fúslega, að á núverandi kjördæmaskipun, kosningalögum og stjórnarskrárákvæðum eru verulegir gallar. Við höfum meira að segja sjálfir sýnt fram á það, að við þyrftum ekki að fá nema nokkur hundruð atkvæðum meira í nokkrum kjördæmum til þess að fá einir hreinan meiri hluta á Alþ. Þetta er staðreynd, sem er óhagganleg.

Hv. 3. þm. Reykv. var að bera það, að við hefðum bent á þessa staðreynd, saman við þá kosningaklæki, sem Hræðslubandalagið gerði sig sekt um. Það er auðvitað eins víðs fjarri og frekast getur verið, að þetta sé sambærilegt, eða ætlast hv. þm. eða nokkur heilvita maður til þess, að vegna þess að við getum fengið hreinan meiri hluta með jafnlítilli fylgisaukningu í nokkrum kjördæmum, þá ættum við bara að hætta að bjóða fram í þessum kjördæmum og segja: „andstæðingarnir eiga að halda þeim“. Þetta sjá auðvitað allir, að ekki kemur til greina. Við verðum að berjast innan ramma kosningafyrirkomulagsins, eins og það er á hverjum tíma.

En við höfum einmitt gerzt talsmenn þess, að þessu kosningafyrirkomulagi ætti að breyta. Hv. 3. þm. Reykv. upplýsti það hér, að nú ætti að skipa nýja nefnd, sem ætti að reyna að koma sér saman um breytingu á kosningalögum og kjördæmafyrirkomulagi. Það er góðra gjalda vert, ef slík tilraun er gerð, en sú tilraun er búin að standa nokkuð lengi. Allt frá því á árinu 1944 hafa verið starfandi hinar og þessar stjórnarskrárnefndir, sem hafa verið að reyna að finna lausn á þessu máli. En sú lausn hefur ekki fundizt, og hefur þó ekki staðið á okkur sjálfstæðismönnum.

Í þeirri stjórnarskrárnefnd, sem hefur verið starfandi nú síðast, — ég veit ekki, hvort á að telja hana starfandi eða ekki, — hafði ég formennskuna. (**Félmrh.**: Hún er sjálfsagt dáin.) Ég geri ráð fyrir því, þó að ég hafi ekki séð bráðabirgðalög um það enn þá. Það er nefnilega dálítið til í því, að það dó allur áhugi hjá Framsókn, Alþfl. og kommúnistaflokknum til að leggja nokkuð fram í þessu máli, þegar að því kom að segja hið ákveðna orð.

Við höfðum starfað mörg ár í þessari nefnd, og ég hafði gert margar tilraunir til þess að fá þar samkomulag eða að minnsta kosti einhverjar till. frá okkar andstæðingum. Þeir töluðu vítt og breitt um málið, voru með alls konar bollaleggingar, en alltaf þegar kom að því, að ákveðnar till. ætti að gera, þá þögnuðu þeir, þá fengust þeir ekki til þess að segja neitt. Þess vegna var það, að okkur leiddist þófið, sjálfstæðismönnunum, og seint á árinu 1952 lögðum við fram alveg ákveðnar till. í stjórnarskrármálinu. (Gripið fram í.) — Við vorum klofnir um eitt atriði, það er alveg rétt, — já, nokkuð mikils vert, en við sögðum, að við gætum allir verið sammála um aðra lausnina, ef samkomulag fengist við þá hina um hana. Till. okkar voru lagðar fram, þær liggja opinberlega fyrir, hafa verið birtar í blöðum, svo að hver getur séð þær, og verði það vefengt, þá get ég lesið þær hér upp og hef þær með mér, en ég tel það óþarft á þessu stigi málsins.

Andstæðingarnir fengust hins vegar ekki með nokkru móti til þess hvorki að gera sjálfstæðar till., gera brtt. við okkar till. né segja til um, hvort þeir væru með okkar till. eða ekki, þannig að það reyndist gersamlega þýðingarlaust að halda nefndarfundum áfram. Þó hef ég síðan með hæfilegu millibili öðru hverju spurt nefndarmennina að því, hvort þeir teldu ástæðu til eða þýðingu hafa að kalla nefndina saman aftur, þannig að þeir fengjust til að gera einhverja till., en þeir hafa neitað því. Ég man sérstaklega, að á síðasta þingi spurði ég t. d. hv. 3. þm. Reykv., sem var í nefndinni, um það, hvort hann teldi ástæðu til þess að halda nefndarfundi eða það hefði nokkra þýðingu. Hann kvað það fjarri vera, sagði það mundi vera gersamlega þýðingarlaust. Hér skal þó undantaka einn, sem bar fram till., og það er hv. þm. S-Þ. (KK), en hans till. var ákaflega einkennileg. Hún var nánast um það, að „þjóðarandinn“ ætti að leysa málið. Kalla átti saman þjóðfund, og var þar það eitt ákveðið, að enginn þm. mátti eiga sæti á þeim þjóðfundi. Sú till. fékk ekki byr hjá neinum nema þessum góða nefndarmanni sjálfum. En öðrum framsóknarmanni, sem var í nefndinni, ágætum manni, prófessor Ólafi Jóhannessyni, varð svo mikið um, þegar hann sá tillögurnar frá okkur sjálfstæðismönnum, að hann sagði sig úr nefndinni.

Ég vona, að þessum hv. mönnum komi saman um einhverja till. í þessu máli. Ég vona það af heilum hug, til þess að hægt sé að taka málið upp til ákveðinnar úrlausnar, því að vitanlega gera sér nú orðið allir grein fyrir því, að sú kosningaskipun, sem á þessu er, dugir ekki lengur. En því miður held ég, að það mál eigi töluvert langt í land enn þá, því að Framsfl. hefur aldrei verið reiðubúinn til þess að reyna að finna lausn á málinu. Hann hefur ætíð viljað skipa nýja og

nýja nefnd í málið, en þegar hefur komið að því, að málið ætti að leysast í raun og veru, hefur hann horfið frá og ekki fengizt til neinnar lausnar. Batnandi manni er bezt að lifa, og við skulum vera bjartsýnir um, að þeir verði skárri í þessu máli en öðru. Einhvers staðar hlýtur hið góða að koma fram. (Gripið fram í.) Jú, það er enginn svo, að hann sé alvondur, jafnvel ekki framsóknarmenn.

Um hitt mætti spyrja, af hverju sjálfstæðismenn hafi ekki lagt fram sínar till. á Alþingi í þessu máli. Auðvitað er það til athugunar, að við leggjum þær fram á Alþingi, en hingað til hefur verið vitað, að það væri gersamlega þýðingarlaust að koma með þetta mál inn á þingið, enda höfum við viljað í lengstu lög leita samkomulags um þetta grundvallarmál, áður en það væri dregið inn í hatramma flokkabaráttu.

Ég hef reynt að ræða þetta mál með rökum og sýna fram á, að Alþingi ekki aðeins hefur rétt til, heldur ber því skylda til að kveða upp í því úrskurð. Ég hef talið það þess vert að ræða málið hér og ræða það öfgalaust frá mínu sjónarmiði, þó að ég viti, að ég tali fyrir daufum eyrum hér í sölum Alþingis að því leyti, að meiri hlutinn er þegar búinn að semja um, hver lok málsins eigi að verða. En það er ekki aðeins talað til þeirra eyrna, sem hafa lokað sjálfum sér hér í sölum Alþingis. Það er einnig talað til þjóðarinnar, til hennar heilbrigðu dómgreindar. Og hvað sem þessum umr. og þeirri valdbeitingu líður, sem að lokum verður framin í þessu máli, mun þannig verða haldið á málinu af okkur sjálfstæðismönnum, að engum komi til hugar framar að reyna slíkt ranglæti, að reyna þvílíkt brot á lýðfrelsi og réttum stjórnháttum eins og framið var með hinu algera kosningabandalagi í sumar. Og það skal sannast, þótt síðar verði, að samvizkan er svo vakandi hjá þessum mönnum og óttinn við kjósendurna, að þeir þora ekki að leika sama leikinn enn á ný.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það kom hér fram í upphafi ræðu hv. 1. þm. Reykv. fsp. til mín um það, hverju sætti, að dómsmrn. hefði ekki sent Alþ. kæru Alþýðubandalagsins yfir kosningunum í Suður-Múlasýslu. Þær ástæður liggja til þess, að kæran hafði verið tekin til baka, áður en Alþ. hóf störf sín, og var kæran þar af leiðandi ekki send hingað.

Ég vil svo, herra forseti, nota þetta tækifæri, um leið og ég svara þessari fsp., til þess að óska eftir, að þessum fundi verði haldið áfram í dag og helzt svo lengi, að hægt sé að ljúka umræðum um þetta mál í dag. Þannig er því fullnægt, að alþingismenn geti talað um þetta mál að sinni vild, en jafnframt komið í veg fyrir, að störf Alþ. dragist úr hófi fram.

Ég ætla svo ekki að taka þátt í þessum umr. á þessu stigi, því að mér virðist satt að segja, að ég hafi heyrt öll þau rök, sem komið hafa fram hér með málinu og móti, hvert einasta, áður á pólitískum fundum í sumar og í blöðum. Hins vegar er langt frá því, að ég vilji amast við þessum umræðum, eins og kemur fram af framangreindri ósk minni til forseta.

Síðari frsm. 2. kjördeildar (Jón Pálmason): Herra forseti. Síðan ég flutti mína framsöguræðu um þetta afbrotamál s. l. fimmtudag, hafa nokkrar ræður verið fluttar af fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna, en yfirleitt hafa þeir gefizt upp við að koma með nokkur frambærileg eða sæmandi varnarrök fyrir kosningasvikum Hræðslubandalagsins. Ég verð þó að segja hér nokkur orð í tilefni af því, sem fram hefur komið hjá þessum mönnum.

Byrja ég á frsm. meiri hl. 1. kjördeildar, þeim manni, sem við verðum hér illu heilli að kalla hv. þm. Ak. Það er mjög við hæfi, að stjórnarliðið skyldi velja þennan mann til að verja hér á Alþ. öll sín afbrot gegn stjórnarskrá og kosningalögum í síðustu kosningum. Ég segi svo af því, að þessi maður er sjálfur einn allra sekasti aðilinn í þessu máli. En af því að þetta er fullorðinn maður og lögfræðingur, ætti hann að vita, hvað hann hefur aðhafzt. Og maður hefði getað gert ráð fyrir, að hann hefði það vakandi blygðunartilfinningu, að hann hefði forðazt það meira en aðrir menn í þessum sal að taka til máls við þessar umræður. Ég ætla nú að segja fáein orð til þessa manns, meðfram vegna þess, hver saga hans er í síðustu kosningum, en einkum vegna þess, að hann lét í ljós mikla undrun í ræðu sinni á fimmtudaginn út af því, að ég skyldi leyfa mér að tala um lögbrot, rétt eins og það sé ákaflega litilfjörlegt að tala um svo smávægilega hluti í sambandi við síðustu alþingiskosningar.

Við sjálfstæðismenn höldum því fram, að samvinnan í Hræðslubandalaginu hafi verið svo alger og náin, að ekki sé annað fært en að skoða það sem einn flokk við úthlutun uppbótarþingsæta. Undir þetta tóku tveir aðrir flokkar af fullum krafti í vor, Alþýðubandalagið og Þjóðvarnarflokkurinn. Þessu neitar Hræðslubandalagið harðlega. Það segist vera tveir flokkar áfram og bara einn á meðan á kosningunum stóð. Það vill annan daginn vera einn flokkur, hinn daginn tveir flokkar, og hefur nú keypt upp þingmenn Alþýðubandalagsins til að samþykkja, að það sé tveir flokkar. Ber því að ræða útkomuna með hliðsjón af því og sýna fram á lögbrot þau og óheilindi, sem augljós eru, þegar við það er miðað.

Út frá þeirra sjónarmiði hefur því verið mótmælt hér, að nokkur af frambjóðendum Hræðslubandalagsins hafi í síðustu kosningum verið frambjóðandi fyrir tvo flokka. Fyrir því hafa þau ein rök verið færð, að þess hafi hvergi verið getið í framboðsyfirlýsingu nokkurra þessara manna, að þeir væru frambjóðendur fyrir tvo flokka eða fleiri. Það er vitað og rökstutt með tilvitnunum í þrjár greinar kosningalaganna af minni hálfu, að lögin gera ráð fyrir framboðum fyrir fleiri en einn flokk. Þau banna það lögbrot og ákveða hegninguna fyrir það. En ég hygg, að engum lagasmið hafi nokkurn tíma komið til hugar, að svo mikill glópur væri samþykktur í framboð við alþingiskosningar, að hann gæfi um það yfirlýsingu fyrir fram í framboði sínu, að hann byði sig fram fyrir tvo flokka, og ætlaði þar með að brjóta kosningalögin. Ég hef heldur aldrei heyrt þess getið, að þeir menn,

sem ætla á öðrum sviðum að fremja afbrot gegn lögum, hvort sem það er þjófnaður, fölsun, svik eða aðrir glæpir, auglýstu ætlun sína fyrir fram. Það kann að vera, að þeir, sem þekkja betur sakamálasögurnar, viti um slík dæmi, en ég er ófróður á því sviði og hef heldur aldrei heyrt getið um slíkt. Eins er með framboðin. Afbrotin koma fram í verkinu sjálfu. Það er reynslan, sem sannar afbrotið, en ekki neinar yfirlýsingar um ákvarðanir fyrir fram.

Hvernig kemur þetta svo út með frambjóðendur Hræðslubandalagsins? Ég og margir aðrir hafa tilgreint hin landskunnu dæmi um kjörlista beggja flokkanna í Reykjavík og í Árnessýslu, þar sem á lista við hlutfallskosningar er raðað saman mönnum úr tveimur flokkum og þar á meðal alþekktum forustumönnum líka úr þeim flokki, sem ekki er talið að listinn sé borinn fram fyrir. Þarna eru sannanirnar um afbrotið svo augljósar, að þær blasa við augum allrar þjóðarinnar. En tökum næstu dæmi úr einmenningskjördæmum, t. d. Akureyri og víðar. Hverjar skyldu þar vera sannanirnar fyrir því lögbroti, að frambjóðandinn er frambjóðandi tveggja flokka, ef það er ákveðið eins og hér á að gera, að þetta bandalag sé tveir flokkar? Þær sannanir liggja líka nokkuð ljóst fyrir. Fyrsta sönnun: Flokksfélög tveggja flokka samþykkja á fundum hvert hjá sér að stilla fram sameiginlegum frambjóðanda fyrir báða flokkana, þó að hann megi ekki bera heiti nema annars, svo að hægt sé að svíkja út uppbótarþingsæti á hin atkvæðin. Önnur sönnun: Forustumenn beggja flokkanna raða sér saman á meðmælendalista hins sameiginlega frambjóðanda. Þriðja sönnun: Flokksfundir eru haldnir til að herða upp kjósendur til fylgis við frambjóðandann, einkum í þeim flokki, sem maðurinn telst ekki til. Fjórða sönnun: Blöð beggja flokka skrifa um það viku eftir viku og dag eftir dag, hver nauðsyn sé, að fólkið í báðum flokkum fylki sér um hinn sameiginlega frambjóðanda beggja flokkanna, enginn megi ganga undan, enginn megi svíkja, eins og áróðursmennirnir hamast á, allir verði að fylgjast að. Fimmta sönnun: Launaðir sendimenn eru látnir fara hús úr húsi og bæ frá bæ, stundum með frambjóðandanum, stundum án hans, til að tala um fyrir fólkinu að kjósa manninn, þó að hann sé úr öðrum flokki en Framsfl. eða þá Alþfl., eftir því, hver á í hlut. Sjötta sönnun: Á framboðsfundum flytja helztu áhugamenn heitar ræður til að skora á flokksmenn að fylgja nú hinum tvöfalda frambjóðanda og um að gera að fara ekki til andstæðinganna. Sjöunda sönnun: Atkvæðatölurnar, þegar talið er upp úr kössunum í lögbrotakjördæmunum, sanna það, svo að enginn getur verið í vafa um, að spilið hafi heppnazt.

Í mörgum þessum svikakjördæmum voru allar þessar sannanir til staðar í síðustu kosningum að talningu lokinni, brotið gegn 29. gr. kosningalaganna sannað, svo að ekki var um að villast. Í öðrum lágu sumar sannanirnar fyrir, en aðrar ekki. Í engu einmenningskjördæmi var þó sönnunin eins ljós og Akureyrarbæ. Þar lá það ljóst fyrir, að kjördæmið var með lögbrotum svikið af heiðarlegum og ágætum alþingismanni, Jónasi Rafnar. Kosningatölurnar eru öruggasta sönnunin. 1953 fékk Framsfl. þarna 877 atkv., en Alþfl. 518 atkv. 1953 fékk Jónas Rafnar 1400 atkv., nú 1562 atkv. Nú fékk Friðjón Skarphéðinsson 1579 atkv., eða 184 atkv. umfram sameiginlega tölu beggja flokka 1953. Hjá báðum byggist hækkunin á fólksfjölgun í bænum vegna sameiningar Glerárþorps. Undanfarið hefur Framsfl. unnið á í þessu kjördæmi. Engar líkur eru til annars en að svo hefði einnig verið nú, en það hefði komið í ljós með sérkosningu. Sennilegt er því, að sá flokkur hafi átt 1000 atkv. af fylgi hins nýja þingmanns. En Framsfl. var vonlaus um að fella Jónas Rafnar á löglegan hátt. Þess vegna var gripið til lögbrotanna. Sá flokkur er þarna aðalsakaraðilinn. En frambjóðandinn ber ábyrgðina, og hún er miklu þyngri og alvarlegri vegna þess, að maðurinn er bæjarfógeti í hinu virðulega bæjarfélagi og á að gæta þar laga og réttar. Þegar svo þessi herra kemur inn á Alþingi, þá er hans fyrsta verk að ganga fram fyrir skjöldu sem framsögumaður fyrir allt svikafélagið, til að verja lögbrot og svik sín og annarra. Og hann lætur mikla undrun í ljós yfir því, að nokkur heiðvirður maður á Alþingi skuli leyfa sér að tala um lögbrot.

Þessi maður, sem talinn er lögfræðingur, sýnir um leið svo furðulega vanþekkingu á lögum að halda því fram, að úrskurður landskjörstjórnar um kjörbréf sé endanlegur úrskurður, sem ekki sé hægt að hagga. Þegar ég heyrði þetta, datt mér í hug: Hefur þessi lögfræðingur aldrei lesið kosningalögin? Mér þætti það satt að segja nærri trúlegast, að þessi og margir aðrir frambjóðendur Hræðslubandalagsins hafi aldrei lesið kosningalögin, a. m. k. ekki fyrir kosningar, þess vegna hafi þeir látið sér verri menn leiða sig eins og blindingja út á þá braut, sem þeir hafa gengið. En það ættu þeir að vita, sem lesið hafa lögin, og a. m. k. allir lögfræðingar að vita, að það er Alþingi, sem á að úrskurða um allar kosningar. Það getur líka ógilt útgefin kjörbréf, þó að engin kæra hafi komið fram og þó að málið hafi alls ekki verið tekið fyrir í landskjörstjórn. Þetta er m. a. ákveðið í 142. gr. kosningalaganna, ef frambjóðandi, sem nær kosningu, hefur brotið 29. gr. sömu laga.

Sagan um Akureyrarkosninguna er fjarri því að vera búin með því, sem ég hef hér sagt. Viðbótin er m. a. sú, að út á hér um bil 1000 Framsóknarflokksatkvæði úr þessu eina kjördæmi á nú Alþfl. að fá uppbótarþingsæti til jöfnunar milli þingflokka. Og þessi furðulegi þm. Ak., sem er dómari í höfuðstað Norðurlands, telur „það algert brot á stjórnarskrá og kosningalögum, brot á viðurkenndum lýðræðisreglum og ofbeldi gegn þessum kjósendum“, ef Alþfl. skyldi ekki fá uppbótarsæti út á atkv. þessara 1000 kjósenda Framsfl. á Akureyri og nokkur þúsund annarra Framsóknarkjósenda.

Akureyrarkosningin er svartasta dæmið frá síðustu kosningum, þó að mörg önnur séu ljót. Að svo er, stafar af því, að þarna var eina dæmið á landinu, þar sem frambjóðandi nær kosningu og fellir vinsælan alþingismann með því móti, að yfirgnæfandi meiri hl. atkv., sem hann fær, er bersýnilega frá öðrum stjórnmálaflokki en

þeim, sem hann telur sig í framboði fyrir. Og það er að vilja og vitund frambjóðandans, að hinn stærri flokkur vinnur að því með margvíslegum opinberum og leynilegum aðferðum að fá sína kjósendur til að kjósa þennan tvöfalda frambjóðanda, sem er úr öðrum flokki en þeim, sem sá kjósendahópur fylgir, sem er miklu stærri en hinn. Þó að þessi tvöfaldi frambjóðandi þykist vera einfaldur, þá er það fyrir hann engin afsökun.

Mörg önnur dæmi frá Hræðslubandalaginu eru á sömu línunni, en öll í smærri stíl.

Næst þykir mér ástæða til að segja fáein orð út af ræðu hv. 1. þm. Eyf., er hann flutti á föstudaginn var. Verð ég að byrja á því að geta þess, að það veldur mér sárum vonbrigðum og hryggð, að þessi vinur minn, sem ég tel að öllu eðlisfari virðulegan mann og góðan dreng, skuli leggja sig í það svað að verja svona vondan málstað sem hann hefur nú gert. Það sannast á honum, að hættulegt er að vera í vondum félagsskap og hver dregur nokkurn dám af sínum sessunaut.

Það er eins og þessi hv. þm. hafi fallið í tröllahendur og komizt í álagaham við það að lenda í þessu rótspillta félagi, sem við köllum Hræðslubandalag. Sú er þó bót í máli, að flest af því, sem hann hefur hér sagt nú, er ekki frá honum sjálfum, heldur endurtekning á því, sem aðrir honum verri menn hafa áður haldið fram.

Öll vörn þessa hv. þm. er byggð á því, að öll starfsemi og allar aðferðir Hræðslubandalagsins séu eins og var hjá bandalagi Sjálfstfl. og Bændaflokksins fyrir 19½ ári. Ég hef í minni fyrri ræðu sýnt fram á, hvílík reginfjarstæða þetta er. En ég vil bæta því við að nefna aðra hlið þessa máls. Ég var andvígur þessu bandalagi forðum, eins og hv. 1. þm. Eyf. tók fram, en ég tel það mér ekki sæmandi að þræta um það nú, hvort einhverjir menn, lifandi eða dauðir, hafi framið einhver lögbrot fyrir 19—20 árum. Hv. þm. talaði aðallega um afbrot framliðinna manna til afsökunar fyrir sitt Hræðslubandalag. Setjum svo, að einhverjir slíkir menn hefðu brotið lög fyrir 19—20 árum, sem ég segi ekkert um, þá væri það engin afsökun fyrir lögbrotum starfandi stjórnmálamanna nú. Það er langt fyrir neðan virðingu slíks manns sem Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf., er að fara niður í þá for, sem sannar pólitíska spillingu á hæsta stigi og þekkt er frá sumum hans flokksbræðrum. Hún einkennist með þessu: Ef einhver annar maður hefur gert rangt, þá er mér frjálst að gera það líka, hve langt sem um er liðið. — Ég vona og óska, að vinur minn Bernharð Stefánsson geti að fullu hrist af sér þann álagaham að fara nokkru sinni aftur inn á þvílíkar götur.

Hann sagði, þessi sami hv. þm., að ég hafi haldið því fram, að sumir frambjóðendur Hræðslubandalagsins hafi framið refsivert athæfi. Þetta er rétt. Hitt er rangt, að ég hafi nokkuð imprað á tukthúsvist í því sambandi. Maðurinn veit, að refsing fyrir brot á 29. gr. kosningalaganna er samkv. 147. gr. sömu laga 20—200 kr. sekt, en kjörbréf sekra þm. getur líka Alþingi ógilt, ef því sýnist svo. Þá skal ég geta þess, að hv. 1. þm. Eyf. talar nú svo, að ætla má, að hann sem kjósandi í Akureyrarbæ hafi 24. júní kosið Alþýðuflokksmanninn Friðjón Skarphéðinsson, kannske líka verið hans meðmælandi. Það sýnir, að hann hefur talið þann frambjóðanda líka frambjóðanda fyrir Framsóknarflokkinn.

Í þessu mundi ekki felast neitt lögbrot frá hv. þm. En ég nefni þetta af því, að heldur sýnir það skásett augu í okkar pólitík, ef slíkur héraðshöfðingi og fulltrúi eyfirzkra bænda sem Bernharð Stefánsson er hefur gerzt kjósandi manns úr öðrum flokki í Akureyrarbæ. En þetta mun síður en svo vera einsdæmi í Framsfl. nú. Bernharð er áreiðanlega ekki einn á götunni. Hér í Rvík eru, svo sem kunnugt er, búsettir 6 alþm. Framsfl.: hæstv. forsrh., Hermann Jónasson, fyrrv. hæstv. forsrh., Steingrímur Steinþórsson, hv. þm. N-Þ., Gísli Guðmundsson, hv. 1. þm. N-M., Páll Zóphóníasson, hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, og hv. þm. Barð., Sigurvin Einarsson. Vafalaust hafa allir þessir menn notað sinn atkvæðisrétt hinn 24. júní eða í síðustu kosningum og fylgt þeirri reglu, sem þeir sjálfir börðust fyrir. Þeir hafa kosið lista Alþfl., kannske einkum vegna Rannveigar. Fyrir því er jafnmikil vissa, þó að kosningin sé leynileg, eins og fyrir því, hvernig þeir þm. og frambjóðendur kjósa, sem búsettir eru innan síns kjördæmis. Samkv. þessu hafa sjö af 17 þm. Framsfl. kosið Alþfl. í síðustu kosningum. Út á þessa sjö þm. Framsfl. og allt þeirra fólk á nú Alþfl. að fá uppbótarþingmenn til jöfnunar milli þingflokka, og bæjarfógetinn á Akureyri mundi dæma, að það væri brot gegn stjórnarskránni, kosningalögunum og öllu lýðræði og ofbeldi við þessa sjö framsóknarþingmenn, ef Alþfl. fær ekki uppbótarþingmenn út á þá. Sennilega hafa líka þessir sex þm. Framsfl. í Rvík verið meðmælendur á lista Alþfl. Ég veit það ekki, en ég mundi treysta hæstv. menntmrh., Gylfa Þ. Gíslasyni, bezt til þess að upplýsa það hér, hvort hann hefur ekki haft þessa sex framsóknarþingmenn í greip sinni sem meðmælendur á lista Alþfl. En Alþfl. hefur ekki getað borgað þetta í sömu mynt, því að enginn þm. Alþfl. mun hafa kosið Framsfl., hann hefur ekki átt kost á því. Þeir verða því að færa greiðsluna í annarri mynt.

Þá vil ég segja örfá orð út af ræðum hv. 3. þm. Reykv. (EOl), þó að hann hafi áður fengið allrækilegar ádrepur. Í þau 19 ár, sem ég hef verið með þessum flóðmælska og gáfaða stjórnmálaforingja, hef ég heyrt hann flytja hundruð af ræðum. En ég minnist þess ekki, að hann hafi nokkru sinni komizt út í slíkar ógöngur eins og í ræðu sinni út af lögbrotum Hræðslubandalagsins s. l. fimmtudag. Þetta sýnir og sannar, að málstaðurinn er vondur. Raunar hefur þessi hv. þm. oft áður haft hæpinn málstað, en þetta mun þó vera skítugasta málið, sem komið hefur til kasta Alþingis mjög lengi.

Það hafa verið lesnar hér upp ýmsar lýsingar á aðferðum og starfsemi Hræðslubandalagsins, sem birtust í Þjóðviljanum um síðustu kosningar. Margt af því er rétt fram tekið og í fullu gildi, enda hefur form. Sósfl., Einar Olgeirsson, ekkert tekið aftur af því, sem ekki stendur heldur til. En hann hefur komizt út á hættulega gler-

hálku í rökvillum, sem þó er ekki honum líkt. Hann viðurkennir og játar, að Hræðslubandalagið hafi í aðferðum sínum og kosningasvikum farið alveg ólöglegar leiðir, en hann vill færa allar sakir þess vegna á landskjörstjórn. Ég verð nú að segja það, að þessi þriklofna landskjörstjórn er nægilega aum, þó að ekki séu bornar á hana meiri sakir en hún á fyrir. Hún á engin upptök að þeim lögbrotum, sem framin hafa verið, þó að hana hafi skort þrótt til að taka á málinu svo einbeittlega og heiðarlega sem efni stóðu til. En það slær alvarlega út í fyrir hv. 3. þm. Reykv., þegar hann eftir allar skammirnar um landskjörstjórn heldur því fram, að vegna þess að meiri hluti hennar hafi úrskurðað málið, geti Alþingi ekki breytt því. Ég undrast miklu minna, þó að svona rökvilla komi frá hv. þm. Ak., en að hún skuli ganga aftur frá svo gáfuðum manni sem 3. þm. Reykv. er, það er undarlegt, og frá honum er vitleysan enn verri, því að hann viðurkennir ósómann frá byrjun, en hinn ekki.

Setjum nú svo, að hv. 3. þm. Reykv. væri dómari í hæstarétti, sem samsvarar Alþingi í þessu tilfelli, og hann ætti að dæma í stóru afbrotamáli, sem komið væri frá þriklofnum undirrétti. Þá er hans afstaða í málinu, samkv. ræðunni, þessi: Ég veit og skil og viðurkenni, að hinir kærðu eru sekir, svo að ekki er um að villast, en af því að einn hluti undirréttar hefur sýknað þá, þá get ég sem hæstaréttardómari ekki breytt því.

Aumari uppgjöf á allri eðlilegri röksemdafærslu hef ég sjaldan heyrt og aldrei nokkurn tíma frá svo greindum manni sem Einar Olgeirsson er. En það er auðséð, hvað veldur. Skoðanir, sál og sannfæring Alþb. hefur verið keypt í þessu máli, og nú eiga fjórir alþm., sem eru ólöglegir, að komast hér inn á Alþingi á þeim grundvelli, að nokkrir þm. Alþýðubandalagsins hafi tekið borgun fyrir að brjóta gegn sinni sannfæringu og brjóta lög og rétt. Ég freistast til þess að halda, að þessi aðferð frá Alþb. sé viðhöfð til þess að geta á öðrum sviðum okkar þjóðlífs farið eftir fyrirmyndinni, sbr. Iðjukosninguna o. fl., eins og hv. 1. þm. Reykv. var að nefna.

Hv. 3. þm. Reykv. hélt því fram, að núverandi ríkisstj. sé lýðræðisleg og ekki byggð á sviknum grunni. Ef miðað er við daginn í dag, þá mun þetta geta staðizt. En hver var og hver er tilgangur Hræðslubandalagsins? Hann var sá og er sá að geta fengið meiri hluta á Alþingi og stofnað ríkisstj. með lögbrotum og svikum. Að þetta tókst ekki 24. júní s. l., valt á örfáum atkv. Það valt á 6 atkv. í Vestur-Skaftafellssýslu og um leið á nokkrum Alþýðuflokkskjósendum í Suður-Múlasýslu, sem voru svo frelsisgjarnir, að þeir hlýddu ekki fyrirskipun. Þeir vildu ekki kjósa Framsfl., en kusu landslista síns eigin flokks. Að svona fór, er ekki að þakka forustumönnum og lögbrotamönnum Hræðslubandalagsins. Það er að þakka örfáum heiðarlegum kjósendum í þeim sýslum landsins, sem eru einna lengst í burtu frá spillingargreni bandalagsins. En fyrir ríkisstj. og flokka hennar er að þessu leyti ekki allur dagur liðinn eða öll nótt úti. Það skyldi hv. 3. þm. Reykv. hugsa um. Annað eins hefur skeð sem það, að Sameiningarflokkur alþýðu, Sósfl., klofnaði frá. Það þýddi, að Alþb. klofnaði í sín frumefni. Hæstv. félmrh. (HV), sem er þróttmikill maður og ekki allra manna líklegastur til að sleppa stjórnartaumunum fyrirvaralaust, gæti ásamt félaga sínum, hv. 1. landsk. (AG), setið kyrr og lofað hinum sex að róa. Þá væri um leið komið svo, að stjórn okkar lýðveldis hvíldi á sviknum grunni eins og ég hef tekið fram. Þá yrði hv. 3. þm. Reykv. (EOl) að taka sín slagorð aftur um núv. ríkisstjórn.

Hv. 3. þm. Reykv. var með harðvítugar ádeilur á Sjálfstfl. fyrir það, að Morgunblaðið hafi 1953 verið með bollaleggingar um, að flokkurinn gæti með 334 atkvæða aukningu í vissum kjördæmum náð meiri hluta á Alþingi. Þetta hefur sennilega verið rétt reiknað. En þessi grein var áróðursgrein í kosningabaráttu, meinlaus, en ekki mjög hyggileg, engar áætlanir, áskoranir eða bollaleggingar um lögbrot í kosningum. Þessi árás hv. þm. er því máttlaus og dauð. Sjálfstfl. í vor fékk 42.3% af öllum löglegum atkv. Hefði hann fengið út á það meiri hluta þm. eftir löglegum leiðum, þá er ekkert við því að segja. Framsfl. fékk hreinan meiri hl. þm. 1931 út á um 30% allra atkvæða. Ég man ekki eftir, að neinn sakaði hann um lögbrot eða brot á stjórnarskrá og kosningalögunum þá. Hans þm. voru þá löglega kosnir. Þó að Hræðslubandalagið hefði nú fengið 27 þm. út á 37% atkv., þá var ekkert um að segja, ef farið hefði verið að lögum að öllu leyti. Það eru lögbrotin og svikin, sem nú eru réttilega átalin, annað ekki. Alger höfðatöluregla er ekki viðurkennd í okkar stjórnarskrá og verður væntanlega ekki, þótt henni verði breytt.

Ég skal nú láta þetta nægja að þessu sinni, en það var mjög áberandi í ræðu hæstv. forsrh., að hann vill umfram allt forðast, að rætt verði nánar um þetta mál, og það hefur komið í ljós, að allir helztu forustumenn þessara bandalagsflokka hafa forðazt að ræða málið. Það sýnir, að þeir eru farnir að finna og sjá, að þeirra málstaður er þannig, að það er bezt að vera laus við að ræða hann. En þeir geta ekki undrazt það, þó að þeir menn, sem eru fulltrúar yfir 35 þúsund kjósenda í þessu landi, vilji ræða þetta stærsta svikamál, sem komið hefur fyrir Alþingi í tugi ára, og sýna þjóðinni fram á, hvaða aðferðir og hvaða tiltektir það eru, sem hafa ráðið því, að þessir tveir flokkar hafa fengið svo marga þm. sem raun varð á í síðustu kosningum, og um leið sýna fram á, að það er ekki á neinum rétti byggt að viðurkenna, að þeir fjórir uppbótarmenn, sem hér er mest deila um, taki hér sæti, ekki af því, að þessir menn séu nokkurn hlut sekari en aðrir, nema síður sé um marga þeirra, heldur af því, að reglan er þannig, að það er ekki réttmætt, að það sé skipt þessu félagi í tvennt, eftir allt það, sem á undan er gengið.

Aldursforseti (JJós): Áður en ég gef orðið næsta hv. þm., vil ég geta þess út af ósk hæstv. forsrh. (HermJ) hér fyrir nokkru um, að haldinn yrði kvöldfundur til að ljúka þessu máli í dag, þar sem honum þótti tími þingsins vera kominn of mikill eða nægur í umr. þessar, að í þessu máli

hafa 13 þm. alls kvatt sér hljóðs, einungis 3 þeirra hafa talað tvisvar, enginn enn þá þrisvar. Fundir hafa verið haldnir á reglulegum fundartíma, eins og tíðkast í byrjun þings, og er ekki venja snemma á þingi að halda kvöldfundi. Þó að þessar umr. hafi orðið svo miklar sem ég lýsti nú, þá er þess að gæta, að þær verða að vera eins og málefni standa til, meðan enginn þm. brýtur af sér hvað snertir hans ræðumeðferð eða annað, sem ekki hefur orðið. — Vegna þess að ósk hæstv. ráðh. um kvöldfund kom rétt í þessu, vil ég geta þess, að þar sem enginn vissi áður um það, að kvöldfundur yrði ákveðinn á þessu kvöldi, þá er mér kunnugt um að ýmsir hv. þm. eins stjórnmálaflokksins hafa ráðstafað sér annað á þessu kvöldi. Í dag stendur svo á, að það eru, að ég hygg, venjulegir flokksfundir í öllum þingflokkunum frá kl. 5 og tímanum þess vegna ráðstafað að því leyti frá 5—7. Ég sé mér því ekki fært, af þeim ástæðum, sem ég hef þegar nefnt, sérstaklega af því að ýmsir hafa ráðstafað sér fyrir þetta kvöld, að halda kvöldfund nú til að ljúka umr. Hins vegar vil ég lofa því, að verði þessum umr. ekki lokið á venjulegum fundartíma á morgun, skal ég boða til kvöldfundar, og læt þess getið nú, til þess að menn viti það og ráðstafi sér þá ekki annað. Ég vænti þess, að hæstv. ráðherra geti eftir atvikum sætt sig við það.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Það liggur hér fyrir till. frá hv. þm. Sjálfstfl. í öllum kjördeildum þingsins um að ógilda kjörbréf fjögurra hv. þm. Alþfl. Umr. um þessa till. hafa nú staðið dögum saman, að segja má, og þingsetning stendur enn yfir og virðist ætla að taka allt að vikutíma að þessu sinni, en fyrr en þingsetningarfundi þeim, sem enn stendur yfir, er lokið, getur þingið ekki tekið til starfa.

Það má segja, að hér sé að vísu um óvenjulegt mál að ræða. Alþingi hefur aldrei áður ógilt kjörbréf landskjörinna þm., sem út hafa verið gefin af landskjörstjórn til handa svonefndum uppbótarþm., en þeir hafa átt sæti á Alþingi í meira en 20 ár samkv. ákvæðum stjórnarskrár og kosningalaga. Mér vitanlega hefur heldur aldrei komið fram till. á Alþingi um ógildingu slíkra kjörbréfa. Úthlutun uppbótarþingsætanna samkv. ákvæðum kosningalaga og stjórnarskrár og eftir úrslitum alþingiskosninga hverju sinni er í sjálfu sér mjög einfalt reikningsdæmi, og það er ólíklegt, að svo glöggum mönnum sem allajafna skipa landskjörstjórn geti fatazt um þann útreikning, enda er það svo, að ég er ekki viss um, að í ákvæðum kosningalaganna sé beinlínis gert ráð fyrir þeim möguleika, að Alþingi ógildi kjörbréf landskjörins þm. eða uppbótarþingmanns, sem landskjörstjórn hefur úthlutað þingsæti.

Í 19. kafla kosningalaganna, 142. og 143. gr., eru þau ákvæði, sem í kosningalögunum felast yfirleitt um úrskurð Alþingis um gildi kosninga. Í hópi hv. ræðumanna Sjálfstfl. um þetta mál eru menn, sem eru vel fróðir um þessi efni. En það ber svo undarlega við, að ég hef ekki orðið þess var, að neinn þessara löglærðu manna hafi nefnt þær greinar eða þau ákvæði kosningalaganna, sem eigi við þetta tilfelli, að Alþingi ógildi kjörbréf landskjörins þm. eða þingmanna. Ég verð að segja, að mér hefði ekki þótt úr vegi, þegar svo löglærðir menn tala sem hér hafa rætt þetta mál, að þeir hefðu bent á þau ákvæði 142. gr. kosningalaganna, sem þeir telja að eigi við um þetta sérstaka tilfelli, ógildingu Alþingis á kjörbréfi landskjörins þm. Það væri fróðlegt að heyra skoðun þessara hv. þm. á þessu atriði. Mér virðist, að það gæti ef til vill varpað ljósi yfir það, hvernig með þetta mál skuli fara að dómi hv. tillögumanna í framhaldi af ógildingu kjörbréfanna, ef hún yrði ofan á hér á hv. Alþingi.

Hv. þm. Sjálfstfl. hafa heldur enga till. flutt um það, hvernig með skuli fara, eftir að hin umdeildu fjögur kjörbréf hafa verið ógilt. Ég vil því leyfa mér að beina til hinna löglærðu hv. þm. Sjálfstfl., sem mest ræða þetta mál, einni eða tveimur spurningum um formshlið málsins. Í fyrsta lagi vil ég spyrja: Samkv. hvaða ákvæðum 142. gr. kosningalaganna ber Alþingi að ógilda hin umdeildu kjörbréf? Í þessari grein laganna eru, eins og hv. þm. er vafalaust kunnugt, beinlínis talin upp þau atriði kosninga og þær misfellur á kosningum, sem geta varðað ógildingu af hálfu Alþingis, og hvaða atriði í kosningum skuli beinlínis varða ógildingu Alþingis. Mér virðist liggja nærri að ætla eftir orðalagi þessarar greinar, að löggjafinn hafi ætlazt svo til, að þessi upptalning væri tæmandi. Og ég er ekki alveg viss um með sjálfum mér, að neitt af ákvæðum þessarar greinar eigi beinlínis við það tilfelli, sem hér liggur fyrir, að Alþ. ógildi kjörbréf landskjörins þm. Ég veit að vísu vel af 146. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir, að Alþ. úrskurði um kosningu þingmanna. En það má líka benda á, að öll ákvæði stjórnarskrárinnar um kosningar til Alþ. vísa til kosningalaganna og nánari ákvæða kosningalaga um þau.

Í öðru lagi vil ég spyrja, og það skiptir raunar meira máli: Hvaða afleiðingar ætlast þeir hv. þm., sem standa að þeirri till., sem hér liggur fyrir um ógildingu kjörbréfa, til að hún hafi? Hvað ætlast þeir til að gerist, eftir að Alþ. hafi ógilt kjörbréfin? Mér virðist, að svar við þessari spurningu snerti beinlínis kjarna þessa máls, en ég held, að hv. ræðumenn Sjálfstfl. hafi nokkuð sneitt hjá því í sínum mörgu og löngu ræðum að gefa svar við þessari spurningu. Og um þetta, hvað eigi að gerast, eftir að Alþ. hefur ógilt kjörbréfin, hafa þeir enga till. flutt. Það er víst.

Það er ekkert lítið atriði í þessu máli, hvaða þýðingu ógilding kjörbréfanna, sem hér ræðir um, á að hafa, ekki einungis fyrir skipun þessa nýkosna Alþingis, heldur fyrir framtíðina. Telja hv. þm. Sjálfstfl., að með ógildingu þessara kjörbréfa sé öllu réttlæti fullnægt? Hv. 1. þm. Reykv. (BBen) lét orð falla í síðustu ræðu sinni hér áðan á þá leið, að svo virtist sem hann teldi, að aðeins ef þessi umdeildu kjörbréf væru ógilt, þá væri öllu réttlæti fullnægt í þessum málum. En ég verð að efast um, að með ógildingu þessara umdeildu kjörbréfa verði sett af Alþingis hálfu það fordæmi, sem tryggi réttari meðferð slíkra mála í framtíðinni, en það virðist mér aðalatriði þessa máls.

Hv. þingmenn Sjálfstfl. hafa í ræðum sínum

um þetta mál mjög deilt á okkur þm. Alþýðubandalagsins fyrir það, að við munum ekki fylgja till. þeirra um ógildingu hinna umdeildu kjörbréfa. Um þessa afstöðu þingmanna Alþýðubandalagsins hafa hv. sjálfstæðismenn farið hinum hörðustu orðum, talið hana svik við afstöðu flokksins í kosningunum í sumar, svik við kjósendur, og raunar hafa þeir kveðið miklu harðar að orði, sem ég sé ekki ástæðu til að hafa eftir.

Það er rétt, að Alþýðubandalagið fordæmdi fyrir kosningar úrskurð landskjörstjórnar 28. maí s. l. og taldi hann rangan. En ábyrgð á þeim úrskurði báru og bera fulltrúar Sjálfstfl. í landskjörstjórn. Alþýðubandalagið og þm. þess fordæma enn þennan úrskurð og telja hann rangan. En hv. 3. þm. Reykv. hefur í þessum umræðum þegar gefið yfirlýsingu og flutt grg. af hálfu þingflokks Alþýðubandalagsins um afstöðu þingflokksins til þessa máls og þeirrar till., sem hér liggur fyrir. En ef allir hv. þm. Sjálfstfl. fordæma sem einn maður þá niðurstöðu, sem í þessum úrskurði fólst, og það liggur fyrir í grg. þingmanna Alþb., að þeir fordæma hana í sjálfu sér einnig, þá liggur það fyrir, að meiri hluti Alþingis er andvígur þeim skilningi, sem kom fram í úrskurði landskjörstjórnar. Það liggur því fyrir, að þessi úrskurður verður í sjálfu sér ekkert fordæmi eða fyrirmynd, jafnvel þótt þeir fjórir þm., sem hafa hlotið kjörbréf samkv. honum, taki nú sæti á Alþ. Það verður ekki vitnað til þess, að meiri hluti Alþ. hafi fallizt á úrskurð landskjörstjórnar, jafnvel þó að þessi kjörbréf verði tekin gild að svo stöddu. Í þeirri afstöðu er því engin réttlæting á niðurstöðu þessa úrskurðar, sem vitnað verði til síðar sem fordæmis. En ógilding hinna umdeildu kjörbréfa ein út af fyrir sig er engin lausn á því deilumáli og því stjórnskipulega vandamáli, sem kom upp með kosningabandalagi Alþfl. og Framsfl. fyrir kosningarnar í sumar og með úrskurði landskjörstjórnar um það hinn 28. maí s. l. Ógilding kjörbréfanna ein út af fyrir sig hefur enga teljandi pólitíska þýðingu fyrir skipun þessa nýkosna Alþingis. Og í þeirri aðgerð Alþ. einni saman að ógilda kjörbréfin felst engin trygging fyrir réttlátari skipun Alþ. í framtíðinni.

Ég hygg, að það, sem ég hef nú sagt, verði ljósast fyrir mönnum, ef þeir svara eða leitast við að svara þeirri spurningu, sem hv. þingmenn Sjálfstfl. hafa í þessum umræðum forðazt að svara og meira að segja forðazt að koma inn á, þessari spurningu: Hvað gerist, ef Alþ. ógildir kjörbréfin? Hvað á þá að fylgja á eftir? Mér virðist augljóst, að ef hinir fjórir landskjörnu þm. Alþfl. víkja af Alþ. vegna þess, að kjörbréf þeirra verði metin ógild, þá eigi aðrir fjórir uppbótarþingmenn að taka sæti þeirra samkv. ákvæðum stjórnarskrár og kosningalaga. Í stjórnarskránni, d-lið 31. gr., segir að vísu: „Á Alþingi skulu eiga sæti allt að 52 þingmenn.“ En þar segir einnig, að á Alþ. skuli eiga sæti allt að 11 þm. til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Enn fremur segir þar, að um skipun jöfnunarþingsætanna fari að öðru leyti eftir kosningalögum. En í kosningalögunum eru nákvæmar reglur um það, hve mörgum uppbótarþingsætum skuli úthluta og hvernig, en það fer eftir úrslitatölum alþingiskosninga. Nú er það því augljóst samkv. eðli málsins, ákvæðum 125.—128. gr. kosningalaganna og þeim úrslitatölum alþingiskosninganna í sumar, sem fyrir liggja, að það ber samkv. kosningalögunum að úthluta fullkomlega 11 uppbótarþingsætum, öllum þeim 11 uppbótarþingsætum, sem um getur verið að ræða, eftir því sem í kosningalögunum segir. Nú hefur landskjörstjórn þegar úthlutað þessum 11 uppbótarþingsætum eftir reglum laganna, eins og hún skilur þær, í samræmi við og í rökréttu framhaldi af þeim úrskurði, sem landskjörstjórnin felldi fyrir kosningar, en úrslitum um þann úrskurð réð, eins og kunnugt er, Jón Ásbjörnsson hæstaréttardómari, fulltrúi Sjálfstfl. Hæstaréttardómarinn tók það skýrt fram í grg. sinni fyrir úrskurðinum, að honum væri ljóst, að kosningabandalag Alþfl. og Framsfl. væri til þess lagað, eins og hann komst að orði, orðrétt, „til þess lagað að raska flokkum þessum í hag þeirri þingmannatölu, sem þeir mundu fá, ef þeir byðu fram til Alþ. með venjulegum hætti“. En þrátt fyrir það komst hann að þeirri niðurstöðu, að landskjörstjórn hlyti að líta á hvorn þessara flokka um sig sem sjálfstæðan þingflokk og úthluta uppbótarþingsætunum samkv. því, þ. e. til Alþfl. samkv. atkvæðatölu hans, að meðtöldum þeim atkvæðum, sem hann vitanlega hefur fengið að láni frá framsóknarkjósendum. En hæstaréttardómarinn byggði þennan úrskurð sinn fyrst og fremst á því, að 31. gr. stjórnarskrárinnar vísar um skipun uppbótarþingsætanna til kosningalaga, en í þeim lögum sé, eins og hann segir orðrétt, „hvergi gert ráð fyrir því, að atkvæðatala tveggja eða fleiri flokka sé lögð saman og uppbótarþingsætum síðan úthlutað samkv. sameiginlegu atkvæðamagni þeirra“. Þetta er orðrétt eftir grg. hæstaréttardómarans.

Nú er það alveg vafalaust tilgangur Sjálfstfl. með till. um ógildingu kjörbréfanna, að málinu verði vísað til landskjörstjórnar að nýju og að landskjörstjórn úthluti uppbótarþingsætum að nýju samkv. þeirri reglu, að atkvæðatölur Alþfl. og Framsfl. verði fyrst lagðar saman og uppbótarþingsætunum síðan úthlutað samkv. þeirri tölu. Ég þykist vita, að þetta liggi í till. Sjálfstfl. Það er óhugsandi annað, þó að það liggi að vísu ekki fyrir í tillöguformi, því að það getur ekki verið tilgangur flokksins, að þessi fjögur uppbótarþingsæti standi auð og óskipuð, þingmenn verði aðeins 48, þvert ofan í ákvæði stjórnarskrár og kosningalaga og úrslitatölur kosninganna, eins og ég hef þegar sannað. Samkv. kosningalögunum getur ekki verið minnsti vafi á því, að það ber að úthluta 11 uppbótarþingsætum. *Sjálfstæðisflokkurinn mun vafalaust með þessari kröfu sinni, till. sinni um ógildingu kjörbréfanna, einnig gera kröfu til þess, að honum verði úthlutað einhverju af þeim fjórum uppbótarþingsætum, sem verða laus við ógildingu kjörbréfanna. En ég vil nú spyrja: Dettur nokkrum* þingmanni Sjálfstfl. í hug, að hæstaréttardómarinn Jón Ásbjörnsson, þessi ágæti lögfræðingur, sem myndar sér skoðun á lögfræðilegu atriði

eins og þessu, segja hv. sjálfstæðismenn sjálfir, án nokkurs tillits til síns flokks, telji nú fært að úthluta uppbótarsætum eftir þeirri reglu, sem hvergi er gert ráð fyrir í kosningalögunum, eins og hann sjálfur komst að orði í þeirri niðurstöðu, sem birt er frá hálfu landskjörstjórnar? Dettur mönnum í hug, að hann komist nú að annarri niðurstöðu um þetta lögfræðilega atriði en hann komst með úrskurði sínum í sumar? Þá komst hann að þeirri niðurstöðu samkv. sinni sannfæringu, að það bæri að fara eftir bókstaf kosningalaganna einum, án tillits til nokkurs annars.

Ég vil líka spyrja: Ætlast hv. sjálfstæðisþingmenn til þess, að Alþ. setji landskjörstjórn með einfaldri þingsályktun aðrar reglur um úthlutun uppbótarþingsæta en felast í kosningalögunum? En dettur þá nokkrum í hug, að hæstaréttardómarinn Jón Ásbjörnsson og lögfræðingar Framsfl., sem eiga sæti í landskjörstjórn og mynda með honum meiri hluta þar, teldu sér skyldara að fara eftir einfaldri ályktun Alþ. á þingsetningarfundi en ákvæðum laganna, sem þeir telja ótvíræð og telja sig þegar hafa farið eftir út í yztu æsar? Ég geri mér enga von um það, að meiri hluti núverandi landskjörstjórnar telji sér nokkurn tíma skylt að úthluta þessum fjórum uppbótarþingsætum með öðrum hætti en hann hefur þegar gert. [Frh.]

Fundi frestað.

Þriðjudaginn 16. okt. var fundinum enn fram haldið.

Finnbogi R. Valdimarsson [frh.]: Herra forseti. Vegna þess að hæstv. forseti óskaði að fresta fundi, áður en ég hafði lokið máli mínu síðdegis í gær, vil ég leyfa mér að byrja með því að rifja lítils háttar upp það, sem ég hafði sagt áður en ég lauk máli mínu. Ég hafði leyft mér að benda á það, að hv. ræðumenn Sjálfstfl. hefðu mjög lítið eða alls ekki gert grein fyrir því, samkv. hvaða ákvæðum kosningalaga þeir teldu, að Alþ. bæri að ógilda þau fjögur kjörbréf hv. þingmanna Alþfl., sem þm. Sjálfstfl. hafa flutt till. um að ógilda. Ég sagði, að mér mundi þykja fróðlegt að heyra álit hinna löglærðu þingmanna Sjálfstfl. á því, hvaða ákvæði þetta væru, með því að þá gæti það orðið ljósara fyrir mönnum, hvaða afleiðingar hv. tillögumenn ætluðust til, að till. þeirra, ef samþ. yrði, hefði, hvað þeir ætluðust til þess að gerðist næst, eftir að Alþ. hefði ógilt hin umdeildu kjörbréf. Ég ræddi svo nokkuð um það, hvað ógilding hinna umdeildu kjörbréfa þýddi, að mínu viti. Ég lýsti því, að ég teldi hana eina út af fyrir sig enga lausn á því deilumáli og því stjórnskipulega vandamáli, sem kom upp með kosningabandalagi Alþfl. og Framsfl. fyrir kosningar í vor og þá ekki sízt með úrskurði landskjörstjórnar um það deilumál, sem var kveðinn upp hinn 28. maí í vor. Ég gat þess, að ég gæti ekki séð, að ógilding kjörbréfanna hefði mikla pólitíska þýðingu fyrir skipan þessa þings, og það sem meira væri, að ég gæti ekki séð, að í ógildingu kjörbréfanna út af fyrir sig fælist nein trygging fyrir réttlátari skipan Alþingis í framtíðinni, en það tel ég aðalatriði þessa máls, eins og það liggur fyrir. Síðan vildi ég sýna fram á, að Alþ. sjálft gæti ekki gefið út ný kjörbréf í stað þeirra fjögurra kjörbréfa, sem það ætti að ógilda samkv. till. hv. sjálfstæðismanna. Það hlyti að koma samkv. ákvæðum kosningalaganna til landskjörstjórnar aftur að fjalla um málið og gefa þá út kjörbréf handa fjórum nýjum þm. En ég gat hins vegar ekki komið því heim, að meiri hluti landskjörstjórnar, hæstaréttardómarinn Jón Ásbjörnsson, formaður hennar, og lögfræðingar Framsfl. tveir, sem með honum skipa þann meiri hluta, sem stóð að úrskurðinum, sem kjörbréfin hafa verið gefin út eftir, mundi telja sér skyldara að fara eftir einfaldri ályktun Alþ. á þessum þingsetningarfundi en þeim ákvæðum laganna, sem þeir í vor og þegar þeir gengu frá úthlutun uppbótarsætanna töldu alveg ótvíræð, og að þeir mundu nú fyrir ályktun Alþ., sem setti þeim reglur um nýja úthlutun uppbótarsætanna, telja sér fært að úthluta uppbótarsætunum eftir ályktun Alþ., sem fæli í sér reglu, sem að dómi og samkv. orðum hæstaréttardómarans Jóns Ásbjörnssonar er hvergi gert ráð fyrir í kosningalögunum. En landskjörstjórn, þessi meiri hluti hennar, hefur talið sér það eitt skylt og rétt að fara eftir bókstaflegum ákvæðum laganna. Ég er ekki í vafa um það fyrir mitt leyti, að þessir lögfræðingar, sem hafa myndað sér skoðun á því, hvað þeir telji ótvíræða reglu laganna, muni telja sér skyldara að fara eftir henni en ályktun Alþ., sem gerð yrði nú, og muni ekki telja sér fært að úthluta kjörbréfum með öðrum hætti en þeir hafa þegar gert.

Það má að vísu benda á, að Alþ. ber nú að kjósa nýja landskjörstjórn. Það ber að gera þegar eftir hverjar almennar alþingiskosningar, og það mun vera eitt fyrsta verk, sem liggur fyrir þessu þingi, þegar það tekur nú loks til starfa. En ný landskjörstjórn er ekki kosin til þess að fjalla um kosningar, sem þegar hafa farið fram. Hún er kosin til þess að fjalla um þær kosningar, sem fara fram hér á eftir. Og ég get ekki með neinu móti séð, að nýkosin landskjörstjórn gæti fjallað um úthlutun uppbótarþingsæta í síðustu kosningum, sem hún var alls ekki kosin til þess að stjórna eða hafa eftirlit með. Ég hlýt því að komast að þeirri niðurstöðu, að ef hin umdeildu fjögur kjörbréf væru ógilt, þá væri það líklegast, ef ekki alveg víst, að hin fjögur uppbótarþingsæti yrðu að standa auð og óskipuð út þetta kjörtímabil. Hv. sjálfstæðismenn geta sagt sína skoðun á því, hvort þeim þyki líklegt, að hæstaréttardómari Jón Ásbjörnsson og lögfræðingar Framsfl. skipti nú um skoðun og úthluti þessum fjórum þingsætum eftir öðrum reglum en þeir telja réttar.

Að vísu má benda á það, að Alþ. getur breytt kosningalögunum, sett inn í þau ákvæði um kosningabandalög, t. d. bannað það, að einn eða fleiri flokkar geri með sér alger kosningabandalög, eins og Alþfl. og Framsfl. gerðu fyrir síðustu kosningar, eða að þegar flokkar gera með sér slík alger kosningabandalög, þá beri að viðhafa þá reglu við úthlutun uppbótarþingsæta að leggja saman atkvæðatölur flokkanna og úthluta

síðan uppbótarsætum samkv. því, eða jafnvel að í slíku tilfelli væri þeim skylt að hafa aðeins einn landslista í kjöri. Allt þetta er til. En það hygg ég að allir viðurkenni, að slíkar breytingar á kosningalögum eða ný kosningalög, sem sett yrðu nú, gætu ekki verkað aftur fyrir sig og haft áhrif til ógildingar á úrskurði landskjörstjórnar frá 28. maí 1956. Það er því mín niðurstaða, að með ógildingu kjörbréfanna einni saman geti Alþ. ekkert áunnið. Með því ráði, að Alþ. aðeins ógilti kjörbréfin, gæti það komið í ljós, að Alþ. hefði ekki fullt og óskorað vald í þessu máli og Alþ. sýndi þá vanmátt sinn og jafnvel gerði sig hlægilegt.

Ég veit nú ekki, hvaða niðurstöðu hv. lögfræðingar Sjálfstfl. komast að um það efni, hvaða afleiðingar ógilding hinna umdeildu kjörbréfa eigi að hafa að lögum, en ekki getur verið vafi á því, að þar beri að fara að núgildandi kosningalögum, enda í þeim ákvæði um það, hvað gera skuli, ef kosning þm. er ógilt af einhverjum ástæðum. En það er mín skoðun, að það sé ekki úthlutun uppbótarsætanna í sjálfu sér, sem sé varhugaverð, eða misfellur í þessu tilfelli, heldur sé það framboðið við alþingiskosningarnar. Það eru framboðslistar flokkanna, sem misfellur voru á, en þeir voru grundvöllur, sem lagður var fyrir kjósendurna í kosningunum. M. a. fjallaði landskjörstjórn um meinta galla á framboðslista í tveimur kjördæmum, lista Alþfl. í Reykjavík og lista Framsfl. í Árnessýslu. Formaður landskjörstjórnar, Jón Ásbjörnsson, gerði till. um, að þessir framboðslistar væru ekki teknir til greina óbreyttir, en sú till. var felld, og réð þar úrslitum atkv. fulltrúa Sjálfstfl., hrl. Einars Baldvins Guðmundssonar, og varð því skoðun hæstaréttardómarans undir í því máli og framboðslistarnir í þessum kjördæmum, þar sem kosið er hlutfallskosningu, teknir til greina óbreyttir. Ég hefði talið, að ef kæra lægi fyrir um þetta atriði, þá væri ekki vafi á, hvernig með skyldi fara. Það yrði að kjósa upp í þessum kjördæmum.

En það er mjög nærri mér að hallast að því, að ef ógilda beri kjörbréf hinna landskjörnu þm., þá sé það vegna misfellna, sem voru á framboðslistum Alþfl. og Framsfl., landslistum þeirra, og þá þykir mér líklegast, að ef fallizt yrði á þá skoðun, þá væri ekki nema ein lausn til samkv. ákvæðum gildandi kosningalaga, en það væri að láta nýjar kosningar fara fram, og sýnist mér þá, að líklegt væri, að þær ættu að fara fram eftir ákvæðum, að mig minnir, 135. gr. kosningalaganna, innan mánaðar frá því, að ógilding kjörbréfanna ætti sér stað. En þá kemur spurning, sem að mínu viti heggur nokkuð nærri kjarna málsins: Hvernig ætti þá að tryggja það, að sömu misfellur gætu ekki átt sér stað aftur í þeim kosningum, sem færu fram á svo skömmum tíma samkv. ákvæðum kosningalaga? Ég get ekki betur séð en að það hljóti að vera aðalatriði þessa máls af hálfu þeirra, sem telja, að misfellur hafi verið á síðustu kosningum vegna kosningabandalags Alþfl. og Framsfl. og úrskurðar landskjörstjórnar um það, að slíkar misfellur geti ekki endurtekið sig. En hvernig ætti að fyrirbyggja það, ef það væri niðurstaðan, að nýjar almennar kosningar ættu að fara fram innan mánaðar? Ég veit, að hv. þm. Sjálfstfl., sem bera skyn á þetta mál, vita vel, að það er ekkert áhlaupaverk að setja ákvæði í kosningalög, sem fyrirbyggja með öllu alla misnotkun með kosningabandalögum, þ. e. a. s. einkum meðan núverandi ákvæði stjórnarskrárinnar eru í gildi.

Það má minna á, að hv. þm. Sjálfstfl. voru að því er virtist alveg á móti því fyrir rúmlega tveimur árum, að löggjöf yrði sett um kosningabandalög. A. m. k. man ég það, að þeir réðust af miklu offorsi á móti frv., sem kom fram hér á hv. Alþ. um kosningabandalög. En þó að Sjálfstfl. leggi nú mikla áherzlu á þær misfellur, sem voru í síðustu kosningum, þá er ég ekki alveg viss um, að hann sé reiðubúinn til þess að setja ný kosningalög, sem fyrirbyggi með öllu, að hægt sé að koma við nokkurri misnotkun í kosningum með kosningabandalögum. Í öllum sínum málflutningi um þetta mál hefur hann lagt höfuðáherzlu á það atriði, að kosningabandalag Alþfl. og Framsfl. í vor hafi verið algert. Því til samanburðar tekur hann svo kosningabandalag Sjálfstfl. og Bændaflokksins 1937, sem bent hefur verið á, og telur, að það hafi verið fullkomlega löglegt af þeirri einni ástæðu, að það var ekki algert í öllum kjördæmum landsins. M. ö. o.: Mér virðist, að Sjálfstfl. sé aðeins á móti því, að flokkar geri með sér alger kosningabandalög. Nú held ég, að öllum sé það alveg ljóst, að það var engin nauðsyn fyrir Alþfl. og Framsfl. í síðustu kosningum að hafa kosningabandalag sitt algert, meira að segja mætti fremur segja, að það hafi verið alveg óþarfi, og ég hygg, að forustumenn þessara flokka sjái það nú. Þeir hefðu getað náð sama árangri, sömu misnotkun á kosningalögunum, þó að þeir hefðu kosningabandalag sitt alls ekki algert, og jafnvel meiri árangri. Og ég veit, að það sjá það allir nú, að það er hægt að gera kosningabandalög í þeim tilgangi að hafa ranglega hag af að því er snertir úthlutun uppbótarsæta án þess að hafa slík kosningabandalög alger, meira að segja án þess að láta nokkuð yfir því, að um nokkurt kosningabandalag sé að ræða. Þetta er staðreynd og verður staðreynd, meðan núgildandi stjórnarskrá er í gildi og ákvæði hennar og kosningalaga um uppbótarsætin óbreytt.

Hv. þingmenn Sjálfstfl. hafa ekki séð enn neitt athugavert við kosningabandalag Sjálfstfl. og Bændafl. — og ég vil nú bæta við nazista 1937. Þeir sjá þess vegna væntanlega ekkert athugavert við nein kosningabandalög, sem eru gerð í þeim tilgangi að ná meiri hluta hér á hv. Alþ., þó að ekki standi meiri hluti kjósenda á bak við. En það er í mínum augum höfuðatriði þessa máls og skipulag þessara mála. Eða hef ég ef til vill Sjálfstfl. fyrir rangri sök í þessu efni? Viðurkennir Sjálfstfl. nú, að það eigi að ganga svo frá kosningalögum, að útilokað sé, að flokkur eða flokkar, sem hafa ekki meiri hluta kjósenda á bak við sig, geti fengið meiri hl. á Alþingi og þar með óskoraðan rétt til þess að stjórna landinu? Ég spyr. Hv. þm. Sjálfstfl. geta svarað. Er Sjálfstfl. reiðubúinn til þess að setja nú í dag kosningalög og gera þær breytingar um leið á

stjórnarskrá, sem vitanlega gætu ekki gengið í gildi jafnsnemma og kosningalög, að útilokað sé, að einn flokkur eða flokkar geti fengið óskoraðan meiri hluta á Alþingi, ef þeir hafa ekki á bak við sig meiri hluta kjósenda? Þetta er spurningin. Þetta er aðalatriði málsins. Og ég bíð eftir svari hv. þm. Sjálfstfl. um þetta atriði.

Það hefur verið rætt mikið, með og móti, um úrskurð landskjörstjórnar. Ég get ekki séð, að hv. þm. Sjálfstfl. hafi í raun og veru lagt neina höfuðáherzlu á að færa óyggjandi rök fyrir því, að úrskurðurinn sé rangur. En ég vil segja í stuttu máli mína skoðun á því, hvers vegna hann er rangur.

Ég játa það, að frá þröngu, lögfræðilegu sjónarmiði er úrskurðurinn studdur mjög sterkum rökum af hæstaréttardómara Jóni Ásbjörnssyni í hans grg. En það er mín skoðun, að það megi ekki beita þrengsta lögfræðilegum skilningi í máli, þegar um er að ræða þýðingarmestu stjórnskipunarmál eins og þetta.

Ég vil benda á, að í því landi, sem talið er mikið lýðræðisland, í því landi í heiminum, þar sem skrifuð stjórnarskrá er mest í heiðri höfð og álitinn helgur dómur, svo mjög, að sumum þykir það liggja nærri nokkurs konar hjáguðadýrkun, þar er dómstóll til þess að skera úr, hvað sé stjórnskipunarlög og hvað ekki. Sá dómstóll hefur haft geysimikla þýðingu í pólitísku lífi þessa lands, þ. e. Bandaríkjanna, en því hefur verið lýst yfir margsinnis af mjög virtum og viðurkenndum dómendum í þessum æðsta rétti Bandaríkjanna, að þegar þeir kveði upp úrskurði sína um stjórnskipunaratriði þar, þá hafi þeir það sér í huga sem meginreglu, hvernig stjórnarskrárgjafinn, jafnvel menn, sem lifðu fyrir allt að 200 árum, hefði hugsað um það atriði, sem dómstóllinn er spurður um. Það er auðvitað regla um alla lögskýringu að leita að því, hvað fyrir löggjafanum vakti.

Það væri hægt um stjórnarskrá okkar að þessu leyti og ákvæðin í henni um uppbótarsætin, sem voru stofnuð með stjórnarskrárbreytingum og kosningalögum, sem gengið var frá á Alþingi 1933, að grennslast eftir því, hvað fyrir löggjafanum vakti. Ég tel, að það megi finna í umr. hér á hv. Alþingi um þessi atriði ummæli, sem sýni, að stjórnarskrárlöggjafinn hafði ekki í huga með stofnun uppbótarsætanna aðeins jöfnun milli þingflokka, heldur það höfuðatriði að tryggja, að meiri hluti á Alþingi væri jafnan í sem fyllstu samræmi við meiri hluta þjóðarinnar; ekki aðeins að þingmannatala flokka hér á hv. Alþingi væri, eins og segir í stjórnarskránni, í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu þeirra, heldur miklu fremur hitt, að meiri hlutinn hér á Alþingi væri ekki í ósamræmi við meiri hluta kjósenda.

Ég vil benda á, að það má finna ummæli eftir tvo menn, sem áttu sæti í þeim nefndum, sem undirbjuggu stjórnarskrá og kosningalög 1933, sem sýna þetta. Ég vil þar til nefna hæstv. fjmrh., Eystein Jónsson, og Vilmund Jónsson, sem átti sæti í landskjörstjórn og hefur átt það, held ég, alla tíð síðan núverandi skipun uppbótarsæta var tekin upp. Báðir þessir menn létu orð falla á þá leið í umr. um stjórnarskrá og kosningalög, sérstaklega uppbótarsætin, að þau væru til þess sett að tryggja, að meiri hluti á Alþingi væri jafnan í samræmi — ekki ef til vill í stærðfræðilegu hlutfalli alltaf — en í sem fyllstu samræmi við meiri hluta þjóðarinnar. Og úrskurður meiri hluta landskjörstjórnar er að mínu áliti rangur vegna þess eins, að hann gat leitt til þess, að Alþingi Íslendinga yrði svo skipað vegna úthlutunar uppbótarþingsætanna, að meiri hluti á Alþingi væri í engu samræmi við meiri hluta þjóðarinnar, að meiri hluta á Alþingi hefðu tveir flokkar, þeir flokkar, sem kosningabandalagið gerðu, en ekki hefðu ef til vill nema þriðjung kjósenda að baki sér. Það er frá þessu sjónarmiði, sem ég tel úrskurðinn rangan. Þessi árangur í kosningunum hefði verið í fullri andstæðu við yfirlýstan tilgang stjórnarskrárgjafans og tilgang hans með stofnun uppbótarþingsæta. Árangurinn af úthlutun uppbótarþingsætanna samkv. úrskurðinum hefði þá orðið þveröfugur við yfirlýstan tilgang stjórnarskrárgjafans með uppbótarþingsætunum.

Í þeirri skýru grg. um þetta mál, sem Vilmundur Jónsson lagði fram í landskjörstjórn, en hann var, eins og ég hef þegar bent á, í stjórnarskrár- og kosningalaganefnd 1933, segir hann m. a.: „Landskjörstjórn hlýtur að telja sér skylt að halda vörð um þau fyrirmæli stjórnarskrár og kosningalaga svo og anda þeirra fyrirmæla og tilgang, að uppbótarþingsætum verði úthlutað til raunhæfrar jöfnunar milli þingflokka.“ Og það var með þessum rökum, sem hann gat ekki orðið sammála hæstaréttardómaranum Jóni Ásbjörnssyni og lögfræðingum Framsfl.

Það var nefnilega augljóst, að svo gat vel farið í kosningunum, með þeim grundvelli, sem lagður var með úrskurði meiri hlutans, að úthlutun uppbótarþingsætanna samkv. bókstaf kosningalaganna yrði til þess að skapa meiri ójöfnun milli þingflokka og jafnvel fullt misræmi milli meiri hluta á Alþingi og meiri hluta þjóðarinnar. Það vita allir menn, að það var ekki tilgangur með stofnun uppbótarþingsætanna 1933 að skapa meiri ójöfnuð né að gera meiri hættu á því en var fyrir þann tíma, að meiri hl. á Alþingi væri ekki í samræmi við meiri hluta þjóðarinnar. En þetta var það, sem hefði getað komið fyrir í kosningunum í vor, með þeim grundvelli, sem lagður var með úrskurði landskjörstjórnar. Við vitum í dag, að það fór sem betur fór ekki svo. Sá meiri hluti, sem nú hefur verið myndaður á Alþingi, hefur öruggan meiri hluta þjóðarinnar að baki sér. Núverandi stjórnarflokkar hafa rúmlega 53% atkv. að baki sér, stjórnarandstaðan, Sjálfstfl., aðeins rúmlega 42%. Tilgangi stjórnarskrárgjafans og löggjafans, að því er uppbótarsætin varðar, hefur því verið náð, og skipun Alþingis nú er í fullu samræmi við hann.

Það má meira að segja segja, að því er mér virðist, að hverjir þeir tveir flokkar, sem gætu skapað með sér meiri hluta hér innan þings, hefðu einnig meiri hluta þjóðarinnar að baki sér, og það er meira en hefur verið hægt að segja um sum undanfarin þing.

Ég skal aðeins lítillega minna á atkvæðatölur og þingmannatölur flokkanna, þó að ég viti, að

öllum sé það ljóst. Alþb. hefur 15850 atkv. og rúmlega 19% kjósenda, Alþfl. 15142 atkv. og rúmlega 18% kjósenda, Framsfl. nærri 13 þús. atkv., rétt yfir 15% kjósenda, en hann hefur að vísu 17 þm., eða um það bil 33% þingsæta. Hann er að þessu leyti undantekning, en það hefur hann jafnan verið á undanförnum þingum, svo að það er ekkert sérlega nýtt við það. Stjórnarflokkarnir samtals hafa 43900 atkv. að baki sér og 53% kjósenda, en þeir hafa 33 þm. af 52 eða milli 63 og 64% þingmanna. 4½% kjósenda fengu engan fulltrúa á Alþingi, sem kunnugt er. Sjálfstfl. fékk 35 þús. atkv. rúm og hefur rúmlega 42% kjósenda og 19 þm. Hann hefur að vísu ekki að þessu sinni þm. í fullu hlutfalli við kjósendatölu sína, en það er ekkert nýtt um flokka hér á hv. Alþingi á undanförnum þingum. Milli þingmannatölu flokka og atkvæðatölu þeirra hefur alltaf verið nokkurt misræmi á öllum þingum síðustu tvo áratugina eða síðan gildandi kosningalög voru sett. Við næstsíðustu kosningar, 1953, hefði t. d. þurft að úthluta 28 uppbótarþingsætum til þess, að fullur jöfnuður næðist milli þingflokka.

Ég man ekki eftir því, að Sjálfstfl. hafi hingað til fundið sárt til þessa ójafnaðar. Það eru nefnilega aðrir flokkar fremur en hann, sem hafa borið skarðan hlut frá borði. En nú finnur Sjálfstfl. sárt til þess, að hann hefur ekki tölu þingmanna í fyllsta samræmi og hlutfalli við kjósendatölu sína. Ég man nú ekki eftir því, að hann hafi flutt hér neina till. á undanförnum árum eða áratugum um að bæta úr þessu misræmi, sem jafnan hefur verið. En ég vil nú enn spyrja hv. þm. hans: Er Sjálfstfl. nú kominn á þá skoðun, að stærð flokka hér á hv. Alþingi eigi jafnan að vera í hárnákvæmu hlutfalli við tölu kjósenda? Geri hann kröfu til þess fyrir sjálfan sig, þá geri hann einnig kröfu til þess fyrir aðra. Það væri hið fyllsta réttlæti.

Eru nú hv. þm. Sjálfstfl. komnir á þá skoðun, að þetta réttlæti verði að nást og við annað verði ekki unað. Ef svo er, þá ættu þeir að lýsa því hér yfir í þessum umr. Hér væri fyllsta tækifæri til þess. En þetta misræmi og þessi ójöfnuður, sem enn á sér stað og er ekkert nýtt um skipun Alþingis, því að það hefur verið svo meira og minna síðustu 22 árin og raunar lengur, stafar af ákvæðum stjórnarskrárinnar annars vegar og svo einkum af því, að fólkið hefur flutzt og flyzt mjög ört til í landinu á síðustu áratugum, síðan ákvæðum stjórnarskrár og kosningalaga var síðast breytt.

Uppbótarsætin, þó að þau væru alltaf 11, sem ekki á alltaf að vera eftir lögunum, eru orðin ófullnægjandi til þess að bæta úr þessu misræmi, en það stafar af því, að þetta misræmi stafar af kjördæmaskipuninni, sem er orðin úrelt. Misræmi milli flokkanna hér á hv. Alþingi er ekkert á móti því misræmi, sem er orðið á milli fulltrúa héraða í landinu. Ég vildi aðeins benda á nokkur dæmi, sem sýna vel þetta misræmi. Í Kópavogi voru við síðustu kosningar ámóta margir kjósendur og í þremur kjördæmum, sem kjósa þrjá þm. Í Keflavík voru einnig ámóta margir kjósendur og í þremur kjördæmum, sem kjósa aðra þrjá þm. Þessir tveir bæir hafa kjósendatölu á móts við sex kjördæmi, sem kjósa sex þm. Í Gullbringu- og Kjósarsýslu allri, að þessum bæjum meðtöldum vitanlega, voru ámóta margir kjósendur við síðustu kosningar og í 8 kjördæmum, sem samtals kjósa 10 þm. Í Kópavogi einum bættust við á rúmlega hálfu öðru ári álíka margir kjósendur og allir kjósendur á Seyðisfirði. Í Rvík og Gullbringu- og Kjósarsýslu eru samanlagt ámóta margir kjósendur og annars staðar í landinu. Gullbringu- og Kjósarsýsla og Reykjavík kjósa 9 þm., kjördæmakosna, hin 26 kjördæmin 32 þm. Misræmið milli héraða er augljóst. Það er miklu meira nú en það hefur nokkurn tíma verið og hefur þó oft verið mikið. Það er mín skoðun, að það sé orðið svo mikið, að það verði ekki lengur við það unað að endurskoða ekki þá kjördæmaskipun, sem er bundin í stjórnarskránni. Ég álít, að það sé einnig augljóst, að eftir að svo hatrammar deilur hafa átt sér stað um skilning gildandi kosningalaga, þá sé óhjákvæmilegt að taka kosningalögin til endurskoðunar.

Ég hef hér lýst þeirri skoðun minni, að ógilding þeirra fjögurra kjörbréfa, sem hér er deilt um, ein út af fyrir sig hafi nauðalitla þýðingu og sé engin lausn á þeim stórfelldu vandamálum, sem hafa skapazt og eru augljós hverjum hv. þm. varðandi þessi mál, skipun kjördæma og kosningalaga í landinu. Um þau mál er það aðalatriði, að það verði meginregla, að Alþingi sé jafnan svo skipað, að meiri hluti þar hafi á bak við sig meiri hluta þjóðarinnar. Þessi meginregla ein tryggir lýðræði í landinu og getur orðið grundvöllur þingræðis. Þetta hvort tveggja, lýðræði með fullu þingræði, vilja menn hafa. Því telja allir flokkar sig fylgjandi. Ég hygg, að ef það kæmi fyrir, að einn flokkur hefði meiri hluta hér á Alþingi, en alls ekki meiri hluta kjósenda, þá mundi öðrum flokkum, sem hér væru, þykja þungt að búa undir því.

En hvi þá ekki að ganga nú að endurskoðun stjórnarskrár og kosningalaga með þessa meginreglu í huga? Ef hv. Sjálfstfl. vildi nú lýsa því yfir, að hann vilji nú ganga að endurskoðun kosningalaga og stjórnarskrár með þessa meginreglu að leiðarstjörnu, þá teldi ég það mikils virði. Þá gæti það ekki komið fyrir eftir slíka endurskoðun, sem gat komið fyrir í kosningunum í sumar, að flokkur eða flokkar fengju meiri hluta hér á hv. Alþ. með rúmlega þriðjung kjósenda á bak við sig. En þetta fordæmir Sjálfstfl. réttilega, að því er mér virðist, mjög þunglega. Hví þá ekki að halda þeirri stefnu áfram og lýsa því yfir hér sem stefnu Sjálfstfl. í þessum málum öllum, að hann vilji þá breytingu á stjórnarskrá og kosningalögum, að slíkt, að minnihlutaflokkur með þjóðinni geti fengið meiri hluta á Alþingi, geti aldrei komið fyrir?

Ég álít að vísu, að Alþingi beri skylda til þess og Alþingi hafi rétt til þess að hafa æðsta úrskurðarvald í öllum málum þjóðarinnar. Ég veit að vísu, að það vald er takmarkað af stjórnarskrá okkar, en í samræmi við þetta álít ég líka, að það eigi að vera hæstiréttur í þessum málum. En ég vil búa svo um þann dóm, sem Alþingi sem hæstiréttur í þessum málum kveður nú upp í því deilumáli, sem hér er til umræðu, að það

verði alveg útilokað, að það freisti nokkurs flokks að gera það sama og kosningabandalag Alþfl. og Framsfl. fyrir kosningarnar í vor. Þeim árangri tel ég að verði ekki náð með því einu að ógilda hin umdeildu kjörbréf og langt frá því. Það er mín skoðun, eins og ég hef þegar lýst, að það sé engin lausn í því máli, allsendis ófullnægjandi. Þar getur ekkert dugað nema endurskoðun kosningalaga og stjórnarskrár.

Hv. þingmenn Sjálfstfl. hafa lesið upp úr blöðum Alþb. harðorð ummæli um kosningabandalag Alþfl. og Framsfl. í vor, þ. á m. ummæli í blaði, sem ég hafði ritstjórn á fyrir kosningarnar. Ég vil lýsa því yfir, hv. sjálfstæðisþm. til ánægju, að ég stend við það og er enn á sömu skoðun eins og ég setti þar fram. Ég tel það að vísu enga skömm að skipta um skoðun, ef menn sjá ný rök. Ég hef ekki gert það í þessu máli. Ég álít, að það eigi að fyrirbyggja, að önnur eins deila eins og átti sér stað fyrir kosningarnar í vor um kosningabandalög geti átt sér stað. Ég álít, að það eigi að fyrirbyggja það með öllu, að kosningabandalög og flokkar — og flokkar, þótt þeir hafi ekki nein kosningabandalög, geti náð því marki, sem þetta kosningabandalag Alþfl. og Framsfl. setti sér, en náði ekki, að ná meiri hluta hér á hv. Alþingi, þótt það hafi ekki meiri hluta kjósenda.

Ef Sjálfstfl. er á sömu skoðun, þá fagna ég því.

En ég vil að síðustu benda á það, að Alþb. hefur sem þingflokkur gert sitt til þess að standa við þá skoðun, sem það setti fram fyrir kosningarnar í vor, að það verði fyrirbyggt, ekki aðeins að misnotkun kosningabandalaganna, eins og þau eru, eigi sér stað, heldur að þau verði fullkomnuð, gerð fullkomnari en þau eru. Því er það, að það er fyrir tilstilli Alþb., að það ákvæði var sett í samning núverandi stjórnarflokka, að stjórnarskrá og kosningalög yrðu tekin til endurskoðunar á starfstíma þessarar stjórnar og að flokkarnir muni vinna saman að samkomulagi um þau mál.

Ég hef góða trú á því, að Alþfl. og Framsfl. vilji ganga að því nauðsynjaverki að endurskoða stjórnarskrá og kosningalög með það fyrir augum að bæta þar um frá því, sem nú er, svo að lýðræði og þingræði, sem þeir unna mjög, verði betur tryggt en nú er.

Það er trú mín, að menn sjái það fyrr en seinna, að enginn græðir til lengdar á ranglætinu. Ég veit það um annan þessara flokka, að hann hefur það á sinni stefnuskrá, að fullu réttlæti verði náð í þessum málum. Það er Alþfl. Ég veit ekki til þess, að hann hafi enn gengið frá því atriði stefnuskrár sinnar, að landið eigi helzt að vera allt eitt kjördæmi og þannig tryggt fullkomlega rétt hlutfall milli styrks flokka meðal þjóðarinnar og á Alþ. Ég trúi því, að báðir þessir flokkar, einnig Framsfl., þó að hann hafi um alllanga hríð haft hag af núverandi skipan þessara mála, muni ganga að því verki, sem þeir hafa samningsbundið sig um að ganga að, með það í huga að skapa hér meira réttlæti og að það ranglæti, mesta ranglætið, sem fyrir getur komið, að meiri hluti Alþ. sé í engu samræmi við meiri hluta þjóðarinnar, geti ekki átt sér stað.

Fyrri frsm. 2. kjördeildar (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Ég er nú, eins og menn muna, frsm. einnar af kjörbréfadeildunum og mun því eiga rétt til að tala þrisvar, en ég býst þó við, að ég geti látið nægja stutta athugasemd.

Ég vildi byrja með því að spyrja hæstv. aldursforseta að því, hvort hann telur það leyfilegt og þingsköpum samkvæmt að ræða til muna um allt annað mál en þingið er að fjalla um, eins og hv. síðasti ræðumaður gerði og eins og fleiri hafa gert hér. Hér hefur mjög blandazt inn í umræðurnar væntanleg stjórnarskrárbreyting, kjördæmabreyting, en ég hélt, að hér væri verið að ræða um gildi kjörbréfa, sem þingið hefur til meðferðar.

Út af því, að ég hafði látið það í ljós í fyrradag, að ég ætla, heldur en í gær, að þessar umræður væru búnar að taka æðilangan tíma, og hæstv. forseti afsakaði þetta með því, að það væri ekki venja að halda langa fundi í byrjun þings, þá er það rétt, að það er ekki venja að halda langa fundi í byrjun þings, þegar þingið byrjar á venjulegan hátt, þegar annaðhvort hafa ekki verið kosningar eða kjörbréf eru samþ. athugasemdalaust, og svo getur þingið gengið að því að setja sig á laggirnar. En eftir því man ég og sjálfsagt hæstv. forseti líka, því að við komum jafnt á þing, að þó að það hafi orðið miklar umr. hér áður fyrr um gildi kosninga, þá hefur verið reynt að haga því svo, að þeim yrði lokið sem allra fyrst, svo að þingið gæti setzt á laggirnar. Það hefur verið vakað fram á nætur o. s. frv., að ég tali nú ekki um, að seinni hlutar dags hafa verið notaðir. Og nú einmitt, þegar engin n. er til í þinginu og þar af leiðandi engin nefndarstörf, þá sé ég ekki annað en að þm. gætu vel annað því að sitja hér á fundum seinni hluta dags.

Það eru sem vænta mátti enn þá deilur um það, hvort bandalag Framsfl. og Alþfl. hafi verið fordæmalaust eða ekki, og hv. sjálfstæðismenn reyna að halda því fram, að Breiðfylkingin, eins og þeir kölluðu samband sitt við Bændaflokkinn fyrir 19 árum, hafi ekki verið hliðstæð því bandalagi, sem var í vor. Hv. 1. þm. Reykv. tók t. d. Austur-Húnavatnssýslu, þar sem var hörð kosningabarátta — það er rétt — á milli Jóns Pálmasonar, frambjóðanda Sjálfstfl., og Jóns Jónssonar, frambjóðanda Bændaflokksins. Ég var sjálfur búinn að taka dæmi af þessu og nefna þetta atriði. Þetta var aðeins hliðstætt því, að það hefur komið fyrir, að það hafa orðið hörð átök á milli manna úr sama flokki við kosningar í kjördæmi. Það voru allt aðrar ástæður til baráttunnar í Húnavatnssýslu en þær, að það væri ekki innilegt samband milli forustumanna Bændaflokksins og forustumanna Sjálfstfl. Þær ástæður voru persónulegar.

Framboðið í Dalasýslu, þegar Þorsteinn Briem bauð sig fram fyrir Bændaflokkinn, að því er kallað var, en var kosinn af sjálfstæðismönnum og hlaut kosningu þess vegna, samþykktu allir þm. þá og tóku hans kjörbréf gilt, hv. þm. A-Húnv. einnig. Sé ég ekki annað en að sams konar framboð hafi verið lögleg nú í ár.

Hv. 1. þm. Reykv. nefndi það sem eitt dæmi þess, að hér hefði verið um annað að ræða en í

vor, að það hefðu hvergi verið sameiginlegir listar Sjálfstæðisfl. og Bændaflokksins. Hvar áttu að vera sameiginlegir listar þá? Það var ekki hlutfallskosning nema í einu kjördæmi, nefnilega Reykjavík. Og það var vitað mál, að Bændaflokkurinn hafði alls ekkert fylgi í Reykjavík, þannig að það hefði lítið gagnað, þó að einn Bændaflokksmaður hefði verið á lista Sjálfstfl. þar. En það var annað í tvímenningskjördæmunum en að það væri sameiginlegur listi. Það var sameiginlegt framboð í tvímenningskjördæmum, eins og t. d. í Eyjafjarðarsýslu. Þar bauð Sjálfstfl. fram aðeins einn, þó að það ætti að kjósa tvo þm. fyrir kjördæmið, og Bændaflokkurinn annan. Og sömu mennirnir kusu þessa menn báða. Meira að segja þetta raskaði þeirri tölu, sem út kom um atkvæðatölu flokkanna og þar með úthlutun uppbótarsæta, því að hvorum þessara manna voru talin atkvæðin heil. Ég man, að í Eyjafjarðarsýslu, sem þá var miklu fjölmennari með Siglufirði og Glerárþorpi en nú er, fengu þeir um 1200 atkv. saman, mjög nálægt því. Það rökrétta hefði auðvitað verið að deila þessu á milli flokkanna og telja hvorum flokk helminginn af þessum atkv., en það var ekki gert. Sjálfstfl. voru talin öll þau atkv., sem hans frambjóðandi fékk, og Bændaflokknum öll atkv., sem Bændaflokksmaðurinn fékk. Þetta er í raun og veru miklu nánara bandalag og kom þeim flokkum, sem það notuðu, að meira haldi en að hafa sameiginlegan lista, því að það getur ekki komið fyrir nú, að tveir menn á sameiginlegum lista í tvímenningskjördæmi verði uppbótarmenn, en þarna urðu báðir frambjóðendur þessara flokka uppbótarmenn í Eyjafjarðarsýslu.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að þetta bandalag hefði ekki í neinu raskað eðlilegum kosningaúrslitum. Ég efa ekki, að hann hafi haft þær tölur réttar, sem hann sagði um atkvæðamagn flokkanna í þessum kosningum. En það var bara annað: Tilgangurinn var sá, að það kæmi annað út en það, sem hann kallar nú eðlileg kosningaúrslit. Tilgangurinn var sá að vinna þingsæti fram yfir það, sem atkvæðatala sýndi.

Út af því, sem hann minnti á ummæli hæstv. fjmrh., þá er það vitanlegt, að hann hvatti framsóknarmenn til þess að standa að þessu bandalagi. En þetta breytir engu. Sjálfstæðismenn hvöttu sína menn til þess að standa að bandalaginu í Breiðfylkingunni, svo að það er fordæmi fyrir því. Eini munurinn á Breiðfylkingunni og bandalagi Framsfl. og Alþfl. í vor, formlega séð, er aðeins sá, að bandalag Breiðfylkingarinnar mistókst að mestu leyti, þó að þessir flokkar hefðu tvo þm. upp úr því samt, sem þeir hefðu ekki annars fengið, en bandalagið frá í vor tókst að töluvert miklu leyti. Þetta er munurinn.

Það er einkennilegt, að hv. 1. þm. Reykv., sem hefur verið prófessor í lögum við háskólann, vitnaði ekki í lög eða lagagreinar sínu máli til stuðnings. Hann taldi, að Jón Ásbjörnsson hæstaréttardómari hefði gert skyssu, án þess að færa að því lögfræðileg rök.

Ég býst við, að enginn efist um lögfræðiþekkingu þessara tveggja manna, Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara og Bjarna Benediktssonar, hv. 1. þm. Reykv. En það kynni nú að vera, að einhverjum dytti í hug, að Jón Ásbjörnsson hefði litið á málið sem dómari og eingöngu sem dómari, en að hv. 1. þm. Reykv., þó að hann eigi að vera hér dómari eins og við allir, líti e. t. v. fullt svo mikið á sig sem málaflutningsmann fyrir sinn flokk, og menn vita, að það er kannske ekki ævinlega það sama, sem lögfræðingarnir segja sem málaflutningsmenn og sem dómarar.

Hv. þm. A-Húnv. heldur áfram að tala hér um afbrotamál. Og hann taldi upp sjö tegundir glæpa og lasta, sem frambjóðendur Framsfl. og Alþfl. áttu að hafa gert sig seka um. Það er ekki ástæða til þess að fara að ræða þetta lið fyrir lið, því að allt byggist það hjá honum á sömu hugsunarvillunni, að hann blandar hér tvennu ólíku saman, framboðum og kosningum, þeirri framkvæmd að bjóða sig fram til þings og þeirri að kjósa til þings.

Eins og fyrir liggur og enginn getur rengt, hefur enginn af frambjóðendum þessara tveggja flokka gert sig sekan í neinu af því, sem hv. þm. bar á þá. Þeir buðu sig allir fram fyrir ákveðinn stjórnmálaflokk eða f. h. ákveðins stjórnmálaflokks. Þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð, ég hef tvisvar áður fært að þessu rök, sem ekki hafa verið hrakin. Hitt er svo annað mál, að kjósendur úr fleiri stjórnmálaflokkum kusu þá suma. Það er hvergi bannað, meira að segja það er leyft. Kjósendur landsins eiga að vera frjálsir að því og eru frjálsir að því, hvern þeir kjósa. Ef kjósendum væri bannað að kjósa annað en þann flokk, sem þeir hefðu kosið áður, þá væri til lítils að hafa nokkra kosningabaráttu yfirleitt.

Auðvitað er hv. þm. reiðastur yfir því, hvað Bragi Sigurjónsson fékk mörg atkv. í Austur-Húnavatnssýslu. Ja, hver ber ábyrgð á því, að það lítur svo út, að 100 fyrrverandi kjósendur hv. þingmanns hafi kosið Braga Sigurjónsson? Ekki hafa þeir verið framsóknarmenn eða Alþýðuflokksmenn. Ég veit ekki nema hv. þm. sjálfur beri ábyrgð á þessum höfuðglæp.

En það, sem raunverulega kom mér til þess að gera hér stutta aths., voru þau brigzl og ókvæðisorð, sem hv. þm. A-Húnv. hafði hér um einn af hinum nýju þm., hv. þm. Ak., Friðjón Skarphéðinsson. Það var eins og hann fyndi einhverja alveg sérstaka sök hjá þessum manni, og sökin skildist mér einkum vera sú, að hann hafði fellt ágætan mann frá þingmennsku, Jónas Rafnar.

Ég skal taka undir þau hrósyrði, sen. hv. þm. hafði um Jónas Rafnar, og ef ég heyrði honum hallmælt persónulega, mundi ég mótmæla slíkum ummælum. Ég þekki hann bæði héðan af þingi og heiman úr okkar byggðarlagi, og ég tek á allan hátt undir það, að það sé góður og gegn maður og bezti drengur, eftir því sem ég þekki hann. En stjórnmálabaráttan er nú einu sinni þannig og flokkaskipunin, að menn geta ekki farið að því, þó að andstæðingur þeirra sé afbragðsmaður persónulega. Hvernig komst hv. þm. A-Húnv. á þing? Var það ekki með því að fella afbragðsmann, sem lengi hafði setið hér á Alþ. og átt fylgi og traust að fagna? Ég komst á þing á sama hátt. Það er svona. Kjósendurnir

skipta um skoðun, og nýir menn koma. Það fer eftir pólitískum skoðunum kjósendanna, hvern þeir velja.

Hitt get ég sagt hv. þm. A-Húnv.: Hann fær ekkert þakklæti hjá sínum flokksmönnum á Akureyri og í Eyjafjarðarsýslu með því að svívirða Friðjón Skarphéðinsson, hv. þm. Ak., bæjarfógeta á Akureyri og sýslumann í Eyjafjarðarsýslu, því að það er svo um hann, að hversu ágætur maður sem Jónas Rafnar er, sem ég skal ekkert úr draga, þá hefur Friðjón Skarphéðinsson þar hvers manns traust sem yfirvald og starfsmaður. Ég gat ekki látið hjá líða að mótmæla þessari árás, sem ekki er drengileg, því að það er ekki drengilegt af gömlum þm. að ráðast með offorsi á nýkominn þm. án sérstaks tilefnis, og tilefnið var ekki neitt til persónulegra árása, því að hv. þm. Ak. flutti sitt mál mjög hógværlega, þegar hann gerði grein fyrir áliti þess hluta kjördeildar, sem hann var frsm. fyrir.

Hv. síðasti ræðumaður, 4. landsk. þm. (FRV), hélt hér mjög heimspekilega ræðu, sem ekki kom að öllu leyti málinu við, sem hér er um rætt, og vék m. a. að því, hver hefði verið tilgangur þeirra, sem settu núgildandi kosningalög og þó sérstaklega þau ákvæði þeirra, sem eru um uppbótarsætin, en þau ákvæði stafa frá árinu 1933. Ja, ég var nú einn í þeirri nefnd, sem fjallaði um stjórnarskrána og kosningalögin, og ég ætti þess vegna að vita nokkurn veginn eins vel um það og þessi hv. þm., hver var tilgangurinn. Tilgangurinn með uppbótarþingsætunum var auðvitað sá, eins og allir vita, að jafna á milli þingflokka, svo að hver þeirra fengi sem næst því að hægt var að komast þingmannatölu í samræmi við kjósendatölu. Á hinn bóginn er það alveg ljóst, að tilgangurinn var ekki sá, að þessi jöfnun yrði alger, þannig að hver þingflokkur fengi nákvæmlega þingmannatölu í samræmi við kjósendatölu sína. Það sést fyrst og fremst á því, að það lágu fyrir till. frá þáverandi formanni Sjálfstfl., Jóni Þorlákssyni, um ótakmarkaða tölu uppbótarþingmanna, þar til fullum jöfnuði væri náð. Alþ. vildi ekki fallast á þær till. Í öðru lagi með því að halda öllum þeim kjördæmum, sem haldið var þá, og ákveða þau beinlínis í stjórnarskránni, lá það beinlínis fyrir, að það gat komið fyrir, að þarna yrði það, sem sumir menn kalla ójöfnuð. Ég þori ekki alveg að fullyrða það, en mig minnir, að það væri reiknað út eftir kosningarnar 1934, fyrstu kosningarnar, sem fóru fram samkv. þessum lögum, að ef Framsfl. hefði haldið sama atkvæðamagni í kjördæmunum sem hann hafði í kosningunum vorið 1931, en þá hlaut hann rúml. 35% allra atkvæða, þá hefði hann orðið í hreinum meiri hluta á Alþ., þrátt fyrir uppbótarsætin, enda gera stjórnarskráin og kosningalögin ráð fyrir því, að fullt höfðatölujafnrétti náist ekki, því að það á að reikna út, hvað margir kjósendur koma á hvern þm. í hverjum flokki, og sá flokkurinn, sem fær tiltölulega fæsta kjósendur á bak við hvern þm., hefur svokallaða hlutfallstölu kosninganna, og við hann er miðað. Það er beinlínis gert ráð fyrir því, að einn flokkurinn fái fleiri þm. í hlutfalli við kjósendur en hinir. Bollaleggingar um það, hvernig þessu skuli breyta, álít ég að eigi ekki hér við, og ég skal ekki fara út í það, en segi eins og ég hef áður sagt hér, að mér virðist, að það eigi að dæma þetta mál eftir þeim lögum, sem um það eru og fyrir liggja.

Ég held, að það gæti verið dálítið hæpið að fara að dæma á þann hátt, sem hv. síðasti ræðumaður var að tala um, t. d. að úrskurða kjörbréf samkv. einhverjum óljósum tilgangi, sem sagður er hafa verið. Ætli það gæti ekki farið svo, að það gæti komið sá meiri hluti á Alþ., sem dæmdi bara þannig, að stjórnarandstæðingar hefðu ekkert á þingi að gera, og sendi þá heim svo og svo marga? Ég held þvert á móti, að hvernig sem þessu er fyrir komið og hvaða breytingar sem kunna að vera gerðar í framtíðinni, þá sé einmitt um að gera að hafa lagaákvæðin skýr og tvímælalaus um þessi atriði, svo að það ættu ekki að þurfa að vera deilur svipaðar þeim, sem hér hafa farið fram um kjörbréf.

Aldursforseti (JJós): Hv. þm., sá er síðast talaði, vék þeirri spurningu til forseta, hvar það stæði í þingsköpum, að þm. mættu ræða önnur mál en þau, sem á dagskrá væru, eða þannig skildi ég orð hans.

Ég ætla, að slík fyrirmæli sé ekki að finna í þingsköpum, að það sé mælt svo fyrir um, að þingmenn megi tala um önnur mál en til umræðu eru. En það er algengt, eins og hv. 1. þm. Eyf. hlýtur að þekkja úr sinni löngu forsetatíð, að menn víkja að öðrum málum en þeim, sem á dagskrá eru, ef þau eru mjög skyld og standa nokkuð í sambandi við það mál, sem verið er að ræða, án þess að forseti hafi alltaf fundið ástæðu til þess að skerast í leikinn, enda má segja í þessu máli, að það getur verið dálítið mjótt mundangshófið og erfitt að sjá, hvar helzt á að grípa niður, ef forseti vill skipta sér af umræðum á þennan hátt. Þegar hér er verið að ræða um kosningadeilu og þó að út frá því komi einhver hv. þm. með það, sem hv. 1. þm. Eyf. kallaði heimspekilegar hugleiðingar um stjórnarskrá og kosningalög, þá taldi ég fyrir mitt leyti ekki ástæðu til þess að grípa fram í fyrir hv. 4. landsk.

Á hinn bóginn er þess að geta, að hv. 1. þm. Eyf. fór líka út í þessa sálma, þótt ekki væri að neinu verulegu leyti, og hugleiðingar hans sennilega alveg eins heimspekilegar og hv. 4. landsk.

Að því leyti er aths. hans snerti það, að tími þingsins sé ekki réttilega notaður af forseta til að ræða þetta mál, þá hef ég vikið að því áður, hvaða ástæður hafa legið fyrir því, að ekki hafa verið haldnir kvöldfundir eða næturfundir til að keyra málið áfram, og þarf ekki að fjölyrða um það frekar.

Frsm. minni hl. 3. kjördeildar (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Meginatriði þessa máls, sem hér liggur fyrir, er það, hvernig Alþ. skuli skipað þetta kjörtímabil samkv. ákvæðum og anda og tilgangi stjórnarskrárinnar, og það, sem hér um ræðir, er fyrst og fremst uppbótar- eða jöfnunarsætin. En til þess að öðlast nægan skiln-

ing á þessu máli, fyrst og fremst jöfnunarþingsætunum, hvernig þau eru til orðin og um tilgang þeirra, þá er óhjákvæmilegt að rekja nokkuð aðdraganda þess, að þau voru tekin upp í stjórnarskrána fyrir rúmum tveim áratugum. Við athugun á þessu þýðingarmikla máli, sem hér liggur fyrir, um stjórnskipun og stjórnarfar okkar Íslendinga, er einnig nauðsynlegt vegna furðulegra missagna og misskilnings, sem hér hefur komið fram, að athuga nokkuð, hvaða sjónarmið koma einkum til greina við eðlilega og skynsamlega skýringu laga.

Kosningar til Alþ., kjördæmaskipun og skipun Alþ. hefur að sjálfsögðu um langan aldur verið eitt af höfuðviðfangsefnum þings og þjóðar. Það eru nú komin full 50 ár síðan fyrsti íslenzki ráðherrann, Hannes Hafstein, flutti á sínu fyrsta þingi sem ráðherra frv. um nýja kjördæmaskipun og kosningatilhögun. Þetta frv. var að sjálfsögðu flutt vegna þess, að þá um langa hríð hafði mönnum verið ljóst, að nýja skipan þyrfti að gera í þessum málum til að tryggja sem bezt þingræði, lýðræði og vilja fólksins. Frv. Hannesar Hafsteins fól það í sér, að landinu skyldi skipt í sjö kjördæmi, er kjósi hvert 4—6 þm. eftir íbúafjölda og skuli þm. kosnir með hlutfallskosningu. Frv. fékk góðar undirtektir þá, varð ekki útrætt, og á næsta þingi var það flutt að nýju, en var þá fellt með örlitlum atkvæðamun. Síðan virðist þetta mál hafa legið í þagnargildi um langt skeið, enda önnur viðfangsefni, fyrst og fremst samband Íslands og Danmerkur og skilnaður þeirra landa, sem altóku hugi manna um langt skeið.

Næst gerist það, að árið 1928 skrifar Thor Thors, núverandi ambassador Íslands í Bandaríkjunum, ýtarlega grein í tímaritið Vöku um kjördæmaskipunina, ágalla hennar, og gerir ákveðnar tillögur til umbóta í þessu máli og um skipan Alþ. Þær till. voru í stórum dráttum svipaðar till. Hannesar Hafsteins um skiptingu landsins í nokkur stór kjördæmi með hlutfallskosningu.

Árið 1931 verður merkisár í sögu þessa máls. Þá er málið tekið upp á Alþ. Þáverandi ríkisstj. Framsfl., sem studdist þá við hlutleysi Alþfl., flutti frv. um breytingar á stjórnarskránni, breytingar, sem einkum fólu í sér afnám landskjörsins, afnám hinna sex landskjörnu þm., þannig að allir þm. skyldu kosnir hér eftir í einmennings- og tvímenningskjördæmum með óhlutbundnum kosningum. Í meðferð þessa stjórnarfrv. kom það fram, að bæði Sjálfstfl. og Alþfl. töldu þetta frv. enga lausn vandans og yrði að fara allt aðrar leiðir til að tryggja réttlæti í þessum málum, þannig að Alþ. yrði sem réttust mynd af þjóðarviljanum. Að vísu ríkti allmikill ágreiningur um leiðir milli þessara tveggja flokka, þó að þeir væru sammála um meginmarkmiðið, það, að Alþ. yrði sem réttust mynd af þjóðarviljanum, að stjórnmálaflokkarnir fengju þingsæti í samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Leiðirnar, tillögurnar voru mismunandi, þar sem Alþfl. lagði áherzlu á, að landið yrði allt eitt kjördæmi með hlutfallskosningum, en sjálfstæðismenn töldu aðrar leiðir, svo sem einmenningskjördæmi með uppbótarsætum eða nokkur stór kjördæmi, miklu fremur koma til greina og langsamlega mesta ágallana á því að hafa landið allt eitt kjördæmi. En þrátt fyrir skiptar skoðanir um leiðir milli sjálfstæðismanna og jafnaðarmanna þá, virtust þó nokkrir möguleikar á því að ná samkomulagi um gagngerar endurbætur á kjördæmaskipuninni. Slíkt mátti Framsfl. að sjálfsögðu ekki heyra nefnt, og eins og kunnugt er hleypti Framsfl. upp þinginu 14. apríl 1931, og var ein af meginástæðum þingrofsins, að sjálfstæðis- og jafnaðarmenn hefðu fyrirætlanir um að lagfæra kjördæmaskipunina og það yrði að koma í veg fyrir slíkar lagfæringar. Það segir svo í þingrofsboðskap forsrh., „að samvinna milli jafnaðarmannaflokksins og Sjálfstfl. er þegar hafin, m. a. til að leiða í lög viðtækar breytingar á kjördæmaskipun landsins.“

Þetta varð upphaf mikilla og stórra átaka og tíðinda um stjórnarskrár- og kjördæmamál, átaka, sem stóðu í full þrjú ár. Framsfl. vann í þingrofskosningunum 1931 mikinn sigur, en sá sigur var Pyrrhusarsigur. Flokkurinn fékk í þessum kosningum 21 þm. af 36 kjördæmakosnum, auk þess hafði hann 2 landskjörna þm. af 6. Hann fékk því samtals eftir þessar kosningar 23 þm. af 42 eða hreinan meiri hl. á Alþingi. En atkvæðamagnið, sem stóð á bak við flokkinn í þessum kosningum, var aðeins 35.9%, eða rúmur þriðjungur þjóðarinnar. Sjálfstfl. og Alþfl., sem höfðu á bak við sig í kosningunum um 60% greiddra atkv. samtals, fengu kosna 15 þm., höfðu 4 landskjörna, höfðu því samtals með 60% þjóðarinnar 19 þm. á móti 23 þm. Framsfl., sem rúmur þriðjungur þjóðarinnar stóð á bak við. Hafi mönnum ekki áður verið fullljóst, að kjördæmaskipunin þyrfti endurskoðunar, þá var það nú öllum skýrt, að svo mátti ekki lengur standa. Kröfur alls almennings urðu svo ákveðnar og háværar um breytingar til að tryggja lýðræðið, að Framsfl. þrátt fyrir hreinan meiri hl. á Alþingi gafst upp ári síðar. Stjórn hans sagði af sér og ný stjórn var mynduð með því höfuðverkefni að reyna að leysa kjördæmamálið.

Í þessum átökum öllum komu nokkuð skýrt fram, bæði í mörgum frv., grg. og þingræðum, meginsjónarmiðin í þessu máli. Forustuna höfðu þar hinir mikilsvirtu foringjar, Jón Þorláksson, formaður Sjálfstfl., og Jón Baldvinsson, formaður Alþfl. Þeir voru þar í fararbroddi og í eldlínunni fyrir sína flokka. Meginmarkmið þeirra beggja var nákvæmlega það sama, og það er orðað svo í frv., sem þeir fluttu sameiginlega 1932, Jón Þorláksson, Jón Baldvinsson og Pétur Magnússon: „Alþingi skal svo skipað, að hver þingflokkur hafi þingsæti í samræmi við atkvæðatölu þá, sem greidd er frambjóðendum flokksins samtals við almennar kosningar.“ Þetta er í 1. gr. stjórnarskrárfrv. þeirra.

Ég skal ekki vitna hér í mörg ummæli Jóns Baldvinssonar í hans mörgu og skeleggu ræðum í þessu máli. Hann tók það hvað eftir annað skýrt fram, að þingfl. yrðu að fá þingsæti í samræmi við atkvæðatöluna, að Alþfl. hefði haldið og mundi halda fast við þær kröfur, sem hann hefði barizt fyrir í undanfarinn hálfan annan áratug, og það þýddi ekki til lengdar að

standa á móti þessu máli. Og annar áhrifamaður Alþfl. fyrr og síðar, núverandi formaður hans, Haraldur Guðmundsson, sagði í þessum sömu átökum, 1932—1933: „Afstaða okkar jafnaðarmanna í stjórnarskrármálinu er skýr, við höfum lagt fyrir þingið frv., sem er í samræmi við okkar stefnu, þ. e. meginatriðið, að þingfl. fái jafnan þingsæti í réttu hlutfalli við atkvæðatölu við almennar kosningar."

Ég skal ekki rekja þessa sögu ýtarlega, en vil þó til þess að marka skýrt og greinilega þá afstöðu, sem Sjálfstfl. hefur fylgt um aldarfjórðung, sem síðan er liðinn, lesa hér upp örstuttan kafla úr ýtarlegri og rökstuddri greinargerð Jóns Þorlákssonar og Péturs Magnússonar með stjórnarskrárfrv. 1932. Þar segir:

„Eftir kosningarnar 1931 hefur Framsfl. algeran meiri hl. í þinginu, 23. þm., sem eftir kjósendafylgi á aðeins að hafa einn þm. umfram þriðjung þingsæta.

Þetta ástand er algerlega óviðunandi í landi, sem vill telja sig lýðræðisríki. Eftir réttarmeðvitund nútímans er þjóðfélagsvaldið í lýðræðislöndum byggt á þeim grundvelli, að valdið sé sameiginleg eign hinna fullveðja borgara, hluti af mannréttindum hvers einstaks þeirra, sem eigi verður með neinu lagaboði réttilega af þeim tekinn eða misjafn ger, þó að hitt geti komið fyrir, að einstaklingur brjóti þessi réttindi af sér um stundarsakir eða fyrir fullt og allt með því að gera sig sekan í athæfi, sem varðar við lög og svívirðilegt er að almenningsdómi. Meðferð þessa valds fela borgararnir þinginu í umboði sínu, en þar af leiðir beint, að þingið á að vera hlutfallslega rétt smækkuð mynd af þeim skoðunum, sem uppi eru meðal kjósendanna. Í öllum löndum koma þessar skoðanir nú á tímum fram á þann hátt, að þeir, sem eru sömu skoðunar í þeim málum, sem aðallega koma til greina við kosningar, hópa sig saman í landsmálaflokka, með tilsvarandi þingflokkum innan þinganna. Af hinum jafna rétti fullveðja borgara til þátttöku í ríkisvaldinu og áhrifa á meðferð þess leiðir það þá, að landsmálaflokkarnir eða þingflokkarnir verða að fá þingsæti í samræmi við þá kjósendatölu, sem stendur að baki hverjum þeirra. Með því er jafnrétti kjósendanna tryggt, og á engan annan hátt verður það tryggt."

Svo segir í grg. þeirra Jóns Þorlákssonar og Péturs Magnússonar 1932.

Þessi sameiginlega barátta sjálfstæðis- og jafnaðarmanna, sem hafði sameiginlegt markmið, þó að nokkuð greindi á um leiðir, leiddi til stórmerkilegs áfanga með stjórnarskrárbreytingunni 1933. Niðurstaðan varð sú, að sú leið að markinu var valin í bili að taka upp uppbótarsæti, hafa í meginatriðum kjördæmaskipunina eins og hún hafði verið, en taka upp 11 þingsæti til jöfnunar, til þess að hver þingflokkur fái þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölur sínar við almennar kosningar. Þetta ákvæði stjórnarskrárinnar, sem samþykkt var 1933, er merkur áfangi í sögu lýðræðis og jafns kosningarréttar á Íslandi. Hér var því veruleg lagfæring fengin.

En nú liðu 8 ár, og kom þá í ljós, að þessi breyting, þó að hún stefndi í rétta átt, var engan veginn fullnægjandi. Þetta stafaði fyrst og fremst af markvissum tilraunum Framsfl. til þess að fara í kringum lögin og til að fá sem allra flest fámenn kjördæmi út á sem allra fæst atkvæði. En eins og kunnugt er, hefur það lengst af verið ein af sérgreinum Framsfl. að misnota kjördæmaskipunina.

Síðan gerist það árið 1942, að Alþfl. tekur upp kjördæmamálið að nýju, og þá er aðalatriði frv. hans það, að upp skuli teknar hlutfallskosningar í 6 tvímenningskjördæmum, en uppbótarsætunum haldið. Þetta frv. hlaut stuðning Sjálfstfl. og Sósfl. og varð að lögum gegn eindreginni andstöðu og ofsafengnum fjandskap Framsfl. Meðal flutningsmanna þessa réttlætisfrv. voru tveir af núverandi þm. Alþfl., formaður hans, Haraldur Guðmundsson, og utanrrh., Emil Jónsson. Þeir segja m. a. í grg. með frv.:

„Aðalatriði þessa frv. stefna að því að jafna atkvæðisrétt þegnanna og skapa jafnvægi milli flokka á þingi. Hér er stefnt að því að endurbæta skipulag lýðræðisins í okkar landi. Einstaklingarnir og réttur þeirra er undirstaða þess, og þingið á að vera rétt mynd af þjóðinni."

Þetta eru orð þeirra Haralds Guðmundssonar og Emils Jónssonar í grg. fyrir frv. þeirra 1942.

Það er að vissu leyti fróðlegt og til nokkurrar skýringar á afstöðu framsóknarmanna í þessum réttlætismálum fyrr og síðar að athuga hér nokkrar setningar eftir aðalmálsvara Framsfl. í þessu máli 1942, núverandi 2. þm. Rang. (SvbH), sem þá var eins og oftar, þegar um slík mál er að ræða, hafður á oddinum. Sveinbjörn Högnason sagði m. a. í þessum umr.:

„Alþfl. hefur nú gefið upp alla von um að vinna ný kjördæmi, en vill koma ár sinni þannig fyrir borð, að honum verði not að atkvæðum, sem greidd eru honum víðs vegar um landið, þó að ekkert kjördæmi vilji þá fyrir þingmenn. En svo getur farið, þó að ný kjördæmi séu stofnuð fyrir þá, að atkvæðin týnist og verði þeim ekki að tilætluðum notum. Frv. gengur allt út á að segja við kjósendur: Þó að þið viljið okkur ekki fyrir þm., þá skuluð þið samt hjálpa okkur til að koma mönnum á þing." — Og Sveinbjörn Högnason segir: „Trúað gæti ég því, að þeir, sem flytja nú þetta frv. (þ. e. Alþýðuflokksmennirnir) í því skyni að sjá fylkingar sínar vaxa, muni sjá þær hverfa, og það er ekki annað en við má búast, þegar menn bjóða þjóðinni naglasúpu í stað réttlætis." — Og enn segir prófasturinn um þetta frv. Alþfl., réttlætismálið: „Við framsóknarmenn erum þess fullvissir, að .... fáa óhappamenn hafi þjóðin átt meiri .... en þá, sem nú bera fram breytingar á stjórnarskránni."

Öll hefur þessi barátta fyrir uppbótarsætum, jöfnunarsætum, hlutfallskosningum beinzt í eina og sömu átt, að tryggja réttlæti, tryggja lýðræði, að þingið verði sem sönnust mynd af þjóðarviljanum á hverjum tíma.

Lengst af hafa Alþfl. og kommúnistar þótzt eiga samleið um meginstefnuna með sjálfstæðismönnum. Einn flokkur hefur alltaf streitzt á móti, Framsfl. Síðan 1942, þegar þetta stjórnarskrárfrv. Alþfl. var samþykkt, sem var stórt spor í rétta átt, hefur þó sigið í þessu efni á ógæfu-

hlið og ranglætið orðið meira og meira, þó að út yfir taki nú, þar sem öll fyrri met eru slegin í pólitískum hrekkjabrögðum.

Það er eðlilegt, að flokkar reyni að vinna sem flest kjördæmi með því að auka stefnu sinni fylgi með þjóðinni, og vitanlega hafa flokkar heimild til að vinna saman og hafa bandalög sín á milli. En nú hefur það gerzt, sem er óþekkt í íslenzkri stjórnmálasögu. Í rauninni er það tvennt, sem gerzt hefur jafnsnemma: Kosningabandalag Frams.- og Alþfl., kosningaflokkur þeirra, gerði þrauthugsaða tilraun til þess að ná sem flestum fámennustu kjördæmunum á sitt vald, en um leið og þessi tilraun er gerð, reynir þessi sami kosningaflokkur eða bandalag að hremma sem allra flest uppbótarsæti. Glöggt dæmi þessa er Seyðisfjörður. Um nokkurra ára skeið var Seyðisfjörður Alþfl.-kjördæmi, og síðari árin, meðan Sjálfstfl. hefur haft það kjördæmi, hefur aðalandstæðingur sjálfstæðisframbjóðandans verið frambjóðandi Alþfl. Framsfl. hafði sáralítið fylgi þar. Nú gerast þau undur í sumar, að í þessari sambræðslu og samsæri er ákveðið að afhenda Framsfl. Seyðisfjörð. Vegna hvers? Af þeirri einföldu ástæðu, að það er nauðsynlegur liður í samsærinu. Ef Alþfl. hefði unnið Seyðisfjörð úr höndum sjálfstæðismanna, þá hefði Alþfl. fengið einu uppbótarsæti færra. En með því að afhenda Framsfl. þetta kjördæmi gat Alþfl. fengið uppbótarmann engu að síður.

Þetta er það sérstaka við þetta brölt, og fyrir því eru engin fordæmi. Málsvarar bandalagsins hafa reynt að vitna í samstarf Bændaflokksins og Sjálfstfl. í kosningunum 1937. Þetta hefur verið marghrakið sem fjarstæða, að þetta tvennt sé sambærilegt. Bændaflokkurinn og Sjálfstfl. höfðu mótframbjóðendur hvor á móti öðrum í mörgum kjördæmum, en Framsfl. og Alþfl. nú algera samstöðu og sömu frambjóðendur og bandalag í hverju einasta kjördæmi um menn og málefni og bauð hvergi annar fram á móti hinum.

En þó er hér til viðbótar því, sem ræðumenn Sjálfstfl. hafa sagt hér um þetta mál, eitt atriði enn, sem ég vil minna á. Bandalagið í sumar, Frams.- og Alþfl., er gert til þess að hremma sem flest af fámennustu kjördæmunum og næla í uppbótarsæti um leið, þvert ofan í anda og tilgang stjórnarskrárinnar.

Hefði í bandalagi Sjálfstfl. og Bændaflokksins hins vegar verið beitt þeirri reglu, sem er sú eina rétta í þessu sambandi, að reikna út í einu lagi bandalag slíkra flokka eins og Alþfl. og Framsfl., þá hefðu þeir flokkar ekki tapað á því, þeir hefðu fengið einu uppbótarsæti fleira. M. ö. o.: Á því bandalagi og þeim útreikningi, sem þá var hafður, töpuðu flokkarnir, Sjálfstæðis- og Bændaflokkurinn, en hefðu sem sagt fengið einu þingsæti fleira, ef atkv. þeirra hefðu verið lögð saman. Raunveruleg tala uppbótarsæta var þá: Sjálfstfl. 5, Bændaflokkurinn 1, Alþfl. 3, Kommúnistafl. 2, Sjálfstfl. og Bændaflokkurinn samtals 6 uppbótarsæti, en ef þeim hefðu verið reiknuð uppbótarsæti í einu lagi, þá hefðu þeir fengið 7 sæti í stað 6. Það fer því fjarri því á öllum sviðum, að þetta tvennt sé sambærilegt.

Herra forseti. Þessi upprifjun sögunnar er nauðsynleg vegna skilnings á meginatriðum málsins. Menn verða að gera sér grein fyrir, hver var tilgangurinn með þessari hörðu og löngu baráttu fyrir uppbótarsætum, því að það atriði er þýðingarmikið og í rauninni getur ráðið úrslitum um túlkun á því málefni, sem hér er um að ræða. En þá kemur önnur spurning, almenns eðlis, og hún er: Hvaða sjónarmið á almennt að hafa um skýringu á lögum og stjórnarskrá? Hvaða meginsjónarmið á að hafa um lögskýringu? Í rauninni má segja, að þar gæti tveggja meginsjónarmiða. Annað er bókstafstrúin, og bókstafstrúarmenn segja, að það eigi alltaf að *skýra lög og dæma dóma eftir orðanna hljóðan*, eftir orðalaginu, því að „bókstafurinn blífur". Þetta höfum við heyrt hvað eftir annað í þessum umr., og þetta heyrðum við ekki sízt í kosningabaráttunni á síðasta sumri.

Í þessu dæmi, sem hér liggur fyrir, segja bókstafsmennirnir: Lögin segja hvergi, að það eigi að reikna út uppbótarsæti í einu lagi fyrir þessa tvo flokka. Þau segja það hvergi berum orðum, og þess vegna hlýtur að eiga að reikna það út í tvennu lagi.

Ég verð að segja, að það er vissulega sorglegt, að slíkrar bókstafstrúar skuli enn vera vart á okkar tímum. Þessi skilningur um skýringu laga var ríkjandi á tímum skólaspekinnar og í myrkri miðaldanna. En hitt er furðulegt, að honum skuli skjóta upp á þessum tímum upplýsingar, lýðfrelsis og lýðfræðslu. Og þegar maður hlustar á jafnvel góða og greinda menn, m. a. lögfræðinga, halda því fram, að það sé orðalag laganna, sem jafnan eigi að skera úr, og ekkert annað, þá fyllist maður undrun yfir því og jafnvel harmi að sjá *afturgengin slík náttröll grárrar forneskju* og steingervinga liðinna alda.

Nei, sú lögskýringarregla, sem fyrir löngu hefur rutt sér til rúms og viðurkennd er af flestöllum eða öllum sanngjörnum mönnum, er ekki bókstafsskýringin, heldur skynsemisskýringin. Það á að beita skynseminni, og það á að leita að skynsamlegri túlkun á anda og tilgangi laganna. Það á að leita að því, hvað fyrir löggjafanum hefur vakað, til þess að finna sem allra eðlilegasta og skynsamlegasta lausn málsins. Ef ekki eru til skýr lagaákvæði um eitthvert atriði, þá á að finna, hvað væri eðlilegast, og í rauninni hefur þessi skýringarregla verið viðurkennd á öllum öldum meðal hinna beztu lögvitringa.

Það var gullvæg regla, sem viturlega var orðuð í Rómarétti, eins og margt fleira, að ef bein lagaákvæði skorti, þá skyldi dæma ex bono et aequo, þ. e. eftir því, sem sanngjarnast væri og réttlátast. Það þarf ekki að leita til margra lögfræðinga nú á dögum til þess að sannfærast um, að það er skynsemistúlkunin, en ekki bókstafs- og orðatúlkunin, sem er sú rétta. Þekktasti lögfræðingur Norðmanna, sem nú er uppi, er dr. Castberg, rektor Oslóarháskóla. Hann hefur ritað allra manna mest um norska stjórnlagafræði, stjórnskipun og stjórnarfar. Í meginriti sínu um stjórnskipun Norðmanna gerir hann einmitt lögskýringuna og sjónarmið hennar að umtalsefni í löngum kafla. Hann segir: „Orðalagið og sú niðurstaða, sem það leiðir til eftir málvenju,

getur ekki alltaf ráðið úrslitum. Það á ekki að láta bókstafinn gilda framar skynsamlegri meiningu lagatextans. Það á að leggja megináherzlu á skynsamlega meiningu laganna framar orðalaginu, og það þýðir sama og fara eftir tilgangi laganna. Réttarreglurnar eru alltaf þess eðlis að vera meðal eða ráð til þess að ná ákveðnum tilgangi."

Svo heyrum við hér jafnvel í þessum umr., m. a. frá síðasta ræðumanni, talað háðulega um það, að við séum að leita að einhverjum óljósum tilgangi laga.

Hinn mikli íslenzki lögspekingur, dr. Einar Arnórsson, segir í Réttarsögu Alþingis um uppbótarsætin og ákvæði stjórnarskrárinnar um þau: „Höfuðmarkmið þessara ákvæða stjórnskipunarlaganna um uppbótarsæti er, að hver þingflokkur geti fengið þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu við almennar kosningar, að hlutfallið milli þingmannatölu og atkvæðatölu verði sem allra líkast hjá öllum flokkum. Fyrirmæli kosningalaganna ber því að haga svo, að þessu takmarki verði náð, svo sem kostur er, eftir fyrirmælum stjórnskipunarlaganna. Það er frá því sjónarmiði mjög áríðandi, að hver flokkur nái þeirri atkvæðatölu, sem hann á með réttu, og að atkv. njóti sín fyllilega, er ákveða skal þingmannatölu."

Þessi orð Einars Arnórssonar í Réttarsögu Alþingis bera þess ljósan vott, hvílíka höfuðáherzlu hann leggur á takmarkið, tilganginn í stjórnarskránni, bæði við setningu kosningalaga og túlkun þeirra.

Ég vil nefna eitt mjög þýðingarmikið dæmi úr íslenzkum stjórnskipunarrétti þessu til skýringar. Hver á að skera úr um það, hvort almenn lög, sem Alþ. hefur sett, brjóta í bág við stjórnarskrána? Ef það kemur fyrir, sem nokkrum sinnum hefur komið fyrir, að löggjafinn setur almenn lög, sem flestir telja að séu ekki í samræmi við stjórnarskrána, þá er ekkert ákvæði um það í íslenzku stjórnarskránni, hvernig með skuli fara. Eiga þá dómstólar að dæma eftir þessum lögum, sem brjóta í bág við stjórnarskrána? Eiga stjórnvöldin að fylgja þeim? Á almenningur að haga breytni sinni eftir þeim? Eða er einhver aðili, sem rétt er að úrskurði um það og geti sagt til um það bindandi, að þessum lögum skuli ekki fylgja, vegna þess að þau brjóti stjórnarskrána?

Um þetta er ekkert ákvæði í stjórnarskránni, og bókstafstrúarmenn eins og málsvarar stjórnarliðsins munu auðvitað segja: Þar sem engin ákvæði eru um þetta í stjskr., þá hefur enginn aðili heimild til þess að skera úr þessu. Það verður að fylgja þessum almennu lögum, lög eru lög.

Vitanlega er þessi niðurstaða fráleit. Og skynsemistúlkunin segir: Það er gagnstætt anda og tilgangi stjórnarskrárinnar og vernd stjórnarskrárákvæðanna, að almenni löggjafinn geti brotið gegn stjórnarskránni. Það verður að vera einhver aðili til að skera úr þessu. Og skynsemistúlkunin segir: Með hliðsjón af öðrum ákvæðum stjórnarskrárinnar og verkaskiptingu stjórnvaldsins hljóta það að vera dómstólarnir, að lokum hæstiréttur, sem skera úr þessu. Þetta er alviðurkennd skoðun fræðimanna hér á landi og hefur lengi verið, og hæstiréttur sjálfur hefur oftar en einu sinni staðfest þessa skoðun og þessa túlkun.

Ég nefni þetta dæmi til að sýna, hversu bókstafsdýrkunin og túlkunin getur leitt út á algerar villigötur og jafnvel teflt stjórnskipun okkar og réttarríki í háska. Ég vil bæta því við, að ef löggjafanum eða Alþ. á sínum tíma, 1933 eða 1942, hefði dottið í hug þessi möguleiki, að tveir flokkar kynnu að hafa algert kosningabandalag eða að einn flokkur mundi skipta sér í tvennt til þess að krækja í fleiri uppbótarsæti en ber, þá fullyrði ég, að Alþ. hefði ákveðið að setja undir þennan leka. Það hafði ákveðið skýrum stöfum í kosningalögum, að reikna skyldi uppbótarsæti í einu lagi, ef um algert kosningabandalag flokka væri að ræða eða stjórnmálaflokkur skipti sér og byði fram í tvennu lagi með þessum hætti. Ég er einnig sannfærður um, að þá hefðu þm. Alþfl. og Kommúnistafl. allir saman greitt atkvæði með slíku ákvæði til þess að koma í veg fyrir þá misþyrmingu jöfnunarsætanna, sem nú á sér stað.

En lítum nú á afstöðu landskjörstjórnar.

Ég vil fyrst minnast hér á afstöðu þeirra Sigtryggs Klemenzsonar og Vilhjálms Jónssonar. Það er tvennt, sem þeir byggja sinn úrskurð á, að reikna skuli uppbótarsætin fyrir hvorn flokk fyrir sig. Það er annað, að slík kosningabandalög séu hvergi bönnuð í lögum, bókstafsskilningurinn, sem ég er þegar búinn að ræða nokkuð um, og hin röksemdin, að það séu skýr fordæmi fyrir slíku samstarfi, t. d. kosningabandalag Bændaflokksins og sjálfstæðismanna 1937. Við höfum sýnt fram á það, að það er fráleitt, fjarri öllu lagi að líkja þessu saman. Þetta eru tvær *meginstoðirnar undir úrskurði þeirra.*

Þriðji landskjörstjórnarmaðurinn, Jón Ásbjörnsson, segir: „Í lögum um kosningar til Alþingis eru engin ákvæði um slík kosningabandalög sem þetta. Það er að vísu ljóst, að slíkt kosningabandalag er, ef hvor þessara stjórnmálaflokka telst sjálfstæður þingflokkur, þegar uppbótarsætum er úthlutað, til þess lagað að raska flokkum þessum í hag þeirri þingmannatölu, sem þeir mundu fá, ef þeir byðu nú fram til Alþ. með venjulegum hætti hvor fyrir sig. En við það eru ákvæði laga um kosningar til Alþingis bersýnilega miðuð." Hann telur, að slíkt bandalag, ef uppbótarsætin yrðu reiknuð í tvennu lagi, sé til þess fallið að raska réttu hlutfalli, en vegna þess að skorti bein lagaákvæði um þetta, treysti hann sér ekki til að úrskurða, að reikna skuli í einu lagi.

Rökstuðningur fjórða landskjörstjórnarmannsins, Einars B. Guðmundssonar, er í meginatriðum þessi: „Við alþingiskosningar þær, sem nú eiga að fara fram, hafa Alþfl. og Framsfl. stofnað til algers kosningabandalags í öllum kjördæmum landsins. Íslenzk lög hafa engin ákvæði að geyma um, hvernig með skuli fara, ef stjórnmálaflokkarnir gera með sér kosningabandalög. Hins vegar sýnist hið algera kosningabandalag Alþfl. og Framsfl. leiða til þess, að ákvæði d-liðs 31. gr. stjórnarskrárinnar og ákvæði 124. gr. kosningalaga verði ekki fullnægt nema með þeim hætti að úthluta þessum flokkum sameiginlega upp-

bótarsætum samkvæmt samanlagðri atkvæðatölu þeirri, er þeir hljóta við kosningarnar.“

Einna ýtarlegust er greinargerð fimmta landskjörstjórnarmannsins, Vilmundar Jónssonar. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Báðir flokkar, Alþfl. og Framsfl., eru í algeru kosningabandalagi, sem stofnað er til af réttum fyrirsvarsaðilum flokkanna samkvæmt einróma samþykktum flokksþinga beggja flokkanna. Báðir flokkar hafa fullkomna samstöðu í kosningunum sem einn flokkur væri, kosningalega séð.

Kosningabandalag er þekkt kosningalagahugtak og táknar meiri eða minni samstöðu tveggja eða fleiri flokka í kosningum, þeim til sameiginlegs eða gagnkvæms framdráttar. Kosningabandalög eru heimiluð í kosningalögum ýmissa landa og með ýmsu móti, en auðvitað háð ákveðnum skilyrðum og reglum.

Í íslenzku kosningalögunum eru enn engin ákvæði, sem lúta að kosningabandalögum, og hefur löggjafanum láðst að gera ráð fyrir þeim. Engu að síður hefur hér verið stofnað til svo víðtæks og algers kosningabandalags tveggja stjórnmálaflokka sem orðið getur. En eigi slíkt að viðgangast án þess, að það sé nokkrum skilyrðum bundið eða reglum háð, er viðbúið, að það raski hinu löghelgaða kosningafyrirkomulagi og þá alveg sérstaklega að því er tekur til úthlutunar uppbótarsætanna, þannig að með engu móti verði við komið að haga þeirri úthlutun samkvæmt skýlausum fyrirmælum stjórnarskrár og kosningalaga um, að uppbótarmönnum skuli úthlutað til jöfnunar milli þingflokka. Nægir að vitna til þess, að slíkt algert kosningabandalag tveggja flokka, sem fengi sér úthlutað uppbótarsætum í tvennu lagi, býður því heim, að hagrætt sé framboðum og frambjóðendum víxlað með tilliti til þess, að bandalagsflokkunum heimtist fleiri uppbótarsæti en þeim að réttu ber, þá auðvitað á kostnað annarra flokka.

Landskjörstjórn hlýtur að telja sér skylt að halda vörð um þau fyrirmæli stjórnarskrár og kosningalaga svo og anda þeirra fyrirmæla og tilgang, að uppbótarþingsætum verði úthlutað til raunhæfrar jöfnunar milli þingflokka, en vegna hins algera kosningabandalags Alþ.- og Framsfl. fær hún ekki séð, að það verði með öðru móti en því, að uppbótarsætum verði úthlutað í einu lagi til beggja bandalagsflokkanna.“

Þetta var úr greinargerð Vilmundar Jónssonar, og ég vil taka það fram, að með allri virðingu fyrir þeim ágætu mönnum, sem í landskjörstjórn sitja, verður í þessu sambandi skoðun Vilmundar Jónssonar allþung á metunum, þar sem vitað er, að hann var einn af aðalhöfundum kosningalaganna og vann hér á þingi sem þm. mikið starf við setningu þeirra og undirbúning.

Hver er svo niðurstaðan af þeirri reglu að reikna uppbótarsætin fyrir hvorn flokkinn sér? Ég skal ekki nefna hér margar tölur, en draga upp eina mynd, og myndin er þessi: Alþfl. og Framsókn fá saman í sínu bandalagi 28 þús. atkv. kjósenda og 25 þm. Sjálfstfl. fær 7 þús. atkv. fleira, 35 þús., en sex þm. færra eða 19 þm. Í rauninni þarf ekki frekar vitnanna við um þá skrípamynd af lýðræði, sem hér er verið að framkalla. Og ég vil spyrja flm. frv. Alþfl. frá 1942, þá Harald Guðmundsson og Emil Jónsson: Er með þessu verið að stefna að því að endurbæta skipulag lýðræðisins í okkar landi? Er með þessu verið að jafna atkvæðisrétt þegnanna og skapa jafnvægi á milli flokka á þingi, eins og þeir sjálfir orðuðu það í grg.? Er hér verið að tryggja jafnrétti einstaklinganna, sem er undirstaða lýðræðisins, og erum við með þessu að gera þingið að réttri mynd af þjóðinni, svo að ég taki upp nokkrar af þeim setningum, sem þeir höfðu í grg. sinni með stjórnarskrárfrv. 1942?

Hvað sem öllum bókstafsskilningi líður, sem virðist eiga að fagna um sinn meirihlutafylgi á Alþingi, þá er mér spurn: Finnst mönnum þetta réttlátt? Finnst mönnum sanngjarnt, að einn hópur kjósenda í landinu fái miklu fleiri þm. en annar, sem er miklu fjölmennari? Var það tilgangur þeirra Jóns Þorlákssonar og Jóns Baldvinssonar, sem lögðu fram þrotlaust starf árum saman með heilsu sína að veði til að koma þessu réttlætismáli í framkvæmd, — var það tilgangur þeirra, að jöfnunarsætin yrðu notuð til ójöfnunar, að einmitt uppbótar- og jöfnunarsætin, sem samkvæmt stjórnarskránni áttu að jafna milli stjórnmálaflokkanna og kjósendanna, skuli nú notuð í þveröfugum tilgangi til að gera ójöfnuðinn milli kjósendanna enn meiri?

Sjálfstæðismenn leggja til, að uppbótarsætum sé úthlutað í einu lagi fyrir Framsóknar- og Alþýðuflokk og að þess vegna séu ekki tekin gild þessi fjögur kjörbréf til uppbótarmanna Alþfl.

Nú rís hér upp fulltrúi Alþb., hv. 4. landsk., Finnbogi R. Valdimarsson, sá maður, sem einna hvassast og stórorðast hefur tekið til orða um það samsæri, sem Alþfl. og Framsfl. höfðu hér í frammi. Sem ritstjóri blaðsíns Útsýnar, málgagns Alþb., hefur hann viku eftir viku vakið athygli þjóðarinnar á því „svindli og samsæri“, sem þessir flokkar séu að fremja. Finnbogi R. Valdimarsson hefur m. a. sagt, að þessi „þingsætaþjófnaður verði ekki látinn viðgangast fremur en annar opinber þjófnaður“. Og hverjir eiga að dæma um það? Alþingi, segir hann í blaðinu: „Alþingi er hæstiréttur í máli kosningasvindlaranna.“

Nú kemur þessi málsvari Alþb., — ekki til að framfylgja boðskap sínum og kosningaloforðum um að vera vörður réttlætisins, láta úthluta uppbótarsætum í einu lagi fyrir þessa flokka og reka „svindlarana“ upp „þingsætaþjófana“ heim. Nei. Nú segir Finnbogi R. Valdimarsson: Ég finn hvergi í 142. gr. kosningalaganna nein bein ákvæði um þetta, og það er þess vegna vafamál, hvort Alþingi hefur nokkra heimild til þess að ógilda kjörbréf uppbótarmannanna. Það segir ekkert um þetta tilvik í lögunum, og hvað tekur við, ef Alþingi ógildir kjörbréf þessara fjögurra manna? Ja, hvar stöndum við? Verða þá ekki bara auð þessi fjögur sæti? — Hinn mikli bardagamaður, hetja lýðræðis og jafnréttis, Finnbogi R. Valdimarsson, gerist nú talsmaður blindrar bókstafsdýrkunar og bókstafstúlkunar; vegna þess að það vanti í 142. gr. kosningalaganna ákvæði um þetta atriði, þá getur Alþingi víst ekkert við þessu gert. Ef Alþ. nú samt sem áður ógildir þessi kjörbréf, hver á þá að gefa út kjörbréf handa öðrum uppbótarmönnum?

Ekki kemur til mála, að landskjörstjórnin geri það, segir hv. þm. Meiri hl. hennar, framsóknarmennirnir og Jón Ásbjörnsson, er búinn að túlka sinn lagaskilning og kveða upp sinn úrskurð. Ætlast Sjálfstfl. til, spyr hv. 4. landsk. þm., að Jón Ásbjörnsson og meiri hl. landskjörstjórnar fari að breyta sínum lagaskilningi fyrir einfalda ályktun á þingsetningarfundi?

Ég verð að segja, að ég er undrandi yfir jafnmiklum þekkingarskorti hjá jafngreindum manni. Það er augljóst mál, hvernig með á að fara, ef Alþ. ógildir kjörbréfin. Annaðhvort felur Alþ. landskjörstjórninni að reikna út uppbótarsætin að nýju í samræmi við réttar reglur, þ. e. að leggja saman atkv. bandalagsins. Ef landskjörstjórnin neitaði að gera það, væri það sama og undirdómari eða héraðsdómari neitaði að fylgja því, sem hæstiréttur mælir fyrir, því að í þessu máli, varðandi lögmæti kosninga og gildi kjörbréfa, er landskjörstjórn undirréttur, en Alþ. hæstiréttur. Það kemur oft fyrir, að héraðsdómarar kveða upp dóma, sem ekki standast fyrir hæstarétti. Stundum breytir hæstiréttur þeim beinlínis. Stundum er máli vísað heim í hérað aftur til löglegri meðferðar og dómsálagningar. Vitanlega er það skylda undirdómarans að taka þá málið fyrir að nýju og kveða upp nýjan dóm. Hann getur ekki sagt: Ég dæmi ekki málið að nýju, því að ég er búinn að dæma samkvæmt minni sannfæringu. — Hann verður að gera svo vel að taka málið fyrir og kveða upp nýjan dóm í samræmi við þær reglur og sjónarmið, sem hæstiréttur mælti fyrir um. Það fer nákvæmlega eins, ef Alþ. neitar að taka gild þessi kjörbréf og felur landskjörstjórn að reikna út að nýju eftir réttum reglum; þá er landskjörstjórn vitaskuld skylt að gera það.

Ef svo undarlega vildi til, að landskjörstjórn neitaði að gera slíkt, þá eru auðvitað hæg heimatökin hjá Alþingi að láta reikna út, hverjir eigi að hljóta uppbótarsæti, og löggilda þá sem þingmenn. Mætti fela það hagstofunni eða öðrum aðila. Það er mjög auðvelt reikningsdæmi.

En við skulum hugsa þessa lögskýringu hv. 4. landsk. þm. lengra, að Alþingi geti ekki ógilt kjörbréf landsk. þm. af því að landskjörstjórn geti ekki breytt sinni skoðun. Af því leiðir rökrétt það, að Alþ. getur heldur ekki ógilt kjörbréf kjördæmakosins þm., sem fengið hefur kjörbréf frá yfirkjörstjórn, því að alveg með sama rétti mundi yfirkjörstjórn neita að breyta sinni skoðun og gefa út nýtt kjörbréf. Afleiðingin af skilningi hv. 4. landsk. þm. yrði því þessi: Alþingi hefur ekkert vald og enga heimild til að vera að fást við kjörbréf eða ógilda kosningu þingmanns.

Nú segir stjórnarskráin í 46. gr.: „Alþingi sker sjálft úr, hvort þm. þess séu löglega kosnir.“ Alþingi hefur æðsta vald í þessum málum, er hæstiréttur. Hitt er svo annað mál, hvort það er stjórnskipulega æskilegt í framtíðinni, að Alþ. sjálft skeri úr um kjörbréf þm., að þingmenn séu dómarar um sín eigin mál. Hjá ýmsum þjóðum dæma sérstakir dómstólar um það, hvort kosning hefur farið löglega fram, hvort þm. er kjörgengur og yfirleitt um allt varðandi lögmæti kosninga.

Í lögum um kjör forseta Íslands er ákveðið, að allt varðandi kjörgengi og lögmæti kosningar forseta Íslands er undir úrskurði hæstaréttar. Við endurskoðun stjskr. gæti vel komið til greina, að sérstakur dómstóll eða hæstiréttur skæri úr þessum málum. Persónulega er ég þeirrar skoðunar, að það sé æskilegra. En stjskr. hefur nú haft þetta ákvæði og hefur það enn í dag, að Alþ. skeri sjálft úr, og það er hæstiréttur í þessu máli.

Þessi málflutningur hv. 4. landsk. þm. er aðeins eitt dæmi um það, hvernig greindir menn geta fallið í gildrur og snörur, þegar þeir allt í einu þurfa að söðla um, víkja frá því, sem þeir áður hafa haldið fram, og takast á hendur það hlutskipti að tala gegn sinni eigin sannfæringu.

Það hefur heyrzt manna í milli undanfarnar vikur og mánuði, að það væri ákaflega illa gert gagnvart þessum 4 uppbótarþm. Alþfl. að ógilda kjörbréf þeirra. Það yrðu svo mikil vonbrigði fyrir þá, ef þeir yrðu sendir heim, eftir að hafa hampað kjörbréfunum í höndum sér um nokkurt skeið. Sumir hafa reynt að gera þessa fjórmenninga að píslarvottum, sem hinir vondu sjálfstæðismenn væru að ofsækja.

Ég hef persónulega ekki nema það bezta um þessa fjórmenninga að segja, og þeir eru að mínu viti miklum mun mætari menn en sumir þeir, sem slysazt hafa inn á þing fyrr og síðar. En þó að kjörbréf þeirra yrðu ekki tekin gild, þá eru þetta ekki alveg munaðarlausir einstæðingar. Einn þeirra er utanrrh., annar menntmrh., og við mundum njóta návistar þeirra hér, hvað sem kjörbréfum líður, a. m. k. meðan stjórnin lifir. Þeim þriðja hefur verið falið með brbl. að veita forstöðu öllum innflutnings-, verðlags- og fjárfestingarmálum landsins, og er það sæmileg vegtylla. Sá fjórði nýtur þeirrar virðingarstöðu að vera einn af áróðursforstjórum Sambands ísl. samvinnufélaga, og ég býst við, að ríkisstj. mundi ekki láta þann myndarmann verða út undan um vegsauka og vegtyllur; a. m. k. ber ég í því efni fullt traust til núverandi ríkisstj.

Ég minntist á það, að 28 þúsund kjósendur Framsóknar- og Alþýðuflokksins hefðu nú fengið 25 þm. eftir þessum skilningi, en þetta eru 33.8% af greiddum atkv. Nú er það athugandi, að sáralitlu munaði, að þetta bandalag fengi hreinan meiri hluta á Alþ. Hefðu þeir fengið, ef ég man rétt, 27 atkv. fleira í S.-Múlasýslu og V.-Skaftafellssýslu, þá hefðu þeir hlotið 27 þingsæti. Hvort sem þessi tala er rétt munuð eða ekki, þá munaði sárafáum atkv., að þriðjungur þjóðarinnar fengi meiri hluta á Alþ., meira að segja færri kjósendur hlutfallslega en þó stóðu á bak við Framsfl. einan 1931. Það er svo önnur saga, sem sýnir það hrun, sem orðið hefur í þessum flokkum, að báðir samanlagt skuli nú fá hlutfallslega minna en Framsfl. einn fyrir 25 árum. Þetta sýnir vissulega, hvílík hætta er hér á ferðum, og það er nauðsyn fyrir Alþ. að staldra við og athuga, hvað það er að gera með því að ætla að fara að úthluta þessum uppbótarsætum eins og hér er gert ráð fyrir.

Barátta fyrir réttlátari kosningatilhögun og kjördæmaskipun hefur oft verið háð áður, og sú barátta hefur alltaf fengið sigur að lokum, ekki

til fulls í hverjum áfanga, en þó miðað í áttina. Í þessum átökum hefur Framsfl. alltaf verið þversum, alltaf verið verndarvættur ranglætis og sérréttinda. En í þessum átökum um breytingar á kjördæmaskipuninni hefur Framsfl. alltaf að lokum orðið undir, þó að hann hafi unnið stundarsigra. En Alþfl. og kommúnistafl. hafa lengstum staðið með jafnrétti og umbótum á kjördæmaskipuninni. Nú hafa báðir þessir flokkar brugðizt svo gersamlega sem frekast er unnt. Þeir hafa vafalaust sínar hvatir til þess, Alþfl. kannske hræddur um að tortímast, eins og Sveinbjörn Högnason komst að orði, og kommúnistarnir eygi þarna loksins möguleika til að brjótast út úr þeirri einangrun, sem þeir hafa verið í um langt skeið, og komast til valda. Og nú gerðust íslenzkir sósíaldemókratar fyrstir og einir allra sósíaldemókrata á Vesturlöndum til þess að taka það í mál að sitja með kommúnistum í ríkisstj.

Alþýðuflokksmenn hafa ekki aðeins lagt blessun sína yfir þessi brögð, heldur eru þeir sjálfir með í samsærinu frá upphafi.

Hvað er nú orðið af jafnréttishugsjón jafnaðarmanna, þegar þeir telja það sjálfsagt, að þriðjungur þjóðarinnar geti hrifsað til sín meirihlutavald á Alþ.? Hvað er orðið af stefnuskrá þeirra og kjörorði á sínum tíma, að þeir ætluðu bæði að jafna kosningarréttinn og jafna kjörin? Og hvað er orðið um hugsjónir hins gamla leiðtoga þeirra, Jóns Baldvinssonar, og hans löngu baráttu fyrir réttlátri kjördæmaskipun?

Nei, Alþfl.-menn mega vissulega með kinnroða líta yfir starfið, svo mjög sem þeim hefur miðað aftur á bak upp á síðkastið; og ég ætla, að sé leitun á jafnaðarmannaflokki, sem framið hefur meiri ójöfnuð en þennan, sem hér er á ferð.

En þó að hlutur Alþfl. sé ekki góður, þá er hlutur kommúnistafl. að sumu leyti enn verri. Alþfl. gekk þó til kosninganna með þeim hætti, að menn vissu, að hann var þátttakandi í þessum samtökum, en kommúnistar villtu á sér heimildir, þóttust vilja réttláta úthlutun uppbótarsæta og gengu til kosninga á þeim grundvelli. Þeir héldu því einnig fram fyrst um sinn eftir kosningarnar, að ógilda bæri uppbótarkjörbréf Alþfl. og reikna uppbótarsætin fyrir flokkana í einu lagi. Hér hefur því orðið alger kúvending hjá kommúnistaflokknum. Í rauninni er aðeins ein skýring á því, og þeir vita hana ósköp vel sjálfir. Ástæðan fyrir því, að þeir falla frá sínum stóru orðum um „þingsætaþjófnað“ og loforðum um vernd lýðræðis og réttlætis, er þátttaka þeirra í ríkisstj. — ráðherrastólarnir og ekkert annað. Kjörorð þeirra er leynt og ljóst, að valdið á jafnan að vera ofar réttlætinu.

Svo virðist, að kommúnistar sjálfir séu orðnir svo vanir línudansinum fyrr og síðar, að þeim finnist þetta varla umtalsvert. Annað eins hefur nú skeð, hugsa þeir, eins og það, þó að þeir þurfi að kingja örfáum blaðagreinum, stefnuskráryfirlýsingum og loforðum. Stalin sálaði var páfi þeirra í aldarfjórðung og dýrkaður sem guð, og einn af fyrrverandi þm. kommúnistaflokksins orti klökkan lofsöng um Jósef Djugasvili, son skóarans:

„Hér brosir aðeins maður,
sem er mannsins bezti vin.“

En eftir aldarfjórðungs tilbeiðslu er því auðvitað kingt af kommúnistum, að þessi sami Jósef Djugasvili Stalin hafi verið vitfirrtasti illvirki og manndrápari sögunnar. Og náttúrlega breytir kommúnistaflokkurinn ekkert um svip, þó að hann innbyrði í þingmannahópinn einn afhrópaðan Alþýðuflokksformann og í fylgd með honum einn taugalækni.

En kommúnistar hafa eftir þessi brigð sín ekki manndóm til að segja: Þetta er að vísu ranglæti, en við teljum meira virði að komast í stjórn, og þess vegna jarðsyngjum við í bili allar fullyrðingar okkar um lýðræði og þess háttar. Við jarðsyngjum þessar hugsjónir; kannske gröfum við þær upp einhvern tíma seinna, — eins og Rajk hinn ungverska, — þegar hentar að nota þær til hátíðahalda.

En þegar litið er á allt þetta mál og hvernig núverandi hæstv. ríkisstj. er til orðin, þá hlýtur dómurinn að verða sá, að sjaldan hafi ríkisstj. hafið göngu sína ógiftusamlegar en þessi. Lýðræðinu er misþyrmt, ákvæði stjskr. um jöfnunarsæti misnotuð í stórum stíl. Kommúnistar bregðast því, sem þeir höfðu lofað kjósendum sínum um að ógilda uppbótarsætin. Alþfl. hafði rétt fyrir kosningar gefið fyrir munn formanns síns, Haralds Guðmundssonar, hátíðlega yfirlýsingu fyrir öllum landslýð um, að Alþfl. mundi aldrei ganga í stjórn með kommúnistum. Framsfl. gaf svipaðar yfirlýsingar í Tímanum nokkrum dögum fyrir kosningar. Báðir þessir flokkar gengu á bak orða sinna og mynduðu stjórn með kommúnistum.

Þannig er þetta á alla enda og kanta á sömu bókina lært. Vissulega er ógiftusamleg og ill þessi fyrsta ganga.

Og svo kemur loksins aðalafsökun kommúnistanna fyrir því, að nú ætla þeir að samþykkja þessi fjögur uppbótarsæti: Við höfum samið um það, að stjskr. verði endurskoðuð og kjördæmaskipunin leiðrétt. — Hvað segir í stjórnarsamningnum? „Ríkisstjórnin mun vinna að því, að lokið verði á starfstíma stjórnarinnar endurskoðun stjórnarskrárinnar, og munu stjórnarflokkarnir vinna að samkomulagi sín á milli um lausn þessa máls.“

Þetta eru vissulega mikil gleðitíðindi og fagnaðarboðskapur. Það verður sett nefnd, og hún á að reyna að vinna að því, að samkomulag náist um að endurskoða stjskr. og gera það, áður en 4 ár eru liðin. Og hvert á svo að vera efni þessarar endurskoðunar? Um hvað er samið efnislega? Ekki neitt. Að minnsta kosti hafa fulltrúar kommúnistaflokksins ekki upplýst, að neinu ákveðnu hafi verið lofað um leiðréttingar á kjördæmaskipun og kosningatilhögun. Og það er náttúrlega barnaskapur, þegar hv. 4. landsk. segist hafa tröllatrú á því, að Framsfl. muni sýna fulla sanngirni í kjördæmamálinu. Hver er reynslan undanfarinn aldarfjórðung? Eru þessir menn gersamlega blindir? Hafa þeir gleymt sögunni með öllu? Vita þeir ekki, að um hverja einustu lagfæringu á kjördæmaskipuninni hefur Framsfl. streitzt á móti og reynt fyrst og fremst að halda í forréttindi og rangsleitni?

Reynslan af Framsókn bendir vissulega ekki til, að hægt sé að finna sanngjarna, eðlilega lausn á stjórnarskrár- eða kjördæmamálinu með þeim flokki. Svo hefur Sósfl. eða kommúnistaflokkurinn verið áfjáður í völdin, í ráðherrastólana, að hann hefur ekki einu sinni haft manndóm í sér til þess að tryggja einhverjar ákveðnar umbætur í réttlætisátt.

Ætli það verði ekki eins og Sveinbjörn Högnason orðaði það um árið, að þeir fái „naglasúpu" í stað réttlætis?

Það, sem nú er nauðsynlegt að gera, er að mínu viti þrennt:

Í fyrsta lagi að slá því föstu, að samkvæmt anda og tilgangi stjórnarskrárinnar beri að reikna jöfnunar- eða uppbótarsætin út í einu lagi fyrir bandalag Alþýðu- og Framsóknarflokksins.

Í öðru lagi að gera sem allra fyrst breytingu á kosningalögunum, þar sem öll tvímæli eru tekin af skýrum stöfum.

Í þriðja lagi að taka upp stjórnarskrármálið og breyta kjördæmaskipuninni í réttlátara horf, ekki þannig, að sett sé nefnd til þess að reyna að vinna að samkomulagi áður en fjögur ár eru liðin, heldur strax.

Baráttunni mun ekki linna fyrir jafnrétti kjósendanna, fyrir grundvelli lýðræðisins, fyrir réttri skipan Alþingis. Það má aldrei til lengdar svo standa, að Alþ., hin þúsund ára þjóðstofnun, elzt þinga um gervalla jörð, verði skrípamynd af vilja þjóðarinnar, heldur skal það vera rétt mynd af því, sem íslenzka þjóðin, fólkið sjálft, vill.

Frsm. meiri hl. 1. kjördeildar (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Ýmsir hv. þm. Sjálfstfl. hafa nú um nokkurra daga skeið þreytt eins konar boðhlaup í ræðumennsku um ágreining þann, er þeir hafa gert um kjörbréf uppbótarþingmanna Alþfl. Þetta segjast þessir hv. þm. gera af umhyggju fyrir þjóðinni, enda þótt þeir sjálfir segist telja vonlaust, að orðræður þeirra beri árangur, þegar til atkvgr. kemur um málið hér á Alþingi. Þegar þess er gætt, að í umr. þessum hefur ekkert nýtt komið fram, engin þau rök, sem þjóðinni voru áður ókunn og ekki höfðu komið fram í útvarpi, blöðum og á stjórnmálafundum og það margsinnis, þá má hver sem vill lá mér það, þótt mér sé ekki ljós gagnsemi hinna mörgu og löngu ræðna þessara hv. þm. Sjálfstfl., sem hér hafa verið fluttar um málið.

Hér hefur að vísu margt, meira eða minna skynsamlegt, verið sagt um kjördæmaskipun, hvernig skynsamlegast og æskilegast væri að haga henni. Ég leiði hjá mér að ræða það mál nú, sökum þess að það er ekki á dagskrá. Hins vegar fjallar mál það, sem nú er á dagskrá, um skilning á og framkvæmd kosningalaga þeirra, sem nú eru í gildi. Eftir þeim fóru kosningarnar vorið 1956, en um gildi þeirra, skýringar á þeim og kjörbréf, sem gefin hafa verið út samkv. þeim, fjallar ágreiningur sá, sem hér á að skera úr.

Mér kemur heldur ekki til hugar að fara að endurtaka nú rökin fyrir skoðun minni á málinu. Ég hef gert grein fyrir þeim í höfuðatriðum fyrir nokkrum dögum. Hins vegar vil ég ekki láta hjá líða að leiðrétta fáeinar rangfærslur, sem komið hafa fram í ræðum sumra hv. þm. Sjálfstfl., og er þá fyrst það, að mér er borið það á brýn af ýmsum hv. þm., og man ég í því sambandi eftir hv. 1. þm. Reykv. (BBen), hv. þm. A-Húnv. (JPálm) og hv. 5. þm. Reykv. (JóhH), að ég hafi sagt í ræðu minni s. l. fimmtudag, að það væri ekki Alþingis að fjalla um mál það, sem hér er á dagskrá, og það hefði jafnvel ekki heimild til þess. Þessu hef ég að sjálfsögðu aldrei haldið fram né heldur látið mér til hugar koma að halda fram. Hitt sagði ég, eins og handrit vélritara skrifstofu Alþingis ber með sér, að úrskurður landskjörstjórnar hefði átt að vera endalok deilunnar og væri raunar svo í huga meginþorra kjósenda landsins, sökum þess að málið væri margrætt frá öllum hliðum áður og því illa varið þeim tíma, sem í það færi hér á Alþingi að deila um það. Vitanlega dettur hvorki mér né öðrum í hug að bera brigður á rétt og skyldu Alþingis til þess að úrskurða kjörbréf. Í ummælum mínum fólst hins vegar það, að langar umr. um þetta mál yrðu engum að gagni. Umr. þær, sem fram hafa farið um málið af hálfu hv. þm. Sjálfstfl., þykja mér hafa staðfest það greinilega, sem ég raunar átti von á, að ekkert nýtt hefur komið fram í þeim. Þær hafa að langmestu leyti verið endurtekning með mismunandi orðalagi og framsetningu á því, sem áður hefur verið sagt og skrifað um málið.

Hv. þm. A-Húnv. staðhæfði í þessu sambandi, að ég hefði ekki lesið kosningalögin. Mér er vissulega nákvæmlega sama um, hvaða skoðun hv. þm. hefur á því, hvort ég hafi lesið þessi lög eða ekki. Ég ber alls ekki brigður á það, að hann muni sjálfur hafa lesið kosningalögin, en sá lestur virðist hafa komið honum að takmörkuðu gagni, því að í ljós hefur komið í þessum umr., að hann brestur mjög skilning á efni þeirra og anda, og væri ómaksins vert fyrir hann að lesa þau betur í góðu tómi.

Hv. 1. þm. Reykv. fór í ræðu sinni í gær verðskuldaðum viðurkenningarorðum um Jón Ásbjörnsson, en þessi hv. þm. staðhæfði, að hæstv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, hv. 3. landsk. þm., sæti hér á Alþingi sem landskjörinn þm. þvert gegn vilja Jóns Ásbjörnssonar. Þetta veit hv. þm. og þingheimur allur að er gersamlega rangt. Slík staðhæfing hefði fremur átt heima í ræðu hv. þm. A-Húnv. og verið í meira samræmi við yfirbragð hennar og anda. Allur þingheimur veit, og frá því hefur verið skýrt í blöðum, svo að landsmenn hafa átt kost á því að kynnast því, að Jón Ásbjörnsson tók þátt í að gefa út kjörbréf til handa Gylfa Þ. Gíslasyni, hæstv. menntmrh. Hann undirritaði það fyrirvaralaust, en vísaði við undirskrift sína til grg. um það, hvers vegna hann áleit, að þessi hv. þm. ætti að fá kjörbréf, og hvers vegna hann átti þátt í, að kjörbréfið var gefið út. Það liggur ljóst fyrir, að þessi hv. þm. situr á Alþingi sem 3. landsk. einmitt með vilja og samþykki Jóns Ásbjörnssonar. Það valt einmitt á afstöðu Jóns Ásbjörnssonar, að þessi hv. þm. fékk kjörbréf. Þarna sýnist mér vera greinilegt dæmi um það, að ofur-

kapp hv. 1. þm. Reykv. í máli þessu hefur hlaupið með hann í gönur. — Þessi sami hv. þm. fór vandlætingarorðum um þau ummæli í niðurlagi ræðu minnar, að ég teldi, að stjórnskipulegu öryggi þjóðarinnar væri stefnt í voða, ef Alþingi færi inn á þá braut að ógilda kjörbréf þau, sem hér er deilt um. Slík ummæli taldi hann ósæmileg, þar sem hér væri um að ræða mál, sem um mætti deila og menn litu ýmsum augum á. Jafnhógvær maður í orðræðum og hv. 2. þm. Eyf. (MJ) er, viðhafði sams konar ummæli í sinni ræðu fyrir nokkrum dögum. Hann sagðist álíta, að stjórnskipulegu öryggi þjóðarinnar yrði stefnt í voða, ef kjörbréfin yrðu tekin gild á Alþingi. Hv. 1. þm. Reykv. lét þess ekki getið, að hann hefði neitt við þessi ummæli að athuga hjá hv. 2. þm. Eyf. Það liggur því beint við að ályktа, að hann áliti ummæli sem þessi því aðeins ótilhlýðileg, að andstæðingur hans viðhafi þau, annars sé ekkert við þau að athuga. Ég held, að kappgirni hv. þm. hafi einnig hér hlaupið með hann í gönur.

Ræður hv. þm. A-Húnv. tel ég engan veginn þess virði, að þeim sé svarað, svo sem bollaleggingum hans um það, að ég hafi með refsiverðum hætti, lögbrotum og klækjum, fellt einn ágætan þm. Sjálfstfl., góðvin minn, Jónas Rafnar, frá þingmennsku. Ég vil aðeins benda á það, að rökréttara er að orða þetta svo, að kjósendur á Akureyri hafi fellt hann frá þingmennsku. Til þess höfðu þeir líka fulla heimild.

Sannleikurinn er sá, að öll kosningabandalög, leynileg og opinber, í fáum kjördæmum eða öllum, eru til þess gerð, að aðildarflokkar þeirra fái betri útkomu í kosningum en ella yrði. Á þessu er enginn eðlismunur, aðeins stigsmunur. Ef menn vilja koma í veg fyrir þetta, fæ ég ekki séð, að það verði gert með öðrum hætti en þeim að banna hvers konar kosningabandalög og auk þess skylda alla flokka, sem þátt taka í kosningum, að hafa menn í framboði í öllum kjördæmum. Mundi þó slíkt sennilega ekki duga til. Hvorugt þetta tel ég skynsamlegt eða æskilegt, og ég á von á því, að jafnvel hv. þm. Sjálfstfl. séu á sama máli.

Það er sannarlega ekki óalgengt fyrirbrigði, að ýmsir séu óánægðir með þessi eða hin lagafyrirmæli. Það á hins vegar ekki að valda því, að þessum lagafyrirmælum sé ekki fylgt, meðan þau eru í gildi, ef þau eru skýr og ljós, eins og ég tel að ákvæði þau séu, sem hér eiga að skera úr, og á ég þá einkum við d-lið 31. gr. stjórnarskrárinnar og ýmis ákvæði í kosningalögum. Séu hins vegar lagafyrirmælin óljós, koma til greina lögskýringarreglur, sem hv. 6. þm. Reykv. (GTh) ræddi um, en fyrr ekki.

Ef svipta á nú Alþfl. fjórum landskjörnum þm. sínum, svo sem Sjálfstfl. krefst, þá eru þar með rúmlega 15 þús. kjósendur í landinu sviptir skýlausum rétti, sem þeim er áskilinn í stjórnarskránni til þess að hafa áhrif eins og aðrir kjósendur á löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Það skiptir engu máli í þessu sambandi, í hvaða flokki eða flokkum þessir kjósendur eru. Þeir hafa með atkv. sínu gefið til kynna, að þeir vilja fela Alþfl. umboð sitt á Alþingi. — Ég vænti þess, að enginn beri brigður á það, að til þess hafi þeir haft fulla heimild. Í kröfu Sjálfstfl. um ógildingu fjögurra fyrrgreindra kjörbréfa felst því að mínum dómi beint tilræði við stjórnskipulega ákveðinn rétt þessara kjósenda.

Síðari frsm. 2. kjördeildar (Jón Pálmason): Herra forseti. Ég hef hér, eins og kunnugt er, flutt tvær ræður við þessar umr. og gert grein fyrir mínum skoðunum á því máli, sem hér liggur fyrir, en út af svörum tveggja fulltrúa Hræðslubandalagsins þykir mér rétt að bæta hér við fáeinum orðum.

Það kom nokkuð ljóst fram, einkum hjá hv. 1. þm. Eyf., að honum hafði þótt ég kveða nokkuð fast að orði varðandi afstöðu og framkomu hv. þm. Ak. (FS) í þessum leik. Hann kallaði það því nafni, að ég hefði farið með persónulegar svívirðingar um þennan mann. Þessu neita ég alveg harðlega, nema ef menn vilja kalla það persónulegar svívirðingar að segja sannleikann um afbrot þessa manns, sem ég tel vera gegn 29. gr. kosningalaganna, í síðustu kosningum, eða það, að ég telji það sízt hæfa manni, sem á að gæta laga og réttar í stórum kaupstað, að gera sig sekan um slíkt.

Það, sem ég sagði í þessu efni, er þess vegna fjarri því að vera persónulegar svívirðingar. Ef hv. 1. þm. Eyf. eða aðrir vilja kalla það ljót orð, sem ég hafi um þetta haft, þá er þó nær að segja, að það sé harðvítug pólitísk ádeila, sem til hefur verið unnið, og ég tel enga ástæðu til að taka nokkurt orð af því aftur eða biðja á því afsökunar, heldur mun ég lofa þessum hv. þingmönnum því, að mín ræða skal verða birt orðrétt, svo að alþjóð manna fái að sjá, hvað það er, sem ég hef haldið fram.

Hv. 1. þm. Eyf. (BSt) kom með þá undarlegu skýringu, að í mér logaði einhver reiði, vegna þess að frambjóðandi Hræðslubandalagsins í mínu héraði hefði tekið af mér 100 atkv., sem ég hefði áður haft. Ég hélt nú, að svo kunnugur maður sem vinur minn, Bernharð Stefánsson, mundi aldrei koma með svona firru, því að í þessu er enginn sannleikur. Hitt er rétt, að mér þótti ákaflega undarlegt, að framsóknarmennirnir í mínu héraði, sem margir eru greindir og ágætir menn, hópuðust algerlega í einum hóp um þennan frambjóðanda, og það var mjög á móti því, sem ég gerði ráð fyrir að komið gæti til greina. Því hélt ég fram á hverjum fundi, að ég tryði því ekki, fyrr en talið væri upp. En það er í fyrsta sinn, sem það hefur hent mig í kosningum að verða mér til skammar fyrir oftraust á framsóknarmönnum. — Að ég hafi fellt ágætan þm. í upphafi, er náttúrlega rétt, en sá er munurinn á því eða varðandi Akureyrarkosninguna, að þar voru ekki nein lögbrot í frammi höfð, því að ég hef aldrei verið frambjóðandi fyrir tvo flokka, og því síður að það hafi komið til greina, að ég væri að brjóta kosningalögin, eins og augljóst er varðandi kosningarnar á Akureyri.

Það, sem síðasti ræðumaður hélt fram, að það væri fjarstæða, að það hefði verið með lögbrotum felldur ágætur alþm., Jónas Rafnar, þá er um það sú harða deila, sem milli mín og þessara manna stendur, hvort það liggur ekki ljóst fyrir,

að 29. gr. kosningalaganna hafi af mörgum frambjóðendum við síðustu kosningar verið þverbrotin, og um leið og hún er brotin, þá er það víst, að Jónas Rafnar er felldur með lögbrotum.

Nú hef ég athugað það síðan í gær, að einmitt þessi grein og þær aðrar greinar, sem ákveða refsinguna fyrir brot á henni, sem ég hef lagt mesta áherzlu á af þeim, sem hér hafa talað, — þessar greinar eru settar inn í kosningalögin 1933, einmitt með tilliti til uppbótarþingsætanna, til þess að það geti ekki komið fyrir, sem nú hefur gerzt, að einn flokkur láni öðrum flokki mikinn fjölda atkv. til þess að svíkja út á það uppbótarþingsæti.

Bannið, sem ákveðið er í 29. gr. kosningalaganna við því að vera í framboði fyrir tvo flokka, var alls ekki í neinum kosningalögum fyrr en uppbótarþingsætin komu til greina, og það er sett inn í kosningalögin beinlínis til þess að koma í veg fyrir það, sem hér hefur gerzt, og refsingin gegn því að brjóta þessa grein er svo alvarlega ákveðin, að í 42. gr. þessara sömu laga er það greinilega tekið fram, að Alþingi geti ógilt kjörbréf þeirra manna, sem hafa brotið 29. gr., og í 147. gr. sömu laga er það tilskilið, að fyrir þetta brot, ásamt mjög mörgum öðrum, sé heimilt að sekta frambjóðendur um 20—200 kr. Allt slúður, sem í frammi hefur verið haft um það, að ég hafi talað um tukthúsvist og annað slíkt, er alveg út í bláinn.

Eins og ég tók hér fram í ræðu minni í gær, þá er Akureyrarkosningin svartasta dæmið úr þessum síðustu kosningum, og það er vegna þess, að þar er stærsti hópurinn, sem flokkur lætur annan minni flokk hafa til þess að fella þm., og ekki nóg með það, heldur til að fá út á þau sömu atkv. uppbótarsæti handa öðrum flokki.

Ég tiltók það, sem náttúrlega er aldrei hægt að sanna, en sterkar líkur eru fyrir, að þarna hafi verið um 1000 atkv. að ræða í þessu eina kjördæmi, sem Framsfl. með opinberum og flokkslegum ráðstöfunum vinnur að að láta frambjóðanda Alþfl. á Akureyri hafa. Þá gerist það tvennt, að fulltrúi Sjálfstfl., þm. Akureyrar, er felldur með þessu lögbroti, og um leið á svo afleiðingin að vera sú, að vegna þessara þúsund atkv. Framsfl. á Akureyri fær Alþfl. a. m. k. eitt uppbótarþingsæti. M. ö. o.: Það eru felldir á þessum 1000 atkv. tveir þm., sem hefðu, ef lögbrot hefði ekki átt sér stað, komið inn í Alþingi, annars vegar fyrrverandi þm. Ak., hins vegar uppbótarþm., sem Alþb. hefði að sjálfsögðu fengið, eftir því sem allar líkur benda til.

Nú skal ég ekki um þetta fara öllu fleiri orðum. Þó skal ég bæta því við, að þm. þeir úr Alþfl., ég held allir, sem voru hér í Nd., sem eru tveir núverandi hæstv. ráðh., hæstv. menntmrh. (GÞG) og hæstv. félmrh. (HV), auk þess starfandi hæstv. utanrrh. (EmJ), fluttu ásamt fleiri mönnum, að ég hygg, á þinginu 1953 frv. um kosningabandalög. Með því frv. og þeim rökstuðningi, sem því fylgdi, viðurkenndu þessir menn og sönnuðu, að bandalög eins og það, sem nú er deilan um, voru ekki að þeim lögum, sem í gildi eru, heimil eða lögleg. Við sjálfstæðismenn héldum því fram og munum, held ég, engir hvika frá því, að þetta frv. væri óheimilt að samþykkja, nema því aðeins að það væri tekið sem breyting á stjórnarskrá Íslands, en sleppum nú því. Hitt er aðalatriðið í þessu sambandi, að þeir þm., sem fluttu þetta frv. og börðust fyrir því, sönnuðu það þá með sínum rökstuðningi fyrir því frv., að á þeirri stundu álitu þeir ekki lögformlegt að stofna til slíks bandalags sem þeir hafa nú staðið að og ég hef leyft mér og fleiri menn að kalla svikabandalag. Að öðru leyti skal ég svo láta máli mínu lokið og láta þetta nægja.

Frsm. minni hl. 1. kjördeildar (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það eru ekki mörg atriði, sem ég þarf að svara. Sérstaklega eftir hina mjög greinargóðu ræðu hv. 6. þm. Reykv. (GTh) stendur mjög fátt eftir í málflutningi stjórnarsinna í þessu máli, og get ég því mjög stytt mál mitt að þessu sinni.

Hinn ágæti þm., 1. þm. Eyf. (BSt), er haldinn furðanlegum misskilningi varðandi allt, sem við kemur bandalagi Sjálfstfl. og Bændaflokksins 1937. Það er búið að marghrekja allt, sem hv. þm. sagði um þetta, en hann reynir þá að finna nýjar átyllur til þess að hengja hatt sinn á og kom með það nú síðast, að þetta bandalag hefði orðið til þess, að flokkarnir hefðu fengið tveim þm. fleira en þeir ella hefðu fengið. Þetta er gersamlega út í hött mælt. Það, sem hann á við, er það, að vegna bandalagsins urðu tveir þm., sem buðu sig fram í Eyjafirði, uppbótarþm. fyrir sína flokka, sem ef til vill er vafasamt að uppbótarsætin hefðu hlotið ella. En það hafði ekki nein áhrif á uppbótarsætafjölda flokkanna í heild, og ég hef heldur ekki kannað það, nema vel geti verið, að þessir menn hefðu orðið uppbótarmenn engu að síður. Langsamlega mestu máli í þessu sambandi skiptir það, sem oft er búið að benda á hér, að einmitt samstarf flokkanna 1937 varð, þótt einkennilegt væri, til þess, að þeir hlutu einum uppbótarþingmanni færra samanlagt en þeir hefðu hlotið, ef þeir hefðu unnið saman. Þetta mundi hv. þm., svo glöggur sem hann er, skilja, ef hann væri ekki búinn að binda sig svo í þessu máli, að hans heilbrigða dómgreind nýtur sín þar ekki til fulls.

Varðandi ummæli hv. þm. Ak. (FS) hef ég í raun og veru ekki miklu að svara. Hann talaði nokkuð um kappgirni mína og taldi, að hún hefði blindað mig í þessu máli. Það er nú svo, að blindur er hver í sjálfs sín sök, og skal ég ekkert ræða um mína eigin blindu. En þegar hann fann að því, að ég hefði ekki sett ofan í við hv. 2. þm. Eyf. (MJ) fyrir það, að hann sneri upp á þm. sjálfan ummælum, er hann hafði viðhaft, tel ég þó, að hann hafi ætlazt til nokkuð mikils, ef hann krefst þess, að menn megi ekki einu sinni svara honum hér í þingsölunum í sama dúr og hann talar til þingmanna sjálfur.

Kveður við kalli, var alþekktur danskur málsháttur einu sinni þýddur, og reynslan er sú, að eins og menn eru ávarpaðir, svara þeir. Hv. þm. verður að una því, að ef hann flytur fram sterkar ásakanir gegn öðrum, þá sé sýnt fram á, að þær hitti hann sjálfan fyrst og fremst, eins og Magnús Jónsson, hv. 2. þm. Eyf., glögglega sýndi fram á. Annars veit ég það, að hv. þm. Ak. er

maður hógvær, og þó að hann hafi sínar ákveðnu skoðanir, hef ég ekkert við það að athuga. Hann hefur rétt til þeirra, alveg eins og við höfum rétt til okkar skoðana. Það, sem ég átaldi, var, að hann skyldi fara að býsnast yfir því hér strax í upphafi umræðna, að við gerðumst svo djarfir að bera fram varnir fyrir okkar málstað, sem við erum áreiðanlega ekki síður sannfærðir um að sé réttur en hann er sannfærður um sinn málstað, enda efast ég ekki um, að hann telji sig hafa rétt mál að mæla. En hann hefur þá heldur enga ástæðu til, hvorki að reyna að meina okkur máls, meðan við höldum okkur innan réttra þingskapa, né efast um, að við mælum af heilum hug.

Hann sagði líka algerlega villandi og rangt frá afstöðu Jóns Ásbjörnssonar og ummælum mínum í því sambandi. Ég hafði dálítið gaman af því, að hann sagði, að ég hefði farið miklum viðurkenningarorðum um Jón Ásbjörnsson, og það er rétt. Það er nokkuð annað, sem stendur í einu stjórnarblaðinu, sem mjög ræður stefnunni um þessar mundir, Tímanum, í morgun, sem fjargviðrast yfir því, að ég hafi ráðizt harðlega á Jón Ásbjörnsson hér í gær. En það er þó gott, að þingmaðurinn er Tímanum fremri, og átti ég fyllilega von á því.

Sannleikurinn er sá, að þó að Jón Ásbjörnsson hafi undirritað kjörbréf hæstv. menntmrh., Gylfa Þ. Gíslasonar, þá gerir hann það með skriflegri athugasemd. Hann gerir það því ekki athugasemdalaust. Hvort maður vill kalla þá aths. fyrirvara eða ekki, skiptir ekki máli. Aths. er skráð. Og það er einnig óhagganlegt, að Jón Ásbjörnsson taldi, að listi sá, sem hæstv. menntmrh. var í framboði á hér í Reykjavík, ætti ekki, eins og hann lá fyrir, að teljast framboðslisti Alþfl., heldur utan flokka. Sú skoðun hæstaréttardómarans varð undir í landskjörstjórn. Hún var þar felld. Og úr því að búið var að fella þá till. hans, taldi Jón, að sér væri nauðugur einn kostur að gefa út kjörbréfið. Það er rétt. En hann taldi, að framboð listans væri ólöglegt eins og það var, og þær breytingar voru ekki gerðar á listanum, sem hæstaréttardómarinn taldi að gera þyrfti, til þess að framboðið yrði talið löglegt. Þess vegna er það í alla staði rétt og óhagganlegt, sem ég sagði um það, og ekki á neinn hátt hægt að vefengja, eins og hv. ræðumaður vildi vera láta. En þó að Jón Ásbjörnsson hafi talið sig varðandi útgáfu kjörbréfsins bundinn við það, sem meiri hl. landskjörstjórnar áður var búinn að ákveða, þá er Alþingi að sjálfsögðu ekki á sama veg bundið, heldur hefur það nú, eins og hv. þm. Ak. óvefengjanlega viðurkenndi og ég sagði í gær, að ég vissi að hann vissi að væri rétt, að Alþingi hefur þarna hið endanlega úrskurðarvald og getur því breytt úrskurðinum, ef það telur hann vera rangan.

Varðandi ræðu hv. 4. landsk. (FRV) hef ég ekki miklu að svara. Hv. 6. þm. Reykv. svaraði henni í öllum meginatriðum. Ég kemst þó ekki hjá því að benda á þann einkennilega rökstuðning hjá hv. þm., að ég gat ekki skilið hann betur en hann teldi, að ef Hræðslubandalagið hefði fengið meiri hl. á Alþ., þá væri óvefengjanlegt, að kosningin væri ólögmæt. Nú spyr ég hv. þm. um það: Hefur hann mikla trú á því, að ef Hræðslubandalagið hefði fengið hér hreinan meiri hl., þá hefði það látið það verða sitt fyrsta verk að ógilda kosninguna, allra sízt þegar hann, sem sjálfur var búinn að segja, að þetta væri þingsætaþjófnaður og Alþingi væri hæstiréttur inn í þessu máli, ætlar nú að ganga til liðs við Hræðslubandalagið og halda þessum fjórum mönnum hér inni á Alþingi? Það er aldrei gott að ætlast til þess, að aðrir geri meira eða séu betri en maður er sjálfur. Nei, sannleikurinn er sá, að hv. þm. og hans flokksbræður komast ekki hjá því með neinu móti, að þeir meta þetta mál einungis eftir því, hvaða völd þeir sjálfir hafa getað skapað sér í sambandi við það. Þeir segja nú hreinlega: Ja, úr því að meiri hluti þjóðarinnar er á bak við ríkisstj., þá er í raun og veru ekkert við þetta að athuga, þá er þetta allt í lagi. Það er fjarri lagi, að slíkt fái staðizt, enda sýndi t. d. hv. þm. A-Húnv. (JPálm) glögglega fram á það, að þó að ríkisstj. í bili hafi stuðning þessara þriggja flokka, þá hefur nú annað eins skeð, — ég segi ekkert um, að það verði, en annað eins hefur skeð, — að einhver breyting yrði á flokkum og á fylgi flokka á heilu kjörtímabili, og vel væri hugsanlegt, að sá meiri hluti, sem nú er, haldist ekki til lengdar. En hvað sem um það er, og hvað sem um það er, sem hv. 4. landsk. þm. sagði að væri meginatriði þessa máls, að hindra, að slíkt bandalag sem Hræðslubandalagið endurtæki sig, þá segi ég: Það er góðra gjalda vert, ef það verður hindrað, en við eigum eftir að sjá, að þeir hafi með stjórnarsamningnum tryggt, að löggjöf yrði sett, sem þetta hindraði. Ef þeir hafa tryggt það, þá er það mikilsvert atriði í málinu. En hví í ósköpunum að segja þá ekki hreinlega frá því, að nú sé það tryggt, nú hafi Hræðslubandalagsmennirnir til þess að fá kommúnista í stjórn orðið að ganga undir það ok að lofa því að setja lög til að hindra sjálfa sig í þingsætaþjófnaði í framtíðinni? Það er ekkert óskemmtilegt, ef þessir herrar hafa orðið að lofa þessu. En ef kommúnistar hafa unnið slíkan stjórnmálasigur í sambandi við stjórnarmyndunina, hví í ósköpunum segja þeir ekki frá því?

Nei, ég er hræddur um, að loforðin, sem þeir hafi fengið, séu ærið loðin, eins og oft vill verða. En auk þess vil ég taka fram og segja sem eindregna skoðun mína, að hvað sem allri löggjöf líður í framtíðinni, þá hefur það meginþýðingu, hvernig þessu máli nú lýkur, vegna þess að það verða aldrei sett nein þau lög, að ekki komi upp vafi um, hvernig þau eigi að skilja. Það verða aldrei sett svo ákveðin og gagnhugsuð lagaákvæði, að slungnir atkvæðasvindlarar, svo að ég noti orðalag Alþýðubandalagsins, geti ekki fundið þar einhverja smugu til þess að koma illvirkjum sínum fram. Þess vegna ríður á því, að landskjörstjórn og Alþingi í framtíðinni fái það fordæmi hjá okkur, sem nú eigum að greiða atkv., að það sé ljóst, að lögin eigi að skilja eftir því, sem heilbrigð skynsemi segir til um, og það er ekki annað en að svo verði gert, sem við sjálfstæðismenn förum fram á í þessu máli.

Ég hef svo ekki meira um þetta að segja og lýk því máli mínu. En áður en ég hverf úr ræðustólnum, vildi ég þó spyrja hæstv. viðskmrh.

(LJós), hvort hann vildi okkur til fróðleiks greina frá ástæðunum til þess, að hann afturkallaði kæruna, sem send var dómsmrn. að hans tilhlutan hinn 10. júlí í sumar. Það er fróðlegt að vita ástæðuna.

ATKVGR.

Till. 1. kjördeildar um að taka gild kjörbréf þingmanna í 3. kjördeild, annarra en Benedikts Gröndals, 5. landsk. þm., og Gylfa Þ. Gíslasonar, 3. landsk. þm., samþ. með 45 shlj. atkv.

Till. meiri hl. 1. kjördeildar um að taka gild kjörbréf Benedikts Gröndals, 5. landsk. þm., og Gylfa Þ. Gíslasonar, 3. landsk. þm., samþ. með 32:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, SkG, StgrSt, SvbH, AG, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, BSt, BjörgJ, BjörnJ, EOl, EirÞ, EmJ, EystJ, FRV, FS, GíslG, GJóh, GÞG, HÁ, HS, HV, HG, HermJ, KGuðj, KK, LJós, PZ, PÞ, PP.

nei: BBen, BÓ, FÞ, GTh, IngJ, JóhH, JK, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, PO, RH, SÁ, SB, SÓÓ, JJós.

1 þm. (GÍG) fjarstaddur.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Alfreð Gíslason: Vegna þess að gildandi lög virðast óljós í því efni, sem um er að ræða, tel ég rétt, að úrskurður Alþingis falli umdeildum kjörbréfum í vil, og því segi ég já.

Björn Jónsson: Með tilvísun til þeirrar grg., sem hv. 3. þm. Reykv. (EOl) hefur flutt hér undir umr. f. h. þingflokks Alþýðubandalagsins, segi ég já.

Gunnar Jóhannsson: Með tilvísun til grg. þingflokks Alþýðubandalagsins, sem 3. þm. Reykv. lýsti í umr., segi ég já.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Með tilvísun til grg. segi ég já.

Karl Guðjónsson: Með tilvísun til grg. Alþýðubandalagsins segi ég já.

Till. 2. kjördeildar um að taka gild kjörbréf þingmanna í 1. kjördeild, annarra en Guðmundar Í. Guðmundssonar, 7. landsk. þm., samþ. með 45 shlj. atkv.

Till. 8 þm. í 2. kjördeild um að taka gilt kjörbréf Guðmundar Í. Guðmundssonar, 7. landsk. þm., samþ. með 32:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, HG, HermJ, KGuðj, KK, LJós, PZ, PÞ, PP, SE, SkG, StgrSt, SvbH, AG, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, BSt, BjörgJ, BjörnJ, EOl, EirÞ, EmJ, EystJ, FRV, FS, GíslG, GJóh, GÞG, HÁ, HS.

nei: IngJ, JóhH, JK, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, PO, RH, SÁ, SB, SÓÓ, BBen, BÓ, FÞ, GTh, JJós.

1 þm. (GÍG) fjarstaddur.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Já, með tilliti til grg. Alþýðubandalagsins.

Karl Guðjónsson: Með sama fyrirvara og áður segi ég já.

Alfreð Gíslason: Af sömu ástæðum og áður segi ég já.

Björn Jónsson: Með tilvísun til sömu grg. og áður segi ég já.

Gunnar Jóhannsson: Með sama fyrirvara og áður segi ég já.

Till. 3. kjördeildar um að taka gild kjörbréf þingmanna í 2. kjördeild, annarra en Péturs Péturssonar, 10. landsk. þm., samþ. með 44 shlj. atkv.

Till. meiri hl. 3. kjördeildar um að taka gilt kjörbréf Péturs Péturssonar, 10. landsk. þm., samþ. með 32:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FS, GíslG, GJóh, GÞG, HÁ, HS, HV, HG, HermJ, KGuðj, KK, LJós, PZ, PÞ, PP, SE, SkG, StgrSt, SvbH, AG, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, BSt, BjörgJ, BjörnJ, EOl, EirÞ, EmJ, EystJ, FRV.

nei: FÞ, GTh, IngJ, JóhH, JK, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, PO, RH, SÁ, SB, SÓÓ, BBen, BÓ, JJós.

1 þm. (GÍG) fjarstaddur.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Gunnar Jóhannsson: Með sama fyrirvara og áður segi ég já.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Já, með tilliti til greinargerðar.

Karl Guðjónsson: Með sama fyrirvara og áður segi ég já.

Alfreð Gíslason: Á sama hátt og áður segi ég já.

Björn Jónsson: Vísa til greinargerðar og segi já.

Drengskaparheit unnin.

Þessu næst undirrituðu þeir þingmenn, sem höfðu ekki setið áður á Alþingi, drengskaparheit um að halda stjórnarskrána, en þeir voru þessir:

Alfreð Gíslason, Ágúst Þorvaldsson, Benedikt Gröndal, Björgvin Jónsson, Björn Jónsson, Friðjón Skarphéðinsson, Friðjón Þórðarson, Halldór E. Sigurðsson, Pétur Pétursson, Ragnhildur Helgadóttir, Sigurvin Einarsson.

Aldursforseti (JJós): Það, sem næst mundi liggja fyrir, ef störfum þingsetningar væri haldið áfram í dag, væri kjör forseta Sþ., en með því að hæstv. ríkisstj. hefur óskað eftir því, að það verði ekki gert fyrr en á morgun, þá er fundi hér með frestað og verður haldið áfram á morgun á venjulegum fundartíma.

Fundi frestað.

Miðvikudaginn 17. okt. var fundinum enn fram haldið. Guðmundur Í. Guðmundsson, 7. landsk. þm., var nú til þings kominn.

Kosning forseta.

Aldursforseti lét nú fram fara kosningu forseta sameinaðs Alþingis. Kosningu hlaut

Emil Jónsson, þm. Hafnf.,

með 31 atkv. — Jón Pálmason, þm. A-Húnv., fékk 18 atkv.

Hinn kjörni forseti lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Gunnar Jóhannsson, 6. landsk. þm.,

með 29 atkv. — Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf., fékk 1 atkv., en 20 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta, og hlaut kosningu

Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.,

með 32 atkv., en 19 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, og var á A-lista SkG, en á B-lista FÞ. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv., og
Friðjón Þórðarson, 11. landsk. þm.

Kjörbréfanefnd.

Þá fór fram kosning kjörbréfanefndar. Fram komu tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Gísli Guðmundsson (A),
Bjarni Benediktsson (B),
Áki Jakobsson (A),
Alfreð Gíslason (A),
Friðjón Þórðarson (B).

Fundi frestað.

Fimmtudaginn 18. okt. var fundinum enn fram haldið.

Kosning til efri deildar.

Forseti (EmJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Þingflokkar Framsóknarflokksins, Alþýðubandalagsins og Alþýðuflokksins hafa samkvæmt heimild í 6. gr. þingskapa komið sér saman um að hafa með sér kosningabandalag um kjör til efri deildar.

Eysteinn Jónsson, Einar Olgeirsson,
Emil Jónsson."

Ég vil biðja um tilnefningu þingmanna til efri deildar, sem samkv. þessu verður annars vegar frá bandalagi þessara þriggja flokka.

Við kosningu 17 þingmanna til að skipa efri deild komu fram tveir listar. Á A-lista voru HermJ, BSt, KK, PZ, BjörgJ, SE, HG, FS, FRV, BjörnJ, AG; á B-lista JJós, JK, SÓÓ, GTh, SB og FÞ. — Þar sem tilnefndir voru jafnmargir menn og kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Hermann Jónasson,
Jóhann Jósefsson,
Bernharð Stefánsson,
Karl Kristjánsson,
Jón Kjartansson,
Páll Zóphóníasson,
Björgvin Jónsson,
Sigurður Ó. Ólafsson,
Sigurvin Einarsson,
Gunnar Thoroddsen,
Haraldur Guðmundsson,
Friðjón Skarphéðinsson,
Sigurður Bjarnason,
Finnbogi R. Valdimarsson,
Björn Jónsson,
Friðjón Þórðarson,
Alfreð Gíslason.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 19. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

1. Fjárveitinganefnd.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru HÁ, KK, KGuðj, ÁkJ, HS, SvbH; á B-lista PO, MJ, JK, KJJ. — A-listi hlaut 33 atkv., en B-listi 19 atkv. Kosningu hlutu því:

Halldór Ásgrímsson,
Pétur Ottesen,
Karl Kristjánsson,
Karl Guðjónsson,
Magnús Jónsson,
Áki Jakobsson,
Halldór E. Sigurðsson,
Jón Kjartansson,
Sveinbjörn Högnason.

2. Utanríkismálanefnd.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar. Á A-lista voru StgrSt, GíslG, EmJ, FRV, SvbH; á B-lista ÓTh, BBen, JJós. — A-listi hlaut 33 atkv., en B-listi 19 atkv. Samkv. því voru kjörnir:

Steingrímur Steinþórsson,
Ólafur Thors,
Gísli Guðmundsson,
Emil Jónsson,
Bjarni Benediktsson,
Finnbogi R. Valdimarsson,
Sveinbjörn Högnason.

Við kosningu varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Kosningu hlutu því án atkvgr.:

Páll Zóphóníasson (A),
Jóhann Jósefsson (B),
Halldór Ásgrímsson (A),
Gylfi Þ. Gíslason (A),
Björn Ólafsson (B),
Einar Olgeirsson (A),
Halldór E. Sigurðsson (A).

3. Allsherjarnefnd.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru EirÞ, ÁB, BG, BjörnJ, StgrSt; á B-lista JS, BÓ, FÞ. — A-listi fékk 32 atkv., en B-listi 18 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:

Eiríkur Þorsteinsson,
Jón Sigurðsson,
Ásgeir Bjarnason,
Benedikt Gröndal,
Björn Ólafsson,

Björn Jónsson,
Steingrímur Steinþórsson.

Þingfararkaupsnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu tveir listar, er á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Kosningu hlutu því án atkvgr.:

Eiríkur Þorsteinsson (A),
Jón Pálmason (B),
Gunnar Jóhannsson (A),
Pétur Pétursson (A),
Kjartan J. Jóhannsson (B).

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur af aldursforseta, Jóhanni Jósefssyni, þm. Vestm. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Alfreð Gíslason, 1. landsk. þm.
2. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
3. Björgvin Jónsson, þm. Seyðf.
4. Björn Jónsson, 8. landsk. þm.
5. Finnbogi R. Valdimarsson, 4. landsk. þm.
6. Friðjón Skarphéðinsson, þm. Ak.
7. Friðjón Þórðarson, 11. landsk. þm.
8. Gunnar Thoroddsen, 6. þm. Reykv.
9. Haraldur Guðmundsson, 4. þm. Reykv.
10. Hermann Jónasson, þm. Str.
11. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
12. Jón Kjartansson, þm. V-Sk.
13. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.
14. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.
15. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.
16. Sigurður Ó. Ólafsson, 2. þm. Árn.
17. Sigurvin Einarsson, þm. Barð.

Allir þingdeildarmenn voru á fundi.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Karl Kristjánsson og Sigurð Ó. Ólafsson.

Kosning forseta og skrifara.

Þá var gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.,

með 11 atkv. — Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf., hlaut 6 atkv.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Friðjón Skarphéðinsson, þm. Ak.,

með 11 atkv. — 6 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Alfreð Gíslason, 1. landsk. þm.

með 11 atkv. — 6 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var KK, á B-lista SÓÓ. — Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.
Sigurður Ó. Ólafsson, 2. þm. Árn.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkvæmt þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

5. sæti hlaut Sigurvin Einarsson,
6. — — Jóhann Jósefsson,
7. — — Sigurður Bjarnason,
8. — — Haraldur Guðmundsson,
9. — — Finnbogi R. Valdimarsson,
10. — — Björn Jónsson,
11. — — Gunnar Thoroddsen,
12. — — Jón Kjartansson,
13. — — Friðjón Skarphéðinsson,
14. — — Friðjón Þórðarson,
15. — — Björgvin Jónsson,
16. — — Páll Zóphóníasson,
17. — — Alfreð Gíslason.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 19. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram tveir listar, og var hverju sinni stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Bernharð Stefánsson (A),
Gunnar Thoroddsen (B),
Haraldur Guðmundsson (A),
Björn Jónsson (A),
Jóhann Jósefsson (B).

2. Samgöngumálanefnd.
Sigurvin Einarsson (A),
Jón Kjartansson (B),
Friðjón Skarphéðinsson (A),
Björgvin Jónsson (A),
Sigurður Bjarnason (B).

3. Landbúnaðarnefnd.
Páll Zóphóníasson (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Finnbogi R. Valdimarsson (A),
Sigurvin Einarsson (A),
Sigurður Ó. Ólafsson (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Björgvin Jónsson (A),
Jóhann Jósefsson (B),
Björn Jónsson (A),
Friðjón Skarphéðinsson (A),
Sigurður Bjarnason (B).

5. Iðnaðarnefnd.
Björgvin Jónsson (A),
Gunnar Thoroddsen (B),
Haraldur Guðmundsson (A),
Björn Jónsson (A),
Jóhann Jósefsson (B).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Karl Kristjánsson (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Alfreð Gíslason (A),
Haraldur Guðmundsson (A),
Sigurður Ó. Ólafsson (B).

7. Menntamálanefnd.
Sigurvin Einarsson (A),
Gunnar Thoroddsen (B),
Friðjón Skarphéðinsson (A),
Finnbogi R. Valdimarsson (A),
Sigurður Ó. Ólafsson (B).

8. Allsherjarnefnd.
Páll Zóphóníasson (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Friðjón Skarphéðinsson (A),
Alfreð Gíslason (A),
Jón Kjartansson (B).

C.
Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur af aldursforseta, Jóni Sigurðssyni, 2. þm. Skagf., að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Ágúst Þorvaldsson, 1. þm. Árn.
2. Áki Jakobsson, þm. Siglf.
3. Ásgeir Bjarnason, þm. Dal.
4. Benedikt Gröndal, 5. landsk. þm.
5. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
6. Björn Ólafsson, 2. þm. Reykv.
7. Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.
8. Eiríkur Þorsteinsson, þm. V-Ísf.
9. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
10. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.
11. Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ.
12. Guðmundur Í. Guðmundsson, 7. landsk. þm.
13. Gunnar Jóhannsson, 6. landsk. þm.
14. Gylfi Þ. Gíslason, 3. landsk. þm.
15. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.
16. Halldór E. Sigurðsson, þm. Mýr.
17. Hannibal Valdimarsson, 7. þm. Reykv.
18. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Rang.
19. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
20. Jón Pálmason, þm. A-Húnv.
21. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
22. Karl Guðjónsson, 2. landsk. þm.
23. Kjartan J. Jóhannsson, þm. Ísaf.
24. Lúðvík Jósefsson, 2. þm. S-M.
25. Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf.
26. Ólafur Björnsson, 9. landsk. þm.
27. Ólafur Thors, þm. G-K.
28. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.
29. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
30. Pétur Pétursson, 10. landsk. þm.
31. Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv.
32. Sigurður Ágústsson, þm. Snæf.
33. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.
34. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.
35. Sveinbjörn Högnason, 2. þm. Rang.

Þingdeildarmenn voru allir á fundi.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Magnús Jónsson og Pál Þorsteinsson.

Kosning forseta og skrifara.

Var nú gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.

með 22 atkv. — Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf., fékk 11 atkv., en einn seðill var ógildur.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.,

með 22 atkv. — 13 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Áki Jakobsson, þm. Siglf.,

með 20 atkv. — 14 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var PÞ, á B-lista MJ. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk., og
Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

8. sæti hlaut Pétur Pétursson,
9. — — Steingrímur Steinþórsson,
10. — — Björn Ólafsson,
11. — — Jón Sigurðsson,
12. — — Halldór Ásgrímsson,
13. — — Skúli Guðmundsson,
14. — — Ragnhildur Helgadóttir,
15. — — Ólafur Björnsson,
16. — — Halldór E. Sigurðsson,
17. — — Sveinbjörn Högnason,
18. — — Pétur Ottesen,
19. — — Ingólfur Jónsson,
20. — — Jón Pálmason,
21. — — Gísli Guðmundsson,
22. — — Benedikt Gröndal,
23. — — Sigurður Ágústsson,
25. — — Ólafur Thors,
26. — — Ágúst Þorvaldsson,
27. — — Emil Jónsson,
28. — — Bjarni Benediktsson,
29. — — Gunnar Jóhannsson,
30. — — Eiríkur Þorsteinsson,
31. — — Kjartan J. Jóhannsson,
32. — — Áki Jakobsson,
33. — — Jóhann Hafstein,
34. — — Ásgeir Bjarnason,
35. — — Karl Guðjónsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 19. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram tveir listar, og var hverju sinni stungið upp á jafnmörg-

um mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir þannig skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Skúli Guðmundsson (A),
Jóhann Hafstein (B),
Einar Olgeirsson (A),
Emil Jónsson (A),
Ólafur Björnsson (B).

2. Samgöngumálanefnd.
Eiríkur Þorsteinsson (A),
Jón Pálmason (B),
Karl Guðjónsson (A),
Páll Þorsteinsson (A),
Ingólfur Jónsson (B).

3. Landbúnaðarnefnd.
Ásgeir Bjarnason (A),
Jón Sigurðsson (B),
Gunnar Jóhannsson (A),
Ágúst Þorvaldsson (A),
Jón Pálmason (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Gísli Guðmundsson (A),
Pétur Ottesen (B),
Áki Jakobsson (A),
Karl Guðjónsson (A),
Sigurður Ágústsson (B).

5. Iðnaðarnefnd.
Ágúst Þorvaldsson (A),
Bjarni Benediktsson (B),
Emil Jónsson (A),
Pétur Pétursson (A),
Ingólfur Jónsson (B).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Steingrímur Steinþórsson (A),
Ragnhildur Helgadóttir (B),
Gunnar Jóhannsson (A),
Benedikt Gröndal (A),
Kjartan J. Jóhannsson (B).

7. Menntamálanefnd.
Páll Þorsteinsson (A),
Ragnhildur Helgadóttir (B),
Benedikt Gröndal (A),
Einar Olgeirsson (A),
Kjartan J. Jóhannsson (B).

8. Allsherjarnefnd.
Gísli Guðmundsson (A),
Bjarni Benediktsson (B),
Gunnar Jóhannsson (A),
Pétur Pétursson (A),
Björn Ólafsson (B).

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Togarakaup fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur.

Á 1. fundi í Sþ., 10. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur [8. mál] (stjfrv., A. 8).

Á 6. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það mikla óhapp skeði, að togarinn Jón Baldvinsson strandaði og fórst. Hann var eign Bæjarútgerðar Reykjavíkur. Ákveðið var, að bæjarútgerðin reyndi að eignast togara í stað þess, er fórst, og var leitað til ríkisstj. um fyrirgreiðslu, til þess að það mætti takast, og farið fram á, að ríkisstj. ábyrgðist lán til togarakaupanna. Þegar þetta gerðist, var Alþingi ekki að störfum, en á hinn bóginn mjög erfitt að draga málið, þangað til Alþingi kæmi saman, hefði valdið miklu tjóni og verulegri töf. Niðurstaðan varð því sú, að fyrrv. ríkisstj. réðst í að gefa út brbl. um heimild handa ríkisstj. til þess að takast á hendur þessa ábyrgð, og hér eru nú brbl. lögð fyrir til staðfestingar. Er það von mín, að hv. Alþingi vilji fallast á þetta, og vil ég leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 46).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Þann 18. dag júnímánaðar í vor voru gefin út brbl. um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur. Með lögum þessum er stjórninni heimilað að ábyrgjast lán allt að 5 millj. og 100 þús. til kaupa á nýjum dieseltogara fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur í stað togarans Jóns Baldvinssonar. Er síðan tekið fram, að ábyrgð þessi, að viðbættum lánum og ábyrgðum, sem ríkissjóður veitir af vátryggingarfé togarans Jóns Baldvinssonar, megi ekki fara fram úr 85 af hundraði kostnaðarverðs nýja togarans, og síðan venjulegt ákvæði um það, að ábyrgðin sé háð því, að fullnægt sé skilyrðum, sem ríkisstj. setur.

Frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 8, er lagt fyrir þingið til staðfestingar á þessum brbl. Því var vísað til fjhn. til athugunar, og mælir nefndin með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 13. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 14. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 70).

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Vorið 1955 gerðust þau válegu tíðindi, að einn af átta togurum Bæjarútgerðar Reykjavíkur, Jón Baldvinsson, strandaði og eyðilagðist með öllu. Það var því ákveðið að láta smíða nýjan togara í stað hans, og áður en samningar yrðu gerðir um það mál við skipasmíðastöð, þótti nauðsynlegt að fá ríkisábyrgð fyrir láni í þessu skyni. Þessi togari, sem verður smíðaður í þýzkri skipasmíðastöð, á að kosta tæpar 13 millj. kr. Það fékkst samþykki hlutaðeigandi aðila til þess, að tryggingarfé togarans Jóns Baldvinssonar yrði notað til greiðslu á kostnaðarverði hins nýja togara, svo langt sem það næði. Til viðbótar þurfti

ríkisábyrgð fyrir 5 millj. og 100 þús. kr. láni, sem ríkisstj. féllst á að gefa út brbl. um 18. júní s. l. Frv., sem hér liggur fyrir, er um staðfestingu á þessum brbl. um þá ríkisábyrgð.

Það hefur verið gengið frá samningum um smíði á þessum togara, sem mun verða stærsti togari Íslendinga og á að verða fullbúinn snemma á árinu 1958.

Fjhn. þessarar d. fékk málið til meðferðar og leggur einróma til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 89).

---

2. Verðlag og kaupgjald.

Á 1. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um festingu verðlags og kaupgjalds [12. mál] (þmfrv., A. 12).

Á 7. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er eitt þeirra mála, sem þegar er orðið svo mikið rætt, áður en það kemur til meðferðar Alþ., að það er raunverulega að bera í bakkafullan læk að fjölyrða mikið um það, nema þá sérstakt tilefni gefist til.

Efni þessa frv. er, eins og alkunnugt er, það, að ríkisstj. hefur ákveðið að festa verðlag og kaupgjald í landinu um fjóra mánuði, frá 1. sept. til 31. des. n. k. Allar greinar frv. fjalla um þetta, í fyrsta lagi um bindingu kaupgjaldsins við vísitöluna 168 að viðbættum 10 stigum, í framhaldi af því um bindingu kaupgjaldsins í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins að því er snertir laun bónda og verkafólks hans, og einnig að því er snertir álagningu í heildsölu og smásölu á landbúnaðarvörur. Þar er kaupgjaldið einnig miðað við 168 stig að viðbættum 10 stigum.

Í 4. gr. frv. eru svo ákvæði um verðlagsstöðvunina. Í þeirri grein er bannað til 31. des. 1956 að hækka söluverð innanlands á öllum vörum í heildsölu og smásölu svo og á hvers konar verðmæti og þjónustu frá því, sem var 15. ágúst 1956. Bannið tekur þó ekki til þeirrar verðhækkunar vöru, sem jöfnuð kann að verða með niðurgreiðslu á verði annarrar vöru, sbr. 6. gr. laganna. Verðgæzlustjórinn á að hafa eftirlit með því, að ákvæði laganna sé hlýtt.

Í 5. gr. er talað um, að innflutningsskrifstofan geti veitt undanþágu frá banninu, sem um ræðir í 1. mgr. 4. gr., ef hún telur verðhækkunina vera algerlega óhjákvæmilega, enda sé þá verðhækkunin samþ. af ríkisstj. Þá þarf í raun og veru samþykki að fást frá verðgæzlustjóra, frá innflutningsskrifstofunni og frá ríkisstj., og undanþágan fæst ekki veitt, nema þessir þrír aðilar allir telji hana vera algerlega óhjákvæmilega.

Ríkisstjórninni var það ljóst, að það gæti komið fyrir, að svo mikil verðhækkun yrði á erlendri vöru eða að farmgjöld hækkuðu svo stórkostlega, að útsöluverðið, sem var um miðjan ágúst s. l., gæti jafnvel orðið lægra en heildsölukostnaðurinn og innflutningsgjöld og opinberir tollar og að þá gæti komið til þess, að slík vara yrði ekki flutt inn, ef innflytjandinn sæi sér beint tap í því að gera það, þegar verðlagið stæði fast. Þá getur samkv. þessu komið til ákvörðunar hjá ríkisstj., hvort varan sé svo nauðsynleg, að hana megi ekki vanta. Þá þarf að grípa til einhverra úrræða, til þess að hún verði samt sem áður flutt inn. En sé hún hins vegar ekki svo bráðnauðsynleg, að hana megi ekki vanta, þá gæti vel komið til þess, að þetta bann leiddi til vöntunar á viðkomandi vörutegund.

6. gr. er svo um þær nauðsynlegu ráðstafanir, sem gera þurfti til þess, að verðfestingin á landbúnaðarvörum gæti komið til framkvæmda frá sama tíma og kaupgjaldsfestingin, sem þótti algerlega nauðsynlegt. Hins vegar hefur ekki verið um það deilt, að ef bændur hefðu ekki fengið niðurgreiðslur úr ríkissjóði vegna þessarar ráðstöfunar, þá hefði það í raun og veru komið niður á þeim eins og lögin tækju gildi einu ári fyrr, að því er snerti þá og þeirra hagsmuni, og það gat auðvitað ekki gengið. Þess vegna verður að bæta þeim sem svarar fyrir hið liðna ár með niðurgreiðslum úr ríkissjóði.

Brot gegn lögum þessum varða frá 500 til 500 þús. kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Ég skal ekki fjölyrða mikið um málið, nema sérstaklega gefist tilefni til hér, aðeins taka fram, að það er mín reynsla af framkvæmdinni síðan 1. sept., að allir aðilar hafa tekið lögunum með vinsemd, og ég hygg, að það hafi gætt miklu minni mótspyrnu gegn framkvæmd laganna en búast mátti við. Ég sé nú, að allir keppast um að viðurkenna, að verðlags- og kaupgjaldsstöðvun hafi verið fyllilega tímabær, eins og ástandið var, og nú sé ég, að því er lýst yfir mjög áberandi, að allir vilji mikið á sig leggja til þess, að takast megi að framkvæma algera verðlags- og kaupgjaldsstöðvun, og ég fagna því.

Ég legg svo til, að þessu frv. verði vísað til hv. fjhn. að lokinni umræðunni.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Við sjálfstæðismenn fögnum því, að gerðar hafa verið ráðstafanir til að stöðva vöxt verðbólgunnar, á meðan leitað er annarra úrræða. Á s. l. vetri bentum við á nauðsyn þessa og bárum fram um það ákveðnar till., sem þó fengu ekki fylgi andstæðinga okkar, núverandi hv. stjórnarflokka. Í stað þess settu þeir, eftir að þeir sjálfir höfðu fengið völdin, þau brbl., sem nú eru til umræðu. Ég skal ekki á þessu stigi hefja deilur um það,

hvort þau úrræði, sem í brbl. felast, séu almenningi hagstæðari en till. okkar. Aðalatriðið er, að verðbólguvöxturinn hefur nú verið stöðvaður í bili og með viðurkenningu þess, að í því sambandi er kaupgjaldið, eins og hér til háttar, úrslitaatriðið. Stöðvun á hækkun þess og raunar lækkun frá því, sem menn höfðu samkv. gildandi ákvæðum unnið sér rétt til, er aðalatriði þessa frv., sem nú er til umr. Fram hjá því verður ekki komizt.

Viðurkenning þessarar staðreyndar er sögulegur atburður, sem úrslitaþýðingu kann að hafa um lausn þessa vanda. Við sjálfstæðismenn höfum ætíð bent á þessi sannindi og jafnframt lagt áherzlu á, að skilningur þeirra væri ekki síður nauðsynlegur fyrir verkamenn og launþega en aðra, því að raunverulegar kjarabætur fylgdu ekki almennum kauphækkunum, sem efnahagslegur grundvöllur væri ekki fyrir í þjóðfélaginu. Þessa staðreynd hafa kommúnistar ekki viljað játa fyrr en nú og Alþfl. ekki nema þegar sérstaklega hefur staðið á, eins og þegar hann hafði stjórnarforustuna 1947. Því merkilegra er, að fyrsta raunhæfa ráðstöfun þessara manna, þegar þeir fá völdin, er sú að viðurkenna í verki kenningar okkar sjálfstæðismanna. Hvort þar er svo um raunveruleg sinnaskipti að ræða eða aðeins greiðslu fyrir að fá að komast upp í stjórnarskútuna hjá hæstv. fjmrh., sem sagði á dögunum, að hann hefði þurft að manna bátinn öðruvísi en áður var, — hvort þarna er um sinnaskipti að ræða eða aðeins greiðslu á farmiðanum fyrir að fá að manna bátinn hjá Eysteini, það mun koma í ljós, þegar hin varanlegu úrræði verða birt, því að vitanlega stoða þessi brbl. lítt eða ekki, ef ekki verður frekar að gert, bæði með skynsamlegri tillögugerð og þjóðhollri framkvæmd.

Gerðardómslögin 1942, dýrtíðarlög stjórnar Stefáns Jóh. Stefánssonar 1947 og gengislækkunarlögin 1950 voru allt ráðstafanir byggðar á sömu hugsun og brbl. nú. Dýrtíðarlögin og gengislögin gerðu gagn um sinn, en aðeins um sinn, og voru þó ætluð til frambúðar. Þessi brbl. eiga samkv. efni sínu að gilda aðeins skamma hríð, og er mikilsvert, að frambúðarúrræðin sjáist sem fyrst, því að núverandi óvissuástand í efnahagsmálum lamar framkvæmdahuginn, athafnasemina og allt efnahagslífið, svo að mjög alvarlegt er.

Um einstök atriði frv. skal ég ekki ræða, svo sem hvort byrðunum hafi verið rétt skipt niður að öllu leyti eða hvort slíkt samráð hafi verið haft við aðila sem gefið var í skyn. Allt skiptir það þó máli, og verður sjálfsagt vikið að því í umræðunum af öðrum. Og það verður að segja, að hið minnsta, sem krafizt verður, er það, að rétt sé frá sagt, með hverra samþykki slíkar ráðstafanir séu gerðar. Hitt er skiljanlegra, að ekki hafi verið hægt í raun og veru að leita til allra, sem þetta mál varðar. Um það skal ég sem sagt ekki ræða nánar, en láta mér nægja að lýsa ánægju yfir, að hæstv. ríkisstj. skyldi koma sér saman um þessa ráðstöfun, sem, þótt aðeins til bráðabirgða sé, er játning á því, að það, sem við sjálfstæðismenn höfum haldið fram um aðalorsakir örðugleikanna í efnahagslífi Íslendinga, er rétt.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Nú líkar mér hljóðið í hv. stjórnarandstöðu, því að það er ekkert annað en fagnaðarhljóð, og ég sé fyllstu ástæðu til þess að færa fram þakkir til stjórnarandstöðunnar fyrir að kalla þetta, eins og þetta er, fyrstu raunhæfu tilraunina til þess að stöðva verðbólguna. En vel er mér og ríkisstj. ljóst, að þetta er aðeins fyrsta skrefið, sem stíga verður, þegar lagt er út í baráttuna við dýrtíðina.

Hitt er aftur annað mál, að eins og till. Sjálfstfl. hafa komið mér fyrir sjónir, þá lít ég svo á, að þær séu og hafi verið allt annars eðlis. Ég held, að það hafi ekki verið gerðar þar neinar sérstakar ráðstafanir til þess að hafa hemil á dýrtíðinni, um leið og þeir hugðust að greiða niður dýrtíðina með nokkrum milljónum kr. úr ríkissjóði til þess að stöðva þar með allar kauphækkanir. En það eitt var ekki nóg.

Það, sem helzt veltist fyrir hv. 1. þm. Reykv., er það, hvort hér sé um alger sinnaskipti að ræða hjá þeim mönnum, sem standi að þessu frv. og hafi gert mögulega framkvæmd þess, eða hvort það hafi verið löngun til þess að hjálpa Eysteini Jónssyni til að manna bátinn að nýju, þegar hann var búinn að drepa af sér hásetana úr Sjálfstfl. — eða þeir hlaupnir úr skiprúminu, ég skal ekki deila um, hvernig það gerðist.

Ég vil aðeins í sambandi við þetta segja það, að það var nauðsynlegt til þess að koma þessu máli fram að manna bátinn að nýju. Það dugði ekki, að það væru fulltrúar millilíða í hverju rúmi á þeim bát, sem átti að koma með þennan aflafeng að landi. Og það var líka gert. Það er nú öðruvísi skipað í svo að segja hverju rúmi þeirrar fleytu, sem nú á að skila þeim aflafeng að landi, sem hér er um að ræða: að stöðva afætu dýrtíðarófreskjunnar.

Þá var það, sem ræðumaður vék að, hvort samráð mundi hafa verið haft við þá aðila, sem skýrt hefur verið frá að samráð hafi verið haft við. Þetta gefur mér tilefni til að víkja örlítið að þeim tveim meginádeiluatriðum, sem áður hefur verið hreyft, sérstaklega í blöðum, út af þessu frv.

Í fyrsta lagi er það, sem hefur verið rætt um í stjórnarandstöðublöðunum, sérstaklega í Morgunblaðinu, þetta: Hvers vegna lét forseti Alþýðusambandsins, sem nú fer jafnframt með embætti félmrh., ekki ræða þessi mál á fundum í verkalýðsfélögunum almennt, áður en lögin voru sett? Og í öðru lagi: Hvers vegna voru lögin sett, rétt áður en verkafólk átti að fá 6 stiga kauphækkun? Hvort tveggja er þetta sett fram til þess að vita, hvort ekki sé hægt að vekja neina úlfúð eða tortryggni innan verkalýðsfélaganna út af þessum aðgerðum.

Um þessi tvö atriði er sjálfsagt að ég ræði hér, alveg á sama hátt og ég hef rætt þessi tvö atriði áður við verkalýðsfélögin. Ég hygg, að hver sá, sem hugsar málið, muni fljótlega komast að þeirri niðurstöðu, einkanlega ef hann hugsar málið út frá hagsmunum verkalýðsstéttarinnar, að umræður á almennum fundum um málið, áður en lögin voru sett, hefðu áreiðanlega vakið nokkuð ríka tilhneigingu, að ekki sé meira sagt, til þess að hækka sem fljótast það verðlag, sem ætlunin var síðan að miða við í næstu fjóra mán-

uði. Þegar hins vegar er litið á það, að það átti að binda vísitöluna, þá hefðu auðvitað allar slíkar verðhækkanir verið gerðar á kostnað launafólksins í landinu, en orðið beinn gróðavegur fyrir milliliðina. Þess vegna var það, sem allar opinberar umræður voru sniðgengnar, var forðazt, að málið yrði rætt almennt opinberlega, til þess að milliliðirnir gætu einmitt ekki makað sinn krók og skellt verðhækkunum yfir á verkafólkið, sem átti að búa við hið bundna kaupgjald. Það var sem sé lífsspursmál fyrir hagsmuni vinnandi fólks, að engin vitneskja bærist um, hvað til stæði, fyrr en lögin væru gengin í gildi.

En hvernig var þá hægt að samrýma þetta tvennt, að hafa með einhverjum hætti samráð við verkalýðssamtökin og halda þó leyndu fyrir kaupsýslustéttunum, hvað stæði til að gera í verðlagsmálunum?

Þetta var framkvæmt á þann hátt, sem nú skal greina:

Í fyrsta lagi var lagt fyrir verðgæzlustjóra að safna verðskýrslum með venjulegum hætti um land allt seinni partinn í ágúst. Og svo var ákveðið með lögunum, að verðfestingin skyldi miðast við miðjan ágúst. En á þeim tíma gat enginn fengið nokkurn pata af hinni fyrirhuguðu lagasetningu. En samráðs við verkalýðshreyfinguna var svo leitað á þann hátt, að formenn flestra verkalýðsfélaganna, sem til náðist, voru spurðir um það, hvort þeir mundu fremur telja verkafólki vera til hagsbóta að láta dýrtíðarskrúfuna ganga sinn gang, þ. e. a. s., að 1. sept. fengi verkafólkið 6 stiga kauphækkun, um miðjan þann sama mánuð kæmi síðan 11.8% verðhækkun á landbúnaðarvörur, og margs konar hækkanir aðrar, sem þá strax var vitað um, mundu fylgja í kjölfarið, og svo ætti verkafólkið aftur að fá nokkra kauphækkun 1. des. og svo koll af kolli á víxl fram á næsta ár. Það var spurt um, hvort verkafólkið vildi, að stjórnin léti þessa þróun eiga sér stað eða gera tilraun til stöðvunar á öllu verðlagi og festa þá jafnframt vísitöluna í 178 stigum næstu 4 mánuði, þ. e. til næstu áramóta. Og hver voru svör verkalýðsfélagaformannanna, sem leitað var til og fengu aðstöðu til þess að bera málið í kyrrþey undir sína meðstjórnendur? Svörin voru öll á einn veg: Við viljum ekki flóðið, við viljum heldur stöðvun. — Einn form. sagði afdráttarlaust, ég man það vel: Ég held, að fólkið ætlist til þess af ykkur, að þið stöðvið verðhækkunarskrúfuna. — Það var ekki látið við það sitja að leita til formanna allra stærstu verkalýðsfélaganna úti um allt land, heldur var leitað einnig til allra formanna fjórðungssambandanna innan Alþýðusambandsins við nákvæmlega sömu undirtektir af þeirra hendi, og svo var gert hér í Rvík það, sem ég held að sjaldan eða aldrei hafi verið gert áður, að kvöldið áður en lögin voru sett, var kallaður hér saman í Iðnó fundur allra stjórna verkalýðsfélaganna í Rvík. Þegar stjórnirnar voru þarna saman komnar, var fullur salurinn í Iðnó, og þar var þessi sama spurning lögð fram. Niðurstaða þess fundar var ekki alveg eins eindregin og formannanna, sem hafði verið leitað til úti um land, en svarið var samt ákveðið. 94 af þeim, sem þarna voru mættir, sögðu eindregið, að þeir vildu, að verðlag og kaupgjald yrði stöðvað, 15 greiddu atkvæði á móti og 17 sátu hjá. Svarið var á þann veg, að það var ekki til neins að efast um vilja verkalýðsfélaganna í Rvík. Þá var einnig rætt um þetta mál á ýmsum stigum þess í miðstjórn Alþýðusambands Íslands, og miðstjórn Alþýðusambandsins og stjórn fulltrúaráðsins hér — allir meðlimir þessara stofnana — voru á einu máli um, að það yrði að reyna þessa stöðvun sem bráðabirgðaúrræði, meðan væri verið að leita annarra varanlegri úrræða um stöðvun verðbólgunnar.

Ég spyr nú: Getur nokkur efazt um, að þarna hafi verið leitað til verkalýðssamtakanna á þann hátt, sem tiltækilegt var, til sem allra flestra formanna verkalýðsfélaganna í sambandinu, til formanna stjórnanna í fjórðungssamböndunum, til Alþýðusambandsstjórnarinnar, til allra stjórna verkalýðsfélaganna í Rvík og til fulltrúaráðsins hér? Er til nokkurs hlutar að halda því fram, að það hafi verið gengið fram hjá verkalýðshreyfingunni, áður en lögin voru sett, þegar þetta er upplýst?

Nei, sá áróður er líka alveg dottinn niður, að það hafi verið gengið fram hjá verkalýðshreyfingunni. Þetta var gert í eins nánu samráði við hana og með þeim hætti, að ekki væru opnaðir möguleikar til þess að hleypa verðlaginu upp, áður en lögin kæmu í gildi, en það hefði orðið afleiðingin af því, ef við hefðum farið út um allt land að skipuleggja opna verkalýðsfundi um þetta mál, löngu áður en lögin voru komin í gildi. — Þetta er mitt svar við því, sem hér var varpað fram áðan, hvort samráð hafi verið haft við þá aðila, sem þessi mál skipta mest. Það var gert á þennan hátt.

En þá var það þetta, sem ekki kom fram núna, en hefur oft verið deilt á mig annars staðar út af, hvers vegna var einmitt rokið til að láta lögin taka gildi örfáum dögum áður en verkafólkið átti að fá 6 stiga kauphækkun. Er það þá ekki fjandskaparbragð við verkalýðinn? Það má ef til vill túlka það þannig, en það þarf ekki að velta málinu lengi fyrir sér til þess að komast að þeirri niðurstöðu, að það hefði sennilega lítið orðið úr þessum aðgerðum, ef enginn hefði viljað byrja.

Hugsum okkur, að verkafólkið hefði fengið því framgengt að fá sín 6 stig fyrst á kaupið sitt, 1. sept. Þá dettur mér ekki annað í hug en að bændur hefðu eðlilega sagt: Nei, við skulum ekki ganga inn á þetta fyrr en eftir 15. sept., að við erum búnir að fá 11.8% hækkun á okkar landbúnaðarafurðum. — Og þá hefðu verkamenn eflaust sagt: Ja, bændurnir eru rétt nýbúnir að fá sína hækkun, við skulum bíða, þangað til við sjáum, hvað vísitöluhækkunin verður 1. des. — og þannig koll af kolli auðvitað. Það er líka ekki um það að deila, að aðstaðan til að framfylgja svona banni er í mínum höndum a. m. k. margfalt sterkari við það að geta bent þeim aðilum á, sem leita hvað fastast á um að bera ekki byrðar í sambandi við þessa verðfestingu og vilja fá henni velt af sér yfir á aðra, ríkið eða einhverja aðra, — ég get með góðri samvizku svarað þeim: Þið verðið að bera til hins ýtrasta ykkar byrðar, svo lengi sem þær eru innan sanngjarnra takmarka, úr því að verkafólkið byrjaði á því að

fórna 6 stigum í kaupgjaldi, sem það átti að fá eftir örfáa daga, er lögin voru sett. — Hingað til hafa flestir aðilar orðið að viðurkenna það, að úr því að byrjað var á verkafólkinu, þá á enginn neinn siðferðislegan rétt til þess að skorast undan því að bera sínar byrðar. Með þessu móti er þetta framkvæmanlegt. Ef ég hefði hlíft verkafólkinu og látið það fyrst fá sína 6 stiga kaupgjaldshækkun og ekki látið lögin koma í gildi fyrr en eftir 1. sept., þá hefðu allir aðrir getað vísað til þess, að þeir yrðu líka að fá sína möguleika til þess að hagnast, áður en lögin væru framkvæmd á þeim.

Ég hef ekkert farið í grafgötur með þessi viðhorf mín viðvíkjandi þessum tveimur deiluefnum við verkafólkið sjálft, og ég tel rétt, að þingheimi sé það einnig kunnugt, að á þennan hátt hefur þetta verið túlkað við verkalýðshreyfinguna, enda lítið orðið úr þeim tortryggnisáróðri, sem settur var í gang til þess að gera verkafólkið óánægt út af þessu tvennu.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en endurtek þakkir mínar til hv. stjórnarandstöðu út af því, að hún viðurkennir þetta sem raunhæft byrjunarskref, þangað til varanlegar ráðstafanir verða fundnar til þess að halda áfram stöðvun verðbólgu og dýrtíðar.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég held, að ég hafi aldrei heyrt hæstv. ráðh. vera jafnblíðan við andstöðuflokka og hann var í síðustu ræðu, er hann bar fram þakkir sínar fyrir þá afstöðu, sem Sjálfstfl. hefur í þessu máli, sem þó er sama afstaða sem hann hefur alltaf haft.

Það leikur ekki á tveim tungum, að ekki getur verið æskilegt fyrir nokkurt þjóðfélag að hafa meinsemd eins og verðbólguna innan vébanda sinna. Þess vegna hljóta allir, sem nokkuð hugsa um mál þetta, að fagna því, ef gerðar eru ráðstafanir, sem duga til þess að ráða niðurlögum þessa vágests. Mér skilst, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé að tilætlun ríkisstj. fyrsta skrefið til þess að stöðva verðbólguna. En það er þá rétt einnig að gera sér grein fyrir því, hvað á undan hefur gengið í þessu máli og hverjar eru raunverulega meginástæðurnar fyrir því, að ríkisstj. hefur orðið að leggja slíkt frv. fram.

Hver ríkisstj., sem kom til valda eftir síðustu kosningar, hlaut að taka þetta mál til meðferðar. Það var öllum ljóst þá, og það er öllum ljóst nú. Þess vegna er það í sjálfu sér ekkert þakkarvert, þó að núv. stjórn hafi tekið þetta mál til meðferðar, eins og hver einasta stjórn hefði gert, sem komið hefði til valda í þessu landi. En núv. stjórnarflokkar vilja láta líta svo út fyrir þjóðinni, að þeir séu þeir einu, sem hafi komið auga á það, að nauðsynlegt sé að sporna við verðbólgunni. Ég vil minna hv. þm. á það, að í árslok 1954 ræddi form. Sjálfstfl., báv. forsrh. (ÓTh), um þetta mál og lagði ríkt á við þjóðina að sporna gegn því, að kaupgjald yrði hækkað, en það mundi halda við verðbólguskrúfunni. En hvernig var þessu tekið? Því var tekið svo, að núv. hæstv. félmrh. (HV) beitti sér fyrir því, að víðtækt verkfall var sett á í landinu fyrri hluta vetrar 1955. Við vitum allir, hverjar afleiðingar það verkfall hafði.

Með frv. þessu stefnir stjórnin einnig að því að greiða stórfé úr ríkissjóði til þess að stöðva vísitöluna. Ingólfur Jónsson, fyrrv. viðskmrh., lagði til s. l. vor, að þetta yrði gert, að stöðvuð yrði hækkun vísitölunnar meðan verið væri að leita annarra úrræða.

Nú kemur stjórnin fram með þetta frv., sem hér liggur fyrir, og segir: Þetta frv. er aðeins um ákveðinn tíma, meðan verið er að leita ráða til þess að ráða bót á þessu máli. — En áður var þó þetta talin hlægileg fjarstæða af hv. núv. stjórnarliðum.

Það er rétt að gera sér lítils háttar grein um það, hvernig vísitalan hefur hagað sér undanfarin fimm ár. Í febr. 1952 er vísitalan 155, og í sept. sama ár er hún 160. Í árslok 1953, hálfu öðru ári seinna, er hún 158, og í árslok 1954 er hún 160. M. ö. o., vísitalan stóð í stað þessi þrjú ár, 1952, 1953 og 1954, þrátt fyrir afleiðingar verkfallsins 1952. En í júlí 1955 er vísitalan orðin 165 stig og í árslok sama ár 174 stig, en þá eru líka komnar fram afleiðingar verkfallsins vorið 1955. Keðjuverkanir þess koma svo enn greinilegar fram í hækkun vísitölunnar á þessu ári, sem stöðvuð var með þessum bráðabirgðalögum.

Því verður ekki neitað, að verðbólguskrúfan hefur hækkað óhugnanlega mikið árið 1955 og það sem af er þessu ári, er vísitalan hækkar nálega um 20 stig og verðlagið í landinu að sjálfsögðu hækkar að sama skapi.

Það getur engum dulizt, að verðbólgan er í örum og hættulegum vexti vegna þess kapphlaups, sem orðið hefur á milli kaupgjalds og verðlags. Undanfarandi tveim ríkisstj. var að sjálfsögðu ljóst, hver lífsnauðsyn þjóðinni var að halda verðlaginu í föstum skorðum, enda breyttist verðlagið lítið í hálft fjórða ár, frá 1952 til miðsumars 1955, en á þeim tíma voru háð tvö stór verkföll, og eftir að hinu síðara lauk með mikilli kauphækkun, fór verðlagið í landinu fyrst um þverbak.

Það er ekki fyrst og fremst þeim tveim ríkisstj. að kenna, sem sátu að völdum 1950—56, heldur stjórn kommúnista á verkalýðsfélögunum og þeirri baráttu, sem þeir og fylgismenn þeirra ásamt Alþfl. háðu með verkföllum fyrir kauphækkun til þess að koma efnahagslífi landsins úr skorðum. Það er ástæðan fyrst og fremst fyrir þeirri dýrtíðarskrúfu, sem nú snýst með flughraða, og því kapphlaupi milli vinnulauna og verðlags, sem ég hef nú þegar getið um og kommúnistar stofnuðu til í ákveðnu augnamiði. Fyrir síðustu kosningar lýstu þeir því yfir feimnislaust, að ef þeir yrðu ekki teknir í ríkisstj. eftir kosningar, mundu þeir hefja hvert verkfallið á fætur öðru með sívaxandi kaupkröfum, til þess að hverri ríkisstj. væri ógerlegt að starfa, sem ekki vildi hafa þá í samvinnu við sig.

Það dylst engum heilvita manni, að þjóðin er í mikilli hættu stödd, ef ekkert er gert til þess að stöðva dýrtíðarskrúfuna, og það má þá segja, að komi vel á vondan, að þeir stöðvi hana, sem aðallega hafa komið henni af stað. En hverjum sem þessi þróun er að kenna, þá varðar þó mestu, að þetta þjóðarmein verði læknað á réttan og skynsamlegan hátt.

Andstæðingar sjálfstæðismanna reyna að telja

þjóðinni trú um, að þeir séu á móti öllum ráðstöfunum til þess að stöðva dýrtíðina og þess vegna séu þeir á móti einnig þessum ráðstöfunum núv. stjórnar, sem þetta frv. fjallar um. Þetta er mjög fjarri sanni. Við sjálfstæðismenn styðjum allar ráðstafanir, sem við teljum þjóðinni hollar og nauðsynlegar. Það sér hver heilvita maður, að fyrsta skrefið til þess að sigrast á dýrtíðinni er að stöðva framgang hennar, eða eins og Hóraz segir á einum stað, að fyrsta skrefið til vizku sé að losna við heimsku. Nú, það má segja, að þetta hafi stjórnin nú gert fram til áramóta, og það er ekki nema gott um það að segja, ef hér verður ekki tjaldað aðeins til einnar nætur. En stjórnin á vonandi eftir að sýna, að henni takist giftusamlega með framhaldið.

Sjálfstæðismenn hafa undanfarin ár í ræðu og riti varað þjóðina mjög sterklega við þeim hættulegu afleiðingum, sem væru af aðgerðum kommúnista til þess að kynda bál verðbólgunnar. Þessu hefur verið svarað með hrópum og svívirðingum. Þó að við séum samþykkir þessum aðgerðum, sem hér eru nú lagðar fram, þá teljum við enga ástæðu til að bera munninn fullan af lofi um núv. hæstv. ráðherra og líta á þá sem bjargvætti föðurlandsins fyrir að stöðva þá hættulegu þróun, sem þeir eiga sjálfir mesta sök á, margir þeirra.

Ef fjárhagskerfið er helsjúkt, eins og þeir vilja nú vera láta, þá hafa þar engir meira um fjallað en kommúnistar — og framsóknarmenn, sem ráðið hafa stefnu fjármálanna í s. l. sjö ár. Það má segja, að skylt sé skeggið hökunni. En þótt kaupgjald og verðlag hafi átt aðalþátt í hækkun dýrtíðarinnar og verðþensluskrúfunnar, þá mega menn ekki loka augunum fyrir því, að verðbólgan verður ekki læknuð eingöngu með verðstöðvun eða kaupbindingu um stuttan tíma. Framkvæmdirnar í landinu geta líka sett allt á annan endann, truflað framleiðsluna og sett efnahagskerfið úr skorðum. Í allri þeirri löngu baráttu, sem hér á landi hefur verið háð við verðbólguna í s. l. 15 ár, hefur jafnan verið litið á fjárfestinguna sem tiltölulega saklausan þátt í dýrtíðardansinum, og svo er enn.

Rafvæðing landsins og húsabyggingar eru nauðsynlegar framkvæmdir og pólitískt vinsælar. En þrátt fyrir það verðum við að gera okkur grein fyrir því, að rafvæðing alls landsins á fáum árum með innlendu fé að mestu leyti, meðan allar hendur í landinu hafa jafnframt nóg að starfa, hlýtur að auka þrýstinginn í efnahagskerfi þjóðarinnar.

Opinber framlög í tugum milljóna til jafnnauðsynlegra framkvæmda og íbúðabygginga, þegar byggingarframkvæmdir taka öllu öðru fram, sem áður hefur þekkzt, hljóta einnig að reyna á þolrifin í efnahagskerfinu. En ég ætla ekki að fara frekar út í þá sálma að þessu sinni, en minnist á þetta til þess að benda á, að lækningu dýrtíðarinnar er ekki hægt að framkvæma eingöngu með kaupbindingu og verðstöðvun. Ein afleiðing hinnar miklu þenslu í vinnumarkaðinum núna er t. d. sú, að þrátt fyrir alla kaupfestingu verður fjöldi manns að sætta sig við það að fá iðnaðarvinnu af hendi leysta í helgidaga- og eftirvinnu fyrir tvöfalt verð, af þeirri einföldu ástæðu, að enginn maður er fáanlegur til þess að framkvæma þessa vinnu nema á þennan hátt. Þarna kemur kaupfestingin að litlu liði.

Um frv. sjálft er í sjálfu sér ekki mikið að segja. Það atriði frv., sem mætti segja að væri vafasamast, er verðbindingin og þá einkanlega og sér í lagi sú hlið hennar, sem lýtur að verðlagningu erlendra vara. Ég hef ekki orðið var við annað en að allir í verzlunarstétt tækju þessu yfirleitt vel, ef þetta ákvæði í lögunum er ekki fært út í öfgar. En ég kalla að færa það út í öfgar, þegar neitað er að breyta verði á innfluttum vörum, sem eingöngu er til komið vegna þess, að tollar voru hækkaðir hér á síðasta þingi. Þetta er að fara út í öfgar með þetta mál, og það gerir aðeins illt verra. Ef þessu er beitt of þjösnalega, hlýtur það að enda með því, að menn kaupi ekki vörurnar. Menn kaupa ekki vöruna, þegar þeir sjá í hendi sér, að þeir verða að gefa með henni, um leið og þeir láta hana af hendi. Ég vil aðeins beina þessu til þeirra manna, sem framkvæmd hafa á hendi. Að vísu er það ekkert smáræðis bákn, sem hver breyting þarf að ganga í gegnum. Hver breyting þarf fyrst að ganga til verðlagsstjóra, svo þarf hún að fara til innflutningsnefndarinnar og þar næst til ríkisstj. M. ö. o., ríkisstj. þarf að taka ákvörðun um hverja einustu verðbreytingu, sem til greina kemur skv. 4. gr. laganna.

Þetta nær ekki nokkurri átt. Þetta er skriffinnska á hæsta stigi. Það er hægt að hafa í fullu tré um þetta mál, án þess að þörf sé á að gera ríkisstj. að innflutningsnefnd í þessu landi. Ég vil sem sagt beina því til þeirra, sem hafa framkvæmd á þessu, að eyðileggja ekki þann velvilja, sem komið hefur fram hjá þeim stéttum, sem þetta mæðir mest á, með því að beita þær mjög ósanngjörnum tökum í þessu máli.

Eitt gleðilegasta táknið í sambandi við frv. þetta er þó það, að hæstv. félmrh., sem ber fram þetta frv. um kaupbindingu og verðstöðvun, hefur sýnilega snúið baki við fortíð sinni. Á tímabilinu 1951—55 gerðust þau undur, eins og ég gat um áðan, að verðlaginu var nokkurn veginn haldið föstu, þrátt fyrir það þótt núv. hæstv. verðlagsmálaráðherra gerði allt, sem í hans valdi stóð, til þess að koma verðlaginu úr jafnvægi. Það tókst að halda verðlaginu í jafnvægi, þrátt fyrir það þó að hæstv. ráðh. reyndi með víðtækum verkföllum að hækka verðlagið í landinu með hækkuðu kaupgjaldi. Hinar örvæntingarfullu tilraunir hans til þess að raska verðlaginu og raska þar með efnahagskerfinu báru ekki árangur fyrr en eftir verkfallið 1955. En frá 1. sept. 1955 til 1. sept. 1956 er talið, að kaupgjald hafi hækkað um 24%. Verðlagið í landinu hefur að sjálfsögðu hækkað að sama skapi. Hæstv. ráðh. hafði nú tekizt svo vel með aðstöðu sinni í Alþýðusambandinu og með aðstoð þess að sundra efnahagskerfinu með kauphækkunum, sem leiddu af sér allsherjar verðhækkun, að efnahags- og fjármálakerfi landsins var að dómi núv. hæstv. forsrh. orðið helsjúkt í lok september þessa árs. Þetta var vafalaust góður árangur að hans dómi, áður en honum kom til hugar, að hann þyrfti nokkru sinni að hefja skelegga baráttu gegn

sínum fyrri aðgerðum. Afturhvarf frá fyrri syndum gerist oft skyndilega. Sumir heyra raddir og aðrir sjá sýnir. Mér þykir líklegast, að hæstv. ráðh. hafi heyrt rödd, sem kallaði hann til sætis meðal hinna útvöldu, sem höfðu fengið köllun til þess að bjarga fósturlandinu. En nú sá hann líka, að syndir hans gegn efnahagskerfi þjóðar sinnar undanfarin 5 ár risu eins og refsivöndur yfir höfði hans. Um þá staðreynd verður nú ekki lengur villzt, að hæstv. ráðh. hefur horfið frá sinni fyrri villu og nú leggur hann þetta frv. um kaupbindingu og verðstöðvun sem minnisvarða á leiði fortíðar sinnar.

Það er sagt, að englarnir gleðjist meira yfir einum syndugum, sem bætir ráð sitt, en yfir 99 heilögum. Víst er um það, að batnandi manni er bezt að lifa, og það er vert að gleðjast yfir því, að hæstv. ráðh. er farinn að sjá, að skefjalaus kauphækkun getur gert efnahagslífið helsjúkt. En úr því að hann hefur nú reist svona virðulegan minnisvarða yfir fortíð sína, sem við getum vafalaust verið sammála um að sé bezt geymd undir grænni torfu, þá á hann líka skilið, að við fögnum afturhvarfi hans með því að láta frv. fylgja þau eftirmæli, sem hann hefur sjálfur samið og bera glöggt vitni um, að þrátt fyrir mikla forherðingu sálarinnar geta menn samt vikið frá villu síns vegar og viðurkennt yfirsjónir sínar eins og heiðarlegum mönnum ber.

Ég vildi biðja hv. þingmenn að gefa gaum þeim gífurlega mun á þeim vel meintu aðgerðum hæstv. ráðh. með frv. þessu til þess að þjóna landi sínu og þeim hrokafullu ögrunarorðum, sem fram gengu af munni þessa manns, áður en hann meðtók sáluhjálpina. Nú ætla ég að lofa ykkur að heyra þessi orð hans. Hann komst svo að orði, hæstv. félmrh. (HV), 19. júní 1956 í útvarpsumræðunum:

„Alþýðusambandið aðvarar af fyllstu alvöru. Kjósið umfram allt ekki yfir ykkur gengislækkun og kaupbindingu. Kjósið ekki yfir ykkur kauplækkun og lífskjaraskerðingu. Það er bjargföst skoðun núverandi stjórnar Alþýðusambands Íslands, að nú ríði verkalýðshreyfingunni lífið á að eignast svo sterkan þingflokk á Alþingi, skuldbundinn af stefnuskrá Alþýðusambandsins, að gengislækkun, lögbindingu kaups og vísitöluskerðingu eða nýju skattaflóði verði ekki með neinu móti komið fram á Alþingi.“

Hann heldur áfram:

„Við teljum það glapræði, að nokkur meðlimur í verkalýðshreyfingunni kjósi frambjóðanda nokkurs þess flokks, sem ekki megi fulltreysta til andstöðu við þessi óþurftarmál verkalýðsins.“

Ég ásaka ekki hæstv. ráðherra fyrir að hafa skipt um skoðun, því að nú virðist hann hafa öðlazt þá innri sannfæringu fyrir villu síns vegar, sem ýmsir hér í þingsölunum hafa reynt að koma honum í skilning um á undanförnum árum.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Bráðabirgðalög þau, sem sett voru fyrir tveimur mánuðum og hér hafa verið lögð fram til staðfestingar, hefur að vonum borið mjög á góma undanfarnar vikur í opinberum umr. um stjórnmál. Í málgögnum hæstv. ríkisstj. hefur því yfirleitt verið haldið fram, að í fyrsta lagi sé aðalatriði þessara laga verðfestingin, bannið við öllum verðhækkunum, en kaupbindingin sé þar aukaatriði. Í öðru lagi hefur því verið haldið fram, að lög þessi og framkvæmd þeirra muni ekki hafa í för með sér neina eða a. m. k. ekki neina teljandi kjaraskerðingu fyrir launastéttirnar í landinu. Í þriðja lagi hefur því verið haldið fram, að þetta hafi verið gert í fullu samráði við launþegasamtökin.

Ég mun nú leyfa mér að gera nokkrar athugasemdir við hvert þessara atriða fyrir sig.

Hvað fyrsta atriðið snertir get ég ekki látið hjá líða að benda á það, að ég veit ekki betur en að í núgildandi lögum sé full heimild fyrir hendi fyrir hæstv. ríkisstj. til þess að gera hvað sem henni sýnist í verðlagsmálunum. Til slíks átti ekki að þurfa neina lagasetningu. Ég veit ekki betur en að frá því á stríðsárunum eða jafnvel frá því fyrir stríð hafi verið heimild í lögum til þess að setja hámarksverð eða ákveða hámarksálagningu á alla vöru og þjónustu. Þessi lög voru a. m. k. í gildi, þegar lagasafnið, sem nær til ársloka 1954, var gefið út. Það má vera, að á tveimur síðustu þingum hafi þessu verið breytt, en ekki hef ég þó orðið var við það. Því verður að líta svo á, að verðfestingarákvæði frv. séu algerlega óþörf, því að til þess var full heimild í lögum fyrir. Það, sem setja þurfti hins vegar löggjöf um, var kaupbindingin, og þess vegna ber að líta á þetta frv. eingöngu sem kaupbindingarfrv.

Það er nú mál út af fyrir sig, hverjum árangri sé hægt að ná í baráttunni við dýrtíðina með því að setja ákvæði um kaupbindingu. Að því mun ég víkja nokkrum orðum síðar. Hitt er svo annað mál, að það virðist satt að segja koma úr hörðustu átt, þegar þeir flokkar, sem að núv. ríkisstj. standa, eða a. m. k. þeir tveir þeirra, sem verið hafa í stjórnarandstöðu undanfarið, standa að slíkum lögum. Ég man, að eftir verkfallið mikla 1955, þegar knúðar voru fram 16—20% almennar kauphækkanir, var því haldið fram sumarið og haustið 1955, bæði af hálfu Alþýðusambandsstjórnarinnar og í Þjóðviljanum, að þær kauphækkanir, sem orðið hefðu þá, 16—20%, gætu í mesta lagi réttlætt 2—3% verðhækkanir. Allar verðhækkanir, sem væru fram yfir það, væru ofsókn á hendur verkalýðnum. Það skýtur því æði skökku við, þegar kaupgjaldið á allt í einu að vera orðið svo þýðingarmikill þáttur í verðlaginu, að nauðsynlegt er beinlínis að setja lög til þess að koma í veg fyrir, að kaupgjaldið hækki um 3%.

Þá mun ég víkja að öðru atriðinu, nefnilega þeirri staðhæfingu, að kaupbindingin hafi ekki haft í för með sér neina kjaraskerðingu fyrir launafólk í landinu.

Hv. 2. landsk. ræddi þetta mál nokkuð, þegar fjárlögin voru lögð fyrir, og kom með nokkrar tölur því máli til stuðnings, að kauphækkunin um mánaðamótin ágúst og september hefði orðið gagnslaus að því leyti, að hún hefði öll étizt upp með verðhækkunum, sem af henni hefði leitt. Ég vefengi ekki, að þær tölur, sem hann nefndi máli sínu til stuðnings, séu út af fyrir sig réttar,

þannig að vísitalan hefði hækkað í sept. nokkurn veginn sem kauphækkuninni nam. En farið var fram hjá tveim atriðum í sambandi við þetta, sem hljóta þó að skipta þar verulegu máli, og í því sambandi vil ég minna á þá afstöðu, sem tekin var til till., sem fram komu á s. l. vori um það að lækka verðlagið með niðurgreiðslum. Nú er þessi sama leið farin, eins og kunnugt er. Hækkun landbúnaðarafurðanna er haldið í skefjum með auknum niðurgreiðslum úr ríkissjóði, en sömu niðurgreiðslurnar sem nú eru taldar snjallræði voru í vor ekkert annað en fölsun á vísitölu framfærslukostnaðar. Það kemur einkennilega fyrir sjónir, að nákvæmlega sömu niðurgreiðslur og þá var farið fram á skuli nú vera einhlítar. Það er gefið mál, að ef vísitalan er fölsuð og það hefði verið fölsun á vísitölunni að forða hækkun hennar með niðurgreiðslum á s. l. vori, þá ætti alveg sama að gilda nú.

Annað atriði má nefna í þessu sambandi, að það verður ekki fram hjá því komizt að líta á það, að einhvers staðar verður það fé að koma frá, sem varið er til niðurgreiðslnanna. Það hefur nefnilega gleymzt að taka það með í þennan reikning, að launþegarnir hljóta að meira eða minna leyti að verða að standa sjálfir straum af niðurgreiðslunum, því að fjár til þeirra verður ekki aflað á annan hátt en með auknum sköttum eða tollum eða einhverju öðru, sem byrðar leggur á launafólk.

Þá kem ég að þriðja atriðinu, sem ég ætlaði að gera hér að umræðuefni, en það er sú staðhæfing, að um setningu þessara laga hafi verið haft fullt samráð við launastéttirnar í landinu. Það mun að vísu rétt, að stjórnum nokkurra verkalýðsfélaga hér í Rvík var hóað saman á fund um það leyti, sem lögin voru sett, og meiri hluti þessa fundar samþykkti stuðning sinn við þessa löggjöf. En ef stjórnir einhverra tiltekinna verkalýðsfélaga, sem andstæðingar kommúnista ráða — við gætum tekið sem dæmi bílstjórafélögin Þrótt og Hreyfil — semdu um það einn góðan veðurdag við atvinnurekendur að gera svo og svo mikla tilslökun á umsömdum töxtum, þá er ég hræddur um, að hljóð kæmi úr horni og talið væri, að stjórnirnar hefðu ekki heimild til slíks og hefðu fyrirgert öllu trausti sinna umbjóðenda. Hingað til hefur verið litið þannig á, að aðeins almennir félagsfundir í verkalýðsfélögunum eða þá almennar atkvgr., sem stofnað væri til, gætu tekið ákvarðanir um breytingu á samningum. Ekkert slíkt hefur verið gert nú.

Fyrir utan þetta má nefna það, að til eru fjölmenn launþegasamtök fyrir utan Alþýðusambandið. Má þar nefna t. d. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Samband bankastarfsmanna, Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, Farmanna- og fiskimannasambandið o. s. frv. Ekki munu lög þessi hafa verið borin undir neitt þessara sambanda. Það má vera, að það sé út frá því sjónarmiði, að þeir launþegar, sem í þessum samböndum eru, falli ekki undir það dularfulla hugtak, sem nefnt hefur verið vinnustéttir. En staðreynd er það, að þessi launþegasamtök hafa þó 6—7 þús. manns innan sinna vébanda, og vitanlega hlaut kaupbindingin að snerta meðlimi þessara samtaka eins og aðra launþega.

Það virðist því mjög villandi, þegar því er haldið fram, að þetta hafi verið gert í fullu samráði við launþegasamtökin. Hæstv. félmrh. (HV), sem hér talaði áðan, gaf að vísu þá skýringu á þessu, að það hefði ekki verið hægt að bera lögin undir almenna fundi í verkalýðsfélögunum, því að það hefði orðið til þess, að milliliðirnir hefðu þá notað tækifærið til þess að hækka verð á öllu mögulegu, meðan á slíkum fundarhöldum hefði staðið. Þetta er að mínu áliti fullkomlega villandi, og má þar í fyrsta lagi benda á það, sem ég nefndi áðan, að hæstv. ríkisstj. hafði heimild til þess samkv. gildandi lögum að framkvæma þessa verðfestingu. Þar þurfti ekki neina lagasetningu til. En þar að auki átti að miða við verðlagið frá 15. ágúst, þannig að verðhækkanir, sem gerðar kynnu að hafa verið, meðan málið var til meðferðar, hefðu verið ólöglegar.

Þá ætla ég að lokum að víkja með örfáum orðum að efnishlið þessa máls, hvort líklegt sé, að kaupbindingin nái tilgangi sínum sem ráðstöfun til þess að halda verðlaginu í skefjum. Að mínu áliti ber vissulega að svara því játandi, svo langt sem áhrif kaupbindingarinnar ná, að þau verka í áttina til stöðvunar á verðlaginu. Þegar kaupgeta fólksins rýrnar eða tekjur þess minnka, þá leiðir auðvitað af því, að það hefur minna milli handa til þess að kaupa fyrir, og verður þá ekki eins auðvelt að hækka verð á vörum og þjónustu. Þetta er óneitanleg staðreynd. En æði kynlega kemur það þó fyrir sjónir, að sumir þeirra aðila, sem standa að hæstv. ríkisstj., skuli allt í einu vera komnir inn á þann hugsunarhátt, sem þessu liggur að baki. Þó að það sé að mínu áliti firra að halda því fram, að kaupbindingin hafi ekki haft í för með sér neina kjaraskerðingu fyrir launþegana, þá er mér hitt ljóst, að það er engan veginn þannig, að 3—5% almenn launalækkun hafi í för með sér samsvarandi kjaraskerðingu fyrir launafólk, en þetta stendur í sambandi við það, að byrðar, sem lagðar eru á ákveðna stétt í þjóðfélaginu, hvort sem það eru launamenn eða aðrir, hljóta að veltast að meira eða minna leyti yfir á aðrar stéttir, af því að við lifum nú einu sinni í samvirku þjóðfélagi, þannig að ekki er rétt að líta á efnahagsmálin frá þeim sjónarhól, að hér sé um að ræða eins konar fjárhættuspil, þar sem það, sem einn aðilinn græðir, hljóti alltaf að vera á kostnað annars, heldur er það þannig, að kjör og afkoma einnar stéttar í þjóðfélaginu hlýtur óhjákvæmilega að hafa í för með sér áhrif á kjör og afkomu annarra aðila í þjóðfélaginu. Minni kaupgeta hjá launafólki bitnar á atvinnurekendum, alveg á sama hátt og t. d. auknar skattaálögur á atvinnurekstrinum bitna einnig á þeim, sem í þágu atvinnurekstrarins starfa. Þannig er það tvímælalaust, að þessi ráðstöfun, svo langt sem hún nær, hefur áhrif í þá átt að halda dýrtíðinni í skefjum, og það er einmitt í þessu, sem það liggur fyrst og fremst, að gera má ráð fyrir því, að verðfestingin verði raunhæf. Það út af fyrir sig að setja almennt bann við öllum verðhækkunum er að mínu áliti fullkomlega gagnslaust, því að engin tök eru á því að hafa eftirlit með því, að slíku sé framfylgt. Það er að vísu kannske hægt að hafa eftirlit með því, að

ein og ein vörutegund verði ekki hækkuð í verði, en þegar verðhækkunarbannið er orðið almennt, er óhugsandi að hafa eftirlit með því. Annað mál er það, að þegar kaupgjaldið er stöðvað á þann hátt, sem hér hefur verið gert, þá er það ekki vænlegt til aukins hagnaðar fyrir seljendur vöru og þjónustu að hækka verðið, því að skilyrði fyrir því, að hægt sé að græða á því að selja vöru og þjónustu, hlýtur þó ávallt að vera það, að einhver geti keypt þessa vöru og þjónustu.

Um réttmæti þessara ráðstafana að öðru leyti skal ég ekki ræða, enda ógerlegt að mínu áliti að svo komnu máli. Slíkt verður fyrst gert, þegar það liggur ljósar fyrir en nú, hvað það er í rauninni, sem fyrir hæstv. ríkisstjórn vakir í efnahagsmálunum. Kaupbinding getur að vísu verið spor í þá átt að stöðva verðlagið. Það má um það deila, hvort það sé réttlátasta aðgerðin, og einhlít er hún undir öllum kringumstæðum ekki. Hins vegar má vera og er kannske ekki óeðlilegt, að hæstv. ríkisstj. segi sem svo: Þessa ráðstöfun var hægt að framkvæma strax, en aðrar ráðstafanir til stöðvunar dýrtíðinni þurfa sinn undirbúning og ekki hægt að framkvæma þær fyrr en síðar. — Slíkt væri fullkomlega skiljanlegt. Gagnsemi og nauðsyn þessara ráðstafana verður fyrst dæmt um, þegar það liggur ljósar fyrir, hvað það er, sem vakir fyrir hæstv. ríkisstj. á sviði efnahagsmálanna, en eins og nú standa sakir, virðist þetta æði óljóst. Ég leyfi mér aðeins að nefna það sem dæmi, að í fjárlagaræðu sinni talaði hæstv. fjmrh. um nauðsyn þess að vekja aukið traust á verðgildi peninganna, hvetja menn til að spara. Hann talaði um vísitölutryggingu sparifjár o. s. frv. Ég er honum fullkomlega sammála um það, að ef hægt væri að vekja aukið traust sparifjáreigenda og bæta þeirra hag, þá væri með því stigið þýðingarmikið spor í þá átt að stöðva verðbólguþróunina. Aðrir hæstv. þm. úr liði stjórnarinnar hafa hins vegar talað um nauðsyn þess að láta gróðamennina skila aftur því, sem þeir hefðu ranglega tekið eða hvernig það nú var orðað, og er erfitt að skilja þau ummæli á annan hátt en þann, að til orða hafi komið að framkvæma víðtæka eignaupptöku eða leggja á eignarskatt. Með slíkri ráðstöfun er hugsanlegt að ná vissum markmiðum, en æði mikið mundi slík ráðstöfun þó koma í bág við þær ráðstafanir, sem hæstv. fjmrh. taldi nauðsynlegar. Því virðist sem sjónarmiðin innan hæstv. ríkisstj. séu enn þá töluvert mismunandi, þannig að erfitt er að svo stöddu að átta sig á því, hvað fyrir henni kann að vaka í þessum málum, en vonandi skýrist það fyrr en síðar.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður lauk máli sínu á því að segja, að sjónarmið innan ríkisstj. varðandi þetta mál virtust vera æði mismunandi. Ekkert hefur þó komið fram, sem benti í þá átt. Ríkisstj. stendur algerlega einhuga að baki þessa frv. Hún er einhuga um það, að þessi ráðstöfun hafi verið nauðsynleg og skynsamleg. Til þess liggja mörg rök. Að nokkrum þeirra skal ég víkja á eftir. — En hér hafa talað þrír hv. þm. Sjálfstfl. um þetta mál, og ég fæ ekki betur séð en að hjá þeim hafi komið fram þrjár skoðanir á málinu.

Hv. 1. þm. Reykv. lýsti eindregnu fylgi sínu við frv., kvað meira að segja svo rammt að orði, að hann sagði, að hér væri í raun og veru um að ræða framkvæmd á stefnu Sjálfstfl., og þá er ekki undarlegt, þó að hann lýsi yfir fylgi við frv. með sterkum orðum. Hann sem sagt lýsti yfir fylgi við frv., taldi það spor í rétta átt.

Svo kom annar ræðumaður Sjálfstfl., hv. 2. þm. Reykv. Hann taldi frv. gott öðrum þræði, kaupbindingin í því, sem hann kallaði svo, væri ágæt, en verðfestingin væri hábölvuð. Hann sagði já í öðru orðinu, en nei í hinu.

Loks kom þriðji ræðumaður Sjálfstfl., hv. 9. landsk. þm., og ég gat ekki betur skilið hans orð en þannig, að hann væri alveg á móti frv., bæði verðfestingunni og kaupbindingunni.

Þannig komust fulltrúar Sjálfstfl. alveg í hring í þessum þremur ræðum: einn alveg með, einn bæði með og á móti og sá þriðji alveg á móti.

Nú er það að vísu svo, að það er algerlega rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., að þessi ráðstöfun var bráðnauðsynleg og skynsamleg, raunar sjálfsögð, eins og á stóð. Hitt er svo annað mál, að það er ekki verið að viðurkenna í verki kenningar sjálfstæðismanna, eins og hann vildi gefa í skyn. Það er ekki stefna Sjálfstfl., sem fram kemur í frv., svo sem líka kom fram í því, að hv. næsti ræðumaður tók aftur helminginn af þessu og þriðji ræðumaðurinn allt.

Það hefur hingað til ekki verið stefna sjálfstæðismanna, að það eigi að hafa allsherjar eftirlit með verðlagi í landinu, að það eigi að vera í gildi lagaákvæði, þó að til bráðabirgða sé, sem banni bókstaflega allar verðhækkanir, eins og hér var lögtekið fyrir fjóra mánuði. Það hefur ekki verið stefna sjálfstæðismanna, að slíkt væri í lögum. Þeir hafa verið andstæðir verðlagseftirliti í grundvallaratriðum, ekki haft trú á því, og þá auðvitað ættu þeir að hafa minnsta trú á því að hafa verðlagseftirlitið jafnalgert og það er haft í þessum lögum, þó að til bráðabirgða sé. A. m. k. er þessi þáttur brbl. því sannarlega ekki stefna Sjálfstfl., sem og kom fram í því, að báðir hinir fulltrúar hans lýstu fullkominni andstöðu sinni við þennan þátt brbl.

Mergurinn málsins hér er auðvitað sá, og það, sem er nýmæli við þessa lagasetningu, er, að hér er í fyrsta skipti gerð tilraun til þess að stöðva verðlagið og láta kaupfestingu sigla í kjölfar verðlagsstöðvunar. Þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið áður, og tillögur sjálfstæðismanna á s. l. vori miðuðu fyrst og fremst að því að stöðva vísitöluna, gera ráðstafanir til þess að halda vísitölunni niðri og láta bindingu kaupgjaldsins sigla í kjölfar þess. Það, sem skilur þessar ráðstafanir og till. fyrrv. hæstv. viðskmrh., var einmitt þetta, að með þessum ráðstöfunum er snúizt gegn verðlaginu sjálfu, en í till. fyrrv. viðskmrh. var snúizt gegn vísitölunni. Það, sem vera átti afleiðing hvors tveggja, var auðvitað, að kaupgjald skyldi haldast óbreytt, en alþýðustéttirnar, launþegasamtökin hafa skilið, eins og líka við var að búast, í hverju munurinn er fólginn, að hér er eðlismunur á. Vísitalan er ekki, eins og allir vita, svo nákvæmur mælikvarði á verðlag, að við það sé unandi, að einvörðungu sé látið við það sitja að halda henni í skefjum.

Efnislega er það auðvitað kjarni málsins í þessum umræðum, hver hafi verið raunveruleg orsök þeirrar verðbólgu, sem við erum sammála um, núverandi stjórnarflokkar og hv. stjórnarandstaða, að sé mikið þjóðfélagsmein. Mergur málsins er það, hver orsök hafi verið til þeirrar verðbólgu, sem þjakað hefur íslenzkt efnahagslíf s. l. 15 ár.

Það var skýrt tekið fram af hálfu allra ræðumanna stjórnarandstöðunnar, sem hér töluðu, að verðbólgan væri mein, sem vinna þyrfti bug á. Um það efni er því enginn ágreiningur milli ríkisstj. og stjórnarandstöðunnar. En um hitt virðist vera ágreiningur, hver sé orsök verðbólgunnar, og þá er ekki nema eðlilegt, að það verði líka ágreiningur um það, til hvaða ráða skuli grípa gegn henni.

Það hefur verið einn meginboðskapur sjálfstæðismanna undanfarin ár, ég vil segja undanfarin 15 ár, síðan verðbólgan varð að alvarlegu vandamáli, að kaupgjaldshækkanir hafi verið meginorsök þeirrar verðbólgu, sem við hafi verið að stríða.

Hv. 9. landsk. þm. hefur verið einn helzti forsvarsmaður þeirrar kenningar á opinberum vettvangi, að verðbólguna megi, að verulegu leyti a. m. k., ef ekki fyrst og fremst, rekja til kaupgjaldsbreytinga, a. m. k. þegar hann hefur skrifað í Morgunblaðið. Ég er á annarri skoðun í þessu máli. Ég er á þeirri skoðun í þessu máli, að meginorsök verðbólgunnar, ef við tökum 15 ára tímabilið í heild, hafi verið lánsfjárþensla bankanna og greiðsluhalli hjá ríkissjóði á mjög mörgum árum, þó að það eigi ekki við s. l. fimm ár. Enn fremur hafa áhrif frá Keflavíkurflugvelli, tekjur þaðan, haft sitt að segja varðandi vöxt verðbólgunnar.

Það kerfi, sem hér hefur ríkt varðandi launagreiðslur, að kaup hefur verið bundið verðlagsvísitölu, hefur svo haft þau áhrif, á sumum tímum sérstaklega, að verðbólguskrúfan hefur orðið hraðari en ella. En þetta kerfi og ekki heldur grunnkaupshækkanir á kaupgjaldi hafa verið frumorsök að verðbólgunni, heldur hefur frumorsökin verið lánsfjárþensla bankanna og greiðsluhalli hjá ríkissjóði.

Þess vegna kom mér það mjög undarlega fyrir sjónir, að hér skuli tala þrír málsvarar Sjálfstfl., allir vel að sér í þessum fræðum, vera að ræða vandamál verðbólgunnar, og enginn þeirra skuli nefna bankana í þessu sambandi, eins og útlánastarfsemi bankanna hafi engin áhrif haft og geti engin áhrif haft á það, hvort hér sé verðbólga eða verðbólga ekki. Sérstaklega kom mér það á óvart að heyra hv. 9. landsk. þm., sem er sérfróður í þessum efnum, halda allt að því 20 mín. ræðu um þessi mál og nefna ekki bankana og þeirra lánsfjárpólitík í þessu sambandi. En að því er hina tvo málsvara stjórnarandstöðunnar snertir, er það skiljanlegra, þeir eru fyrst og fremst stjórnmálamenn og vita, hvað hér er í raun og veru á snærinu. Annar er meira að segja, að því er ég bezt veit, bankaráðsmaður í öðrum stærsta banka landsins.

Það er mjög auðvelt að færa að því töluleg rök, að starfsemi bankanna undanfarin ár hlýtur að hafa haft mikil áhrif á verðlagsþróunina í landinu. Ég tók upp í skyndi tölur um lánaaukningu seðladeildar Landsbankans s. l. fimm ár. 1951 var lánaaukningin 117 milljónir, 1952 114 milljónir, 1953 34 milljónir, — 1954 var 31 millj. kr. samdráttur, — en 1955 175 milljónir. Þetta eru allt saman tölur um lánaaukningu seðladeildarinnar.

Allir, sem skynbragð bera á þessi mál og þekkja þær peningastofnanir aðrar, sem hér er um að ræða varðandi heildarútlánin og þjóðartekjurnar, hljóta að sjá, að slík útlánaaukning getur ekki annað en haft veruleg áhrif á fjármálakerfið í heild.

Sannleikurinn er og sá, að þær breytingar, sem hér hafa orðið á kaupgjaldi, bæði vegna vísitölukerfisins og vegna grunnkaupshækkana, hafa yfirleitt siglt í kjölfar þessarar verðbólguþróunar og eins og ég sagði áðan kannske gert hana hraðari en hún hefði ella orðið, en ekki verið frumorsökin að henni.

Í þessu sambandi má t. d. minna á verkfallið 1955, sem nokkuð hefur blandazt inn í þessar umr. Ég skil ekki í því, að nokkur treysti sér til þess að mæla gegn því, að kaupgjald á hinum frjálsa vinnumarkaði var raunverulega hækkað langt upp fyrir gildandi kauptaxta löngu áður en til verkfallsins kom. Það var um að ræða eftirspurn eftir vinnuafli við miklu hærra kaupgjaldi en svaraði til hinum opinbera taxta. Og það var þessi þrýstingur eftirspurnarinnar frá atvinnurekendum á vinnuaflið, sem braut stíflurnar og knúði fram uppsagnir af hálfu verkalýðsfélaganna. Það, sem gerðist, var það, að verðbólgan skapaði mikla eftirspurn eftir vinnuafli í þjóðfélaginu og skapaði atvinnurekendunum gróðamöguleika með því að hagnýta vinnuafl, þó að verðið væri meira en nam hinum opinberu töxtum. Undir þessum kringumstæðum hefði verið óeðlilegt, að þetta ástand leiddi ekki til þess, sem það leiddi, hefði verið nær óskiljanlegt, ef þróunin hefði ekki orðið þessi. Hér hjálpaði svo auðvitað þrýstingurinn frá Keflavíkurflugvelli allmikið til. Það, sem var mergur málsins og hafði verið langa lengi, var það, að atvinnurekendur græddu, græddu á hverri krónu, sem þeir keyptu vinnuafl fyrir. Þetta var augljóst, því að þetta var engum leyndarmál, allra sízt þeim, sem seldu vinnuaflið. Afleiðingin varð sú, eins og verða vill á frjálsum markaði, að verð á vinnuaflinu þrýstist upp á við. Hér hlaut það að gerast samkv. þeim þjóðfélagsháttum, sem við búum við, á þann veg, að til almennra uppsagna á kaup- og kjarasamningum kæmi og svo til verkfalls, fyrst ekki samdist.

Ef rætt er um þetta verkfall, sem er það síðasta, þá er í raun og veru mjög undarlegt, að það og afleiðingar þess skuli vera jafnframandi fyrir helztu formælendum frjálsrar samkeppni og raun ber vitni um. Það, sem hér gerðist á vinnumarkaðinum í sambandi við síðasta verkfall, var ekkert annað en það, að hin alkunnu og mjög einföldu lögmál hins frjálsa markaðar nutu sín og fengu að njóta sín, jafnvel þó að það yrði að verða með verkfallshætti. Eftirspurnin eftir vinnuafli var miklu meiri en hægt var að fullnægja við hinum gildandi töxtum, og þá gerðist það, að verðið á vinnunni, þ. e. kaup-

gjaldið, hækkaði. Ýmsir aðrir ættu að undrast þetta en þeir, sem eru alltaf með söng um frjálsa verðmyndun og frjálsa samkeppni á vörunum og telja einmitt þá lausn á sérhverjum efnahagsvanda, sem helzt svarar til jafnvægis milli framboðs og eftirspurnar, vera hina eðlilegustu og réttlátustu. Sannleikurinn er sá, að það kaupgjald, sem um samdist, svaraði alls ekki til jafnvægisverðs milli framboðs og eftirspurnar á vinnumarkaðinum. Kaupgjaldið var lægra, eins og reynslan hefur líka sýnt eftir verkfallið og á sér stað enn í dag. Það á við í fjölmörgum greinum, ég er ekki að segja flestum, en a. m. k. fjölmörgum greinum vinnumarkaðarins, að hinir opinberu taxtar eru enn langt undir frjálsu jafnvægisverði á vinnumarkaðinum. Því tel ég, að sú skýring, sem haldið hefur verið fram og haldið er fram enn af hálfu Sjálfstfl., að vísitölubreyt. vegna grunnkaupshækkana hafi verið frumorsök verðbólguvandans hér hjá okkur, sé ekki rétt. Frumorsakirnar eru aðrar, og þetta hefur auðvitað þýðingu í sambandi við það, hvernig á vandanum verður tekið, þegar að heildarlausninni kemur.

Þá sagði hv. 9. landsk. þm., þegar hann einn fræðimanna Sjálfstfl., að því er mér skildist, andmælti ákvæðum bráðabirgðalaganna um kaupbindinguna, að í öllu falli væri kaupbinding ekki einhlít til þess að stöðva verðbólguþróun, sem er vissulega rétt. En hann sagði jafnframt, að þessi kaupbindingarákvæði bráðabirgðalaganna mundu án efa hafa í för með sér nokkra kjaraskerðingu. Þessi staðhæfing kom mér líka mjög á óvart. Allir hv. þm. kannast áreiðanlega við það, að einmitt þessi hv. þm. hefur lagt á það mikla áherzlu um mörg undanfarin ár, a. m. k. síðasta áratug, að kauphækkun í krónum sé í sjálfu sér engin kjarabót. Ég gæti lesið tugi tilvitnana í skrif eftir þennan hv. þm., þar sem lögð er megináherzla á það, þríundirstrikað, að kauphækkun sé engin kjarabót. Einkum hefur mikið borið á þessum skrifum, þegar kaupdeila hefur verið í aðsigi eða staðið yfir. Nú, þegar hér er gerð ráðstöfun, ekki til þess, eins og hann sagði, að minnka tekjur launamanna, heldur festa tekjurnar, meðan verðlag er fast, þá kemur þessi hv. þm. og segir, að í þessum ráðstöfunum felist kjaraskerðing. Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta að sinni. Ég mundi gera það og geri það, ef miklu meira tilefni gefst til. Hér er um svo snögg hlutverkaskipti að ræða, að mér ægir við, og þá verð ég að segja, að fyrra hlutverkið var mun betur leikið og hæfði miklu betur en þetta.

Hv. 9. landsk. þm. sagði, að ekki hefðu verið höfð samráð við ýmis samtök. Þau mikilvægustu, sem hann nefndi, voru samtök Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. En á því vildi ég gefa þá skýringu, að í þann mund, sem rætt var um setningu bráðabirgðalaganna í ríkisstj., var hv. þm., sem er form. þessara samtaka, ekki á landinu. Varaform. var það ekki heldur, og í ljós kom, að meiri hl. stjórnar bandalags opinberra starfsmanna var erlendis. Það var aðeins minni hlutinn, sem var hér á landinu, og þess vegna var ekki hægt að hafa samband við þessi sannarlega mjög svo mikilvægu launþegasamtök.

Ég vil að síðustu taka undir með hæstv. félmrh., að ég fagna því, að aðalmálsvari Sjálfstfl. við þessar umr., hv. 1. þm. Reykv. (BBen), skuli hafa tekið frv. jafnvel og raun ber vitni. Hann tók því miklu betur en hans aðalmálgagn, Morgunblaðið, gerði á sínum tíma. Með tilliti til þeirra tíðinda, sem boðað hefur verið, að gerast muni í þeim efnum á næstunni, að hann taki við aðalritstjórn þessa mikilvæga málgagns, er ef til vill ekki ósanngjarnt að vænta þess, að málgagnið taki brbl. og öðrum hliðstæðum ráðstöfunum betur hér eftir en hingað til.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er nú ekki ákaflega margt, sem ég þarf að segja í sambandi við þetta frv., þar sem þrír hv. sjálfstæðismenn hafa talað hér, en þeir tveir hæstv. ráðh., sem hafa talað fyrir frv., hafa að mínum dómi gert það mjög linlega.

Ég hafði búizt við því, að þeir mundu láta skína í eitthvað meira í sambandi við umr. um þetta mál en þau bráðabirgðaúrræði, sem í frv. felast.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þann hringsnúning, sem hefur orðið hjá þessum hæstv. ráðh. frá því, að till. sjálfstæðismanna voru fluttar í marzmánuði s. l. Hitt er þó ljóst, að ef till. okkar sjálfstæðismanna hefði verið fylgt, þær hefðu verið framkvæmdar í marzmánuði, á meðan vísitalan var í 173 stigum, hefði verið hægara að eiga við þessi mál heldur en þegar brbl. voru sett og vísitalan var komin upp í 184 stig.

Þegar við sjálfstæðismenn fluttum okkar till., gerðum við það í þeim tilgangi að láta þær ráðstafanir, sem þingið hafði gert með ýmsum álögum vegna atvinnuveganna, verða raunhæfar, og við gerðum ráð fyrir því, að hv. stjórnarandstaða ætti til nokkra skynsemi, hún ætti einnig til nokkra þjóðhollustu og gæti þess vegna fallizt á tillögur okkar. En það kom berlega fram hjá hæstv. félmrh. áðan, að hann hefur allt aðra skoðun á lausn og gangi þjóðmálanna eftir því, hvort hann er í stjórn eða stjórnarandstöðu. Hann sagði, að það væri allt annað að framkvæma þessar tillögur nú en þegar við sjálfstæðismenn fluttum okkar tillögur. Hans skoðun markast þess vegna ekki af málefnum, heldur af hentistefnu, og það er út af fyrir sig upplýsing, sem verður að geyma, það út af fyrir sig er játning, sem ég hafði ekki búizt við að kæmi hér svo greinilega fram í þingsölunum.

Það hefur komið fram í blöðum stjórnarsinna, að við sjálfstæðismenn værum stundum að syngja tvísöng í sambandi við þetta mál. Það hefur stundum verið vitnað í ræðu, sem ég flutti austur á Rangárvöllum í sumar, þar sem ég talaði um það, að bændur landsins þyrftu ekki að vonast eftir góðu frá núverandi ríkisstjórn.

Ég held, að bændur landsins eigi engan málsvara í núverandi ríkisstjórn og að það sé greinilega komið á daginn eftir þriggja mánaða setu þessarar ríkisstj., að hlutur bændanna er fyrir borð borinn. Ég ætla ekki að gera kröfur f. h. bændanna hærri en svo, að þeir njóti jafnréttis við aðra þegna þjóðfélagsins. En ég vil sem fulltrúi bænda á Alþ. ætlast til þess, að núverandi

ríkisstj. gleymi því ekki, að í landinu er bændastétt, sem þarf líka að lifa.

Í sambandi við þetta frv., sem hér er verið að ræða um, er skv. 3. gr. valdið tekið af framleiðsluráði til ákvörðunar á verðlaginu. Það hefur þó aldrei komið fyrir, að framleiðsluráð hafi misnotað þetta vald, þennan rétt, sem það hefur haft til verðákvörðunar. Miklu fremur hefur það komið í ljós, að framleiðsluráð hefur ekki gert ráð fyrir nægilegum kostnaði, til þess að bændur fengju borið úr býtum það verð, sem verðlagsgrundvöllurinn gerir ráð fyrir.

Samkv. því, sem verðlagsnefnd landbúnaðarins reiknaði út og lagði til, bar bændum að fá 8.2% hækkun á verð landbúnaðarvara, eftir að búið var að gefa eftir hin 6 vísitölustig, sem rætt hefur verið um. Miðað við vísitöluna 178 bar bændum að fá 8.2% hækkun.

Ég hef reiknað út, hvernig staðið hefur verið við þetta í sambandi við sláturafurðir. Það er ekki enn hægt að fullyrða um mjólkurverðið, vegna þess að það er ekki tímabært, en grunur minn er sá, að bændur verði hlunnfarnir þar eins og í verðlaginu með sláturafurðirnar.

Ég vil nú lesa hér upp útreikning og töflu í sambandi við verðlag sláturafurða. Þá er miðað við það verð, sem bændum var greitt fyrir sláturafurðir 1955. Ég ætla ekki að fullyrða, að það hafi verið nákvæmlega verðlagsdæmda verðið. Ég hygg, að það hafi verið heldur neðan við það. Eigi að síður ætla ég að miða við það verð, sem var greitt fyrir afurðir 1955, og þá ættu bændur að fá 8.2% hækkun frá því verði.

Ef við tökum nú dilk, sem vegur 13 kg, hefur 13 kg kroppþunga, sem var lengi hér sunnanlands meðalvigt. Meðalvigtin er nú orðin hærri, en ég ætla að miða við dilk, sem hefur 13 kg kroppþunga. Hann er greiddur núna nákvæmlega kr. 289.85, en ætti að vera með 8.2% hækkun frá því í fyrra kr. 298.40. Hér vantar 3.3%, til þess að bændur fái þessa 8.2% hækkun.

Ég ætla að taka nautakjöt, alikálf, I. flokk. Hann er greiddur núna á 16 kr., ætti að vera kr. 17.85 kg. Þá vantar kr. 1.85 eða 11.5%, til þess að bændur fái 8.2% hækkun á nautakjötið, miðað við það, sem greitt var í fyrra.

Ég ætla að taka aðra tegund af nautum, sem er greitt núna 15 kr. kg, ætti að vera kr. 16.23, vantar kr. 1.23 á hvert kíló eða 8.2%, sem sagt, það er engin hækkun á þessa tegund nautakjöts.

Ég ætla að taka kýrkjöt, nr. 1, sem er greitt núna á 13 krónur, en ætti að vera með 8.2% hækkun kr. 14.60. Það vantar kr. 1.60 eða 12.3%.

Ég ætla að nefna ungkálfa, sem eru greiddir á 8 kr., ætti að vera 9.20, vantar kr. 1.20 eða 15%.

Ég ætla að nefna folaldakjöt, sem er greitt 8 kr., ætti að vera kr. 9.74, vantar kr. 1.74 á hvert kg eða 21.7%.

Ég vil nefna tryppakjöt, sem er greitt á kr. 7.25, ætti að vera kr. 8.93, vantar kr. 1.68 eða 23.1%.

Ég ætla að nefna hrossakjöt, nr. 1, sem er greitt á 5 kr., ætti að vera kr. 7.03, vantar kr. 2.03 eða 40%.

Það má segja, að núverandi ríkisstjórn standi vel í ístaðinu fyrir landbúnaðinn.

Nú gæti ég vel trúað, að einhverjir framsóknarmenn segðu, t. d. annaðhvort hæstv. fjmrh. eða hæstv. landbrh.: Við erum nú að hugsa um bændur, og við höfum nú gert það og ætlum að gera það eftirleiðis alveg eins og hingað til, og það er ekki okkur að kenna, þó að þetta sé svona. Það er bara framleiðsluráðið, það hefur ekki staðið í stöðu sinni. — Mér kæmi það ekkert á óvart, þó að þeir ætluðu að reyna að klína því á framleiðsluráðið, að ekki hefur verið betur gert en nú, eftir að hafa þó sett í lög, sem hér er verið að ræða um, að taka réttinn af framleiðsluráðinu.

En ég er alveg sannfærður um það, og ég þekki marga menn í framleiðsluráði, að þeir eru ekki ánægðir með þessar framkvæmdir, og þetta getur ekki verið framkvæmt svona nema vegna þvingunar frá hæstv. ríkisstj. Það er þess vegna ekkert undarlegt, þó að bændur úti um land séu hugsandi um afkomu sína og málefni sín að hafa ríkisstj. í landi, sem gerir sér ekkert far um að kynna sér þeirra aðstöðu, þeirra málefni.

Nú mun kannske einhver segja: Bændastéttin er í minni hluta í landinu, og til þess að tryggja sér valdastólana er hægast að ráðast á hana. Og það er kannske hugsanlegt, að fólkið við sjóinn uni þessari stjórn betur, ef það fengi að vita, að það sé a. m. k. verr farið með aðra. En ég er hræddur um, að það verði ekki til lengdar þannig, að um leið og niðzt er á bændunum, þá geti það komið fram við aðrar stéttir þjóðfélagsins í ýmsum formum. Ég held, að það verði afar erfitt að halda uppi menningarþjóðfélagi, ef bændastéttin flosnar upp, og ég held, að það sé mjög háskalegt að ýta undir fólksflutninga úr sveitunum, sem verið er að gera í mjög auknum mæli með því að framkvæma þeirra málefni af opinberri hálfu eins og ég hér hef lýst með þeirri töflu, sem ég las hérna upp. Ég held, að þeir, sem við sjóinn búa, margir, skilji það, að þessi framkvæmd á málefnum bændanna er bæði óskynsamleg og óréttlát, og ég held, að hæstv. ríkisstj. afli sér ekki trausts hjá almenningi við sjóinn á þennan hátt.

Ég held, að almenningur við sjóinn treysti hæstv. ríkisstj., sem nú situr, mjög takmarkað. Ég hef talað við marga menn úr öllum stjórnmálaflokkum, og ég hef engan hitt, sem gerir ráð fyrir því, að þessi hæstv. ríkisstj. leysi nokkurn vanda. Ég hef engan mann hitt, sem lætur sér detta það í hug, að þessi hæstv. ríkisstj. komi með raunhæfar till. í efnahagsmálum þjóðarinnar, og víst er um það, að það er ekki að heyra á þeim hæstv. ráðh., sem hér hafa talað, að þeir hafi komið auga á raunhæfar leiðir til lausnar þessum vanda. Það er meira að segja haft eftir hæstv. félmrh., að hann hafi sagt: Nú, eru þá engar till. til nema þessar bráðabirgðatill., sem sjálfstæðismenn voru með í vetur?

Ég ætla ekki að ásaka hæstv. ríkisstj., þótt hún hafi ekki á takteinum raunhæfar till. í okkar efnahagsmálum, og ég ætla að viðurkenna, alveg eins og ég gerði s. l. vetur, að það er jafnrétt, þótt raunhæfar frambúðartill. séu ekki fyrir hendi, að koma með bráðabirgðatill. til stöðvunar á verðlaginu og dýrtíðinni, eins og við sjálfstæðismenn höfum alltaf viljað gera. Það er vitanlega fyrsta skilyrðið að stöðva dýrtíðina,

stöðva verðlagið, stöðva kapphlaupið á milli kaupgjalds og verðlags. En það þarf að gera það á réttlátan hátt, þannig að allar stéttir þjóðfélagsins geti unað því. Það má ekki gera það á þann hátt, sem ég áðan lýsti, að níðast á einni stétt, og ég held, að jafnvel þótt frv. sé orðað eins og það er, þá hefði mátt framkvæma þessi lög þannig, að t. d. bændur hefðu borið sinn hluta alveg uppi. En hér er einhver viðleitni í þá átt að níða eina stétt, sem hefur ráðið. Eða er það fullkomlega ókunnugleiki þeirra manna, sem í ráðherrastólunum eru, að þetta er svona? Ég skal fallast á og mér þykir betra að fallast á þá skoðun, að það sé ókunnugleiki, of lítill skilningur á þörfum og málefnum þessarar stéttar, sem hefur valdið þessu, frekar en löngun eða vilji til þess að níðast á þessari stétt.

Ég er hræddur um, að núverandi hæstv. ríkisstj. hafi mjög takmarkað traust hjá almenningi landsins, og marka ég það m. a. á því, að framan af árinu til júníloka var sparifjáraukning í landinu meiri en hún hefur nokkurn tíma áður verið: fyrstu sjö mánuðina 136 millj. kr., en mest hefur hún orðið á einu ári 190 millj. kr. En síðan núverandi hæstv. ríkisstj. kom að völdum, hefur sparifjáraukningin ekki aðeins hætt, það hefur engin sparifjáraukning verið, heldur er nú verið að éta upp fullkomlega það, sem sparifjáraukningin hafði verið framan af árinu. Það er vegna þess, að almenningur í landinu býst ekki við neinu góðu hjá núverandi hæstv. stjórn. Almenningur í landinu gerir sig ekki ánægðan með, að það sé skipuð nefnd daglega til að athuga og til þess að rannsaka hin og þessi mál, enda er það oft svo í framkvæmd, að það að skipa nefnd í málin er nokkuð sama oft og tíðum og að jarða þau. Það er aðferð til þess að gleyma því, að þau hafi verið borin fram, og á þann hátt geta ýmis mál fengið góðan dauðdaga með því, að þau séu sett í nefnd.

Ég skal nú ekki fjölyrða öllu meira um þetta, en það hlýtur þó að koma upp í huga manns, þegar rætt er um efnahagsmál, að fjármagnsmyndunin er undirstaðan að framkvæmdum og þeim hlutum, sem skal gera. Og ef engin fjármagnsmyndun er, hvernig á þá að halda uppi framkvæmdum? Hvernig á þá að halda góðum lífskjörum í landinu?

Hæstv. fjmrh. hefur flutt ræðu og talið upp ýmislegt, sem vantar, til þess að hægt sé að halda framkvæmdunum áfram. Hann hefur talað um, að það vanti peninga í raforkumálin, enda er nú svo, að það er hætt að tala um áætlun á framkvæmd raforkumálanna fyrir næsta ár. Ég veit ekki, hvort hæstv. ríkisstj. hefur lagt rafmagnsmálin algerlega á hilluna, en undanfarin ár hefur það þótt sjálfsagt, að við ættum að gera áætlun um dreifingu rafmagns fyrir næsta ár á miðju ári næst á undan. Það lítur helzt út fyrir, að það sé ekki meiningin að vinna að raforkumálunum á næsta ári og að hæstv. ríkisstj. hafi algerlega gefizt upp á því að útvega nokkurt fé þar til.

Hæstv. fjmrh. talaði um, að það vantaði peninga í Búnaðarbankann, í húslánasjóðinn, í fiskveiðasjóðinn o. s. frv. Það er ekkert undarlegt, þó að vanti peninga, ef fjármagnsmyndunin er algerlega stöðvuð, vegna þess að almenningur í landinu treystir ekki á þá ríkisstjórn, sem við stýrið er, og telur það vænlegast að koma öllu sínu fé í eitthvað fast.

Undanfarin ár hefur verið unnið að uppbyggingu og framkvæmdum í þessu landi án þess að taka erlend lán. Landsmenn hafa gert þetta fyrir sitt eigið fjármagn, fyrir sínar eigin tekjur, sem þeir hafa aflað. Þetta út af fyrir sig hefur verið mjög ánægjulegt og giftusamlegt. Það er ekkert undarlegt, þótt hæstv. núverandi viðskmrh. (LJós) hafi gert það að inngangi sinna orða í ræðu, sem hann flutti á aðalfundi Verzlunarráðs Íslands, hversu mikið og ánægjulegt það hafi verið, að fyrrverandi ríkisstj. hafi með því fjármagni, sem þjóðin sjálf aflaði, staðið að uppbyggingu og örari framkvæmdum en nokkru sinni fyrr. Þessi hæstv. ráðh. sagði í þessari góðu ræðu, sem hann þá flutti, að þjóð, sem hefði búið við slíkt undanfarið, hlyti að eiga góða framtíð og það væri sjálfskaparvíti, ef ekki væri haldið áfram uppbyggingu, framkvæmdum og bættum lífskjörum í landinu. Ég er á sömu skoðun og núverandi hæstv. viðskmrh., að það sé sjálfskaparvíti, ef nú verður öllu siglt í strand.

Ég held, að það sé ekki þörf á því að láta kreppuna koma yfir þjóðina. Við höfum meiri framleiðslutæki en nokkru sinni fyrr, þannig að útflutningsframleiðslan hefur vaxið árlega núna undanfarið um 100 millj. kr. á ári, vegna þess að fyrrv. ríkisstj. hafði dug og vit til þess að afla atvinnutækjanna, sem gátu svo nýtt og malað þau verðmæti, sem þjóðin aflaði.

En nú virðist það svo, að hæstv. ríkisstj. hafi raunverulega alveg gefizt upp. Þegar talað var um togarabyggingarnar hér um daginn, var sagt, að það væri alveg óvíst, að það væri hægt að fá peninga til þess að byggja togarana. Og til þess að „bakka“ út úr þessu með togarakaupin þótti vissara að upplýsa þingheim um, að það væri sennilega ekki hægt að fá þá byggða fyrr en 1960. Það á að telja fólki trú um, að ef tafir yrðu á því, að þessir togarar kæmu, þá væri það vegna þess, að það væri ekki hægt að fá þá byggða. En það munu verða fáir, sem trúa því.

Ég skal ekki vera með hrakspár. Ég held, að það sé rétt, sem hv. 9. landsk. sagði hér áðan, að það sé rétt að bíða átekta, þangað til heildarúrræðin koma frá hæstv. ríkisstj., ef þau einhvern tíma koma, og spara a. m. k. fullyrðingar og stóryrði þangað til. En það, sem ég hef sagt nú, markast af því, að ég hef ekki trú á því, að hæstv. ríkisstj. komi því fram, sem hún hefur lofað.

Frv. það, sem hér er til umræðu, er tilraun í þá átt að stöðva dýrtíðina, og út af fyrir sig hljótum við sjálfstæðismenn þess vegna að vera fylgjandi þessu frv. í aðalatriðum, þótt framkvæmdin hafi verið slæm, og ég fyrir mitt leyti vil gera brtt. við 3. gr. frv. og gera tilraun til þess að fella niður það ákvæði að taka þann rétt af framleiðsluráðinu, sem það hefur áður haft og algerlega er ástæðulaust að taka af því.

Við skulum svo vona, að það megi takast að stöðva dýrtíðina, það megi takast að halda uppi framkvæmdum og uppbyggingu í landinu, jafnvel þótt sú ríkisstjórn, sem með völdin fer, sé hæpin

og henni sé lítt treystandi. En það er sá munur á okkur sjálfstæðismönnum og þeirri skoðun, sem hæstv. félmrh. lýsti hér áðan, að við höfum sömu skoðun á vandamálum þjóðfélagsins, hvort sem við erum stuðningsmenn ríkisstjórnar eða í andstöðu við ríkisstjórn. Við teljum sjálfsagt hverju sinni að fylgja góðum málum fram, hver sem þau flytur, ef við höfum sannfæringu fyrir því, að það megi verða okkar þjóðfélagi til góðs gengis.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það lítur út fyrir, að það sé ekki aðeins um tvísöng að ræða hér hjá hv. stjórnarandstöðu, heldur virðist það vera eins og kór, sem ekki hefur fengið tíma til þess að samæfa sig, svo að það er allt í ósamræmi og æpir hvað á annað.

Mér heyrðist ræða hv. síðasta ræðumanns, hv. 1. þm. Rang. (IngJ), vera að meginstofni til árás á frv., en svo endaði hann ræðu sína á því, að þetta frv. væri viðleitni til að stöðva dýrtíð og verðbólgu og á þá sveif vildu allir leggjast, þess vegna væru sjálfstæðismenn samþykkir þessu frv. og mundu greiða því atkv. Þá er endirinn fenginn, og annars þurfum við ekki með.

Tal hans um það, að það sé gengið mjög á rétt bændanna í þessu frv., skil ég ekki, því að ég held, að frv. sé þannig byggt upp, að það sé að öllu leyti tryggt, að ekki sé gengið frekar á rétt bænda en annarra og nákvæmlega sömu reglum fylgt gagnvart bændum og verkamönnum. (Gripið fram í.) Það er ekki frv. að kenna. Frv. er gott, og þá er ekki á það að deila. Framkvæmdina hlýtur að vera hægt að laga, og á hv. þm. ekki síður innangengt hjá framleiðsluráði en aðrir um það.

Ég heyrði ekki betur en hv. 1. þm. Reykv. (BBen) væri í einu og öllu samþykkur frv. og lýsti yfir óskoruðum stuðningi Sjálfstfl. við þetta mál.

Framan af ræðu hv. 2. þm. Reykv. (BÓ) fannst mér tónninn vera sá sami, og stundum, þegar hann varð hvað lýriskastur, þótti mér nóg um. Hann sagði t. d., að ríkisstj. hefði með þessu frv. ekkert gert annað en það, sem hver einasta stjórn hefði gert, sem hefði komizt að völdum, bara til þess að nálgast það að segja, að þetta sé það eina rétta. Hver einasta ríkisstjórn hlyti að hafa gert þetta. Dýpra er varla hægt að taka í árinni, og þarna er hann alveg á bylgjulengd 1. þm. Reykv. Hann sagði líka, að vegna þess, hve ég hefði snúizt frá fyrri villu míns vegar, mætti um þetta segja, að englarnir gleddust yfir einum syndugum, sem iðraðist. Nú, það virðist svo, að englarnir í Sjálfstfl. gleðjist ekkert lítið af því, að þetta frv. liggi hér fyrir, og það er alveg greinilegt, að hv. 1. þm. Reykv. er meðal englanna í Sjálfstfl. Það er orðið dálítið vafasamt með hv. 2. þm. Reykv. (BÓ), og sá 9. er alls ekki í hópi englanna í Sjálfstfl., því að hann er fúll yfir þessu frv.

Í þessu frv. er ekkert annað en það, sem Sjálfstfl. hefur viljað gera, sagði hv. 2. þm. Reykv. Fyrrv. hæstv. forsrh., Ólafur Thors, minntist meira að segja á það einu sinni í nýársboðskap sínum til þjóðarinnar, að þetta þyrfti að gerast. Það hefði kannske verið einhvers virði, ef hæstv. núv. forsrh. hefði skrifað um það, að þetta þyrfti að gera, eða sagt það einhvern tíma í nýársboðskap sínum. En það verður ekki að lögum fyrir það. Hví kom hæstv. forsrh. fyrrv. stjórnar ekki einhvern tíma með lagafrv. um að stöðva verðlag í landinu? Kannske englarnir hefðu þá glaðzt? En hann gerði það bara ekki.

Það er búið að hjala margt og mikið um það, að verðbólga og dýrtíð sé böl, en þeir, sem hafa hjalað háværast um það, vildu aldrei stöðva hana, af því að þeir græddu á henni sjálfir. Þess vegna hvarflaði það aldrei að Sjálfstfl. að gera neitt alvarlegt í því máli, en vera alltaf með þetta á vörunum, eins og hræsnarar eru vanir að vera. Ólukkan sú, að þetta hafði ekki gerzt fyrr, var bara þessi, að núverandi félmrh. hafði alltaf verið á móti þessu, og þeir komu ekki neinu fram, af því að hann var á móti því. Hann setti á stað hvert verkfallið á fætur öðru til þess að eyðileggja þessi góðu áform í höndum fyrrv. ríkisstj. — Það er trúleg saga þetta.

Hefur hv. 2. þm. Reykv. aldrei verið í verkalýðsfélagi? Hefur hv. 2. þm. Reykv. aldrei verið á togara? Hefur hann aldrei verið verkamaður? Ef hann hefur ekki verið neitt af þessu, þá er hættulegt, að hann sé á Alþingi. Þá skilur hann ekkert í þessum málum. Það er algerlega óhugsanlegt, að einn maður — **(BÓ:** Hefur hæstv. ráðh. verið þetta allt?) — Ég hef verið þetta allt, já. Ég hef verið í verkalýðsfélagi og er það, og ég hef verið verkamaður, ég hef stundað landbúnaðarstörf líka, ég hef stundað flest framleiðslustörf þjóðarinnar. **(Gripið fram í:** Verið á togara?) Já, og vélbát, á Árna þung meira að segja.

Það er engum einum manni fært að koma af stað verkföllum. Það getur enginn, hvorki ég né aðrir. Þegar verkafólk í einhverju verkalýðsfélagi kemst að þeirri niðurstöðu, að það telur lífskjör sín hafa rýrnað, þá ber það saman ráð sín og gerir sínar ályktanir og hefur rétt samkv. íslenzkum lögum að þreyta samninga við atvinnurekendurna um kjarabætur. Nái þær ekki fram að ganga, hefur það verkfallsréttinn. Og það er alger misskilningur, að forseti Alþýðusambands Íslands geti fyrirskipað einu eða neinu verkalýðsfélagi verkfall, og það hefði ekkert gildi. Það hefur heldur aldrei gerzt. Allt tal um það, að ég hafi sett á stað verkföll, er þess vegna annaðhvort af mikilli fáfræði mælt ellegar af öðru verra.

En lítum þá á þau verkföll, sem ég hef verið við riðinn. Við skulum bara líta á verkfallið 1952. Um hvað snerist það verkfall? Það snerist um það að knýja ríkisvald og atvinnurekendur í landinu til þessa að stöðva verðlag og lækka verðlag. Var það ekki auðfengið? Nei, það varð eitt viðtækasta og harðvítugasta verkfall, af því að hvorki ríkisvald né atvinnurekendur vildu fara inn á þá leið. Það var mín afstaða þá, og mín afstaða er sú sama enn. Ég var þá í stríði við atvinnurekendavald og ríkisvald með verkalýðshreyfinguna mér við hlið til þess að stöðva verðlag og lækka verðlag. Og niðurstaðan á því verkfalli varð sú, að ríkisvaldið varð að beygja sig undir lækkunarráðstafanir á mjólk, lækkun á

saltfiski, lækkun á frögtum, lækkun á kolum, lækkun á útsvörum í Reykjavík, lækkun á sköttum og tryggingarfríðindi. En með góðu fékkst það ekki, það væri synd að segja.

Um sinn lét svo verkafólkið í landinu kyrrt liggja, meðan nokkurn veginn sómasamlega var staðið við þessi loforð um verðstöðvanir og verðlækkanir. En þegar svikin komu og hagfræðingar komust að þeirri niðurstöðu, að það væri búið að hleypa verðlaginu svo lausu, að það væri orðin um 20% kjararýrnun hjá verkafólkinu, þá var ekki lengur setið um kyrrt. Það var ekki Alþýðusambandsstjórnin, ekki forseti Alþýðusambandsins, það voru verkalýðsfélögin, sem tóku að ræða málin og ákváðu þá að leggja til samningahríðar við atvinnurekendur, og ef það ekki bæri árangur, þá leggja út í verkfall. Það er ekki ólukku núverandi félmrh., sem otaði þeim út í þetta. Það var verðhækkunar- og verðbólguskriðan, sem Sjálfstfl. og þáverandi stj. hafði stjórnað, sem hratt verkfallaöldunni af stað.

Þannig hefur það alltaf gengið. Þegar verkafólkið hefur horft upp á það, að allar lífsnauðsynjar þess hækkuðu í verði, gat það ekki lengur unað við sama kaupgjald og hóf samninga um lagfæringu á kaupinu til samræmis við verðlagið, og þegar það hefur ekki fengizt með góðu neitt viðunandi móti hinu hækkaða verðlagi, þá hefur komið til verkfalla. Ef fyrrv. hæstv. ríkisstj. hefði tekið á sig þá rögg að stöðva verðlagið fyrst og fremst, þá er ekki nokkur vafi á því, að verkalýðshreyfingin hefði ekki talið sig fá fótfestu fyrir hækkun kaupgjalds og verkfallsátökum.

Hér eru því algerlega höfð endaskipti á hlutunum, á staðreyndunum, þegar talað er um það, að ég hafi gert allt, sem í mínu valdi hafi staðið, áður en ég varð ráðherra, til þess að skrúfa hér verðlagið upp og espa verðbólguna. Ég hef staðið í stríði við ríkisstjórn, sem virtist hafa það á stefnuskrá sinni að spenna allt verðlag upp, en vilja halda kaupgjaldinu niðri.

Ég er því algerlega sama sinnis nú eins og áður. Ég fékk aðeins aðstöðu nú til þess að framkvæma það, sem ég hafði staðið í stríði við fyrrv. ríkisstj. um. Ég fékk aðstöðu til þess nú að leggja fyrir verkafólkið þessa spurningu: Viljið þið stöðvun kaupgjalds, ef um leið er sýnd ærleg viðleitni í því að stöðva verðlagið? — Verkafólkið sagði já. Það stóð ekkert á því. Það, sem Sjálfstfl. þá reyndi, var það í Morgunblaðinu lengi vel að koma því inn hjá verkafólki, að þetta hefði verið gert að því fornspurðu, og því er haldið enn áfram af hv. 9. landsk. hér sérstaklega, sem blygðast sín ekki fyrir að kvarta undan því, að það hafi ekki verið leitað til þeirra samtaka, sem hann er í fylkingarbrjósti fyrir. En hann var ekki hér á landi, þegar þetta mál var á dagskrá. Ég efast um, að hann hafi verið í Evrópu. Sennilega hefur hann verið í Kína eins og fleiri. Og varaformaðurinn var ekki heldur hér. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja var hauslaust, þegar þetta var til umræðu. Það var ekki hægt að leita til þess, og var þó gerð tilraun til þess. Svo kemur hausinn, þegar hann er heim kominn, og segir: Það var ekki talað við mig, það var ekki talað við hausinn á Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. — Hann var úti í löndum og varaformaðurinn líka. (Gripið fram í.) Nei, það var ekki hægt að fá löglegan fund í stjórninni. Þeir sögðu, að það væri minni hlutinn heima, meiri hlutinn væri úti í löndum. (Gripið fram í: En það eru varamenn.) Það er kannske löglegt þar að hafa stjórnarfund með minni hluta, að fjarverandi meiri hlutanum.

Annars veit ég ekki til þess, að þessi hv. formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hafi verið í öðru hlutverki þar en að þjóna Morgunblaðinu á undanförnum árum, ljúga í blýhólk, þegar hann átti að túlka hagfræðilegar kenningar, og mundi hafa haldið því áfram og heldur því áfram.

Ég veit ekki betur en að yfirleitt hafi opinberir starfsmenn og þau samtök, sem þessi maður hefur veitt forustu, hengt sig aftan í verkalýðssamtökin í kjaramálum. Þegar hafa orðið breytingar eftir verkfallsátök og miklar fórnir verkafólksins, hefur hann, þrátt fyrir öll sín mótmæli gegn kauphækkunum, þrátt fyrir allar vísindalegar útlistanir sínar á því, að kauphækkanir væru til bölvunar, farið í fráfarandi ríkisstj. og beðið um bráðabirgðahækkun fyrst og síðan endurskoðun á launalögum, um meiri hækkanir en verkafólkið hafði fengið fram. Þetta hafa verið hans ær og kýr og verða það áfram vafalaust. Svona hefur hans stéttarbarátta verið. Það er nú svo komið fyrir löngu, að það lítur enginn á formann Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sem forsvara fyrir lífskjör launafólksins í landinu, heldur eingöngu sem verkfæri Morgunblaðsins. (Gripið fram í.) Það er ekki gott að komast að þeim samtökum, þar sem meiri hluti stjórnarinnar er fjarverandi. Það er ekki til neins. En ef ég hefði átt að fara að spyrja einhvern meðlim í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, þá hefði það ekki þótt hafa neitt gildi. Það duldist heldur engum, að þegar menn voru að ræða þessi mál hér sín á milli, var það alveg sama hjá opinberum starfsmönnum og öðrum, að þeir voru á því, að það bæri að stöðva verðbólguskrúfuna. Það var enginn skoðanamunur á milli þeirra og verkafólksins, sem leitað var til. Það voru allir á því, og höfuð Sjálfstfl., 1. þm. Reykv., er á því, að þetta hefði verið gott. 2. þm. Reykv. er meira að segja á því, að það hafi verið ástæða fyrir englana að fagna því, að þetta var gert. En sá 9. landsk., heim kominn, er í miklum vafa enn þá og getur ekki myndað sér skoðun um þetta fyrr en seinna meir, þegar þetta skýrist nánar.

Ég skal játa það, að meginhlutann af hans ræðu skildi ég ekki, og það virtist svo, að stéttarbróður hans, hagfræðingnum, hæstv. menntmrh. (GÞG), virtist koma mjög spánskt fyrir þær niðurstöður, sem hv. 9. landsk. þm. komst nú að, borið saman við niðurstöður hans í Morgunblaðsdálkunum á undanförnum árum. Og þegar hagfræðingarnir skilja ekki hvor annan, þá skyldi engan undra það, þó að þeir, sem ekki eru hagfræðingar, skilji ekki vísindin og spekina.

Mér heyrðist á hv. 2. þm. Reykv., að allt væri gott, dágott a. m. k., í frv. nema eitt atriði, sem hann sagði að væri vafasamt, og það var verðbindingin. Það var ekkert afleitt að binda kaup-

galdið, en þann skratta áttuð þið ekki að gera að fara að binda líka verðlagið.

Þetta er allur sannleikurinn í málinu. Þetta er allt, sem menn þurfa að vita um afstöðu Sjálfstfl. fyrr og síðar til þessara mála. Þeir hefðu gjarnan viljað binda allt kaupgjald. Þeir hefðu viljað koma því niður á við, en láta blessað verðlagið geta hoppað upp á við látlaust. Þá hefði þeim líkað lífið. Og þetta var ljóti skrattinn, að þeir skyldu líka fara að binda verðlagið. Það er það eina, sem orkar tvímælis í þessu frv. Það er það varasama. Ja, það er í raun og veru það, sem þeim líkar ekki. Það var ágætt, að þetta kom fram.

Hv. 2. þm. Reykv. vék að því einmitt í sambandi við þessa vafasömu ráðstöfun, verðbindinguna, að það mætti t. d. ekki framkvæma þetta af fyllstu óbilgirni, þannig að um nýja tolla, sem hefðu verið lagðir á í fyrra, sællar minningar, þegar þeir væru komnir núna inn í verðlagið, þá mætti ekki neita þeim um rúm í verðlagningunni. Sannast að segja hefur verið um þetta rætt af verzlunarráðinu við mig, og það fór dável á með okkur, því að ég vildi einmitt ekki sýna þeim þá óbilgirni, þegar það reyndist svo í einstökum tilfellum, að þessir tollar, þessir drápstollar, væru að koma núna inn í verðlagið í fyrsta skipti, að það yrði ekki að taka tillit til þeirra eins og í verðlaginu á vörunum, þar sem þeir voru komnir inn í verðlagið fyrir 15. ágúst.

Þetta er sem sé viðurkennt, að þegar tollarnir eru svo miklir, að ekki sé hægt fyrir innflytjandann að bera þá innan þess verðramma, sem var 15. ágúst, þá verði að taka tillit til þeirra, en það verður jafnframt að draga eins og fært þykir úr álagningunni, og á þetta sættust þeir.

En ef þess fer að verða vart, að kaupsýslustéttin fari að leika þann leik, að heildsali, sem hafði ákveðna vöru fyrir miðjan ágúst, oti henni nú aftur til annars heildsala, sem ekki hafði hana fyrir 15. ágúst, og segi: Nú skalt þú flytja hana inn í fyrsta sinn og fá tollana lagða við, — þá verður einhver mótleikur að koma þar á móti. Ef sviksemi er í framkvæmdinni eða bellibrögðum beitt, verður það ekki aðferð til þess að fá mig til að beita fyllstu sanngirni við viðkomandi aðila. En í heild má segja það, eins og ég sagði í minni framsöguræðu: Kaupsýslustéttin hefur sem heild tekið þessari lagasetningu vel, og ég veit ekki annað en að flestir aðilar hafi orðið að þrengja eitthvað að sér og bera einhverjar byrðar í sambandi við framkvæmd laganna. Það hefur verkafólkið gert fyrst og fremst. Það verða bændur líka að gera, og það er kveinað mjög undan því núna. Það á kaupsýslustéttin líka að gera, og hún má bera talsverðar byrðar, því að það hefur réttilega verið sagt margsinnis, að kaupgjaldið sé mikill liður í verzlunarrekstri sem öðrum atvinnurekstri. Þessir aðilar hafa fengið að sleppa við nú fyrst 6 stiga kauphækkun, sem annars hefði skollið á þá 1. sept., og á móti því verða þeir að taka á sig einhverjar byrðar í þrengri verðlagningu og geta það vel. Enn fremur hefði svo á síðara hluta þessa tímabils kaupið hækkað meira, og það losna þeir líka við, því að því er haldið föstu út þessa fjóra mánuði. En mér þykir ánægjulegt að heyra það, að í gegnum ákveðnar undirtektir hv. 1. þm. Reykv., blönduð ummæli hv. 2. þm. Reykv. og svona andstöðu hv. 9. landsk., og svo koma enn niðurlagsorð hv. 1. þm. Rang., þá er niðurstaðan sú: Það, sem hér hefur verið gert, er það, sem hver einasta ríkisstj. hefði átt að gera — og lýst yfir að lokum í hverri ræðu: Sjálfstfl. er að sjálfsögðu samþykkur þessu frv. — Eina undantekningin, sem hefur verið undirstrikuð, er þessi: Vafasamast er með verðbindinguna, og það hefðu þeir nú eiginlega ekki átt að hafa með. — En þrátt fyrir það er ég ánægður í heild með undirtektirnar og líka, að þetta skyldi koma fram.

Umr. frestað.

Á 8. fundi í Nd., 30. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Fyrir tæpri viku mátti í aðalmálgagni hæstv. ríkisstj., Þjóðviljanum, sem er blað stærsta stjórnarflokksins, lesa svo hljóðandi ummæli, með leyfi hæstv. forseta:

„Kristinn E. Andrésson sagði mér á dögunum, að eitt sinn hefði hann verið að tala við mann á erlendri ráðstefnu og allt í einu hefði maðurinn sagt meðal annarra orða, eins og þegar við minnumst á veðrið í gær: Ég þagði í 25 ár. Kristinn sagðist hafa fyllzt djúpri lotningu fyrir manninum, og ég rengdi hann ekki. Ég er viss um, að virðing Alþingis ykist stórum, ef alþingismenn þegðu, þó ekki væri nema í eitt ár.“

Þetta er boðskapur aðalstjórnarblaðsins til Alþingis, þegar það er nýkomið saman. Hæstv. ríkisstj. og ráðherrar eru ekki alveg eins hreinskilnir í sínum orðum og málgagn þeirra, en þó var það alveg greinilegt af ummælum þeirra í gær, að þeim fannst óþarft, að margir þm. úr stjórnarliðinu töluðu. Þeim fannst í þessu tilfelli alveg nóg, að ég einn talaði, og hitt allt vera mælt mjög að óþörfu.

Það kom og fram hjá þeim, að þeim virtist gæta ósamræmis í málflutningi mínum og hv. skoðana- og flokksbræðra minna. Ég er þó ærið hræddur um, að það ósamræmi hafi ekki komið af okkar ummælum, heldur vegna þess, að nokkuð hafi á skort um skilning þessara hæstv. ráðherra, bæði á ummælum þeim, sem höfð voru í frammi, og raunar á eðli þess máls, sem hér er til umr.

Hæstv. félmrh. komst einnig svo að orði, að ekki færi vel, þegar tveir hagfræðingar töluðu saman og hvorugur skildi hinn, eins og hæstv. menntmrh. og hv. 9. landsk. þm. (ÓB), og þá væri viðbúið, að leikmennirnir skildu harla lítið í því, sem þeir sögðu.

Þetta er auðvitað sorglegt. En enn þá verra er þó, þegar ræðumenn tala og halda langar ræður og mæla af miklum móð og skilja auðsjáanlega alls ekki sjálfan sig, hvorugur, en þannig var bæði með hæstv. félmrh. og hæstv. menntmrh. Og er þá ekki furða, þegar ljóst er, að þeir skilja ekki sitt eigið mál, sínar eigin röksemdir eða sínar eigin tillögur né brbl., þó að þeim skjótist nokkuð um skilninginn á því, sem stjórnarandstæðingar halda fram, eða þeirra ummæli. En sannleikurinn var sá, að það var ekkert í því,

sem aðrir þeir sjálfstæðismenn, sem hér töluðu í gær, sögðu, sem á nokkurn hátt bryti í bága við mín ummæli. Þar féll allt saman. Það stóð allt óhaggað, sem ég hafði sagt, og ég hafði raunar gert beinan fyrirvara um það, að þeir mundu koma með sínar aths., þó að ég vildi láta það liggja alveg ljóst fyrir sem skoðun Sjálfstfl. í heild, að þrátt fyrir það þó að ýmsar aths. megi gera við brbl. eins og þau eru og þá ekki síður við framkvæmd þeirra, þá erum við sammála þeirri meginhugsun, sem frv. hvílir á, að nauðsyn hafi verið að stöðva verðbólguna, eins og á stóð, og að það hefði ekki orðið gert með öðrum hagfelldari eða neinum öðrum framkvæmanlegum hætti en þeim, sem brbl. gera, að stöðva fyrst kauphækkunina, og það er sú framkvæmd brbl., sú löggjöf, sem er nýjungin í tillögum, ekki Framsfl., því að hann hefur oft verið inni á svipuðum till. áður, og raunar ekki Alþfl., því að hann hefur verið með svipaðar ráðstafanir, þegar hann hefur verið við ríkisstj. áður, en það er alger nýjung, að kommúnistar, nú kallandi sig Alþýðubandalagsmenn, fáist til þess að játa þetta.

Það verður að segja það hæstv. félmrh. til hróss, að þó að mjög gætti ósamræmis og gagnstæðra fullyrðinga í hans málflutningi, þá játaði hann þó þessa höfuðstaðreynd. Hann játaði það, að stöðvun kaupgjaldsins hefði verið forsenda fyrir stöðvun verðlagsins. Og hann sagði meira að segja: Það, sem gerði mér mögulegt, — og þá var nú ekki eins og hann hefði komið fram sem sá, sem valdið hefði, heldur sem sá blíði biðill, þegar hann var að tala við herrana í verzlunarráðinu, — það, sem gerði mér mögulegt að standa fast á því, að þeir stöðvuðu ekki skilyrðislaust verðhækkanir, heldur hefðu hóf á verðhækkunum, var þetta, að ég var áður búinn að stöðva kaupgjaldið. Þetta er ekki orðrétt, sem hæstv. ráðh. sagði, en þetta er óhaggað efni þess, sem hver hlutlaus hlustandi getur athugað og lesandi, ef hann les það, sem hér var ritað niður eftir ráðh. í gær. Hæstv. félmrh. margendurtók þetta, að fyrst hefði hann stöðvað kaupgjaldið fyrir verkamönnum og þá hækkun, sem þeir voru búnir að vinna sér fyrir, og með því móti hefði hann skapað sér aðstöðu til þess að standa á móti verðhækkunum á eftir.

Þetta er mikilvæg játning. Það er líka mjög mikilvæg játning, sem hæstv. félmrh. gaf, þegar hann sagði: Sjálfstæðismenn gátu ekki farið svona að. Þeir höfðu ekki þau völd að geta komið fram þessari stöðvun kaupgjaldsins. — Hann á við það réttilega, að hann og þeir, sem hafa yfirráðin í verkalýðshreyfingunni, hafa nú í bili getað lagt það með sér, borgað hæstv. fjmrh., Eysteini Jónssyni. Til þess að ráða sig á hans, ja, miður skemmtilegu fleytu, eftir því sem þeir stundum segja, hafa þeir borgað þar með sér þennan aðgangseyri: Að stöðva kaupgjaldið í landinu. Venjulega er það nú svo, að sá, sem stýrir fleytunni, verður að borga þeim, sem eiga að sitja undir árunum og annast vinnuna þar, en hér hefur því verið snúið svo við, að þeir verða að borga fyrir að fá að fljóta með hæstv. fjmrh., og hefði það einhvern tíma eitt þótt ærin tíðindi. — En þetta liggur sem sagt fyrir nú, og ég skal ekki ræða það hér, það munu gefast til þess mörg tækifæri fyrr og síðar á þessu þingi og annars staðar að gera grein fyrir því, hver er sú raunverulega ástæða, sem varð þess valdandi, að þessir ráðamenn í verkalýðshreyfingunni fengust nú til þess að stöðva kaupgjaldið og borga þann inngangseyri í ríkisstjórnina. Skýringin á því er auðvitað ekki ástandið eða viðhorfið innanlands, heldur það, að fyrir það að stöðva kaupgjaldið á þennan veg hafa þeir um sinn orðið alls ráðandi í utanríkismálum landsins, bæði varðandi varnarmálin og verzlunarmálin. Ég skal ekki rekja þá sögu lengur, en það blasir við og er óhagganleg staðreynd.

Þessar játningar hæstv. félmrh. eru vissulega mjög mikilsverðar. Hitt var svo ærið utanveltu, þegar hann fór að skýra frá því, af hverju hann hefði ekki getað talað við verkalýðsfélögin áður og látið þau samþykkja þessa stöðvun í sínum félögum. Hann sagði: Það var vegna þess, að þetta hékk allt saman með því, að við ætluðum að stöðva verðlagið í landinu. — En hann bara gleymdi því, að í fyrsta lagi hefði hann getað gefið verðlagsstöðvun út með brbl. alveg sérstaka og tekið kaupgjaldið síðan á eftir, eftir að sú stöðvun var orðin á verðlaginu, sem hann segir nú að hafi verið forsenda fyrir öllu saman, þannig að það var ekkert, sem frá hans sjónarmiði þurfti að knýja stjórnina til þess að hafa þetta saman. En til viðbótar því kemur það svo, sem hv. 9. landsk. þm. (ÓB) vakti athygli á í gær, að ríkisstj. hafði í lögum fullnægjandi heimild til verðlagsráðstafana, alveg óháð þessum brbl. Hún gat notað þær lagaheimildir, sem fyrir hendi voru.

Það er skiljanlegt, að ríkisstj. út frá sinni sannfæringu, sinni skoðun, skammi okkur sjálfstæðismenn fyrir að hafa ekki viljað beita þeim heimildum, sem til voru í lögum. Við vitum, að það er eitt af hinum miklu ágreiningsefnum í íslenzkum stjórnmálum, hvort það sé til góðs að beita slíkum heimildum eða ekki. Við teljum, að það sé aðeins um sinn og þegar sérstaklega stendur á, sem það sé almenningi hagkvæmt, að þeim sé beitt. Okkar andstæðingar í Alþýðubandalaginu — eða hvað þeir kalla sig nú, þær marglittur, sem þar eru á ferðinni — halda því fram, að það sé þjóðinni til góðs að hafa þessar hömlur, hafa þetta eftirlit. En þeir höfðu lagaheimildina til og þurftu alls ekki að gefa hana út með þessum hætti sem gert var, svo að ráðh. hafði ærinn tíma, ef hann vildi, alveg án tillits til verðlagsstöðvunarinnar, að bera sig saman við verkalýðinn.

Jú, hann segir: Við bárum okkur saman við suma formennina, þá sem við náðum í. — Það kom þó í ljós, að hann hafði t. d. ekki náð neinu sambandi við ein stærstu launþegasamtökin, vegna þess að formaður þeirra var í burtu. Og hann sagði: Í Reykjavík var það meira að segja þannig, að við kölluðum saman fulltrúa eða menn úr stjórn allra verkalýðsfélaganna í Reykjavík, og það voru svo margir menn, að þeir fylltu allan salinn í Iðnó. Ég hef oft verið í Iðnó, og ég hef lesið frásagnir af fundum þaðan, að þar sé auðvelt að halda 500 manna fundi, þegar ástæða þykir til að láta salinn vera nokkurn veginn fullskipaðan, en samkv. talningu hæstv. félmrh. var

Iðnó í þetta skipti fullskipað með eitthvað 115 mönnum. Eftir þeim tölum, sem hann gaf upp, og atkvæðum, sem hann gerði grein fyrir að þar hefðu bæði verið greidd með og á móti og setið hjá, þá er það eitthvað milli 115 og 130 manns, sem sagt tæplega þriðjungur þess, sem húsið tekur, ef það er sæmilega skipað, hvað þá ef í það er troðið, svo að eitthvað hefur nú vantað á, að þarna væri öllum stefnt saman, ef það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði og átti að skilja, að þarna hefðu verið svo margir boðaðir, að fundarsalurinn hefði orðið fylltur af þeim, sem heimild höfðu til að koma þangað.

Ég lagði enga áherzlu á það í mínu tali út af fyrir sig, hvort það hefði verið haft samráð við alla aðila eða ekki. Það er þeirra aðila, sem á sig telja hallað í þessu, verkalýðsfélaganna, að mótmæla, ef þau telja ástæðu til. Ýmis þeirra, eins og t. d. eitt stærsta, öflugasta og elzta félagið, Sjómannafélag Reykjavíkur, hefur mótmælt. Ýmis önnur félög hafa mótmælt. Það er sjálfsagt ágreiningur innan félaganna um það, hvort það hafi verið haft nægilegt samráð við þau eða ekki. En það var ekki aðeins hæstv. félmrh., sem hefur farið dálítið óvarlega með staðreyndir í þessu sambandi, heldur hygg ég, að það sé líka óhætt að fullyrða, að þegar hæstv. forsrh., landbrh., sagði landsmönnum ekki aðeins, að það hefði verið haft samráð við verkalýðinn, heldur líka við bændur, — og hann orðaði það ekki svo, að það hefði verið einungis samráð, heldur sagði hann, að þessar stéttir hefðu í raun og veru gert samning sín á milli og ríkisstj. hefði ekki gert annað en að staðfesta, lögfesta samning þessara aðila, — ég fullyrði það og segi það hér og skora á hæstv. forsrh. að mótmæla því, ef hann treystir sér til, að bændasamtökin telja ekki, að slíkt samráð hafi verið við sig haft eins og forsrh. gaf í skyn að gert hefði verið. Ég áfellist út af fyrir sig ekki forsrh., þó að það sé mál fyrir sig, — það er svo langt umræðuefni, að ég skal ekki fara út í það hér, — ég áfellist forsrh. ekki fyrir það, þó að hann hafi ekki treyst sér til að hafa fullt samráð við bændasamtökin, en ég fullyrði það, að þegar hann orðaði þetta eins og hann gerði, þá sagði hann meira en hann er maður til þess að standa við. Ég veit hins vegar, að hann er ekki nógu mikill maður til þess að játa það hér, að hann hafi þarna talað af sér. Hann yrði maður að meiri, ef hann játaði það. En það eru allt of margir, sem vita það sanna í þessu, til þess að það verði hægt að koma sér undan því með illyrðum eða nokkrum undanfærslum.

Eins er það mjög villandi hjá hæstv. félmrh. (HV), þegar hann var að vitna í sína baráttu fyrir verðstöðvun 1952 og sagði, að verkföllin 1955 hefðu hafizt vegna þess, að komið hefði í ljós, að kjör almennings, verkamanna, hefðu versnað sem svaraði 20%. Ég tek það fram, að hæstv. félmrh. sagði ekki berum orðum, að þau hefðu versnað um 20% á þeim rúmum 2 árum, sem þarna höfðu liðið, en það var ómögulegt fyrir nokkurn, sem heyrði hans mál og ekki þekkti þetta sjálfur til hlítar, annað en að skilja hann svo.

Sannleikurinn í því er sá, að samkv. öllum útreikningum, jafnvel þeim útreikningum, sem Alþýðusambandsstjórnin lét gera til undirbúnings verkföllunum, kom í ljós, að lífskjörin höfðu sáralítið breytzt eða versnað frá því, að samningurinn var gerður 1952, þangað til verkfallsaldan reið yfir 1955. Sú tala, sem hæstv. félmrh. þarna vitnaði til og er ærið hæpin og mjög umdeild, miðar við allt annað tímabil. Hún miðar við það tímabil, sem var á árunum 1947, þegar kommúnistar halda því fram, að raunveruleg laun hafi komizt hæst hér á landi. Ég skal ekki fara út í það að þessu sinni, hvort þessi samanburður er réttur eða ekki, en ég bara minni hæstv. félmrh. á það, að hann var sjálfur öflugur og eindreginn fylgismaður dýrtíðarlaga, sem stjórn Stefáns Jóhanns setti haustið 1947, vegna þess að verkföllin voru 1947 hefðu knúið kaupgjaldið svo hátt upp, að ekki væri hægt undir að standa, þannig að hann var sjálfur einn í hópi þeirra, sem áttu mestan þátt í því að rýra lífskjörin, eftir því sem hann segir nú, frá því, sem þau komust hæst 1947, og hann ætti ekki að vera að skamma aðra fyrir þá rýrnun, vegna þess að ef rýrnun var, þá varð hún fyrst og fremst á tímabilinu og vegna þeirra ráðstafana, sem stjórn Stefáns Jóhanns beitti sér fyrir og ég tek mína fullu ábyrgð á. Ég átti sæti í þeirri stjórn. En ég veit líka, að hæstv. félmrh. var eindreginn fylgismaður þeirra ráðstafana og þær voru gerðar, ekki til þess að fjandskapast við verkalýðinn, heldur vegna þess, að þær voru óvefengjanleg nauðsyn til heilla verkalýðnum. Hæstv. félmrh. ætti að vera stoltur af því að hafa áður lagt gott til þess að stöðva verðbólguna, en vera ekki nýbyrjandi í því eins og félagsbróðir hans, hæstv. ráðh. Lúðvík Jósefsson, sem er alveg nýr í iðjunni að þessu leyti, en hæstv. félmrh. er gamalþekktur „verkalýðsböðull“, ef hann vill viðhafa það orð í þessu sambandi.

Nei, lífskjörin breyttust ekki að þessu leyti frá 1952 til 1955, og það eru margar sannanir, margar tilvitnanir í sjálfu aðalmálgagni núv. hæstv. ríkisstj., Þjóðviljanum, frá þessu tímabili um það, að það var tilgangurinn að beita pólitísku verkfalli, að beita ríkisvaldið pólitískri kúgun með verkfallinu, en ekki fjárhagsleg kjarabót.

Látum vera, að þeir segi sem svo: Það er nauðsynlegt fyrir þjóðina að hafa ríkisstj., sem við eigum sæti í. — Þetta er skiljanlegt, þeir trúa á sinn málstað, já, aumingja mennirnir, segi ég og verð nú að vorkenna þeim, af því að þeir eru þá blindari en maður skyldi halda, ef trúin er ekki eitthvað farin að linast eftir síðustu heimsviðburði. En ég verð þó að ætla, að þeir trúi á sinn málstað, og þess vegna er ekkert við því að segja, þó að þeir berjist fyrir því, að hann sigri. En þeir eiga ekki að halda því fram, að verkfallið 1955 hafi verið af öðrum ástæðum en það var og í öðrum tilgangi en sannanlega, eftir þeirra eigin ummælum, liggur fyrir.

Svo margra mótsagna sem kenndi hjá hæstv. félmrh. (HV), var þó hátíð að hlusta á hann miðað við hæstv. menntmrh. (GÞG), ekki vegna þess, að hæstv. menntmrh. flytti ekki sitt mál á skikkanlegan og skörulegan hátt, — því fer fjarri, — en það var greinilegt, að hann skildi, sjálfur hagfræðingurinn, í raun og veru ekki

grundvallaratriði þessa máls. Og ég verð að segja: Mér er það alveg stórfurðulegt, er hann kemur hér upp. Í fyrsta lagi er hann ósköp ánægður yfir því, að ég skuli vera með þessu frv., en svo fer hann að deila á það, sem var aðalatriðið í því, sem ég sagði, að ég væri með og þakklátur ríkisstj. fyrir, að hún hefði viðurkennt, gagnstætt því, sem veigamiklir aðilar innan ríkisstjórnarinnar hefðu áður haldið fram, að ráðið til þess að stöðva verðbólguna væri, eftir því sem hér til háttaði, stöðvun á kaupgjaldi. Hæstv. menntmrh. þykist vera ósköp ánægður með það, sem ég segi, en deilir þó hart á þá meginröksemd, sem ég færði fyrir minu máli, og segir: Það er alls ekki rétt, að þetta sé kaupgjaldinu að kenna.

En hvað segir hann svo sjálfur, sá góði mann? Hann staðfestir í einu og öllu það, sem ég segi, að það sé kaupgjaldið, sem hér eigi hlut að máli, þó að hann geri sér þá skoðun sína ekki ljósa. Það, sem átti við og hann hefði eftir sínum hugsanagangi átt að segja, er: Það er ekki verkalýðsfélögunum að kenna, að kaupgjaldið hækkaði, — því að það, sem hann fór að tala um, var, að það væru verkalýðsfélögunum óviðkomandi ástæður, sem hefðu leitt til þess, að kaupgjaldið var hækkað meira en efnahagslífið gat undir staðið. Þetta kom berlega fram í ræðunni, eins og hann flutti hana í gær, og er staðfest í þeirri frásögn, sem blað hans, Alþýðublaðið, birtir í dag. Með leyfi hæstv. forseta, segir blaðið:

„Gylfi hrakti sérstaklega þá venjulegu blekkingu sjálfstæðismanna, að dýrtíðin hefði verið kauphækkununum að kenna. Taldi Gylfi, að höfuðorsakir dýrtíðarinnar hefðu verið lánsfjárþensla bankanna, greiðsluhalli ríkissjóðs, meðan hann var. og svo áhrif frá Keflavíkurflugvelli.“

Þetta getur hann ekki fært sem úrslitaákvörðunarástæðu í þessu sambandi fyrir öðru en fyrir sjálfri kauphækkuninni, enda segir hann: Þið skuluð ekki alltaf vera að skamma verkalýðsfélögin. Þið skuluð líta á það, að atriði, sem stjórnvöldin réðu við sjálf, lánsfjárþenslan, greiðsluhalli á fjárlögum, áhrif flugvallarvinnu, — allt þetta leiddi til þess, að eftirspurnin eftir vinnunni varð svo mikil, að verkalýðsfélögin fengu í raun og veru ekki við neitt ráðið og urðu nauðug og viljug að dansa með. — Þetta er skynsamleg röksemdafærsla, ef hæstv. ráðh. (GÞG) hefði haldið þessu fram, en það var bara alls ekki þetta, sem hann sagði. Hann sagði, að kaupgjaldið hefði ekki haft og hefði ekki þýðingu í þessu sambandi.

Hæstv. ráðh. er mjög ánægður á svipinn og brosir, og ég efast ekki um það, að hann af sínum lærdómi komi með einhverja útúrkróka, sem eigi að hagga því, sem ég hef sagt. En sannleikurinn er sá, að heilbrigð skynsemi er oft haldbetri en allt of mikill lærdómur.

Þessi atriði, sem hæstv. menntmrh. talaði svo mikið um og taldi ein skipta öllu máli í þessu sambandi, voru einmitt atriði, sem hv. 2. þm. Reykv. (BÓ) hafði ýmis tekið rækilega fram og bent á að hefðu að nokkru leyti leitt til þess ástands, sem hér er um að ræða. Við skulum játa það fúslega, við hér á Íslandi, sem erum um margt áratugi, svo að vægilega sé til orða tekið, á eftir öðrum þjóðum um framkvæmdir, en þó með betri lífskjör almennings en allar eða flestar aðrar þjóðir, að það er mjög skiljanlegt, að við viljum á skömmum tíma fá þær ytri framkvæmdir, þær grundvallarframkvæmdir, sem gera lífið léttara en ella og með meiri menningarblæ, koma okkar þjóðfélagi í sams konar horf og er annars staðar, og þetta verður til þess, að hvaða ríkisstj. sem er, sem vill beita sér fyrir framförum, verður auðvitað alltaf í miklum vanda um að halda þarna því rétta jafnvægi. En hlutdrægnin, hlutdrægnin, og ég endurtek: hlutdrægnin í grg. hæstv. menntmrh. kemur fram í því, þegar hann vill nú í þessu sambandi leggja áherzluna á, að þarna sé aðallega að kenna lánsfjárþenslu bankanna, en segir: Ja, síðustu fimm ár er þarna alls ekki að kenna greiðsluhalla fjárlaga. — Það er sennilega þau fimm ár, sem Eysteinn Jónsson er búinn að undirbúa Hræðslubandalagið með þessum hv. þm., og þar af leiðandi er fjármálastjórn hans góð þau ár, þótt hún hafi ekki verið jafngóð áður. En sé það nú svo, að bankarnir hafi lánað of mikið, var þá ekki fyrir fjmrh., sem hefur jafnmikil áhrif á allt fjárhagskerfið, nauðsynlegt að leggja þeim mun meira fyrir af ríkisfé til þess að standa á móti of mikilli útþenslu? Það er auðvitað óhagganlegt, að fjmrh. (EystJ) er einn af þeim, sem langsamlega mestu geta ráðið um það, hvort fjárhagsjafnvægi helzt í landinu eða ekki. Ég tel, að fjmrh. hafi um margt í því gert vel, og ég tel, að það, sem mistekizt hefur, sé ekki svo mikið honum að kenna sem þeim þjóðaranda, sem hér ríkir. En talið um það stundum í Fjármálatíðindum Landsbankans, sem hefur verið prentað upp í Tímanum æ ofan í æ, að það hafi verið staðið á móti útþenslunni með hinum mikla greiðsluafgangi ríkissjóðs, verður allt blekking, þegar haft er í huga, að öllum þessum peningum er jafnað út í árslokin, þannig að það er rétt hjá stjórnarandstöðunni fyrrverandi, sem hún hefur haldið fram sem gagnrýni á þá fjármálastefnu, sem fylgt hefur verið, að fjmrh. hefur í raun og veru ekki tekið nema tiltölulega lítinn hluta af ríkisútgjöldunum inn á fjárlög hverju sinni, — hann hefur auðvitað tekið meginhluta þeirra, en hann hefur látið vera eftir annars vegar mikinn afgang, sem hann hlaut að sjá fyrir að mundi myndast, og hins vegar ýmsar þarfir, sem varð að sjá fyrir, en þingið var ekki látið taka ákvörðun um fyrr en á eftir, vegna þess að með því móti gat sá, sem hafði megináhrifin á afgreiðslu fjárlaganna, hæstv. fjmrh., ráðið meiru um það, hvernig stundum allt upp undir ⅓ af tekjum ríkissjóðs var varið, heldur en hefði verið, ef fjárlögin hefðu verið sæmilega hóflega áætluð og Alþingi í raun og veru fyrir fram verið látið taka ákvörðun um það, til hvers ríkistekjurnar áttu að ganga. Þetta er mál fyrir sig. En niðurstaðan hefur orðið sú, að greiðsluafgangurinn, þessi sem alltaf er verið að tala um að rétti við fjármálakerfið í landinu, hefur í raun og veru aldrei verið til. En ef bankarnir gerðu sig seka um það að lána of mikið og fjmrh. sá hættuna, þá hlaut auðvitað skylda hans að vera sú að halda þessum greiðsluafgangi eftir, en ekki verja honum til þeirra mjög þörfu hluta,

sem ég og aðrir höfum gert kröfu til að honum væri varið til.

Þess vegna er það auðvitað allt of barnalegt til þess, að jafnskýr maður og hæstv. menntmrh. geti borið það hér fram, að ætla að taka fjmrh., þann sem hefur fjármálastjórnina að meginhluta í sinni hendi, úr ábyrgð á því, ef hér hefur verið misgert, og ég segi: ef hér hefur verið misgert. Alveg eins er það auðvitað alger firra, þegar hæstv. félmrh. er að tala um og gera lítið úr þeim þrýstingi, sem í þessu efni hafi skapazt frá flugvallarvinnunni. Það er vitað mál og var hvað eftir annað deilumál innan fyrrv. ríkisstj., að hæstv. þáv. utanrrh., sem hafði í þessu fullkomið vald, gætti þess alls ekki eins og skyldi að láta ekki of marga Íslendinga vinna á Keflavíkurflugvelli. Þar mátti ekki einn einasti Íslendingur vinna nema með samþykki utanrrh., og utanrrh. hafði það í sinni hendi að hafa á þessu fullan hemil, þannig að þetta gæti orðið efnahagslífinu sem eins konar varasjóður, sem hægt væri að láta menn vinna við, ef þeir hefðu ekki vinnu annars staðar, en ekki verða til þess að soga vinnuaflið frá öðru. Þetta er auðvitað áreiðanlega ekki persónuleg ávirðing hæstv. fyrrv. utanrrh. Það var stefna Framsfl., sem þessu réð, vegna þess að þeir vildu láta sem allra fæsta erlenda verkamenn vera hér og treina varnarliðsframkvæmdina sem mest handa Íslendingum.

Þetta eru rök fyrir sig, en þetta varð til þess, að sú þensla, sem hæstv. menntmrh. var nú að reyna að kenna öðrum en núv. stjórnarflokkum, skapaðist m. a. frá Keflavíkurflugvelli. Ef menn vilja segja, að þessi atriði hafi valdið nokkru um kauphækkunina, þá verður auðvitað að taka þau öll til, og ef við viljum komast til botns í þessu vandamáli, þá verðum við ærlega og heiðarlega að gera okkur grein fyrir, hversu mikið hvert um sig hefur þarna að segja.

En við vitum líka, að út af fyrir sig er verðbólga og örðugleikar af verðbólgu ekkert sérstakt íslenzkt fyrirbæri. Það má segja, að það sé allsherjar fyrirbæri um allan hinn vestræna heim, þar sem er verið með örar framkvæmdir og þar sem menn, án þess að beita heraflinu og kúguninni, sem kommúnistar gera, telja stolt sitt að forðast atvinnuleysið, sem var tíðkanlegt í þessum löndum fyrir 1939. Nú eftir á eru hagfræðingarnir búnir að finna út, að sá, sem hafi átt mesta ábyrgð á atvinnuleysinu á árunum 1927—39, hafi verið aðalbankastjóri Englandsbanka, vegna þess að hann hafi haldið of mikið í lánveitingar. Það er sama stefnan og hæstv. menntmrh. segir nú, að það eigi umfram allt að halda jafnvægi og bankarnir verði að fara svo varlega í sínum útlánum, að þetta jafnvægi haldist, að yfirboð sé ekki gert í vinnuna.

Ég hef sagt áður, og ég segi það enn: Ég vil miklu heldur, að það sé gert yfirboð í vinnuna og verkamaðurinn þurfi að láta ganga á eftir sér, heldur en að verkamaðurinn þurfi að ganga á eftir öðrum um það að fá vinnu, eins og var hér á árunum frá 1934—39. Og einmitt, þrátt fyrir alla galla undanfarinna ára, hefur tekizt þetta allt í senn, að halda fullri vinnu, jafnvel þannig, að stundum hefur kannske þurft að ganga helzt til mikið á eftir verkamanninum, a. m. k. að dómi hæstv. menntmrh. En það hefur líka fram á þennan dag, með þeim fjármálaráðstöfunum, sem fyrrv. ríkisstjórnir hafa gert, tekizt að forða því hruni, sem hæstv. forsrh. hefur alltaf sagt frá 1942, að hann hætti að vera forsrh. þá, að væri á næsta leiti. Það hefur tekizt að forða þessu. Og ég segi: Ég á enga betri ósk til hæstv. núv. ríkisstj. heldur en að henni takist að forða hruninu, en að hún fari ekki of mikið eftir þeim kenningum, sem hæstv. menntmrh. hélt hér fram í gær og færðar yfir í mennskra manna mál eru þær, að hann vill fá hæfilegt atvinnuleysi, til þess að kaupgjaldið hækki ekki um of. Ég segi: Það er miklu betra að halda fullri vinnu, jafnvel fara dálítið óvarlega í lánveitingum, í fjárveitingum, í Keflavíkurvinnu, hvað við viljum segja, halda fullri vinnu, halda fullum framkvæmdum, og gera svo ráðstafanir aðrar á eftir, til þess að ekki keyri sig allt um koll, heldur en að halda jafnvæginu með sultarólinni á fólkinu, en það var sá boðskapur, sem hæstv. menntmrh. gerði sig að talsmanni fyrir hér í gær. Og hann skal ekki komast upp með að segja, að það sé rangfært, vegna þess að ég skora eingöngu á alla þá, sem efast um réttan skilning minn á hans orðum, að lesa hans ræðu og hugleiða þann boðskap, sem hann flutti. Ég tel okkur ekki hafa neinn ávinning af því hér að vera að leggja annað inn í ummæli andstæðinganna en í þeim felst, það kemur í ljós, ef ummælin eru rangfærð, en menn verða þá líka að hafa kjark til þess að hugsa hverja hugsun til enda og gera grein fyrir því, hvað fyrir þeim í raun og veru vakir.

Ég efast sem sagt ekki um það, að út frá stranghagfræðilegu sjónarmiði og með þetta fullkomna jafnvægi í huga sé hægt að benda á ýmsar veilur, sem hér hafa verið að undanförnu. En ég segi: Okkur Íslendingum hefðu ekki orðið þær veilur hættulegri en öðrum vestrænum þjóðum, ef hér hefði ekki komið annað alveg sérstakt fyrirbæri til, sem engin önnur vestræn þjóð á við að búa í sama mæli, og það er, að verkalýðsfélögin eru að verulegu leyti og á þeim stöðum, sem úrslitaþýðingu hafa, undir stjórn manna, sem, eins og ég segi aftur, ég er sannfærður um að vakir allt það bezta fyrir í raun og veru, — alveg eins og ég er sannfærður um það, að hæstv. forsrh. efast ekki um það, að hann sé sjálfkjörinn frelsari íslenzku þjóðarinnar, alveg á sama hátt efast ég ekki um það, að hæstv. forseti þessarar deildar og hans flokksbræður eru sannfærðir um það, að þeirra málstaður sé réttur. En þeir bara segja: Til þess að ná okkar mikla takmarki verðum við að horfa langt yfir skammt, þá verður að beita verkalýðshreyfingunni meðan íhaldsöflin hafa völdin, ekki út frá því smáborgaralega sjónarmiði, hvort maður hafi betra ofan í sig í dag eða á morgun, heldur við það að ná því stóra marki, og það er að grafa undan auðvaldsfyrirkomulaginu, það er að koma á sams konar sæluríki og nú er í Póllandi og Ungverjalandi. Þessir menn auðvitað vildu ekki koma slíkum hörmungum á, en það bara leiðir af þeirra stjórnarstefnu, að þannig endar sá leikur. Það er þetta, að þeir hafa sett sín pólitísku yfirráð, sína pólitísku valdabaráttu hærra en

hagsmunabaráttu verkalýðsins hverju sinni, sem gerir það, að verkalýðshreyfingunni hefur undanfarin ár verið beitt í annarlegum tilgangi, með annað í huga en þá hagsmunabaráttu, sem miðast eingöngu við bætt launakjör, enda munum við ósköp vel eftir því t. d. frá árinu 1942, þegar kommúnistar voru, — hvað eigum við að segja, hreinskilnari í tali en þeir eru orðnir síðan, þegar jafnágæt kona eins og þingmaðurinn, sem síðar varð, Katrín Thoroddsen, gerði gabb að Óla Skans dansi Alþýðuflokksins, sem hún taldi vera þetta, að vera að leitast við að bæta kjör fólksins með umbótum í stað þess að fylgja hinni kommúnistísku stefnu, sem telur, að umbæturnar út af fyrir sig séu oft og tíðum til hins verra, en ekki til hins betra, þær séu til þess að blinda fólkið fyrir því nauðsynlega, en ekki til þess að vera því sú hvatning, sem þarf til að velta því illa, sem þeir telja núverandi þjóðskipulag vera.

Það, sem við komumst aldrei hjá, er það, að úrslitum hefur ráðið varðandi verðbólguna, varðandi fjárhagsástandið, að þeir menn, sem þessa kommúnistísku skoðun hafa, þessa sannfæringu hafa, trúa þessu eflaust af heilum hug. Þeir hafa notað völdin í samræmi við þessa kenningu, og það hefur gert það að verkum, að allar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, gerðardómslögin, sem hæstv. núverandi forsrh. beitti sér fyrir, dýrtíðarlögin, sem ég var með Stefáni Jóh. Stefánssyni og hæstv. núverandi félmrh. í forustu um, gengislækkunarlögin, sem hæstv. forsrh., hæstv. fjmrh. og ég og ýmsir fleiri góðir menn voru með, — að allt þetta hefur dugað skamma hríð, þetta hefur allt verið gert af valdhöfunum í beztu sannfæringu, vegna þess að það væri nauðsynlegt. Það sannar út af fyrir sig ekki, að það hafi verið heppilegt. Það er t. d. enginn vafi á því, eftir á séð, að gerðardómslögin, sem ég á sínum tíma var með, voru mjög misráðin. En þetta hefur allt verið gert í heiðarlegri og einlægri viðleitni til að forðast vanda, sem ella mundi skapast í þjóðfélaginu, ekki eins og hæstv. forsrh. segir, að allt fjármálalífið sé helsjúkt og allt sé hér á heljarþröm. Auðvitað lifir þjóðin þetta allt af sér og hristir af sér á nokkru árabili, ef menn hafa kjark og þor til þess að horfast í augu við staðreyndirnar og skera á meinsemdina, þar sem hún er, ekki með valdi eða ofbeldi, heldur með einlægri og þrotlausri vinnu, útskýringu hins sanna samhengis efnahagslífsins fyrir þjóðinni.

Hingað til hafa kommúnistar ætíð haldið þessu fram: Það eru allir aðrir en launþegarnir, sem hér bera sökina. Kaupið lækkar af sjálfu sér, ef verðlagið lækkar. — Nú fá kommúnistarnir færi á því að komast til valda. Þeir hafa mikið hlutverk að vinna fyrir sinn alheimsflokk. Þeim er sagt að kaupa sig inn í ríkisstj. íslenzku til þess að ráða utanríkismálunum, þó að þeir þurfi að borga hátt verð fyrir, og verðið, sem þeir borga, er að setja, að vísu aðeins til bráðabirgða, en þó til bráðabirgða, löggjöf, sem kollsteypir öllum þeirra fyrri kenningum um orsakir verðbólgunnar, löggjöf, sem eins og hæstv. félmrh. sagði byggist á því, að fyrst er kaupið stöðvað, til þess að hæstv. ráðh. geti svo farið til annarra og eiginlega bónarveg að þeim, að þeir verði ekki allt of ósanngjarnir í sínum kröfum.

Ég segi: Ég vonast til þess, að þessi löggjöf beri sinn tilætlaða árangur og að ráðstafanir, sem gerðar verði síðar, verði haldgóðar, ég hef ekki hugmynd um það, enda ber ég auðvitað takmarkað traust til þessarar stjórnar, en ég vona, að þær ráðstafanir verði haldgóðar, því þó að þjóðfélagið muni ekki farast, þó að þær fari út um þúfur, þá væri það auðvitað þægilegra, að þessir menn, sem bölinu hafa komið af stað, lækni það sjálfir. En hvað sem um það verður, þá mega þessir menn vera sannfærðir um það, að þetta fordæmi, sem þeir nú hafa gefið með lögbindingu, er sú játning á öllum þeirra fyrri yfirsjónum, sem þeim mun seint úr minni falla og þeir verða áreiðanlega oft minntir á. Og ég óska þess, að það þurfi ekki framar að beita valdi eða lögbindingu, heldur sannfærist allur almenningur, svo sem hann mun gera áður en yfir lýkur, ekki sízt af þeirri algeru stefnubreytingu, sem hér hefur átt sér stað, um, að honum er sjálfum fyrir beztu að taka aldrei hærra kaup eða heimta til sín meiri hlut af þjóðartekjunnm en efnahagslífið í raun og veru stendur undir, vegna þess að ef meira er krafizt, þá er það sjálfsblekking, sem engum verður til góðs, heldur öllum til ills. Það er þessi játning, sem kommúnistar hafa aldrei fengizt til þess að gefa fyrr en nú, sem þeir gáfu með setningu þessara laga, og hafi þeir þökk fyrir.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég ætla að gera lítils háttar grein fyrir verðlagningu landbúnaðarafurða vegna blekkinga, sem voru bornar hér fram af hv. 1. þm. Rang. En áður en ég vík að því, ætla ég að leyfa mér að fara örfáum orðum um önnur efni vegna ræðu hv. 1. þm. Reykv.

Það er sannast að segja orðið dálítið einkennilegt að eiga orðastað við menn um stjórnmál, þegar bersýnilega er ekki treyst á það fyrst og fremst, heldur það atriði algerlega látið engu skipta, hvort sagt er satt um málefni eða ekki. Það eru að vísu til ýmsar sögur um það, hvernig er hægt að endurtaka lygi þannig, að henni verði trúað, og það er til bréf í safni einu hér á landi frá stjórnmálamanni, sem var uppi stuttu eftir aldamótin og skrifaði einum af flokksbræðrum sínum og sagði, að hann yrði að læra það, að lygin væri jafnnothæf og sannleikurinn; aðeins ef hún væri nægilega oft sögð, þá tryðu menn henni eins og sannleikanum, og hún væri þess vegna jafngott vopn og sannleikurinn. Það er ómögulegt annað en að láta sér detta það í hug, að hv. 1. þm. Reykv. lifi eftir þessari reglu.

Það er búið að skrökva því í Morgunblaðinu hvað eftir annað, — og sennilega, eftir því sem hann talar nú, þessi hv. þm., þá stendur hann að þessum ósannindum, — að það hafi ekki verið samþykki verkalýðssamtakanna og bændasamtakanna fyrir þeim lögum, sem hér voru sett. Hvað eftir annað er búið að lýsa þessu yfir, og enn kemur 1. þm. Reykv. hér fram og heldur því fram, að svo sé.

Þetta er þvert ofan í allar staðreyndir og sannanir, bein ósannindi. Stjórn Alþýðusambands Ís-

lands var spurð, stjórnir allra verkalýðsfélaganna í Reykjavík voru spurðar, og stjórnir fjórðungssambanda verkalýðssamtakanna voru spurðar. Þetta gengur svo langt, að það eru að koma samþykktir frá sumum félögum úti um land, sem betur fer, þar sem þessi ósannindi Morgunblaðsins eru blátt áfram vítt og þau ósannindi, sem voru borin fram núna hér í þingsölunum, og a. m. k. sá ég eina samþykkt núna nýlega, þar sem er sagt, að þeir víti það, að því skuli vera haldið fram, að ekki hafi verið sótt samþykki til verkalýðsfélaganna, þegar þessi löggjöf hafi verið sett, því að það hafi vissulega verið gert á allan þann hátt, sem hugsanlegt var að gera með stuttum fyrirvara, þegar sett voru brbl.

Þau eru svo furðuleg, þessi ósannindi, að á sama tíma og Morgunblaðið heldur því fram, að þessa samþykkis hafi ekki verið leitað, birtir það frétt á öðrum stað í blaðinu, þar sem skýrt er frá fundum í verkalýðsfélögum, sem hafi verið haldnir, og skýrir frá andstöðunni gegn því, að þessi lög voru sett, þ. e. andstöðu, sem Sjálfstfl. hafði skipulagt á nokkrum stöðum. M. ö. o.: Það er skýrt frá því í frétt, að fundir hafi verið haldnir til að leita samþykkis, sem á öðrum stað í blaðinu segir að alls ekki hafi verið leitað eftir. Ég beið hvorki meira né minna en hálfan annan dag, vegna þess að það þurfti að ná sambandi við framleiðsluráð landbúnaðarins, en í framleiðsluráði er stjórn stéttarsamtaka bænda. Það náðist í hvern einasta mann nema einn bónda austur á landi. Og það liggja fyrir tvær yfirlýsingar frá formanni framleiðsluráðs, opinberar, í blöðum, um, að það hafi verið leitað til framleiðsluráðs landbúnaðarins í þessu efni.

Það er þess vegna orðin nokkuð einkennileg málfærsla, þegar þarf að standa í öðru eins og þessu, en þessi málfærsla er auðsjáanlega byggð á því að endurtaka ósannindin nægilega oft.

Hér er komin fram önnur kenning, sem er jafneinkennileg. Ég skal ekki fara mörgum orðum um hana. Það er vitað mál, að okkar atvinnulíf og fjármálakerfið, eins og við oft orðum það, er vitanlega helsjúkt. Það getur enginn maður breytt þeirri staðreynd heldur. Ef ekki er gripið í taumana, þá er bersýnilegt, hvernig fer. Nú á að búa til úr þessu eina blekkinguna. Og það er þess vert að benda á það, hvernig á að búa blekkinguna til. Jú, fjármálakerfið, það orð er ákaflega skylt orðinu fjármálaráðherra. Hér á að búa til nýja blekkingu, hún er endurtekin í öllum blöðum stjórnarandstöðunnar hvað eftir annað: fjármálakerfi þjóðarinnar sé spillt, það er fjármálaráðherra að kenna.

Nú vitna ég til þess, og það hygg ég að allir þm. úr fyrrv. stj. kannist við, að það er búið að gefa hér út tvö hagfræðingaálit, eitt á seinasta ári og annað álit nokkru áður, af öðrum aðilum. Þess vegna liggur fyrir bæði frá útlendum aðilum og innlendum aðilum grg. um þetta atriði. Einasta — takið eftir því — einasta grein fjármálakerfisins íslenzka, sem er talin vera í lagi þessi ár, er meðferð ríkissjóðs, meðferð fjárlaganna og framkvæmd. En vegna þess að orðið fjármálakerfi, þ. e. a. s. atvinnulíf og það, sem þar er í kring, er skylt, þá á með endurtekningum að reyna að búa til þá villu, að það sé fjmrh., sem hafi fari þannig að ráði sínu, þó að það sé m. a. þannig, að í leyniplaggi fyrrv. forsrh. og þeirra hagfræðinga, sem hann sjálfur nefndi til, er tekið beinlínis fram, að það eina, sem ekki hafi valdið dýrtíð, eyðileggingu á fjármálakerfinu, sé það, hvernig farið hafi verið með fjárlögin. Þetta liggur fyrir. En svo kemur 1. þm. Reykv. hér, og þið heyrðuð ræðu hans. Þetta er málfærslan. Og svo er málfærslan að öðru leyti eftir þessu.

Maðurinn, sem stóð hér og sagði: Ég vona, að þær hörmungar hendi aldrei Ísland, eins og það var statt þá, að það þurfi á ölmusu að halda — kemur hér og segir við mig: Ég hef sagt, að það horfði þannig með fjármálin, að það liti út fyrir, að það væri verið að fara með allt norður og niður — eða eitthvað á þá leið. Og hvers vegna fór það ekki? Vegna þess að það var þegin ölmusa, — annars hefði það farið það, — og sú ölmusa þegin í stærri stíl en a. m. k. hann hefur dreymt um þá og nokkurn hefur dreymt um þá — og hvað eftir annað og í alls konar myndum. Það er ekki ástæða til að rekja það nánar, en það er ekki hægt að komast hjá því að minna á það, þegar svona er talað. Og hann minnist hér á Keflavíkurflugvöll. Jú, það var fækkað um 1000 á Keflavíkurflugvelli frá því, að hann stjórnaði.

Það, sem hefur farið hér með fjármálakerfið, er vitanlega, eins og hagfræðingarnir sýna fram á, ekki fjmrh. og hans stjórn á fjármálunum, heldur alveg þvert á móti fjárfesting og ýmislegt annað, þar sem ráðherrar Sjálfstfl. hafa haft yfirráð.

Ég er ekki að letja í því efni, að farið sé eins hratt og hægt er í öllum framkvæmdum. En í allri hógværð vil ég, þegar hv. 1. þm. Reykv. talar á þessa leið, bara minna á þetta: Það fyrsta, sem ég tek við, þegar ég kem að framkvæmdum í rafmagnsmálum, er það, að það vantar 18—23 milljónir til þess að framkvæma það, sem ríkisstj. er búin að lofa, og ekki einn einasti eyrir til að framkvæma það. Það er farið til bankanna, og þá er um leið svarað hv. 1. þm. Rang., sem segir, að bankarnir hafi tæmzt vegna þess, að fólkið hafi ekki tiltrú á núverandi ríkisstj., — það er farið til bankanna og kallað á þá. Sama sagan þar: allt tómt. Hægt að lýsa því hér yfir opinberlega, sem þeir sögðu á þeim fundi allir, fulltrúar frá öllum bönkunum, að það væri búið að lána óeðlilega mikið og raunar óleyfilega mikið og engir peningar til í nokkur útlán, þegar þeir voru beðnir um fjármuni til þess að standa undir rafmagnsframkvæmdunum.

Sementsverksmiðjan: Seinasti eyririnn virðist hafa verið borgaður, sem ríkisstj. hafði yfir að ráða til framkvæmda í þeim málum, dagana áður en hún fór frá völdum, því að þegar ríkisstj. tók við, heimtuðu verkamennirnir greiðslu, og þá var ekkert til þess að greiða þeim kaup, allt búið að tæma þar.

Í íbúðarhúsasjóðnum voru til lán í milli 30 og 40 íbúðir, en 1600—1700 manns biðu, þegar ríkisstj. fór frá völdum, eftir því að fá lán.

Framleiðslusjóður: Jú, hann hafði verið settur á stofn, en án þess að sjá fyrir auknum tekjum í framleiðslusjóð var norðanlandssíldinni bætt á

framleiðslusjóð með hækkun á sunnanlandssíldinni, hækkun á karfa, hækkun á fiskverði til togara og fleira.

Tómur fiskveiðasjóður, tómir útlánasjóðir landbúnaðarins, án þess að séð hefði verið fyrir nokkrum einasta eyri í þá sjóði. — Gjaldeyrislaust og síversnandi horfur í framleiðslunni, eins og sést á því, að framleiðslusjóður þarf raunverulega að afla tekna, svo að skiptir tugum milljóna, ef ekki eitthvað á annað hundrað milljóna, sem ég þori ekki að segja um á þessu stigi.

Þetta er nú að skilja þannig við, að það er ekki furða, þó að hv. 1. þm. Reykv. komi hér upp og belgi sig. Þetta er viðskilnaður til þess að belgja sig út af. Hann var að tala um, að það hefði einhver maður þagað í 25 ár og það hefði verið vel gert. Ég held nú satt að segja, að þeim ráðherrum, sem hafi staðið að þessu, sæmdi bezt að fara eftir þeirri reglu, og sannast að segja hélt ég, að hann ætlaði að fara niður úr ræðustólnum og fara eftir reglunni.

En það, sem ég ætlaði að minnast á, — og hefði ekki minnzt á þetta atriði, nema ég sat hér undir þessum lestri og taldi rétt þess vegna að minna á það, — voru orð hv. 1. þm. Rang. um landbúnaðinn.

Það er allt á sömu bókina lært. Hann segir, að það eigi nú að fara að svíkjast að bændum og þeir eigi engan málsvara í ríkisstj., nú eigi að fara að svíkjast að þeim, og nefnir dæmi þess, hvernig að þeim hafi verið svikizt, — allt, eftir því sem nákvæmar upplýsingar liggja fyrir um, allt, eins og ég skal sýna fram á, tómar falsanir.

Það er alveg furðulegt, að hv. þm. frá Sjálfstfl. skuli koma hér fram og minna á það, sem gerzt hefur í þessum málum áður. Sannleikurinn er sá, að það, sem hefur kannske staðið í vegi fyrir því meira en nokkuð annað, að hægt hafi verið að koma á stöðvun, er, að það var samið af Framsfl. og Sjálfstfl. um afslátt til þess að stöðva dýrtíðina 1944 um 9.4%, og síðan tók Sjálfstfl. við framkvæmd þeirra mála og lofaði bændum því, lofaði búnaðarþingi því, að kaup skyldi ekki heldur hækka, ef bændurnir fengjust til að samþykkja að gefa eftir 9.4% af þeirri hækkun, sem þeir áttu að fá þá um haustið. Muna hv. þm., hvernig var farið með þetta mál? Það var svikið. Loforðið var svikið. Það er það eina orð, sem því hæfir, og ekkert annað orð. Síðan var haldið áfram með framkomu við bændur í þessum stíl. Félagssamtök þeirra voru heft í fjötra, þeim skipuð stéttarsamtök, sem er einsdæmi í sögu íslenzku bændastéttarinnar fram til þessa og verður vonandi einnig framvegis. Það gleymdist allt í nýsköpunarstjórninni, sem snerti bændur. Það gleymdist að útvega þeim fé til framkvæmda, og sjóðirnir í Búnaðarbankanum voru tómir. Það voru lánaðar svo litlar fjárhæðir þar út, að ef þær eru nefndar, þá trúir því enginn, að slíkt skyldi geta átt sér stað.

Ég held satt að segja, að hv. þm. hefði ekki átt að minna á þetta, því að það liggur alveg ljóst fyrir, að eftir að Framsfl. kom í ríkisstj. 1947, voru þvingaðar fram þær framkvæmdir fyrir landbúnaðinn, sem hafa orðið síðan, og hattar alveg greinilega fyrir frá því, sem var, meðan Sjálfstfl. fór með völd án þátttöku Framsfl.

En svo kem ég að því atriði, sem ég ætla að leiðrétta. Það er þá fyrst, að hv. þm. tekur hér í ræðu sinni sem gefið mál, — og verð ég að biðja þm. afsökunar á því, að þetta er leiðindastagl, en ég verð að fara í gegnum það, vegna þess að hér eru bornar fram blekkingar, sem er ekki rétt að ganga fram hjá, — hann tekur þá fyrst sem gefið, að 13 kg dilkur, segir hann, með leyfi hæstv. forseta, „hann er greiddur núna nákvæmlega 289.85 kr., en ætti að vera með 8.2% hækkun frá því í fyrra kr. 298.40. Hér vantar 3.3%, til þess að bændur fái þessa 8.2% hækkun.“

Fyrst verður að minnast á það, sem að vísu er þó víst flestum þm. ljóst, að bændur áttu í haust inni hækkun, sem nam 8.2%. Þeir áttu að fá hækkun á landbúnaðarvörur 8.2% samkv. vísitölu 178. Verkamennirnir féllu frá 6 stigum. Vísitalan var komin upp í 184, og eftir að þeir féllu frá kauphækkun samkv. þessum stigum, ættu bændur raunverulega ekki rétt á hækkun á landbúnaðarvörum fyrir kauphækkun, sem ekki hafði átt sér stað, vegna þess að landbúnaðarverðið á að hækka á eftir. En til þess að vera viss um, að þessi lögskýring væri eðlileg og réttmæt, var leitað þeirra samþykkis fyrir því, og þeir töldu það vitanlega í alla staði eðlilegt, eins og hefur komið áður fram. (Gripið fram í.) Þeir töldu sig ekki geta gert kröfur til þess. (Gripið fram í.) Það er bezt fyrir hv. þm. að bera sig ekki allt of mannalega. Nú veit hann, að ég ætla að fara að reka ofan í hann, og þá byrjar hann á því að reyna að bera sig svolitið mannalega áður. Maður skilur nú orðið aðferð þessa hv. þm. og þekkir hann dálítið persónulega.

Í fyrsta lagi er þá það, að hann veit ekkert um þetta verð. Það veit enginn núna um það á Íslandi, hvað verður verð á dilk með 13 kg kroppþunga. Þar eru fjöldamargir liðir enn þá óreiknaðir, þannig að hann getur undir engum kringumstæðum gefið sér þessa tölu. Þetta er alveg tvímælalaust samkv. upplýsingum frá þeim aðilum, sem bezt vita. Tala þessi er þess vegna tilbúningur. En síðan heldur hann áfram. „Ég ætla að taka,“ segir hann, „ýmislegar kjöttegundir“ — og tekur alikálfakjöt, svo tekur hann aðra tegund af nautakjöti, svo tekur hann í þriðja lagi enn eina tegund af nautgripakjöti. Síðan tekur hann kýrkjöt, alikálfakjöt af ungkálfum og folaldakjöt, tekur þetta og reiknar hvert dæmi fyrir sig og telur sig sýna fram á, að með verðlagningu á þessum vörum sé ekki náð verðhækkuninni 8.4%. En hann skýrir ekki frá annarri staðreynd, sem hann hlýtur þó að vita um, og þessi staðreynd er sú, að við verðlagninguna miðar framleiðsluráð við það að geta náð sem beztum árangri fyrir bændur, beztu verðlagi fyrir afurðir þeirra í heild, og við verðlagninguna 1955 er gert ráð fyrir því, að bændur fái kr. 17.25 fyrir kg af dilkakjöti, en við verðlagninguna í haust er gert ráð fyrir því, að bændur geti fengið kr. 19.05 fyrir kg af dilkakjöti, og þetta er 10.45% hækkun, ekki 8.2%, ég á eftir að koma að, af hvaða ástæðum það er. Ef gert er ráð fyrir 13 kg kroppþunga og farið er eftir verðlagningu grundvallarins, þá hefðu bændur átt að

fá 285 kr. fyrir dilkinn í fyrra, en ættu að geta fengið núna 312 kr. Þetta er 9.4% hækkun. Sá liður grundvallarins, sem er afurðir af nautgripum, afurðirnar teknar í heild, var í fyrra 53975 kr., en er nú, eftir að verðlagningu lauk s. l. haust, 58421 kr. Þessi hækkun er 4446 kr., eða 8.2%.

Þetta er heildarhækkunin á afurðum af nautgripum. En vegna þess að sumar nautgripaafurðirnar hafa selzt illa, einmitt þær, sem hv. 1. þm. Rang. taldi upp, eru þær hækkaðar minna en 8.2%, en þær vörur, sem betur seljast, eru hækkaðar meira og þannig næst jöfnuður, vitanlega algerlega án nokkurra afskipta frá landbrn., því að sjálfsögðu telja bændur sér það hagkvæmt að láta ekki hækkunina koma fram á þeim afurðum, sem hv. 1. þm. Rang. taldi hér upp og þeir eiga talsvert mikið óselt af, en láta hækkunina frekar koma fram meiri á mjólk og dilkakjöti, sem er seljanlegri vara, og jafna þannig metin. Af þessu getið þið séð, að annaðhvort er hér um þá stórkostlegustu vanþekkingu að ræða hjá manni, sem fæst við verzlun á landbúnaðarafurðum, eða um beinar falsanir. Hann hlýtur að gera sér það ljóst, að þessar vörur, sem hann telur upp, eru verðlagðar lægra og það með ráði framleiðsluráðsins eins að sjálfsögðu, vegna þess að af þeim liggur talsvert fyrir og þær eru minna seljanlegar, en verðhækkuninni hins vegar náð nokkru meiri til jöfnunar á þeim vörum, sem eru betur seljanlegar.

Það er nú eiginlega auðsætt, að hv. þm. gerir sér ljóst, að hann fer hér með blekkingar, kemur fram í ræðu hans, að það er næstum því, að liggi fyrir sannanir, með leyfi hæstv. forseta:

Mér kæmi það ekkert á óvart, segir þm., þó að þeir ætli að reyna að klína því, þ. e. framsóknarmennirnir, á framleiðsluráð, að ekki hefur verið betur gert en nú, eftir að hafa þó sett lög, sem hér er verið að ræða, um að taka réttinn af framleiðsluráðinu.

Hér gerir þm. auðsjáanlega ráð fyrir því, að það verði sagt, sem hver einasta ríkisstj. hlýtur að segja og getur ekkert annað sagt: Framleiðsluráðið ræður þessum málum, án þess að landbúnaðarráðherra geti gripið fram fyrir hendurnar á ráðinu á nokkurn hátt. Það hefur ráðin sjálft að landslögum eftir ákveðnum reglum, og það verður ekki gripið fram fyrir hendurnar á því, enda hefur það ekki verið reynt. Hvers vegna slær hv. þm. þennan varnagla? Hann slær hann vegna þess, að hann veit, að það hlýtur hver einasta stjórn að segja þetta, vegna þess að þetta er staðreyndin. En svo þykir honum þetta ekki nægilegt, því að hann segir: Ég er alveg sannfærður um það, og ég þekki marga menn í framleiðsluráði, að þeir eru ekki ánægðir með þessar framkvæmdir, og þetta getur ekki verið framkvæmt svona nema vegna þvingunar frá hæstv. ríkisstj. — Hitt dugir ekki, því að hann veit, að það er auðvelt að svara því, eins og ég hef gert. Það er framleiðsluráðið, sem ræður. En þá ætlar hann að halda því fram, að það hafi komið einhver þvingun — og hvaðan hefur hún komið? Hún hefur komið frá ríkisstj. Vill ekki hv. þm., næst þegar hann talar, gera svo vel að koma fram með sannanir um þessar glósur? Vill hann ekki gera það — ellegar heita minni maður fyrir allt saman? Það er bersýnilegt, að hann kemur fram hér, tekur hér vörur, sem framleiðsluráðið telur sér ekki rétt og ekki fært vegna hagsmuna bænda að hækka, minnist síðan ekki á vörurnar mjólk og kjöt, sem hækka meira til þess að jafna metin, og ætlar svo að reyna að koma því á landbrh., að hann hafi beitt framleiðsluráðið þvingun.

Fyrst er sjálft efni málsins falsað, því að það eru vitanlega hreinar blekkingar að taka sumar af vörunum, en minnast ekki á aðrar, — og síðan reynt að koma því þannig fyrir, eins og ég hef hér lesið. Nú skora ég á hann að koma fram með sannanir fyrir sínum glósum. (IngJ: Já, já.) Það er gott, það kemur sennilega næst, og þá skulum við talast betur við.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það er nú fremur kátbroslegt að sjá hv. 1. þm. Reykv. (BBen) gerast hér á Alþingi talsmann fyrir verkalýðssamtökin í landinu og kvarta undan því sáran, hve núv. ríkisstj. leiki verkalýðssamtökin og verkalýð landsins grátt. Og lítið gerist þetta betra, þó að í hóp með hv. 1. þm. Reykv. sláist 2. þm. Reykv. (BÓ) og kvarti fyrir hönd verkamanna undan illri meðferð í sambandi við þessa lagasetningu.

Það verður að segjast eins og er, að það er alveg furðulegt, að fulltrúar þess flokks, sem staðið hefur í fararbroddi fyrir þeim aðgerðum varðandi hagsmunamál verkamanna á undanförnum árum, sem Sjálfstfl. hefur gert, skuli leyfa sér að tala um þessi mál eins og þeir hafa gert í þessum umr.

Ég vildi gjarnan víkja hér að nokkrum atriðum, sem varða efnishlið málsins, þó að ég hljóti að leiða hjá mér mikið af því langa karpi, sem fram hefur komið hjá þm. Sjálfstfl. varðandi málið almennt.

Uppistöðuatriði í ræðu Bjarna Benediktssonar, hv. 1. þm. Reykv., var að hamra á því, að með setningu brbl. hefðu kommúnistar, eins og hann orðaði það, gengið inn á það meginsjónarmið sjálfstæðismanna, að kaupgjald verkamanna væri orsökin að erfiðleikunum í efnahagsmálum landsins og að það þyrfti því að grípa til kaupbindingar, og síðan bollalagði hann nokkuð um það, hvað hefði komið til, að kommúnistar hefðu nú í verkalýðssamtökunum gengið inn á þetta sjónarmið, sem þeir fram til þessa hefðu alltaf neitað. Að vísu hvarf hv. 1. þm. Reykv. frá þessari kenningu að mestu síðar í ræðunni, eins og ég skal koma að síðar, því að þá hafði hann raunverulega snúið þessu öllu við. Hann hefur ekki áttað sig á því sýnilega, eftir því sem hann hagar máli sínu, hvað það var, sem raunverulega var að gerast frá hálfu verkamanna í sambandi við þessa lagasetningu.

Þegar forustumenn verkalýðssamtakanna samþykktu það á sínum tíma að falla frá kauphækkun, sem nam 6 vísitölustigum og átti að taka gildi 1. sept., voru þeir þá að samþ. kauplækkun, sem 6 vísitölustigum nam? Ja, það virðist Bjarni Benediktsson halda, og það er vitanlega út frá þessari meginforsendu, að það hefur verið kenning sjálfstæðismanna og er kenning

þeirra enn í dag, að það þurfi að lækka kaup verkamanna, t. d. um sex stig, það þurfi að lækka kaup verkamanna um eitthvað ákveðið, og þá muni allt taka að lagast í efnahagsmálum landsins. En í augum verkamanna horfa þessi mál þannig við, að þeir hafa tryggt sér með samningum á hinum ýmsu tímum að fá hækkað kaup á móti hækkandi verðlagi. Þeir hafa reynt með samningum sínum að tryggja sér það eftir ýmsum leiðum, að kaupmáttur þeirra launa héldist sem jafnastur. Og hvað var það, sem verkalýðssamtökin samþykktu í þessu tilfelli? Þau voru ekki að fórna neinum sex stigum í raunverulegu kaupi. Þau voru ekki að samþykkja neina kauplækkun, það er rangt. Þau stóðu frammi fyrir því, að þau gátu samkv. rétti sínum tekið nokkra kauphækkun 1. sept. þ. á., en þau stóðu líka frammi fyrir því, að þessi litla kauphækkun, sem fólst í þessum sex stigum, átti að hverfa að fullu og öllu strax eftir 15 daga. Það lá jafnumsamið eins og þessi sex vísitölustig á borðinu, að nýtt afurðaverð átti að taka gildi á hinum nýju landbúnaðarafurðum, sem áttu að koma á markaðinn eftir 15 daga, og kaupgjaldið hefði ekki hækkað vegna hins nýja afurðaverðs, sem átti að koma um 15.—20. sept. Kaupgjaldið hélzt óbreytt til 1. des., en þá átti að reikna aftur út nýja vísitölu. Það lá líka fyrir jafnumsamið og víst, að ýmsar verðhækkanir lágu á borðinu, eins og hækkun á rafmagnsverði hér í Rvík og stórkostleg hækkun á olíuverði, sem hefði a. m. k. verið komin fram, ef Sjálfstfl. hefði þar ráðið nokkru um.

Þessar umsömdu verðhækkanir, sem lágu á borðinu, voru reiknaðar út af forsvarsmönnum verkalýðssamtakanna, og þegar þeir sáu, að sex stiga kauphækkunin, sem hægt var að taka 1. sept., var öll upp étin, upp á eyri, eftir 15 daga, þá gerðu þeir samkomulag um að afsala sér þessari kauphækkun með þeim skilyrðum, að þær verðhækkanir, sem voru jafnumsamdar fyrir, skyldu ekki heldur ná fram að ganga, þær verðhækkanir, sem hefðu annars étið kauphækkunina alla upp.

Hér var því um gagnkvæma samninga að ræða, sem verkalýðssamtökin í landinu skildu og þau töldu sér hag af, en ekki eins og hinir nýju málsvarar verkalýðssamtakanna í landinu, Bjarni Benediktsson og Björn Ólafsson, telja, að verkalýðurinn hafi á þennan hátt vegna svika kommúnistaforingjanna verið svikinn um kaupgjald.

Það var sem sagt ekki í þessu tilfelli hin margrómaða stefna Sjálfstfl. að reyna að lækka kaup verkamanna, að reyna að draga úr kaupmætti þeirra launa, sem hér var verið að framkvæma, heldur hafði tekizt hér að fá samkomulag á milli vinnustéttanna um gagnkvæmar aðgerðir, sem báðum gat orðið að verulegu gagni.

Þetta er vitanlega nauðsynlegt fyrir hinn nýja leiðtoga verkamanna, hv. 1. þm. Reykv., að gera sér fyllilega ljóst, ef hann á von á því, að nokkur verkamaður í landinu vilji taka hann sem gildan forustumann, hlýða á hann, þegar hann talar um þessi mál, því að það hefur verið siður forustumanna í verkalýðssamtökunum að meta það alveg raunhæft, miðað við það, sem út úr dæminu kemur hverju sinni, hvað þeirra kaupmætti er fyrir beztu. Þeir hafa t. d. skilið það mætavel, að till. eins og sú, sem Sjálfstfl. stóð að í fyrrv. ríkisstj., till., sem miðaðist við það að samþykkja fyrst hér á Alþingi stórkostlegar álögur, álögur, sem talið er að muni hafa hækkað verðlag í landinu um 230—250 millj. kr. á ári, álögur, sem hlutu að koma út í verðlaginu í landinu, hlutu að hækka verð á svo að segja öllum hlutum, — þeir hafa skilið það, að slík samþykkt, sem kom þessari verðhækkun í gegn, og ráðstöfun, sem svo átti að koma í veg fyrir alla kauphækkun á móti öllum þessum álögum með því að greiða niður tiltekna liði vísitölunnar um 20—30 millj., hlaut vitanlega að þýða skertan kaupmátt launa, þegar allt var tekið til.

Það var af þessari ástæðu, sem verkalýðssamtökin sögðu: Ef hin gífurlega verðhækkun á öllum hlutum, sem hlýtur að verða afleiðing af tollahækkununum s. l. vetur, á að framkvæmast þannig að halda vísitölunni fastri með niðurgreiðslu, sem kostar 20—30 millj. kr., af því að niðurgreiðslunni er beint að tilteknum fáum vöruflokkum, þá er þetta hin herfilegasta vísitölufölsun og skerðing á raunverulegum kaupmætti. Af því getum við ekki samþykkt þetta. — En það vakti vitanlega fyrir Sjálfstfl. samkv. hans höfuðkenningu, að galdurinn lægi í því að lækka kaupmáttinn, minnka hið raunverulega kaup verkamanna, þá mundi þetta allt saman lagast.

Svo er í sambandi við þessa löggjöf reynt að snúa við staðreyndum með því að segja: Ja, í fyrra tilfellinu neituðu forustumenn verkalýðssamtakanna niðurgreiðslum, en nú geta þeir samþykkt niðurgreiðslu, af því að nú er hún framkvæmd í sambandi við verðlækkunina á landbúnaðarafurðunum.

Eins og ég sagði, féllu forustumenn verkalýðssamtakanna frá sex stiga vísitöluhækkuninni gegn því, að tilteknar hækkanir, sem á borðinu lágu, m. a. í sambandi við landbúnaðarafurðir, næðu ekki fram að ganga. Þetta var það, sem sneri að launþegunum sem slíkum. En aftur var svo hitt, að bændur landsins höfðu beðið í langan tíma eftir að fá nokkra kauphækkun sér til handa vegna hins gífurlega hækkandi verðlags, sem verið hafði á öllu árinu, m. a. sem afleiðing af nýju tollunum og nýju sköttunum, sem samþykktir voru upp úr síðustu áramótum. Vitanlega vildu verkalýðssamtökin í landinu ekki standa gegn því, að bændum yrðu greiddar nokkrar uppbætur fyrir allan þann langa tíma, sem þeir hafa þurft að bíða eftir sinni kauphækkun, og það var gengið til samkomulags um það, að sú verðhækkun á landbúnaðarafurðum, sem sanngjarnt væri að gengi í gegn til handa bændum, skyldi verða greidd úr ríkissjóði þennan stutta tíma, og sú greiðsla átti líka að koma þannig fram, að allar landbúnaðarafurðir jafnt skyldu greiddar niður að sama hlutfalli, og þar af leiðandi gat ekki orðið um neina röskun á vísitölugrundvellinum þess vegna að ræða, alveg öfugt við það, sem sjálfstæðismenn höfðu yfirleitt lagt til í sínum tillögum.

Þetta var vitanlega ástæðan, að verkalýðssamtökin í landinu sáu, að án þess að skerða kjör launþega gátu þau átt sinn þátt í því að stöðva

verðlagið í nokkra mánuði og gefa þannig ríkisstj. kost á því að nota þennan frest til þess að koma að till., sem gætu staðið lengri tíma og þá jafnframt yrðu miðaðar við það, að kaupmáttur launa yrði ekki skertur. En það var ekki aðeins þetta, sem ég hef minnzt á nú, sem lá fyrir hjá verkamönnum, þegar þeir samþykktu þessa lagasetningu. Auk þessa var svo það algera nýmæli, sem Sjálfstfl. hefur aldrei fengizt til viðtals um og er greinilegast nú í þessum umr. að kemur honum verst, en það voru ákvæði um að stöðva allar verðhækkanir á öllum sköpuðum hlutum í landinu þennan sama tíma, að ákveða að halda öllu verðlagi gersamlega föstu.

Sjálfstfl. hefur aldrei verið til viðtals um slíka ráðstöfun sem þessa — og af hverju? Vegna þess að aðalumboðsmenn hans og aðalstuðningsmenn hafa átt þarna hlut að máli. Þeir vildu hafa allt laust hjá sér, þeir vildu geta hækkað verðlagið, eftir því sem hagsmunir þeirra buðu þeim hverju sinni. Svo eru þessar gömlu skýringar, sem ganga hér aftur í þessum umræðum, en eru þó orðnar hlægilegar í augum allra landsmanna, að ekki saki að hafa verðlagið í landinu alveg óbundið, vegna þess að verðlagið jafni sig alltaf sjálft, það sé hin frjálsa samkeppni, eins og stundum er sagt, sem haldi verðlaginu öllu í skefjum, enginn þurfi neitt að líta eftir því, því að hin frjálsa samkeppni muni sjá um það, — þó að í rauninni allir landsmenn séu margsinnis búnir að þreifa á því, að meira en í öðru hverju tilfelli verður samkomulag á milli þeirra, sem selja, eða gagnkvæmur samningur um það að halda verðlaginu uppi, en ekki bjóða niður hver fyrir öðrum.

Ein ný kenning kom hér fram enn, og hún var vitanlega frá hagfræðingi Sjálfstfl. hér á hv. Alþingi, og það var kenningin um það, að ekki þyrfti neitt að hugsa um verðlagið, það kæmi af sjálfu sér, því að ef maður t. d. bannar allar kauphækkanir, bindur kaupið, þá dettur engum manni í hug að hreyfa verðlagið, vegna þess að það er ekki til nein vaxandi kaupgeta til að taka við hækkandi verðlagi.

Það er engu líkara en að menn, sem svona tala, hafi verið fyrir utan hið gangandi líf í kringum þá, að þeir hafi ekki orðið varir við það, hvernig á því tímabili, sem kaupgjald hefur staðið algerlega fast og kyrrt, hafa stórsveiflur getað orðið í verðlaginu þrátt fyrir allt og vitanlega vissum aðilum, vissum mönnum og vissum fyrirtækjum, til stórgróða.

Það var líka eins og hv. 2. þm. Reykv. (BÓ) sagði hér, að það, sem vitanlega er verst við þessi lög og er í rauninni óframkvæmanlegt, sagði hann, er sá þáttur löggjafarinnar, sem snýr að því að ákveða, að verðlag allt í landinu skuli standa óbreytt þessa fáu mánuði. Það er auðvitað alveg vitað mál, að í einstaka tilfellum getur það farið svo, að þeir, sem vörur og þjónustu selja, verði að selja með tiltölulega litlum hagnaði af þessum ástæðum þessa fáu mánuði. En þó að það kunni að vera erfitt fyrir þá, er það athyglisvert í þessu, að þeir sömu menn, sem kvarta undan því, að það geti verið erfitt fyrir þá, sem selja vöruna, að geta ekki alltaf fengið allar þær sveiflur borgaðar einhvers staðar frá, sem kunna að verða á markaðsverðinu, telja hið fasta kaupgjald, óbreytt kaupgjald, geta staðið, þó að verðhækkanir verði. Þó að það verði verðhækkun á eftir verðhækkun á vörum, hví skyldi kaupið ekki geta verið bundið? En hvernig á sá, sem selur vöruna, að geta mætt einhverjum áföllum. Hann getur ekki mætt neinu. Þessi hugsanagangur er að vísu ekki nýr. Hann hefur þekkzt áður. En það er ekki líklegt, að þeir menn geti orðið hátt skrifaðir hjá verkalýðssamtökum landsins, sem svona hugsa og svona mæla.

Svo koma allar áhyggjurnar af því hjá þessum nýju talsmönnum verkalýðssamtakanna, að ekki hafi verið á eðlilegan hátt leitað eftir samkomulagi og samþykki verkalýðssamtakanna í landinu.

Ja, hugsa sér annan eins yfirdrepsskap eins og þann, þegar hv. 1. þm. Reykv. (BBen) og 2. þm. Reykv. (BÓ) koma fram og þykjast vera að kvarta fyrir hönd verkalýðssamtakanna, að það hafi ekki í þessu tilfelli verið leitað nægilega samþykkis þeirra, hér hafi ekki verið lýðræðislega að farið gagnvart þeim. Hvað hafa þeir gert í þessum efnum, þegar þeir hafa verið í stjórn landsins? Hvað gerðu þeir, þegar þeir voru að samþykkja gengislögin? Spurðu þeir verkalýðssamtökin í landinu? Hvað hafa þeir gert, þegar þeir hafa bundið kaupgjaldið fast áður? Hafa þeir spurt verkalýðssamtökin? Og hvernig hafa þeir yfirleitt farið að, þegar þeir hafa verið að greiða niður vísitölu eða hagræða hlutunum fyrir sig launþegum í óhag? Hafa þeir þá leitað samþykkis og ráða verkalýðssamtakanna? En nú, þegar þannig var að farið, að það var ekki aðeins miðstjórn Alþýðusambands Íslands, hin sameiginlegu samtök um allt land, sem voru látin fjalla um málið, áður en löggjöfin var sett, heldur einnig fjórðungssambandið á Vestfjörðum, fjórðungssambandið á Norðurlandi, fjórðungssambandið á Austurlandi eða öll fjórðungssambönd Alþýðusambands Íslands voru spurð og svöruðu öll á einn veg, þá er það ekki að hafa samráð við verkalýðssamtökin í landinu. Þó að boðað væri hér til fundar í Rvík með tveggja sólarhringa fyrirvara, auglýst í blöðum bæjarins og auglýst í útvarpi þjóðarinnar, að haldinn yrði fundur með öllum stjórnarnefndarmönnum verkalýðsfélaganna í Rvík og málið rætt þar, þá var það ekki að hafa samráð við verkalýðssamtökin í landinu.

Maður skyldi halda, að þeir menn, sem hafa efni á því að kvarta í þessum efnum, væru menn, sem í þessum efnum hefðu haft hreint mél í pokanum, — en svo vita allir, hvað hið raunverulega er.

Nei, það er rétt, sem sagt hefur verið, að það var fullt samkomulag við verkalýðssamtökin í landinu, og þeir aðilar, sem þar gátu helzt talað sem forsvarsmenn, lögðu beint samþykki sitt á þessar ráðstafanir, af því að þeir höfðu sannfært sig um, að þetta væri verkalýðssamtökunum í landinu til gagns.

Til þess að sýna, hvernig samræmið er í málflutningi fulltrúa sjálfstæðismanna nú og í athöfnum þeirra áður, er svo það, að hv. 1. þm. Reykv. (BBen) segir í þessum umr., að frumorsökin til vaxandi verðbólgu hafi alltaf verið

og sé enn í dag hið háa kaupgjald og sé, eins og hv. 2. þm. Reykv. orðaði það, sú stjórn kommúnista á verkalýðshreyfingunni á undanförnum árum, sem hefur jafnt og þétt miðað að því að spana upp kaupgjald verkamanna. Þetta átti að vera frumorsök þess, að verðbólgan hafi farið vaxandi. En hvað er svo sagt nú í þessum umr., um það leyti sem Bjarni Benediktsson er að verða aðaltalsmaður verkalýðssamtakanna í landinu, til þess að ákæra núv. ríkisstj. fyrir það að standa ekki nægilega vel þar í ístaðinu? Ja, þá segir hann, að það sé vitanlega ekki kaupið eitt, sem ráði hér úrslitum, og það sagði reyndar 2. þm. Reykv. líka, vitanlega sé hér einnig um að ræða og þá kannske miklu meir ofþenslu á vinnumarkaðinum. Það er það, segir Bjarni Benediktsson nú, að fyrrv. utanrrh. sveikst um skyldu sína að láta ekki vinnuna á Keflavíkurflugvelli hafa of mikil áhrif í efnahagskerfi þjóðarinnar. Hann hafði alveg valdið. Hann gat haft þar færri menn. Hann gat dælt minna fjármagni inn í íslenzkt efnahagskerfi í gegnum Keflavíkurflugvöllinn en gert var. Ofþenslan hefði ekki þurft að vera svona mikil.

Mig minnir, að ég hafi einhvern tíma haldið þessu fram áður hér á Alþ. og m. a. í umr. við þá fulltrúa Sjálfstfl., að þetta væri ekki minnsta orsökin til þeirra erfiðleika, sem væru hér í efnahagslífi Íslands, hvernig hefði verið haldið á málunum í sambandi við vinnuna á Keflavíkurflugvelli. En nú er það auðvitað Sjálfstfl., sem kemur hér fram og segir, að þetta sé einn gildasti þátturinn í sambandi við þessa erfiðleika. Flokkurinn, sem allt fram að þessu og undanfarna daga hefur hrópað hástöfum út af því, að hin kommúnistíska stefna ríkisstjórnarinnar sé að setja hér allt á vonarvöl, vegna þess að það dragist svo saman vinnan á Keflavíkurflugvelli, nú sé verið að gera þar þúsundir manna atvinnulausar og nú sé verið að stefna afkomu íslenzku þjóðarinnar í hættu, — þetta eru sömu mennirnir sem senda nú sinn málsvara hér inn í Alþingi og benda á það, að það hafi á undanförnum árum verið gert of mikið að því að halda Íslendingum til vinnu á Keflavíkurflugvelli og það hafi verið þaðan dælt óeðlilega miklu fjármagni inn í efnahagslíf okkar og truflaðar þannig aðrar greinar atvinnulífsins. En það er eins og í öðru: Hvað munar Bjarna Benediktsson og Sjálfstfl. um það nú að vera jöfnum höndum með því, að menn haldi áfram að vinna á Keflavíkurflugvelli, að þeim verði ekki sagt þar upp, og svo aftur í hinu orðinu að ásaka aðra fyrir það að hafa ekki sagt nægilega mikið upp á Keflavíkurflugvelli? Þetta er alveg eins og að vera jöfnum höndum að krefjast þess, að kaup verkamanna verði bundið og lækkað, og ásaka aðra fyrir það, að slíkt hefur verið gert með samkomulagi við verkalýðssamtökin um stuttan tíma.

Það er vitanlega með öllu rangt, að of hátt kaup verkamanna í landinu hafi verið orsökin til þess, að við höfum átt við ýmsa örðugleika að stríða í okkar efnahagsmálum. Það var heldur ekki verkfallið vorið 1955, sem tryggði verkamönnum 11—13% kauphækkun, sem rak á stað allar þær verðhækkanir, sem hér urðu á því ári og hafa orðið á þessu ári fram undir það, að stöðvunarlögin voru sett. 11% kauphækkun til verkamanna náði því ekki að hækka kaupmátt launa þeirra til jafns við það, sem kaupmáttur launanna hafði verið áður. Verkamenn höfðu dregizt það langt aftur úr öðrum og þeir voru þarna aðeins að reyna að jafna nokkuð bilið. Hins vegar var það, að þessi litla kauphækkun til handa þeim, sem voru lægst launaðir í þjóðfélaginu, var síðan notuð, m. a. af Bjarna Benediktssyni og fyrrv. ríkisstj., á skefjalausan hátt til þess að reyna að framkalla allar þær verðhækkanir á yfirleitt öllum sviðum, sem þeir gátu. Það er sannleikur málsins, að hér voru knúðar fram verðhækkanir, sem engin rök voru fyrir að leyfa, og þetta kom fram á öllum sviðum, m. a. kom þetta fram á þann hátt, að þeir menn, sem harðast höfðu barizt gegn 11% kauphækkun verkamanna, stóðu hér að því á Alþ. nokkrum mánuðum síðar að hækka laun þeirra starfsmanna ríkisins, sem hæst eru launaðir, um 30—40%. Og þegar ég flutti hér till. á Alþ. um það, að laun þeirra fastlaunaðra starfsmanna, sem hæst hafa launin, yrðu ekki hækkuð alveg eins mikið og hér voru gerðar till. um af ríkisstj. þáverandi, þá var slík till. frá mér kolfelld hér á Alþ., og þá var það Bjarni Benediktsson og fulltrúar Sjálfstfl. og aðrir þeir, sem ósköpuðust yfir 11% kauphækkun til verkamanna, sem stóðu að því að fella slíka till., því að hinum hæstlaunuðu í þjóðfélaginu dugði ekki að fá samsvarandi kauphækkun og verkamenn höfðu haft, þeir þurftu að fá tvöfalda og þrefalda kauphækkun á við þá. Ástæðan var einfaldlega sú, sem nú kemur greinilega fram, að vegna þess að verkamennirnir höfðu fengið 11% kauphækkun, þurfti að framkalla hin rökin að segja: Allar verðhækkanir, verðhækkun upp á 40—50%, þetta er verkföllunum að kenna. Launahækkanir hinna hæstlaunuðu í þjóðfélaginu, sem urðu upp á 30—40%, voru vitanlega verkfalli verkamannanna að kenna. Það þurfti að kenna því um allt, sem gert var. Það er mikill misskilningur að halda því fram, að núverandi kaup verkamanna sé aðalorsökin til þess, að ýmislegt gengur erfiðlega í okkar atvinnu- og efnahagslífi.

Af þessu, sem ég hef nú sagt, sést það, að við fulltrúar Alþýðusambandsins og forustumenn okkar í verkalýðssamtökunum höfum ekki brevtt um afstöðu eða stefnu í þessum málum á nokkurn hátt. Okkar afstaða er sú sama og áður, að leggja til grundvallar að ganga gjarnan til samkomulags við þá, sem við verkalýðssamtökin vilja semja, á þeim megingrundvelli, að kaupmáttur launa sé ekki skertur. Sjálfstfl. getur einn átt þá afstöðu áfram að berjast fyrir því, að laun verkamanna verði lækkuð, því að þau séu aðalorsökin til erfiðleikanna.

Það er með öllu þarflaust fyrir stjórnarandstöðuna nú að óskapast yfir þessari lagasetningu í nafni verkalýðssamtakanna í landinu. Verkalýðssamtökin yfirleitt og launþegasamtökin almennt eru fullkomlega ásátt með þessa lagasetningu. Þau telja, að þessi lög hafi fremur verið til hagsmunalegra bóta fyrir launþega almennt í landinu heldur en hið gagnstæða. Og þau telja, að það, sem liggur á bak við þessi lög, sé af algerlega öðrum toga spunnið en það, sem

lá á bak við till. sjálfstæðismanna áður í þessum efnum, þrátt fyrir það að í öðru orðinu komi alltaf nú lof um verkamenn og mikil umhyggja fyrir þeirra hagsmunum og þó að reynt sé nú að renna ýmsu því niður, sem áður hefur verið haldið fram í þessum efnum, eins og t. d. því, þegar 1. þm. Reykv. (BBen) lýsir því nú yfir til áherzlu í þessu máli, að hann viðurkenni alveg, að gengislækkunin hafi verið misráðin, — ég ætla, að ég hafi heyrt það rétt, að hann lýsti því hér yfir og þurfti þar að herða mjög á, að það væri nauðsynlegt nú að lýsa því yfir, að gengislækkunin hefði verið misráðin. Það villir ekki um fyrir verkalýðssamtökunum í landinu, þó að þeir menn, sem á undanförnum árum og jafnvel enn í dag hafa barizt fyrir því, að raunveruleg laun verkamanna verði lækkuð og þannig verði ráðizt gegn erfiðleikum dýrtíðarmálanna, komi nú fram og deili jafnvel á gengislækkun, þó að þeir jafnvel deili á Keflavíkurvinnuna og þó að þeir þykist nú vera á móti allri kaupbindingu. Forustumenn verkalýðssamtakanna eru færir um að meta það nú eins og áður, hvort lagasetning, sem meðal annars felur í sér kaupbindingu til stutts tíma, er þeim til gagns eða ekki. Hitt mun svo lengi í minnum haft, hvernig afstaða Sjálfstfl. hefur verið til þessa máls frá því fyrsta, að snúast á þann hátt, sem ég hef nú lýst. En ég ætla, að vegur forustumanna Sjálfstfl. vaxi lítið af slíkum málflutningi eins og þessum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég ætla að svara hér nokkrum orðum meginkjarna ræðu hv. 1. þm. Reykv. (BBen), að svo miklu leyti sem ræðan var svar við því, sem ég sagði í gær um frv., sem fyrir liggur til umr. En áður en ég kem að kjarna málsins, því, sem okkur aðallega greinir á um, vil ég fara nokkrum orðum um þau ummæli, sem hann viðhafði varðandi það gjald, sem hann sagði að stjórnarforustan hefði krafizt af kommúnistum fyrir inngöngu þeirra í ríkisstjórnina.

Hv. þm. sagði, að stjórnarforustan hefði krafizt mikils gjalds, hás aðgangseyris af kommúnistum, að því er hann sagði, fyrir það, að þeir fengju að taka sæti í ríkisstjórn. Hann sagði, að þeir hefðu verið látnir borga fyrir að fá að vinna á bátnum hjá hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. Gjaldið hefði verið fólgið í því að samþykkja kaupbindingu, að samþykkja verðfestingarlögin, en auðvitað hefðu þeir fengið eitthvað í staðinn og allmikið, að manni skildist. Hann sagði: Það, sem kommúnistar fengu í staðinn, voru allsherjarráð um stefnu Íslands í utanríkismálum.

Hér er ekki lítið sagt af formanni þingflokks stjórnarandstöðunnar. Hann staðhæfir í ræðu hér í hv. d., að kommúnistar hafi nú úrslitaráð í íslenzkum utanríkismálum. Þetta segir hann ekki af því, að hann viti ekki, hver er stefna ríkisstj. í utanríkismálum, hún hefur verið skýrt og ljóst mörkuð. Hún er fólgin í samþykkt Alþ. frá því í apríl s. l. Stefnan er tvíþætt. Hún er annars vegar fólgin í því að lýsa yfir fylgi við áframhaldandi aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og hins vegar í því, að varnarsamningurinn við Bandaríkin verði endurskoðaður á þann veg, að erlendur her dvelji ekki lengur hér á landi. Fyrri þátturinn hefur verið íslenzk utanríkisstefna síðan Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu 1949. Ísland ætlar sér, þessi ríkisstj. eins og þær, sem setið hafa að völdum síðan þessi ályktun var gerð um aðild landsins að Atlantshafsbandalaginu, að halda áfram að stuðla að aðild Íslands að þeim varnarsamtökum. Hinn meginþáttur stefnunnar í utanríkismálum, að endurskoða varnarsamninginn frá 1951 á þann veg, að hér verði ekki lengur erlendur her í landi, er einnig sú grundvallarstefna, sem var mörkuð, þegar Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið 1949, og Sjálfstfl. þá stóð að. Vegna sérstaks ástands í heimsmálum 1951 var vikið frá þessari stefnu með samþykki Sjálfstfl. Nú hefur ástand í heimsmálum að dómi núverandi stjórnarflokka aftur breytzt þann veg, að þeir telja rétt að hverfa aftur til þeirrar stefnu, sem mörkuð var með opinberri yfirlýsingu, þegar landið gekk í Atlantshafsbandalagið 1949. Þetta er stefna ríkisstj. í utanríkismálum. Samt sem áður leyfir formælandi stjórnarandstöðunnar sér hér á Alþ. að staðhæfa, að þessi stefna sé kommúnistísk utanríkisstefna. Sé svo, þá markaði hann kommúnistíska utanríkisstefnu í Washington í yfirlýsingu, sem hann gaf við undirritun samnings Atlantshafsbandalagsins 1949, því að þá tók hann einmitt fram sem stefnu Íslands, að það vildi ekki á það fallast, að hér á landi væri erlendur her á friðartímum. Þetta sýnir eitt með öðru, út í hverjar ógöngur stjórnarandstaða Sjálfstfl. er komin.

Ég vildi ekki láta þessum ummælum hv. 1. þm. Reykv. ómótmælt, fyrst ég stóð upp á annað borð, jafnvel þótt erindi mitt í ræðustólinn hafi verið að ræða það, sem var kjarninn í hans ræðu, en ekki þetta, sem var að vísu aukaatriði, þó að það væri af mjög miklu ábyrgðarleysi mælt.

Við hv. 1. þm. Reykv. erum sammála um það, að nauðsyn beri til þess að hefta vöxt verðbólgunnar. Hins vegar greinir okkur á um, hver sé orsök verðbólgunnar. Hv. þm. játar, að verðbólgan sé böl, sem beri að vinna gegn. Hann játaði það í upphafi ræðu sinnar. Samt sem áður gekk meginhluti ræðu hans út á að deila á hina svonefndu jafnvægisstefnu í efnahagsmálum, að deila á þá stefnu, sem hefur það sem megineinkenni, að jafnvægi skuli vera milli fyrirætlana um fjárfestingu og sparnað, þannig að ekki verði tiltakanleg hreyfing á verðlagi upp á við, m. ö. o., að verðlag haldist stöðugt í landinu, a. m. k. að hvorki útlánaaukning banka né hallarekstur hjá ríkissjóði né taprekstur hjá atvinnuvegunum verði þess valdandi, að verðlag fari hækkandi.

Ég verð að segja það, að mér kom mjög á óvart, að þm. skyldi taka þessa stefnu í ræðu sinni, fyrst hann byrjaði þannig að játa, að verðbólgan væri böl. Þessar tvær stefnur eru einmitt meginandstæðurnar í öllum efnahagsmálum nútímans. Þar takast á verðbólgustefnan annars vegar, þ. e. sú stefna að halda uppi atvinnu með því að auka útlán banka úr hófi fram, með því að halda uppi hallarekstri hjá ríkissjóði eða taprekstri hjá atvinnuvegum, þó að það kosti það, að verðlag fari síhækkandi og peningagildi þar með minnkandi. Andspænis þessari stefnu er

jafnvægisstefnan svonefnda, sem hefur það höfuðmarkmið að halda þess konar jafnvægi milli fjármálastefnu bankanna og fjármálastefnu ríkisins, að úr þessari átt verði ekki verðlagið fyrir hækkunaráhrifum og peningagildið rýrni þar af leiðandi ekki vegna þessara orsaka.

Yfirleitt er það svo, að allir ábyrgir stjórnmálamenn í hinum svonefndu lýðræðisríkjum telja sig vera fylgjendur jafnvægisstefnunnar, en andstæðinga verðbólgustefnunnar. Það er alveg sérstaklega einkenni á málflutningi allra hægri sinnaðra stjórnmálamanna að telja sig sérstaka forvígismenn jafnvægisstefnunnar, en deila á þá efnahagsmálastefnu, sem vinstri menn yfirleitt fylgja, vegna þess að hún sé verðbólgustefna, þó að hún sé það í raun og veru ekki, eða þótt vinstri mennirnir telji hana ekki vera raunverulega verðbólgustefnu. Sá skoðanamunur, sem á sér stað í umræðum um efnahagsmál í lýðræðisheiminum yfirleitt, er fyrst og fremst fólginn í því, hvort sú stefna, sem framfylgt er í hverju einstöku landi, sé jafnvægisstefna eða verðbólgustefna. Allir eru sammála um, að jafnvægisstefnan sé æskilegri og réttlátari, ekki hvað síst fyrir launamenn, heldur en verðbólgustefnan. Um hitt greinir menn svo nokkuð á, hvort afleiðingin af þeirri pólitík, sem rekin er, sé jafnvægi eða verðbólga. Þar, sem vinstri menn eru við völd, er það yfirleitt höfuðgagnrýni stjórnarandstæðinga, hægri manna, að raunveruleg stjórnarstefna vinstri manna hafi í för með sér nokkra verðbólgu. Kjarninn í ágreiningnum milli hægri manna og vinstri manna í efnahagsmálum er ekki um það, hvort skynsamlegra sé að framfylgja jafnvægisstefnu eða verðbólgustefnu, heldur um hitt, hvernig eigi að tryggja framkvæmd jafnvægisstefnunnar. Hægri mennirnir hafa trú á því, að jafnvægisstefnan verði bezt framkvæmd með því að láta allt afskiptalaust, með því að hið opinbera hafi sem allra minnst, jafnvel alls engin áhrif á þróun efnahagsmálanna. Kjarninn í efnahagsboðskap vinstri sinnaðra manna er aftur á móti fólginn í því, að réttlátt jafnvægi í þjóðarbúskapnum, jafnvægi, sem launþegar geti við unað og sé réttlátt í þeirra garð, náist ekki nema því aðeins að hið opinbera grípi í taumana og tryggi jafnvægið. Skoðanamunurinn í hinum lýðræðissinnaða heimi, þar sem þessi mál eru rædd fyrir opnum tjöldum, er því alls ekki um það, hvort heldur beri að fylgja jafnvægisstefnu eða verðbólgustefnu, heldur er hann um það, á hvern hátt megi tryggja framkvæmd jafnvægisstefnunnar. Það er það, sem vinstri mönnum og hægri mönnum ber hér á milli.

Þess vegna verð ég að segja það, að það er einsdæmi í vestrænum lýðræðisríkjum, að upp skuli rísa málsvari stórs hægri sinnaðs flokks og lýsa sig í raun og veru andvígan jafnvægisráðstöfunum, eins og hv. 1. þm. Reykv. gerði í ræðu sinni áðan, í meginkafla ræðunnar, þó að hann byrjaði á því að lýsa verðbólgunni sem böli. Ég þekki engan annan leiðtoga hægri sinnaðs flokks í Vestur-Evrópu, sem væri líklegur til þess að flytja upp undir klukkutíma ræðu, sem hefði það að meginuppistöðu að deila á efnahagsstefnu, sem hefur jafnvægisráðstöfun að höfuðmarkmiði.

Hv. þm. (BBen) bar mér á brýn, að sá boðskapur, sem ég hafði að flytja í gær, fæli það í sér, að ég vildi hæfilegt atvinnuleysi, að ég vildi þrengja sultarólina að launþegum, m. ö. o., að ég hafi gerzt málsvari hægri sinnaðra sjónarmiða í efnahagsmálum. Kjarninn í þeim hefur einmitt verið talinn, að til þess að halda jafnvægi, — það hafa fjölmargir hægri sinnaðir hagfræðingar og stjórnmálamenn sagt, — geti verið nauðsynlegt að hafa nokkurt eða eitthvert atvinnuleysi. Venjulega hefur mér verið borið það á brýn af hv. sjálfstæðismönnum, að ég væri mjög ákveðinn haftasinni, m. ö. o., að ég fylgdi stefnu í efnahagsmálum, sem væri mjög róttæk, sem væri mjög vinstri sinnuð, mjög langt frá hinni frjálslyndu stefnu hægri manna, og vildi ganga mjög langt í því að stjórna efnahagslífinu með opinberum afskiptum. Nú á það allt í einu að vera orðin höfuðsök mín að aðhyllast of íhaldssamar ráðstafanir í efnahagsmálum.

Sannleikurinn er sá, að hvorugt er rétt að því er mig snertir. Því fer auðvitað víðs fjarri, að ég aðhyllist þær grundvallarskoðanir í efnahagsmálum, eins og ég hef marglýst, að líklegt sé, að heilbrigt og launþegum hagstætt jafnvægisástand mundi verða afleiðing þess, ef hið opinbera hefði engin afskipti af efnahagsmálum. Hitt er ekki heldur skoðun mín, að það sé líklegasta leiðin til þess að ná hinu æskilega og fyrir launþega réttláta jafnvægi með því að láta hið opinbera vera með nefið ofan í bókstaflega hvers manns koppi í efnahagsmálunum. Hér þarf að finna skynsamlegt jafnvægi á milli, skynsamlegan gullinn meðalveg.

Ég vil undirstrika aftur það, sem ég sagði áðan, að allir ábyrgir stjórnmálamenn, sem bera skyn á hagmál, telja æskilegt að stefna að jafnvægi í efnahagsmálum. Þeir, sem annaðhvort bera ekki skyn á vandamál efnahagsmálanna eða eru fyrst og fremst ábyrgðarlausir áróðursmenn, eru andstæðingar hinnar heilbrigðu jafnvægisstefnu í efnahagsmálum. Ég vil ekki halda því fram, að hv. 1. þm. Reykv. beri ekki skyn á kjarna þeirra vandamála, sem hér er um að ræða, en málflutningur hans gefur fyllsta tilefni til þess að ætla, að hann sé hér í hlutverki hins ábyrgðarlausa áróðursmanns. Annars tel ég nauðsynlegt, að það komi alveg skýrt fram, hver er skoðun hv. 1. þm. Reykv., sem er aðalmálsvari stjórnarandstöðunnar hér á Alþingi, á þeirri stefnu, sem framfylgt hefur verið í bankamálum og fjármálum ríkisins undanfarinn áratug. Hann hefur setið í ríkisstjórn sjálfur meginhlutann af þessu tímabili, og hann á ekki að komast undan því að segja til um það alveg skýrt, hvaða skoðun hann hefur á þessu máli. Hann hefur haldið tvær ræður um þetta mál, í gær og í dag, og rætt um orsakir verðbólgunnar. Hann hefur ekki séð ástæðu til þess að nefna það, að fjármálastefna bankanna eða fjármálastefna ríkisins hafi átt nokkurn minnsta þátt í því verðbólguástandi, sem hér hefur átt sér stað undanfarin 10 ár. Þess vegna er rétt að beina þeirri fyrirspurn til hans og óska eftir því, að hann svari henni alveg skýrt og skorinort, hver sé skoðun hans á fjármálastefnu bankanna s. l. 10 ár og hver sé skoðun hans á fjármálastefnu

ríkisins s. l. 10 ár. Telur hann fjármálastefnu banka og ríkis hafa verið heilbrigða allan tímann? Telur hann fjármálastefnu banka og ríkis ekki hafa átt nokkurn þátt í því verðbólguástandi, sem hefur óneitanlega verið s. l. 10 ár? Ég hef enga löngun til að gera honum upp aðrar skoðanir en þær, sem hann raunverulega hefur, eða deila á hann fyrir skoðanir, sem hann hefur ekki. Þess vegna þarf hann að segja það skýrt og skorinort. Telur hann fjármálastefnu bankanna hafa verið rétta, eða telur hann hana hafa verið ranga? Telur hann fjármálastefnu ríkisins undanfarin 10 ár hafa verið rétta, eða telur hann hana hafa verið ranga? Þessu verður hann að svara. Hann leiddi það hjá sér í ræðum sínum, bæði í gær og í dag, að segja nokkuð skýrt og ákveðið um þetta mál.

Skýringin er ósköp einföld. Hv. 1. þm. Reykv. er miklu hyggnari maður en svo, að hann geri sér ekki fullkomna grein fyrir því, að hann hefði farið út á mjög hálan ís að gera þessi atriði að umræðuefni, í fyrsta lagi af því, að hann veit, að eftir stríð og fram til 1950 var fjármálastefna ríkisins flest árin mjög óheilbrigð og hafði mjög óheppileg áhrif á verðþróunina í landinu. Hvers vegna þegir hv. þm. um þetta? Jú, það er af því, að þá var stjórn fjármála ríkisins í höndum ráðherra Sjálfstfl. Ég trúi því heldur ekki, að hv. 1. þm. Reykv. geri sér ekki fulla grein fyrir því, að fjármálastefna bankanna hefur s. l. 10 ár verið með þeim hætti, að hún hefur verið mjög verðbólguaukandi. Hvers vegna þegir hann þá um þetta í tveimur ræðum? Hvers vegna gerir hann það? Auðvitað af því, að hann veit það, eins og við öll, sem erum hér inni, vitum það líka, að Sjálfstfl. hefur haft tögl og hagldir í bankamálum landsins allt þetta tímabil og hefur það enn. Þess vegna er það pólitísk nauðsyn fyrir hv. 1. þm. Reykv. að deila ekki á fjármálastefnu bankanna og ekki á fjármálastefnu ríkisins.

Heiðarlegur málflutningur er það hins vegar ekki, og heppilegt er það ekki fyrir hann, þegar hann veður út á þær villigötur að gerast andmælandi þeirrar stefnu, sem venjulega er kölluð jafnvægisstefna í efnahagsmálum, og formælandi þess, að bankar og ríkissjóður haldi uppi óeðlilegri kaupgetu í landinu.

Okkur hv. 1. þm. Reykv. greinir fyrst og fremst á um það, hver sé frumorsök þeirrar verðbólgu, sem hér hefur ómótmælanlega verið s. l. áratug. Mín skýring var og er í sem stytztu máli þessi, og frá henni skýrði hann rétt í öllum aðalatriðum í ræðu sinni áðan. Hún er sú, að fjármálastefna bankanna árin eftir stríðið, fram til 1951, hafi verið með þeim hætti, að til verðbólguþróunar hefði hlotið að koma, jafnvel þó að pólitík verkalýðsfélaganna hefði verið önnur en hún raunverulega var og jafnvel þó að kaupgjald hefði alls ekki verið bundið við vísitölu. Hér hefði orðið verðbólga samt, jafnvel þó að verkalýðsfélögin hefðu fylgt algerri stöðvunarstefnu eða reynt að fylgja algerri stöðvunarstefnu að því er kaupgjaldið snertir, alveg eins og hér varð áframhaldandi verðbólga á árunum 1947—1950, þó að verkalýðshreyfingin þá fylgdi slíkri stöðvunarstefnu. Það tímabil er einmitt ljósasta sönnun þess, að pólitík verkalýðsfélaganna er alls ekki frumorsökin að þeirri óheillavænlegu verðlagsþróun, sem hér hefur átt sér stað.

Það, sem hefur gerzt að því er snertir verðlagspólitík verkalýðsfélaganna, er það, að skilyrði þeirra til þess að halda fast við samræmi kaupgjalds og verðlags og knýja fram grunnkaupshækkanir hafa verið sérstaklega hagstæð vegna þeirrar verðbólgustefnu, sem ríkisvaldið hefur rekið, og vegna áhrifanna, sem borizt hafa inn í efnahagskerfið frá Keflavíkurflugvelli. M. ö. o.: Ríkisvaldið sjálft og bankarnir, — í þessu sambandi tel ég bankana til ríkisvaldsins, — hafa með stefnu sinni í bankamálum og fjármálum lagt grundvöllinn að því, að verkalýðsfélögin hafa getað fylgt þeirri stefnu, sem þau raunverulega hafa fylgt. Þau hafa raunverulega gert meira. Þau hafa beinlínis hvatt verkalýðsfélögin til þess að fylgja þeirri stefnu, sem þau raunverulega fylgdu.

Það er þetta, sem er í meginatriðum skoðun mín á málinu.

Hv. 1. þm. Reykv. heldur því hins vegar fram, að stefna verkalýðsfélaganna í kaupgjaldsmálum sé frumorsökin að verðbólguþróuninni. Það er það, sem ég tel fyrst og fremst rangt í hans málflutningi. Hér stendur nú okkar á milli, í okkar orðaskiptum, staðhæfing á móti staðhæfingu, og ég er þess fullviss, að allir hv. þm. gera sér kjarna þessa skoðanamunar algerlega ljósan. Ég skal því ekki eyða meiri tíma í að ræða þetta fram og til baka. Annað ætla ég að gera, og það er að leiða vitni, stuttlega, máli mínu til stuðnings, og það vitni, sem ég ætla nú að leiða, vænti ég að sé þannig, að hv. 1. þm. Reykv. taki það trúanlegra en hann virðist hafa tilhneigingu til að gera að því er varðar röksemdafærslu eða skoðanir mínir. Þetta vitni er hv. 9. landsk. þm., Ólafur Björnsson prófessor, sem 1950 skrifaði hagfræðilega álitsgerð fyrir þáv. ríkisstj., sem hv. 1. þm. Reykv. átti sæti í, og ræddi þetta mál nokkuð. Þeir hagfræðingarnir, dr. Benjamín Eiríksson og próf. Ólafur Björnsson, ræddu í hinni ýtarlegu álitsgerð sinni um efnahagsmál m. a. orsakir dýrtíðarinnar, í 3. kafla hennar, og þar segir m. a. svo á bls. 14—15, með leyfi hæstv. forseta, — ég les aðeins nokkrar setningar, að vísu sundurlausar, en þær skýra þó algerlega skoðun þeirra tveggja á því, hver hafi verið meginorsök dýrtíðarinnar frá stríðsbyrjun og til 1950:

„Íslenzkri hagþróun seinustu 10 árin má skipta í tvö tímabil: stríðstímabilið og tímabilið síðan stríðinu lauk. Bæði tímabilin einkennast af dýrtíð, en orsök dýrtíðarinnar er ekki sú sama þessi tvö tímabil.“

Svo rekja þeir það, að orsök dýrtíðarinnar á stríðsárunum sé fyrst og fremst röng gengisskráning, og niðurstaða þeirra er:

„Það er því lággengi krónunnar þessi ár, sem veitir erlendum verðhækkunum og áhrifum hærri farmgjalda inn í landið og getur því á vissan hátt talizt höfuðorsök dýrtíðar styrjaldaráranna.“

Svo mörg eru þau orð. Höfuðorsök dýrtíðar styrjaldaráranna er gengisskráningin, sú gengispólitík, sem fylgt er, en alls ekki kaupgjaldspólitík verkalýðsfélaganna. Síðan segir:

„Orsök dýrtíðar árin eftir stríðið“, þ. e. árin

eftir að hv. 1. þm. Reykv. er kominn í ríkisstj., „er því sú, að fjárfesting og hallarekstur annars vegar nema meiru en sparifjármyndun, afskriftum og óúthlutuðum arði hins vegar, að óbreyttu verðlagi og peningatekjum þjóðarinnar. Þær tekjur, sem myndazt hafa af þessum mismun, eru nettóaukning eftirspurnarinnar eftir vörum og þjónustu, svo að hún verður meiri en framboðið. Aukin eftirspurn leiðir til aukins innflutnings og greiðsluhalla við útlönd, meðan verzlunin er frjáls, en til vöruskorts og verðhækkunar, þegar innflutningurinn er takmarkaður."

Svo halda þeir röksemdafærslunni áfram og segja, að undirstaðan undir þeirri eftirspurnaraukningu, sem hafi átt sér stað á þessu tímabili, sé annars vegar óheilbrigð útlánaaukning bankanna og hins vegar greiðsluhalli hjá ríkissjóði. Niðurstaðan á bls. 25, sem þeir komast að eftir miklar útlistanir um þessi efni, er þessi:

„Jafnvægisástandi innanlands má koma á fyrst og fremst með því að sjá um, að engin lánsfjárþensla eigi sér stað hjá bönkunum og að ríkisreksturinn sé hallalaus. Skortur á jafnvægi við útlönd, þ. e. taprekstur í útflutningsframleiðslunni og greiðsluhalli við útlönd, stafar af misvægi innanlands. Þegar verzlunarhöftum og eftirliti með verðlagi og fjárfestingu þarf að beita um lengri tíma, stafar það af óheilbrigðri meðferð banka- og fjármála. Verzlunarhöftum og eftirliti með fjárfestingu þarf aldrei að beita lengi í senn, nema annað tveggja sé, að bankarnir eða ríkið, eða báðir þessir aðilar, hagi starfsemi sinni gálauslega, eða að stefna óhóflegrar fjárfestingar hindrar heilbrigða meðferð banka- og fjármála."

Það er m. ö. o. meginniðurstaða þeirra, að dýrtíð áranna eftir stríðið, frá 1945 til 1950, þegar þeir skrifa þessa álitsgerð, sé óheilbrigð meðferð banka- og fjármála. Um þetta þegir hv. 1. þm. Reykv. algerlega í tveim ræðum, þar sem hann er að fjalla um orsakir verðbólgunnar.

Í raun og veru þarf ekki meira um þetta að fjölyrða. Þeir geta ekki báðir haft rétt fyrir sér, hv. 1. þm. Reykv. (BBen) og hv. 9. landsk. þm. (ÓB), þó að flokksmenn séu, þeim ber þarna mikið á milli, nema þá því aðeins, að hv. 1. þm. Reykv. hafi í ræðu sinni áðan látið berast út í það að segja eitthvað annað en hann raunverulega vildi sagt hafa. Um þetta ættu þeir að eigast hér við fyrir opnum tjöldum á næsta fundi. Það væri gaman að heyra þá deila um það, hv. 1. þm. Reykv. og hv. 9. landsk. þm., hvort skoðun prof. Ólafs Björnssonar frá 1950 sé rétt eða röng. Um það virðast þeir ekki vera sammála, en það vildum við gjarnan fá að heyra, hvernig þeir ræddust við um þessi atriði.

Að síðustu vil ég svo segja þetta: Verkfallið síðasta var í raun og veru mjög skýrt dæmi um það, að sú skoðun, sem ég hef hér gerzt málsvari fyrir varðandi orsök verðbólgunnar, er rétt, en skoðun sú, sem hv. 1. þm. Reykv. gerist málsvari fyrir, er röng. Spurningin um kauphækkunina, sem varð í síðasta verkfalli, er ofur einfaldlega þessi: Var hún, sú kauphækkun, sem var afleiðing verkfallsins, frumorsök verðbólguþróunar þess tímabils, sem hún gerðist á, eða var hún afleiðing verðbólguþróunar þessa sama tímabils?

Ég skil ekki í, að nokkrum heilskyggnum manni geti blandazt hugur um það, að á þeim tíma, er uppsagnir kaup- og kjarasamninga fóru fram, voru kauptaxtarnir orðnir langt undir markaðsverði vinnunnar. Það var hvarvetna boðið miklu hærra í vinnu af öllum tegundum, ófaglærðrar vinnu og faglærðrar vinnu, en svaraði til gildandi kauptaxta. Það var svo að segja daglega auglýst í blöðum og útvarpi eftir vinnuafli á nær öllum sviðum og boðið meira en gildandi töxtum nam. Augljósari sönnun var ekki hægt að fá fyrir því, að raunverulegt kaupgjald var hækkað, að efnahagskerfið þoldi meira kaupgjald en svaraði til taxtanna, því að annars hefðu atvinnurekendur ekki boðið meira kaup en töxtunum nam í jafnríkum mæli og þeir raunverulega gerðu. Það var verðbólguþróunin, sem hafði skapað atvinnurekendum skilyrði til þess að bjóða meira kaup en svaraði til taxtanna, og hvað var þá eðlilegra en að verkalýðshreyfingin fylgdi hinum marglofuðu reglum frjálsrar verðmyndunar, frjáls markaðar og hækkaði kaupgjaldið til samræmis við það, sem í það var boðið af atvinnurekenda hálfu?

Hitt er svo annað mál, að ekki varð hjá því komizt, að í kjölfar þessara kaupgjaldshækkana sigldi nokkur verðlagshækkun. Það er eðlilegt. Þar með er ekki sagt, að kaupgjaldshækkunin hafi verið frumorsök verðbólguþróunarinnar á tímabilinu. Það er atriði, sem um er deilt.

Ég tel því einu gilda, hvort litið er á þetta mál algerlega frá fræðilegu sjónarmiði eða með því að vísa til þeirrar raunverulegu þróunar, sem átt hefur sér stað. Niðurstaðan verður í báðum tilfellum sú, að á pólitík verkalýðsfélaganna verður ekki lögð höfuðábyrgðin á því ófremdarástandi, sem hér hefur verið í verðlagsmálum síðan stríði lauk. Af því verður ríkisvaldið að taka höfuðábyrgðina og þá auðvitað hv. 1. þm. Reykv. sinn hluta af henni sem einn helzti ráðamaður í ríkisstj. Íslands síðan stríðinu lauk.

Umr. frestað.

Á 9. fundi í Nd., 1. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Þrír hæstv. ráðh., félmrh. (HV), menntmrh. (GÞG) og viðskmrh. (LJós), hafa í umr. undanfarinna daga háð harða viðureign við óvætt eina ferlega, og virðist svo sem þeir telji sig engan veginn enn þá hafa ráðið niðurlögum hennar, því að sú viðureign virtist vera í fullum gangi, er umr. lauk s. l. þriðjudag með hálftíma ræðu tveggja ráðherranna. Óvætti þessa hafa þeir ýmist nefnt stefnu Sjálfstfl. eða Morgunblaðsins í kaupgjaldsmálum, en sú stefna á að felast í því, að kaupgjaldshækkanir séu einasta orsök verðbólguþróunar, þannig að allar ráðstafanir í dýrtíðarmálum, sem að gagni geti komið, hljóti að vera fólgnar í bindingu eða lækkun kaupgjalds.

Ég hef hlotið nokkrar ásakanir fyrir það af hálfu hæstv. ráðh. að hafa átt drjúgan þátt í því að magna óvætt þessa, og nefndi hæstv. menntmrh. það máli sínu til stuðnings, að ég hefði einhvern tíma skrifað greinar í Morgunblaðið, þar sem stefna þessi hefði verið boðuð. Málefnalega

séð er það nú ef til vill aukaatriði, að ég vil með engu móti við því gangast að hafa haldið því fram, að verðbólga orsakist einvörðungu af kaupgjaldshækkunum. Hinu kann ég að hafa haldið fram, að kaupgjaldshækkanir, sem ekki ættu sér stoð í aukinni framleiðslu, mundu óhjákvæmilega leiða til verðhækkana og því ekki geta orðið launþegum til hagsbóta, er til lengdar léti, en það er talsvert annað.

Ég er því smeykur um það, að heimild hæstv. menntmrh. í þessu efni sé ekki Morgunblaðið, heldur sennilega ummæli Alþýðublaðsins um greinar, er ég kann að hafa skrifað um þetta efni í Morgunblaðið.

Í útgáfu Alþýðublaðsins af þessum greinum hefur þetta svo orðið að fullyrðingu um það, að kauphækkanir hlytu ávallt að vera verkalýðnum til tjóns. Þetta er ekki annað en alkunnar blaðamannabrellur, að slíta einstök ummæli andstæðinganna úr eðlilegu samhengi og snúa þannig út úr þeim, að niðurstaðan komi almenningi fyrir sjónir sem fjarstæða. Þetta er ekki annað en það, sem gengur, og er ef til vill erfitt að ásaka þar einn öðrum fremur, en ekki er sá málflutningur til þess fallinn að upplýsa málin.

Það kom líka dálítið annað hljóð í strokkinn hjá hæstv. menntmrh. í síðari ræðu hans, þegar hann las upp úr grg. okkar dr. Benjamíns Eiríkssonar fyrir gengislækkunarlögunum, þar sem orsakir verðbólgunnar frá því í byrjun stríðsins voru skýrðar út frá allt öðrum sjónarmiðum en því, að hún ætti rót sína að rekja einvörðungu til kauphækkana.

En hvaða ályktun ber nú að draga af því, sem virðist skoðun þessara hæstv. ráðh. allra, að kaupgjaldið hafi litla þýðingu fyrir þróun verðlagsins? Enga aðra en þá, að af samþykkt þessa frv., sem eingöngu ber að líta á sem kaupbindingarfrv., þar sem verðfestingarákvæðin ganga sízt lengra en heimild eldri laga um það efni, er einskis teljandi árangurs að vænta í baráttunni gegn verðbólgunni. Hæstv. viðskmrh. taldi það firru eina að kenna hinum smávægilegu kauphækkunum, eins og hann orðaði það, ef ég hef tekið rétt eftir, sem áttu sér stað vorið 1955, um allar þær verðhækkanir, sem síðan hafa orðið. En ef sú 16% kauphækkun, sem þá átti sér stað, hefur ekki haft teljandi verðhækkanir í för með sér, hvað á það þá eiginlega að þýða að vera að ákveða með lögum, að skerða skuli umsamið kaup launafólks í landinu um 3%? Ef heil brú væri í málefnaafstöðu þessara hæstv. ráðh., þá ættu þeir allir að greiða atkv. gegn þessu frv. eða a. m. k. beita sér fyrir því, að því yrði breytt á þann veg, að kaupbindingarákvæðin féllu niður, en það hafa þeir þó áreiðanlega ekki hugsað sér. Ef nokkurt skynsamlegt vit á að vera í ráðstöfunum þeim, sem hér á að samþ., þá hljóta þær einmitt að grundvallast á Morgunblaðsstefnunni einni, sem hæstv. ráðh. hafa nefnt svo, þó að þeir hafi beitt öllum kröftum mælsku sinnar til þess að rífa hana niður. Það hlýtur að vera sjaldgæfur viðburður hér á hv. Alþingi, að slík óheilindi og loddaraskapur í málflutningi eigi sér stað.

Ég vil í beinu framhaldi af þessu leyfa mér að leiðrétta alvarlega rangtúlkun hæstv. viðskmrh. á ræðu þeirri, er ég flutti hér s. l. mánudag. Hann taldi mig hafa haldið því fram, að verðfestingarákvæði frv. væru óþörf, því að nóg væri að festa kaupgjaldið, þá mundi verðlagið stöðvast af sjálfu sér. Ég hef aldrei sagt neitt í þá átt. Ég hélt því hins vegar fram, og það hefur enginn vefengt, sem hér hefur talað, að engin ástæða væri til lagasetningar um verðfestingu, því að til slíkrar ráðstöfunar og jafnvel miklu víðtækari ráðstafana í verðlagsmálum væri full heimild í eldri lögum. Í öðru lagi hélt ég því fram, að verðfestingin væri gagnslaus, af því að eftirlit með henni væri óframkvæmanlegt, og við það stend ég. Ég bætti því við, að ef löggjöf þessi ætti að hafa nokkur áhrif á verðlagið til lækkunar, þá gæti það aðeins verið með því móti, að minni kaupgeta launafólks héldi aftur af því, að verð á vöru og þjónustu yrði hækkað, en það er talsvert annað en það, sem hæstv. viðskmrh. lagði mér í munn. Ég skal svo ekkert um það fullyrða, hverja þýðingu þetta atriði kann að hafa. En því minni þýðingu sem það hefur, þeim mun minni árangurs er að vænta af lögunum.

Hæstv. viðskmrh. talaði um það sem einhverja algera nýjung, að lagt væri almennt bann við verðhækkunum. Það er vægast sagt furðulegt að heyra slíku haldið fram af manni, sem hefur þó átt sæti á Alþingi samfleytt síðan 1942, að því er ég bezt veit. Almennt bann við verðhækkunum nema með torfengnu leyfi stjórnarvalda var sett af utanþingsstjórninni, er við völdum tók í árslok 1942, og var það bann óslitið í gildi til ársins 1951, að slakað var á því hvað þær vörutegundir snerti, er frjáls innflutningur var á. Á öllum öðrum vörum hefur bannið verið í gildi óslitið til þessa dags. Um þá ráðstöfun að slaka á verðlagsákvæðunum hefur verið deilt, svo sem kunnugt er, og skal það ekki rætt hér. En benda má á það, að sé því haldið fram, að þörf sé á verðlagsákvæðum, enda þótt innflutningur sé frjáls, þá felst í slíku algert vantraust á samvinnuhreyfinguna í landinu og getu hennar til þess að gegna hlutverki sínu. Allar tilraunir kaupmanna til þess að leggja óeðlilega á vörur, sem frjálst er að flytja inn, hlytu að leiða til þess, að öll viðskipti færðust til kaupfélaganna, og sú þróun mun varla talin óæskileg frá sjónarmiði flestra þeirra, er verðlagseftirliti fylgja.

Hæstv. menntmrh. furðaði sig á því, að ég hefði ekki nefnt lánsfjárþenslu af hálfu bankanna og greiðsluhalla á fjárlögum sem orsök verðbólgunnar. Vitanlega hafa bæði þessi atriði þýðingu, ef gera á sér grein fyrir orsökum verðbólgunnar. En ræða mín á mánudag átti ekki að vera neinn fyrirlestur um almennar orsakir verðbólgunnar, heldur vildi ég þar aðeins ræða frv. það, sem hér er til umr. En úr því að á þessi atriði er minnzt, er ekki úr vegi að minna þm. þeirra tveggja flokka, er undanfarið hafa verið í stjórnarandstöðu, á afstöðu þeirra til afgreiðslu fjárlaga og útlánastarfsemi bankanna undanfarið. Hvernig ætli fjárlögin hefðu litið út síðustu ár, ef samþykktar hefðu verið allar þeirra till. um hækkun útgjalda annars vegar og lækkun tolla og skatta hins vegar? Og enda þótt því megi vissulega halda fram með allgildum rökum, að útlán bankanna hafi undanfarin ár verið meiri

en samrýmist jafnvægi í efnahagskerfinu, þá hafa þessi útlán þó aldrei fullnægt þeim kröfum, sem fyrrv. stjórnarandstæðingar hafa jafnan gert á hendur lánastofnununum um lán til alls konar framkvæmda. Ég tel því, að hæstv. menntmrh. hafi fremur gert þessum flokkum bjarnargreiða með því að hreyfa þessari hlið málsins, en hins vegar er það gleðilegt, ef vænta má ábyrgari afstöðu af þeirra hálfu framvegis til þessara mála.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að ræðu hæstv. félmrh. (HV). Hann kvað mig hafa boðað stefnu Morgunblaðsins í kaupgjalds- og kjaramálum, en ekki unnið að hagsmunum launafólks. Að vísu er það ekki fyllilega ljóst, hvað hæstv. félmrh. hefur átt við með stefnu Morgunblaðsins í þessum málum, en ef miða á t. d. við lýsingu hæstv. menntmrh. á þessari stefnu, þá virðist erfitt að komast hjá því að draga þá ályktun, að hæstv. félmrh. sjálfur hljóti nú að vera skeleggasti málsvari Morgunblaðsstefnunnar.

Það er aðeins út frá því sjónarmiði einu, að verðlagið væri ekkert annað en kaupgjald, að það væri hægt að halda fram þeirri staðhæfingu hans, að kauplækkun hafi engin áhrif á kjör launafólks. Ef verðlagið lækkaði alltaf að sama skapi og kaupgjaldið er lækkað, væri það náttúrlega rétt. Sé gengið út frá því, að önnur atriði en kaupgjaldið hafi áhrif á verðlagið, þá er ekki hægt að halda því fram, að kauplækkun, hvort sem hún er 3%, 5% eða 10%, skerði ekkert kjörin. Hæstv. félmrh. taldi þó, að ég hefði raunverulega náð meiri árangri í launabaráttunni fyrir mína umbjóðendur en hann fyrir sína, svo að Morgunblaðsstefnan virðist þá, þegar öll kurl koma til grafar, ekki hafa verið árangurslaus með öllu.

Ég get ekki látið hjá líða að leiðrétta nokkuð að mínu áliti villandi samanburð hæstv. félmrh. á tillögum ráðh. Sjálfstfl. um niðurgreiðslur á s. l. vori og brbl. þessum, en hann taldi þær till. hafa verið launþegunum til muna óhagstæðari en lög þau, sem nú á að samþykkja.

Það ætti þó að gefa auga leið, að þessi staðhæfing er fráleit. Till. ráðh. Sjálfstfl. voru við það miðaðar, að launþegar fengju fulla dýrtíðaruppbót samkv. vísitölu, þannig að hlutfallið milli kaupgjalds og vísitölu varð undir öllum kringumstæðum hagstæðara en með framkvæmd skerðingarinnar. Þetta verður ekki hrakið með því að benda á vísitölufölsunina, því að hennar hlýtur auðvitað að gæta jafnmikið í báðum tilfellum.

Verðfestingarákvæði brbl. breyta engu hér um, því að vitað er, að þau eru gagnslaus með öllu og eftirlit með þeim óframkvæmanlegt, þó að ég dragi hins vegar engan veginn í efa fullan og góðan vilja hæstv. ríkisstj. á því að leitast við að framkvæma þau. Það má í þessu dæmi benda á það, að jafnvel þó að hægt væri að hafa fullkomið eftirlit með því, að verðlag í verzlunum hækkaði ekki, sem þó er ærið erfitt, þá fer mjög mikill hluti allra daglegra viðskipta fram milli einstaklinga utan við öll verzlunarfyrirtæki. Má þar t. d. nefna öll húsaleiguviðskipti, en í þau fer oft þriðjungur eða jafnvel helmingur af tekjum manna, alls konar viðskipti með þjónustu o. s. frv., enda er skylt að geta þess, að hv. 2. landsk. (KGuðj) virtist í þessu efni vera miklu raunsærri en aðrir stjórnarliðar, því að ég gat ekki skilið hann betur við fjárlagaumr. en að hann drægi nokkuð í efa möguleikana á því að hafa eftirlit með þessu verðhækkunarbanni, og er það í rauninni ekki annað en heilbrigð skynsemi ætti að geta sagt hverjum manni. En sú kaupgeta, sem fólki kann að skapast vegna eftirlits með verðlagi í verzlunum, kemur óhjákvæmilega fram sem aukin eftirspurn á þeim markaði, sem eftirlitið nær ekki til, og leiðir til samsvarandi hækkunar á verðlagi þar og lækkanirnar kunna að hafa orðið annars staðar, svo að heildarárangur verðfestingarinnar verður nákvæmlega enginn. Auk þess að vera lagalega séð óþörf að mínu áliti, eru verðfestingarákvæðin því aðeins til þess að slá ryki í augu almennings.

Það hefur ekki verið hrakið, sem ég hélt fram í fyrri ræðu minni, að lög þessi hefðu ekki verið borin undir neinn þann aðila, er heimild hefði til þess að taka ákvarðanir um breytingu á kaupi og kjörum launafólks.

Hæstv. félmrh. afsakaði það, að brbl. hefðu ekki verið borin undir stjórn B. S. R. B., með því, að ég hefði verið erlendis og því ekki getað um þetta mál fjallað. Það er að vísu rétt og skylt að staðfesta það, að ég var þá erlendis. Að vísu komst ég ekki alla leið austur til Kína, en var þó nógu langt undan landi, að ég hefði ekki getað um þetta fjallað. En mér finnst, að mér sé gert hærra undir höfði sem ráðamanni þeirra samtaka en efni standa til með þessu. Ég held, að fullyrða megi, að nægilega margir af mönnum úr aðalstjórn og varastjórn bandalagsins hafi verið í bænum, til þess að hægt hefði verið að halda lögmætan stjórnarfund, og mér finnst, að ríkisstj. hefði a. m. k. átt að snúa sér til ritara bandalagsins í því efni. Að fengnum þeim upplýsingum frá honum, að ekki væri unnt að halda ákvörðunarhæfan stjórnarfund, hefði hæstv. ríkisstj. svo auðvitað verið laus allra mála.

Hæstv. menntmrh. fór í seinni ræðu sinni inn á ýmsar fræðilegar skýrgreiningar á stefnum í stjórnmálum og efnahagsmálum. Ég ætla ekki að gera þetta að sérstöku umræðuefni hér, því að ég tel, að hér sé ekki sá rétti vettvangur til slíks. Að mínu áliti þarf enginn að lá hæstv. menntmrh. það, þó að honum gengi erfiðlega að skilgreina, hvað væri hægri og vinstri stefna í stjórnmálum og efnahagsmálum, því að sannleikurinn er sá, að hér er um slagorð ein að ræða, sem ekki hafa neina merkingu og eru því ónothæf að mín áliti í skynsamlegum umræðum um þessi mál.

Hæstv. menntmrh. eyddi allmiklu af ræðutíma sínum til þess að sýna fram á það, að stefna hæstv. ríkisstj. í utanríkismálum væri ekki kommúnistísk. Ég er sannfærður um það, að hæstv. menntmrh. óskar síður en svo eftir því, að Ísland verði gert að austrænu leppríki. En það, sem að mínu áliti er kjarni þessa máls, er, að þessi ríkisstj. lifir hvorki skemur né lengur en kommúnistar óska. Stefna kommúnista í kaupgjaldsmálum er að vísu reikul, og þar er keyrt fram og aftur og í allar áttir, enda er það haft eftir einum verkamanni frá því í byrjun september, að hann hafði á orði, að hann færi að segja upp Þjóðviljanum, því að allt, sem nú

stæði í honum daglega, gæti hann alveg eins lesið í gömlu Morgunblaði. En þó að þetta eigi við um kaupgjaldsmálin, þá á ekki það sama við um utanríkismálin. Þar vita kommúnistar, hvað þeir vilja, og þar er einstefnuakstur, og allir vita, í hvaða átt er stefnt. Og þegar að því kemur, að hæstv. menntmrh. og aðrir andkommúnistar, sem eiga sæti í ríkisstj., gerast þess ófúsir að halda lengra, þá munu kommúnistar stöðva vagninn, en spursmálið er, hvað langt verður þá komið.

Ég ætla svo að lokum að leiðrétta nokkra útúrsnúninga úr ræðu hv. 1. þm. Reykv., þar sem hann á þess ekki kost að taka oftar til máls við þessa umr. Í sumum málgögnum ríkisstj. hafa verið hent á lofti mismæli, sem honum varð á í lok ræðu sinnar, þegar hann sagði, að gengislækkunarlögin hefðu verið misráðin, en átti við gerðardómslögin, eins og raunar mátti ljóst verða af fyrri ummælum hans.

Hv. 1. þm. Reykv. varaði einnig með tilliti til fenginnar reynslu við of mikilli bjartsýni um það, að hægt væri að framkvæma varanlega allsherjarlausn á efnahagsvandamálum þjóðarinnar, og nefndi í því sambandi, að árangur lagasetninga, eins og gerðardómslaganna, dýrtíðarlaganna frá áramótum 1947—48 og gengislækkunarlaganna, hefði ekki orðið svo varanlegur sem menn gerðu sér vonir um, er lög þessi voru sett. Þetta hefur, bæði í ræðum hér og í málgögnum ríkisstj., verið túlkað þannig, að varaformaður Sjálfstfl. hafi með þessu játað, að allt, sem sjálfstæðismenn og þeir, sem með þeim hafa staðið að stjórn landsins undanfarin ár, hafi gert til viðreisnar efnahagslífinu, hafi í rauninni verið glópska ein.

Hér er þó vitanlega um útúrsnúning einn að að ræða. Hvorki hv. 1. þm. Reykv. né aðrir, sem að gengislækkunarlögunum stóðu, munu hafa skipt um skoðun á því, að gengislækkunarlögin höfðu í för með sér stórbætt ástand í efnahagsmálum landsmanna og voru langsamlega haldbezta ráðstöfunin, sem framkvæmd hefur verið í efnahagsmálum, frá því að seinni heimsstyrjöldin hófst, því að jafnvægi það, er þá náðist, hélzt næstu fimm ár, er það raskaðist af ástæðum, sem á engan hátt áttu rót sína að rekja til setningar laganna á sínum tíma. Það hefur ekki heldur verið hrakið af neinum, að þessi leið var sú bezta, sem á þeim tíma var völ á, og hefur það í rauninni verið óbeinlínis viðurkennt af andstæðingum laganna með því, að þeir bentu ekki á neinar leiðir aðrar til úrlausnar vandamálunum, sem þeim hefði þó verið skylt að gera, ef þeir hefðu þekkt nokkrar slíkar leiðir. En þótt reynslan hafi þannig sýnt, að árangur löggjafar þessarar var mikill og góður, þá er ekki ástæða til þess að draga fjöður yfir hitt, að margt fór öðruvísi en ætlað var í sambandi við þá löggjöf, þannig að árangur hennar varð aldrei að fullu sá, sem til var ætlazt. Þrem mánuðum eftir það að lögin voru samþ. á Alþ., brauzt út styrjöldin í Kóreu, en áhrif hennar röskuðu að verulegu leyti þeim grundvelli, sem byggt hafði verið á við undirbúning löggjafarinnar, þannig að fullyrða má, að löggjöf þessi hefði aldrei verið sett óbreytt, ef hægt hefði verið að sjá þá atburði fyrir. Alvarlegasta afleiðing þessa var sú, að óhjákvæmilegt varð skömmu síðar að taka upp bátagjaldeyrisfyrirkomulagið, sem að ýmsu leyti kom í bága við grundvallartilgang gengisbreytingarinnar.

Með þessar staðreyndir í huga benti hv. 1. þm. Reykv. á það, hversu óvarlegt það væri að tala um frambúðarlausn efnahagsvandamálanna, og ætti að mínu áliti ekki að vera neinn ágreiningur um það, að sú ábending er bæði réttmæt og tímabær.

Til viðbótar því, sem þegar hefur verið tekið fram af hv. 1. þm. Reykv. um aðdraganda verkfallsins í apríl 1955, tel ég rétt að rifja það upp, að fyrrv. ríkisstj. fól okkur Klemenz Tryggvasyni hagstofustjóra um áramótin 1954—55 að gera athugun á þeirri breytingu á kaupmætti tímakaups verkamanna, sem orðið hefði frá verkfallinu í des. 1952. Niðurstaða okkar varð sú, að um lítilfjörlega aukningu kaupmáttar væri að ræða, en til þess að vera vissir um það að fullyrða ekki meira en efni stóðu til, sögðum við í áliti okkar, að ekki yrði séð, að um neina breytingu væri að ræða. Hins vegar var vitað, að hagur verkamanna hafði raunverulega batnað vegna mun meiri eftirvinnu, þótt ekki tækjum við tillit til þess í okkar skýrslu.

Er skýrsla okkar var birt, rak Þjóðviljinn upp ramakvein og taldi útreikninga þessa tómar falsanir og fór hinum verstu orðum um hagstofustjóra í því tilefni. Stjórn Alþýðusambandsins fól þá tveim hagfræðingum, er hún treysti, að framkvæma endurskoðun þessara útreikninga. En árangurinn af rannsóknum þessara hagfræðinga Alþýðusambandsins varð sá, að þeir staðfestu í einu og öllu niðurstöður okkar Klemenzar. En til þess að eitthvað hefðist upp úr krafsinu, voru þeir látnir gera útreikninga, er sýna áttu svo og svo mikla rýrnun á kaupmætti launanna frá því í júlí 1947. Mjög verður að telja þá útreikninga hæpna að vísu, og hefur mig furðað á því, að svo vel metnir hagfræðingar sem þar áttu hlut að máli skyldu fást til þess að leggja nafn sitt við þá. En þá var kaupgjaldsbaráttunni snúið upp í það að krefjast bóta fyrir kjaraskerðingu, sem aðallega hafði átt sér stað árin 1947—49 sem afleiðing löggjafar, er forseti Alþýðusambandsins, hæstv. félmrh., hafði sjálfur átt þátt í að setja ásamt öðrum þm. flokks þess, er hann þá tilheyrði og fór með stjórnarforustu. Má af þessu ráða, hve fjarri lagi það er, er hæstv. félmrh. fullyrðir, að stórfelld skerðing á lífskjörum, frá því að desemberverkfallinu 1952 lauk, hafi knúið verkamenn út í verkfallið 1955.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þær koma okkur, sem búnir erum að berjast við íhaldið hér í Reykjavík síðasta aldarfjórðunginn, dálítið undarlega fyrir sjónir, svo að vægt sé að orði komizt, þessar ræður, sem hafa verið fluttar hérna af Sjálfstæðisflokksþingmönnunum, eftir að þeir eru nú komnir í stjórnarandstöðu. Ég held, að það veiti ekki af, þegar þeir núna kjósa að koma fram í nýju gervi, að rifja ofur lítið upp, hver hefur verið hin raunverulega afstaða þessa flokks til verkalýðsins, til baráttu fyrir umbótum, til baráttu fyrir bættum launakjörum og lífskjörum á undanförnum árum.

Aðalmálsvari Sjálfstfl. hér í hv. deild, 1. þm. Reykv., sagði, að við, sem fyrst og fremst höfum verið fulltrúar verkalýðsins og ekki síst verkalýðsins hér í Reykjavík undanfarna áratugi á Alþingi, hefðum innan þings og utan barizt fyrir kauphækkun, þegar ekki var efnahagslegur grundvöllur fyrir kauphækkun.

Ég vil leyfa mér að spyrja hv. sjálfstæðisþingmenn þessarar deildar: Hvenær hafa þeir álitið, að það væri efnahagsgrundvöllur fyrir kauphækkun handa verkamönnum? Hvenær hafa þeir álitið slíkt? Ég má kannske ýta ofur lítið við minni þeirra. Ég skal rekja ofur lítið af sögunni, sem ég þekki persónulega til hérna í Reykjavík í því sambandi. Ef til vill er þó verkamönnum aldrei önnur eins þörf á kauphækkun og þegar þeir búa við atvinnuleysi, þó að það sé erfiðast fyrir þá að knýja það fram. Og hvað sagði hv. aðalmálsvari Sjálfstfl. hér í deildinni, hv. 1. þm. Reykv. um, hvernig Sjálfstfl. vildi haga sér, þegar verkamenn væru atvinnulausir? Jú, hann sagði, að hann vildi heldur, að það sé gengið á eftir verkamönnum, að þeim sé boðin vinna, boðið í þá jafnvel, heldur en að þeir þurfi að búa við atvinnuleysi. Það eru fögur orð. En hvernig hagar Sjálfstfl. sér, þegar verkamenn búa við atvinnuleysi? Hvernig eru gerðirnar? Hvernig er samræmi þeirra gerða við þessi orð hv. 1. þm. Reykvíkinga?

Atvinnuleysi hefur aldrei sorfið eins ægilega að verkamönnum hér í Reykjavík og 1932, aldrei hefur þeim e. t. v. verið þörf á kauphækkun í eins ríkum mæli og þá, þegar kaupgjaldið um tímann var kr. 1.36, vinnutíminn 10 stundir á dag, en vinnan ein vika í mánuði í atvinnubótavinnu. Hvernig gekk íhaldið á eftir verkamönnum þá? Hvernig bauð það þeim vinnuna þá? Eina viku af fjórum áttu allmargir þeirra kost á að fá atvinnubótavinnu. Og hvað sagði íhaldið við þá í nóvember 1932? Það sagði ekki: Nú þurfið þið að fá hækkað kaup, því að nú hafið þið litla vinnu og hafið lítið upp. — Það sagði: Nú skal lækka kaupið hjá ykkur. — Og var það kannske bara bæjarstjórnin í Reykjavík, íhaldsmeirihlutinn þar, sem tók þá ákvörðun? Nei, það var ákvörðun, sem var tekin á fundi miðstjórnar Sjálfstfl. um að hefja almenna kauplækkun í landinu og byrja á þeim, sem bágast áttu. Á þeim, sem höfðu vinnu eina viku í mánuði, átti að níðast. Þar var garðurinn lægstur. Þar svarf sulturinn að.

Hv. 1. þm. Reykv. talaði um boðskap sultarólarinnar í sinni ræðu hér áðan. Jú, verkamenn í Reykjavík hafa fengið að kenna á boðskap sultarólarinnar. Sjálfstfl. hefur lamið sultarólinni um hrygg þeirra, þegar hann hefur treyst sér til við þá, af því að þeir voru fátækir, atvinnulausir og áttu bágt. Það er bezt fyrir Sjálfstfl. að tala varlega í þessum efnum. Það er bezt fyrir hann að gleyma ekki sinni fortíð.

Verkamenn mótmæltu. Þeir mótmæltu ranglætinu. Þeir mótmæltu boðskap sultarólarinnar. Menn muna, hvað gerðist. Og menn muna e. t. v. líka, að auðvitað sagði Sjálfstfl., að verkamenn hefðu ætlað að steypa þjóðfélaginu. Það átti svo sem ekki að vera neitt meira né minna en byltingartilraun eða eitthvað slíkt. En verkamenn mótmæltu því, að það væri níðzt á þeim og kaupið lækkað, þegar þeir áttu bágast.

Ég vil heldur, að það sé gengið á eftir verkamönnum, segir hv. 1. þm. Reykv. Ég vil segja hv. þingmönum Sjálfstfl., eftir að þeir eru komnir hér í stjórnarandstöðu: Það þýðir ekki að ætla að skipta svona um. Þeir grafa ekki fortíð síns flokks, og fari þeir að reyna að tala á þennan hátt hérna, þá verður það til þess, að þeirra fortíð verður grafin upp og þeim sýnd hún daglega fyrir augum eins og hún er, staðreyndirnar uppmálaðar fyrir þeim. (Gripið fram í.) Ætli væri ekki nær fyrir hv. 1. þm. Reykv. að tala um hans ágætu bandalagsríki, Frakkland og England, í dag og innrásina í Egyptaland, og fyrst hann hefur alltaf trúað því, að Atlantshafsbandalagið væri varnarbandalag, að koma með till. um að reka Frakkland og England úr Atlantshafsbandalaginu? Slík árásarríki eiga líklega ekki heima í svona fínu varnarbandalagi.

Nei, það er bezt fyrir Sjálfstæðisflokksþingmennina að fara ekkert að ókyrrast á bekkjunum, þó að það sé verið að draga upp myndina af því, hvernig þeir hafa hagað sér á undanförnum áratugum. Ég ætla að biðja þá um, þó að þeir sjái sínar eigin afturgöngur frammi fyrir sér, að fara ekki að una illa við það hlutskipti að verða að vera í stjórnarandstöðu dálítinn tíma. Þeir þurfa nefnilega að venja sig við það að haga sér, þegar þeir eru í stjórnarandstöðu, eins og þegar þeir eru í stjórn og þora að berjast jafnt, þegar verið er í ríkisstjórn, fyrir hagsmunum verkalýðsins eins og þegar verið er utan hennar. Það er ekki nóg, þegar menn eru komnir út úr ríkisstjórn, að segja þá: Ég er með alþýðunni. Ég ætla að hjálpa alþýðunni. Ég ætla að hækka verkalaunin og annað slíkt, — en að berjast á móti henni alltaf meðan þeir eru við völd.

Ég gæti haldið áfram, ef hv. þm. Sjálfstfl. langar til þess, að rekja hérna þeirra sögu, að athuga, hvenær þeir hafa álitið efnahagslegan grundvöll fyrir kauphækkun hér á Íslandi. Það er rétt, að við, sem nú erum fulltrúar Alþýðubandalagsins hér á þingi, og við, sem áður höfum verið fulltrúar Sósfl. hér á þingi, höfum barizt fyrir kauphækkunum, og hv. 1. þm. Reykv. sagði, að við hefðum aðeins gert það, þegar efnahagslegur grundvöllur hefði ekki verið fyrir kauphækkunum. (ÓTh: Má ég grípa fram í?) Já, velkomið. (ÓTh: Þið hafið verið í stjórnarandstöðu og barizt fyrir kauphækkunum, en núna í stjórn berjizt þið fyrir, að verkamennirnir fái ekki kauphækkun, sem þeir voru búnir að semja um.) O, við skulum sýna ykkur fram á, að verkamennirnir munu fá sína kauphækkun, og ég vona, að auðvaldið í Reykjavík kvarti ekki, þegar að því kemur.

Við skulum svo taka næsta dæmi, t. d. 1942. Við börðumst fyrir kauphækkun þá. Hvernig var ástandið á Íslandi þá? Auðurinn streymdi inn í landið, auðurinn var vaxandi í landinu. Hafi nokkurn tíma verið grundvöllur fyrir kauphækkun, þá var hann þá. Hvað gerði Sjálfstfl. þá? (ÓTh: Hver var forsrh.?) Það kemur ekki málinu við, hver var forsrh. þá, því að það er Sjálfstfl., sem verið er að gera upp, og hans afstaða. Máske Sjálfstfl. vilji allt í einu fara að

segja, að hann hafi nú aldrei ráðið neinu, auminginn, þegar hann hafi verið í ríkisstjórn, það hafi alltaf verið einhverjir vondir menn, sem hafi stjórnað og tekið fram fyrir hendurnar á honum? Máske hæstv. þáverandi ráðh. gerðardómsstjórnarinnar, þm. G-K., vilji núna reyna að fara að afsaka, að hann hafi ekki komið nærri gerðardómslögunum?

Nei, það var grundvöllur fyrir kauphækkun þá. Og hvað gerði íhaldið? Íhaldið áleit ekki grundvöll fyrir kauphækkun. Það setti lög, gerðardómslög, sem bönnuðu alla kauphækkun, sem lögðu við fangelsun verkalýðsleiðtoganna og upptöku sjóða verkalýðsfélaganna, ef lagt væri út í kauphækkanir. Auðvitað börðumst við á móti þessum lögum, og auðvitað börðumst við fyrir kauphækkun. Við neyddumst meira að segja til þess að brjóta þessi lög og brjóta þau á bak aftur og knýja meira að segja sjálfan Sjálfstfl. til að vera með í að afnema þau, eftir að verkalýðurinn hafði sýnt honum eins og stundum áður, að hann var nægilega sterkur til þess að knýja réttlætið fram í þjóðfélaginu, þótt Sjálfstfl. stæði með ranglætinu. Sjálfstfl. stóð á móti kauphækkun, þó að það væri efnahagslegur grundvöllur fyrir hana.

Á ég að halda áfram að rekja? Á ég að rekja kauphækkanirnar 1944? Hvernig stóð t. d. hv. 2. þm. Reykv. þá? Það var ekki nóg með, að hann væri á móti kauphækkunum verkalýðsins þá. Það var ekki nóg með, að hann léti blað sitt, Vísi, skrifa þá, að það væri sama sem að eyðileggja þjóðfélagið að berjast fyrir kauphækkunum. Nei, það var meira að segja svo, að nýsköpun atvinnutækjanna, það, að verkamenn og sjómenn fengju betri atvinnutæki til að berjast með, var að áliti hv. 2. þm. Reykv. og hans blaðs launráð og Lokaráð við þjóðfélagið til þess að eyðileggja þjóðfélagsskipulagið á Íslandi.

Svona var afstaða Sjálfstfl. þá. Auðvitað var talað um, að við værum að eyðileggja þjóðfélagið. Auðvitað var talað um, að þjóðfélagið væri að hrynja, ekki bara ef við börðumst fyrir kauphækkun, heldur líka ef við börðumst fyrir nýjum atvinnutækjum. Og svona hefur þetta gengið áfram. Í hvert einasta skipti, sem verkalýðurinn á Íslandi hefur gert kröfu um kauphækkun, hefur íhaldið svarað: Það er enginn efnahagslegur grundvöllur fyrir kauphækkun. — Núna síðast 1955, í stóra verkfallinu þá, knúði það verkalýðinn til sex vikna verkfalls, þegar það var að reyna að brjóta hans eðlilegu og sjálfsögðu tilraun til kauphækkunar á bak aftur. M. ö. o.: Sjálfstfl. hefur aldrei álitið, að það væri efnahagslegur grundvöllur fyrir kauphækkun á Íslandi. Ef Sjálfstfl. hefði fengið að ráða, þá hefði aldrei verið barizt fyrir kauphækkun á Íslandi.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að lífskjörin á Íslandi væru einhver hin beztu í heimi. Lífskjörin á Íslandi voru áreiðanlega ekki hin beztu í heimi fyrir stríð, og meira að segja Sjálfstfl. mundi ekki hafa haldið því fram þá. Og þau eru máske heldur ekki enn sem komið er, því miður, þau beztu í heimi, þó að þau geti orðið það. Það er unnið lengri vinnutíma hér nú en víðast hvar tíðkast í öðrum Evrópuríkjum. En hitt er engu að síður rétt, að lífsafkoma manna í heild er allgóð og lífskjörin eru miklu betri en var fyrir stríð. Og hverju er það að þakka? Er það að þakka því, að Sjálfstfl. hafi barizt fyrir kauphækkunum á þessum árum. Nei. (BBen: Hverjir hafa verið við völd þessi ár?) Sjálfstfl. hefur nú verið við völd í ríkisstjórnum síðustu 12 árin, ef ég man rétt, og var á árunum 1939—42 og hafði einhver ítök þess á milli, a. m. k. var 2. þm. Reykv. í stj., meðan það var utanþingsstjórn, svo að ef Sjálfstfl. ætlar allt í einu að fara að afsaka sig á því, að hann hafi aldrei ráðið neinu öll þessi ár, aldrei verið í ríkisstjórn og aldrei þess vegna haft tækifæri til þess að skipta sér af því að hækka kaupið, þá fer að líta hálfundarlega út saga íslenzka verkalýðsins á undanförnum árum. Eða eru hv. þm. Sjálfstfl. komnir á slíkan flótta, að þeir ætli að fara að afsaka sig með því, að þeir hafi aldrei haft tækifæri til þess síðustu 20 ár að berjast fyrir kauphækkunum hjá verkalýðnum? Eru þeir komnir í svona öngþveiti?

Nei, verkalýðurinn hefur á þessum áratugum undir forustu þess fólks, sem nú skipar Alþýðubandalagið hér á þingi, þess hóps, sem m. a. hefur áður samfylkt bæði í sambandi við Sósfl. og stóran hluta úr Alþfl. til baráttu fyrir bættum lífskjörum verkalýðsins, — verkalýðurinn hefur á þessum undanförnu áratugum með sínum kauphækkunum og sinni baráttu knúið fram þá gerbreytingu á lífskjörunum, sem orðið hefur á Íslandi, og hann hefur orðið að knýja þá gerbreytingu fram í harðvítugri baráttu við Sjálfstfl.

Þetta eru staðreyndirnar í þessum málum, staðreyndir, sem ég veit að Sjálfstfl. muni vera illa við, þegar hann nú er kominn í stjórnarandstöðu allt í einu, þykist ætla að vera ósköp róttækur, ósköp vinsamlegur verkalýðnum, og þess vegna vildi helzt mega gleyma allri sinni fortíð. Íhaldið hefur alltaf barizt á móti endurbótunum, alltaf barizt á móti endurbótum á lífskjörum verkalýðsins. Það hefði aldrei orðið nein breyting á þeim ömurlegu lífskjörum, sem verkalýðurinn lifði við fyrir stríð, ef íhaldið hefði mátt ráða. Það hefur streitzt á móti til síðustu stundar og streittist hvað harðvítugast á móti nú síðast, þegar kauphækkunin var knúin fram með verkfallinu 1955.

Ég veit, að íhaldið er að iðrast eftir þetta. Það er alveg greinilegt. Það er ósköp erfitt fyrir flokk, sem kominn er út úr ríkisstj. og sér jafnvel, að hann er að missa völd í landinu, að standa uppi með svona flekkótta fortíð og þurfa nú að gera hosur sínar grænar fyrir almenningi og sjá þær allar saman um leið blettóttar eftir fortíðina. Ég sé meira að segja, að hv. 1. þm. Reykv. er byrjaður að iðrast. Hann segir nú, Morgunblaðið ítrekar það og hv. 9. landsk. tekur það sérstaklega fram hér, að hann áliti, að gerðardómslögin hafi verið vitleysa. Jæja, það er alveg ágætt. Kannske það fari fleiri hv. þingmenn Sjálfstfl. að koma hér upp og iðrast og tilkynna með honum, að gerðardómslögin hafi verið vitleysa? Máske þeir komi hérna upp einhverjir og tilkynni, að það hafi verið alveg misráðið af Sjálfstfl. að reyna að lækka kaupið í atvinnubótavinnunni 9. nóv. 1932? Kannske þeir komi

núna fram og segi: Það er voðalega ljótt að reyna að níðast á verkamönnum, þegar þeir eru atvinnulausir, og lækka kaupið hjá þeim, slíkt eiga menn aldrei að gera. — Kannske Sjálfstfl. komi upp og biðji fyrirgefningar? Kannske meira að segja mismælin hjá hv. 1. þm. Reykv. um, að gengislækkunarlögin hafi verið vitleysa, kannske meira að segja þau mismæli eigi nú eftir að verða réttmæli og Sjálfstfl. eftir nokkurn tíma, þegar hann er búinn að vera dálítinn tíma í stjórnarandstöðunni, komi og segi: Ja, gengislækkunarlögin voru vitleysa? — Máske meira að segja ég megi skilja framíköllunina, sem kom áðan, þannig, að þeir vilji segja: Ja, öll barátta okkar á móti kauphækkun á undanförnum árum hefur verið hrein vitleysa, — yfirleitt allt starf og öll afstaða Sjálfstfl., meðflokks auðmannastéttarinnar í Reykjavík í fjandskap hennar við verkalýðinn, hafi verið vitleysa? Máske við eigum eftir að lifa það? Við því er bara eitt að segja: Það er of seint að iðrast eftir dauðann. Það er of seint að iðrast, þegar menn eru með sínum ferli búnir að drepa sig pólitískt. Það er of seint fyrir Sjálfstfl. að hafa allt sitt líf hatazt við launahækkun og lífskjarabætur hjá verkalýðnum, barizt gegn verkalýðnum, fjandskapazt við endurbæturnar, en liggja í þessari baráttu, bíða hvern ósigurinn á fætur öðrum fyrir réttmætum kröfum verkalýðsins, — það er of seint að koma svo í dag og segja: Ja, ég ætlaði að vera með verkalýðnum. Ég ætlaði að vera með því, að hann fengi launabætur. En þetta var allt saman mistök hjá mér og mismæli hjá mér, þegar ég fór að leiðrétta það.

Nei, Sjálfstfl. hefur aldrei álitið efnahagslegan grundvöll fyrir kauphækkanir, af því að hann hefur alltaf farið eftir því, hvað þröngsýnni og afturhaldssamri auðmannastétt í Reykjavík bauð við að horfa. Henni fannst hún aldrei græða nóg. Henni fannst alltaf frekja af verkalýðnum að heimta betri lífskjör. Þess vegna stóð Sjálfstfl. alltaf á móti kauphækkununum. Og við skulum taka þá kauphækkun, sem hv. þm. Sjálfstfl. hafa talað hvað mest um hér í þessum umr., kauphækkunina síðasta sumar, 1955. Við skulum taka hana fyrir alveg sérstaklega, þar sem þeir hafa ítrekað, að þeir væru ekki farnir að iðrast í afstöðunni til hennar enn þá, og ítreka þess vegna, að það hafi verið hrein vitleysa. Ég vil segja hér, að hafi nokkurn tíma verið grundvöllur fyrir kauphækkun verkalýðsins á Íslandi, þá var hann þá. Af hverju var réttmætur grundvöllur fyrir kauphækkun verkalýðsins á Íslandi 1955? Hvað hafði gerzt hér á Íslandi frá 1947 og fram til 1955? Það hafði gerzt, að öll nýsköpunartækin, sem keypt voru á árunum 1944—47, voru komin í gagnið. Allur sá undirbúningur, sem framkvæmdur hafði verið af nýsköpunarstjórninni til þess að undirbyggja efnahagslegan grundvöll atvinnulífsins á Íslandi, var kominn fram, var framkvæmdur. Atvinnutækin voru komin til landsins á þessum tíma, atvinnulífsgrundvöllurinn, sem var verið að byggja upp, var reistur á þessum tíma. Afkastageta Íslendinga margfaldaðist á þessum tíma, og auðurinn hér á Íslandi stóróx á þessum tíma. M. ö. o.: Þjóðarauðurinn og þjóðartekjurnar stórbötnuðu og uxu á tímanum frá 1947 til 1955. Ef réttlátlega var að farið, var þess vegna efnahagslegur grundvöllur fyrir bætt kaup og kjör verkalýðsins á Íslandi 1955, miklu betri en hann hafði verið nokkurn tíma áður.

En hvað hefur gerzt með kaupgjald verkalýðsins á þessum tíma? Hvað hafði gerzt með kaupgjald verkalýðsins á tímabilinu 1947—55? Um það liggja fyrir óyggjanlegar skýrslur, sem ekki verður deilt um. Kaupmáttur tímakaupsins hafði á þessum tíma lækkað um 17%, ef ég man rétt, milli 17 og 20%, aðeins hvað snerti kaupgetuna á brýnum nauðsynjavörum, sem með eru teknar í vísitölunni. Ég bið menn að athuga: raunveruleg kauplækkun, minnkun kaupgetunnar, hafði farið fram um 17—20% aðeins hvað snerti nauðsynjavörurnar, sem eru í vísitölugrundvellinum. Ef hefði átt að reikna þá kauplækkun, sem fram hafði farið, með tilliti til þeirra mörgu vara, sem raunverulega komu ekki inn í vísitöluna, en eru orðnar nauðsynjavörur almennings, mundi kauplækkunin vera enn meiri. Stærsta liðnum var sleppt, húsaleigunni. Hún er ekki með þarna í. En ætti að reikna út rýrnun kaupgetunnar og taka tillit til húsaleiguhækkunarinnar á tímabilinu 1947—55, þá mundi það fara fram úr 17 og fram úr 20%. Ég er hræddur um, að meira að segja hagfræðingur íhaldsins, hv. 9. landsk. (ÓB), mundi komast upp í nokkuð háar tölur.

M. ö. o.: Þegar þjóðin hafði fengið ágæt atvinnutæki í hendur, atvinnutækjagrundvöllurinn hafði stórbatnað, afköst þjóðarinnar stóraukizt og auður hennar vaxið, þá hafði kaupgjaldið raunverulega lækkað, raunverulega ekki bara um 17—20%, heldur miklu meira, ef húsaleigan var tekin með. Og meira að segja á vissum hluta af þessu tímabili var ekki nóg með, að kaupgeta tímakaupsins hefði lækkað, það hafði meira að segja skollið atvinnuleysi yfir verkalýðinn. Íhaldið hafði getað afrekað það að koma atvinnuleysinu á aftur. Haldið þið máske, að ráðherrar íhaldsins hafi þá farið eftir boðorði hv. 1. þm. Reykv. og gengið á eftir verkamönnum til þess að bjóða þeim atvinnu? Haldið þið, að hv. 2. þm. Reykv., þegar hann var ráðherra á þeim árum, hafi gengið á eftir verkamönnum til þess að bjóða þeim atvinnu, þegar þeir voru atvinnulausir? Nei, ætli verkamenn hafi ekki orðið að ganga til hans, ætli þeir hafi ekki orðið að „marséra“ frá hafnarbakkanum upp í Arnarhvol til þess að minna hann á, að það, sem hann hafi sagt hér á Alþingi um, að ekkert atvinnuleysi væri til, stangaðist við staðreyndirnar? Það var ekki nóg með, að íhaldið leiddi kaupgjaldslækkun yfir verkalýðinn. Það leiddi líka atvinnuleysi yfir hann. Og það var svo fjarri því, að það gengi á eftir verkalýðnum til þess að bjóða honum atvinnu, að það barði hausnum við steininn hér í þingsölunum, hv. 2. þm. Reykv., sem þá var ráðh., og neitaði því, að atvinnuleysi væri til, svo að verkamenn urðu að fara upp í Arnarhvol til þess að segja honum, að það væri til.

En hvað haldið þið, að íhaldið hafi gert, þegar kaupgjaldið var lækkað, kaupgetan rýrð og atvinnuleysi leitt yfir verkalýðinn, þar að auki auðvitað gripið til þess að reyna að stöðva verð-

bólguna, stöðva verðhækkanirnar og annað slíkt? Hvaða ráðstafanir gerði íhaldið á þeim tíma? Eru núv. hv. þm. Sjálfstfl., þáv. ráðherrar þess, búnir að steingleyma því? Eru þeir búnir að gleyma því, að þeir slepptu lausu öllu og sögðu raunverulega við alla braskara, okrara og auðmenn: Græðið þið nú hver sem betur getur? — Eru þeir búnir að gleyma því, hvað þeir gerðu með brýnustu nauðsynjavöru almennings, húsnæðið? Eru þeir búnir að gleyma, hvernig þeir fóru að þá? Þegar kaupgetan hafði lækkað um 17—20% á brýnustu nauðsynjavörunum, — hindruðu þeir þá kannske, að húsaleigan væri hækkuð? Nei.

Um leið og þeir hleyptu braskinu lausu á almenning hvað allt verðlag snerti, sáu þeir um að afnema allar hömlur á hækkun húsaleigu. Og hvað afrekuðu þeir í þessum efnum? Hvernig hefur húsaleigan hér í Rvík breytzt frá 1947—55?

Ég veit af allmörgum íbúðum hér í Reykjavík, þar sem húsaleiga var 1947 og þar í kring 150 kr. fyrir jafnvel þriggja herbergja íbúð. Hver er hún, eftir að íhaldið er búið að sýna framtakssemi í því að láta braska með húsnæðið og gera allt húsnæði að braskvöru? Ætli mönnum þyki ekki sæmilegt að fá þriggja herbergja íbúð í Rvík á leigu fyrir 1500 kr. núna, jafnvel 2 þús.? Skyldi ekki íhaldið hér í Reykjavík vera búið að áorka því með sinni pólitík í þessum málum á undanförnum áratug að tífalda húsaleiguna hér í Rvík, þar sem það hefur komið sínu frjálsa braski að? Í krónutölu hefur kaupgjaldið í Reykjavík á þessum tíma, frá 1947—55, tvöfaldazt, á sama tíma sem húsaleigan hefur tífaldazt. Þetta er það, sem íhaldið óskar eftir. Þetta eru þess aðferðir. Þetta er efnahagsgrundvöllurinn, sem það vill leggja. Þetta er þess frjálsa framtak, þegar það fær að njóta sín. Hvað gera svo verkamenn 1955, verkamennirnir, sem standa frammi fyrir því að hafa 3200 kr. fyrir 8 tíma vinnu á dag á mánuði og verða jafnvel að borga af því 1500 kr. í húsaleigu, dýrustu húsaleigu, sem þekkist í Evrópu, húsaleigu, sem hefur verið hækkuð fyrir pólitískar ráðstafanir íhaldsins? Hvað gera þeir? Þeir heimta kauphækkun. Voru það þeir, sem komu einhverri verðbólgu af stað með því? Var það engin verðbólga, var það engin dýrtíðaraukning að hækka húsaleiguna? Ætli það megi ekki taka nokkuð mörg hús hér í Rvík, fjögurra íbúða hús, sem byggð voru fyrir 1930 og kostuðu þá t. d. 30—35 þús. kr. og kosta í dag 800 þús. eða jafnvel milljón? Er þessi verðbólga kaupgjaldshækkununum að kenna, eða er hún því að kenna, að ófyrirleitin braskarastétt hefur fengið að ráða í þjóðfélaginu?

Er það ekki dæmalaus frekja að dirfast að koma hér upp í þennan ræðustól og fara að tala um, að verðbólgan á Íslandi sé að einhverju leyti kaupgjaldshækkunum að kenna, og segja það á sama tíma sem þessir menn, sem hafa skipulagt verðbólguna og dýrtíðina, standa frammi fyrir því, að á árabilinu 1947—55 hafi kaupgetan og raunverulegt kaupgjald, bara hvað nauðsynjavörurnar snertir, lækkað um 17—20% og lækkað miklu meira, ef nauðsyn eins og húsaleigan er tekin með? En á sama tíma hefur íhaldið, t. d. á húsaleigusviðinu, tífaldað dýrtíðina. Ég býst við, að það sé svo sem ekkert undarlegt, þó að þessir hv. þm. íhaldsins opni ekki sinn munn hér, eftir að þeir hafa hagað sér þannig í efnahagslífi þjóðfélagsins, án þess að tala um, að það sé verkalýðurinn, sem hafi ætlað að steypa þjóðfélaginu með kauphækkunum. En það var ekki verið að steypa þjóðfélaginu með því að sleppa braskinu lausu. Það var ekki verið að grafa grundvöllinn undan efnahagslífi Íslands með því að gera húsaleiguna dýrari á Íslandi en í nokkru öðru ríki Evrópu. Það var ekki verið að grafa grundvöll undan efnahagslífinu á Íslandi með því að skapa hér fleiri milljónamæringa en til eru hlutfallslega hjá nokkurri annarri þjóð og jafnvel fleiri en eru hjá sumum öðrum stærri þjóðum. Ég held, að það sé bezt fyrir hv. þm. Sjálfstfl., þó að þeir séu komnir í stjórnarandstöðu, að fara að venja sig af þessum slagorðum. Verkalýðurinn á Íslandi hefur verið að byggja þetta þjóðfélag upp á undanförnum árum, og það var ekki hv. 2. þm. Reykv., sem átti uppástunguna að því að útvega þau tæki, sem efnahagur Íslands núna byggist á. Það var hann, sem slóst á móti því eins og hann gat, og það var ekki einu sinni Sjálfstfl., sem gekk heill til þess verks, þegar við drösluðum honum út í samstarfið um þetta, heldur var hann klofinn.

Það er verkalýðurinn, sem hefur lagt grundvöllinn að því atvinnulífi, sem Ísland núna byggir á, og það er verkalýðurinn, sem með baráttu sinni hefur bætt þau lífskjör, sem voru aumust, á meðan íhaldið réð mestu. Það er verkalýðurinn, sem hefur verið að berjast fyrir því að gera þetta þjóðfélag að betra þjóðfélagi fyrir alla alþýðu, og það er íhaldið, sem hefur slegizt á móti því allan tímann og sagt, að hver einasta tilraun til þess að gera þetta þjóðfélag að betra þjóðfélagi hafi verið tilraun til þess að steypa því, af því að þetta íhald hefur ekki haft sjálft trú á því, að fólki gæti liðið vel í okkar mannfélagi.

Auðvitað var það sagt við okkur í fyrra, að við ætluðum að steypa þjóðfélaginu með verkfallinu þá, þegar við vorum að leiðrétta 8 ára mistök, svo að notað sé nýjasta slagorð íhaldsins í þessum málum, eða á ég að segja: harðvítugan fjandskap íhaldsins og auðmannastéttarinnar við verkalýðinn, — þegar við vorum að leiðrétta það og tryggja, að verkalýðurinn fengi þó a. m. k. nokkra uppskeru af þeirri nýsköpun atvinnulífsins, sem hann hafði knúið fram. Og það tókst að knýja fram kauphækkun. Hvert var svar íhaldsins við þeirri kauphækkun, við þessari leiðréttingu, sem þó leiðrétti ekki til fulls allt, við náðum ekki öllu, sem rænt hafði verið af verkalýðnum á þessu 8 ára tímabili? Svar íhaldsins var að skipuleggja enn að nýju braskið. Á sama hátt og húsaleigan hafði verið hækkuð forðum daga, var okrið og braskið nú skipulagt í þjóðfélaginu. Það var eins og væri gefið út vígorð af sjálfri auðmannastéttinni í Rvík, að nú skyldi hver hækka sína vöru sem betur gæti. Þannig átti að ná sér niðri á verkalýðnum. Þannig átti að eyðileggja kaupgetu hans. Þannig átti að níðast á honum í skjóli ríkisvaldsins. Þannig átti að skipuleggja okrið að vanda. Og það var gagnvart þeim ráðstöfunum, sem verkalýðurinn sá, að nú dugði ekki annað en að heimsækja

íhaldið á því sviði, þar sem það hafði sitt sterkasta vopn, í sjálfu ríkisvaldinu. „Á skal að ósi stemma.“ Það yrði að hindra það, að ríkisvaldið yrði misnotað til þess með skipulögðu braski, okri og verðhækkunum að ræna af almenningi jafnóðum því, sem hann gat áunnið sér með harðvítugri launabaráttu. Þess vegna sagði Alþýðusamband Íslands við íslenzka verkalýðshreyfingu: Verkalýðurinn verður að ná þeim áhrifum í ríkisvaldinu, að hann geti séð til þess, að það sé farið að gerbreyta þessu efnahagskerfi, sem svona er notað á móti honum í sífellu, til þess að ræna hann jafnóðum öllu því, sem hann ávinnur sér með löngum og hörðum verkföllum.

Það er ekki nema eðlilegt, að íhaldið sé ekki alveg búið að venja sig við það undireins að vera í stjórnarandstöðu og eiga nú allt í einu, eftir áratuga söng um þessa voðalegu menn, sem séu að hækka kaupgjald verkalýðsins og eyðileggja þjóðfélagið með því, — það er svo sem eðlilegt, að íhaldið sé ekki strax búið að venja sig á, að það þurfi ekki bara að þykjast fara að vera með því, að verkalýðurinn hafi atvinnu, og jafnvel með því, að hann fái kaupgjaldshækkanir, heldur líka meira að segja með því, að það eigi ekki að okra á honum. Kannske fer íhaldið að læra það bráðum? En hv. 2. þm. Reykv. var ekki búinn að læra það, hann var ofur lítið hreinskilnari en 1. þm. Reykv., sem auðsjáanlega er líka sniðugri stjórnmálamaður en hann. Hv. 2. þm. Reykv. fór ekki dult með það, að vafasömust af öllum ráðstöfunum í þeim lögum, sem hér er um að ræða, væri verðbindingin. Hann sagði bókstaflega, að þetta næði ekki nokkurri átt. Hann sagði, að það væri farið út í öfgar. Hugsa sér annað eins, jafnvel olíuverði væri haldið niðri. Er ekki von, að það komi við hjartað í hv. 2. þm. Reykv.? Olíuhringarnir voru svo fljótir að hækka eftir verkfallið 1955, að það er von, að það komi við, þegar verðhækkun á olíunni m. a. er stöðvuð. Og meira að segja hv. 2. þm. Reykv., atvinnuleysisráðherrann frá 1952, fór að tala um, að jafnvel framkvæmdirnar gætu líka truflað. M. ö. o.: Þegar íhaldsmennirnir eru sæmilega hreinskilnir, eins og hv. 2. þm. Reykv., finnst þeim að vísu gott, ef verkamenn álíta nauðsynlegt að notfæra sér ekki allar þær vísitöluhækkanir, sem þeir ættu rétt á, en þeim finnst ófært, ef þeir segja við auðmannastéttina í Rvík: Nú hækkið þið ekki verð, góðir hálsar. — Það er ekki aðeins varasamt, það er að fara út í öfgar, það nær ekki nokkurri átt.

Nei, íhaldið hefur notað sitt ríkisvald til þess að reyna að eyðileggja jafnóðum árangurinn af hverri kauphækkun, sem verkalýðurinn hefur knúið fram. Þess vegna hefur ríkisvaldið nú verið tekið af íhaldinu. Íhaldið hefur notað sína aðstöðu í þjóðfélaginu, sitt vald í þjóðfélaginu til þess að standa á móti öllum lífskjarabótum verkalýðsins, öllum launahækkunum verkalýðsins undanfarinn aldarfjórðung. Þess vegna hefur verkalýðurinn snúizt á móti íhaldinu, meira nú en nokkru sinni fyrr. Nú hælast að vísu hv. þm. Sjálfstfl. um, að það sé ekki mikið gert enn sem komið er til þess að breyta því ófarnaðarástandi, sem þeir hafi skapað, og tala nú um, að viðhorfið í þjóðfélaginu í dag sé ósköp erfitt, og jafnvel fara að tala um, að það sé vont fyrir verkalýðinn.

Ég vil segja þeim, að áratugs skefjalaus braskpólitík auðmannastéttarinnar hér í Rvík verður ekki læknuð í einu vetfangi og afleiðingarnar af henni ekki afnumdar í einu vetfangi. Það, sem hefur verið pólitík auðmannastéttarinnar og íhaldsins á undanförnum árum, er að koma braskinu, brasksjónarmiðunum, braskhugsunarhættinum, inn í hvert einasta efnahagssvið þjóðfélagsins og sem mest inn í allar lífsskoðanir manna. Þeir hafa verið að reyna að gagnsýra allt þjóðfélagið af gróða- og brasklönguninni, og það er enginn hægðarleikur að uppræta þetta í einu vetfangi og verður ekki gert í einu vetfangi. Það er eins og eitrið, sem dælt hefur verið í líkama sjúklings, það getur verið hættulegt að taka það allt út í einu, segja læknarnir. Það er engum efa bundið, að það þarf margar samræmdar efnahagsaðgerðir til þess að lækna þjóðfélagið af þeim brasksjúkdómi, sem íhaldið hefur verið að láta grafa um sig í því.

Hv. 2. þm. Reykv., sem er alltaf mikið fyrir bókmenntirnar, vitnaði í Hóraz. Mér datt næstum í hug að fara að vitna í Hamlet, það gamla: „Something is rotten in the state of Denmark.“ — Sannleikurinn er, að hér er þjóðfélagið orðið maðksmogið af þessum braskhugsunarhætti, brasklöngun og gróðadýrkun, sem auðmannastéttin í Rvík hefur verið að eitra þjóðfélagið með. Það, sem verkalýður og bændur hafa sagt með þeim lögum, sem hér liggja fyrir, með stöðvuninni svokölluðu, er ekki eins og hv. 1. þm. Reykv. vildi vera láta, að kauphækkun og lífskjaraendurbót séu ekki möguleg fyrir vinnandi stéttir á Íslandi. Það felst í því engin viðurkenning á því, að kaup verkamanna eða bænda, sjómanna og annarra vinnandi stétta sé of hátt eða að þeir taki hærra kaup en efnahagslífið þolir. Nei, það felst aðeins sú viðurkenning í því, að þessar vinnandi stéttir verði að taka til endurskoðunar allt það efnahagskerfi þjóðfélagsins, sem auðmannastéttin hefur verið að láta rotna og spillast í höndum sínum, og reyna að lækna þetta efnahagskerfi og reyna á meðan með ráðstöfunum eins og þeim, sem gerðar voru 1. sept., að hindra, að enn versni sá sjúkdómur, sem brasksjónarmiðið hafði komið inn í þjóðfélagið. Það skal engum takast að reyna að nota þetta til þess að fara að reyna að telja vinnandi stéttunum á Íslandi trú um, að þær geti ekki bætt sín kjör frá því, sem nú er. Það er aðeins hitt, að þeim er ljóst, að það er orðið svo samanslungið, svo flækt, það kerfi, sem auðvaldið hefur skapað hérna á Íslandi, að það þarf heildarendurskoðun á því, til þess að það verði byggt á einhverju viti. Þegar ástandið er orðið svo, að aðalatvinnuvegir þjóðfélagsins eru kallaðir að tapa, þegar útflutningurinn, sem öll gjaldeyrisöflun Íslendinga byggist á, verður að vera styrkþegi eins og kallað er, en heildverzlanir og ýmsir aðrir aðilar í þjóðfélaginu stórgræða á sama tíma, þá er greinilegt, að það dugir ekkert minna en að gerbreyta smátt og smátt öllu þessu efnahagskerfi. Og það, sem verkalýðurinn hefur sagt, er: Nú látum við ekki þennan sjúkdóm versna. Nú byrjum við á því að lækna hann. —

Ef lækningaaðgerðirnar koma við auðmannastéttina hér í Rvík og þá, sem hafa grætt á braskinu og rotnuninni í þjóðfélaginu á undanförnum árum, þá vona ég, að Sjálfstfl. kvarti ekki.

Það hefur fallið í hlut verkalýðsins hér á Íslandi hvað eftir annað að hafa átt forgöngu um að sjá um, að það væri til framleiðslugrundvöllur fyrir efnahagslíf Íslendinga, sjá um, að þau væru til framleiðslutæki, stórvirk og góð framleiðslutæki handa íslenzkum stéttum, vinnandi stéttum, til að vinna með, þannig að lífsafkoma almennings gæti byggzt á heilbrigðum grundvelli. Sjálfstfl. hefur stundum reynt að hæla sér af því, að hann hugsaði eitthvað um atvinnulífið, að hann jafnvel væri sérstaklega flokkur framtaksins í atvinnulífinu.

Þegar Sósfl. forðum daga átti nokkurt samstarf við hluta af Sjálfstfl., þá var það Sósfl., sem varð að hafa framtak um að knýja það fram, að aflað væri stórfelldra framleiðslutækja til landsins, til þess að einhver atvinnulífsgrundvöllur væri þá til. Og hvað gerði svo Sjálfstfl., þessi flokkur framtaksins, þegar við höfðum sleppt af honum hendinni, — hvernig hefur það verið síðustu átta árin um togarakaupin til Íslands? Sjálfstfl. hefur síðustu átta ár ekki séð um, að það væri keyptur einn einasti nýr togari til Íslands til þess að bæta við okkar flota. Hann hefur vanrækt í 8 ár að undirbyggja framleiðslugrundvöllinn á Íslandi. Hann hefur haft áhuga fyrir öðru, 5 þús. bíla hefur hann flutt inn á sama tíma — mjög mikinn áhuga haft fyrir bílum. Hann gerir sér auðsjáanlega ekki ljóst, að til þess að við höfðum efni á því að eiga bíla, reka bíla og keyra bíla, þyrftum við að framleiða gjaldeyri og auka samhliða framleiðsluna og gjaldeyrinn.

Verkamenn og bændur landsins hafa tekið saman höndum nú til þess að tryggja, að hafizt verði handa að nýju um nýsköpun atvinnulífsins, að hafizt verði handa á sviði sjávarútvegs og annarra atvinnugreina um að bæta úr vanrækslu undanfarinna ára. Og hvernig er hljóðið í hv. þm. Sjálfstfl., þegar verkamanna- og bændastéttirnar nú mynda stjórn til þess að nýskapa atvinnulífið á Íslandi og til þess að leggja varanlegan grundvöll að betri og réttlátari lífskjörum fyrir vinnandi stéttirnar á Íslandi? Það mátti heyra það í hv. 1. þm. Rang. (IngJ), þegar hann talaði hér, að það var eins og hann vonaðist næstum því til þess, að það yrði ekki rétt mikið úr skýjaborgunum, sem þessi stjórn verkamanna og bænda hefði reist sér í þeim efnum. Hann talaði um, að það væri nú ekkert lán fengið fyrir 15 togurunum. Mig skal ekkert undra, þó að honum liggi við að vona, að ekkert lán fengist. Það gekk svo bölvanlega fyrir honum, þegar hann var ráðh., að útvega nokkurt lán. Það virtist enginn í veröldinni hafa neitt traust á þeirri stjórn, sem hann sat í, né vilja lána henni.

Ég vil aðeins segja það við hann: Þið skuluð ekki hælast um of snemma í þeim efnum. Íslenzka þjóðfélagið er það sterkt og vinnandi stéttir þess það duglegar og auðlindir þess það miklar, að það verðskuldar að geta fengið lán til þess að byggja upp sitt þjóðfélag. Og það er ekki vandi að fá lán handa Íslandi, ef á að verja þeim lánum til þess að auka framleiðsluna og útflutninginn á Íslandi. Það kann að vera erfitt að fá lán til þess að kaupa 5000 bíla til Íslands, en það er áreiðanlega ekki erfitt að fá lán til þess að kaupa 15 togara. Þeir 15 togarar skapa á einu ári með úrvinnslu íslenzkra vinnandi stétta jafnmikið í gjaldeyri og þeir kosta sjálfir.

Þið skuluð ekki vera með neinar hrakspár í garð þessarar stjórnar hvað það snertir og neinar tálvonir um, að hún geti ekki unnið bug á þeim erfiðleikum, sem hún tekur í arf frá fyrri stjórn.

Það var hér forðum daga, þegar verkalýðurinn barðist fyrir nýsköpuninni þá, líka af hálfu þeirra manna í Sjálfstfl., sem stóðu á móti nýsköpunarstjórninni, eins og hv. 1. þm. Rang. og hv. 2. þm. Reykv., vonazt eftir því, að það yrði ekkert úr þeim skýjaborgum, sem verkalýðurinn reisti sér þá. Það var vonazt eftir, að það yrði ekkert annað en verðfall á öllum útlendum mörkuðum og annað slíkt. Sú von brást. Og íslenzk þjóð gat keypt atvinnutækin, sem síðan hafa verið hennar efnahagslegi grundvöllur, og hún mun geta það enn.

Þær vinnandi stéttir Íslands, sem nú hafa heitið því að reyna að vinna saman til að skapa nýja heilbrigða stjórnarstefnu á Íslandi, munu vinna að því öllu í senn að stórauka framleiðslutækin á Íslandi, auka afköst hinna vinnandi stétta, auka útflutninginn, auka gjaldeyrisöflunina og skapa þannig eðlilegan grundvöll að bættri lífsafkomu vinnandi stéttanna. Þær munu vinna að því að gera efnahagslífið heilbrigt, að útrýma úr því þeim brasksjónarmiðum, sem hafa gagnsýrt það og spillt því. Það verður e. t. v. alllangvinnt starf að gera það efnahagslíf heilbrigt, sem sett hefur verið úr skorðum með þeim skefjalausu yfirráðum og vægðarlausu misbeitingu á efnahagslegu og pólitísku valdi, sem auðmannastéttin í Reykjavík hefur sýnt á undanförnum árum, en það verk mun samt verða unnið. Og vinnandi stéttirnar munu vinna að því samtímis þessu tvennu; samtímis því, sem þær auka framleiðslutækin og skapa þannig sterkari og öruggari grundvöll fyrir allt okkar atvinnulíf, samtímis því, sem þær gera efnahagslífið og þjóðfélagið réttlátara, munu þær vinna að því að bæta lífskjör íslenzkrar alþýðu.

Íhaldið skal ekki gera sér neina von um, að vinnandi stéttirnar á Íslandi hverfi frá því markmiði, sem þær hafa haft öll þessi ár. En þær munu nú vinna að því samtaka með ríkisvaldið í sínum höndum. Og við skulum vona, að sú stjórnarandstaða, sem nú hefur verið að berjast hér í þessu máli, komi ekki til með að kvarta, þótt ráðstafanirnar til þess að gera efnahagslífið heilbrigt kunni að bitna að einhverju leyti á þeim, sem safnað hafa auði í skjóli þess að spilla þjóðfélaginu, láta braskið drottna í því og rýra í skjóli þess kjör almennings. Við skulum vona, að Sjálfstfl. komi ekki þá upp og kvarti fyrir hönd þeirra, sem grætt hafa á verðbólgu og dýrtíð, okri og braski á undanförnum árum.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla til gamans að segja sessunaut mínum, hv. 9. landsk., frá því í sambandi við það, þegar hann var að tala um, að fylgismaður Þjóðviljans hefði

verið óánægður með að lesa í honum gamlar greinar úr Morgunblaðinu, að einn af fylgismönnum hans sagði, þegar hann var að lesa greinar úr Morgunblaðinu, sem ræddu þetta mál, sem við erum að ræða um hér nú, og þá kaupkröfupólitík, sem Sjálfstfl. er nú farinn að reka: Ég held nú bara, að Morgunblaðið ætli að verða verra en Þjóðviljinn í kaupkröfupólitíkinni.

Það er nú margt breytilegt í voru landi. Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., er flutt til staðfestingar á brbl. þeim, er hæstv. ríkisstj. gaf út fyrir tveimur mánuðum um festingu á kaupgjaldi og verðlagi í landinu. Í sambandi við þessa umr. þykir mér rétt að benda á það, að þegar Framsfl. rauf stjórnarsamstarfið við Sjálfstfl. á s. l. vetri, var það vegna þess, að flokkurinn taldi, að ástandið í efnahagsmálum þjóðarinnar væri svo alvarlegt, að nýrra úrræða þyrfti að leita, og hann lýsti því jafnframt yfir, að hann teldi, að það væri ekki hægt að vinna að lausn málsins í samstarfi við Sjálfstfl. Flokkurinn lýsti því þá yfir, að það yrðu hinar fjölmennu stéttir í landinu, bændur og verkamenn og annað launafólk, sem yrðu að taka höndum saman til þess að leysa þetta mál. Þau brbl. eða það lagafrumvarp, sem liggur fyrir hér í hv. d., er fyrsti árangurinn af þessari stefnuyfirlýsingu Framsfl.

Það er óhætt að fullyrða það, að almenningur í landinu hefur tekið vel þessum brbl. Hann hefur fagnað því nýja viðhorfi, sem hefur skapazt með því samkomulagi, sem hefur tekizt með stéttasamtökum fólksins í landinu, og stendur á bak við þessi lög.

Þessum brbl. er ekki ætlað að gilda nema til næstu áramóta, en það er skoðun Framsfl., að því aðeins takist að leysa þann vanda, sem efnahagsmál þjóðarinnar eru nú í, að þetta samkomulag verði varanlegt, samtök fólksins haldi áfram, samtök bænda og verkamanna í þessu máli.

Það hefur margt komið fram í þessum umr., sem hefur verið fróðlegt að heyra. T. d. þótti mér það nokkur nýlunda, er ég hlustaði á það í ræðu hv. 2. þm. Reykv., þegar hann hélt því fram, að hver einasta ríkisstj., er til valda hefði komizt nú, hefði gert slíkt og hið sama, og það bæri því ekki að þakka þetta. Ég var ekkert hissa á því, þó að hv. þm. áliti, að það væri ekki ástæða til þess að þakka hæstv. ríkisstjórn, en hitt taldi ég nýlundu að heyra, að þeir Sjálfstæðisflokksmenn teldu ástæðu til nokkurra aðgerða í þessum málum. Ég man ekki betur en í kosningabaráttunni, þar sem ég var kunnugastur, væri því haldið fram, að hér væru allir hlutir í lagi og engin ástæða til stóraðgerða. (Gripið fram í.) Ég tók það fram hér áðan, að Framsfl. taldi, að samstarf bænda og verkamanna þyrfti að koma til, ef ætti að takast að leysa þetta mál.

Þeir hv. alþm., sem talað hafa hér af hálfu stjórnarandstöðunnar, hafa haldið því fram, að till. þær, sem hv. 1. þm. Rang. flutti í fyrrv. ríkisstj. um niðurgreiðslu á vísitölu, hefðu getað náð því takmarki, sem hér er farið fram á að ná. Enda þótt þessar till. hafi oft verið ræddar, vil ég benda á það, að þar var aðeins um það að ræða að greiða vísitöluna niður. Það voru engar hömlur settar við hækkuðu verðlagi eða kaupgjaldi í landinu að öðru leyti en því, er til vísitölunnar kom. Þetta hefði þýtt það, að ríkissjóður hefði orðið að taka að sér stórfellda niðurgreiðslu, sem hefði orðið um 12 vísitölustig frá 1. maí til 1. sept., en 12 vísitölustig þýða yfir 70 millj. kr. greiðslu, ef miðað er við eitt ár. Og hvað mundi nú t. d. hv. 9. landsk. segja um það? Tekna hefði þurft að afla til þeirrar greiðslu, ekki síður en til þeirrar, sem við erum að ræða um núna, og mér skildist samt á ræðu hans um daginn, að þær mundu fyrst og fremst verða teknar af launþegunum í landinu. Hins vegar mun sú leið, sem hefur verið valin, vegna þess að samkomulag tókst um stöðvunina, ekki kosta ríkissjóð nema 24—25 milljónir, miðað við það, að hún standi eitt ár. Hér er því um meginmun að ræða, þar sem annars vegar var aðeins rætt um niðurgreiðslu á vísitölu, en hér er um stöðvun að ræða í kaupgjalds- og verðlagsmálum.

Það kom annars margt athyglisvert fram í ræðu hv. 2. þm. Reykv. hér á mánudaginn. T. d. benti þessi hv. þm. á það, að verðlag hefði haldizt stöðugt í landinu, meðan ríkisstj. hv. 1. þm. Skagf., Steingríms Steinþórssonar, sat hér að völdum. Og hann tók það meira að segja fram, að þetta hefði átt sér stað þrátt fyrir kauphækkun, sem hefði orðið á þessu tímabili. Hv. þm. ræddi svo nokkuð um ástæðuna til verðbólgunnar og sagði svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Enda þótt kaupgjald og verðlag hafi átt aðalþátt í hækkun dýrtíðarinnar og verðþensluskrúfunnar, mega menn ekki loka augunum fyrir því, að verðbólga verður ekki læknuð eingöngu með verðstöðvun eða kaupbindingu um stuttan tíma. Framkvæmdir í landinu geta líka sett allt á annan endann, ruglað framleiðsluna og sett efnahagskerfið úr skorðum. Í allri þeirri löngu baráttu, sem hér á landi hefur verið háð við verðbólguna s. l. 15 ár, hefur jafnan verið litið á fjárfestinguna sem tiltölulega saklausan þátt í dýrtíðardansinum og er enn.“

Þetta segir hv. þm. En má ég minna hann og aðra hv. þingmenn Sjálfstfl. á það, að það var samkv. kröfu þeirra við stjórnarmyndunina 1953, sem fjárhagsráð var lagt niður og fjárfestingarhömlur voru afnumdar. Og að því leyti sem þær voru látnar gilda, var komizt á bak við þær, svo sem sumar stórhallir hér í miðbænum minna á. Og ég hef ekki heyrt annað en að þeir hv. sjálfstæðismenn teldu það vera stórt blóm í sínum barmi, að þeir hefðu einmitt komið með þessa frelsisskrá, sem kom með afnámi fjárhagsráðs 1953. Það er hins vegar rétt, að taumlaus fjárfesting getur haft áhrif á verðbólguna, en því hefur ekki verið haldið fram eða það hefur ekki verið talið stefna Sjálfstfl. til þessa. M. a. mun þessi taumlausa fjárfesting hafa átt sinn þátt í því að kalla á þá kaupkröfupólitík, sem varð á síðasta kjörtímabili.

Um rafvæðingu dreifbýlisins er það aftur að segja, að hvort tveggja er til, að það hefur ekki verið stórkostlegur mannafli bundinn við þá framkvæmd, enn fremur hefur hún unnið að því að halda jafnvægi í byggð landsins, og það er einn meginþátturinn í lækningu verðbólgunnar, að jafnvægi haldist í byggð landsins.

Í sambandi við þá yfirlýsingu sjálfstæðismanna, að nú sé verið að framkvæma þá stefnu, sem þeir hafi alltaf fylgt, langar mig til þess að rifja nokkuð upp stefnu þeirra í dýrtíðarmálunum, því að hún hefur að mínum dómi ekki verið verðstöðvun.

Ég hef bent á það, hvað gerðist eftir 1953, þegar þeir tóku við forustunni í ríkisstjórn. En ég vil einnig leyfa mér að benda á það, að árið 1942 fóru sjálfstæðismenn einir með stjórn landsins í sjö mánuði. Á því tímabili hækkaði visitalan úr 183 stigum, sem hún var í aprílmánuði, upp í 272 stig, sem hún var komin í desember. Og ég man ekki eftir því, að hv. 2. þm. Reykv., sem þá gerðist ráðh. í utanþingsstjórninni, teldi, að þeir hefðu varað við verðbólgunni, sjálfstæðismenn þá, eins og þeir eiga að hafa gert nú. Það getur vel verið, að mig misminni, en ég held það nú samt ekki. Og það er í sjálfu sér ekkert undarlegt, þó að þeir hv. sjálfstæðismenn hafi fylgt verðbólgustefnunni, þegar athuguð eru ummæli, sem fram komu í ræðu hv. formanns flokksins, hv. þm. G-K., og prentuð eru í Alþingistíðindum frá 1944, í B-deild, á bls. 305, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég er hv. þm. Eysteini Jónssyni sammála um það, að atvinnuvegirnir verði að bera sig. En ég er honum ekki sammála um þá svartsýni, að það muni þeir ekki gera. Sjávarútvegurinn getur borið sig eins og er, og það er enginn greiði gerður með því að vera stöðugt að hrópa úlfur, úlfur. Slíkt er einungis til þess að veikja trú almennings."

Og þessi sami hv. þm. segir í þingræðu, sem prentuð er í Alþingistíðindum 1945, í B-deild, á bls. 267, og ég ætla einnig að vitna til, með leyfi hæstv. forseta:

„Inn á við hefur dýrtíðin miðað að því að dreifa tekjum milli framleiðenda og annarra og þannig verið til eðlilegrar auðjöfnunar, öllum þorra manna til hagsbóta."

Það er engin ástæða til, að menn eða flokkur, sem hefur þessa skoðun á verðbólgunni, standi gegn henni.

Hv. sjálfstæðismenn hafa ekki unnið að því að stöðva verðbólguna, nema síður sé. Ég er hins vegar á þeirri skoðun, að almenningur í þessu landi líti ekki á verðbólguna sem sérstaklega hentuga leið til auðjöfnunar eða happadrjúga fyrir heilbrigðan atvinnurekstur. Hins vegar mun hún hafa reynzt alls konar braski og þess háttar starfsemi happadrjúg leið. Það eru því mikil og gleðileg tíðindi, ef þeir Sjálfstæðisflokksmenn hverfa nú frá verðbólgustefnunni að meira jafnvægi í efnahagsmálum landsins, en það hafa þeir látið í veðri vaka í ræðum sínum hér, a. m. k. á mánudaginn. Og ég held, að það sé fullkomin ástæða til, að það verði almenn gleði í mannheimum yfir því afturhvarfi, hvað sem himneskum herskörum líður.

Hins vegar er því ekki að neita, að þeir hv. þm. Sjálfstfl., sem tekið hafa þátt í þessum umr., hafa játað fylgi sitt við frv. með vörunum. En ræður þeirra hafa verið svo sitt í hverja áttina, að jafnvel svo litlir söngmenn eins og ég er hlutu að finna, að samæður var kórinn ekki. Í stuttu máli var niðurstaða af ræðum þessara hv. þingmanna, að því er mér virtist, þannig, að hv. 1. þm. Reykv. var með málinu, a. m. k. í sinni fyrri ræðu. Hv. 2. þm. Reykv., sem að vísu ræddi þetta mál með nokkurri alvöru, var með því að nokkru leyti, þó var verðbindingin hæpin. Hv. 9. landsk. var aftur algerlega á móti kaupbindingunni. Og svo kom hv. 1. þm. Rang. Hans aðalinnlegg í umr. var, að bændur væru fótum troðnir. Það var nú annað en kom fram í ræðu hv. 9. landsk. þm., þar sem hann virtist álíta, að niðurgreiðsla á landbúnaðarafurðum væri aðallega framkvæmd með peningum, sem kæmu frá launþegunum. Þessi stefna þeirra sjálfstæðismanna er því ekki ljós, og ég held, að þurfi meira til, ef á að leysa þessi mál.

Um ræðu hv. 1. þm. Rang. vil ég annars segja það, að það er að vísu búið að svara honum það vel af hæstv. landbrh., að það er ekki ástæða til að gera það frekar. En það gladdi mig stórum, að þessi hv. þm. skyldi bera svo mikið traust til framleiðsluráðsins sem hann gerði og ég geri líka. Og það sýndi bezt, að ekki var þýðingarlaus sá forsvari bændastéttarinnar, sem hún átti hér á Alþ., þegar Framsfl. var að berjast fyrir framgangi þessara laga og tilveru Stéttarsambands bænda. Það var þegar nýsköpunarstjórnin sat að völdum. Þá þótti það ekki góðra gjalda vert að hlynna að þeim félagsskap. Hv. 1. þm. Rang. var samt svo ánægður með þá ríkisstj., að hann lýsti trausti sínu við hana í lokin, þó að hann hefði fylgt henni seinlega í upphafi. Það var því ánægjulegt, að hv. þm. skyldi viðurkenna þessi verk Framsfl. svo vel.

Herra forseti. Ég hef leitt rök að því hér að framan, að stefna Sjálfstfl. í efnahagsmálum hefur ekki verið stöðvun á verðbólgunni, nema síður sé, heldur verðbólgustefna. Ég hef einnig bent á það og vil undirstrika það að lokum, að stefna Framsfl. er sú, að varanleg lausn fáist ekki í efnahagsmálum þjóðarinnar, nema áframhald verði á samstarfi fólksins í landinu til sjávar og sveita.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég ætla, að þetta sé jómfrúræða hv. þm. Mýr. Þetta var reyndar ekki ræða. Þetta var upplestur úr Tímanum, en gerir sitt gagn eigi að síður. Það kom greinilega í ljós, á hvaða línu þessi hv. þm. er. Hann lýsti ánægju sinni yfir því, hversu vel hæstv. landbrh. hefði svarað mér og hrakið mín ummæli í sambandi við verðlagningu landbúnaðarvara. Það er þess vegna ekkert efamál, að hv. þm. Mýr. er ánægður með það, sem gerzt hefur í verðlagningu landbúnaðarafurða á þessu hausti. Það er ekkert undarlegt, þótt þessi hv. þm. væri valinn til þess að vitna með hæstv. landbrh. Hann er nýr hér í þingi. Það er annar maður úr sveitakjördæmi nýr hér í þinginu, hv. 1. þm. Árn. Hvers vegna vitnar hann ekki með hæstv. landbrh.? Það er vegna þess, að hann er bóndi. Það er vegna þess, að hann veit, að þær tölur, sem ég las hér upp, eru réttar. Hv. 1. þm. Árn. hefur vitnin á borðinu hjá sér. Hann hefur verðlagsreikningana frá s. l. ári á borðinu hjá sér. Hann er að fá nótur yfir sendar sláturafurðir heim á borðið til sín núna, og hann hefur Tímann. Hann hefur grein Hermanns Jónassonar landbrh. Og hv. 1. þm. Árn., bóndinn, sem þekkir

til þessara mála, lætur sig ekki í það að ljá hæstv. landbrh. lið í þessu máli. Og vel sé honum fyrir það. En sveitarstjórinn í Borgarnesi, hv. þm. Mýr., sem ekkert þekkir til þessara mála, sem ekki hefur séð afurðasölureikning, hvorki frá fyrra ári né þessu ári, hann getur, eins og hæstv. landbrh., sem ekki heldur þekkir til þessara mála, komið hér upp og sagt, að ég hafi farið með rangt mál.

Þessir hv. þm. leyfa sér að staðhæfa, þegar ég fer með staðreyndir, að ég beri fram falsanir. Ég öfunda ekki hv. þm. Mýr af jómfrúræðunni. Ég öfunda hann ekki af því að hafa lið hæstv. landbrh. lið, þegar hann hér með dólgshætti miklum segir, að ég fari með falsanir.

Það hefur oft tekizt hjá framsóknarmönnum að blekkja fólk, bændur og aðra. Tímanum hefur oft tekizt þetta. En nú gekk hæstv. landbrh. of langt. Nú fellur hann á sjálfs sín bragði, vegna þess að vitnin, staðreyndirnar eru augljósar. Og það er alveg tilgangslaust að halda því fram við bændur, að þær tölur, sem ég las hér upp á mánudaginn, séu rangar. Þess vegna spurði sveitarstjórinn í Borgarnesi, hv. þm. Mýr., ekki hv. 1. þm. Árn. að því, hvort tölur mínar væru réttar eða rangar. Ef hann hefði haft fyrir því, þá hefði hann getað sparað sér það í ræðu sinni að þakka hæstv. landbrh. fyrir að hafa hrakið það, sem ég sagði.

Annars var gaman að heyra það í ræðu hv. þm. Mýr., þegar hann var að tala um afstöðu okkar sjálfstæðismanna í efnahags- og dýrtíðarmálum. Það var eins og hann hefði ekki heyrt það fyrr, að við sjálfstæðismenn vildum vinna gegn dýrtíðinni, og hann undraðist þau ummæli hv. 2. þm. Reykv., að það hefði verið verkefni og stefna allra undanfarinna stjórna að vinna gegn dýrtíðinni. En hv. þm. var seinheppinn. Þm. úr sveitakjördæminu Mýrasýslu átelur okkur sjálfstæðismenn fyrir það, að vísitalan hækkaði 1942. Hvers vegna hækkaði vísitalan 1942? Það var vegna þess, að hlutur bændanna var leiðréttur og lagfærður. Það var vegna þess, að hæstv. landbrh. núverandi hætti að vera landbrh. 1942. Þessi hæstv. landbrh. hafði haldið sultarólinni að bændum lengi vel? Hvernig fór hann að því? Það var gert á þann hátt, að það voru skipaðar verðlagsnefndir til þess að verðleggja landbúnaðarafurðirnar. Í þessum nefndum áttu sæti 5 menn og oddamaðurinn var skipaður af landbrh. Þáverandi landbrh., Hermann Jónasson, skipaði sína dyggustu þjóna í þessi störf, sem fóru alveg að hans skipunum, og þeim var sagt: Ykkar verkefni er ekkert annað en að halda niðri landbúnaðarvörunum, og ef þið gerið það nógu vel, þá höfum við áfram stuðning Alþfl., og þá get ég, Hermann Jónasson, haldið mínum valdastóli. — Þetta starf var ekki göfugt, en það var vel og trúlega unnið að þjóna þáverandi landbrh., og sultarólin var hert að bændastéttinni, þannig að skuldir söfnuðust upp og framfarir og framkvæmdir í sveitum landsins voru litlar. Og það var ekki tilviljun, að hlutur bændanna var fyrst réttur, þegar núverandi landbrh. hætti að vera landbrh. haustið 1942. Það var þá, sem sjálfstæðismenn sáu sig til knúna að hækka kjötverðið um 100% til þess að rétta hlut bændastéttarinnar. Vegna dvalar setuliðsins í landinu og mikillar eftirspurnar eftir verkamönnum hafði kaupgjaldið hækkað, og það var þess vegna óhjákvæmilegt að rétta hlut bændastéttarinnar, ekki aðeins að litlu leyti, heldur fullkomlega, og láta bændastéttina nú njóta þess, að hún hafði losnað við Hermann Jónasson úr landbúnaðarráðherrastólnum. En vísitalan hækkaði við þetta. Vísitalan hækkaði við hækkun á verðlagningu landbúnaðarvara milli 20 og 30 stig, og það kemur úr hörðustu átt, þegar þm. úr sveitakjördæmi notar þetta sem árásarefni á sjálfstæðismenn, og það er áreiðanlegt, að þessi hv. þm. verður minntur á þetta, því að einmitt þessi orð lýsa hugarfari hans og minna á, að hann þekkir ekki þá erfiðleika, sem bændur hafa við að stríða, og er fyrst og fremst fulltrúi einhverra annarra. Hann talar um, að ég hafi lýst ánægju minni yfir framleiðsluráðinu. Ég sagði, að ég tryði því ekki, að þeir menn, sem eru í framleiðsluráði, hafi óneyddir sætt sig við þá verðlagningu, sem í haust er á landbúnaðarvörum, og ég sagði, og ég endurtek það, að þetta getur ekki hafa gerzt nema með því, að það hafi komið skipun frá hæstv. landbrh. Og af því að hæstv. landbrh. skoraði á mig hér á mánudaginn eða hvenær sem hann talaði hér að endurtaka þetta eða taka það aftur, þá verð ég að endurtaka það, sem ég sagði: Ég tel, að það hljóti að hafa verið af einhvers konar þvingun frá hæstv. ríkisstj., að framleiðsluráðið, meiri hluti þess, lét undan.

Hæstv. ráðh. þóttist geta sannað, að ég færi með rangt mál. Hann var að tala um dilksverðið. Ég nefndi 13 kg dilk. Við höfum alveg eins getað talað um 15—16 kg dilk, það varð aðeins að taka einhvern þunga. Hann nefndi aðeins kjötverðið, en gleymdi alveg því, sem þarna átti einnig með að fylgja, það er slátrið, og það er mörinn. Nú vill svo til, að ég hef hérna sönnunargagn á borðinu hjá mér um afurðaverð 1955 og líka 1956, staðreyndir, sem eru alveg óhrekjanlegar, og það sést hér, að 13 kg dilkur er borgaður út 1955 með kr. 275.85 og dilkur í haust er borgaður út með 289.15, en ætti að vera 298 kr. Hæstv. ráðh. sagði, að bændur mundu fá 312 kr. Er þetta ekki blekking, þvert ofan í staðreyndirnar? Það er von, að hæstv. ráðh. setji upp vandlætingarsvip, setji upp sakleysissvip og tali um, að ég fari með blekkingar. En hér eru staðreyndirnar. Ég hef staðreyndirnar eins og hv. 1. þm. Árn. á borðinu hjá sér, reikninga yfir afurðirnar.

Það er alveg sama með nautgripakjötið. Ég taldi upp allar tegundir nautgripakjöts. Ég taldi upp allar tegundir hrossakjöts, og ég hef hérna staðreyndirnar einnig hvað það snertir eins og hv. 1. þm. Árn. og allir bændur. Þetta er þess vegna alveg óhrekjanlegt og alveg furðulegt, að hæstv. landbrh. skuli nú reyna að verja þetta. Ég segi, að það er eitt gott við þetta, að opna augu a. m. k. bænda, sem lesa Tímann og bera grein hæstv. landbrh. saman við sönnunargögnin, sem þeir hafa á borðinu hjá sér, afurðareikningana þessi tvö ár. Það getur orðið til þess, að jafnvel þeir, sem enn hafa trúað Tímanum, átti sig og sannfærist um, að þetta málgagn er ekki þess

virði að trúa því eða treysta, og ég er alveg sannfærður um, að bændastéttin áttar sig nú betur á því en áður, að Framsfl. með hæstv. landbrh. í broddi fylkingar er ekki þeirra flokkur, að hv. þm. Mýr. og hæstv. landbrh. eru ekki þeirra málsvarar á Alþingi. Ef svo væri, þá lýstu þeir ekki ánægju sinni yfir því, sem gerzt hefur. Mér dettur ekki í hug að ætla, að allir hv. framsóknarþm. vilji taka undir með hv. þm. Mýr. hér á Alþingi. Ég er hér um bil sannfærður um, að það hefur verið erfitt fyrir hæstv. landbrh. að fá þm. úr sveitakjördæmi til þess að vinna það hlutverk, sem hv. þm. Mýr. réð sig í áðan.

Það er nú svo, að hæstv. landbrh. talaði um, að það væri dálítið hart, þegar við sjálfstæðismenn færum að tala um landbúnaðarmálin, afurðaverð og landbúnaðarmálin, og minntist á 9.4% frá því 1944. Mér finnst nú nokkuð langt gengið, þegar hæstv. ráðh. ætlar að nota það sem ádeiluefni á Sjálfstfl., að gefin voru eftir 9.4% 1944. Ég held, að það sé alveg tilgangslaust, vegna þess að það er vitað, að Framsfl. stóð ekki síður að þessari eftirgjöf en við sjálfstæðismenn, og það er lítilmennska að geta ekki kannazt við það, að við margir, sem enn erum hér á þingi, samþ. þessa eftirgjöf. Við getum sagt: Það var ekki rétt að gera það. En það er lítilmannlegt að geta ekki kannazt við að hafa verið með í því, og hæstv. landbrh. var ekkert síður með í því og framsóknarmenn heldur en við hinir.

En af því að hæstv. landbrh. vildi fara að rifja upp fortíðina, þá er mjög æskilegt, að það sé gert nokkuð. Það er mjög æskilegt og nauðsynlegt. Það er nauðsynlegt, til þess að það falli ekki í gleymsku, hver hlutur hæstv. núverandi landbrh. hefur verið í sambandi við landbúnaðarmálin undanfarið, og þá einnig, hvað Framsfl. hefur oft verið seinheppinn, flokkurinn, sem hefur kallað sig bændaflokk, þegar um það hefur verið að ræða að koma fram málefnum sveitanna.

Sú saga er ljót, ef hún væri rakin, stjórnarsagan frá 1934 til 1939, þegar Framsfl. fór með völd með stuðningi Alþfl. Það var sveltitímabil í íslenzkum stjórnmálum, ekki aðeins fyrir bændur, heldur einnig fyrir verkamenn, því að það virtist vera, að stjórnarherrarnir þá væru úrræðalausir menn, sem ekki hugsuðu um annað en að spara innflutning til landsins. Og til þess að tryggja, að innflutningurinn færi í réttra manna hendur, var núverandi hv. þm. V-Húnv. valinn til þess að veita forstöðu og hafa oddaaðstöðu í gjaldeyris- og innflutningsnefnd, og hann þjónaði sínu starfi þar reglulega vel, alveg á borð við oddamennina í verðlagsnefndinni, að sýna hlutdrægni í starfinu og að beina innflutningnum til framsóknarfyrirtækja. Ég segi þetta hér vegna þess, að ég hef reynslu af hlutdrægni þessa manns. Hann ætlaði alveg að loka fyrir það, að fyrirtæki, sem ég stjórna, fengi nokkurn innflutning. En það vildi til, að hann gat ekki að því sinni fengið meiri hl. í nefndinni. — En það sýndi sig, að það var ekki nóg að hafa hlutdræga gjaldeyris- og innflutningsnefnd, sem skammtaði innflutninginn. Það sýndi sig, að það þurfti að afla atvinnutækja til landsins og gera ráðstafanir til þess að auka framleiðsluna, ef fólkið ætti að geta lifað sæmilegu lífi í landinu. En það var ekki gert. Einn duglegur athafnamaður flutti inn skip í leyfisleysi og fékk háar sektir fyrir. Af þessum ástæðum skapaðist hér varanlegt atvinnuleysi, skapaðist hér kreppa, og kreppunni var haldið við hér, löngu eftir að hún hafði liðið hjá í nágrannalöndunum.

Ég lýsti því áðan, hvernig ástandið var í landbúnaðarmálunum á þessum tímum og að hlutur bændastéttarinnar var ekki réttur fyrr en við sjálfstæðismenn fengum aðstöðu til þess. Framsóknarmenn fóru óslitið með landbúnaðarmálin frá 1927 til 1944. Þeir höfðu stært sig mikið af því, að ýmsir sjóðir, sem landbúnaðurinn ætti að fá lán úr, væru þeirra verk. En ég man það, að á s. l. vori, 10. júní minnir mig, birtist í Tímanum tafla yfir lánveitingar úr ræktunarsjóði og byggingar- og landnámssjóði, og í þessari töflu var því lýst, að ræktunarsjóður hafi lánað á ári 70 þús. kr. og byggingarsjóður 222 þús. kr., og þetta fannst framsóknarmönnum vera ákaflega mikið fé, að skipta þessu á milli 6000 bænda. Og þannig var þeirra frammistaða í landbúnaðarmálunum í öll þessi ár, 17 ár. Landbúnaðurinn fór ekki að rétta við fyrr en áhrifa sjálfstæðismanna fór að gæta. Og þegar hæstv. landbrh. sagði hér um daginn, að sjálfstæðismenn hafi, þegar þeir höfðu aðstöðu, svikizt um að gera nokkuð fyrir landbúnaðinn, þá verð ég að minna á, að það er ekki fyrr en Pétur heitinn Magnússon verður landbrh., að ræktunarsjóðurinn, að byggingarsjóðurinn og aðrir lánasjóðir landbúnaðarins fá fé til umráða, sem nokkuð munar um, og um þetta vitna staðreyndirnar og þess vegna ákaflega tilgangslaust að reyna að hrekja þetta. Það var 1945—46, sem lög um landnám, nýbyggingar og endurbyggingar í sveitum voru sett hér á Alþingi. Þetta frv. var flutt af þáverandi landbrh., Pétri heitnum Magnússyni. Þetta frv. gerði ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði, 50 millj. kr., og skyldu greiðast 5 millj. kr. á ári í allt að 10 ár. Var þetta mikið fé, miðað við gildi peninganna þá. Þetta voru hærri upphæðir en framsóknarmenn höfðu látið sér detta í hug, að sjóðir landbúnaðarins gætu nokkurn tíma fengið. En vegna þess, að stórhugur fylgdi þessari lagasetningu, var kleift að fara að nota skurðgröfur í landinu og þurrka upp landið og bæta. Það varð kleift að auka ræktunina, þannig að túnstærðin hefur margfaldazt, og það varð kleift að byggja upp hina fallandi bæi í sveitum landsins og útihúsin, sem enn voru flest með torfþaki og gamaldags. Þetta hefði ekki verið hægt, ef grunnurinn að þessu hefði ekki verið lagður með lögum Péturs heitins Magnússonar, og þetta hefði ekki verið gert, ef framsóknarmenn hefðu áfram farið með landbúnaðarmálin eins og þeir höfðu gert frá 1927 til 1944. Það er ekki hægt annað en að minna á þetta, þegar framsóknarmenn koma hér og ætla að fara að tala sem sérstakir vinir landbúnaðarins, menn, sem eru algerlega úr tengslum við landbúnaðinn og þekkja lítið til hans, sbr. hæstv. núverandi landbrh., sem hefur lítil kynni eða tengsli við landbúnaðinn, og hv. þm. Mýr. Ef hann hefur meint það, sem hann sagði hér áðan, þá bendir fátt til þess, að hann sé í tengslum við landbúnaðinn eða þekki þar til.

Ég held, að það sé nú óþarft að hafa öllu fleiri

orð um þetta. En ég vil nú spyrja: Er það tilviljun, að hin helztu mál landbúnaðinum til handa hafa verið lögfest á Alþingi, þegar framsóknarmenn hafa verið utan ríkisstj.? Er það tilviljun, að hlutur bænda í verðlagningu landbúnaðarvara var leiðréttur fyrst, þegar landbrh. Framsfl. var farinn úr valdastóli? Er það tilviljun, að lánasjóðir landbúnaðarins fengu fyrst peninga, þegar framsóknarmenn voru utan gátta? Er það tilviljun, að raforkulögin voru sett, þegar framsóknarmenn voru utan gátta og höfðu lítil áhrif? Það væri skrýtið, ef þetta væri allt saman tilviljun. Ég held, og ég reyndar veit og staðhæfi, að þetta gerðist vegna þess, að smásálarskapur framsóknarmanna var ekki ráðandi. Framsóknarmenn hafa tíðast tamið sér það að tala eins og sérstakir málsvarar bænda, en þegar hefur komið til að framkvæma hlutina, hafa þeir verið ráðalausir og ekkert gert. Og þá hefur alltaf verið talað um, að það væri ekki til fé, það væru ekki til peningar, og það er þess vegna ekkert nýtt, þótt við heyrum það nú, bæði hjá hæstv. fjmrh. og hæstv. landbrh., að það sé ekki til fé.

Hæstv. landbrh. talaði um það hér fyrir tveimur dögum, að fráfarandi ríkisstj. hafi skilið illa við, að það vanti fé í raforkuframkvæmdirnar, það vanti fé í húslánasjóðinn, það vanti fé í Búnaðarbankann, það vanti fé í fiskveiðasjóðinn og það vanti fé í sementsverksmiðjuna. En ég vil minna hæstv. landbrh. á það og aðra hv. framsóknarmenn, að það er hlutverk þeirrar stjórnar, sem fer með völd á hverjum tíma, að útvega fé í þær framkvæmdir, sem verið er að vinna að. Og hæstv. landbrh. veit það, að fram að stjórnarskiptunum var unnið látlaust og tafarlaust að öllum þessum framkvæmdum, og hæstv. ráðh. veit líka, að ef fyrrv. ríkisstj. hefði setið áfram að völdum, þá hefði hún útvegað til framhalds það fjármagn, sem vantar í þessar framkvæmdir. Úrræðaleysi núverandi ríkisstj. nær hámarki, þegar þeir koma með þessar raunatölur og ætla að reyna að skella skuldinni á fyrrverandi ríkisstj., að nú virðist allt vera keyrt í strand hjá þeim. En ástæðan til þess, að núverandi stjórn fær ef til vill ekki það fjármagn, sem fyrrverandi stjórn hefði haft ráð á, t. d. erlent fjármagn, stafar vitanlega af því, að núverandi ríkisstj. hefur lítið traust, hefur ekki traust utanlands, hefur ekki traust almennings innanlands. Ég minntist á það hér um daginn, hvernig væri varið sparifjáraukningunni. Á fyrstu 7 mánuðum þessa árs jókst sparifé um 136 millj. kr., fram að stjórnarskiptunum. Ef sparifjáraukningin hefði haldið þannig áfram árið út, hefði hún orðið á árinu 230 millj. kr., eða miklu meiri en nokkru sinni áður. Ef sparifjáraukningin hefði orðið þannig á þessu ári, þá hefði skapazt möguleiki til þess að fá lán úr íslenzkum bönkum í húslánasjóðinn, í ræktunar- og byggingarsjóðinn, í sementsverksmiðjuna og aðrar framkvæmdir, sem núna er unnið að. En eftir stjórnarskiptin skiptir alveg í tvö horn. Það er ekki aðeins það, að sparifjármyndunin stöðvist alveg, heldur er farið að eta upp það, sem hafði safnazt fyrri hluta ársins, og eru nú líkur til, að sparifjáraukning á þessu ári verði alls engin. Þegar svo er komið, er náttúrlega tilgangslaust að fara í Landsbankann eða aðra banka og segja þeim að lána í þær framkvæmdir, sem vantar fé til, og þegar svo er komið, er það vitanlegt, að það er erfiðara að fá lán erlendis en ef hægt hefði verið að sýna fram á, að okkar fjárreiður hér heima væru í lagi.

Þetta er staðfesting á því, að almenningur í landinu treystir ekki þessari stjórn. Það er staðfesting á því, að almenningur í landinu sér, að þessi stjórn hefur ekki enn neina fasta stefnu í efnahags- eða atvinnumálum. Hún hefur ekkert fram að leggja nema þetta frv., sem er lítið frábreytt þeim till., sem við sjálfstæðismenn lögðum fram á s. l. vetri.

Þetta frv., ef að lögum verður, gerir ekki annað en að stöðva kaupgjald og verðlag til áramóta. En hvað tekur þá við? Hefði ekki verið betra fyrir hæstv. ríkisstj. að fara eftir till. sjálfstæðismanna á s. l. vetri og festa verðlagið þá strax? Er ekki ábyrgð framsóknarmanna mikil, að þeir skyldu ekki skilja, að það hafði raunhæfa þýðingu á s. l. vetri að stöðva verðlagið strax, eftir að álögurnar höfðu verið lagðar á þjóðina til þess að atvinnuvegirnir gætu gengið? Framsóknarmenn gerðu það ekki, heldur létu þeir dýrtíðina og vísitöluna hækka í allt sumar, eða til 1. september s. l. Vísitalan hækkaði úr 173 stigum í 184 stig á þessu tímabili, um 11 stig.

Skyldi það nú ekki vera þess vegna, sem hæstv. ríkisstj. hefur séð sig tilneydda að hækka fiskverðið til togaranna um 15 aura, hækka styrkinn til togaranna um 50%, úr 5000 krónum í 7500 krónur, hækka karfaverðið, hækka styrkinn til síldveiða við Faxaflóann? Er þetta undirbúningur undir það, sem koma skal um áramót, að láta vísitöluna hækka fyrst um 11 stig, síðan að hækka styrkina til útvegsins? Er það til þess að gera gönguna eitthvað léttari að hinu þráða marki að koma atvinnuvegum landsmanna á réttan kjöl og styrkjalausan grundvöll?

Ég held, að framkvæmd og aðfarir hæstv. ríkisstj. þá 3 mánuði, sem hún hefur setið, sanni það, að hún er þrátt fyrir þetta frv. úrræðalaus og veit ekkert, hvað við tekur, og það er almenningur í landinu, sem fylgist með þessu, og það er þess vegna, sem nú er svo komið með okkar peningamál í bönkunum, að fjármagnið hefur hætt að skapast.

Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) var að tala um það hér áðan, að ég hefði hælzt um það, að litlar líkur væru til, að lán fengjust til þess að kaupa togarana. Þetta er reginmisskilningur hjá hv. þm. Ég vitanlega vildi óska þess, að það væri hægt að halda uppbyggingu atvinnuveganna og öllum framkvæmdum hér áfram, þrátt fyrir það þótt við höfum lélega stjórn í landinu um sinn. Allir hv. þm. hljóta að skilja, að ef framkvæmdirnar stöðvast og ef atvinnuleysi heldur innreið hjá okkur, þá líða allir við það. Það verður að finna önnur ráð til þess að koma hæstv. ríkisstj. frá völdum heldur en þau ein, að hún fái hvergi lán. Hæstv. ríkisstj. fellur á sínum eigin verkum og sínu eigin úrræðaleysi.

Ég þarf ekki raunar að hafa þessi orð öllu fleiri. Ég hef rakið hér nokkuð lauslega það, sem fram hefur komið hjá hv. framsóknarmönnum í sambandi við verðlagninguna, og ég

hef staðhæft það, sem er staðreynd, að það, sem ég sagði hér á mánudaginn, var rétt; það, sem hæstv. landbrh. sagði, var rangt. Og ég hef enn fremur í fáum orðum rakið nokkra þætti úr starfssögu framsóknarmanna í sambandi við landbúnaðarmálin. Þeir þættir eru festir á spjöld sögunnar, og þeir þættir eru sannir og verða ekki hraktir. Það er ástæða til að rekja þá þætti nánar við betri tíma, en þetta skal nú nægja að sinni. Ég hef í fáum dráttum lýst því, hvernig úrræðaleysi hæstv. ríkisstj. leiðir til þess að skapa hér vonleysi meðal almennings í landinu og skapa grundvöll að atvinnuleysi og stöðvun allra framkvæmda. En það er eitt það hættulegasta. Vegna þess að fjármagnsmyndunin hefur nú algerlega stöðvazt, gæti komið atvinnuleysi. Og þá væri illa farið, ef við með alla hina miklu möguleika til áframhaldandi framkvæmda og velmegunar verðum að gjalda svo dýru verði fyrir það ævintýri, að Hermann Jónasson varð forsrh. í stjórn með Alþb. og Alþfl., að sú framþróun, sem unnið hefur verið að síðustu ár, stöðvist og almenningur í landinu verði um sinn að búa við kreppu og hálfgerðan sult.

Umr. frestað.

Á 10. fundi í Nd., 2. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) þrumaði hér á fundinum í gær sína árlegu ræðu um það, hversu kommúnistar hafi gert mikið fyrir verkalýðinn og hversu allir aðrir hafi gert lítið fyrir hann.

„Gengið" á kommúnistum er lágt í dag um allan hinn frjálsa heim, því að nú hafa þeir komið til dyranna eins og þeir eru klæddir. En eftir því sem lækkar á þeim „gengið", er ekki nema við því að búast, að þeir þurfi að hækka röddina og þruma yfir lýðnum um allt það, sem þeir hafi gert fyrir hann. Það er skiljanlegt þess vegna, að hv. 3. þm. Reykv. þurfi að hrópa og kalla um þær kjarabætur, sem flokkur hans hefur fært verkalýðnum. En það eru líka aðrir, sem hrópa og kalla í dag. Það eru þeir, sem hafa í 10 ár hlotið handleiðslu kommúnista. Þeir hrópa á frelsi í stað ánauðar, og þeir hrópa á mannréttindi í stað þrældóms. Senda kommúnistarnir þeim frelsi og mannréttindi? Nei, þeir senda her, gráan fyrir járnum, til þess að kúga þjóðirnar og svipta þær þeim réttindum og því frelsi, sem þær eru bornar til og heimta sjálfar. Þetta er það, sem er að gerast þessa dagana. Ungverska þjóðin hefur undanfarnar vikur reynt að losa sig undan „kjarabótum" og handleiðslu kommúnistanna. Í því landi er nú ekki lengur til einn einasti kommúnisti, nema þeir, sem eru leppar fyrir rússneska hervaldið. Þannig hefur stefna kommúnistanna reynzt í framkvæmdinni.

Hv. þm. sagði, að sjálfstæðismenn hefðu aldrei gert neitt fyrir verkalýðinn. „Hvenær hafa þeir háð verkföll?" sagði hann. „Hvenær hafa þeir háð verkföll og heimtað kauphækkun?" Það er alveg rétt, þeir hafa ekki undirbúið verkföll. En kauphækkun verður að byggjast á einhverju öðru en verkföllum. Kauphækkanir eru einskis virði, ef ekki eru til blómlegir atvinnuvegir. Þær kauphækkanir, sem fást, meðan atvinnuvegirnir eru í kaldakoli, eru eins og seðlar, sem ekkert verðmæti er á bak við. Nei, Sjálfstfl. hefur ekki undirbúið verkföll, en hann hefur gert annað. Hann hefur frá fyrstu tíð og alla sína tíð unnið að því að byggja upp atvinnuvegi landsins, en á atvinnuvegum landsins byggist það, að fólkið geti fengið kaup, sem veiti því sómasamlegt líf. Með uppbyggingu atvinnuveganna hafa kjör fólksins batnað, ekki fyrir það, að hv. 3. þm. Reykv. og hans félagar hafa heimtað hærra kaup, heldur vegna þess, að aðrir voru búnir að byggja upp atvinnuvegina, þannig að fólkið gat fengið betri kjör.

Það má nú virðast næsta fánýtt að vera að deila hér um gamlar syndir, þegar heimsmálin eru á hverfanda hveli og búast má við því, að heimsstyrjöld geti brotizt út fyrr en varir. Við vitum ekki nema við ef til vill vöknum einn morgun við það, að heimurinn stendur í báli. Slíkt getur mörgu breytt hér og annars staðar og jafnvel skoðun margra manna á því, hvort heppilegt sé að byggja líf sitt á algeru varnarleysi í því trausti, að friðsældin sé vaxandi í heiminum.

En ég segi eins og rússneskur flokksbróðir hv. 3. þm. Reykv.: „Jörðin verður þó að halda áfram að snúast." — Og þess vegna ætla ég að halda áfram og taka til athugunar nokkur atriði, sem hafa komið fram í ræðum manna hér við umræðu málsins, sem fyrir liggur.

Hæstv. forsrh. lét sér mjög tíðrætt um þá óhæfu, að sjálfstæðismenn skuli leyfa sér að halda því fram, að framsóknarmenn muni hafa tekið einhvern þátt í stjórn landsins á undanförnum árum, og það jafnvel svo, að núv. forsrh. muni ef til vill hafa, þó að hann stæði utan ríkisstjórnar, átt þátt í því að samþykkja þær ráðstafanir, sem gerðar voru á undanförnum árum. Ég get vel skilið, að honum finnist hálfilla gert af sjálfstæðismönnum að vera að minnast á þetta nú, eins og sakir standa, því að hann þarf að sjálfsögðu að hafa nú sem beztan frið. En ekki verður hjá því komizt að minna hæstv. ráðh. á, að hann var ekki ætíð fjarstaddur, þegar fyrrv. stjórn réð ráðum sínum.

Hæstv. ráðh. lýsti því með mikilli tilfinningu, hversu fjárþurrðin sé núv. ríkisstj. erfiður ljár í þúfu. Hún hafi komið að tómum kofunum hvarvetna. T. d. hafi hann komið inn í raforkumálaráðuneytið, sem hann nú veitir forstöðu, og hverju mætir hann þar? Auðvitað tómum kassanum, og þar skorti, eftir því sem hæstv. fjmrh. hefur upplýst, 45 millj. kr. Og hverjum er þetta að kenna? Auðvitað íhaldinu. Svona skildi það við. En hæstv. ráðh. er þó ekki búinn að gleyma því, hver var raforkumálaráðherra í síðustu stjórn? Var það ekki framsóknarmaður? Átti hann ekki að sjá um þessi mál? Hver var fjmrh. í síðustu stjórn? Þurfti hann ekkert að hugsa um, hvort raforkumálin fengju það fé til umráða, sem nauðsyn krafði? Var það ekki framsóknarmaður? Það vantaði að sjálfsögðu víðar fé en þarna, og alls staðar hafði fyrrv. fjmrh. skilið eftir tóman kassann. — En allt á þetta að vera sjálfstæðismönnum að kenna. Allt gerðu þeir. Þeir stjórnuðu öllu. Nú, og þess vegna

hlutu þeir náttúrlega að eiga sökina. Það leiddi af sjálfu sér.

En það er eitt, sem stjórnarflokkarnir hafa nú þörf fyrir öllu framar, og það er að geta talið þjóðinni trú um, að Sjálfstfl. sé sökudólgurinn og þeir séu allir saklausir. Þess vegna segja þeir nú, að allt sé Sjálfstfl. að kenna, verðbólgan, dýrtíðin, lánsfjárskorturinn, útlán bankanna og jafnvel peningastraumurinn frá Keflavíkurflugvelli, svo að fátt verður, sem ekki er þeim að kenna. Vegna þess, hvað þeirra eigin fortíð á mikla sök á ástandinu, vilja þeir að sjálfsögðu koma þessu á Sjálfstfl. og telja þjóðinni trú um, að hann eigi sökina. Annars verður lítið úr „gloríunni" yfir höfðum þeirra fyrir að bjarga nú þjóðinni, ef þjóðin sjálf skyldi komast að raun um, að þessir flokkar ættu meginsökina á því, hvernig komið er málum, sem þeir þykjast nú vera að bjarga.

Sjálfstfl. hefur aldrei ætlað sér að hlaupast frá þeirri ábyrgð, sem honum ber fyrir þátttöku í ríkisstj. á undanförnum árum. En það verður aldrei af stjórnarliðinu skafið, að kommúnistar og Alþýðuflokksmenn eiga aðalsökina á því að hafa sundrað efnahagskerfinu með verkföllum og kauphækkunum. Það verður ekki af þeim skafið. Og Framsfl. hefur stýrt fjármálum landsins í sjö ár. Það verður heldur ekki af honum skafið, enda hefur hann undanfarin ár ekki þagað yfir því, að hann hafi haft fjármálastjórnina á hendi, enda væri enginn slíkur fjármálaskörungur til í landinu sem Eysteinn Jónsson, að dómi Tímans, málgagns Framsfl., á undanförnum árum. Um þetta hefur hann þó steinþagað nú í heilt ár. Af hverju? Hann hefur haft fjármálastjórnina á hendi í sjö ár, og eftir þennan langa tíma, eftir þessa löngu fjármálastjórn Framsfl. stígur form. hans fram fyrir þjóðina og tilkynnir henni, að í höndum hans eftir allan þennan tíma sé fjármálalífið orðið helsjúkt.

Er hægt að hugsa sér öllu meiri og hreinskilnari fordæmingu á eigin verkum? Ég vil nú í bróðerni spyrja hæstv. forsrh.: Er hægt að vera fjmrh. í landi sínu í sjö ár án þess að hafa nokkur áhrif á fjármálalíf landsins?

Ég skal svara fyrir hann: Já, það er hægt. Það er hægt, ef í sæti fjmrh. er flón og ónytjungur. Er Eysteinn Jónsson það? Við, sem hér erum inni, og öll þjóðin veit, að Eysteinn Jónsson er hvorugt þetta. Hann er gáfaður maður, sem ekki lætur skipa sér fyrir verkum. Er þá líklegt, að hann hafi látið fjármálalíf landsins afskiptalaust í þessi sjö ár, eða vill kannske hæstv. forsrh. halda því fram, að fjármálaráðherra hafi verið vikadrengur Sjálfstfl. allan þennan tíma? Ég er ekki að ásaka Eystein Jónsson. Hann er ágætur maður, og ég efast ekki um, að allar þær ráðstafanir, sem hann hefur gert, hafi hann framkvæmt vegna þess, að hann taldi þær sannastar og réttastar. En ég er að benda flokki hans og samstarfsmönnum á, að þeir eru að draga af honum æruna með því að segja í ræðu og riti, að hann hafi verið ábyrgðarlaust núll í fyrrv. ríkisstjórnum.

Hæstv. menntmrh. (GÞG) reyndi að tortryggja þá staðhæfingu mína, sem kom einnig fram hjá fleirum, að kaupgjaldshækkunin væri meginundirstaða verðbólgunnar, vegna þeirrar verðhækkunar, sem kauphækkunin hlaut að hafa í för með sér á öllu landinu. Ég sé, að blað Alþfl. er að fárast yfir því, að togararnir skuli ekki geta gengið nú, þegar ríkissjóður sé farinn að borga með togurunum sem nemur öllu kaupgjaldi á hverjum togara. Blaðið telur það sem sönnun fyrir því, að kaupgjaldið hafi ekkert að segja. En ég vildi nú spyrja: Dettur þeim mönnum í hug, sem þetta skrifa, að kaupgjaldið á togurunum sé eina kaupgjaldið, sem togararnir borga, eða yfirleitt eini kostnaðurinn, sem togararnir verða að bera? Ef þeir halda það, þá get ég sagt þeim, að svo er ekki. Kaupgjaldið í landi og á togurunum hefur hleypt kostnaði við rekstur togara gífurlega fram.

Hann var að reyna að breiða yfir þessa staðreynd, hæstv. menntmrh., með því að segja, að það væru til fleiri öfl, sem kyntu undir eldi verðbólgunnar, en kauphækkanir, m. a. bankaútlán. Það er alveg rétt. Bankaútlán geta valdið verðbólgu, ef þau eru mjög gálaust af hendi látin. En ég vil benda á í því sambandi, að útlánin frá 1954 til 1956 jukust í bönkunum um 550 millj., en á sama tíma jukust spariinnlán um 250 millj. kr. og veltiinnlán um 100 millj. Það horfir nú dálítið öðruvísi við, þó að útlánin aukist, ef hægt er að sýna fram á, að veruleg innlán hafa átt sér stað á sama tíma. Hér hafa innlánin aukizt um 350 millj., meðan útlánin jukust um 550 millj. Það má segja, að þetta sé óvarlegt. En það verður þá að spyrja um leið: Til hvers var þessu fé varið? Þessu fé var að miklu leyti varið til þess að veita útflutningsframleiðslunni rekstrarfé. Það er öllum ljóst og vitanlegt, að síðan farið var að verka aflann hér í landi, eins og nú er gert, hefur útvegurinn að sjálfsögðu þurft miklu meira rekstrarfé en áður. Þar að auki má benda á, að bátagjaldeyririnn, sem útvegsmenn eiga að fá til þess að standa undir rekstrarkostnaði sínum, hefur ekki verið greiddur út fyrr en ári eða 1½ ári eftir, að fiskurinn er veiddur. Undir þessu hafa útvegsmenn ekki getað staðið. Þess vegna hafa bankarnir m. a. orðið að hlaupa undir bagga með útvegsmönnum og lána þeim út á þann bátagjaldeyri, sem þeir áttu í vændum og fengu kannske ekki fyrr en ári eftir að þeir fengu lánið í bankanum. En ég fullyrði, þrátt fyrir það að ég viðurkenni, að bankaútlán geti haft áhrif á verðbólguna, að þessi bankaútlán hefðu ekki haft nein áhrif á vísitöluna, ef engar kauphækkanir hefðu átt sér stað á sama tíma.

Annars er nýtt, að Alþfl. skuli vera að kvarta undan því, að lánað er út. Ég veit ekki betur en að hann hafi á undanförnum árum alveg eins og Sósfl. heimtað það, að fé væri ausið út úr bönkunum takmarkalaust. Ef að þeirra ráðum hefði verið farið á undanförnum árum, býst ég ekki við að stæði steinn yfir steini í fjárhagsbyggingu þjóðarinnar.

Hæstv. ráðherrar, félmrh. og menntmrh., þóttust nú hafa gripið gæsina, þegar þeir fullyrtu það, að ég hefði sagt, að verðbindingin væri alveg óhafandi. Því miður sagði ég þetta ekki. Hæstv. ráðherrar hafa vafalaust tekið skakkt eftir, því að ég væni þá ekki um að fara vís-

vitandi með rangt mál. Ég sagði aldrei, að verðbindingin væri óhafandi. Ég sagði, að hún væri afar erfið í framkvæmd. Ég sný ekki aftur með það. (**Gripið fram í:** Er hún æskileg?) Undir vissum kringumstæðum getur hún verið æskileg. Ég hef sjálfur lagt kvaðir á verzlunarstéttina og iðnaðinn undir svipuðum kringumstæðum, eins og t. d. 1942, þegar verðbinding var sett í einn mánuð, vegna þess að ég taldi, að slíkt væri nauðsynlegt. Og ég tel heldur ekki að það sé neitt hættulegt að binda verðlag, jafnvel þó að það sé 4½ mánuður, eins og hér kemur fram, ef það er gert á skynsamlegan hátt. Ég er ekki að mæla með því, að menn fái að græða fé í óhófi á ástandi eins og því, sem nú er ríkjandi. Ég veit, að menn, sem líta á málið frá skynsamlegu sjónarmiði, vilja heldur vera án gróðans, ef með því verður einhverju kippt í lag, svo að ástandið batni. Hæstv. ráðherrar hafa ekki tekið rétt eftir mínum orðum hvað þetta snertir. En ég sagði um verðbindinguna aftur á móti, að hún væri mjög miklum erfiðleikum háð og það væri nauðsynlegt að framkvæma hana á sanngjarnan hátt.

Nú er verðlagið stöðvað í 4½ mánuð. Ég er sannfærður um, að ekki er hægt að stöðva verðlag undantekningarlaust í 4½ mánuð, nema farið sé út í öfgar. Hins vegar hefur hæstv. ríkisstj. undanþágu í lögunum, eins og sjálfsagt er, og er þá mjög undir því komið, hvernig þessari undanþágu er beitt. Það er t. d. fjarstæða að hugsa sér að synja mönnum um að taka lögboðna tolla inn í verðlag innfluttrar vöru, ef á að framkvæma þessi lög skynsamlega og réttlátt.

Hæstv. félmrh. sagði, að það væri sér að mæta, ef einhver ætlaði að sniðganga lögin, eins og t. d. með það að láta einhvern annan flytja inn fyrir sig vöru, sem nýju tollarnir koma á. Ja, ég verð nú að segja, að ég er svo einfaldur og óslyngur í refskák, að mér hafði ekki dottið í hug þetta snjallræði til þess að komast fram hjá þvingunum hæstv. ráðherra í þessu sambandi. En þetta krefst lítillar útskýringar við, svo að menn geti skilið það. Það er þannig, að hafi maður flutt inn vöru s. l. desember, áður en nýju tollarnir komu á, og flytur svo aftur inn sömu vöru nú, eftir að tollarnir eru komnir á, þá er sagt við hann: Þú mátt ekki hækka verðið, því að þetta verð nú er hærra en var á sömu vöru hjá þér, þegar þú fluttir hana inn síðast. En þá hafði viðkomandi maður ekki þurft að greiða þessa tolla. Nú eru tollarnir komnir á, og nú verður hann að borga tollana, en hann fær ekki að taka þá inn í verðlagið.

Nú vil ég samt skjóta hér inn, að ég heyri sagt, að það sé farið að framkvæma þetta á skynsamlegri hátt.

En svo kemur lokleysan í þessu öllu saman. Ef aftur á móti er annar maður, sem flytur vöruna inn í fyrsta skipti í dag, þá fær hann að verðleggja hana með nýju tollunum, sem hinum er bannað.

Þannig er hægt að framkvæma það ráð, sem hæstv. ráðh. gaf, að láta annan flytja fyrir sig inn vöruna, sem ekki hefur flutt hana inn áður, því að þá má leggja nýju tollana á hana.

Ég vona nú, að þessi framkvæmd sé úr sögunni. Ég vona það, því ef þetta væri svona, þá væri slík framkvæmd fyrir neðan allar hellur. En mér er sagt, að framkvæmdin sé að verða eitthvað eðlilegri og skynsamlegri en hún var í byrjun. En ég hef ekki hugsað mér að nota þetta snjallræði, sem ráðh. gat um. Ég álít, að ekkert sé unnið við það að fara krókaleiðir í þessum efnum.

Við sjálfstæðismenn höfum hrósað þessu frv. vegna þess, að við teljum það spor í rétta átt. En það er fleira gott, sem fylgir því. Það gefur fordæmi, sem vafalaust mun ekki fyrnast. Sósialistaflokkarnir í landinu, Sósfl. og Alþfl., hafa nú staðfest, að stöðvun kaupgjalds sé skilyrði fyrir því, að hægt sé að stöðva verðbólguna. Þetta hafa þeir nú í fyrsta skipti viðurkennt með því frv., sem hér liggur fyrir. Hér eftir hljóta því allar ríkisstjórnir að fylgja þessu fordæmi undir svipuðum kringumstæðum.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Nokkrir hv. alþm. Sjálfstfl. hafa rætt allmikið um þá ráðstöfun hæstv. ríkisstj. frá í sumar að gefa út brbl. um festingu verðlags og kaupgjalds. Í ræðum þessara hv. alþm. hefur að sjálfsögðu ekkert nýtt komið fram í málinu, enda hafa ræður þessar lítið verið annað en endurtekningar á skrifum blaða Sjálfstfl. frá því í sumar og haust.

Í skrifum Sjálfstæðisflokksblaðanna og í ræðum hv. þm. Sjálfstfl. hér á Alþ. er því mjög á lofti haldið, að ekki hafi verið haft samráð við verkalýðssamtökin um setningu brbl., lögunum hafi verið skellt á, án þess að verkalýðssamtökin hafi verið spurð ráða og án þess að fyrir lægi álit þeirra í málinu.

Þessar og þvílíkar fullyrðingar eru algerlega úr lausu lofti gripnar, eins og er margbúið að sanna, og eru hrein og bein ósannindi. Í fyrsta lagi var málið rætt í miðstjórn Alþýðusambands Íslands, sem lýsti sig sammála því, að fest yrði allt verðlag í landinu og kaupgjald um tiltekinn tíma, þ. e. a. s. ef verkalýðsfélögin almennt vildu fallast á þessa skoðun. Vísitalan átti að miðast við 168 stig að viðbættum 10 stigum, eða samtals vísitalan 178 stig. Verðlagið skyldi verða óbreytt eins og það var 15. ágúst s. l.

Þá gerði miðstjórn Alþýðusambands Íslands ráðstafanir til þess, að fjórðungsstjórnir alþýðusambanda Vestfjarða, Norðurlands og Austfjarða segðu sitt álit um málið og leituðu eftir umsögn allra stærstu verkalýðsfélaganna í viðkomandi landsfjórðungum. Mér er persónulega kunnugt um, að þetta var gert, þar sem ég er formaður eins verkalýðsfélags á Norðurlandi, og það var látið fylgja með, að ef verkalýðshreyfingin sæi sér ekki fært að samþykkja þessar ráðstafanir í verðlags- og kaupgjaldsmálum sem bráðabirgðaúrlausn, sem átti að gilda í fjóra mánuði, þ. e. a. s. vísitölubindingin, en verðlagið átti að miðast við 15. ágúst, 4½ mánuð, yrðu engar slíkar ráðstafanir gerðar, engin brbl. gefin út um festingu verðlags og kaupgjalds nema með samþykki verkalýðssamtakanna. Það var því algerlega á þeirra valdi og með þeirra vilja gert, að þessi leið var farin. Bæði fjórðungsstjórnirnar, trúnaðarráð og félagsfundir í

fjölda verkalýðsfélaga samþykktu fyrir sitt leyti þessar bráðabirgðaráðstafanir, þó með því skilyrði, að fullt samráð yrði haft við verkalýðssamtökin um endanlega lausn efnahags- og dýrtíðarvandamálsins.

Hér í Reykjavík t. d. var málið lagt fyrir fund, þar sem voru mættir flestallir stjórnendur verkalýðsfélaganna í Reykjavík. Á þessum fundi var samþ. með yfirgnæfandi meiri hluta, yfir 90 atkv. gegn 17, að lýsa yfir stuðningi sínum við þessar ráðstafanir, sem þá voru að komast í gang og ríkisstj. hafði gert í sambandi við þetta mál. Nokkur verkalýðsfélög hér í Reykjavík héldu svo félagsfund um málið og lýstu yfir með fundarsamþykkt fylgi sínu við setningu brbl.

Það er því mesta fjarstæða, þegar blöð Sjálfstfl. og hv. þm. þessa flokks eru að halda því fram dag eftir dag, viku eftir viku í opinberum skrifum og ræðum hér á Alþ., að það hafi ekki verið haft samstarf um þessi mál við verkalýðssamtökin í landinu. Hér er sannleikanum alveg gersamlega snúið við. Eftir því sem bezt verður séð, hefur hæstv. ríkisstj. haft hið bezta samstarf og samráð við verkalýðssamtökin um þetta mál, enda er hér um stórkostlegt hagsmunamál launastéttanna að ræða, og hér var sannarlega á ferðinni alveg sérstakt vandamál, sem launastéttirnar og alla þjóðfélagsheildina varðaði alveg sérstaklega.

Um líkt leyti eða nokkrum vikum eftir að lögin voru sett, stóðu yfir kosningar til Alþýðusambands Íslands. Í þessum kosningum tóku þátt hvorki meira né minna en milli 150 og 160 félög, sem eru meðlimir í Alþýðusambandi Íslands. Hver var afstaða þessara voldugu samtaka í landinu til þessara mála, verkalýðsfélaganna sjálfra, þegar þau voru að kjósa fulltrúa á þing Alþýðusambands Íslands? Ekkert var eðlilegra en að þessi mál væru rædd í sambandi við kosningarnar, og þau voru sannarlega rædd. Ég efast um, að það hafi verið haldinn sá fundur í verkalýðsfélagi, sem kaus fulltrúa á Alþýðusambandsþing Íslands, að þessi mál hafi ekki verið rædd. Fjölmörg þeirra sendu þegar frá sér mjög ákveðnar till. í málinu og lýstu sig algerlega sammála því, sem gert hefur verið. Ég veit ekki nema um þrjú félög, sem hafa lýst sig að einhverju leyti ósammála þessum ráðagerðum. Eitt þessara félaga reyndar telur nú ekki nema 13 meðlimi, en það skiptir ekki máli.

En þá langar mig að spyrja: Hvar var þessi mikli styrkur Sjálfstfl. innan verkalýðsfélaganna, sem hv. 1. þm. Reykv. var að tala um í þingræðu hér um daginn? Hann sagði, að fylgi Sjálfstfl. í verkalýðshreyfingunni á Íslandi stæði traustum fótum. Hvar var þessi mikli styrkur og þetta mikla fylgi Sjálfstfl. t. d. á 500 manna fundi í Dagsbrún, þar sem kosnir voru 33 fulltrúar á þing Alþýðusambands Íslands? Ég var ekki á þessum fundi, en eftir því sem ég veit bezt, hreyfði enginn einasti maður þar mótmælum, ekki einn einasti. Það kom engin till. fram um neitt í sambandi við þetta mál, sem mælti á móti því. Eru þessir fylgjendur Sjálfstfl. innan verkalýðssamtakanna einhverjir huldumenn, sem enginn sér og enginn verður var við? Sannleikurinn er sá, að fylgjendur Sjálfstfl. innan verkalýðshreyfingarinnar eru sammála öðrum meðlimum verkalýðshreyfingarinnar í þessari afstöðu, sem tekin var, — það er staðreynd í málinu, — mikill meiri hluti þeirra, hvað sem svo hv. þingmenn Sjálfstfl. vilja hér segja í ræðu og í ritgerðum sínum í blöðum flokksins.

Sjálfstæðisverkamennirnir skilja það mætavel eins og við, sem ekki fylgjum þeim flokki, að dýrtíðarflóðið er böl, sem verður að stöðva með öllum þeim ráðum, sem tiltækileg eru, þó án þess, að lífskjörin séu skert frá því, sem nú er, enda að okkar dómi algerlega ástæðulaust að fara inn á slíka braut.

En fyrst nú hv. þm. Sjálfstfl. gera svona mikið úr því, að ekki hafi verið haft svo og svo mikið samráð og samstarf við verkalýðshreyfinguna um þessi mál, sem er margyfirlýst og sannað að er alger fjarstæða, þá er ekkert úr vegi að spyrja þessa ágætu alþingismenn að því og aðra forsvarsmenn Sjálfstfl.: Hvernig var það, þegar gengisfellingarlögin voru samþykkt hér á Alþingi veturinn 1950? Var haft mikið samráð og samstarf við verkalýðshreyfinguna, þegar þau lög voru knúin í gegn á móti svo að segja vilja hvers einasta manns í verkalýðshreyfingunni, a. m. k. stórum meiri hluta? Ég minnist ekki þess, að það væri haft neitt samráð eða neitt samstarf eða eftir neinu samstarfi óskað þá af þeirri ríkisstjórn um neitt við verkalýðshreyfinguna. Hvernig var það, þegar bátagjaldeyrisfyrirkomulaginu var skellt á? Það var alveg nákvæmlega sömu sögu að segja. Það var ekki verið að spyrja verkalýðshreyfinguna neitt um það. Þeir fóru sínar leiðir, án þess að hafa nokkra samvinnu við heildarsamtökin í þessu landi. Þannig mætti halda áfram að benda á fjölmargar ráðstafanir, sem fyrrv. ríkisstjórnir gerðu, og er skammt að minnast á t. d. hinar gífurlegu tolla- og skattaálögur frá því í fyrravetur. Allar slíkar ráðstafanir hafa verið gerðar án þess að hafa nokkurt samstarf við verkalýðshreyfinguna, þó að það væri á allra vitorði, að flestar þeirra — eða allar réttara sagt — rýrðu kjör launastéttanna að meira eða minna leyti og hafa ófrávíkjanlega allar orðið til þess að auka dýrtíðarflóðið í landinu að stórum mun.

Svo koma þessir hv. alþm. Sjálfstfl. hér upp í ræðustólinn og víta núverandi hæstv. ríkisstj. og forustumenn verkalýðssamtakanna m. a. fyrir það, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki haft samráð við verkalýðssamtökin, og svo víta þeir forustumenn verkalýðsfélaganna fyrir það að hafa viljað ganga inn á þær brautir, sem lagt var til í frv., sem verkalýðsfélögunum var sent eða þau látin vita af.

Öðrum ferst, en ekki þér, má segja um forustumenn Sjálfstfl. Engir hafa gengið lengra í því að sniðganga óskir og kröfur launastéttanna en einmitt þeir, og engir hafa barizt hatramlegar og verið hatramari andstæðingar verkafólks en forustumenn Sjálfstfl., þegar verkalýðssamtökin hafa farið fram á kjarabætur eða átt í kaupdeilum við atvinnurekendur.

Hv. þingmenn Sjálfstfl. halda því fram, að verkfallið 1955 hafi verið knúið fram af kommún-

istum í verkalýðsfélögunum og núverandi stjórn Alþýðusambands Íslands. Sérstaklega verður þeim tíðrætt um þátt hæstv. félmrh. og forseta Alþýðusambandsins í deilunni.

Ég dreg það ekki í neinn vafa, að forseti Alþýðusambands Íslands og stjórn Alþýðusambandsins hafi með ráði og dáð stutt verkafólkið, sem átti í deilunni, enda til þess kjörin af heildarsamtökunum að styðja verkalýðshreyfinguna í hagsmunabaráttunni, hvenær sem þess gerist þörf. Hitt er svo aftur á móti hin mesta fjarstæða, að halda því fram, að það hafi verið forseti Alþýðusambandsins, núverandi hæstv. félmrh., ásamt kommúnistunum, sem knúið hafi verkfallið í gegn. Sannleikurinn er sá í því máli, að öll verkalýðshreyfingin, hér í Reykjavík og annars staðar, stóð saman sem einn maður, og að sjálfstæðismenn í verkalýðsfélögunum gerðu engan ágreining, þegar þessi mál voru til umræðu í verkalýðsfélögunum, og greiddu atkv. með uppsögn samninganna og verkfallsboðunum.

Hvernig stóð á því, að verkalýðsfélögin töldu sig knúin til uppsagnar á kaupgjaldssamningum við atvinnurekendur? Því er fljótsvarað. Það var vegna þess, að freklega hafði verið gengið á rétt verkafólksins í landinu, kjör þess höfðu verið rýrð langt fram yfir það, sem hægt var að una við, verðlag hafði stórlega hækkað á öllum vörum og þjónustu, án þess að það kæmi fram í hækkaðri vísitölu nema að litlu leyti. Ríkisstj., sem Sjálfstfl. bar ábyrgð á, gerði litlar tilraunir eða engar til þess að halda verðlaginu í landinu í skefjum. Þegar svo var komið, að kaupmáttur launanna hafði ár frá ári rýrnað, þrátt fyrir það að verkalýðshreyfingin hafði í mörgum tilfellum staðið á móti, eftir því sem hægt var, varð ekki hjá því komizt að grípa til róttækari ráðstafana, og verkalýðshreyfingin sem heild varð algerlega sammála um þær ráðstafanir, sem gerðar voru. Þar réðu engin flokkssjónarmið, heldur var hér um að ræða hreina og beina nauðvörn.

Að loknu verkfalli 1955 endurtók sig svo enn á ný sami leikurinn. Ríkisstj. gerði ekkert til þess að stöðva verðhækkanirnar, sem nú dundu yfir, en ekki voru í neinu samræmi við þá hækkun á kaupgjaldi og öðrum fríðindum, sem samið hafði verið um. Dýrtíðarskrúfan hélt áfram að vaxa hröðum skrefum, og braskarar og alls konar milliliðir döfnuðu sem fíflar í túni á vordegi. Þegar hér var komið málum, sáu verkalýðssamtökin, að við svo búið mátti ekki standa, og m. a. fyrir atbeina verkalýðssamtakanna og fyrir skilning og aðstoð bændasamtakanna í landinu er núverandi ríkisstj. til orðin.

Því hefur verið haldið fram af þingmönnum Sjálfstfl., að núverandi hæstv. ríkisstj. hafi ekki traust eða stuðning launastéttanna í landinu og ekki heldur stuðning bændastéttarinnar, m. a. vegna setningar brbl. um festingu verðlags og kaupgjalds um tiltekinn tíma. Ég held, að þetta sé alveg öfugt. Núverandi ríkisstj. nýtur trausts mikils meiri hluta launastéttanna og sveitafólksins, m. a. fyrir þær aðgerðir, sem þegar hafa verið gerðar í verðlags- og dýrtíðarmálunum í fullu samræmi og samráði við aðalstéttir þjóðfélagsins. Það er augljóst mál, að launastéttirnar græði ekki á vaxandi dýrtíð, enda hefur verkalýðshreyfingin ætíð verið reiðubúin til viðræðna og samninga um þessi mál. En fyrrverandi ríkisstjórnir hafa ekki verið til viðræðna við verkalýðshreyfinguna um málin. (**Gripið fram í:** Það er algerlega rangt.) Þetta er rétt. Hins vegar hlýtur öllum þeim, sem um þessi mál hugsa í alvöru, að vera það ljóst, að verkalýðshreyfingin varð að fá fullnægjandi tryggingu fyrir því, að allt verðlag í landinu skyldi haldast óbreytt, ef vísitalan ætti að standa í stað. Verkalýðshreyfingin gerði sér ekki að góðu, þótt nokkrar ákveðnar vörutegundir og þá þær, sem mest verka á vísitöluna til lækkunar, yrðu greiddar niður úr ríkissjóði, en allar aðrar vörur og þjónusta mætti hækka allt að því ótakmarkað. Slík hrossalækning á ástandinu er ekki það, sem launastéttirnar óska eftir, heldur hið gagnstæða. Setning laganna um festingu verðlags og kaupgjalds er aðeins bráðabirgðaráðstöfun, sem á að gilda frá 1. sept. til 31. des.

Verkalýðshreyfingin hefur engum rétti afsalað sér í sambandi við þetta mál og mun hér eftir sem hingað til standa vörð um hagsmuni meðlima sinna, og eitt er víst, að efnahagsvandamálið og dýrtíðarvandamálið verður aldrei leyst á raunhæfan hátt nema í fullu samstarfi við verkalýðssamtökin og önnur fjöldasamtök í landinu. Þetta ættu menn að vera farnir að skilja af því, sem á undan er gengið. Á þann eina hátt og með fullu samstarfi við hið vinnandi fólk til lands og sjávar er hægt að leysa yfirstandandi efnahagsörðugleika án þess að skerða lífskjör fólksins í landinu. Þessa leið hefur Sjálfstfl. aldrei viljað fara. Hins vegar er þessi stóri flokkur nú í stjórnarandstöðu. Þess vegna hefur þessi flokkur ekki traust alþýðustéttanna. Það traust öðlast Sjálfstfl. aldrei. Til þess hræða sporin of eftirminnilega.

Það þýðir ekkert, þótt Sjálfstæðisflokksþingmenn og Sjálfstfl. í heild hafi kastað yfir sig einhverri mislitri sauðargæru og þykist nú vera orðnir einhverjir verndarar verkalýðsins. Ja, heyr á endemi! Þá vernd þekkjum við mætavel, sem búnir erum að starfa í verkalýðshreyfingunni á milli 30 og 40 ár. Slík vernd hefur m. a. birzt í því, að á árunum áður fyrr var t. d. ekki háð sú vinnudeila hér í Rvík, a. m. k. ekki stærri vinnudeilur, eða annars staðar á landinu, að ekki væri kallað út lögreglulið til verndar vinnufúsum verkfallsbrjótum úr borgarastétt. Við munum mætavel eftir Dettifossslagnum á Siglufirði, þar sem tugir manna fengu hina hörðustu fangelsisdóma fyrir þá sök eina, að siglfirzkt verkafólk, karlar og konur, krafðist og barðist fyrir því að fá að koma til hjálpar eða kom til hjálpar litlu verkalýðsfélagi norður á Borðeyri, sem atvinnurekendur vildu ekki viðurkenna sem samningsaðila. Við minnumst Krossanessdeilunnar frægu, þar sem verkalýðurinn í Glerárþorpi og Akureyri þurfti að sækja sjálfsagðan rétt sinn í hendur erlendu auðfélagi, sem neitaði að greiða sömu kjör og annars staðar voru greidd við sams konar vinnu á Norðurlandi. Menn ættu að lesa blöðin frá þessum tíma, blöð Sjálfstfl., og sjá hvað þau hafa þá sagt um þessi mál. Við minnumst líka Nóvudeilunnar. Þá átti að lækka kaupið á Akureyri við tunnusmíði, sem bærinn hafði

með að gera, en þar var þá eins og oft áður mjög alvarlegt atvinnuleysi. Og síðast, en ekki síst, minnumst við virðingar íhaldsforkólfanna í Bolungavík og Keflavík fyrir mannhelgi og félagafrelsi, sem birtist í því að taka með valdi foringja verkalýðsins á Ísafirði og Bolungavik og Keflavík og flytja þá með valdi burt af stöðunum, þegar þeir voru að gegna skyldustörfum f. h. verkalýðsfélaga viðkomandi staða í vinnudeilum, sem stóðu yfir á þessum stöðum.

Þannig væri hægt að halda áfram að telja upp fjölda dæma, sem sýna á ljóslifandi hátt, hvernig verkalýðsvinátta Sjálfstfl. og Íhaldsflokks var á þeim tímum.

Síðan þessir atburðir hafa skeð, hefur margt breytzt. Verkalýðshreyfingunni hefur vaxið fiskur um hrygg. Nú eru verkalýðssamtökin orðin voldugustu fjöldasamtök á Íslandi, og foringjar Sjálfstfl. hafa verið knúðir til þess að breyta um stefnu á yfirborðinu. Hér í þessum umr. koma þeir fram fullir af vandlætingu yfir því, hvað núv. hæstv. ríkisstj. hefur verið vond við verkalýðinn og beitt verkalýðsfélögin miklu gerræði með setningu brbl. um festingu verðlags og vísitölu í fjóra mánuði og þar með haft af launastéttunum, eins og einn hv. alþm. sagði hér í ræðu um daginn, af verkalýðnum, hvorki meira né minna en 6 vísitölustig. Við skulum athuga þetta svolítið nánar.

Ef haldið hefði verið áfram á sömu braut, lá alveg ljóst fyrir, að verð landbúnaðarafurða hefði hækkað a. m. k. um 11.4%. Fyrir lágu a. m. k. allmiklar líkur, ef ekki staðreynd, um 12% rafmagnshækkun hér í Reykjavík. Enginn þarf að láta sér detta það í hug, ef Reykjavík hefði gengið á undan með rafmagnshækkun, að aðrir staðir hefðu ekki komið á eftir. Það er alveg útilokað. Þá lágu enn fremur fyrir allmiklar hækkanir á verðlagi á öðrum vörum, svo sem olíu, benzíni og mörgu fleiru. Þetta hefur allt verið stöðvað. Og allar þessar hækkanir hefðu numið miklu meira en því, sem þessi sex vísitölustig gerðu. Miklar líkur eru því fyrir því, að ef ekkert hefði verið gert, hefði vísitalan verið komin um áramótin næstkomandi í 190 stig, en verðlagið á vörum og þjónustu hækkað allt að því tvöfalt miðað við vísitöluhækkunina. Sjá því flestir, hverjir hefðu grætt á því að láta allt leika lausum hala. A. m. k. hefði gróðinn af slíku ráðslagi ekki lent hjá vinnustéttunum. En það má vel vera, að braskarar og aðrir slíkir herrar hefðu getað grætt drjúgan skilding, en launastéttirnar og kannske fyrst og fremst hlutarsjómennirnir hefðu tapað.

Það er því hin mesta fjarstæða, að launastéttirnar hafi verið hlunnfarnar í þessum málum af hæstv. ríkisstjórn, enda ráðstafanirnar gerðar í fullu samráði og samstarfi við verkalýðshreyfinguna, eins og margbúið er að taka fram og eins og ég tel mig hafa sýnt hér fram á með óyggjandi dæmum og rökum.

Hv. 1. þm. Rang., sem talaði hér í gær, endaði ræðu sína eitthvað á þessa leið, að núverandi stjórnarstefna mundi leiða yfir landsfólkið kreppu, atvinnuleysi og jafnvel sult. Ekki voru nú spádómarnir fagrir. En þessum hv. alþm. skal sagt það í fullri alvöru, að íslenzk alþýða mun ekki þola neinni ríkisstj. að innleiða hér atvinnuleysi, kreppu og sult, enda bendir stefna hæstv. ríkisstj. til hins gagnstæða. Hitt er vitað, að til eru voldug innlend öfl, sem munu gera allt, sem þau geta, til að torvelda framfarastefnu núverandi hæstv. ríkisstjórnar. Næstu vikur og mánuðir munu svo skera úr um það, hvort hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar tekst að gera þær ráðstafanir, sem gera þarf, til þess að slík óþurftaröfl verði skaðlaus, og hvort hægt verður að koma efnahagskerfi þjóðarinnar á heilbrigðan grundvöll, auka atvinnuna í landinu og auka útflutninginn með kaupum nýrra framleiðslutækja, bæta úr húsnæðisskortinum, halda áfram rafvæðingu landsins o. s. frv. Öll hróp andstæðinganna um yfirvofandi kreppu, atvinnuleysi og sult eru sem betur fer staðlaust þvaður, sem enginn tekur mark á. Hins vegar ættu slíkir spádómar að minna stjórnarforustuna og stjórnarflokkana á það, að hér er allmikill vandi á ferðum og að þeim ber að þjappa sér betur saman en hingað til og hraða þeim málum, sem nauðsynleg eru til aðgerðar til að koma fram stefnumálum núverandi hæstv. ríkisstjórnar. Hinar vinnandi stéttir til lands og sjávar hafa þegar sýnt, að það stendur ekki á þeim til samstarfs, þegar um er að ræða alþjóðarhag. Nú er hlutur annarra aðila eftir, þeirra sem rakað hafa saman stórkostlegum gróða undanfarin ár. Vilja þessir aðilar sýna sams konar þegnskap og verkafólk og bændur hafa nú þegar gert? Úr því sker reynslan, og því fyrr, því betra.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Í ræðu þeirri, sem hv. þm. Mýr. (HS) hélt hér í gær, lagði hann sérstaka áherzlu á það, að framsóknarmenn hefðu lýst því yfir í kosningabaráttunni, að nýrra úrræða þyrfti að leita í efnahagsmálunum. Ja, ég kannast við þessa yfirlýsingu frá mörgum kosningafundum fyrir síðustu alþingiskosningar, að nýrra úrræða þyrfti að leita. Ég man líka eftir því að hafa spurt marga málsvara Framsfl. á kosningafundum um það, hverra úrræða þyrfti að leita, hvort þeir vildu nú ekki gera svo vel og láta svo lítið að gefa hv. kjósendum eitthvað í skyn, hver hin nýju úrræði mundu verða, því að á því mundi að sjálfsögðu velta mat og dómur kjósendanna um það, hvort þeir vildu greiða þeim atkvæði eða öðrum, sem gert hefðu grein fyrir sínum málefnum. Það fékkst ekki. Það hefur heldur ekki fengizt enn. Það er komið fram í nóvembermánuð, Alþingi er búið að sitja tæpan mánuð, og við erum ekki enn farnir að heyra neitt um hin nýju úrræði, sem framsóknarmenn lýstu svo ákveðið yfir fyrir kosningarnar að leita þyrfti. Og þegar þessir menn eru nánar aðspurðir, þá hefur raunverulega ekki komið fram nema eitt, eins og kom fram hjá þessum hv. þm.: Hin nýju úrræði eru samvinna verkamanna og bænda. Við ætlum að beita okkur fyrir samvinnu verkamanna og bænda. — Og það er helzt svo að skilja, að þessir þm. Framsfl. og aðrir telji, að þeir séu búnir að efna fyrirheitin við kjósendur um samvinnu verkamanna og bænda með því stjórnarsamstarfi, sem nú hefur verið á komið. Þetta er mikil gleymska, og það er mikil hreysti hjá mönnum að koma fram

með slíkum hætti. Ég minni enn einu sinni á það, sem Framsfl. lofaði kjósendum þessa lands fyrir kosningar. Hann lofaði þessum kjósendum undir engum kringumstæðum að mynda ríkisstj. með kommúnistum, undir engum kringumstæðum, og síðasta ákvörðunin í því efni var á sjálfan kosningadaginn, 24. júní, í málgagni Framsfl., Tímanum, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þjóðviljinn hefur þá fregn að færa liði sínu við lok kosningabardagans, að ákveðið hafi verið í herbúðum Hræðslubandalagsins að leita til kommúnista um stjórnarsamvinnu eftir kosningar. Eins og margbúið er að lýsa yfir af hálfu Alþfl. og Framsfl., er þetta uppspuni frá rótum og ekkert samstarf verður haft við þetta bandalag kommúnista um stjórn, af því að þeir eru ekki hóti samstarfshæfari en áður, þótt þeir hafi skipt um nafn.“

Þetta loforð gaf Framsfl. kjósendum sínum úti um land fyrir kosningar. Þetta loforð hefur hann svikið, svo sem staðreyndirnar vitna um, og það er m. a. vegna slíkra augljósra svika við kjósendur landsins, að fólkið úti um dreifðar byggðir og ekki sízt í bændastétt þessa þjóðfélags treystir ekki núv. stjórn.

Að öðru leyti, þegar talað er um samvinnu verkamanna og bænda, þá er það vitað, að Framsfl. á litlu fylgi að fagna í verkamannastétt, en hins vegar er Sjálfstfl. í senn langstærsti flokkur þjóðarinnar, með yfir 42% kjósenda, og hefur mikið fylgi í verkamannastétt og álíka mikið fylgi í bændastétt og Framsfl. Bændur hafa þess vegna í engri ríkisstj. meiri stuðning við sinn málstað en ríkisstj., þar sem að standa sameiginlega Framsfl. og Sjálfstfl. En það er svo að skilja á framsóknarmönnum nú, að þeir telji, að það sé mikill vinningur fyrir bændur þessa lands að hafa losað Sjálfstfl. úr ríkisstj. og tekið upp samstarf við kommúnista. Það er ekki aðeins, að Sjálfstfl. sé jafnstór bændaflokkur og Framsfl., heldur eru flestir landskunnustu framámenn bændasamtakanna forustumenn í liði sjálfstæðismanna. Hér í þingsölunum sitja forustumenn bændasamtakanna, landskunnir menn eins og Pétur Ottesen, Jón á Reynistað og Jón Pálmason, forustumenn í liði sjálfstæðismanna og forustumenn í liði bænda. En hvar eru hinir landskunnu forustumenn bænda í liði framsóknarmanna? Ég veit, að hér í þingflokki framsóknarmanna eru góðir bændavinir og fulltrúar, sem sannarlega vilja bændastéttinni vel, ungir og vel metnir menn, en eiga sannarlega ekki neina sögu sér að baki, sem er lík sögu þeirra manna, sem ég nú hef nefnt, og m. a. undirstrikar það, sem ég sagði áðan, að það er ekki aðeins að Sjálfstfl. eigi sitt mikla bændafylgi, heldur á hann í bændasögunni kannske stærstu bændahöfðingjana og forustumennina.

Þessi sami hv. þm. sagði líka, að það væri eftir kröfu sjálfstæðismanna, að fjárhagsráð hafi verið lagt niður og byggingarfrelsi innleitt. Já, það var sannarlega eftir kröfu sjálfstæðismanna, að fjárhagsráð var lagt niður og byggingarfrelsi innleitt í þessu landi, og við sjálfstæðismenn skjótum okkur ekki undan ábyrgð af þeim ráðstöfunum. Það er satt. Þetta var fyrir forustu okkar. En framsóknarmenn tóku fullan þátt í þessu. Þetta mun hafa verið haustið 1953, og það leið ekki lengur en fram í janúarmánuð 1954, því að þá voru bæjarstjórnarkosningar hér í Rvík, að þá var það dag eftir dag, sem Tíminn heimtaði meiri byggingar, afnám allra fjárfestingarhamla, meiri fjárfestingu, það væri lífsnauðsyn að auka fjárfestinguna í höfuðstað landsins með auknum byggingum, og sjálfstæðismönnum legið á hálsi á undanförnum árum fyrir að hafa staðið gegn því eða ekki komið því áleiðis, að meira væri byggt í höfuðstað landsins. Þannig er tvísöngurinn hjá þessum flokki, að þegar bæjarstjórnarkosningar eru hér í Rvík, þá á að byggja meira, þá á fjárfestingin að vera meiri, þessi sama fjárfesting sem síðar, nokkrum mánuðum seinna, er svo í munni þessara manna þjóðarböl og ein ástæðan fyrir erfiðleikunum í efnahagslífi þjóðarinnar.

Það hefur margt komið fram í þessum umr. um frv. ríkisstj. um staðfestingu á brbl. um verðfestingu kaupsins, og hafa umr. að verulegu leyti, eins og vænta mátti, snúizt um efnahagsmálin almennt.

Mig langar til þess að víkja nokkrum orðum að ræðu hæstv. forsrh. (HermJ). Hann er nú búinn að tala nokkuð mikið um efnahagsmálin, bæði á flokksfundum framsóknarmanna, í útvarpsumr. og svo nú hér á þingi, og það er eins og það sé ævinlega sami söngurinn hjá þessum ráðherra, og ekki sízt eftir að hann tók við stjórnarforustunni, að hér sé allt komið á heljarþröm, allir sjóðir tómir. Það er enginn peningur í rafvæðingu landsins, ekkert í byggingu sementsverksmiðju, ekkert í húsbyggingasjóði, ekkert í fiskveiðasjóði, það eru tómir sjóðir landbúnaðarins, gjaldeyrislaust landið, of mikil útlán bankanna, allt í ólagi, — fjárfestingin allt of mikil, allt í ólagi nema fjármálastjórn Eysteins Jónssonar. Það er eins og þetta séu ær og kýr þessa hæstv. forsrh. í sambandi við efnahagsmálin. En ég held, að það sé mjög gagnlegt, að þingheimur geri sér nokkra grein fyrir, hvað hér er um að ræða, og sannast að segja held ég, að það sé langsamlega gagnlegast fyrir hæstv. forsrh. sjálfan.

Maður hafði ekki búizt við, að stóllinn væri orðinn tómur strax eða auður, en þessi ráðh. lætur nú ekki svo lítið að fylgjast með umr. um efnahagsmálin, og veitti honum þó sannarlega ekkert af, og vildi ég nú beina því í allri vinsemd til hæstv. forseta, hvort hann vildi ekki ráðherrans vegna stuðla að því, að hann reyndi að afla sér dálítið meiri upplýsinga um efnahagsmálin með því að hlýða á ræður þingmanna um þau.

Þessi hæstv. ráðh. sagði: Ja, það var bara það fyrsta, sem ég rak mig á, þegar ég kom í stjórnarráðið, að það var enginn peningur til til þess að framkvæma rafvæðingu landsins með. — Og stjórnarblaðið hefur eftir forsrh., að sjálfstæðismenn hefðu skilið þannig við, sjálfstæðismenn, — það var að vísu framsóknarmaður, sem var raforkumálaráðherra, en látum það liggja á milli hluta, — að sjálfstæðismenn hefðu skilið þannig við, að það vantaði 23 millj. kr. í sjóð rafmagnsáætlunarinnar til þess að standa við gefin loforð. Þetta segir hæstv. ráðh. hér á þingi og lætur blað sitt hafa eftir sér til þess að standa

við gefin loforð. En þessi hæstv. ráðh. hefur verið á fundum með bönkunum á þessu hausti til þess að biðja þá um að leggja fram meira fé en þeir voru búnir að lofa, til þess að hægt sé að hafa fjármagn í það, hvað framkvæmdirnar eru komnar umfram það, sem áætlað var. Þetta veit hæstv. ráðh., og þess vegna er furðulegt, að hann skuli koma hér og halda slíku fram, að það vanti einhverja peninga, vegna þess að það hafi ekki verið staðið við gefin loforð. En hvað var í raforkusjóði, hvaða fé var handbært til raforkuframkvæmda, þegar ríkisstj. sjálfstæðismanna tók við, eftir alþingiskosningarnar 1953? Þá var gerð 10 ára áætlun um rafvæðingu landsins, og í henni fólst í meginatriðum, að tryggt skyldi sem svaraði 25 millj. kr. á ári að meðaltali næstu 10 ár til þess að virkja og leiða rafmagn um gervallt landið. Það var þá enginn sjóður, sem sjálfstæðismenn gátu gripið til eða stjórn þeirra og haft á reiðum höndum til þess að efna þessi fyrirheit. Hins vegar tryggði stjórn sjálfstæðismanna það fjármagn, sem talið var nauðsynlegt að tryggja innanlands til þessara framkvæmda. Og það hefur verið með þeim hætti enn, að það er ekki eitt einasta loforð í þeim efnum, sem óefnt er, heldur hefur verið gengið miklu lengra en lofað var, framkvæmd áætlunarinnar gengið miklu hraðar, og það er m. a. þess vegna, sem framkvæmdirnar eru í fjárskorti nú í bili, en ekki vegna þess, að nein loforð hafi verið vanefnd.

Á því árabili, sem sjálfstæðismenn höfðu stjórnarforustuna, var varið um 100 millj. kr. til framkvæmda hinnar umræddu raforkuáætlunar af innlendu fé og um 29 millj. kr. erlent lánsfé: 1954 10 millj. kr. úr ríkissjóði, 17.1 millj. frá bönkum, 1955 10 millj. kr. frá ríkissjóði, 25.6 millj. kr. frá bönkum og 1956 15 millj. frá ríkissjóði og 24 millj. kr. úr bönkum, sem gerir 100 millj. kr., og síðan hefur verið aflað tæpl. 30 millj. kr. erlends láns til kaupa á vélum, þannig að þetta á árunum 1954 og 1955 og það sem af er þessu ári er um 130 millj. kr. En eins og ég sagði, var heildaráætlunin í upphafi miðuð við 250 millj. kr., þó að það sé skylt að geta þess, að mjög fljótlega hafi menn áttað sig á, að það þyrfti að hækka hana verulega til að standa við loforðin að framkvæma áætlunina á 10 árum eða rafvæðinguna á 10 árum. En menn sjá á þessum fjárframlögum, sem hér er um að ræða, að framkvæmd áætlunarinnar um rafvæðingu landsins undir stjórnarforustu sjálfstæðismanna hefur verið með miklu meiri hraða en áætlað var.

Það er heldur kannske ekki nein tilviljun, eins og hv. 1. þm. Rang. benti á, að það er einmitt þegar sjálfstæðismenn hafa haft stjórnarforustuna, sem stærstu ákvarðanirnar hafa verið teknar í raforkumálum landsins. Sjálfstæðismenn báru fram á sínum tíma undir forustu Jóns Þorlákssonar og Jóns Sigurðssonar till. hér á Alþingi um almenningsrafveitur á Íslandi fyrir 1930. Og eftir að áhrif sjálfstæðismanna jukust í ríkisstj. og á Alþingi, höfðu sjálfstæðismenn forustu um að bera fram lögin um raforkusjóð, og undir stjórnarforustu sjálfstæðismanna voru samþykkt lögin um almenningsrafveiturnar frá 1946 og einnig á því sama tímabili lögin um hina stórfelldu aukningu Sogsins, sem átti sér stað upp úr þeim tíma, og undir stjórnarforustu sjálfstæðismanna var gerð og lögfest 10 ára áætlunin um rafvæðingu landsins, sem nú er verið að vinna að og svona langt er komið.

Svo kemur hæstv. forsrh., sem ef til vill er nú líka raforkumálaráðherra, og segir: Hvernig stendur á þessu? Það er enginn peningur til í sjóði, þegar ég kem í stjórnarráðið? — Ég held, að ráðh. hefði átt að líta eitthvað á það og reyna að kynna sér, hvað hefur verið gert á undanförnum árum, og gera sér grein fyrir því, að nú er það hans hlutverk eins og fyrirrennara hans að tryggja framhald fjármuna í þessar framkvæmdir, að svo miklu leyti sem það hefur ekki þegar verið tryggt með samningum við bankana.

Sama er um sementsverksmiðjuna. Hæstv. forsrh. segir, að þar vanti fé til áframhaldandi framkvæmda og þetta sé eitt sýnishornið af eyðimörkinni í efnahagslífinu. En hvar voru sjóðirnir, þegar stjórn sjálfstæðismanna tók við 1953 til að byggja sementsverksmiðju? Þeir voru sannarlega engir. En á þeim tíma, sem sú ríkisstj. fór með völd, voru sementsverksmiðjunni tryggðar milli 60 og 70 millj. kr., og það er nákvæmlega það sama, sem núv. ríkisstj. verður að horfast í augu við, að hún verður að tryggja áframhaldandi fjármagn til þessara framkvæmda, nákvæmlega á sama hátt og fyrrv. stjórn sinnti þessu hlutverki sínu, þegar hún fór með völd.

Nú, íbúðarhúsalánin, þar eru tómir sjóðir, segir hæstv. ráðh. Ja, hvar voru sjóðirnir, þegar stjórn sjálfstæðismanna tók við 1953? Það væri mjög æskilegt, ef hæstv. forsrh. gæfi þinginu einhverjar upplýsingar um þessa sjóði. En hvað gerðist? Það gerðist í tíð fyrrverandi stjórnar í sambandi við íbúðamálin og húsabyggingarnar, að afnumdar voru óeðlilegar fjárfestingarhömlur og gefnar voru frjálsar byggingar hóflegra íbúða, sem leysti úr læðingi orku einstaklinganna í þessu þjóðfélagi og stuðlaði að meiri byggingarframkvæmdum en nokkru sinni áður hafa átt sér stað í þessu þjóðfélagi. Í öðru lagi tryggði stjórnin strax í upphafi 20 millj. kr. viðbótarlán til íbúðabygginga, sem rann í lánadeild smáíbúða. Í þriðja lagi var svo eftir hæfilegan undirbúning stofnsett nýtt veðlánakerfi til íbúðabygginga, sem miðar að varanlegri lausn lánsfjármálanna.

Það er vissulega rétt, að hér er aðeins um byrjun að ræða. En ef tekst að halda áfram eins og til var stofnað, þá má vænta þess, að hér sé upphaf að verulega veigamiklu fjármálakerfi í þjóðfélaginu, sem, eins og ég hef áður sagt, er ástæða til að ætla að geti ekki aðeins stuðlað að eflingu íbúðabygginga í landinu, heldur síðar meir stutt margar aðrar framkvæmdir. Því er haldið fram núna, að þetta veðlánakerfi sé eiginlega einskis virði, það hafi ekkert fé til að lána og ekkert verið úr því lánað. En úr þessu veðlánakerfi var í ágústmánuði s. l. búið að lána A-lán 53.4 millj. kr. og B-lán 21.4 millj. kr. Og vegna ráðstafana fyrrv. ríkisstj. eru til ráðstöfunar vegna lána til útrýmingar heilsuspillandi íbúða 7.7 millj. króna: 3 millj. kr. fyrir árið 1955 eftir lögunum og 3 millj. kr. 1956 og 1.7 millj. kr. af 13 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkisins 1955, sem fyrrv. ríkisstj. beitti sér fyrir að varið var til íbúðabygginga.

Síðan í ágúst munu hafa verið lánaðar úr þessu kerfi um 4 millj. króna, og er líklegt, að til áramóta geti orðið um allt að 16 millj. kr. að ræða, sem í gegnum þetta kerfi verður veitt, og hefur þá, frá því að það var stofnað, verið úr því veittar um 102 millj. kr.

Það eru líka staðreyndir í þessum málum, sem eru veigamestar, að það hefur aldrei meira verið byggt en í tíð fyrrverandi stjórnar, og byggingarmálunum er þannig á veg komið, ekki aðeins hér í höfuðstað landsins, heldur einnig um gervallt land, að ef menn horfast í augu við það og geta náð þeim árangri, að þróun þessara mála fái næstu tvö til þrjú ár að halda áfram svipað og verið hefur, þá eru mestu vandræði húsnæðiserfiðleikanna leyst.

Eftir skýrslu, sem veðdeild Landsbankans hefur gefið, liggur það fyrir, að þegar útlánunum úr veðdeildinni er hlutað á milli ára, þá eru það um 105 millj. kr., sem runnið hafa í gegnum þetta kerfi á árinu 1955, og þá er miðað við sams konar áætlun og var í grg. Landsbankans við frv. ríkisstj. á sínum tíma, ekki aðeins það, sem veðdeildin sjálf lánar, heldur aðrar stofnanir eins og sparisjóðir og byggingarsjóðir í tengslum við þetta veðlánakerfi. Og áætlun veðdeildarinnar, sem birtist í grg. frv. á sínum tíma, gerði ráð fyrir, að fjármagnið mundi verða um 100 millj. kr. á ári, og hefur hún því fyllilega staðizt. Enn fremur kemur fram í þessu bráðabirgðayfirliti veðdeildarinnar, að hún áætlar, að á árinu 1956 muni mega búast við á sama hátt, að um 120 millj. kr. renni í gegnum þetta veðlánakerfi og að af því verði lán veðdeildarinnar einnar um 60 millj. kr.

Mér er alveg ljóst, að hér er enn of skammt gengið í lánsfjáröflun til íbúðabygginga. En það þýðir ekki að koma með vandlætingu og segja: Af því að nú eru ekki til tugir og hundruð millj. í sjóði af handbæru fé, þá er það vitnisburður um þá eyðimörk í fjárhagslífinu og efnahagslífinu, sem liggur eftir fyrrv. ríkisstjórn. — Núverandi hæstv. ríkisstj. verður bara að reyna að standa í „stykkinu“, ef nota má það orð, eins og fyrrv. ríkisstj. og halda þessum málum áfram. Og þegar hæstv. forsrh. segir nú: Það er ekkert fé í þessum sjóðum eða veðlánakerfinu, — þá veit ég ekki fyllilega, við hvað hann á, því að heilbrigð skynsemi mælir þó með því að menn mættu ætla, að það væri hægt að tryggja framhald þessarar starfsemi. Það er að vísu svo, að fyrrv. ríkisstj. samdi ekki við bankana nema til tveggja ára, og eins og ég hef áður vikið hér að á Alþ., er það samningstímabil útrunnið um næstu áramót. Hæstv. núverandi ríkisstjórn er búin að sitja nokkra mánuði, og hún segir, að það séu ekki til neinir peningar. Hún hefur kannske búizt við því, að það væri vonlaust verk að ræða um það við peningastofnanir þessa lands, að það héldu áfram lánveitingar af þeirra hálfu gegnum veðlánakerfið. Ég fyrir mitt leyti hef búizt við því, að viðræður við bankana yrðu um það hafnar og mundu vissulega bera þann árangur, að það fengi ekki staðizt, að ekkert fé væri fyrir hendi til þessara framkvæmda.

Mig furðar stórlega á því, eins og ég lét í ljós um annað mál hér, þegar breytingar um lögin um húsnæðismálastjórn voru til umr., að ráðherrar núverandi hæstv. ríkisstj. séu að fjargviðrast yfir fjárskortinum í þessu efni, en hafa ekkert gert, svo að vitað sé, til þess að reyna að halda áfram þeirri starfsemi til fjáröflunar, sem hafin var.

Þá var tómur fiskveiðasjóður. Í tíð fyrrverandi ríkisstj. voru lánveitingar úr fiskveiðasjóði 1954 20.9 millj. kr., 1955 25.7 millj. kr. og til 25. okt. á þessu ári 42 millj. kr., og áætlaðar til áramóta um 20 millj. kr. Það eru 108 millj. kr. á þremur árum, 1954, 1955 og 1956, sem lánað hefur verið úr fiskveiðasjóði til uppbyggingar bátaútveginum í landinu. Einhvers staðar hygg ég nú, að þessa hljóti að sjá stað. Hins vegar er mér ljóst, að þessi þróun verður að halda áfram, og það er vitað, að fyrrv. hæstv. ríkisstj. reyndi með forgöngu Framkvæmdabankans að afla erlends lánsfjár til viðbótar til fiskveiðasjóðs, og þær tilraunir hafa ekki enn borið árangur. Það er rétt. Ég held hins vegar, að ekki sé ástæða til að ætla, að slíkar tilraunir geti ekki borið árangur. Við vitum, og hæstv. forsrh. veit, að það varð bið á framkvæmd þeirra mála, meðan lánsfjármálin til sementsverksmiðjunnar voru ekki leyst. Og það er eitthvað nýtt, ef ekki er hægt að búast við því, að fjárreiður okkar og lánstraust sé þannig, að nú sé komið að því, að efnt verði vilyrði, sem vissulega má telja að legið hafi fyrir um það, að Íslendingar yrðu aðnjótandi lánsfjár úr Alþjóðabankanum bæði til fiskveiðasjóðs og annarra framkvæmda. Meðan hins vegar fyrrv. ríkisstj. tókst ekki á stuttum valdatíma að fá þetta erlenda fjármagn, þá aflaði hún fiskveiðasjóði 20 millj. kr. í sinni valdatíð, 8 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1954, 10 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1955 og 2 millj. kr. framlag ríkissjóðs 1956, sem er fyrsta árlega framlagið, sem lögfest var með hinum nýju lögum um fiskveiðasjóð Íslands, sem hæstv. fyrrv. sjútvmrh. hafði forgöngu um. Við sjálfstæðismenn leggjum nú til í frv. hér á Alþ., að þessu sé haldið áfram til þess að firra vandræðum, að meðan ekki sé hægt að tryggja nýtt erlent lánsfé til þessarar mikilvægu starfsemi, þá ákveði og slái þingið því föstu, að fiskveiðasjóður skuli a. m. k. fá 10 millj. kr. á ári til viðbótar við hið 2 millj. kr. árlega framlag og þá strax á þessu ári. Og ég vil leyfa mér að vænta góðrar samstöðu allra flokka hér á hv. Alþ. um þá tillögu.

Þá eru sagðir tómir sjóðir landbúnaðarins. Já, landbrh. mætti vel vita og trútt um tala. Sannleikurinn er sá, að það voru litlir sjóðir, pínulitlir sjóðir landbúnaðarins, þegar núverandi hæstv. landbrh. hætti að vera landbrh. 1942, eins og 1. þm. Rang. vék að hér í gær. En við aukin áhrif sjálfstæðismanna í ríkisstj. og á Alþ. hafa þessi mál tekið stökkbreytingum á undanförnum árum. Og þessir sjóðir hafa nú fengið tugi milljóna kr. einmitt í samræmi við grundvöll þeirrar löggjafar, sem sett var landbúnaðinum til handa í landbúnaðarráðherratíð Péturs heitins Magnússonar, í tíð nýsköpunarstjórnarinnar, á árunum 1944—46. Og hvað skyldu þessir sjóðir hafa fengið í stjórnartíð sjálfstæðismanna, sem framsóknarmenn eru stundum að segja að séu lítið

hlynntir landbúnaðinum? Jú, ræktunarsjóðurinn hefur fengið af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1954 8 millj. og 1955 22 millj., frá Framkvæmdabankanum 1954 5 millj., 1955 13.5 millj. og 1956 mætti ætla um 14 millj. kr. Og byggingarsjóður hefur fengið frá Framkvæmdabankanum 1954 3 millj. kr., frá veðlánakerfinu 1955 12 millj. kr. og á rétt til frá veðlánakerfinu á þessu ári 12 millj. kr., sem þessir sjóðir hafa fengið. — En þá kemur hæstv. ráðh. og segir: Já, en það eru 90 millj. kr., sem búnar eru, og það eru engar aðrar 90 millj. kr. fyrir hendi. Það er alveg rétt, þær liggja ekki í handraðanum, 90 millj. kr. En hvaða ástæða er til þess að ætla, að þessir sjóðir geti ekki í framtíðinni fengið svipað fjármagn eftir hendinni eins og verið hefur? Ósköp er barnalegt að koma hér og tala um, að nú séu þessir sjóðir tæmdir. Er það ekki fyrir forustu Péturs Ottesens, að ræktunarsjóði er þó tryggt, fullkomlega tryggt, á næstu árum a. m. k. 15—16 millj. kr. árlegt framlag frá Framkvæmdabankanum, sem er helmingur mótvirðissjóðsins? Sá sjóður, sem hefur tryggt 15—16 millj. kr. árlegt framlag og búið er að veita jafnmikið fé í og á undanförnum árum, er a. m. k. ekki tómur, því að umfram það, sem ég hér hef nefnt, hafa þessum sjóðum verið lagðir tugir milljóna króna, upphaflega sem lán og síðan sem framlög, — og allt með fullu samþykki og fyllsta áhuga sjálfstæðismanna fyrr og síðar í samstjórnartíð Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksins.

Þá sagði hæstv. forsrh., að það væri alveg gjaldeyrislaust, — það var eitt einkennið á eyðimörkinni, — og það væri því að kenna, hvernig fyrrverandi stj. hefði skilið við. Menn gleyma því nú alltaf, þegar verið er að tala um efnahagsmál og fjármál fyrrverandi stjórnar, að framsóknarmenn hafi þar nokkuð nálægt komið. En ég spyr enn: Voru gjaldeyrissjóðir, þegar stjórn sjálfstæðismanna tók við 1953? Var öðruvísi umhorfs fyrir þá stj. að taka við heldur en núverandi hæstv. ríkisstj. Hermanns Jónassonar? Nei, það var ekki öðruvísi, þvert á móti. Ég skal færa því stað. Hann hefur því enga minnstu ástæðu til þess að kvarta af þessu tilefni eða nokkur rök til þess að telja ástandið í þessum efnum neinn vott um sýkingu efnahagslífsins fram yfir það, sem það kann að hafa verið, þegar Sjálfstfl. tók við stjórnarforustunni 1953.

Hæstv. forsrh. var að tala um ölmusur, sem Íslendingar hefðu þegið, og gerði lítið úr. Hann á víst við Marshallféð. Jú, Íslendingar urðu þess aðnjótandi eins og fleiri þjóðir, meðan hæstv. forsrh. Hermann Jónasson var í ríkisstjórn. Þá voru þessar ölmusur þegnar, ef hæstv. forsrh. þykir viðeigandi að kalla þær því nafni. En í stjórnartíð sjálfstæðismanna undanfarin 2½ ár hafa engar slíkar ölmusur verið þegnar. Hér heggur sá, er hlífa skyldi. Það liggur fyrir grg. um fjármunamyndun þjóðarinnar á undanförnum árum af erlendu fé, hvað hið erlenda fé hefur verið hlutfallslega mikill þáttur í fjármunamyndun þjóðarinnar, meðan Hermann Jónasson, hæstv. forsrh., var í ríkisstj. og framsóknarmenn höfðu stjórnarforustuna og fjármálaráðherrann: 1950 31%, 1951 25%, 1952 18%, 1953 13% og 1954 6.7% og hverfandi lítið árið 1955 og a. m. k. ekki í tíð fyrrverandi hæstv. ríkisstj., sem sjálfstæðismenn veittu forustu, neinar ölmusur þegnar, svo að notað sé mál hæstv. forsrh.

En hver var þá gjaldeyrisstaðan, þegar sjálfstæðismenn tóku við stjórnarforustunni og þegar hæstv. forsrh. tekur við stjórnarforustunni? Ég skal miða við apríl- og maímánuð þess árs, sem sjálfstæðismenn tóku stjórnarforustuna, 1953. Þá voru erlendar skuldir bankanna í apríl 41 millj. kr., en núna í ár 27 millj. kr. Það er með öðrum orðum 14 millj. kr. hagstæðari jöfnuður. Og í maímánuði 1953 voru erlendu skuldirnar 50 millj. kr., 1956 22 millj. kr. Það er með öðrum orðum 28 millj. kr. hagstæðari jöfnuður, sem núverandi hæstv. ríkisstj. fær að búa við í gjaldeyrismálunum, heldur en stjórn sjálfstæðismanna, þegar hún tók við á árinu 1953. Og það er meira, sem kemur til í þessu sambandi, eins og hæstv. sjútvmrh. (LJós) hefur glögglega bent á í ræðum, sem hann hefur haldið og vitnað hefur verið til eftir honum, að gjaldeyristekjur þjóðarinnar fara stöðugt vaxandi vegna aukinnar útflutningsframleiðslu, og þess vegna má segja, að þróunin í gjaldeyrismálum sé að því leyti mjög hagstæð. Hitt vita allir, sem um þessi mál vilja hugsa, að það eru erfiðleikar í gjaldeyrismálum hjá þjóð, sem er í jafnörri uppbyggingu með athafna-, atvinnu- og framkvæmdalíf sitt eins og Íslendingar og hefur ekki tekizt að tryggja eða fá til þess nú síðari árin nema sáralítið erlent fjármagn og hefur þurft að byggja það allt saman upp af afrakstri þjóðarbúsins frá ári til árs.

Mér er það ljóst, að það er ofrausn að ætlast til þess, að við svo búið geti lengi staðið, ef halda á áfram svipaðri þróun og verið hefur, og þess vegna hlýtur það að vera eitt af veigamestu viðfangsefnum núverandi hæstv. ríkisstj. að afla þjóðinni erlends fjármagns til hinnar heilbrigðu uppbyggingar, sem fram undan er. En ekkert í þessu sambandi, í sambandi við gjaldeyrismálin og gjaldeyriserfiðleikana, sem við búum við í bili af nefndum sökum, vitnar um neina helsýki í efnahagslífinu, þvert á móti, og ég meina þvert á móti vegna þess, að skorturinn er m. a. vegna hins mikla áræðis, vegna hins mikla dugnaðar Íslendinga að byggja upp sitt atvinnulíf og sitt fjárhagskerfi.

Þá er útlánaaukning bankanna, sem gerð hefur verið að umtalsefni. Það er of mikil útþensla, segir hæstv. forsrh., í lánum bankanna, og það er m. a. einn votturinn um sýkinguna í efnahagslífinu, sem er arfurinn frá stjórnartíð sjálfstæðismanna. — Hv. 9. landsk. þm. (ÓB) benti á það í sinni ágætu ræðu í gær, að nú kveði við nokkuð annan söng en hjá fyrrverandi stjórnarandstæðingum, sem ekki aðeins voru sí og æ að ásaka fyrir lánsfjárkreppuna, heldur ásökuðu fyrrverandi ríkisstj. fyrir að hafa bara skipulagt lánsfjárkreppu algerlega að óþörfu. Það var ekki sjaldan, sem mátti heyra það. Það áttu að vera nógir peningar til í bönkum landsins, en ríkisstj., sem vildi hallæri og vildi fátækt yfir fólkið í landinu, bannaði bönkunum að lána þetta fé. Þannig skipulagði hún lánsfjárkreppuna. Svona var sungið þá. Nú kemur hæstv. forsrh. og segir, að meinið í efnahagslífinu, sem innleitt var, auð-

vitað af sjálfstæðismönnum, væri þessi mikla útlánaþensla bankanna. Og það er rétt, að útlánaaukning bankanna hefur verið mikil á undanförnum árum, en eins og hv. 2. þm. Reykv. benti á, hefur hún m. a. að verulegu leyti grundvallazt á þeirri hagstæðu þróun, sem átt hefur sér stað á sama tíma í sparifjármyndun og sparifjáraukningu landsmanna.

En það er nú ekki nóg, að stjórnarandstæðingar, kommúnistar og Alþýðuflokksmenn, hafi á undanförnum árum sagt, að það hafi verið skipulögð lánsfjárkreppa, heldur var það eitt af aðalatriðunum í kosningastefnuskrá Framsfl. eða Hræðslubandalagsins, sem gefin var út fyrir kosningarnar, að lánsfjárskorturinn færi óðum vaxandi og væri allt að drepa. Þetta var sagt á sama tíma sem það lá fyrir, að öll útlán bankanna voru í árslok 1950 1190000000 kr., en í árslok 1955 2224000000 kr., eða lánsfjáraukningin hafði numið meiru en öll útlánin voru fyrir rúmum 5 árum: 192 millj. 1951, 136 millj. 1952, 255 millj. 1953, 236 millj. 1954 og aldrei meira en 1955, þegar lánsfjárkreppan var sem mest samkv. kosningaplaggi tveggja flokka, eða 414 millj. kr.

Auðvitað er það rétt, sem bent hefur verið á af ýmsum hv. þm., að óheilbrigð þensla í útlánum bankanna getur haft alvarlegar afleiðingar í efnahagslífinu. Hæstv. menntmrh. (GÞG) vék að því m. a., að útlánaaukningin hefði verið mjög varhugaverð hjá seðlabanka landsins, og skildi ég hann svo, að hann væri m. a. að draga þetta fram í dagsljósið til þess að sýna, hvað þróunin í efnahagsmálunum hafi verið varhugaverð og að þarna yrði að breyta, stöðva útlánin frá seðlabankanum og draga úr þeim. En ef við lítum á þær tölur, sem hæstv. ráðh. gaf upp, þá eru þær svona, að útlánaaukning seðlabankans er 1951 117 millj. kr., 1952 114 millj. kr., 1953 34 millj. kr., 1954 — fyrsta heila árið undir stjórnarforustu sjálfstæðismanna — mínus 31 millj. kr., þá er dregin inn 31 millj. kr. af útlánum bankans, og svo 1955 175 millj. kr. Mér finnst, að þróunin sé athyglisverð. Frá því að gengisbreytingarlögin voru sett og eftir að afleiðinga þeirra gætir í þjóðfélaginu, þá dregur stöðugt úr útlánaaukningu seðlabankans: 117, 114, 34 og svo mínus 31 millj. 1954. Þetta er athyglisverð þróun. En hvað hefur þá skeð 1955, þegar útlánaaukningin er allt í einu orðin 175 millj. kr.? Ég held, að í útlánaaukningunni 1955 gæti að verulegu leyti áhrifanna frá hinni vaxandi verðbólgu, sem var afleiðing verkfallanna á árinu 1955 og ég skal síðar víkja að. En svo er annað: Hvað eru mikið í þessari 175 millj. kr. útlánaaukningu seðlabankans 1955 aukin útlán út á afurðir landsmanna og þá — spyr ég hæstv. landbrh. — fyrst og fremst út á landbúnaðarafurðir landsmanna? Það var eitt af stjórnarsamningsatriðum sjálfstæðismanna og framsóknarmanna, að bændur þessa lands skyldu fá rekstrarlán, svipað og útvegsmenn þessa lands, sem fá lán út á óveiddan afla, að bændur skyldu fá lán út á fé á fjalli, og einnig, að lána skyldi út á landbúnaðarafurðirnar, kjötvörurnar og sláturafurðirnar á haustin, svipað og þann sjávarafla, sem búið er að draga á land og bíður afskipunar til útlanda. Þetta var eitt af stefnuskráratriðum í ríkisstj. sjálfstæðismanna og framsóknarmanna, og ég hygg, að það sé rétt, að það sé farið einmitt að gæta framkvæmda á þessu stefnuskráratriði, að hér séu tugir, ef ekki yfir 100 millj. kr. af fjármagni þjóðarinnar, sem á nýjan hátt vegna þessa stjórnarsamnings er veitt bændastétt þessa lands í einni eða annarri mynd. Og mig undrar það, ef bændur þessa lands hafa ekki fundið fyrir því aukna fjármagni, sem þeir þannig hafa átt að vera aðnjótandi í sínum búrekstri. Það væri mjög æskilegt, að nánari skýringar á þessu atriði gætu fram komið, ef hæstv. ráðherrar hafa eitthvað að árétta í þessu, sem ég hef sagt. En þannig er það, að tölur eru alltaf vandmeðfarnar, og það er margt, sem kemur til athugunar í því sambandi. Og ef við sjálfstæðismenn erum ásakaðir fyrir útlánaaukninguna, þá mega framsóknarmenn ekki heldur á sama tíma þakka sér fyrir það, að bændur landsins hafa fengið tugi og hundruð millj. kr. meira lánsfé til meðferðar en ella hefði verið og felst í þessari útlánaaukningu.

Svo var áttundi liðurinn, og hann er nú víst sá síðasti hjá hæstv. forsrh., og það var þetta, að það er allt í lagi hjá fjmrh., en fjárfestingin er bölið og á fjárfestingunni bera sjálfstæðismenn ábyrgð, og þar er höfuðsökudólgurinn Ingólfur frá Hellu. Niðurstöðurnar í þessu margendurtekna lagi eru þessar: Framkvæmdirnar eru framsóknarmönnum að þakka, hinar miklu framkvæmdir í tíð fyrrverandi ríkisstj. Sjáið þið ekki raforkuframkvæmdirnar? Sjáið þið ekki húsabyggingarnar? Sjáið þið ekki fiskiðjuverin? Sjáið þið ekki bátana, sem eru að koma að landi? Allt er þetta okkur að þakka, segja framsóknarmenn. En fjárfestingin, þ. e. a. s., að það skuli þurfa að fara eitthvert fé í þetta, — ja, blessaðir, snúið ykkur að sjálfstæðismönnum, það er allt saman þeim að kenna. Þeir hafa látið allt þetta fé í þessar framkvæmdir, og það er það, sem er vitnisburðurinn um eyðimerkurgönguna í efnahagslífi þjóðarinnar.

Þó er það svo, þegar við erum ásakaðir um fjárfestinguna, um leið og Framsókn eru þakkaðar framkvæmdirnar, að hæstv. fjmrh. Eysteinn Jónsson er einmitt bankamálaráðherra og hefur verið bankamálaráðherra Framkvæmdabankans, sem lögum sínum samkvæmt á að vera ríkisstj. til ráðuneytis um fjárfestingarmál þjóðarinnar. Verða menn ekki að festa sér í minni þessar staðreyndir, sem hér er um að ræða, og koma ekki æ ofan í æ, á fundi eftir fund í flokksfélögum sínum, í ríkisútvarpi og á Alþingi, fram með hinar og þessar staðreyndir í sambandi við efnahagsmálin, sem eiga enga stoð í raunveruleikanum, og ganga gersamlega fram hjá meginkjarna málsins?

Hæstv. forsrh. sagði, að það væri greiðsluafgangur fjmrh. á undanförnum árum, sem væri sterkasti vitnisburðurinn um hina heilbrigðu fjármálastjórn, og það væri eina heilbrigðið í efnahagskerfi þjóðarinnar. Nú er það svo, að á undanförnum árum hefur verið greiðsluafgangur hjá fjmrh. Ég held, að sjálfstæðismenn hafi fyrir sitt leyti gert sitt til að stuðla að því, að sá greiðsluafgangur gæti til orðið, með afgreiðslu fjárlaganna, hvort sem ber að þakka þeim það eða ekki. En má ég minna á, að á þessum árum,

sem þessi greiðsluafgangur hefur verið, hafa umframtekjur ríkissjóðs verið — ja, ætli það sé ekki eitthvað um 500 millj. kr.? Það eru 115 millj. kr. 1951. Þá fær ríkissjóður 115 millj. kr. tekjur umfram áætlun. Það var þá birgðalaust land af innflutningsvörum, það var flutt inn miklu meira en áður hafði verið, fengin til þess erlend aðstoð, af þessu flutu auðvitað margar krónur í kassa fjmrh., hann fær 115 millj. kr. umfram áætlaðar tekjur. Hann fær 44 millj. kr. 1952, hann fær 91.6 millj. kr. 1953, 107.6 millj. kr. 1954 og áreiðanlega nokkra tugi 1955, en því miður er eyða hérna á blaðinu hjá mér, ég man ekki nákvæmlega töluna, og ef einhver hv. þm. getur minnt mig á hana, þá er það kærkomið. En þetta munu vera um 500 millj. kr. Af hverju eru svona miklar umframtekjur? Og eru ekki umframtekjurnar grundvöllurinn undir greiðsluafganginum? Af hverju eru þær? Það eru miklar framkvæmdir í landinu, það er mikil fjárfesting, það eru miklir tollar af miklum innflutningi og miklir skattar af háum tekjum almennings. M. ö. o.: Það, sem skapar grundvöllinn undir greiðsluafganginn, eru umframtekjurnar, sem leiðir af hinum miklu framkvæmdum, af þessari voðalegu fjárfestingu, sem er öll sjálfstæðismönnum að kenna.

En svo er annað, sem hv. 1. þm. Reykv. benti á, að þegar við erum að ræða um greiðsluafganginn sem þýðingarmikið atriði í sambandi við verðbólgu og tæki til þess að hafa hemil á verðbólgu í þjóðfélaginu, þá hefur ekki greiðsluafgangur Eysteins Jónssonar haft neina þýðingu í þessu sambandi, þó að ég dragi á engan hátt úr, að hann hafi haft þýðingu í öðru sambandi, sem ég skal víkja að. En hann hefur ekki haft neina þýðingu til að draga úr verðbólgunni og er þess vegna enginn vitnisburður að þessu leyti um heilbrigðari fjármálastjórn heldur en á öðrum sviðum í efnahagslífinu, vegna þess að greiðsluafganginum hefur alltaf verið veitt út. Honum hefur alltaf verið úthlutað eftir á í nýjar framkvæmdir, nýja fjárfestingu, nýja verðbólguaukandi fjárfestingu og framkvæmdir.

Eins og hv. 2. þm. Reykv. (BÓ) sagði, þá er hæstv. fjmrh. (EystJ) enginn kjáni, það er síður en svo, og hann veit vel, hvað hann er að fara. Klókindi hæstv. fjmrh. eru mikil, um leið og þau eru í raun og veru mjög einföld. Það hefur verið þannig á undanförnum árum: varleg tekjuáætlun fjárlaga, — miklar umframtekjur, — greiðsluafgangur, — ráðstafað eftir á utan fjárlaga, — ef ráðstafað í fjárlögum, þá hefði auðvitað enginn greiðsluafgangur verið. — Engin skýring, ætti maður að segja á eftir þessu, því að þetta skýrir sig sjálft. Í þessu höfum við sjálfstæðismenn verið þátttakendur með hæstv. fyrrv. fjmrh., en við getum bara ómögulega fundið út, að þetta sé einhver vitnisburður um, að þetta eina ljós sé það, sem logað hefur í efnahags- og fjármálalífi landsins. Og nú kem ég að því, að greiðsluafgangurinn undanfarin ár, sem þannig er til kominn og hefur ekki þýðingu til þess að draga úr verðbólgunni, hefur gegnt veigamiklu hlutverki til þess að fylla í skörðin, þar sem okkur vantaði hið erlenda lánsfjármagn, og hefur þess vegna m. a. verið ómetanlegur fyrir ræktunarsjóð, fiskveiðasjóð og fleiri framkvæmdir, sem honum var varið til. En það mátti auðvitað alveg eins hafa hina aðferðina, eftir að þetta var búið að endurtaka sig ár eftir ár, að áætla í fjárlögunum til ræktunarsjóðsins 20 millj. kr., til fiskveiðasjóðs 10 millj. kr. og laga tekju- og útgjaldaáætlun fjárlaganna eftir því. Þá hefðum við fengið alla sömu fjármunina í þessa sjóði, fjárlög í jafnvægi, engan greiðsluafgang, alveg nákvæmlega sömu útkomu og er í þjóðfélaginu og efnahagslífinu og fjármálalífinu.

Fjármálasnilli sú, sem kennd er við Eystein Jónsson nú af hæstv. forsrh., kristallast í raun og veru í einu einföldu dæmi. Það er lagt til af fulltrúum allra flokka að auka stórlega bifreiðainnflutning til landsins og leggja á hvern bíl sérstakt gjald í svokallaðan togarasjóð, til þess að hægt sé að halda áfram þessari stórvirkustu framleiðslustarfsemi þjóðarinnar. Hinn aukni bílainnflutningur í þessum sérstaka tilgangi, að afla fjár í togarasjóð, gefur fjmrh. alveg ófyrirséð og ekki áætlaðar aukatekjur í hinum venjulegu aðflutningsgjöldum af bifreiðum. Aukatekjurnar á árinu, um 50 millj. kr., greiðsluafgangur ríkissjóðs um 50 millj. kr. Framsóknarmenn segja: Mikill angurgapi er Ingólfur að flytja inn svona marga bíla. — Aftur á móti: Mikill snillingur er Eysteinn að skila þessum greiðsluafgangi. — Og skemmtilegastur af öllum er hæstv. forsrh., sem segir, að um þessa fjármálasnilli þurfi menn alls ekki að vera að ræða, því að hún sé bara skjallega staðfest, sem sé á prenti, bæði í álitsgerðum íslenzkra og erlendra hálærðra hagfræðinga!

Ég held, að ég sé nú búinn að vekja athygli á þeim atriðum í ræðu hæstv. forsrh., sem að fjármálaspillingunni lutu, og hef ég viljað reyna að draga fram í dagsljósið ýmsar staðreyndir, sem gætu kannske varpað nokkru öðru ljósi á þessi mál og leitt menn til þess að draga aðrar niðurstöður en hæstv. forsrh. varð á.

Það er líka reyndar svo, að þegar menn nú eru æ ofan í æ að býsnast yfir því, hversu óskaplega sé komið fyrir okkur Íslendingum, eins og hæstv. forsrh. hefur nú oft gert, þá komast menn oftast jafnframt að hinni niðurstöðunni, að fólkið í þessu landi hafi aldrei búið við betri kjör en einmitt nú. Og ég vek athygli á því, að hæstv. forsrh. sagði í útvarpsræðu, sem hann flutti fyrir alþingiskosningarnar í sumar, að Sjálfstæðisflokkurinn hefði haft lykilaðstöðu í þjóðfélaginu á undanförnum 17 árum með valdaaðstöðu sinni og stjórnarforustu æ ofan í æ, — lykilaðstöðu í þjóðfélaginu á undanförnum 17 árum. Og hverjum á þá að þakka fremur en þeim, sem lykilaðstöðuna hefur haft, ef vel hefur gengið og ef það er satt, sem kom fram hjá hæstv. forseta í gær og fram hefur komið víða, að íslenzka þjóðin búi nú við meiri velmegun og betri kjör en nokkrar aðrar þjóðir? Þegar þetta er athugað, þá verða nokkuð haldlausar ásakanirnar um það, að Sjálfstfl. hafi leitt þjóðina út í eyðimörk efnahagslífsins. En hæstv. fjmrh. sagði hér í fjárlagaræðu sinni í fyrra, með leyfi hæstv. forseta:

„Við höfum aldrei átt betri framleiðslutæki en nú, aldrei haft betri skilyrði til þess að bjarga okkur en einmitt nú. Dugnaður er mikill, þótt

stundum sé annað á orði haft. Unga fólkið er yfirleitt tápmikið og dugmikið, og atvinna er mikil og afkoma almennings er góð. Þetta er ánægjulegt, og þessa er gott að minnast, ef mönnum fer að vaxa vandinn mjög í augum.“

Þetta var lýsing hæstv. fjmrh. í fjárlagaræðunni á Alþingi í fyrrahaust. Og í málgagni hæstv. forsrh., Tímanum, stóð þetta 18. maí s. l., í sumar:

„Óvíða í heiminum hafa verið meiri framfarir en hér á landi síðustu áratugina. Lífskjörin hafa breytzt og batnað, svo að undrum sætir. Fyrir fáum áratugum voru lífskjörin hér lakari en víðast annars staðar í veröldinni, en í dag eru þau óvíða eða hvergi betri en hér.“

Þetta eru orð blaðs forsrh. um ástandið, eftir það að Sjálfstfl. hefur haft lykilaðstöðu í stjórnmálalífi þjóðarinnar um 17 ára tímabil. Og þetta mundi ég vilja biðja hv. síðasta ræðumann að hafa í huga líka, þegar hann var að tala svo mikið um hin rýrðu kjör verkalýðsins fram og aftur og flutti að vísu að miklu leyti ræðu, sem var líkari því, að stjórnarsinnar væru farnir að hafa einhvern áhuga fyrir því að beita málþófi í þessu máli, sem hér liggur fyrir, heldur en hitt, að ræða efnishlið málsins og efnahagsmálanna almennt. Og ég vil árétta það, að það er ekki rétt, sem hv. 6. landsk. (GJóh) sagði hér áðan og kom fram hjá hæstv. félmrh. (HV) og hefur verið leiðrétt af hv. 9. landsk., Ólafi Björnssyni, — það er ekki rétt, að lífskjör verkamanna hafi versnað í stjórnartíð fráfarandi stjórnar. Um áramótin 1954 og 1955 var það reiknað út af hagstofustjóra og Ólafi Björnssyni, að frá síðasta verkfalli, sem varð haustið 1952, hefðu kjör verkamanna og launafólks ekki rýrnað, og var þó skoðun beggja, að þau hefðu fremur batnað, og það er augljóst, þegar á það er litið, hvað menn höfðu miklu meiri vinnu en áður, að niðurstöðurnar hlutu að leiða til þess, að þau hefðu batnað. Og eftir að verkalýðssamtökin höfðu fengið hagfræðinga, sem þau trúðu betur til þessara útreikninga, staðfestu þeir útreikningar algerlega útreikninga hagstofustjórans og Ólafs Björnssonar, að eftir haustverkfallið 1952 og fram til áramóta 1954 og 1955 hefðu kjör verkafólks og launafólks í landinu ekki rýrnað.

Hitt er svo annað mál, að sömu hagfræðingar komust að þeirri niðurstöðu, að á árunum 1947—49 hefði átt sér stað röskun á lífskjörum launafólks og verkamanna í þessu þjóðfélagi, og það skal ég ekkert rengja þessa menn um. Það var á þeirri tíð, þegar hæstv. núv. félmrh. (HV) stóð að aðgerðum þáv. hæstv. ríkisstj. varðandi verkafólkið í landinu, og það er ekki réttmætt að leiðrétta þá villu, hafi hún einhver verið, eða rök, að hún hafi átt að leiðréttast í verkfalli, sem síðan var gert 1955.

Ég skal svo víkja nokkrum orðum að því, sem hér hefur fram komið frá hv. þingmönnum kommúnista um, að þeim þyki nú nýstárlegt, að sjálfstæðismenn vilji ræða um eða telja sig vera þess umkomna að tala máli verkafólksins í þessu landi. En okkur hefur furðað á því í þessu máli, eins og reyndar öðrum, hvað þessir menn eru liðugir að éta ofan í sig, því að sannast að segja hefur það ævinlega verið svo, að þegar sjálfstæðismenn hafa borið fram till. um kaupbindingu og enda þótt hún hafi verið samfara verðfestingu, þá hafa fulltrúar kommúnista talið þetta glapræði, glæpsamlegar tiltektir gegn verkafólkinu í landinu.

Hæstv. sjútvmrh. (LJós) sagði, að verkalýðssamtökin hafi nú ekki verið að samþ. neina kauplækkun með vísitölubindingunni, enga skerðingu, vegna þess að síðar hafi verðlagið átt að hækka og það hafi verið stöðvað, og verkalýðurinn var ekki svikinn um kaupgjald með kaupbindingunni, sagði þessi hæstv. ráðh. Látum þetta gott heita. En hvað sögðu þessir sömu menn, þegar kaupbindingin átti sér stað undir forustu stjórnar Alþfl. 1947 og þegar á sama tíma voru settar hömlur á verðlagið í landinu og verðhækkanir bannaðar? Þjóðviljinn sagði þá, að það væri „útþurrkun gildandi samninga verkamanna og atvinnurekenda með festingu vísitölunnar“. Það að festa vísitöluna í lögunum samsvaraði útþurrkun gildandi launasamninga verkamanna og atvinnurekenda. Hæstv. forseti d. sagði hér í þingsölunum þá, að með því, þ. e. festingu vísitölunnar í 300 stigum, — og ég minni á, að á sama tíma var verðlagið bundið, — „er Alþingi að eyðileggja alla frjálsa samninga, er launþegar og atvinnurekendur hafa gert með sér, og lagareglur um launakjör“, og enn fremur, með leyfi hæstv. forseta: „Það er verið að stela stórum hluta af launum allra launþega í landinu undir yfirskini lagasetningar um dýrtíðina.“

Þá hét það, að það væri verið að stela stórum hluta af launum allra launþega í landinu að lögfesta vísitölubindingu. Og verkamannafélagið Dagsbrún ályktaði í des. 1947: „Stjórnin telur frv. þetta ósvífna kauplækkunarárás, þar sem rift er ákvæðum frjálsra samninga um fulla dýrtíðaruppbót á vinnulaun.“

Þannig hefur sungið í þessum mönnum áður. Við sjálfstæðismenn, um leið og við höfum lýst fylgi okkar við þær ráðstafanir, sem hér eru gerðar, í frv. því, sem fyrir liggur, höfum látið í ljós undrun okkar yfir því, hversu þessir menn hafa skipt um skoðanir snögglega eða eru reiðubúnir til þess að éta ofan í sig það, sem þeir hafa áður sagt. Og við höfum ekki getað skilið það öðruvísi en að þessir menn séu að borga fyrir sig það, sem sett hefur verið upp, til þess að fá að setjast í ráðherrastólana í þessu landi, og þá fullyrði ég fyrst og fremst: til þess að hafa þau áhrif á utanríkismálin, sem þessum mönnum þykir mestu máli skipta. Og nú vil ég segja, að hv. kommúnistaþingmenn hér ættu ekki að tala með mikilli vandlætingu um það, að sjálfstæðismenn ættu sem minnst að tala um forstöðu sína í verkalýðsmálum. Við erum alveg óhræddir að mæla okkur við þá í þeim efnum, hvernig hinn almenni verkalýður í þessu landi lítur á aðgerðir okkar sjálfstæðismanna, bæði þeim og öðrum stéttum þessa þjóðfélags til handa, og hins vegar aðgerðir kommúnistanna. Ég gæti viðhaft mín orð um það og mínar skoðanir um það, hvers virði aðgerðir kommúnista hafa verið fyrir launþegasamtökin og verkalýðinn og hvað hefur á bak við búið og hvort þeir hafi verið að vinna fyrir verkalýðinn eða hvort þeir hafi verið að vinna fyrir kommúnismann. En ég ætla ekki

að gera það að þessu sinni. Ég hef oft gert það, og hafa margir heyrt það af mínum vörum. En ég ætla að lofa núverandi hæstv. félmrh. að tala og gefa lýsingu á því, hversu ætla má að alvarlega sé meint verkalýðsbarátta kommúnista, en hann hefur verið í samvinnu með þeim í verkalýðssamtökunum og forseti Alþýðusambands Íslands studdur af kommúnistum. Hann skrifaði einu sinni grein ekki alls fyrir löngu, hæstv. félmrh., það var í septembermánuði 1948, það er nú ekki lengra síðan, þar sem fyrirsögnin var: „Það verður að leysa Alþýðusambandið undan oki kommúnista.“ Meðal annars sagði hann, að þeir færu þannig að í verkalýðsmálunum, að tímaritið Vinnuna notuðu þeir, kommúnistarnir, sem er þó málgagn samtakanna, sem pólitískt málgagn kommúnista, þótt það sé að verulegu leyti gefið út fyrir fé frá hinum ópólitísku samtökum verkalýðsins í landinu.

Þá sagði hæstv. félmrh. enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta vil ég ekki þola. Og þeir munu vera margir í verkalýðshreyfingunni, sem telja þetta grófa misnotkun á fjármunum samtakanna.“

Ætli þetta hafi verið gert til þess að styrkja verkamennina og verkalýðssamtökin, sem áttu málgagnið, eða skyldi það hafa verið til þess að koma svolítið lengra áleiðis hinum kommúnistíska áróðri í þjóðfélaginu? Enn fremur sagði hæstv. félmrh., með leyfi hæstv. forseta:

„En kommúnistar eru nú farnir að ganga enn lengra um misnotkun þess fjár, sem þeir fá frá verkalýðsfélögunum. Þeir eru farnir að láta erindreka Alþýðusambandsins haga ferðum sínum og starfi alveg eins og þeir væru erindrekar kommúnistaflokksins.“

Hafa kommúnistar legið undir þessu þegjandi og hljóðalaust, að þeir misnotuðu fé verkalýðsins til þess að eyða því í sinn kommúnistíska áróður? Og ætla þeir að liggja undir þessu, eða ætla þeir að mótmæla þessu? Ef þeir ekki mótmæla því hér, þá er það staðfesting á því, að þetta hafi þeir gert, og þá förum við að skilja svolítið betur eðli verkalýðsbaráttunnar hjá þessum mönnum.

Hæstv. félmrh. sagði líka, að þetta yrðu andstæðingar kommúnista í verkalýðshreyfingunni að fyrirbyggja með því að svipta þá yfirráðum yfir Alþýðusambandinu. „Þeir eru meira að segja búnir að stjórna því allt of lengi og misnota þar aðstöðu sína,“ sagði hann. Og enn fremur:

„Réttmætar sakir á hendur kommúnistum í Alþýðusambandinu eru þó miklu fleiri en þetta. Ég var sjálfur sjónarvottur að því á Alþýðusambandsþinginu 1944, hvernig þeir sviptu þá réttkjörna fulltrúa, sem voru þeim andvígir, rétti til þingsetu, en samþykktu aftur gervifulltrúa sér til atkvæðadrýginda. Þannig fengu þeir þá ranglega meirihlutavald yfir alþýðusamtökunum.“

Flokkspólitískt, ranglega fengið meirihlutavald yfir verkalýðssamtökunum í landinu! Og þá segir hæstv. félmrh. enn fremur í þessari sömu grein, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar ofbeldið er komið á slíkt hástig, þá er ekki hægt að þola óréttinn lengur. En þar sem ofbeldisseggirnir eru ekki líklegir til að vilja láta af ofríki sínu, er einskis annars kostur en að láta þá þoka til hliðar, og valdið til þess hefur fólkið í verkalýðsfélögunum um breiðar byggðir Íslands.“

Ja, guð minn góður, að láta þá þoka til hliðar, sá hefur unnið að því í verkalýðssamtökunum og nú síðast í ríkisstj. Íslands! Og ég má ekki sleppa þessari síðustu setningu, með leyfi hæstv. forseta:

„Eru ekki dæmin um valdbeitingu, hlutdrægni, ranglæti kommúnista í einstökum verkalýðsfélögum og í Alþýðusambandi Íslands orðin nógu mörg til þess, að sundraðir andstæðingar þeirra geti orðið sammála um, að þeir séu búnir að vinna sér til óhelgi og verði að víkja frá stjórn samtakanna?“

Þetta er dómur hæstv. félmrh. um svokallaða verkalýðsforustu kommúnista. Þess vegna er það, að það verður ekki tekið mjög hátíðlega, þegar kommúnistar segja, að eitt og annað hafi verið samþykkt í verkalýðsfélögunum, á fundum verkalýðssamtaka úti um land, þeirra verkalýðssamtaka, sem eru undir slíkri kúgun kommúnismans, meðan þau geta ekki náð því marki eins og alþýða annarra landa nú í álfunni að hrista þetta ok af sér.

Loks vil ég svo segja í sambandi við frv. það, sem hér liggur fyrir, að okkur sjálfstæðismenn furðar á því, að kommúnistar láti hafa sig til að fylgja því, eins og ég sagði áðan, og þess vegna hljóti það að vera dýru verði keypt, vegna þess að þeim er réttilega lýst, — og verður það síðasta lýsing hæstv. félmrh. á þessum mönnum, — þegar hann segir í greininni, sem ég vitnaði til áðan, með leyfi hæstv. forseta:

„Boga atvinnulífsins mega verkalýðssamtökin aldrei brjóta, því að þá dugir ekkert kaupgjald, hversu hátt sem er, til þess að tryggja velmegun hins vinnandi fólks. En þetta hafa kommúnistar aldrei látizt skilja og geta líklega aldrei skilið, enda hefur barátta þeirra stundum orðið áþekkust ofsóknartilraunum til þess beinlínis að koma atvinnulífinu í rústir,“ — takið eftir: líkust ofsóknartilraunum til þess beinlínis að koma atvinnulífinu í rústir!

Þetta eru ekki mín orð, heldur hæstv. félmrh. um þessa menn, hvernig þeir hafa hegðað sér fyrr og síðar, og lái þá aðrir okkur sjálfstæðismönnum, þó að við höfum ekki mikla trú á einlægni þessara manna þá stundina, sem þeir eru að éta ofan í sig fyrri afstöðu sína og fyrri yfirlýsingar. Og það er ekki úr lausu lofti gripið, þegar við höldum því fram, að hér muni annað og miklu meira liggja á bak við, sem síðar á eftir að verða bæði hv. þingmönnum og almenningi í landinu ljóst.

Herra forseti. Umr. þessar eru nú orðnar nokkuð langar. En ég tel, að það geti verið mjög lærdómsríkt, að þm. ræði þessi mál, sem í senn virðast vera svo flókin, en þó svo einföld. Og vissulega hefur það sinn tilgang, ef meginatriðin verða bæði hv. þingheimi og öllum almenningi í þessu landi ljósari en áður. Þó má segja, að þessar umræður séu aðeins forspil að þeim mikla atburði, þegar tjaldið verður dregið frá og bæði þingmönnum og þjóðinni verður opinberuð hin leyndardómsfulla nýja stefna Framsfl. og hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálunum, hin varanlegu úr-

ræði, eins og þeir kalla það, sem svo mikið hefur verið látið af að koma skyldi, en lítið eða öllu heldur alls ekkert hefur verið látið uppi um, hver verða mundu, og jafnvel sumir hæstv. ráðherrar hafa fram til þess síðasta sagt, að væri ekki enn farið að ræða um innan stjórnarherbúðanna. Á meðan bíðum við og fylgjum þeim bráðabirgðaúrræðum, sem felast í þessum brbl. hæstv. ríkisstjórnar, sem í meginatriðum eru aðeins staðfesting á því, sem við sjálfstæðismenn höfum haldið fram að fyrr hefði þurft að gera, enda þótt töluvert hafi verið sagt ósatt um, hvernig þessi brbl. hafi til orðið, og margir hafi keppzt við að éta ofan í sig fyrri stóryrði um glæpsemi slíkra ráðstafana gegn íslenzkum verkalýð og launastéttum, þegar sjálfstæðismenn lögðu til eða stóðu að sams konar ráðstöfunum.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls um frv. það, sem hér liggur fyrir, en ummæli hæstv. forsrh. í umr. um þetta mál voru á þann veg, að ég tel mig verða að leiðrétta þau.

Hæstv. forsrh. lýsti því yfir hvað eftir annað, að framleiðsluráð landbúnaðarins hefði samþykkt setningu brbl. um verðlag og kaupgjald, sem hér eru til umræðu. Þessi staðhæfing hæstv. forsrh. kom mér mjög á óvart, jafnvel þó að ráðh. virtist allæstur, er hann flutti ræðu sína, og yfirvega lítt orð sín. Í framleiðsluráði eiga sæti níu menn. Sem einn af þeim staðhæfi ég, að framleiðsluráð hefur alls ekki fjallað um þetta frv., hygg jafnvel, að ríkisstj. hafi aldrei snúið sér til framleiðsluráðs með þetta mál. Aftur á móti er mér kunnugt um, að ríkisstj. leitaði fyrir sér um undirtektir hjá stjórn Stéttarsambands bænda undir þetta mál. Í stjórn Stéttarsambands bænda eiga sæti fimm menn, sem jafnframt eiga sæti í áðurgreindri níu manna stjórn framleiðsluráðs. Þegar fsp. kom frá ríkisstj. um afstöðu stjórnar Stéttarsambandsins til þeirra ráðstafana, er frv. fjallar um, var fundur alveg nýafstaðinn og meiri hl. fundarmanna farinn heimleiðis. Þrátt fyrir það náðist í fjóra af fimm stjórnarnefndarmönnum í síma eða til einkaviðtals. Þessir fjórir, sem til náðist, munu allir hafa tjáð, að þeir væru a. m. k. ekki mótfallnir þessum ráðstöfunum, en tveir þeirra lýst því jafnframt yfir, að hér væri um stjórnarráðstöfun að ræða, sem stjórnin yrði sjálf vitanlega að bera ábyrgð á.

Þannig er saga þessa máls rétt sögð. Allar fullyrðingar hæstv. forsrh. um, að framleiðsluráð hafi samþykkt setningu brbl., eru því rangar, því að þau hafa aldrei verið undir það borin, og sömuleiðis sú staðhæfing ráðh., að þessi brbl. hafi verið sett fyrir atbeina framleiðsluráðs og Stéttarsambands bænda, eins og hann lét orð liggja að í útvarpsræðu sinni í sumar, er hann fylgdi brbl. úr hlaði.

Það er án efa þarft verk að áminna menn um sannsögli í málaflutningi hér á Alþingi sem annars staðar, en það fer vægast sagt illa á því og er ekki sæmandi, að forsrh. landsins gerist vandlætari um þessi efni, samtímis og hann er sjálfur að misþyrma sannleikanum.

Ég mun svo ekki blanda mér frekar í þessar umr., nema sérstakt tilefni gefist til.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég mun, eins og forseti tók fram, svara þessum ræðum síðar. Það er allt of stuttur tími til þess, þrjár mínútur. Út af þessari seinustu yfirlýsingu mun ég koma með yfirlýsingu frá þeim mönnum, sem ég leitaði til, og þá verða menn að gera sér grein fyrir því, hvoru þeir trúa, þessari yfirlýsingu eða þeirri, sem ég mun koma með á fundinn á mánudaginn.

Umr. frestað.

Á 11. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Nd., 6. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Landbúnaðinum er lífsnauðsyn, að dýrtíðarskrúfan stöðvist og jafnvægi geti farið að myndast í efnahagslífi þjóðarinnar. Ég veit því ekki annað en að bændur hafi fagnað þeim bráðabirgðaráðstöfunum, sem núv. hæstv. stjórn gerði með brbl. á s. l. sumri til þess að hefta vöxt dýrtíðarinnar. Þess hefur yfirleitt ekki orðið vart, að vinnustéttir þjóðarinnar, verkamenn, sjómenn og bændur o. fl., hafi sýnt þessum ráðstöfunum annað en velvilja.

Festing á verðlagi vara og vinnu er vissulega fyrsta skrefið, sem stíga þurfti til þess að stöðva óheillaþróun dýrtíðarinnar. En vitaskuld er þetta ekki einhlítt til frambúðar. Þar þarf meira til, því að atvinnuvegirnir þurfa að komast á þann grundvöll, að þeir geti staðið á eigin fótum.

Það er í sjálfu sér ekki nein furða, þótt menn hafi tekið ráðstöfunum ríkisstj. vel, því að enn hefur enginn þurft neinu að fórna, svo að heitið geti, en ógæfan hefur þó verið stöðvuð í bili. Þetta snýr t. d. við bændum þannig, að þeir fá sinn hlut samkv. verðgrundvelli landbúnaðarvara. Hitt stendur enn óhaggað sem fyrr, að bændur hafa ekki tryggingu nú fremur en áður fyrir því, að markaðir þeirra geti gefið þeim þá útkomu, sem verðgrundvöllurinn gerir ráð fyrir, og kemur þar margt til. Fyrir fram er aldrei hægt að segja um það, hvaða endanlegt verð bændur fái fyrir afurðir sínar. Verðgrundvöllurinn er hins vegar viðurkenning á því, að það verð, sem hann gerir ráð fyrir, sé það, sem bændur þurfi að fá, miðað við kaup verkamanna. Stundum gefur einn þáttur framleiðslunnar meira en gert er ráð fyrir í verðgrundvelli og annar minna, og getur þetta mætzt að einhverju leyti og vegið hvað á móti öðru. Vinnan, sem mannshöndin leggur til við framleiðslu og dreifingu flestra vara, er enn sem komið er einn stærsti eða stærsti þáttur í verði varanna.

Þegar verðhækkun er stöðvuð, er eðlilegt, að um leið sé stöðvuð hækkun á kaupgjaldi, og þarf þetta auðvitað að fara saman. Þar er því ekki um lífskjaraskerðingu að ræða, heldur má segja með fullum rétti, að slík ráðstöfun sé til öryggis fyrir alla. Mér þykir því undarlegt, að hv. stjórnarandstæðingar skuli taka á þessu máli hér á hv. Alþingi eins og þeir gera, því að með málflutn-

ingi sínum reyna þeir að gera þessar ráðstafanir tortryggilegar í augum þeirra stétta, sem mest eiga undir því, að vel takist framkvæmdin á þeirri byrjun, sem hafin er til stöðvunar verðbólgunni. Ef slíkt á að verða til pólitísks ávinnings fyrir þá, er þjóðin harla fákunnandi um það að vega og meta, hvað horfir til þjóðarhags. En ég trúi því, að svo sé ekki. Ég held, að fólkið hafi fengið fulla sjón og skilji það, að sundrungarstarf í þessu efni, sem og öðrum, er því sjálfu fyrir verstu og eining um að reisa við þjóðarhag er eina leiðin, sem þjóðin á út úr þeim efnahagslegu ógöngum, sem út í er komið.

Í þessum umr. hefur nokkuð verið deilt um, hvað bændur fái fyrir sauðfjárafurðir eða yfirleitt sláturfjárafurðir. Það leit þannig út í ræðu hv. 1. þm. Rang. (IngJ) hér á fimmtudaginn var sem við hefðum borið okkur saman um þetta atriði og ég samþykkt allt með honum, sem hann hefur um þetta sagt. Svo er ekki. Við höfum ekkert um þetta talað saman. Ég ætla í tilefni af þessu að skýra frá verði á 13 kg dilk, eins og Sláturfélag Suðurlands borgaði hann við endanlegt uppgjör fyrir árið í fyrra.

Verðið var kr. 17.25 á kg, samtals kr. 224.25 kjötið. Innmaturinn var 24 kr., mörinn kr. 12.60 og gæran 25 kr., eða fyrir dilkinn alls kr. 285.85. Nú er verð á sömu afurðum: kjötið kr. 19.05 á kg, innmatur kr. 19.00, mör kr. 7.50 og gæran kr. 15.00, eða fyrir dilkinn kr. 289.15. Þá standa eftir af verði gærunnar, eins og var í fyrra, kr. 10.00, sem vænta má nú eins og að undanförnu að borgað verði til bænda á næsta sumri. Er þá verð á 13 kg dilk orðið kr. 299.15, sem nokkurn veginn má treysta að bændur fái.

Bændurnir hafa sjálfir, eða fulltrúar þeirra í framleiðsluráði, lækkað verð á innmat og mör vegna sölutregðu á þessum vörum í fyrra. Dilkakjötið hefur hins vegar, eins og hæstv. landbrh. sagði, hækkað um 10.2%, og hefði verð á innmat og mör verið hækkað einnig um 10.2%, þá væri dilkverðið nú kr. 312.98, miðað við það, að endanlegt verð á gærunum verði 10 kr. kg. En vegna þeirrar lækkunar, sem framleiðsluráðið taldi hyggilegt að gera á innmat og mör bændanna vegna, án íhlutunar frá hæstv. ríkisstj., verður dilkverðið, miðað við að gæran verði 10 kr. kg, kr. 299.15, eins og ég sagði áðan. Þetta eru staðreyndirnar í þessu máli.

Um aðra þætti þessara verðlagsmála ræði ég ekki, enda hefur hæstv. landbúnaðarráðherra gert þeim þau skil hér í umræðunum, að ég tel það óþarft.

Ég ber engar brigður á það, að hv. 1. þm. Rang. vilji bændum vel. En ég tel, að velvilji hans í garð bænda þurfi m. a. og fyrst og fremst að koma fram í því að styðja ráðstafanir hæstv. ríkisstj. til að stöðva dýrtíðina. Ég vil segja, að ekkert sé eins og stendur bændunum nauðsynlegra en stöðvun dýrtíðarinnar. Dýrtíðin hefur farið eins og eyðandi eldur í tekjum bænda hin síðari ár. Verðbólgan og þenslan í efnahagslífi þjóðarinnar hefur verkað á mörg byggðarlög í landinu eins og svartidauðinn gerði. Héruð fóru í eyði, og ættir dóu út. Eftir stendur auðn og tóm sums staðar í byggðum landsins nú, þegar verðbólgu- og dýrtíðarsýkillinn hefur unnið sitt verk.

Ég tel mér skylt sem bónda og fulltrúa bændahéraðs hér á hv. Alþingi að styðja ráðstafanir hæstv. ríkisstj. til þess að koma á jafnvægi í efnahagslífinu og rétta atvinnuvegina til lands og sjávar við.

Frv. það, sem hér er rætt, er fyrsta skrefið. Ég tel, að það sé bæði efnahagsleg og þjóðmenningarleg nauðsyn og skylda þeirra, sem völd hafa í þessu landi á hverjum tíma, að sporna við því, að bændastéttin yfirgefi atvinnuveg sinn og óðul. Ég tel það á sama hátt skyldu valdhafanna að búa svo í haginn fyrir aðrar vinnustéttir þjóðarinnar í borg og bæ, að fólkið geti uppfyllt lífsþarfir sínar af þeirri vinnu, sem það stundar. Ég vil hins vegar krefjast mikillar og góðrar vinnu af öllum þeim, sem fulla heilsu hafa, og ég vil, að fólkinu sé sagt á hverjum tíma satt og rétt frá um afkomu atvinnuveganna. Þjóðin þarf að fá að horfa fyrir opnum tjöldum á meðferð allra sinna mála. Núv. hæstv. ríkisstj. hefur sett sér það mark að hafa með sér í ráðum vinnustéttir þjóðarinnar. Þetta tel ég hyggilegt og gott verk. Dýrtíðin verður, eins og ég sagði áðan, ekki stöðvuð með þeim ráðstöfunum einum, sem frv., sem hér er til umr., fjallar um, en þær voru nauðsynlegur undirbúningur, og ég tel, að bændur eins og aðrir hafi gott af því verki.

Hv. 1. þm. Rang. var hér með langan lestur um það, hvað Sjálfstfl. hefði gert bændum mikið gott, en framsóknarmenn hins vegar mikið illt. Ég vil nú vera miklu sanngjarnari en hann og játa, að þó að sjálfstæðismenn hafi æði oft verið bændum óþarfir á Alþingi, þá hafa þeir að vísu stundum lagt málum landbúnaðarins lið, sem framsóknarmenn hafa haft forustuna um. Af þeirri ástæðu, forustuhlutverki Framsfl. í landbúnaðarmálum, er það, sem mikill meiri hl. bænda hefur falið Framsfl. forsjá sinna mála á Alþingi. Ég veit, að nú setja bændur almennt traust sitt á Framsfl., að honum takist í samvinnu við fulltrúa verkalýðsstéttanna að reisa efnahagslíf þjóðarinnar úr rústum og skapa atvinnuvegunum örugga afkomu til lands og sjávar.

Ég þykist vita, að ekki verði hægt nú í næstu framtíð að tryggja hverjum manni fastar og ábyggilegar árstekjur. Til þess eru að mínum dómi ekki fyrir hendi neinir möguleikar. Þjóðin og hinar ýmsu starfsstéttir hennar verða að byggja afkomu sína áfram að verulegu leyti á eigin dugnaði og hagsýni í meðferð fjármuna.

Bændum hafa t. d. ekki, eins og ég sagði áðan, verið tryggðar vissar árstekjur, þótt verðgrundvöllurinn geri ráð fyrir og segi til um, hverjar þær þurfi að vera, og er þá miðað við árskaup Dagsbrúnarverkamanns, ef hann hefur vinnu alla vinnudaga ársins. Á sama hátt er verkamanninum ekki heldur tryggt þetta árskaup, vegna þess að hann hefur hvergi tryggingu fyrir vinnu allan árstímann.

Bóndinn verður því að gera allt, sem hann getur, til þess að ná sínu kaupi og auka það, og hann hefur til þess tvær leiðir: í fyrsta lagi að auka framleiðslu sína fram yfir það meðaltal, sem gert er ráð fyrir, og í öðru lagi að gæta sparnaðar við rekstur búsins. Verkamaðurinn verður að fara nokkuð svipað að, ef hann vill

auka sínar tekjur, en það er með þeim hætti að afla sér aukavinnu og með sparnaði í meðferð sinna tekna.

Það, sem hefur grundvallarþýðingu í því að efla og styðja sjálfsbjargarviðleitni hins vinnandi fólks, er það, að efnahagsmálum þjóðarinnar í heild sé stjórnað þannig, að fólkið fái traust á gildi vinnu og fjármuna. Það er undirstöðuatriði til tryggrar velmegunar. Þess vegna þarf að tryggja atvinnulífinu jafnan grundvöll, hvar sem er á landinu, svo að lífskjörin jafnist, en fólk dragist ekki í þétta hnappa á nokkra staði. Slíkt veldur óeðlilegri þenslu á vissum sviðum atvinnulífsins, en samdrætti í öðrum þáttum þess.

Þá er það og höfuðatriði í þessum efnum, að það fjármagn, sem myndast í landinu fyrir störf þjóðarinnar, haldi fullu gildi til lífsþarfa og framkvæmda, en bráðni ekki jafnharðan upp í eldi þeirrar gróðahyggju, sem gegnsýrt hefur þjóðfélagið á undanförnum árum. Ég hygg, að vandinn, sem nú bíður fyrir dyrum í því að leiða efnahagsmál þjóðarinnar til farsælla lykta, sé vel yfirstíganlegur, ef saman fer skilningur þjóðarinnar á viðfangsefninu og sterkt taumhald og forusta þeirra, sem með völdin fara.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég mun nú ekki fara að deila við hv. 1. þm. Rang. (IngJ) um, hversu til hefur tekizt með ræðu þá, er ég flutti hér í hv. Alþingi s. l. fimmtudag. Hitt er mér ljóst, að ræðan hefur haft meiri áhrif en ég vonaðist til í fyrstu, því að það er með öllu óhugsandi, að maður, sem hefur setið hér á hv. Alþingi síðan 1942 og er nýlega kominn úr ráðherrastóli, hefði flutt ræðu á borð við þá, sem hv. 1. þm. Rang. flutti hér s. l. fimmtudag, nema af þeirri einföldu ástæðu, að þm. hafi verið kominn úr algeru jafnvægi.

Hv. 1. þm. Árn. (ÁÞ) hefur nú svarað hv. 1. þm. Rang. út af verðlaginu um lambið, sem hann hefur verið að tala um. Ég vil þó segja þessum hv. þm. það til viðbótar, að svo mikið þekki ég til landbúnaðar, að ég veit, að það eru yfirleitt ekki gerðar upp sauðfjárafurðir fyrr en ári eftir að þær eru lagðar inn. Nú er búið að selja aðeins 10% af sauðfjárafurðum frá 1956, og hver getur þá sagt um, hvað verður endanlegt verð á þessum vörum? Í þeim kaupfélögum, þar sem ég hef starfað og þekki bezt til, hefur ekki verið fylgt það fastri reglu um áætlunarverð að haustinu, að það hafi verið reiknað út upp á prósentu.

Ég veit nú ekki, hvað hv. 1. þm. Rang. hefur stundað landbúnað lengi sem aðalatvinnu, en ég dreg þó í efa, að hann hafi gert það svo miklu lengur en ég, að hann geti brigzlað mér um, að ég þekki þar ekkert til.

Hv. 1. þm. Rang. ræddi um það, hvernig hefði verið farið með verðlagsmál landbúnaðarins á árunum 1934—42, þegar verðlagsnefndir þær, sem settar voru hér á laggirnar samkv. afurðalögunum frá 1934, störfuðu. Hann sagði, að núv. hæstv. landbrh., sem einnig var landbrh. þá, hefði haldið sultarólinni að bændunum og að hann hefði haft þá leið til þess að herða þessa sultaról, að hann hefði skipað formenn þessarar verðlagsnefndar og sagt um, að þeir ættu það eitt að gera að halda niðri verðinu fyrir bændum, þá yrði Alþfl. ánægður og þá gæti ráðherrann setið í sínum stóli.

Í sambandi við þessar fullyrðingar þessa hv. þingmanns er rétt að minna nokkuð á þessi mál, þegar þau voru að gerast. Þegar ríkisstj. Framsfl. tók hér við völdum 1934, voru afurðasölumál landbúnaðarins í mesta öngþveiti. Þá hafði lokazt saltkjötsmarkaðurinn til Noregs, og verð á dilkakjöti var mjög lágt í landinu. Mjólkurbúin voru þá nýlega tekin til starfa og kepptu hvert við annað hér á markaðinum í Rvík, og hér ríkti mesti glundroði í þeim málum.

Það varð því hlutverk þessarar nýju ríkisstj. að koma skipulagi á þessi mál. En þetta skipulag og þessi löggjöf, sem sett var til þess að tryggja verðið á afurðum bænda, mun hafa átt að mæta meiri andstöðu en flest önnur löggjöf, sem sett hefur verið hér á landi. Og hverjir voru andstæðingar þessarar löggjafar? Hverjir voru það, sem börðust gegn henni? Það voru sjálfstæðismennirnir, sem gerðu það. Og nú ætla ég að taka upp þann hátt, sem hv. 1. þm. Rang. taldi að ég hefði gert um daginn, að lesa upp úr blöðum, — ég gerði það nú ekki þá, — en nú ætla ég að leiða fram vitni í þessu máli, vitni, sem eru þess eðlis, að hv. 1. þm. Rang. ætti a. m. k. að taka mark á þeim.

Það var á þessum árum stofnað hér félag í Reykjavík, Húsmæðrafélag Reykjavíkur. Og hvert var verkefni þessa félags? Það var að berjast einmitt við skipulagið, berjast gegn þessum verðlagsnefndum, og ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp ályktun, sem gerð var á fundi í þessu félagi 22. jan. 1934, en hún er svo hljóðandi:

„Fundur húsmæðra í Gamla Bíó 22. janúar gerir enn þær kröfur til mjólkurverðlagsnefndar, að mjólkurverðið verði lækkað niður í 35 aura strax. Ef ekki verður orðið við þessari till. fyrir 1. febrúar, lýsir fundurinn sig algerlega samþykkan því, að neytendur takmarki við sig neyzlu mjólkur svo sem frekast er unnt til þess að knýja á þann hátt nefndina til að láta undan kröfum húsmæðra."

Það er nú ekki verið að tala um það í þessari till., að það eigi að hækka verðið á mjólkinni, nema síður sé.

Það kom fleira fram í þessum málum á þessum árum. Það er til hér málfundafélagið Óðinn. Það kvað vera félag sjálfstæðisverkamanna. Það gerði líka ályktun í þessum málum. Þeirra ályktun er frá 1941, og með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa hana líka, hún er svo hljóðandi:

„Fundur í málfundafélaginu Óðinn þann 14. september 1941 mótmælir harðlega þeirri gegndarlausu hækkun á íslenzkum afurðum, sem verður að telja langtum meiri en nauðsyn ber til. Telur fundurinn nauðsynlegt að setja hámarksverð á allar íslenzkar afurðir til notkunar innanlands."

Þessi till. var líka birt í sjálfstæðisblöðunum, vafalaust til þess að þjóna þeim tilgangi að hækka verðið fyrir bændur, sem hv. 1. þm. Rang. hafði svo mikinn áhuga á.

Og 26. sept. 1934 segir Vísir, með leyfi hæstv. forseta:

„Kjötverðlagsnefnd virðist ekki hafa tekið

neitt tillit til kaupendanna. Hún miðar allt við þarfir bænda.“

Og síðasta vitnið, sem ég ætla að leiða hér fram í þessu máli, er sérstaklega tekið með tilliti til þess, hversu þeir, sem þá voru að fjalla um þessi mál úr Sjálfstfl., höfðu álit á Hermanni Jónassyni og gerðum hans í þessum málum. Það er úr Vísi 3. okt. 1940, og ég ætla að lesa þá yfirlýsingu, með leyfi hæstv. forseta:

„Hermann Jónasson er landbrh. Eins og menn vita, heyra bæði mjólkursölunefnd og kjötverðlagsnefnd undir hann. Á þessum síðustu tímum er talað um það meira en flest annað, að þessar tvær verðlagsnefndir hafi farið að minnsta kosti eitt fet fram yfir það, sem talið var sanngjarnt samanborið við aðra. Og það verður ekki betur séð en látið hafi verið undan þeirri ásælni, og það verður meira að segja ekki betur séð en að böndin berist fyrst og fremst að landbrh. Hermanni Jónassyni fyrir að hafa látið undan ásælninni.“

Þetta var tal þeirra Sjálfstæðisflokksmanna á þessum árum. Og hvað haldið þið að mundi hafa verið sagt í herbúðum Sjálfstfl., ef þeim hefði verið sagt það þá, að eftir 20 ár mundi hér á hv. Alþ. koma fram þm. úr þeirra hópi og segja, að Hermann Jónasson landbrh. hefði sett upp verðlagsnefndirnar til þess að halda sultarólinni að bændum og halda verðlaginu niðri fyrir þeim? Haldið þið, að það hefði verið talið gott innlegg inn í þá baráttu, sem hér var háð einmitt af Sjálfstfl. fyrir því, að það væri verið að níðast á neytendum? Nei, það er furðulegt, að slíkt skuli geta skeð hér á hv. Alþ., að menn skuli geta sungið slíkan tvísöng, því að það er ómögulegt, að mönnum detti það í hug í fullri alvöru, að fólk sé búið að gleyma því, að bændur landsins séu búnir að gleyma þeirri baráttu, sem varð að heyja fyrir þessari löggjöf gegn Sjálfstfl. í Reykjavík.

Til viðbótar þessu vil ég segja það út af hækkuninni, sem varð á kjötinu 1942 og hv. 1. þm. Rang. talaði um að hefði verið 100%, að hækkun á visitölunni á þeim mánuðum, sem Sjálfstfl. fór með stjórnina þá, var meiri en 100%.

Þá vil ég næst koma hér að fullyrðingum hv. 1. þm. Rang. um það, að fé til framkvæmda í landbúnaði hafi ekki komið fyrr en Sjálfstfl. fékk landbrh. Þangað til var ekki sýnt nema smásálarskapur og skammsýni í þessum málum, stórhugurinn kom með landbrh. Sjálfstfl. og framkvæmdirnar í sveitum landsins, að dómi hv. 1. þm. Rang.

Nú ætla ég til gamans og í fullri alvöru þó að benda þessum hv. þm. og öðrum á það, hvað staðreyndirnar segja nú í þessu máli. Það var nefnilega oft vitnað í þær í ræðu þessa hv. þm.

Á árunum 1944—1946, þegar Sjálfstfl. átti landbrh., voru veittar til sjóða Búnaðarbankans, byggingarsjóðs og ræktunarsjóðs, samtals 2 millj. og 80 þús. Það fór í byggingarsjóð; í ræktunarsjóð kom ekkert frá ríkinu. Á árunum frá 1947 til 1955, báðum meðtöldum, þegar Framsfl. hefur farið með þessi mál, hafa farið í þessa sjóði fyrir áhrif ríkisstjórnarinnar, framlag í byggingarsjóð 37 millj. og 90 þús., lán í sama sjóð 28 millj. 145 þús., eða samtals 65 millj. 235 þús. í ræktunarsjóð hafa farið á sama tíma: framlag 27 millj. og 90 þús. og lán 72 millj. 372 þús., eða samtals 99 millj. 461 þús., og í veðdeild Búnaðarbankans 5 milljónir, eða samtals til þessara sjóða tæpar 170 millj. móti 2 millj. á nýsköpunarárunum.

Ég hefði nú haldið, að þetta væri óhægur samanburður og sýndi, hvenær fjármunum hefði verið veitt í þessa sjóði. En af því að því verður vafalaust haldið fram, að það hefði ekkert verið gert í þessum málum, nema af því að sjálfstæðismenn voru líka í ríkisstj., ætla ég að vitna hér í eldra tímabil, árin 1934—39 annars vegar, þegar framsóknarmenn voru einir í ríkisstj., og 1944—46, þegar Sjálfstfl. fór með landbúnaðarmálin, og nú ætla ég að lesa tölur í sambandi við þetta, staðreyndir, sem ekki verður á móti mælt.

Árið 1934 lánaði byggingarsjóður Búnaðarbankans 32 lán að upphæð 166400 kr. 1935 lánaði sami sjóður 53 lán að upphæð 228 þús. 1936 lánaði hann 39 lán að upphæð 192255 kr. 1937 lánaði hann 57 lán að upphæð 208 þús. 1938 lánaði hann 103 lán að upphæð 356 þús., og 1939 lánaði hann 122 lán að upphæð 425 þús. En takið þið nú eftir, nú byrjar framfaratímabilið í sveitum landsins, þegar Sjálfstfl. átti landbrh. 1944 lánar byggingarsjóður Búnaðarbankans 31 lán að upphæð 206 þús., 1945 lánar hann 37 lán að upphæð 311 þús., og 1946 lánar hann 29 lán að upphæð 247 þús., eða á árunum 1937, 1938 og 1939 eru lánuð 282 lán, en 97 lán á tímabili Sjálfstfl. Þetta er framfaratímabilið að dómi þessa hv. þingmanns.

Það er ekki öll sagan sögð enn, því að ræktunarsjóður er líka til samanburðar frá þessum árum. Hann lánaði 1934 132 lán að upphæð tæp 300 þús., 1935 183 lán að upphæð 445 þús. 1936 115 lán að upphæð 241 þús., 1937 114 lán að upphæð 221 þús., 1938 113 lán að upphæð 258 þús. og 1939 105 lán að upphæð 231 þús. Svo byrjar framfaratímabilið í sveitum landsins. 1944 lánar ræktunarsjóður 10 lán, 70 þús., einmitt sem hv. 1. þm. Rang. vitnaði hér til. Hann vitnaði til þess, að það hefðu verið lánuð 70 þús. úr sjóðum Búnaðarbankans, nýsköpunarárið 1944 var það gert. Það eru 2½ fjós í landsfjórðungi á landi hér. Og 1945 heldur framfaratímabilið áfram, stórhugur ríkir og mikið er gert. Þá eru lánuð 10 lán líka, að upphæð 231 þús. Og 1946 eru lánuð 12 lán að upphæð 92800 kr.

Þetta er framfaratímabilið í sögu Sjálfstfl. Og haldið þið, að það hafi ekki verið mikið fyrir 6000 bændur á landinu að byggja 10 gripahús á ári? Það hefur verið glæsilegt. Og svo mikill stórhugur ríkti yfir þessu tímabili, að hv. 1. þm. Rang., sem var óánægður með þessa stjórn í upphafi, lýsti sérstöku trausti á hana í lokin fyrir að byggja tvö fjós og hálft fjárhús í landsfjórðungi eða því sem næst.

Síðan hefur svo Framsfl. tekið við þessum málum, og 1947 átti hann landbrh. Hvað gerist þá? Þá er veitt úr ræktunarsjóði, í staðinn fyrir 92 þús. 1946, 1.7 millj.; úr byggingarsjóði, í staðinn fyrir 247 þús. 1946, tæpar 5 millj. 1950 eru þessi lán orðin úr ræktunarsjóði 7½ millj. og svipað úr byggingarsjóði. 1955 er þetta komið svo, að úr ræktunarsjóði eru lánaðar 34 millj. og úr byggingarsjóði 10 millj.

Ég segi eins og hv. 1. þm. Rang.: Er þetta tilviljun, að þessi breyting á sér stað? Nei, það er ekki tilviljun. Það er stefnubreyting. Annars vegar er það flokkur, Framsfl., sem trúir á sveitirnar og framkvæmdirnar þar, en hins vegar er það flokkur, sem er andstæður sveitunum og trúir ekki á framkvæmdir þar. Þess vegna var stefnan svona, og þess vegna er samanburðurinn. En það er gleðilegt, að það skyldi vera hv. 1. þm. Rang., sem óskaði eftir því, að þessi samanburður yrði gerður.

Þá kem ég næst að löggjöfinni. Þessi hv. þm. taldi, að Framsfl hefði alltaf verið utan dyra, eins og hann orðaði það, þegar sett hefði verið landbúnaðarlöggjöf, sem einhvers virði hefði verið. Ég vil í því sambandi minna á nokkur lög, þó að það verði ekki tæmandi upptalning. Ég ætla að nefna lögin um Búnaðarbankann frá 1928, lögin um byggingar- og landnámssjóð frá sama tíma, lög um innflutning á tilbúnum áburði og lög um áburðareinkasölu. Ég ætla að nefna frá seinni árum margar breytingar á jarðræktarlögum, sem Framsfl. hefur staðið fyrir. Ég ætla að nefna afurðasölulögin. Ég ætla að nefna lögin um áburðarverksmiðjuna, lögin um búnaðarmálasjóð, lögin um framleiðsluráð, fjárskiptalögin frá síðasta Alþingi. Og ég ætla einnig að geta þess, að lögin um landnám og nýbyggðir, sem sett voru 1946, voru að mestu leyti gerð upp úr eldri lögum um byggingar- og landnámssjóð, nýbýli og samvinnubyggðir frá 1936 og þar af leiðandi ekki nema að nokkru leyti frumsmíð þessarar nefndar, sem um þau fjallaði. Hins vegar voru fjárframlög hækkuð þá vegna þeirrar hækkunar, sem orðið hafði á verðlagi í landinu.

Áður en ég skil við þennan kafla um fjárframlög Framsfl. og löggjafarstarfsemi hans í þágu landbúnaðarins, vil ég minna á það, að hv. 1. þm. Rang. talaði mikið um það, að í hvert sinn, sem ætti að koma til framkvæmda í málum landbúnaðarins, væri það vanaviðkvæðið hjá forustumönnum Framsfl., að það væru engir fjármunir til og þess vegna ekkert hægt að gera; það væri alltaf sami smásálarskapurinn, sem einkenndi framkomu þeirra. Það var nú annað, þegar þeir sjálfstæðismenn fjölluðu um þessi mál. Þá var nú ekki smásálarskapur eða talað um það, að fjármagn væri ekki til, þá var það bara látið af hendi. En ég fór að gamni mínu að gá í umræður um fjárveitingamál til landbúnaðarins á nýsköpunarárunum og kom þar niður, þegar verið var að ræða um fjárframlög vegna breytingar á ræktunarlögunum. Það voru hækkaðir styrkir til túnasléttna, sem þar voru til umræðu. Og þar tók til máls þáverandi landbrh. Sjálfstfl. og lýsti skoðun sinni í málinu á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Aftur á móti finnst mér, að ég fari rétt með, að í þeim áætlunum, sem hér liggja fyrir, sé gert ráð fyrir, að jarðræktarstyrkurinn geti komizt upp í 6 millj. 650 þús. Þótt þessi kostnaður verði talsvert lægri, þá verð ég að segja það, að eins og hag ríkissjóðs er nú komið, þá veit ég ekki vel, hvar á að taka þetta fé. Og það er a. m. k. ekki langt síðan að heyrðust nokkuð margar raddir um það, að erfitt mundi vera að standa undir öllum þeim gjöldum, sem þegar er búið að skapa ríkissjóði, enda er það sjálfsagt rétt, og það mundi þá líka verða þungt fyrir fæti, ef ætti að bæta svo stórfelldum útgjöldum við sem hér er um að ræða.“

Þennan kafla úr ræðu þessa hæstv. ráðh. er að finna í Alþingistíðindum frá 1944, í C-deild, bls. 168, og hann heldur áfram, þessi ráðh., og lýsir stefnu Sjálfstfl., þar sem stórhugur ríkir og ekki neinn smásálarskapur. Hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég geri einnig ráð fyrir því, ef yrði horfið að því ráði að auka svo mjög sem hér er lagt til framlög til ræktunar landsins, þá mundi reynast óhjákvæmilegt að skera niður önnur framlög, sem veitt eru til landbúnaðarins.“

Þarna kom stórhugurinn, þarna er ekki smásálarskapur Framsfl. að verki. Þetta er stórhugur höfðingjanna í Sjálfstfl. Ég nefni þessi dæmi sem táknræn upp á stefnu Sjálfstfl. í þessum málum. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að þessi landbrh., sem þarna var, hafi samt verið framsýnni og velviljaðri landbúnaðinum en stefna flokksins sagði þá til, svo að þá geta menn markað nokkuð, hvernig þessum málum hefði verið fyrir komið, ef hún hefði notið sín til fulls.

Það getur nú ekki hjá því farið, að ég sýni þeim Sjálfstæðisflokksmönnum þá sanngirni að nefna helztu löggjafarstarfsemi frá þeim tíma, er þeir fóru með landbúnaðarmálin, þá löggjöf, sem mesta athygli vakti.

Ég kem þá að baráttu þeirra fyrir búnaðarráðinu. Þegar bændur landsins voru að halda til stofnfundar Stéttarsambands bænda, fengu þeir þá kveðju frá ríkisstj., að sett var upp búnaðarráð, sem átti að fara með verðlagsmál bændanna. Þetta ráð var stjórnskipuð nefnd, sem landbrh. einn valdi, án þess að bændur landsins hefðu þar nokkurn tillögurétt, og það átti svo að skammta bændunum. Þessu ráði var harðlega mótmælt af stéttarsamtökum bænda og Búnaðarfélaginu, en þrátt fyrir það fékkst engin leiðrétting þessara mála. Og hvernig tókst svo framkvæmdin hjá þessu búnaðarráði á verðlagsmálum landbúnaðarins? Hv. 1. þm. Rang. gat um eftirgjöfina 1944 og að flokkarnir hefðu staðið að henni, Sjálfstfl. og Framsfl. En í sambandi við þá eftirgjöf er rétt að minna á það, að hún var gerð með ákveðnum skilyrðum, og það var vegna þeirra skilyrða, sem var horfið að þessu ráði, en ekki af öðrum ástæðum. En hvernig framkvæmdi svo búnaðarráðið þetta? Það lét 9.4% af verði á vörum bænda falla niður án nokkurra skilyrða og án þess að nokkuð kæmi á móti. Þetta var ekki leiðrétt, fyrr en Framsfl. kom aftur í ríkisstj. og framleiðsluráðið tók við þessum málum. Þetta var að halda niðri verði bændastéttarinnar, og það var hið stjórnskipaða búnaðarráð, sem gerði það.

Annað mál er frá þessum tímum, sem vakti þá miklar deilur og mikið umtal. Það var búnaðarmálasjóðurinn, sem bændur landsins stofnuðu til þess að fá fé handa félagssamtökum sínum. Það mál var fyrst flutt hér inn í hv. Alþingi að till. Búnaðarfélags Íslands af þáverandi hv. þm. Mýr., Bjarna heitnum Ásgeirssyni, hv. 2. þm. Skagf. og hv. þm. Borgf.

Eftir að frv. hafði farið í gegnum báðar deildir og var komið hér aftur í hv. Nd., tókst ríkisstj. að koma fleyg inn í það, þar sem gert var ráð fyrir, að landbrh. yrði að samþykkja ráðstöfun á fé sjóðsins. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að hér var eingöngu um að ræða fé bændanna sjálfra. Það var tekið ½% af því verði, er þeir áttu að fá fyrir vörur sínar, og alveg laust við alla aðra aðila. Þess vegna gat það ekki komið til mála, að nokkrir aðrir en bændur landsins sjálfir hefðu ráðstöfunarrétt yfir þessu fé. En ríkisstj. Sjálfstfl. sá ekki, að það ætti að virða þennan rétt. Hún gat gert þessa árás á bændastéttina, til þess að það væri ekki hægt að efla félagssamtök þeirra. Leiðréttíng á þessu máli fékkst ekki heldur fyrr en Framsfl. var búinn að taka við landbúnaðarmálunum á nýjan leik. Og svo hrifinn var hv. 1. þm. Rang. af þessu ákvæði, sem svipti bændur landsins ráðstöfunarrétti á sínu eigin fé, að hann greiddi atkvæði gegn málinu, þegar var þó búið að semja um það á milli flokkanna.

Hver var svo tilgangurinn með þessum tveim lögum, um búnaðarráð og búnaðarmálasjóð, af hendi Sjálfstfl.? Hann var sá að koma í veg fyrir, að bændasamtökin í landinu, sem voru að myndast, gætu myndazt, að bændur stæðu saman í einu stéttarfélagi og réðu sínum málum sjálfir. Þess vegna þurfti að sjá um, að þeir hvorki hefðu umráðarétt yfir verðlagningu á búvörum sínum né hefðu fjármuni til þess að starfrækja sín félagssamtök.

Fleira mætti minna á um afrek Sjálfstfl., þegar hann fór með landbúnaðarmálin, því að það gleymdist nú flest af því, sem átti að framkvæma. Frv. um áburðarverksmiðjuna var lagt í skúffuna, og framkvæmdir í raforkumálum urðu engar á þessum tíma. Og ég vil í sambandi við raforkumálin geta þess nú, af því að ég tók það ekki fram áðan, að það var einmitt á Alþingi 1942, sem Framsfl. flutti þáltill. um að skipa mþn. í því máli, og það var nefndin, sem samdi raforkulögin.

Ég hef hér að framan drepið á helztu þætti í afskiptum Sjálfstfl. og Framsfl. um málefni bændastéttarinnar. Ég er óhræddur við að leggja þessa málavexti undir dóm kjósendanna í landinu, undir dóm bændastéttarinnar. Ég hef hér farið með staðreyndir einar, sem sýna, hvernig hefur verið á málum haldið og hverjir það hafa verið, sem hafa haft forustuna í íslenzkum landbúnaði á síðari árum.

Hv. 1. þm. Rang. getur, ef það hentar innræti hans, haldið því fram, að maður, sem hefur lifað á landbúnaði frá því að hann fæddist, að einu ári undanteknu, hafi aldrei komið þar nærri. Hann getur líka haldið því fram, að flokkur, sem hefur haft forustu um öll landbúnaðarmál hér á landi um þrjá tugi ára, hafi alltaf verið utangátta, þegar þau mál hafi verið ráðin, sem landbúnaðinum hafi verið fyrir beztu. En hann á ekki að leggja það, hvorki á sjálfan sig né þá menn, sem á hann hlusta, að tala um rök eða staðreyndir í sambandi við þetta.

Hv. 1. þm. Rang. sagði orðrétt hér í ræðu sinni á fimmtudaginn, með leyfi hæstv. forseta:

„Það verður að finna önnur ráð til þess að koma hæstv. ríkisstj. frá völdum en þau ein, að hún fái hvergi lán.“

Þessi játning mun sennilega vera fram komin vegna stefnuyfirlýsingar þeirra sjálfstæðismanna um, að þeir standi að öllum góðum málum ríkisstj. Þetta mun vera framlag þeirra til framkvæmdanna í landinu, bæði til sjávar og sveita.

Enda þótt mikið hafi verið gert í framkvæmdamálum sveitanna á síðari árum, er þó margt ógert. En það verður hlutverk annarra en sjálfstæðismanna að leysa þau verkefni, og þau munu verða leyst, þótt þeir leggi sig alla fram um það, að ríkisstj. fái hvergi fjármagn til þess.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég hafði ætlað að svara hér að nokkru þeim 5. þm. Reykv. og 1. þm. Rang., en öðrum hefur nú verið svarað að nokkru og hinum til fulls. Og þar sem þeir eru ekki hér viðstaddir, en eftir því hef ég beðið, sé ég ekki ástæðu til þess að hrekja það, sem þeir sögðu hér, eða svara því.

En út af ummælum, sem féllu hér í hv. d. frá hv. 2. þm. Skagf., þykir mér rétt að lesa hér yfirlýsingu, sem ég gerði ráð fyrir á þeim fundi, þegar hann flutti sína ræðu, að flytja hér síðar. Það eru ummæli í ræðu minni, þar sem hv. þm. taldi rangt með farið, sem gáfu tilefni til þess, að ég fékk þessa yfirlýsingu. Það má vitanlega segja, að þetta orðalag, sem ég hafði, sé ekki nákvæmt, og það má með lagni toga út úr því það, sem hv. þm. sagði, þó að hann vissi að sjálfsögðu, við hvað var átt. Það stendur hér í ræðu minni, að það hafi þurft að ná í framleiðsluráð landbúnaðarins, — en í framleiðsluráði er stjórn stéttarsamtaka bænda, — og það náðist í hvern einasta mann nema einn bónda austur á landi. Vitanlega er þetta nefnt þarna, að stjórn stéttarsamtakanna sé í framleiðsluráði, til þess að það liggi ljóst fyrir, og setningin vísar þannig til stéttarsamtakanna, en ekki framleiðsluráðs, og er náttúrlega alveg vafalaust, að þingmaðurinn veit, við hvað var átt. En sleppum því. Aðalatriðið er það, hvort ríkisstj. hefur leitað til bændasamtakanna á þann hátt, sem formaður þeirra telur sig ánægðan með, því að það er fyrst og fremst hans verk að sjálfsögðu að vera milligöngumaður milli ríkisstj. og bændasamtakanna. Ég skal nú lesa bréf, sem mér hefur borizt frá honum, dags. 2. þ. m. Og það er nú svo skylt skeggið hökunni, að hann er form. stéttarsamtaka bænda og hann er form. framleiðsluráðs, og ég býst við, að gæti svo farið, að hv. 2. þm. Skagf. tæki þessa yfirlýsingu alls ekki gilda, ef hann sæi það, að í bréfhausnum er nefnt Framleiðsluráð landbúnaðarins. Sverrir Gíslason er form. í hvoru tveggja. Yfirlýsingin er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Forsætisráðherra hefur óskað yfirlýsingar frá mér um það, hver samráð hafi verið höfð við bændasamtökin varðandi festingu kaupgjalds og verðlags á s. l. hausti.

Í þessu sambandi vil ég taka fram, að á stjórnarfundi Stéttarsambands bænda þann 21. ágúst s. l. samþykkti stjórnin að tilnefna mig til að vera fulltrúi í nefnd til að athuga efnahagsmál þjóðarinnar, en bréf þess efnis, að Stéttarsambandið tilnefndi mann af sinni hálfu í nefndina,

hafði borizt frá forsætisráðherra nokkru áður. Framkvæmdastjóri hafði þá haft samband við stjórnarmenn um, að ég tæki sæti í nefndinni, en formlega var ekki gengið frá þessu atriði fyrr en á nefndum fundi þann 21. ágúst.

Daginn eftir tilkynnti forsætisráðherra mér, að komið hefði til orða að festa kaupgjald og verðlag miðað við vísitölu 178, og óskaði eftir áliti Stéttarsambandsins á þeirri ráðstöfun. Var fundum stjórnar Stéttarsambandsins þá nýlokið og stjórnarmenn farnir heim, nema Jón Sigurðsson alþm. á Reynistað. Ræddi ég þá strax málið við hann, skýrði honum frá málavöxtum, og taldi hann, að við gætum ekki staðið gegn tilraun til þess að stöðva verðbólguna í landinu. Enn fremur hafði ég samband við Bjarna Bjarnason skólastjóra, Laugarvatni, og Einar Ólafsson, Lækjarhvammi, er báðir voru á sömu skoðun og Jón Sigurðsson." — Eins og ég sagði áðan, er bréfritarinn, Sverrir Gíslason, form. bæði framleiðsluráðs og stéttarsamtakanna. — „Þá hafði ég samband við séra Sveinbjörn Högnason, sem að vísu er ekki í stjórn Stéttarsambandsins, en er í framleiðsluráði og form. stjórnar Mjólkursamsölunnar. Var hann á sama máli. Pál Metúsalemsson á Refsstað, sem er í stjórn Stéttarsambandsins, tókst mér ekki að hafa samband við, þar sem hann var á ferð heim til sín." — Og það er hann, sem auðvitað er átt við í þeim orðum, sem ég lét falla í minni ræðu. — „Höfðu þá fjórir af fimm úr stjórn Stéttarsambandsins lýst sig fylgjandi þessari tilraun og fimm af níu framleiðsluráðsmönnum, þ. e. a. s. allir, sem náðst hafði til.

Ég hef litið svo á, að slík mál sem þetta heyrðu fyrst og fremst undir Stéttarsamband bænda og stjórn þess. Á aðalfundi Stéttarsambandsins, sem haldinn var á Blönduósi 10. og 11. sept. s. l., kom engin gagnrýni fram á verðfestingarlögunum nema frá einum fulltrúa, en gagnrýni hans fékk engan hljómgrunn meðal fundarmanna.

Reykjavík, 2/11 1956,
Sverrir Gíslason."

Ég þarf svo ekki að hafa þessi orð fleiri. Bréfið er svo ljóst, að það þarf engra skýringa við.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, PP, SkG, SvbH, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, EirÞ, EmJ, GíslG, GÍG, GJóh, GÞG, HÁ, HS, HV, KGuðj, LJós, EOl.

15 þm. (MJ, ÓB, ÓTh, PO, RH, SÁ, StgrSt, BBen, BÓ, EystJ, IngJ, JóhH, JPálm, JS, KJJ) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 12, n. 90).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þessu var vísað til fjhn., og var rætt þar um málið á tveim fundum. N. hefur gefið út álit á þskj. 90. Þar eru birtar athugasemdir um frv. frá einstökum nm., og kemur þar fram, að skoðanir þeirra eru dálítið mismunandi um málið. Þó má segja, að allt falli í einn farveg að lokum, því að nm. eru allir sammála um að leggja til við hv. þd., að hún samþ. frv. eins og það liggur fyrir.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég ætla ekki neitt að fara að andmæla þessu frv., því að ég viðurkenni, að það er spor í rétta átt, sem hefði þurft að taka fyrir löngu. Það má segja um það: Betra er seint en aldrei. En það er eitt atriði, sem ég vildi hér gjarnan spyrja um og fá upplýst. Því miður er enginn hæstv. ráðh. hér við, en form. og frsm. hv. fjhn. kann að geta upplýst um það.

Fyrir okkur, sem erum meðmæltir þessu frv. og ætlum að samþ. það, finnst mér dálítið erfitt að samþ. 1. gr. frv. óbreytta eins og hún er, því að samkvæmt henni eiga þessi lög að falla úr gildi að mánuði liðnum. Ég vildi þess vegna gjarnan vita um það, hvort hv. n. sæi ekki ástæðu til þess, áður en þetta frv. fer hér út úr d., að afnema þessa tímatakmörkun og gera þessi lög þannig úr garði, að þau giltu áfram. Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um málið. En það veit ég, að allir hv. þm. sjá og skilja, að þessi lög koma að tiltölulega litlu haldi, ef þau eiga að ganga úr gildi að mánuði liðnum.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Eins og fram kom hjá frsm. n., hv. þm. V-Húnv., hefur fjhn. þrátt fyrir nokkurn skoðanamun orðið sammála um þá niðurstöðu, að rétt sé eftir atvikum að mæla með þessu frv. óbreyttu.

Þetta mál var ýtarlega rætt við 1. umr. málsins, og því er að mínu áliti ekki ástæða til þess að eyða öllu meiri tíma hv. þd. í umræður um það, ekki sízt með tilliti til þess, að fram hefur komið, að allir virðast vera sammála um þá niðurstöðu, að þetta frv. beri að samþ. En ástæðan til þess, að ég stóð hér upp, er sú, að ég vildi aðeins á það benda í sambandi við athugasemd frá meiri hl. fjhn., að ég get ekki á það sjónarmið fallizt, sem þar kemur fram, að ákvæði 4. gr. laga nr. 35 frá 1950, um verðlag, verðlagseftirlit o. s. frv., hafi gert það óhjákvæmilegt að setja lög um verðfestingu.

Í 4. gr. áðurnefndra laga eru að vísu ákvæði um það, svo sem vitnað er til hér í nál., að allar verðlagsákvarðanir, eins og það er orðað, skuli miða við þörf þeirra fyrirtækja, er hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur. Að áliti meiri hl. fjhn. gerðu þessi ákvæði nauðsynlegt, að sett væru sérstök lög um verðfestinguna. Nú er það þannig, að þörf fyrirtækja er svo teygjanlegt hugtak, að ég fæ ekki séð, að ákvæði um það, að verðlagsákvæðin skuli miðast við hana, hindri í rauninni hvaða aðgerðir sem er af hálfu stjórnarvaldanna. Enn fremur má á það benda, að það eru stjórnarvöldin, sem meta þörf fyrirtækjanna hverju sinni, og þess vegna ekkert hægara en að segja sem svo: Þið hafið ekki þörf fyrir meiri álagningu en þetta. — Í rauninni er ekkert því til fyrirstöðu, að þrátt fyrir þetta ákvæði væru fyrirtæki, a. m. k. um skemmri tíma,

skylduð til þess að dreifa vörum, jafnvel þó að slíkt hefði töp í för með sér, þannig að ákvæðin um verðfestingu eru að mínu áliti að því leyti óþörf, að slíkt hefði mátt framkvæma í skjóli heimildar í gildandi lögum.

Að öðru leyti lítum við sjálfstæðismenn yfirleitt þannig á, að enda þótt við teljum meðferð málsins að ýmsu leyti gallaða, þá er þó hér um viðleitni að ræða til þess að hamla um sinn gegn verðbólgunni, og teljum því rétt að styðja staðfestingu brbl. frá því í ágúst í sumar.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Hv. 9. landsk. þm., meðnm. minn, gerði hér að umtalsefni það, sem hann hefur reyndar haldið fram áður, að það hefði verið óþarft af hæstv. ríkisstj. að gefa út brbl. um bann við verðhækkunum, vegna þess að það hefði verið mögulegt að banna verðhækkanir samkvæmt eldri lögum. En nm. í fjhn., sumir aðrir, hafa ekki sömu skoðun á þessu, og ég lít svo á, að þetta muni vera á misskilningi byggt hjá hv. 9. landsk.

Í verðlagslögunum frá 1950 er ákvæði um það í einni grein þeirra, að allar verðlagsákvarðanir skuli miða við þörf þeirra fyrirtækja, er hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur. Þetta getur naumast þýtt annað en það, að slík fyrirtæki eigi rétt á því að fá greiddan kostnað sinn í vöruverðinu. Við lítum svo á, að vegna þessa lagaákvæðis m. a. sé ekki hægt að skylda fyrirtæki til þess að selja vörur með tapi, ef það eru fyrirtæki, sem hafa ekki óeðlilegan kostnað við sinn rekstur, og þess vegna teljum við, að það hafi ekki verið hægt að banna allar verðhækkanir um nokkurra mánaða skeið án þess að setja um það ný lagafyrirmæli. En það er kunnugt, að það hefur komið fyrir á þessum tíma, sem liðinn er, síðan brbl. voru gefin út, að einstök fyrirtæki hafa vegna verðhækkunarbannsins orðið að selja vissar vörutegundir með tapi. Um þetta eru athugasemdir frá báðum nefndarhlutum í nál., og sé ég ekki ástæðu til að hafa um það fleiri orð.

Út af því, sem hv. þm. A-Húnv. sagði, vil ég aðeins geta þess, að engin till. kom um það í fjhn., þegar málið var þar, að breyta því tímatakmarki, sem þar er sett í 1. gr. frv., enda dreg ég mjög í efa, að um það hefði orðið samkomulag í nefndinni, þó að slíku hefði verið hreyft.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 3. umr.

Ingólfur Jónsson: *Herra forseti. Ég hafði búizt við því, að við þessa 3. og síðustu umr. hér í d. væri einhver hæstv. ráðh. viðstaddur og gerði hv. d. grein fyrir því, hvað við á að taka, þegar áramót koma og lög þessi falla úr gildi. En það er enginn hæstv. ráðh. hér í deildinni, og það er ekki að sjá, að þessi hv. d. eigi að fá að heyra neitt um það, hvað við á að taka, þegar gálgafresturinn er útrunninn.*

Eins og hv. þingmenn vita, þá er gert ráð fyrir festingu verðlags og kaupgjalds til n. k. áramóta, en hvað þá á að taka við, hefur ekki enn heyrzt í þessari hv. d. eða í hv. Alþingi. En fyrir kosningarnar á s. l. vori og á s. l. sumri, um það leyti sem hæstv. ríkisstj. var mynduð, var talað um, að gera ætti varanlegar ráðstafanir í efnahagsmálum þjóðarinnar. Við heyrðum oft talað um að gera varanlegar ráðstafanir. Nú væri eðlilegt, að þessi hv. d. fengi upplýsingar um, hvort hæstv. ríkisstj. hefði villzt af þeirri leið, sem hún ætlaði að fara, um það leyti sem hún var mynduð, og væri hætt við að gera varanlegar ráðstafanir, eða hvort hæstv. ríkisstj. ætlaði að sætta sig við það, sem með lítilsvirðingu var kallað fyrir kosningar bráðabirgðaráðstafanir íhaldsins.

Það er ekki langt síðan einn hæstv. ráðh. gerði efnahagsmálin að umræðuefni, og hann talaði um, að það væru aðeins þrjár leiðir, sem unnt væri að fara: Í fyrsta lagi gengislækkun. Í öðru lagi aukinn bátalisti. Í þriðja lagi auknar niðurgreiðslur. Engin af þessum leiðum er varanleg leið eða varanleg lausn á efnahagsmálunum. Það er þess vegna að sjá sem þessi hæstv. ráðh. eða ríkisstj. í heild, vegna þess að það má ætla, að þessi hæstv. ráðh. hafi talað fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, sé nú fallin frá því að gera hinar varanlegu ráðstafanir, sem stjórnarflokkarnir allir lofuðu fyrir kosningarnar að skyldu gerðar og hæstv. ríkisstj. lofaði einnig að gerðar skyldu, um það leyti sem hún settist að völdum.

Það hefur verið talað um þessar þrjár leiðir. Og þeim, sem hafa fylgzt með því, sem gerzt hefur síðustu mánuðina, sýnist, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki nálgazt það mark að koma atvinnuvegunum á réttan kjöl og styrkjalausan grundvöll. Við höfum séð það í blöðunum og hlustað á það í útvarpinu oft, að hæstv. ríkisstj. hefur fallizt á að greiða ýmsum atvinnuvegum hækkaða styrki úr framleiðslusjóði. En tilkynningunum hefur ávallt fylgt: Það hefur ekki enn verið séð fyrir tekjum vegna þessara auknu útgjalda.

Hæstv. ríkisstj. hefur samþykkt að hækka fiskverðið til togaranna um 15 aura á kg, en það mun láta nærri, að það sé sem svarar 2500 kr. á dag, eða þá að styrkur til togara hafi verið hækkaður um 50% frá því, sem samið var um í janúarmánuði s. l. að gilda skyldi þetta ár út. Og það hefur verið ávísað á framleiðslusjóð. Hæstv. ríkisstj. hefur samið um það að hækka styrkinn vegna karfa um 5 aura á kg, og það hefur einnig fylgt þar, að það hafi ekki verið séð fyrir auknum tekjum. Og hæstv. ríkisstj. hefur einnig samið um það að hækka styrk til síldveiða í Faxaflóa, en sama aths. fylgt, að það hafi ekki enn verið séð fyrir auknum tekjum. Og vegna þess, að hæstv. ríkisstj. hefur nú undanfarið stöðugt verið að gefa út ávísanir á innstæðu í framleiðslusjóði, sem ekki er til, þá vantar framleiðslusjóð núna 38 millj. kr. til þess að geta staðið við skuldbindingar sínar. Það kann nú kannske ekki að þykja mikið, en einhvers staðar verður að taka þetta fé.

Þá hefur verið talað um, að við næstu áramót þurfi 100—120 millj. nýtt fé til útgerðarinnar, til þess að hún geti gengið á næsta ári. Á að taka þessar milljónir með niðurgreiðslu? Á að taka

þær með auknum bátalista? Á að taka þær með gengislækkun? Eða ætlar hæstv. ríkisstj. að fara fjórðu leiðina, hina varanlegu leið, til að leysa efnahagsmálin, sem áður hefur verið talað um? Eða hefur hæstv. ríkisstj. týnt þeirri leið? Eða hafði hún aldrei áður þekkt þessa leið og aðeins sagt, að hún væri fyrir hendi og greiðfær, til þess að blekkja fólk?

Ég held nú, að ef hæstv. ríkisstj. væri á beinni braut og þættist vera á greiðum vegi til lausnar efnahagsmálunum, þá væri einhver hæstv. ráðh. hér í þessari hv. d. og segði gjarnan frá því, hvað væri að gerast.

En til viðbótar þessu munu fjárlögin hækka um 100 millj. kr. frá gildandi fjárlögum. Og þá eru það ekki nema 250 milljónir, sem hæstv. ríkisstj. ætlar að innheimta í auknu fjármagni frá því, sem gilti árið sem leið. Og af því að nú er svo stutt til skuldadaganna, þá væri eðlilegt, að ríkisstj. léti eitthvað frá sér heyra og léti okkur þm. heyra um, hvað á spýtunni hangir, hvað fram undan er. Mér fyndist eðlilegt, áður en þetta frv. fer úr d., að það kæmi eitthvert hljóð frá ríkisstj. um þetta. Mér þætti eðlilegt, úr því að hæstv. ráðherrar eru svo uppteknir í dag að geta ekki verið á þessum fundi, að hæstv. forseti frestaði þessari 3. og síðustu umr. til morguns, svo að hæstv. ráðherrar hefðu tækifæri til þess að gera fyrir þessu þýðingarmikla máli.

Forseti (EOl): Út af því, sem hv. 1. þm. Rang. minntist á, vil ég aðeins minna á, að þetta eru bráðabirgðalög, og mér skilst, að hæstv. ríkisstj. muni kjósa í sambandi við önnur lög, sem hún muni leggja hér fram, að láta sínar skoðanir í ljós um framtíðarráðstafanir.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 23. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 127).

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Eins og alkunnugt er, er meginefni þessa frv., sem flutt er til staðfestingar á brbl. frá 28. ágúst s. l., það, að fjóra síðustu mánuði þessa árs, þ. e. a. s. frá 1. sept. til 31. des., skuli almennar verðhækkanir á öllum vörum og þjónustu frá því, sem var 15. ágúst s. l., bannaðar. Í annan stað, að verðlagsuppbót á kaupgjald og laun skuli á sama tímabili bundin við kaupgjaldsvísitöluna 168, að viðbættum tíu stigum, og verð á landbúnaðarafurðum ákveðið í samræmi við það. Enn er svo ákveðið, að ríkissjóður greiði hækkun þá á verði landbúnaðarafurða, sem leiðir af nýjum verðlagsgrundvelli haustið 1956, þannig að smásöluverð þeirra haldist óbreytt frá því, sem var 1. ágúst 1956, á sama hátt og verð annarra vara og þjónustu helzt óbreytt frá 15. þess mánaðar.

Í lögunum er þó svo ákveðið, að innflutningsskrifstofan geti veitt undanþágu frá verðhækkunarbanni, ef hún telur verðhækkun algerlega óhjákvæmilega, enda sé slík undanþága samþ. af ríkisstjórninni.

Megintilgangur þessa frv. er vitanlega sá að freista þess um takmarkaðan tíma að stöðva vöxt dýrtíðarinnar með tiltölulega einfaldri lagasetningu, þar sem aðeins er tekið tillit til fárra þátta efnahagskerfisins, í þeim tilgangi, að tóm gefist til víðtækari lagasetningar um svipuð efni.

Þegar brbl. þau, sem samhljóða eru því frv., sem hér liggur fyrir, voru sett, stóðu málin þannig, að fyrir dyrum voru miklar hækkanir á landbúnaðarvörum, rafmagnsverði, olíu og mörgum fleiri vörutegundum, sem mjög snerta afkomu almennings og rekstur höfuðatvinnuveganna. Einnig lá fyrir, að kaup mundi almennt hækka að nokkru vegna verðbreytinga, sem þegar höfðu átt sér stað, og að nokkru vegna fyrirsjáanlegra verðhækkana. Af þessum ástæðum taldi ríkisstj. og verkalýðssamtökin og bændasamtökin í landinu þessa bráðabirgðalausn, festingu verðlagsins og vísitölunnar í nokkra mánuði, nauðsynlega.

Þeir, sem helzt hafa haldið uppi gagnrýni á brbl., segja að vísu, að ekki verði dæmt um nauðsyn þessara aðgerða, fyrr en sjái fyrir endann á þeim úrræðum, sem núverandi hæstv. ríkisstj. væntanlega leggur fyrir nú að nokkrum dögum liðnum eða nú fyrir áramótin. En það er mín skoðun, að hvort sem þær ráðstafanir kunna að svara björtustu vonum manna eða ekki, sem ég skal engu um spá, þá geti þessi brbl. aldrei falið í sér neina meinsemd fyrir efnahagslífið, heldur hljóti þau undir öllum kringumstæðum að verða fremur til hagsbóta en hitt, hvað sem framtíðin ber í skauti.

Nokkurri gagnrýni að öðru leyti hefur verið haldið uppi á brbl., og koma allir helztu þættir þeirrar gagnrýni fram í nál., sem liggur hér fyrir á þskj. 127, þ. e. a. s. þar, sem minni hl. fjhn. gerir grein fyrir afstöðu sinni. Á þessu þskj. kemur fram, að minni hlutinn telur, að málsmeðferð af hálfu ríkisstj. hafi verið mjög gölluð; í öðru lagi, að gengið hafi verið á frjálsan samningsrétt launþegasamtakanna; í þriðja lagi, að megintilgangurinn með lögunum sé, að launþegar fái lægra kaup en þeim ber; og í fjórða lagi, að ákvörðunin um verðbindinguna sé óþörf.

Ég tel eftir atvikum rétt að taka til ofur lítillar athugunar þessa fjóra meginþætti gagnrýninnar, sem kemur fram á frv., jafnvel þó að hún endist minni hlutanum ekki til andstöðu við málið í heild. Og það er þá fyrst um málsmeðferðina.

Í höfuðatriðum var hún á þá lund, að ríkisstj. lagði fyrir verðgæzlustjóra að safna verðskýrslum um land allt seinni hlutann í ágústmánuði. Þegar það hafði verið gert, var síðan ákveðið, að verðfestingin skyldi miðuð við 15. ágúst. Með þessum hætti var komið í veg fyrir, að nokkur

vitneskja gæti á þeim tíma, sem lögin voru miðuð við, verið komin út á meðal manna, og kaupsýslumenn og aðrir, sem hefðu getað notað slíka vitneskju til misnotkunar með því að hækka vöruverð eða annað hliðstætt, gátu ekki haft neina möguleika til þess vegna þessarar meðferðar málsins. Þegar þessum nauðsynlega undirbúningi var lokið, var leitað samráðs við verkalýðsfélögin á þann hátt, að formenn flestra eða allra stærstu félaganna, sem unnt var að ná sambandi við, formenn fjórðungssambanda Alþýðusambands Íslands, fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík, stjórnir ýmissa verkalýðsfélaga, bæði hér í höfuðborginni og annars staðar, og miðstjórn Alþýðusambands Íslands — allir þessir aðilar voru til kvaddir og spurðir álits um það, hvort þeir vildu fallast á þessa tilraun til stöðvunar á dýrtíðinni með þeim hætti, sem hér hefur verið gert. Á svipaðan hátt var leitað til forustumanna bændasamtakanna. Og svörin hjá öllum þessum aðilum voru mjög á einn veg. Allir eða að minnsta kosti langflestir töldu þessa leið bæði sjálfsagða og vel færa, eins og á stóð.

Þá kem ég að þeirri skoðun hv. minni hl., að með þessari lagasetningu sé um að ræða, eins og það er orðað, með leyfi hæstv. forseta, „gagngera og örlagaríka breytingu frá núverandi skipan þessara mála, sem grundvallast á frjálsum samningsrétti launþegasamtakanna um kaup og kjör meðlima sinna," eins og segir í nál. Þetta verður tæplega skilið á annan veg en þann, að frv. gangi á frelsi alþýðusamtakanna til þess að semja sjálf um kaup og kjör meðlima sinna. En þetta er vitanlega fjarri sanni. Brbl. eru í eðli sínu samningur um einn þátt launanna yfir ákveðinn tíma.

Eins og ég hef áður sagt, var leitað samþykkis forustumanna allra verkalýðsfélaga, sem eru það stór og öflug, að þau geti raunverulega haft áhrif á launakjör í landinu, og raunar miklu fleiri, eða eins margra og aðstæður frekast leyfðu og eðli málsins. Þessir forustumenn voru allir það örugglr um skoðanir skjólstæðinga sinna í verkalýðsfélögunum, að þeir töldu sér fært að fullyrða um hinn almenna vilja til þess, að slík bráðabirgðalöggjöf yrði sett. Sé því við einhverja að sakast um, að ekki hafi verið haft nægjanlegt samráð við verkalýðssamtökin, hittir það ekki ríkisstjórnina fyrir, heldur þá tugi af forustumönnum í verkalýðsfélögunum, sem tóku um þetta ákvörðun, voru það öruggir um vilja fólksins í verkalýðsfélögunum, að þeir tóku á sig þá ábyrgð og hikuðu ekki við að taka hana, sem því fylgdi að svara þeim fsp., sem fyrir þá voru lagðar.

Nú dettur mér ekki í hug að halda því fram, að það sé yfirleitt æskileg aðferð eða regla, að kjörnir forustumenn í verkalýðssamtökunum taki einir ákvarðanir í stórmálum, sem varða hagsmuni heilla stétta. Síður en svo. Þar ber að sjálfsögðu öllum sami réttur að ákveða, hvað gera skuli. En í þessu máli kom tvennt til, sem gerði slíka aðferð sjálfsagða. Í fyrsta lagi, að það lá fyrir, að um fjölda ára hefur það verið einróma álit verkalýðshreyfingarinnar, að happasælasta leiðin í hagsmunabaráttunni væri sú að stemma stigu við dýrtíðinni, og þessi löggjöf féll algerlega saman við þá skoðun, og um hana þurfti ekki að fara í neinar grafgötur. Í öðru lagi lá það einnig fyrir, að þessi löggjöf yrði annaðhvort óframkvæmanleg eða verri en engin, ef ekki yrðu teknar svo skjótar ákvarðanir sem gert var. Hér gilti því hið fornkveðna: að hika var sama og tapa. Og forustumenn verkalýðsfélaganna hikuðu ekki, sem betur fór.

Nú held ég, að það verði ekki lengur um deilt, að fyrir liggja óyggjandi sannanir fyrir því, að hér var farið að í fullu samræmi við vilja fjöldans í verkalýðsfélögunum. Mikill meiri hluti verkalýðsfélaganna í landinu hefur á liðnu hausti og liðnum vetri gert ályktanir um þessi mál, ályktanir, sem tákna ótvíræðan stuðning við stefnu ríkisstjórnarinnar og þessa löggjöf. Undantekningar eru þar svo fáar, að þær eru ekki fleiri en svo, að þær staðfesta aðeins regluna. Hvergi hefur þetta þó komið greinilegar fram en á 25. þingi Alþýðusambands Íslands, sem haldið var hér í Reykjavík seint í s. l. mánuði. Þar var gerð ályktun um þessi mál, og segir þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Lýsir þingið fullum stuðningi sínum við þá ákvörðun sambandsstjórnar, sem strax hlaut ákveðinn stuðning margra stærstu verkalýðsfélaganna, að ríkisstjórnin festi til bráðabirgða vísitölu og verðlag, svo sem gert var um mánaðamótin ágúst og september s. l. Telur þingið, að með þeirri ráðstöfun hafi ekki verið rýrður kaupmáttur vinnulauna."

Þessi samþykkt var gerð einróma á þinginu. Enginn mælti henni í gegn og enginn greiddi atkv. gegn henni, ekki heldur þeir stjórnarandstæðingar, sjálfstæðismenn, sem þingið sátu.

Ég held, að þetta ætti að taka af allan vafa um það, að verkalýðssamtökin líta ekki svo á, að hinn lagalegi réttur til frjálsra samninga hafi á nokkurn hátt verið rofinn fremur en óhjákvæmilega og ævinlega er gert, þegar tímabundnir samningar um kaup eða kjör eru gerðir. Og hér var raunverulega gerður samningur við löggjafann um takmarkaðar kaupuppbætur í skamman tíma, eða fjóra mánuði, gegn fríðindum, sem samtökin mátu jafnmikils og það, sem þau gáfu eftir, og þar er mergurinn málsins.

Alþýðusamtökin eru ekki sammála hv. stjórnarandstöðu um það, að nokkur kjaraskerðing hafi átt sér stað, og ég held, að engir ættu að vita betur um verkanir þessarar löggjafar, sem hér um ræðir, en einmitt sá hluti þjóðarinnar, sem af minnstum efnum verður að sjá sér farborða. Það er rétt, að við í verkalýðsfélögunum afsöluðum okkur 6 stiga kauphækkun, sem við áttum rétt á 1. september, í fjóra mánuði. Yfir þennan tíma mundi hún sennilega nema tæpum 500 kr., miðað við fulla vinnu með verkamannskaupi. Við afsöluðum okkur einnig væntanlegri kauphækkun 1. des., sem ég get ekki sagt með fullri vissu hvað mikil er, en varla hefur hún verið meiri en sú, sem átti að koma til greina 1. sept. Þá mundi heildarupphæðin, sem gefin er eftir, nema rúmlega 600 krónum, og það er vitanlega nokkur upphæð. En þá ber einnig að taka til athugunar, hvað í móti hefur komið.

Ef við hefðum tekið þessa hækkun, þá hefðu landbúnaðarafurðirnar hækkað um 11.8%, og nú

er neyzlan bara á einni tegund landbúnaðarvaranna, mjólkinni, það mikil, að hækkunin á henni einni hefði trúlega tekið um fjórða hluta þessarar upphæðar fyrir hverja meðalfjölskyldu. Og hækkun á kjötvörunum einmitt á þeim árstíma, sem almenn kaup á þeirri vörutegund eru mest, og einnig á öðrum tegundum landbúnaðarvara hefðu vafalaust tekið það, sem eftir var af upphæðinni, og trúlega meira. Við þessar hækkanir hefðu svo bætzt aðrar og sumar mjög miklar, t. d. um 12% hækkun á rafmagni, allmikil hækkun á olíum og eflaust ýmsum öðrum vörutegundum, sem komið hefðu til greina.

Þá er engin ástæða til að ganga fram hjá því atriði, að hópur vinnandi manna tekur kaup af aflaverðmæti, en ekki kaupi, og þeirra kjör hafa í engu lækkað við þá löggjöf, sem hér hefur verið framkvæmd, og á ég þar við hlutarsjómennina. Þessi hluti verkalýðsstéttarinnar hefur því með löggjöfinni hlotið umtalsverða launahækkun, og ég tel, að hann hafi verið vel að henni kominn.

Það er held ég á allra vitorði, að grundvöllur framfærsluvísitölunnar er þannig úr garði gerður, að hann samræmist ekki því lífsstigi og þeim kröfum til mats og gæða á neyzluvarningi, sem gerðar eru nú á tímum, enda er sá grundvöllur fyrst gerður, þegar aðstæður voru allar aðrar og óhagstæðari fyrir vinnandi fólk en nú er.

Ein afleiðing af þessu, af því, að kaupið fylgi eftir verðlaginu gegnum vísitölukerfið, verður því það, að almenn hækkun, verðhækkun á neyzluvörum flestum, gefur ekki næga hækkun á kaupgjaldi, miðað við þær sjálfsögðu kröfur, sem almenningur gerir. Hækkandi verðlag á slíkum vörum hlýtur því óhjákvæmilega að þýða í flestum eða öllum tilfellum raunverulega launalækkun, ef engar bætur eða kauphækkanir fást á móti í einhverri mynd. Þetta hafa fyrrverandi ríkisstj. í landinu vitað mjög vel, ríkisstjórnirnar, sem framkvæmdu gengisfellinguna, komu á bátagjaldeyrinum og lögðu á framleiðslusjóðsgjaldið. Þær hafa vitað þetta jafnvel og verkalýðssamtökin, og þær hafa leitazt við að lækka raunveruleg laun með því að pressa upp verðlagið. Núv. ríkisstj. hefur farið inn á aðra braut með þessari löggjöf. Hún hefur látið það verða eitt af sínum fyrstu verkum að stöðva verðhækkanirnar, og um leið hefur verkalýðsstéttin séð sér hag í því að rétta hönd sína fram til stuðnings.

Ég geri að vísu ekki, og þeir munu fleiri, sem gera ekki nein ráð fyrir því, að ríkisstj. sé almáttug í því að halda öllu verðlagi niðri. Þar koma að sjálfsögðu til ýmsir þættir, sem enn eru óviðráðanlegir. En hún hefur gefið um það skýlaus loforð, að ekkert verði gert í efnahagsmálunum án fulls samráðs við verkalýðshreyfinguna, og í því felst mikilsverð trygging. Í þessu felast einmitt stærstu breytingarnar á stjórnarstefnu frá því, sem áður var. Verkalýðssamtökin voru ekki spurð ráða 1947, ekki 1950 og ekki í ársbyrjun 1956, og af því sýpur nú öll þjóðin seyðið.

Það skiptir vitanlega engu í þessu sambandi, þótt reynt sé að hafa hausavíxl á hlutunum og segja orsökina afleiðingu og afleiðinguna orsök. Því verður ekki haggað, að kjarabarátta verkalýðssamtakanna á undanförnum árum hefur verið afleiðing af vexti dýrtíðarinnar, en ekki orsök, og ætti að vera nægilegt, í bili a. m. k., að benda á það, að síðan 1947 hefur verkalýðshreyfingin aldrei borið fram neinar kröfur um annað en að sér yrði bættur nokkur hluti af þeirri kjararýrnun, sem hún hefur orðið fyrir í gegnum verðhækkanir.

Þá kem ég aðeins að síðasta atriðinu í gagnrýni minni hlutans, og hún er um það, að verðbindingin sé óþörf, þar sem heimild hafi verið fyrir hana áður í lögum, og er þar vísað til laga nr. 30 1950, um verðlagseftirlit, verðlagsdóm o. fl.

Að sjálfsögðu kemur þetta ekki til greina viðvíkjandi landbúnaðarafurðunum, þar sem um verðlagningu þeirra er fyrir hendi sérstök löggjöf, og ég vil ekki heldur fullyrða, að við það sé átt í áliti minni hlutans. En í þeim lögum, sem minni hlutinn vísar til, eru fyrirmæli um það, að allar verðlagsákvarðanir skuli miða við þörf fyrirtækja þeirra, er hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur. Með verðhækkunarbanni þessara bráðabirgðalaga er þetta ákvæði raunverulega numið úr gildi um takmarkaðan tíma, og slíkt varð að sjálfsögðu ekki gert nema með nýrri löggjöf.

Að sjálfsögðu gera þessi lög ráð fyrir því, að það geti komið fyrir, að kaupsýslumenn og verzlunarmenn verði um takmarkaðan tíma að selja einhverjar vörur jafnvel sér í óhag, en löggjöf um slíkt er að sjálfsögðu nauðsynleg, og hefði verið algerlega óheimilt að grípa til slíkra ráða eftir eldri lögum. Ég tel því, að þessi athugasemd standist ekki gagnrýni fremur en hinar, sem ég hef lítillega gert að umtalsefni.

Eins og áður er sagt og nál. á þskj. 127 ber með sér, er fjhn. ósammála um ýmis atriði, sem snerta frv., en er hins vegar sammála um að leggja til, að það verði samþ. án breytinga.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Hv. þm. Vestm. (JJós), sem tók af hálfu Sjálfstfl. þátt í afgreiðslu þessa máls í hv. fjhn., er fjarstaddur erlendis í erindum Alþingis og ríkisstjórnar og á þess vegna þess ekki kost að mæla fyrir afstöðu sinni í hv. nefnd. Ég taldi þess vegna rétt að fara nokkrum orðum um það mál, sem hér liggur fyrir, og afstöðu Sjálfstfl. til þess.

Það er alkunna, að á undanförnum árum, allt frá því í síðustu styrjöld, hefur íslenzkt efnahagslíf mjög átt í vök að verjast fyrir sakir vaxandi dýrtíðar og verðbólgu. Hér hefur átt sér stað stöðug víxlhækkun á verðlagi og kaupgjaldi, og afleiðingarnar af því kapphlaupi hafa orðið þær, að atvinnulífið og þá fyrst og fremst útflutningsframleiðslan hefur komizt í stórfelld vandræði.

Löggjafarvaldið hefur hvað eftir annað orðið að gera víðtækar ráðstafanir til þess, að framleiðslan gæti borið sig, og orðið að fara þar ýmsar leiðir, sumar óþekktar hér heima, en aðrar troðnar af öðrum þjóðum. Af þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið á síðasta áratug í baráttunni gegn dýrtíð og verðbólgu, má nefna dýrtíðarlöggjöf þá, sem ríkisstj. Stefáns Jóh. Stefánssonar setti í árslok 1947, en sú löggjöf var m. a. í því fólgin, að kaupgjaldsvísitala var

fest og tilraun gerð til þess að stöðva vixlhækkanir kaupgjalds og verðlags. Þegar þessi löggjöf var sett, áttu þrír flokkar aðild að ríkisstj.: Alþfl., sem hafði stjórnarforustuna, Sjálfstfl. og Framsfl. Þessir flokkar voru þá allir sammála um nauðsyn þessara ráðstafana. Það voru ýmsar fleiri ráðstafanir gerðar, lagðir á nýir skattar og ýmsar beinar ráðstafanir gerðar til stuðnings framleiðslunni, sem þá var komin á heljarþröm hallarekstrar. En í stjórnarandstöðu var þá flokkur þess hv. þm., sem nú mælti fyrir því frv., sem hér liggur fyrir til umræðu. Sá flokkur snerist þá mjög hatramlega gegn þessari viðleitni þáv. ríkisstj. til þess að halda verðbólgu og dýrtíð í skefjum. Hann kallaði vísitölubindinguna þrælalöggjöf, hnefahögg í garð verkalýðsins og vísvitandi tilraun til þess að arðræna alþýðu manna. Allt þetta eru ummæli, sem eru hv. þd. í svo fersku minni, að ég sé ekki ástæðu til að rekja þau á þessu stigi málsins nánar. En auðsætt er, að flokkur þessa hv. þm. hefur þó eitthvað lært á þeim tíma, sem síðan er liðinn, þar sem hann nú hefur lagt nafn sitt við bráðabirgðalöggjöf, sem sett var á s. l. sumri, þar sem meginatriðið er skerðing kaupgjalds með festingu vísitölu, því að hvað sem um þetta frv. er sagt og um þann tilgang þess að halda niðri verðhækkunum, þá getur engum dulizt, að kjarni þess er að banna kauphækkanir í samræmi við hækkandi vísitölu, þ. e. að festa vísitöluna á nákvæmlega sama hátt og gert var í árslok 1947 og hv. samflokksmenn þessa hv. frsm. fjhn. nú kölluðu hnefahögg í garð alþýðunnar, arðrán og öðrum álíka hugnæmum nöfnum.

Önnur tilraun, sem gerð hefur verið til þess að koma íslenzku efnahagslífi á réttan kjöl og hindra vixlhækkanir kaupgjalds og verðlags, er lögin um gengisbreytingu og ýmsar viðtækar ráðstafanir í efnahagsmálunum, sem sett voru snemma árs 1950 og Sjálfstfl. hafði forustu um að undirbúa, en Framsfl. og Sjálfstfl. síðar stóðu sameinaðir að í nýrri ríkisstj., sem mynduð var á grundvelli þess frv., sem minnihlutastjórn Sjálfstfl. hafði lagt fram um þessi mál. Þar var gengi íslenzkrar krónu skráð í samræmi við raunverulegt gengi hennar til þess að styðja útflutningsframleiðsluna, og enn fremur var reynt að setja nokkrar skorður við vixlhækkunum kaupgjalds og verðlags með ákvæðum þar um.

Um þessar tilraunir, bæði 1947 og 1950, er það í stuttu máli að segja, að enda þótt þær hafi borið verulegan árangur fyrst í stað, þá fór þannig að lokum, að þær runnu út í sandinn. Ef við lítum t. d. á árangur gengisbreytingarlaganna, þá kemur í ljós, að á fyrstu fjórum árunum á eftir tókst að skapa mjög aukið jafnvægi í íslenzkum þjóðarbúskap. Greiðsluhallabúskap ríkisins var útrýmt og fjárhag þess komið á traustan og öruggan grundvöll, og tókst að halda verðlagi nokkurn veginn í skefjum, þegar undan er skilið það áfall, sem yfir reið með Kóreustyrjöldinni og almennt hækkandi verðlagi í heiminum af hennar völdum. Það var reiknað út, að ég hygg á árinu 1955, af hagfræðingum, sem Alþýðusamband Íslands og ríkisstj., sitt í hvoru lagi, fengu til þess að athuga kaupmátt launa, að s. l. tvö ár, þ. e. frá 1953 eða nánar tiltekið frá desembersamkomulaginu 1952, frá því að samkomulag var þá gert við verkalýðssamtökin, hefði kaupmáttur launa ekki rýrnað, svo að teljandi væri.

Á þessu sést ef til vill greinilegast, að áhrif gengisbreytingarlaganna höfðu orðið í rétta átt. Það hafði tekizt að skapa nokkurn veginn jafnvægi og hindra um skeið kapphlaupið milli kaupgjalds og verðlags. En í þessum efnum var síðan brotið blað í ársbyrjun 1955. Þá settu verkalýðsfélögin fram stórfelldar kröfur um hækkað kaupgjald, kröfur, sem námu þá allt að 74%, og það er rétt, að hv. þm. hafi þá staðreynd í huga, þegar þeir minnast ummæla hv. 8. landsk. hér áðan um það, að verkalýðshreyfingin hefði á undanförnum árum aldrei sett fram kröfur, sem miðuðust við annað en að vega upp á móti þeim verðhækkunum, sem orðið höfðu, og skerðingu á launum.

Í ársbyrjun 1955 voru þessar kröfur settar fram og háð stórfelld verkföll, þau lengstu og harðsvíruðustu verkföll, sem hér hafa verið háð á síðari árum. Niðurstaðan varð sú, að á árinu 1955 hækkaði kaupgjald að meðaltali á Íslandi um 22%. Þegar þessi verkföll hófust, var það vitað mál, að meginhluti útflutningsframleiðslunnar var rekinn með stórfelldu tapi. Það var þess vegna ljóst, að það var allt annað en hagsmunir launþega og verkalýðsins í landinu yfirleitt, sem hafðir voru bak við eyrað, þegar kröfurnar um hinar stórfelldu kauphækkanir voru settar fram í ársbyrjun 1955, enda var það líka játað af þeim, sem þeirri kröfugerð stýrðu, að verkföllin væru fyrst og fremst pólitísks eðlis. Þau voru hafin með bréfaskriftum forseta Alþýðusambandsins til stjórnmálaflokkanna, vinstri flokkanna svokölluðu í landinu, þar sem skorað var á þá að nota nú tækifærið til myndunar ríkisstj., svokallaðrar vinstri stjórnar. Það, sem var að gerast þess vegna í ársbyrjun 1955 með verkföllunum, var ekki það, að verkalýðurinn væri að rísa upp til baráttu fyrir hagsmunum sínum. Mikill meiri hluti fólks í landinu vissi, að kauphækkun, eins og þá stóð á, eins og hallarekstri atvinnulífsins var háttað, þýddi alls ekki kjarabætur fyrir verkalýðsstéttirnar og launþega almennt. En niðurstaðan varð, eins og ég sagði áðan, sú, að kaupgjald hækkaði á árinu 1955 að meðaltali um 22%, þegar öll áhrif voru komin fram.

Eftir að það hafði gerzt, eftir þessar stórfelldu launahækkanir, eftir að þetta stórfellda kapphlaup var hafið milli kaupgjalds og verðlags og eftir að búið var að brjóta niður alla varnargarða frá gengisfellingarlöggjöfinni 1955, mátti segja, að tekið hefði verið úr öllum flóðgáttum dýrtíðarinnar. Fyrri hluta þessa árs hélt verðlag og kaupgjald áfram að hækka. Á s. l. vori, í marz-eða aprílmánuði, fluttu sjálfstæðismenn, sem þá voru enn í stjórnarforustu, till. um það innan þáv. hæstv. ríkisstj., að reynt yrði að sporna nokkuð við fæti til bráðabirgða. Þeir lögðu til, að auknar yrðu mjög niðurgreiðslur á verðlagi ýmissa nauðsynjavara. Þeir lögðu þetta fyrst og fremst til sem bráðabirgðaráðstöfun, meðan unnið væri að frambúðarráðstöfunum í þessum efnum og meðan kosningar færu fram og aukið pólitískt jafnvægi skapaðist í landinu. Samstarfs-

menn okkar í ríkisstj., hv. framsóknarmenn, snerust þá gegn þessum till. Niðurstaðan hefur svo orðið sú, að á s. l. sumri hefur kaupgjald og verðlag haldið áfram að hækka á víxl. Vísitalan hefur hækkað allverulega á árinu, og engar ráðstafanir voru gerðar til þess að hindra vöxt dýrtíðar, fyrr en núv. hæstv. ríkisstj. setti brbl. þau, sem hér liggja nú fyrir til umræðu og staðfestingar á hv. Alþingi.

Ég vil segja það, sem bent hefur verið á af okkur sjálfstæðismönnum, að það hefði orðið miklum mun hægara að ýmsu leyti að ráða við þessi mál nú, ef fylgt hefði verið till. okkar á s. l. vori, ef verðlaginu hefði verið haldið niðri og þar með kaupgjaldsvísitölunni. Sú byrði, sem launþegarnir nú hafa orðið að taka á sig með þessum bráðabirgðaráðstöfunum, hefði orðið allmiklu léttari, ef okkar till. hefði verið fylgt á s. l. vori. Um þetta tjóar nú ekki að fjölyrða, þetta tilheyrir liðnum tíma, en engu að síður er rétt, að þetta komi fram í umr. um þetta mál nú.

Eins og bent er á í grg. hv. þm. Vestm. (JJós) í nál. um frv. það, sem hér liggur fyrir, er meginefni þessa frv. tvíþætt: annars vegar almennt bann við verðhækkunum, hins vegar ákvæði um, að ekki skuli greidd hærri dýrtíðaruppbót á kaup en nemur 78% grunnlauna, og verð landbúnaðarafurða í samræmi við það.

Hv. þm. Vestm. bendir réttilega á það, að í lögum voru ákvæði, sem gerðu kleift að banna hækkun verðlags. Þetta frv. er þess vegna fyrst og fremst um skerðingu á kaupgreiðslum og skerðingu á samningsrétti verkalýðsfélaga, en ekki um bann við verðhækkunum, eins og hv. 8. landsk. vildi láta liggja að hér áðan. Hæstv. ríkisstj. hafði heimild í gildandi lögum til þess að stöðva hækkun verðlags, en hún hefur sennilega talið líta betur út gagnvart launþegum, að hún hefði í ákvæðum, þar sem kaupgjaldsgreiðslur væru skertar, einnig ákvæði um bann gegn verðhækkunum.

Það þarf ekki að endurtaka það, sem lýst hefur verið yfir af hálfu sjálfstæðismanna, bæði í grg. hv. þm. Vestm. í þessu nál. og eins í hv. Nd., að sjálfstæðismenn eru alltaf reiðubúnir til stuðnings við hvers konar skynsamlegar ráðstafanir í baráttunni gegn dýrtíð og verðbólgu. Ég gæti rakið þá sögu lengra, sem ég aðeins hef drepið á hér á undan, að á undanförnum árum hafa sjálfstæðismenn alltaf verið í fararbroddi í baráttunni gegn verðbólgunni, gegn rýrnandi verðgildi peninganna og gegn versnandi aðstöðu framleiðslunnar. Við höfum sífellt varað þjóðina við þeirri geigvænlegu hættu, sem í því felst, að atvinnuvegir hennar séu stöðugt reknir með vaxandi halla og að aðstaða þjóðarinnar til samkeppni á erlendum mörkuðum verði stöðugt verri og verri. Þess vegna hljótum við sjálfstæðismenn að styðja þá viðleitni, sem telst til baráttu gegn vaxandi verðbólgu og dýrtíð í þessu frv., og að sjálfsögðu er okkur ljúft að viðurkenna það, að í þessu frv. felst ákveðin viðleitni til þess að halda niðri verðlagi og til þess að stöðva víxlhækkun kaupgjalds og verðlags. Hitt er svo annað mál, að við höfum talið sjálfsagt og þjóðina eiga rétt á því af okkar hálfu, að bent væri á ýmiss konar yfirborðshátt í sambandi við þessa lagasetningu, og kem ég þá með nokkrum orðum að ræðu hv. frsm., hv. 8. landsk., hér áðan.

Hann byrjaði á því að tala um málsmeðferðina, og hann lagði áherzlu á það, að í raun og veru væri þessi löggjöf samningur á milli verkalýðs og bænda annars vegar og ríkisstj. hins vegar um það, að kaupgjaldi og verðlagi skyldi haldið niðri um skeið, og hv. þm. skýrði frá því, að það hefði verið haft samráð við verkalýðsfélögin og við bændasamtökin, áður en þessi löggjöf hefði verið sett.

Það er nú ef til vill að bera í bakkafullan lækinn að fara að svara þessu, svo oft er búið að gera það. En staðreyndirnar í þessu máli eru þær, að það voru engin samráð höfð við verkalýðsfélögin í heild. Það var, daginn áður en löggjöfin var sett eða í þann mund, sem var verið að prenta bráðabirgðalögin, hóað saman fundi formanna nokkurra þeirra verkalýðsfélaga hér í Rvík, sem náðist til, og þeir látnir standa frammi fyrir gerðum hlut. Til verkalýðsfélaganna úti um land var alls ekki leitað. Það, sem gerzt hefur í þessu máli um samráð við verkalýðsfélögin um setningu þessarar löggjafar, er þess vegna ekkert annað en það, að hæstv. félmrh., sem forgöngu hafði um setningu þessara brbl., sem hér liggja fyrir til staðfestingar, hefur haft samráð við örfáa menn innan verkalýðshreyfingarinnar, en ekki við verkalýðshreyfinguna í heild. Það er óþarfi að láta það standa ómótmælt hér í hv. þd., þessar stöðugu falsyfirlýsingar um það, að verkalýðssamtökin í heild hafi staðið að setningu þessarar löggjafar og það sé um einhvern samning að ræða milli þeirra og hæstv. ríkisstj. um þetta mál. Því fer víðs fjarri. Það veit hver einasti maður, sem er meðlimur í verkalýðsfélagi úti um allt land, að þetta er falsyfirlýsing og blekking. Það eru örfáir menn hér í Rvík, sem hæstv. félmrh. talaði við um þessi mál, og aðrir ekki, og slíkt verður aldrei kallað samráð við verkalýðssamtökin í landinu.

Það hefði a. m. k. ekki verið kallað samráð, ef það hefðu verið sjálfstæðismenn, sem stóðu að setningu brbl. Þá er hætt við því, að það hefði verið efnt til mótmælafunda og stráð mótmælaályktunum yfir Alþingi gegn þessum brbl., ef það hefðu verið sjálfstæðismenn, sem slík samráð hefðu haft við verkalýðsfélögin um setningu jafnþýðingarmikillar löggjafar, sem snertir jafnmjög hagsmuni fólksins og raun ber vitni.

Sama máli gegnir um bændasamtökin, og þar er falsið enn augljósara, vegna þess að það var enn hægara um vik að hafa raunverulega samráð við samtök bænda. Samtök bænda eru ekki byggð upp af hundruðum lítilla félaga úti um allt land, heldur eru það heildarsamtök eins og Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda og framleiðsluráð landbúnaðarins. Það var ákaflega auðvelt að ná stjórnum þessara samtaka saman eða jafnvel að ná saman fundi í Stéttarsambandi bænda. Ekkert slíkt var gert. Það var talað sumpart í síma og sumpart munnlega við formann Stéttarsambandsins, en við stjórn Stéttarsambandsins sem heild var ekki rætt einu orði. Við stjórn Búnaðarfélagsins sem heild var ekki rætt eitt orð heldur. Við stjórn framleiðsluráðs sem

heild ekki heldur. Hvers konar samráð voru þá höfð við stéttarsamtök bænda? Og hvers konar samningur er hægt að tala um að hafi verið gerður milli bændastéttarinnar og ríkisstjórnarinnar á grundvelli slíks samráðs? Það hefur líka komið fram frá bændum úr öllum landshlutum, að hér var ekki um neitt samráð að ræða. Og á aðalfundi Stéttarsambands bænda, sem ég hafði þá ánægju að sitja norður á Blönduósi, datt engum manni í hug að halda því fram, að það hefði verið haft samráð við Stéttarsambandið eða við önnur samtök bænda. Þvert á móti kom fram snörp gagnrýni á ríkisstjórnina fyrir vinnubrögð hennar í þessum málum, og henni var ekki einu sinni mótmælt.

Ég álít þess vegna, að hv. 8. landsk. þurfi að læra betur, hann þurfi að flytja fram gleggri rök fyrir því, sem hann var að segja hér áðan um samráð ríkisstjórnarinnar við stéttarsamtökin, ef hann ætlar að fá hv. þingdeild til þess að trúa orðum sínum.

Ég vil í þessu sambandi einnig minna á samþykkt Sjómannafélags Reykjavíkur, eins stærsta verkalýðsfélagsins hér í Reykjavík, sem kom saman til fundar nokkru eftir að þessi löggjöf hafði verið sett. Þar var samþykkt, með að ég held samhljóða atkv., till., þar sem vinnubrögð ríkisstjórnarinnar voru vítt og því lýst yfir, að ekkert samráð hefði verið haft við Sjómannafélagið, sem þó er eitt stærsta verkalýðsfélag í landinu.

Nei, það liggur fyrir sannað, þannig að ekki verður vefengt, að við stéttasamtökin, hvorki bænda né verkalýðsins almennt, hafi ekki verið höfð nokkur samráð um setningu þessarar löggjafar. Einstakir ráðherrar hafa rætt við nokkra flokksmenn sína í samtökunum, en samtökin sem heild hvergi komið nærri né verið kvödd til ráða.

Hv. 8. landsk. sagði hér áðan, að það hefði verið skoðun verkalýðssamtakanna á undanförnum árum, að happasælasta leiðin til þess að stemma stigu við dýrtíðinni væri að tryggja kaupmátt launanna, ef ég tók rétt eftir. Ég skal ekki draga í efa, að þetta hafi verið skoðun mikils meiri hluta verkalýðsins í landinu, almennings, fólksins í verkalýðsfélögunum, að áhrifamesta leiðin, að happasælasta leiðin til þess að stemma stigu við dýrtíðinni væri að tryggja kaupmátt launanna. En ég fæ ekki séð, að framkvæmdin hafi verið sú, sem hv. þm. vildi vera láta í þessu máli. Ef við lítum til baka til 1955, sem ég ræddi nokkuð um hér áðan, þá verður það ljóst, að öllum forustumönnum verkalýðssamtakanna var, eins og almenningi í landinu, þá ljóst, að það var ekki hægt að bæta kjör almennings í landinu með því að hækka kaupgjaldið þá. Útflutningsframleiðslan var rekin með stórfelldum halla, og hækkun kaupgjalds hlaut að hafa í för með sér aukinn halla framleiðslunnar og auknar álögur á almenning til þess að fá framleiðslunni nokkurn hluta af því fjármagni aftur, sem hún hafði ranglega verið krafin um. Staðreyndin er því miður sú, að verkalýðssamtökunum hefur á undanförnum árum verið beitt samvizkulaust af kommúnistum fyrir vagn dýrtíðarinnar, fyrir kapphlaup milli kaupgjalds og verðlags. Hagsmunir almennings, launþega og verkalýðs, hafa þar ekki verið hafðir í huga, heldur pólitísk nauðsyn þess flokks, sem mest áhrif hefur haft í stærstu verkalýðsfélögum landsins. Þetta er sú ömurlega staðreynd, sem ekki verður sniðgengin. Í henni á ógæfan rætur sínar, sú ógæfa, að hallarekstur framleiðslunnar hefur orðið meiri og meiri, íslenzk króna hefur orðið verðminni og verðminni og þjóðfélagið allt hefur efnahagslega séð að vissu leyti gengið úr skorðum.

Ég minnist þess líka, að hæstv. núverandi fjmrh. undirstrikaði einmitt þessa staðreynd í umræðum á Alþ., sem fram fóru á fyrri hluta þessa árs, í eldhúsumræðum. Hann tók þáverandi stjórnarandstöðu og þá fyrst og fremst kommúnista til bæna og spurði: Hvað eruð þið að deila á ríkisstj. fyrir það, að hún þarf nú að afla sér aukinna tekna til þess að standa undir bagganum af verðbólgunni, — þið, sem lögðuð grundvöllinn að því kapphlaupi milli kaupgjalds og verðlags, sem gert hefur þetta nauðsynlegt? Ég er fyllilega sammála hæstv. fjmrh. um þetta. Ég efast hins vegar um það, að hann mundi vilja standa við þessi ummæli sín í dag, þegar hann er kominn í stjórnarsamvinnu með sjálfum bölvaldinum, með kommúnistum, sem hafa leynt og ljóst unnið að því að svíkja íslenzkt efnahagslíf, grafa undan afkomugrundvelli framleiðslunnar og rýra afkomuöryggi fólksins. Ég segi: Það er mjög ánægjulegt, þegar talsmaður kommúnistaflokksins mælir þau orð, sem hv. 8. landsk. viðhafði hér áðan. Við skulum vona, að þessir háu herrar standi við þessi orð, ekki bara út þetta þing, heldur áfram, ekki bara meðan þeir eru í ríkisstj. sjálfir, því að meðan þeir voru ekki í ríkisstj. höfðu þeir allt aðra afstöðu. Annars get ég ekki látið undan fallast að benda á það, að einmitt í dag, á sama tíma sem þetta frv. kemur til 2. umr. hér í þessari hv. þingdeild, skýtur þeirri hugsun upp og er ekkert leynt í málgagni stærsta stjórnarflokksins, þ. e. a. s. kommúnistaflokksins, að svo kunni að fara, að núverandi stjórnarflokkar svíki í þessu máli eins og þeir hafi svikið í utanríkismálunum og varnarmálunum. Þjóðviljinn segir það hreinlega í morgun í lok leiðara síns: Stjórnarflokkarnir, Framsfl. og Alþfl., hafa svikið í varnarmálunum, og hver veit, nema þeir ætli sér nú að svíkja líka í dýrtíðar- og verðlagsmálunum?

Það er ekkert að furða, þó að það setji að manni nokkurn efa um, að full heilindi liggi á bak við þau fögru orð, sem frsm. kommúnista, sem mælir nú fyrir hönd meiri hl. hv. fjhn., lét sér hér um munn fara áðan. Þrátt fyrir allt, sem gerzt hefur milli Sjálfstfl. og hinna annarra lýðræðisflokka, hef ég þó meiri trú á því, að þeir mæli af fullum heilindum, þegar þeir tala um nauðsyn þess að skapa jafnvægi í íslenzku efnahagslífi og bæta úr því öngþveiti, sem af moldvörpustarfsemi kommúnista hefur á undanförnum árum leitt yfir íslenzka framleiðslu og efnahagslíf.

En af þessu tilefni, sem gefið er af málgagni stærsta stjórnarflokksins í dag, um það, að svo kunni að fara, að hinir stjórnarflokkarnir svíki í efnahagsmálunum, vildi ég nú leyfa mér að

beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., sem er eini hæstv. ráðh., sem er viðstaddur, — því að hæstv. félmrh., sem leggur þetta frv. fram, hefur aldrei sýnt hv. þingdeild þá virðingu að vera viðstaddur, þegar málið er rætt, — ég vildi leyfa mér að beina þeirri fsp. til hæstv. forsrh., hverjar þær ráðstafanir séu, sem væntanleg eru frv. um á næstu dögum. Ég vil enn fremur beina þeirri fsp. til hans, við hvaða rök þessar dylgjur málgagns stærsta stjórnarflokksins í dag styðjast. Ég álít, að hv. þd. eigi nokkurn rétt á því að fá upplýsingar um þetta frá hæstv. ríkisstj. nú. Það er vissulega alvarlegt mál, að nú þegar nokkrir dagar eru eftir af gildistíma þeirra ráðstafana, sem hér liggja fyrir til umr., skuli aðalmálgagn stærsta stjórnarflokksins láta liggja að því, að allt samkomulag kunni að vera að splundrast um lausn í þessum þýðingarmiklu málum vegna ósamkomulags og jafnvel beinna svika af hálfu ákveðinna hluta ríkisstjórnarinnar. Ég álít, að Alþ. og jafnframt þjóðin í heild eigi rétt á því að fá upplýsingar um þetta frá hæstv. ríkisstjórn, því að vitanlega verður að taka það alvarlega, þegar málgagn stærsta stjórnarflokksins setur fram slíkar staðhæfingar, að það séu yfirvofandi svik í þessum málum líka, eftir að búið sé að svíkja í öðrum stærsta málaflokki stjórnarinnar, þ. e. í varnarmálunum og utanríkismálunum.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál á þessu stigi þess. En ég vil að lokum endurtaka það, að Sjálfstfl. er reiðubúinn til þess að styðja hverjar þær ráðstafanir, sem skynsamlegar eru, til sköpunar jafnvægis í efnahagsmálum Íslendinga og til stuðnings við framleiðslu þeirra og til sköpunar aukins afkomuöryggis fyrir almenning. Í þessu frv. er einungis um bráðabirgðaráðstafanir að ræða, bráðabirgðaráðstafanir, sem að vísu í eðli sínu stefna í rétta átt. Það, sem á eftir kemur, og það, sem ég nú var að spyrja hæstv. forsrh. um, skiptir öllu máli.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. N-Ísf. endaði ræðu sína á þá leið, að Sjálfstfl. væri tilbúinn að styðja þetta frv., vegna þess að hann teldi það vera spor í þá átt að stöðva verðbólguna í landinu og að manni skildist spor í þá átt að sjá atvinnuvegunum farborða. Jafnframt eða rétt áður hafði þó þessi sami þm. þau orð um frv., að það væri eiginlega um ekkert annað en kauplækkun, og fer þá út frá því að verða skiljanlegri afstaða Sjálfstfl. Sem sagt, flokkur hans er fyrst og fremst tilbúinn að styðja þetta frv. af því, að hann telur það vera kauplækkun og eiginlega ekkert annað.

Málið horfir öðruvísi við frá mínum bæjardyrum séð. Ég tel, að verkalýðshreyfingin hafi einmitt verið með þessum lögum vegna þess, að hún skoðaði þau ekki sem kauplækkun, heldur þveröfugt sem kjarabót. Ég held, að ég hafi komið það nákvæmlega inn á það í ræðu minni, að ég sé ekki neina ástæðu til þess að færa að því frekari rök en ég gerði þá. En þessi stefna Sjálfstfl., sem kemur fram í sjálfri röksemdinni fyrir því, að flokkurinn sé nú með frv., lýsir mætavel eðli Sjálfstfl. Hann hefur aldrei — ég held, að það sé óhætt að segja — frá því að verkalýðssamtökin urðu til í þessu landi fyrir um hálfri öld eða rúmlega það, verið með því, að kaupgjald yrði hækkað. Hann hefur aldrei á þessu tímabili notað aðstöðu sína, hvorki sem stjórnarflokkur né með málflutningi sínum á öðrum vettvangi, til þess að berjast fyrir bættum kjörum. Á þessu tímabili hafa lífskjörin, hefur kaupmáttur launanna margfaldazt, sennilega ekki minna en ferfaldazt, og þjóðin hefur getað staðið undir þessu. Og það, sem hefur gert það fært, er fyrst og fremst það, að verkalýðssamtökin hafa knúið afturhaldið, íhaldið, þá, sem hafa haft auðmagnið í landinu, til þess að bæta framleiðslutækin. Afleiðingar af kröfum verkalýðsfélaganna hafa oft og tíðum verið þær, að það hefur verið reynt að gæta meiri hagsýni, „modernisera" framleiðslutækin og gera þau þannig hæfari til þess að standa undir þeim kröfum, sem fólkið óhjákvæmilega hefur gert. Á móti þessu hefur Sjálfstfl. alltaf staðið, og mér þætti reyndar bara trúlegt, að ef hann hefði alltaf ráðið, þá hefðum við ekki einu sinni þilskip til að róa á nú, hvað þá togara eða önnur fullkomin framleiðslutæki.

Hv. þm. N-Ísf. vildi vefengja, að það hefði verið stefna verkalýðshreyfingarinnar á undanförnum árum að halda kaupmættinum á þann hátt að sporna við dýrtíðinni, og benti sérstaklega á verkfallið 1955 í því sambandi.

Ég held, að þessi hv. þm., sem er greindur maður, hljóti að skilja það, að því aðeins er möguleiki fyrir verkalýðshreyfinguna að hafa bein áhrif á þennan hátt, að hún hafi áhrif á stjórnarstefnuna í landinu. Hún ætti að geta það núna, vegna þess að hún getur haft sín áhrif þar. En hún gat það ekki 1955, vegna þess að Sjálfstfl. var þá of mikils ráðandi um stjórnarstefnuna í landinu. Ég vil líka benda þessum hv. þm. á það, sem honum raunar hlýtur að vera kunnugt, að samkv. gildandi vinnulöggjöf er lagt blátt bann við því, að verkalýðsfélögin noti samtakamátt sinn, eina vopnið, sem þau hafa til þess að koma fram málum á þeim vettvangi, sem sagt verkfallsvopnið, í öðrum tilgangi en að knýja fram bætur á kaupi sínu og kjörum. Verkföll, sem háð eru í öðrum tilgangi, eru ólögleg samkv. vinnulöggjöfinni og koma því ekki til greina. Þess vegna er verkalýðssamtökunum nauðugur sá kostur, ef þau vilja fá kjör sín bætt, á hvern hátt sem er, að setja það í fyrstunni fram sem kaupkröfur. Hitt er svo aftur annað mál, að þeim er náttúrlega í sjálfsvald sett að falla frá þeim kröfum að meira eða minna leyti, ef einhver boð eru um það frá stjórnarvöldunum eða öðrum, sem ráð hafa í því efni, að koma til móts við hagsmuni þeirra á annan hátt, og til þess hafa verkalýðssamtökin alltaf verið reiðubúin, þrátt fyrir það þó að þau hafi sett fram kaupkröfur. Þessu til sönnunar er vel hægt að benda á t. d. verkfallið 1952, sem var að mestu leyti leyst einmitt með löggjafaratriðum, sem komu til móts við kröfurnar og bættu þær upp, þannig að verkalýðsfélögin gátu fallizt á að hverfa frá kauphækkunarkröfunum, sem þau voru vegna lagabókstafsins neydd til að bera fram. Þá voru þau reiðubúin til þess að falla frá þeim gegn öðrum

ívilnunum. Og þannig hefur þetta oftast nær verið, þótt hv. þm. N-Ísf. vilji hafa um það aðra skoðun.

Hann minntist á það, að 1955 hefðu verkalýðsfélögin gert kröfu um 74% kauphækkun. Ég verð nú að segja það, að þó að ég ætti nokkurn hlut að þeim kröfum, sem þá voru settar fram, rekur mig ekki minni til þess, að þetta hafi við rök að styðjast. Þvert á móti held ég, að kröfurnar hafi a. m. k. að jafnaði verið í kringum 30%, og það vita allir um kröfur, sem settar eru fram í byrjun vinnudeilna, að það dettur engum í hug, að þær nái fyllilega fram að ganga. En sá grundvöllur, sem miðað var við, sem verkalýðsfélögin höfðu til hliðsjónar, þegar þessar kröfur voru ákveðnar, var sá útreikningur, sem þau höfðu látið fara fram á breytingu kaupmáttarins frá 1947 til 1955. Og fyrir því liggja alveg óyggjandi rök hagfræðinga, að þessi kjararýrnun, sem orðin var á þessu tímabili, væri í kringum 20%, þegar ekki var tekið tillit til húsaleigunnar, sem hafði þó hækkað miklu meira á þessu tímabili en nokkur vara eða nokkuð annað, sem menn þurfa sér til framfæris. Og Sjálfstfl. er m. a. mest þakkandi fyrir þá gífurlegu hækkun. Það er því óhætt að fullyrða, að á þessu tímabili, sem þarna er rætt um, hafi launakjörin raunverulega verið búin að lækka um nokkuð mikið yfir 20%.

Nú vitnaði hv. þm. í það, að á árunum, mig minnir að hann segði 1952—53, hefðu ekki orðið miklar breytingar hvað viðkom kaupmættinum. Þetta kann nú að vera rétt, að á þessu tímabili hafi ekki verið um stórkostlega kjararýrnun að ræða, eins og kom fram í áliti Ólafs Björnssonar og Klemenzar Tryggvasonar, sem þeir gerðu um þetta, nokkrar kjararýrnanir, var ekki þá heldur tekið tillit til húsaleigunnar, sem tók einmitt gífurleg stökk upp á við á þessum árum.

Ég get skilið það, að það geti verið frambærilegt sjónarmið, séð frá bæjardyrum þessa hv. þm., að verkalýðshreyfingin hefði átt að sætta sig við það, að kjör hennar versnuðu stórkostlega einmitt á þessum tíma, og er ósköp skiljanlegt út frá því sjónarmið hans og hans flokks. Sá flokkur hefur alltaf talið, að verkalýðurinn hefði of mikið kaup og öll bölvun stafaði af því, að honum væri borgað of mikið. Það hefur verið fyrsta og síðasta, sem sá flokkur hefur talið til bjargar, að lækka kaupið, — fyrsta og síðasta úrræðið. En frá sjónarmiði verkalýðshreyfingarinnar er vitanlega allt annað. Það hafa aldrei verið minni ástæður til þess að sætta sig við kjararýrnanir en einmitt á árunum frá 1947, aldrei í sögu þjóðarinnar. Einmitt á þessu tímabili óx framleiðslan meira en dæmi voru til áður. Við eignuðumst stórkostlegri og afkastameiri tæki, bæði til þess að veiða fisk, til þess að verka fisk og yfirleitt í öllum greinum þjóðarbúskaparins. Og ég hef alltaf haldið, að það væri einmitt framleiðslan, sem gæti staðið undir kauphækkunum, að aukin framleiðsla þjóðar ætti að geta bætt lífsstigið, en ekki öfugt. Og hafi það nú verið svo, að eitthvert vit hafi verið í kaupinu, eins og það var 1947, og kaupmætti launanna þá, er það algerlega óafsakanlegt út frá öllum sjónarmiðum séð að lækka kaupið, um leið og framleiðslutækin og gjaldeyrisframleiðslan jókst meira en nokkru sinni áður.

Hv. þm. gerði tilraun til þess að bera saman vísitölubindingu 1947 og þessa löggjöf, sem nú hefur verið sett. Ég benti á það í framsöguræðu minni, hvernig verkalýðssamtökunum hefði verið boðið, hvernig hefði verið komið til móts við þau frá hendi bæði bændasamtakanna og ríkisstjórnarinnar og hvernig verkalýðssamtökin hefðu metið það sem hagsbót fyrir sig að ganga að þessu. Það var ekkert slíkt gert, þegar vísitölubindingin var gerð í tíð stjórnar Stefáns Jóhanns — ekki neitt, og vegna þess er það ekki sambærilegt á nokkurn hátt. Og ég verð að segja það, að mér finnst þurfa mikil brjóstheilindi til, þegar fulltrúi Sjálfstfl. stendur hér upp og óskapast yfir því, að það hafi ekki verið haft samráð við verkalýðsfélögin um þetta mál. Ég veit ekki til þess, að þegar hann hefur verið í stjórnaraðstöðu, hafi hann nokkurn tíma gert minnstu tilraun til þess að hafa samráð við verkalýðssamtökin. Hann hefur aldrei spurt þau um neitt. Hann hefur vissulega talið sér fært að taka allar sínar ákvarðanir án þess að kveðja verkalýðssamtökin eða forustumenn þeirra til og spyrja þá ráða.

Í framhaldi af þessu fullyrðir þm., að hér sé farið með falsyfirlýsingar og staðlausa stafi, þegar því er haldið fram, að það hafi verið haft samráð við verkalýðsfélögin, það hafi bókstaflega ekkert samráð verið haft, það hafi engir menn utan Reykjavíkur verið að spurðir, aðeins örfáir flokksmenn hafi verið til kvaddir hér, kallaðir saman klíkufundir flokksmanna.

Ég vil bara sýna fram á það með litlu dæmi, hvernig þessi hv. þm. veður reyk í þessu. Ég veit það t. d. í mínu stéttarfélagi, Verkamannafélagi Akureyrarkaupstaðar, og verkalýðsfélögunum á Akureyri, að þau héldu sameiginlegan fund vegna þessa máls, allar stjórnir félaganna og fulltrúaráðið, — með stærri fundum, sem þar eru haldnir, um 60—70 manns, — og þar var samþykkt einum rómi að lýsa yfir stuðningi við þessar aðgerðir. Ég held, að það hafi verið tvö atkv. á móti samkomulaginu á þessum fundi.

Í því héraði, þar sem hv. þm. ætti að vera kunnugastur, á Vestfjörðum, var mér sagt af kunnugum mönnum núna á Alþýðusambandsþinginu, að fyrst hefði verið rætt um þetta við forseta sambandsins, Björgvin Sighvatsson, hann hefði síðan eftir tiltækilegum leiðum talað við formenn allra verkalýðsfélaganna í fjórðungnum. Ég hef fulla ástæðu til þess að ætla, að þetta sé algerlega rétt, og það kemur a. m. k. heim við það, sem annars staðar hefur gerzt, þar sem ég veit vel um, að ekki er um neitt fals að ræða varðandi þetta.

Aðrir eru kunnugri því, hvernig Stéttarsamband bænda og bændastéttin hefur verið spurð ráða um þetta. En mig minnir, og það er mikið misminni hjá mér, ef í sambandi við umr. í Nd. kom ekki fram yfirlýsing frá formanni Stéttarsambandsins, þar sem því var lýst, að meiri hluti stjórnar Stéttarsambandsins a. m. k. — og ég held framleiðsluráðsins líka — hafi verið að spurður og hafi sagt sitt álit.

Ég verð að sjálfsögðu að biðja hv. þm. N-Ísf. að afsaka það, að ég er ekki enn farinn að lesa leiðara Þjóðviljans frá því í dag, svo að ég get ekki gert að umtalsefni þau svikabrigzl, sem hann telur að þar séu í garð samstarfsflokka Alþýðubandalagsins í ríkisstj. En ég þykist vita, að þm. sé ekki svo gleyminn, að hann sé svo langminnugur, að hann minnist kannske eitthvað sambúðarinnar á stjórnarheimilinu, þegar hans flokkur var í ríkisstj. Mig a. m. k. rekur glögglega minni til þess, að þá hafi Sjálfstfl. verið með dagleg, að ég held, a. m. k. vikuleg svikabrigzl á hendur samstarfsflokki sínum, svo að ég held, að vegna þessa leiðara þurfi hann a. m. k. að svo komnu máli ekki að hafa neinar áhyggjur.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til þess að tala hér langt mál, og tilefnið er ekki svo stórvægilegt, að ég tek til máls, að ég þurfi að eyða mörgum orðum að því að svara.

Það er í fyrsta lagi, að ekki hafi verið leitað til stéttanna. Það er svo margrætt, að ég held, að þess gerist ekki þörf að ræða það atriði nánar og hrekja oftar en gert hefur verið þá staðhæfingu, að ekki hafi verið leitað til stéttanna. Það var gert rækilega af forseta Alþýðusambands Íslands m. a. og færðar fram sannanir fyrir því, að leitað var til verkamannasamtakanna á þann fullkomnasta hátt, sem hægt var að koma við á stuttum tíma. Ef hefði átt að halda fund í hverju félagi á landinu, hefði það sennilega tekið lengri tíma en svo, að þessi brbl. hefðu nokkurn tíma verið sett. Annars þarf ég engu að bæta við um þetta atriði. Hv. 8. landsk. hefur gert því skil.

Að því er snertir, að ekki hafi verið leitað til bændasamtakanna, gegnir þar sama máli. Það hefur oft verið rætt, og fyrir liggja alveg greinilegar yfirlýsingar frá formanni Stéttarsambands bænda um, að það var gert. Vitanlega leitar stjórnin til trúnaðarmanna samtakanna, og þeir ráða síðan í meginatriðum, hvenær þeir telja sig hafa fengið nægilegar upplýsingar um vilja stéttarinnar, og gera það á þann hátt, sem þeir telja fullnægjandi. Það er upplýst mál, að það var leitað til allra í stjórn Stéttarsambands bænda nema eins manns, sem ekki náðist til, vegna þess að hann var á ferðalagi, og það er jafnframt upplýst af form. stéttarsamtakanna, að það var leitað til meiri hluta framleiðsluráðs. En það er náttúrlega fyrst og fremst stjórn stéttarsamtakanna, sem er aðili í þessu máli. Að það hafi komið fram vítur á ríkisstj. á fundi Stéttarsambandsins núna s. l. haust, á fundi, sem var haldinn á Blönduósi, er rangt, eins og er tekið greinilega fram í yfirlýsingunni, sem ég fékk frá formanni Stéttarsambands bænda, vegna þess að þessum brigzlum var stöðugt haldið á lofti í Nd. Segir í yfirlýsingunni, að það hafi komið fram ein rödd eins manns á fundinum um óánægju út af þessari löggjöf og hennar gætti svo lítið, að það tók enginn undir það. Þetta stendur í yfirlýsingunni frá form. Stéttarsambands bænda.

Svo eru það áhyggjur hv. þm. N-Ísf. út af því, að stjórnin sé nú alveg að klofna. Ég skil náttúrlega mætavel, að hann hafi áhyggjur af því og sérstaklega skrifum þeirra blaða, sem að ríkisstj. standa. En einnig þar þarf litlu við að bæta það, sem hv. 8. landsk. sagði hér. Það má minna jafnfróðan mann og hv. þm. N-Ísf. á það, að í sambræðslustjórnum er ekki alltaf samkomulag og það af þeirri einföldu ástæðu, að að samsteypustjórnum standa flokkar með mismunandi skoðanir. Það er áreiðanlega svo greinilega í minni allra, að ekki þarf að fara um það mörgum orðum, að í landinu eru uppi þrjár skoðanir í varnarmálunum. Sumir vilja, að því er virðist, alltaf hafa her eða a. m. k. þótt hættan sé sáralítil. Aðrir vilja hér engan her, hvað mikil sem hættan er. Þetta er hvort tveggja staðreynd. Og þriðja skoðunin er sú, að það eigi að nota hvert tækifæri til þess að losna við herinn, ef birtir til, en hér eigi samt eftir þeim samningum, sem við höfum gert, og samkv. eðli málsins að vera her, þegar er yfirvofandi mikil hætta. Í samræmi við þessa stefnu var gefin út yfirlýsing frá utanrrn. um stefnuna í varnarmálunum, og hún var send öllum blöðum innanlands og mörgum blöðum erlendis, og hún var einmitt mörkuð svona, eins og ég gat um áðan, og í samræmi við það, sem við höfðum lýst yfir fyrir kosningar. Það liggja víst fyrir í þessum leiðara, sem ég hef ekki lesið náið, því að ég hafði öðrum hnöppum að hneppa í dag, en hv. þm. segir, að þarna séu brigzl um svik. Þegar hv. þm. N-Ísf. lítur yfir þessar þrjár stefnur, sem hinir mismunandi flokkar hafa, hlýtur hann að geta dæmt um það sjálfur, hvort um svik er að ræða, því að dæmið er svo einfalt. Og þó að það væri margbrotnara, mundi hann áreiðanlega geta greitt fram úr því. En þessi orð gefa ekki tilefni til lengri ræðu af minni hendi, að öðru leyti en því, að ég vil minna á það, að þegar var samsteypustjórn, sem Sjálfstfl. og Framsfl. stóðu að, þá gerðust þau tíðindi, sem ekki eru óeðlileg, vegna þess að flokkarnir höfðu mismunandi skoðanir, að orð féllu í blöðum, ekki einu sinni, heldur tugum sinnum, um svik á stefnum og framkvæmd. Að hve miklu leyti þetta er eðlilegt, skal ég ekkert dæma um, en nærtækasta dæmið er það, sem ég hef minnt á áður, að í framkvæmd varnarmálanna taldi flokksþing Framsfl. utanrrh., sem var sjálfstæðismaður, eins og þingdeildin man, hafa brugðizt þannig, að það var lýst yfir vantrausti á ráðherrann, og okkur var brigzlað um það í þrjú eða fjögur næstu ár, svo að segja daglega, í blöðum Sjálfstfl., að við sætum þrátt fyrir þetta í ríkisstj., og var talið okkur til mikils vansa. Þannig gekk það í þeirri samsteypustjórn, ekki einu sinni, heldur oft, svo að ég hélt nú satt að segja, að hv. þm., sem er blaðamaður jafnframt, þyrfti ekki að kippa sér upp við þetta eftir þeirri venju, sem verið hefur á vinnubrögðum, þó að ég sé ekki að mæla með þeim.

Hann spurði enn fremur: Hverjar ráðstafanir verða gerðar núna á næstunni? Ég vænti þess, að hv. þm. geri sér það ljóst, að til þess að gera grein fyrir þeim ráðstöfunum, sem væntanlega verða gerðar núna á næstunni, eins og hæstv. fjmrh. lýsti yfir hér í þessari hv. þd., þyrfti hvorki meira né minna en að hafa framsögu um frv., sem ekki liggur enn þá fyrir. Ég vænti þess,

að hann geri sér ljóst við nánari athugun, að inn á þær brautir get ég ekki farið í vinnubrögðum hér á Alþingi. Það kemur svo í ljós, þegar það frv. liggur fyrir, hvort það er í samræmi við þær yfirlýsingar, sem flokkarnir hafa gefið fyrir kosningar, og verður að bíða síns tíma að dæma um það.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér mikið í þessar umr., en ég var eins og hv. þm. N-Ísf. staddur á Blönduósi á stéttarsambandsfundi bænda. Og ég heyrði það — mikið rétt — að Ólafur bóndi í Brautarholti talaði nokkuð ákveðið á móti þessum lögum, en var sá eini, fékk engar undirtektir hjá neinum öðrum. Það er því alrangt að segja, að lögin hafi fengið þar linlegar undirtektir o. s. frv., eins og hann sagði, hv. þm. N-Ísf. Það komu fram hjá Ólafi einum óánægjuraddir yfir lögunum og engum öðrum. Enginn tók undir með honum.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég vil til að byrja með leyfa mér að svara hæstv. forsrh. Hann taldi mjög rangt með farið nú sem fyrr hjá okkur sjálfstæðismönnum, er við lýstum því yfir, að hæstv. ríkisstj. hefði ekki leitað álits heildarsamtaka bænda og raunar verkalýðsins um bráðabirgðalögin á s. l. sumri. Ég skal ekki fara að karpa við hæstv. forsrh. um þetta, en svo vel vill til, að í hv. Nd. á sæti einn maður úr stjórn Stéttarsambands bænda, sem gaf yfirlýsingu um þetta undir umræðunum um þetta mál þar. Enda þótt ég hafi fylgzt með þessum málum allsæmilega, þá er ég þess þó fullviss, að sá hv. þm., sem er Jón Sigurðsson á Reynistað, viti enn betur um þetta en ég. Ég vil þess vegna leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp hér í hv. þd. ummæli hv. 2. þm. Skagf., Jóns Sigurðssonar á Reynistað, um þá yfirlýsingu hæstv. forsrh., að leitað hefði verið til stéttarsamtaka bænda um álit á þessum bráðabirgðalögum, sem hér liggja fyrir. Hv. 2. þm. Skagf. komst að orði á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Hæstv. forsrh. lýsti því yfir hvað eftir annað, að framleiðsluráð landbúnaðarins hefði samþykkt setningu brbl. um verðlag og kaupgjald, sem hér eru til umr. Þessi staðhæfing hæstv. forsrh. kom mér mjög á óvart, jafnvel þó að ráðh. virtist allæstur, er hann flutti ræðu sína, og yfirvega lítt orð sín. Í framleiðsluráði eiga sæti 9 menn. Sem einn af þeim staðhæfi ég, að framleiðsluráð hefur alls ekki fjallað um þetta frv., hygg jafnvel, að ríkisstj. hafi aldrei snúið sér til framleiðsluráðs með þetta mál.“ „Hafi aldrei snúið sér til framleiðsluráðs með þetta mál,“ segir hv. 2. þm. Skagf. Og hann heldur áfram: „Aftur á móti er mér kunnugt um, að ríkisstj. leitaði fyrir sér um undirtektir hjá stjórn Stéttarsambands bænda undir þetta mál. Í stjórn Stéttarsambands bænda eiga sæti 5 menn, sem jafnframt eiga sæti í áðurgreindri 9 manna stjórn framleiðsluráðs. Þegar fsp. kom frá ríkisstj. um afstöðu stjórnar Stéttarsambandsins til þeirra ráðstafana, er frv. fjallar um, var fundur alveg nýafstaðinn og meiri hl. fundarmanna farinn heimleiðis. Þrátt fyrir það þá náðist í fjóra af fimm stjórnarnefndarmönnum í síma eða til einkaviðtals. Þessir fjórir, sem til náðist, munu allir hafa tjáð, að þeir væru a. m. k. ekki mótfallnir þessum ráðstöfunum, en tveir þeirra lýstu því jafnframt yfir, að hér væri um stjórnarráðstöfun að ræða, sem stjórnin yrði sjálf vitanlega að bera ábyrgð á.

Þannig er saga þessa máls rétt sögð. Allar fullyrðingar hæstv. forsrh. um, að framleiðsluráð hafi samþykkt setningu brbl., eru því rangar, því að þau hafa aldrei verið undir það borin, og sömuleiðis sú staðhæfing ráðh., að þessi brbl. hafi verið sett fyrir atbeina framleiðsluráðs og Stéttarsambands bænda, eins og hann lét orð liggja að í útvarpsræðu sinni í sumar, er hann fylgdi brbl. úr hlaði.“

Þetta voru ummæli hv. 2. þm. Skagf., er hann lét falla í Nd. fyrir nokkrum vikum að gefnu tilefni frá hæstv. forsrh. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta, en ég vænti, að hæstv. forsrh. virði mér það til vorkunnar, þó að ég taki það ekki sem einhver óvefengjanleg sannindi, þegar hv. 8. landsk. þm. heldur því fram hér í hv. þd. við framsögu um þetta mál, að gerður hafi verið raunverulegur samningur milli stéttarsamtaka bænda og verkalýðssamtakanna, að þær ráðstafanir skyldu gerðar, sem í þessum brbl. felast.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar. Staðreyndirnar tala sínu máli. Þarna hefur talað, í þessum umr., sem ég hef lesið hér upp, maður úr framleiðsluráði og maður úr stjórn Stéttarsambands bænda. Hann segir: Málið var aldrei borið undir framleiðsluráð. Það var leitað álits manna úr stjórn Stéttarsambands bænda í einkasamtölum og í síma, og það var nýafstaðinn fundur. Áhuginn var nú ekki meiri hjá hæstv. ríkisstj. fyrir því að bera þetta undir Stéttarsamband bænda, að það var ekki gáð að því, að það væru möguleikar á því að koma saman fundi, til þess að stéttarsambandsstjórnin gæti gefið álit sitt á málinu, heldur var leitað til mannanna eftir á í síma og í einkasamtölum.

Ég hef þess vegna ekki farið með neitt rangt í þessu máli og hafði heldur enga hneigð til þess. Ég álít, að þessi hæstv. ríkisstj. eins og aðrar hæstv. ríkisstj. eigi rétt á því, að rétt sé hermt um þeirra aðgerðir og þeirra stjórnarráðstafanir.

Ég skil það nú raunar vel, að hæstv. forsrh. treysti sér ekki til þess að fara að segja frá því í einstökum atriðum, hverjar ráðstafanir stjórnarinnar munu verða í efnahagsmálunum. En ég vil segja honum það, að því aðeins nefndi ég þetta, beindi þessari fsp. til hans í sambandi við þetta mál nú, að ég fæ ekki betur séð en að ástæða sé til nokkurs uggs eftir þeim skrifum, sem ég gat um í fyrri ræðu minni, að unnið sé að þessu máli. (Gripið fram í.) Ja, það liggur nú við, eftir að vera búinn að lýsa því yfir, að hæstv. ríkisstj. sé á réttri leið með því frv., sem hér liggur fyrir, og eftir að hæstv. stjórn er búin að lýsa því yfir, að hún sé að vinna dag og nótt að þessu á sömu leið, að það setji að manni skelfingu, eins og ástandið er í þjóðfélaginu og jafnstutt og er eftir af því tímabili, sem þessar ráðstafanir ná til, þessar algeru bráðabirgðaráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. veit sjálf að eru

bráðabirgðaráðstafanir og ekkert nema bráðabirgðaráðstafanir, sem engan vanda leysa nema í nokkra mánuði. En því — hæstv. ráðh. greip fram í fyrir mér — en því var ég nú að hrella hann með þessari fsp., að það setti að mér nokkurn ugg við að sjá það, sem stendur í aðalmálgagni stærsta stuðningsflokks stjórnarinnar. Ég vildi leyfa mér að lesa það, með leyfi hæstv. forseta. Það er sagt á þessa leið í forustugrein Þjóðviljans í morgun:

„Það stoðar lítið að semja fagrar stefnuyfirlýsingar og birta loforðaskrá, ef allt annað birtist þjóðinni í verki, þegar á reynir. Það er góð regla að láta verkin tala, og framburður þeirra hefur ekki verið ánægjulegur síðustu vikurnar. Þetta er dagvaxandi áhyggjuefni vinstri manna um land allt, en þeir gera sér þá jafnframt vonir um, að öðruvísi verði tekið til hendi á næstunni, þegar úrræðin í efnahagsmálunum verða birt. Alþýðuflokkur og Framsóknarflokkur halda væntanlega betur tryggð við loforð sín í innanlandsmálum en fyrirheit sín um brottför hersins. Að öðrum kosti er ljóst, að forustumenn þessara flokka hafa einvörðungu litið á vinstri stjórn sem vörumerki til að fela hægristefnu.“ — Það er þá orðið hlutskipti hæstv. forsrh. að vera orðinn vörumerki til að „fela hægristefnu.“

Ég verð nú að segja það, að ég öfunda hæstv. forsrh. ekkert af þessum ummælum úr aðalstuðningsblaði stjórnarinnar. En það, sem þó er alvarlegast í þessu, og ég endurtek það, er, að fullt útlit er fyrir samkv. þessum ummælum, að aðalmálgagn stærsta flokks stjórnarinnar reikni ekki hálft í hvoru, heldur mjög sterklega með því, að Framsfl. og Alþfl. bregðist í dýrtíðarmálunum eða a. m. k. eigi ekki samleið með Alþýðubandalaginu blessuðu, sem þó átti þann ráðh., sem beitti sér fyrir þeirri löggjöf, sem hér liggur fyrir til umræðu.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta, en ég taldi rétt, að þetta kæmi fram.

Því miður getur hæstv. forsrh. ekki upplýst mig nánar um efni þeirra till., sem eru í deiglunni, en ég vona þrátt fyrir þetta, sem hér stendur, að þessar till. frá hæstv. ríkisstj. líti nú dagsins ljós og að staðið verði við það loforð, sem hún hefur gefið, að rekstur bátaflotans verði tryggður á næstu vertíð og að atvinnulífið og efnahagslífið í heild mæti þeim skilningi og þeim stuðningi, sem vissulega er nauðsynlegur nú af hálfu hæstv. ríkisstj.

Ég skal ekki fara að rökræða lengi við vin minn, hv. 8. landsk. þm. Hann mælti hér vel og snjallt, eins og hans var von og vísa, en ekki að sama skapi af sanngirni sem af áhuga fyrir því að túlka málstað síns flokks. Hann sagði, að Sjálfstfl. hefði aldrei barizt fyrir bættum kjörum almennings og hann hefði barizt gegn bættum framleiðslutækjum. Ja, hvernig stendur á því, að tímakaupið á Íslandi og lífskjör almennings eru nú margfalt betri og allur aðbúnaður á tímum togaraaldarinnar og mótorbátaaldarinnar og á öld iðnaðar og fjölbreyttra atvinnuhátta heldur en meðan við stunduðum einungis landbúnað og höfðum smá-árabáta eða litlar seglduggur til þess að róa á fram fyrir landsteinana? Hver er ástæðan fyrir þeirri gífurlegu breytingu lífskjaranna til hins betra, sem orðið hefur á þessu tímabili? Ætli ástæðan sé eingöngu sú, að það hafi verið til félög manna til þess að berjast fyrir hækkuðu kaupgjaldi? Ég held ekki. Ég held, að barátta fyrir hækkuðu kaupgjaldi sé einungis ein hlið á kjarabaráttu almennings, launþeganna, að vísu mjög þýðingarmikil hlið. En veigamesta atriðið í þessu máli er auðvitað það, að framleiðslutækin hafa breytzt, orðið stórvirkari og fullkomnari. Grundvöllurinn að bættum lífskjörum Íslendinga hefur fyrst og fremst verið lagður með þeim gífurlegu og hröðu framförum í atvinnumálum, sem orðið hafa, stækkun skipanna, aukinni tækni til lands og sjávar. Og ég spyr: Eiga ekki þeir menn, sem einna ríkastan þátt hafa átt í því, að Íslendingar hafa tekið tæknina í sína þjónustu, bætt framleiðslutæki sín til lands og sjávar, — eiga ekki þeir menn, sem hafa haft forustu um þetta, einna mestan þátt í því, að hægt er að borga hátt kaupgjald og njóta góðra lífskjara á Íslandi í dag? Hvernig getur svo hv. 8. landsk. þm., greindur og glöggur maður, haldið annarri eins vitleysu fram og þeirri, að Sjálfstfl. hafi aldrei barizt fyrir bættum kjörum almenningi til handa?

Þetta er hlutur, sem er svo margræddur, að það er óþarfi að vera að þreyta hv. þd. á umr. um það. (**BJ**: Getur þm. bent á eitt dæmi þess, að hann hafi staðið með verkalýðsfélagi, þegar það hefur átt í kaupdeilu?) Að sjálfsögðu skal ég benda hv. 8. landsk. þm. á það, að Sjálfstfl. hefur ekki staðið með einu verkalýðsfélagi, heldur öllum verkalýðsfélögum landsins og öllum verkalýð landsins í baráttu hans fyrir bættum lífskjörum, og þá fyrst og fremst með því að fá fólkinu úti í sjávarþorpunum, í hinum stærri kaupstöðum, hér í Rvík og úti um allt land, bætt tæki til þess að bjarga sér með, auka afraksturinn af starfi sínu og fá hærra kaup, því að það þýðir ekki neitt að berja í borðið og krefjast hækkaðs kaupgjalds, ef við höfum engin tæki til þess að skapa arð með. Það er barnaskapur og fávizka ein að halda, að hægt sé að halda uppi góðum lífskjörum og bæta lífskjör sín með því einu að berja í borðið og krefjast hækkaðs kaupgjalds, ef þjóðin stendur í verklegum efnum í stað eða jafnvel fer aftur. Þetta er svo almenn staðreynd, að það ætti ekki að þurfa að ræða það á hv. Alþingi. Ég segi þess vegna: Sjálfstfl. hefur átt allra flokka mestan þátt í því að stuðla að því, að fólk á Íslandi nýtur nú betri lífskjara og jafnari en í flestum nálægum löndum og ef til vill betri og jafnari en í nokkru öðru landi. Og ég segi: Þetta er gleðileg staðreynd. Ég vanmet alls ekki þýðingu kaupgjaldsbaráttunnar. En kaupgjaldsbaráttan einangruð, án þess að taka tillit til þess, hvaða tæki þjóðin hefur til þess að bjarga sér með, og án þess að taka tillit til þess, hvernig þau tæki verði rekin, er út í bláinn. Það er sú höfuðsynd, sem kommúnistarnir hafa gert sig seka um, að þeir hafa aldrei viljað hlusta á aðvörunarraddir manna, sem vel hafa viljað, gegn því að hleypa framleiðslutækjunum út í fen hallarekstrar og skapa þar með hættu á atvinnuleysi. Þetta hafa kommúnistarnir aldrei viljað og meira að segja margir hverjir vitandi vits, vegna þess að þeir hafa ekki

viljað láta það kapítalistíska þjóðfélag halda áfram að þroskast og þróast. Þeir hafa viljað láta það sökkva í eymd og volæði til þess að geta svo sjálfir reist sitt nýja einræðisskipulag á rústum þess. Þetta er kjarni málsins.

Ég vil líka benda hv. þm. á það, þó að það komi ekki beinlínis þessu máli við, og ég verð að biðja hæstv. forseta hreinlega afsökunar á því, hversu langt er gengið hér frá efni málsins, að hann sagði, að kaupmáttur launa hefði lækkað um 20% á árunum 1947—55 og að á þessum tíma hefði Sjálfstfl. einn öllu ráðið. Ég vil nú benda hv. þm. á það, að á þessu tímabili er Alþfl. í stjórnarforustu á árunum 1947—49, Framsfl. í stjórnarforustu á árunum 1950—53, Sjálfstfl. aðeins í stjórnarforustu 1953—55, miðað við þann útreikning, sem við vorum að ræða um. En við skulum svo athuga útreikninginn nánar. Við skulum segja, að þetta sé rétt hjá honum um 20% rýrnun kaupmáttarins á þessum átta árum frá 1947—55. En hvað gerist á tveim síðustu árunum, frá því í desemberverkföllunum 1952 til 1955, þegar sjálfstæðismenn eru í stjórnarforustu? Hvað gerist þá? Þá gerist það samkv. áliti hagfræðinga Alþýðusambandsins, sem reiknuðu þetta út árið 1955, á s. l. ári, og hagfræðinga ríkisstjórnarinnar einnig, að kaupmáttur launanna breytist svo að segja ekki neitt, — nákvæmlega á því tímabili, sem sjálfstæðismenn voru í stjórnarforustu. Hefur hv. 8. landsk. þm. athugað þetta, að nákvæmlega á því tímabili, sem sjálfstæðismenn voru í stjórnarforustu, minnkar kaupmáttur launanna ekki, en hann hraðminnkar á hinu tímabilinu, þegar Alþýðuflokksmenn og framsóknarmenn eru í stjórnarforustu? Nú er ég ekki að segja þetta til þess að ásaka þá hv. flokka eða þeirra leiðtoga. Það er lengra mál en að það taki því að fara að rifja það upp hér, hverjar ástæður þess eru. En ég bara bendi hv. 8. landsk. þm. á það, hvaða vitleysu og fleipur hann er að fara með, þegar hann er að segja, að Sjálfstfl. beri fyrst og fremst ábyrgð á þessu. Nú situr hann sjálfur í ríkisstj. og hans flokkur með þessum hv. flokkum, sem létu þessa kaupmáttarrýrnun launanna eiga sér stað á árunum 1947—52.

Hv. 8. landsk. þm. sagði, að ég hefði farið með rangt mál, þegar ég talaði um, að gerðar hefðu verið kröfur um 74% launahækkun í verkföllunum eða aðdraganda þeirra í janúar 1955. Í þessu sambandi vil ég segja það, að ég átti auðvitað ekki við, að meðaltalskröfurnar hefðu verið þessar. Ég átti við, að það hefðu verið gerðar kröfur allt að þessu, að 74%, og ég hygg, að réttara hafi þó verið 79% hjá einstökum félögum hér í Reykjavík. En það fer auðvitað víðs fjarri, að meðaltalskröfurnar hafi verið svo háar. Ég vil aðeins taka þetta fram, þannig að það fari ekkert á milli mála, við hvað ég átti í þessu sambandi.

Að lokum vil ég segja það út af því, sem hv. 1. þm. N-M. sagði, að enda þótt stjórn Stéttarsambands bænda eða hæstv. ríkisstj. hafi ekki verið átalin af mörgum fyrir ráðstafanir þær, sem felast í þessu frv., og sérstaklega málsmeðferðina gagnvart bændasamtökunum, þá stendur það óhaggað, að á Stéttarsambandsfundinum á Blönduósi komu fram eindregnar ávítur á stjórn Stéttarsambandsins og á ríkisstj. fyrir málsmeðferðina. Hins vegar kom ekki fram frá neinum öðrum þakklæti til stjórnar Stéttarsambandsins eða hæstv. ríkisstjórnar fyrir þessa málsmeðferð. Það stóðu óhögguð andmæli fulltrúans úr Kjósarsýslu, Ólafs Bjarnasonar í Brautarholti. Það veit ég að hv. 1. þm. N-M. viðurkennir. (**Forsrh.**: Hverjir tóku undir það á fundinum nema hann?) Ég hef ekki haldið því fram, að aðrir hafi tekið undir það. En ég hef haldið því fram, að það hafi engir orðið til þess að andmæla hv. fulltrúa úr Kjósarsýslu. Hann átaldi stjórn Stéttarsambandsins fyrir þessi vinnubrögð og ríkisstjórnina einnig, og því var ómótmælt á Stéttarsambandsfundinum. Og mér er kunnugt um það, að meðal bænda úr öllum flokkum ríkti engin ánægja með ákvarðanir hæstv. ríkisstj. í þessum efnum. Bændur eru hins vegar allra manna reiðubúnastir til þess að sýna alltaf þegnhollustu og skilning, þegar um er að ræða baráttu við dýrtíð og verðbólgu í landinu, þannig að það var ekki gerð heldur nein hríð að hæstv. ríkisstj. á fundinum. Það gegnir alveg nákvæmlega sama máli meðal verkalýðsfélaganna, að það hefur ekki verið gerð nein hörð hríð að hæstv. ríkisstj., enda þótt það sé sannað mál, að hún hafi aðeins leitað álits nokkurra forustumanna og þá fyrst og fremst hér í Reykjavík, svo að segja eingöngu hér í Reykjavík, ef til vill á Akureyri haft samráð við félag hv. 8. landsk. þm., sem talaði hér áðan. Það ríkti óánægja út af þessu, sem bezt kom í ljós í þeirri samþykkt og mótmælum, sem samþykkt var samhljóða á fjölmennum fundi í Sjómannafélagi Reykjavíkur.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Þetta langa skraf hv. þm. N-Ísf. gefur sannarlega ekki tilefni til þess að eyða á það miklu púðri. Það liggur fyrir yfirlýsing frá formanni Stéttarsambands bænda, sem ég las upp í hv. Nd., um það, hvernig var leitað til stéttarsamtakanna. Og ég sagði hér samkv. þeirri yfirlýsingu formannsins, að það var leitað til fjögurra af fimm, allra nema eins í stjórn Stéttarsambandsins, og er beinlínis tekið fram af hv. 2. þm. Skagf., að þeir hafi allir samþykkt það, enda var fyrst til hans sjálfs leitað samkv. þeirri yfirlýsingu, sem formaðurinn gaf.

Í annan stað gekk hann fram hjá því, sem er vitanlega blekking, að í framleiðsluráði eru að vísu fjórir fulltrúar auk stjórnar Stéttarsambandsins, en eru fulltrúar meira fyrir einstök sölufélög. Hann leitaði til eins af þessum mönnum, en með því að fimm menn úr Stéttarsambandsstjórninni eru í framleiðsluráði, geri ég ráð fyrir, að hann geti lagt það saman og sjái, að 4 + 1 eru fimm — meiri hluti af níu.

Það tekur því bókstaflega ekki að vera að eyða orðum að þessu, þar sem liggur fyrir yfirlýsing frá formanninum um þetta mál, lesin upp í hv. Nd. og var birt í blöðum, og enginn mótmælti því, að hún væri rétt. (**SB**: En hvað sagði Jón á Reynistað?) Ja, Jón á Reynistað mótmælti ekki yfirlýsingu formannsins með einu orði, þegar hún kom í blöðunum, svo að það er hún, sem stendur óhögguð, enda geri ég ráð fyrir því, að það sé ofvaxið fyrir þennan hv. þm. að rengja

sannsögli Sverris Gíslasonar bónda í Hvammi. Ég geri ráð fyrir, að það sé honum ofvaxið. Það hefur enginn leyft sér að rengja þessa yfirlýsingu.

Hv. þm. hefur mikinn áhuga á því, að ekki komi fram ágreiningur milli stjórnarflokkanna, og hefur geysilegar áhyggjur af þessu. Einn af hans flokksmönnum sagði í Nd., að það yrði áreiðanlega að finna önnur ráð til að koma hæstv. ríkisstj. frá völdum en þau ein, að hún fái hvergi lán. Það skyldi þó ekki hafa verið þessi undiralda frekar en áhyggjur út af ástandinu og áhyggjur út af því, að stjórnin stæði valt, sem kom fram í þeim ummælum, sem féllu hérna hjá hv. þm.? Ég held ég láti þá, sem hlusta á mál hans og mál mitt, gera það upp við sjálfa sig, hvort frekar er. En um vörumerkið vil ég segja það, að ef okkur auðnast að koma fram þeim tillögum, sem við erum að undirbúa, og þegar öll kurl eru komin til grafar, skulum við tala um, hvort það sé íhaldsvörumerki á þeim tillögum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 138).

---

3. Bifreiðaskattur o. fl. (stjfrv.).

Á 1. fundi í Sþ., 10. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl. [4. mál] (stjfrv., A. 4).

Á 3. fundi í Ed., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til að framlengja þau ákvæði, sem í lögum eru nú um viðauka á innflutningsgjöld á bifreiðaskatti og benzíni, og leyfi ég mér að leggja til, að frv. verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 114).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Eins og menn sjá, er þetta frv. að meginefni aðeins um það að framlengja þau ákvæði, sem gilt hafa um bifreiðaskatt, eða réttara sagt um bráðabirgðabreyting á þeim lögum, og fjallar um það að innheimta aukalega 20 aura af hverjum lítra benzíns og að 5 aurar af því renni í brúasjóð og 5 aurar í sérstakan sjóð, sem varið verði til að gera akfæra þjóðvegi á milli byggðarlaga.

Svo er ákvæði um það, að bifreiðaskattur fyrir árið 1957, er kann að verða greiddur á því ári vegna eigendaskipta á bifreiðum eða af öðrum ástæðum, verði innheimtur með sömu álögum.

Ákvæðin í 3. lið 1. gr. um skatt af hjólbörðum og gúmmíslöngum eru um framlengingu.

Eins og sjá má á nál. fjhn. á þskj. 114, leggur n. einróma til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Einn af nm., hv. 4. þm. Reykv., var veikur, þegar n. afgreiddi málið, og tók því ekki þátt í afgreiðslunni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 29. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 30. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. gerir ráð fyrir að framlengja óbreytta þá gjaldaviðauka, sem greinir frá í 1. gr. frv.

Ég leyfi mér að vísa til athugasemdanna við lagafrv. og leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. d. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 140).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Frv. það, sem hér liggur fyrir, er um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 68 frá 1949, um bifreiðaskatt o. fl.

Samkv. 1. gr. frv. er til þess ætlazt, að á árinu 1957 verði innheimt viðbótarinnflutningsgjald af benzíni, er nemi 20 aurum af hverjum lítra, þar af skuli 5 aurar renna í brúasjóð og 5 aurar í sérstakan sjóð, sem varið verði til að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga. Enn fremur er ákvæði um það, að bifreiðaskattur fyrir árið 1956, er fellur í gjalddaga 1. jan. 1957, skuli innheimtur með álagi og einnig skuli innheimta innflutnings-

gjald af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar hærra en gilti í lögunum frá 1949.

Með lögum frá 29. jan. 1956 — þau eru nr. 3 — var ákveðin slík hækkun á þessum gjöldum fyrir árið 1956 og hefur því verið innheimt síðan þau lög tóku gildi. Er hér lagt til, að gjöldin verði jafnhá á næsta ári og þau hafa verið nú á þessu ári, síðan lögin nr. 3 1956 gengu í gildi.

Þá er ákveðið í 2. tölulið 1. gr. frv., að bifreiðaskattur fyrir árið 1957, sem kann að verða innheimtur á því ári vegna eigendaskipta á viðkomandi bifreiðum eða af öðrum ástæðum, skuli innheimtur með sama álagi.

Frv. þetta var lagt fram í hv. Ed. og er komið hingað þaðan. Það hefur verið til athugunar hjá fjhn., og hún mælir einróma með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 152).

---

4. Gjaldaviðauki 1957.

Á 1. fundi í Sþ., 10. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld 1957 með viðauka [5. mál] (stjfrv., A. 5).

Á 3. fundi í Ed., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Með þessu frv. er lagt til að framlengja viðauka, sem verið hafa í lögum nú um nokkurra ára skeið, á gjald af innlendum tollvörutegundum, á gjöld samkv. lögum um eftirlit með skipum, stimpilgjald og lestagjald og leyfisbréfagjöld og önnur slík gjöld og loks á vitagjald.

Ég leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 115).

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft frv. það, sem hér liggur fyrir, til athugunar. Hún hefur gengið úr skugga um, að það er orðrétt og stafrétt samhljóða lögum um sama efni, sem samþykkt voru samhljóða á síðasta þingi, að öðru en því, að nú er gildistíminn orðinn 1957 í stað 1956 áður.

Samhljóða frv. hafa nú um nokkurra ára skeið verið samþykkt árlega og yfirleitt átt lítilli andspyrnu að mæta, enda hefur þróunin öll verið í þá áttina, að ríkissjóður hefur þarfnazt sífellt aukinna tekna, og mun svo enn verða á þessu ári og því óhægt um vik að afsala nú tekjum, sem gilt hafa jafnvel um áratugi.

Rétt er að hafa í huga, að þegar þeir tekjustofnar voru löggiltir, sem hér ræðir um, voru þeir yfirleitt miðaðir við ákveðna krónutölu, en ekki hundraðshluta af verði eða verðmæti, og þótt viðaukinn nemi nú frá 100 til 720% á hina upphaflegu krónutölu, hefur raunverulega verið um að ræða verðmætisrýrnun þessara gjalda fremur en hitt og á sumum mikla, miðað við almennar verðhækkanir síðan þau upphaflega voru ákveðin. Svo er t. d. um vitagjöldin, sem um ræðir í a-lið 1. gr. frv. Þau voru síðast ákveðin að grunntölu 1946 og þá 1 kr. af hverri brúttósmálest skipa. Svipaða sögu er að segja um c-lið 1. gr. frv., sem fjallar um 200% viðauka á gjöld samkv. 9. kafla laga um eftirlit með skipum. Þau gjöld voru einnig ákveðin, krónutalan miðuð við stærð skipa og afl véla, og hafa því rýrnað að verðmæti með aukinni dýrtíð. Að lokum fjallar b-liður frv. um gjald af innlendum tollvörutegundum, og er sú upphaflega gjaldskrá ákveðin með lögum 1939, og mun vera hægt að fullyrða, að þó að álagið sé nokkuð mikið, þá er það minna en svarar til almennra verðhækkana á sama tímabili.

Í sambandi við þetta mál er rétt að minna á, að nú liggur fyrir hv. d. stjórnarfrv. um gjöld af innlendum tollvörutegundum, sem staðfesta mundi í öllum greinum það álag, sem gilt hefur fyrir þær vörutegundir, sem hér ræðir um. B-liður 1. gr. þessa frv. væri því óþarfur, ef ætla mætti, að hið nýja frv. um þetta efni næði fram að ganga nú fyrir áramót. Á því virðast þó ekki þær líkur, að rétt þyki af þeirri ástæðu að fella niður þennan lið að svo komnu, enda gerist það sjálfkrafa, þegar ný lög kynnu að verða sett um sama efni.

Eins og nál. ber með sér, leggur fjhn. einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt, en einn nm., hv. 4. þm. Reykv., var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 29. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 31. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Í frv. þessu er till. um að innheimta með viðaukum nokkur gjöld, sem undanfarið hafa verið innheimt á þann hátt. Frv. er samhljóða gildandi lögum um þetta efni. — Ég leyfi mér að vísa til athugasemdanna við lagafrumvarpið og óska eftir því, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 141).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hér er á ferð frv. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld 1957 með viðauka.
Þarna er um að ræða nákvæmlega sömu gjöld og ákveðið var að innheimta með viðauka fyrir árið 1956 með lögum nr. 91 1955 og gjöldin óbreytt að öllu leyti frá því, sem var í þeim lögum.
Fjhn. mælir með því, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 153).

---

5. Eignarskattsviðauki.

Á 23. fundi í Ed., 4. des., var útbýtt:
Frv. til l. um framlenging á eignarskattsviðauka [76. mál] (stjfrv., A. 111).

Á 24. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 1. umr.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég hafði vænzt þess, að hæstv. fjmrh. væri viðstaddur hér í d., þegar þetta frv. kæmi hér til 1. umr. og væri lagt fram af hálfu hæstv. ríkisstj. Það hefur verið háttur ríkisstjórna að mæla fyrir tekjuöflunarfrumvörpum, sem þær hafa flutt. Svo virðist þó ekki vera að þessu sinni. Hér er lagt fram frv. um framlengingu á ákvæðum laga um, að eignarskattur skuli innheimtur með 50% álagi, en hæstv. fjmrh. er þar hvergi nærri.
Fyrir nokkrum dögum var lagt hér fyrir hv. þd. frv., sem hæstv. félmrh. stóð að. Hæstv. ráðh. lét ekki svo lítið að sýna sig í hv. þingdeild, og af hálfu ríkisstj. var ekki mælt eitt orð fyrir þessu stóra máli, sem var um festingu kaupgjalds og verðlags.
Ég álít, að þessi hv. d. eigi rétt á því, ekki síður en hv. Nd., að mælt sé fyrir þeim málum af hálfu hæstv. ríkisstj., sem fyrir hana eru lögð. Og ég vil beina því til hæstv. forseta, að hann flytji hæstv. ráðh., sem hér eiga hlut að máli, þau skilaboð, að það sé talið æskilegt, að þeir mæti í hv. þd. og mæli fyrir sínum málum, þegar þau eru lögð fram.
Ég hafði hugsað mér við 1. umr. þess máls, sem ég gat hér um áðan, um festingu kaupgjalds og verðlags, að bera fram ýmsar fsp. til hæstv. ríkisstj. Þess var enginn kostur, þar sem ráðh. var víðs fjarri og enginn af hálfu ríkisstj. mælti fyrir málinu.
Ég vil í sambandi við þetta frv. aðeins segja það, að það er auðvitað gamall kunningi, ef svo mætti að orði komast. En í sambandi við það, þetta tekjuöflunarfrumvarp, væri ástæða til þess að spyrja hæstv. ríkisstj. um það nú, þegar liðið er að jólum, hvenær vænta megi úrræða hennar í efnahagsmálunum. Þau hafa verið boðuð og margboðuð og frá því skýrt, að nefndir innlendra og erlendra manna hafi setið á rökstólum með hæstv. stj. og undirbúið þessi úrræði. Ég álít þess vegna, að þm. eigi nokkurn rétt á því að vita nú, þegar tekið er að líða á jólamánuð, hvenær frumvarp eða frumvörp um þessi úrræði muni verða lögð fram.
Ég mundi einnig gjarnan vilja fá að vita eitthvað um það, áður en gengið er til samþykktar á tekjuöflunarfrumvörpum, hver úrræði hæstv. ríkisstj. eru. Og ég tel ekki óeðlilegt, að afstaða Alþ. til tekjuöflunarfrumvarpa fari nokkuð eftir því, hverra úrræða ríkisstj. hyggst grípa til gagnvart þeim vandamálum, sem nú steðja að íslenzku efnahagslífi. Það er vitað, að þær bráðabirgðaráðstafanir, sem gerðar voru með brbl. af hálfu ríkisstj. á s. l. sumri, eru bundnar við áramót, missa þá gildi sitt. Það er einnig vitað, að mjög mikill hluti framleiðslunnar stöðvast, þ. e. a. s. útgerðin hefst ekki um þessi áramót, fyrr en séð er, hverjar ráðstafanir verða gerðar henni til stuðnings. Um þetta allt saman væri æskilegt að fá upplýsingar af hálfu hæstv. ríkisstj. hér í þessari hv. þd., eins og í hv. Nd., þegar um hliðstæð mál hefur verið að ræða.
Ég vil endurtaka þá yfirlýsingu mína, að ég tel, að ástæða sé til óánægju með þessa framkomu hæstv. ríkisstj., og ég vildi ekki láta 1. umr. um þetta mál ljúka þannig, að hún yrði ekki látin í ljós.

Forseti (BSt): Ég get tekið undir það, sem hv. þm. N-Ísf. (SB) hélt fram, að æskilegast væri, að hæstv. ráðh. fylgdu sínum málum úr hlaði, hvort sem það er í Nd. eða Ed. Á hinn bóginn er um þetta frv. vitað, að það hefur verið til meðferðar nákvæmlega sams konar frv. hér ár eftir ár og hæstv. fjmrh. eða ráðherrar, senni-

lega fleiri en einn — — Það er 2. mál á dagskrá, sem var tekið fyrir, og hér hefur verið látin í ljós óánægja yfir því, að hæstv. fjmrh. var ekki viðstaddur. Ég vænti, að hann vilji nú taka til máls. Það er um framlengingu á eignarskattsviðauka.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og segir í grg. frv., hefur eignarskattur undanfarið verið innheimtur með 50% álagi. Þetta hefur verið ákveðið frá ári til árs, gilt um eitt ár í senn.

Með þessu frv. er lagt til, að þetta álag gildi fyrir árið 1957. Ég vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni umræðunni.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Af því að hv. þm. N-Ísf. hefur ekki átt sæti hér í þessari d. áður, vil ég segja honum það, að á hverju þingi í mörg ár hef ég fundið að því sama, sem hann var að finna að, og þar hafa átt í hlut allir ráðherrar jafnt, og það var engin undantekning, hvorki hjá Ólafi Thors né Bjarna Benediktssyni, sem báðir hafa setið í ráðherrastólum. Það var algengt og margalgengt, og hann getur farið í þingtíðindin og fundið ótal dæmi þess, að þeir hafa ekki látið sjá sig í d. allan tímann, sem mál þeirra hafa verið hér á dagskrá, aðallega Ólafur Thors, og Bjarni reyndar líka stundum, og átti hann þó sæti í d. Ég vildi bara minna hann á þetta, svo að hann sjái, að það er ekki bara fjmrh., sem hann var að tala um, það eru ráðh., sem hafa setið hér áður, allir saman jafnt, sem hafa sýnt d. þá lítilsvirðingu að hafa ekki framsögu á sínum málum.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Mér þykir vænt um að heyra undirtektir hæstv. forseta og hv. 1. þm. N-M. (PZ) undir þá aðfinnslu mína, að ráðherrar fylgi ekki úr hlaði þeim málum, sem þeir leggja fyrir hv. þingdeild. Hins vegar fæ ég ekki séð, að slík vanræksla af hálfu hæstv. núverandi ráðh. sé nokkuð betri fyrir það, þó að einhverjir aðrir hæstv. ráðh. hafi gerzt sekir um hana. Ég veit ekki, hvað hv. 1. þm. N-M. finnst um það. En mér finnst, að slík vanræksla sé jafnóafsakanleg, hvers flokks ráðherrar sem í hlut eiga.

Fyrst hæstv. fjmrh. er mættur hér og hefur fylgt þessu máli úr hlaði, vildi ég aðeins ítreka þá fsp. til hans, sem ég hreyfði aðeins hér, áður en hann kom inn í hv. þingd. Það er um það, hvort vænta megi frumvarps eða frumvarpa frá hæstv. ríkisstj. um úrræði hennar í efnahagsmálunum fyrir jól, áður en þinghlé verður gert, og enn fremur, hvort hæstv. ríkisstj. hyggist afgreiða fjárlög, áður en frumvörp verða lögð fram um þessi mál.

Eins og ég gat um í upphafi, þá skiptir það nokkru máli fyrir Alþ., hv. þingmenn, að fá vitneskju um þetta. Ég veit, að núverandi hæstv. ríkisstj. gerir sér það eins ljóst og aðrar hæstv. ríkisstjórnir á undanförnum árum, að ef dráttur verður á ráðstöfunum til stuðnings framleiðslunni fram yfir áramót, þá er hætt við, að það geti haft örlagarikar afleiðingar, geti tafið það, að vertíð hefjist. Það hefur gerzt stundum á undanförnum árum, og ég vil segja, að til þess væru vítin að varast þau.

Ég minnist á þetta nú hér vegna þess, að hér liggur fyrir tekjuöflunarfrv. frá hæstv. ríkisstj., og það er ekki óeðlilegt, að þm. vilji einmitt í sambandi við slík frv. fá þær upplýsingar, sem ég hér hef farið fram á að fá frá hæstv. fjmrh. og ég vænti, að hann gefi.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil fyrst taka fram að gefnu tilefni, að það hefur ekki oft komið fyrir, að ég hafi ekki fylgt úr hlaði þeim frv., sem ég hef flutt. Ég hygg, að ég hafi komið 7 mínútum of seint á þingfund þennan, og skil ekki í, að það þurfi að verða mikið írafár út af því, en mér skilst, að málið hafi verið tekið fyrir einmitt á þeim mínútum. Ég álít, að það sé sjálfsagður siður að fylgja frv. úr hlaði, enda hef ég yfirleitt gert það. Það hefur þurft að vera mikið um að vera einhvers staðar annars staðar, þar sem ég hef þurft að vera, ef ég hef ekki haft þann hátt á.

Varðandi fsp. hv. þm. N-Ísf. vil ég aðeins taka það fram, að ríkisstj. vinnur nú á hverjum degi, allar stundir, sem hún getur til þess notað, að undirbúningi frumvarps eða frumvarpa um efnahags- og framleiðslumálin, og keppir að því fyrst og fremst að koma því þannig fyrir, að hægt verði að afgreiða þá þætti þeirra mála, sem snerta sjálfa framleiðsluna, fyrir áramót. — Varðandi fjárlögin er aftur það að segja, að ég hef enga von um, að þau ljúkist fyrir áramót, því að eins og ég tók fram, þegar þau voru lögð fyrir, verða þau að mótast að verulegu leyti af þeim úrræðum, sem gripið verður til í efnahags- og framleiðslumálunum. Þess vegna er ekki hægt að ljúka þeim fyrir áramótin. En stefnan er sú, sem ég sagði áðan, um hin málin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 111, n. 128).

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. N. hefur orðið sammála um að leggja til, að þetta frv. um framlengingu eignaskattsviðauka verði samþ. óbreytt. Einn nm., Gunnar Thoroddsen, var ekki viðstaddur og tók því ekki þátt í atkvgr. um málið.

Hér er um að ræða framlengingu á gildandi lagaákvæðum um viðauka á eignarskatt, þar sem þessi ákvæði eiga að falla úr gildi um næstu áramót. Í frv. er lagt til, að ákvæðin um eignarskattsviðaukann verði einnig látin gilda á árinu 1957 og reglur þær, sem fylgt hefur verið í þessu efni, verði óbreyttar.

Álagið hefur verið 50% ofan á skattinn, og er lagt til í frv., að það verði hið sama einnig á næsta ári.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 31. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 32. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 111, n. 143).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Um nokkur undanfarin ár hefur eignarskattur verið innheimtur með 50% álagi. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að svo verði einnig árið 1957. — Eins og fram kemur í nál. fjhn. á þskj. 143, mælir n. einróma með því, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 154).

---

6. Vöruhappdrætti Sambands íslenzkra berklasjúklinga.

Á 21. fundi í Ed., 30. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 16. marz 1949, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga [71. mál] (stjfrv., A. 99).

Á 22. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Í lögunum um vöruhappdrætti Sambands íslenzkra berklasjúklinga er sett hámarkshlutatala, 50 þús. hlutir. Nú hafa forráðamenn happdrættisins farið fram á, að þeir mættu auka upp í 65 þús. hluti, og vill ríkisstj. leggja til, að orðið verði við þessari ósk þeirra. Frv. fjallar um þessa breytingu á lögunum. Ég vil leyfa mér að mæla með þessu og enn fremur með því, að þetta frv. fengi skjótan framgang, því að það er mjög þýðingarmikið fyrir S. Í. B. S. að geta fengið að vita þetta nú alveg næstu daga. Samt sem áður mun ég leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 99, n. 121).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um það að hækka svokallaða hlutatölu, sem mér skilst vera dráttatala, í vöruhappdrætti SÍBS um 15 þúsund. Nú er svo ákveðið í lögum, að þessi hlutatala hjá SÍBS megi ekki fara fram úr 50 þúsundum, og með frv. því, sem lagt hefur verið hér fram sem stjórnarfrv., er farið fram á, að það hækki um 15 þús. eða upp í 65 þúsund.
Um ástæður fyrir þessu frv. segir svo í hinu upphaflega frv. stjórnarinnar, að það sé flutt að beiðni stjórnar SÍBS. Sambandið skortir fé til þess að koma upp nauðsynlegum mannvirkjum, sem eftir er að reisa að Reykjalundi. Stjórn þess telur hins vegar, að unnt sé að afla aukins fjár með því að selja fleiri hluti en leyfðir eru samkv. gildandi lögum, og er því lagt til, að leyft verði að hækka hlutatöluna eins og að framan segir.
Það er nú komið allmjög í tízku með happdrætti hér á landi og ef til vill á sumum sviðum fullmikið að þeim gert, en á hinn bóginn er þess að geta, að þessi aðferð virðist vera mjög sigurvænleg til þess að draga saman fé, og flest munu þessi happdrætti hafa eitthvert gott augnamið, þjóna einhverju góðu málefni að dómi þeirra er fyrir þeim standa. Hvað SÍBS áhrærir, er óhætt að fullyrða það, að fjáröflun þeirra hefur frá upphafi vega sinna þjónað mjög nauðsynlegu og góðu verki í heilbrigðismálefnum þessarar þjóðar. Virðist það vera einróma álit landsmanna, og þar sem hæstv. ríkisstj. hefur farið fram á, að þetta verði gert, og lagt það til, má gera ráð fyrir, að hv. Alþingi fallist á það.
Að því leyti er snertir fjhn. þessarar hv. d., þá samþykkti hún einróma að leggja til við deildina, að þetta frv. yrði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 29. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3 umr. þar.
Á 30. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Forráðamenn vöruhappdrættis Sambands íslenzkra berklasjúklinga hafa farið þess á leit að fá að hækka miðatöluna í happdrættinu, og þeir auka þá vitanlega vinningana að sama skapi, það leiðir af ákvæðum laganna. Ég leyfi mér að mæla með þessu frv. — það fjallar um að hækka vinningatöluna — og legg til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A 99, n. 142).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Meginbreyting sú, sem þetta frv. hefur í för með sér frá gildandi lögum, er í því fólgin, að hlutatala vöruhappdrættis Sambands íslenzkra berklasjúklinga er hækkuð úr 50 þús. í 65 þús., sem hlutirnir mega vera flestir.
Eins og fram kemur í grg. hæstv. ríkisstj. fyrir þessu frv., er það flutt að beiðni stjórnar Sambands íslenzkra berklasjúklinga, og hyggst sambandið með þessu móti afla sér aukins fjár til ýmiss konar framkvæmda, sem það hefur á prjónunum.
Eins og nál. á þskj. 142 ber með sér, mælir fjhn. einróma með því, að þetta frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 155).

---

7. Skipakaup o. fl. (stjfrv.).

Á 1. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins [11. mál] (stjfrv., A. 11).

Á 4. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er samið af atvinnutækjanefnd, sem skipuð var af ríkisstj. 15. sept. s. l., til þess að gera till. um öflun nýrra atvinnutækja og dreifingu þeirra um landið. Atvinnutækjanefnd hefur samið grg., sem fylgir frv., og leyfi ég mér að vísa til hennar til skýringar frv.
Ég vil þó jafnframt fara nokkrum orðum um mál þetta og aðdraganda þess, enda mun almennt litið svo á, að hér sé um að ræða eitt af aðalmálum þessa Alþ., sem nú er að hefjast.
Í málefnasamningi stjórnarflokkanna, sem birtur var með yfirlýsingu við stjórnarmyndunina 24. júlí s. l., er kveðið á um það, að ríkisstj. sú, er þá var mynduð, „leiti samninga um smíði á 15 togurum og lánsfé til þess.“ Jafnframt er þar ákveðið, að skipunum skuli „ráðstafað og þau rekin af hinu opinbera og á annan hátt, með sérstöku tilliti til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.“ Til þessa þarf að sjálfsögðu lagaheimild frá Alþ. og sú heimild er fyrir hendi, ef frv. þetta verður að lögum. En auk þess þarf að taka ákvörðun um ýmis önnur atriði í sambandi við þetta mál.
Eins og fram kemur í málefnasamningnum og í flutningi þessa frv., er það sameiginleg skoðun stjórnarflokkanna og ríkisstj., að nauðsyn beri til að auka togaraflota landsmanna, en áhugi fyrir aukningu togaraflotans og þá einkum í því skyni að efla atvinnulíf hinna fámennari landshluta hefur komið glöggt fram og verið vaxandi á undanförnum árum. Á síðasta þingi voru flutt eigi færri en þrjú frv. um opinberar aðgerðir af ýmsu tagi til þess að stuðla að öflun nýrra togara og útgerð þeirra. Og á Alþ. 1954 voru flutt a. m. k. fjögur frv. þess efnis, sem miðuðu að hinu sama á einn eða annan hátt. Að þessum frv. hafa staðið þm. úr ýmsum kjördæmum, þó einkum úr kjördæmum á Vestur-, Norður- og Austurlandi, svo og landskjörnir þingmenn. Hér er því eiginlega um að ræða mál, sem áhugi er fyrir í mörgum byggðarlögum og þá alveg sérstaklega í þeim landshlutum, sem ég áðan nefndi.
Í íslenzka togaraflotanum eru nú 43 skip, sem gerð eru út. Af þeim eru 25 við Faxaflóa, 6 á Vestfjörðum, þar af 2 gamlir togarar, 8 á Norðurlandi og 4 á Austfjörðum. Tveir af þessum togurum eru byggðir fyrir stríð, en að öðru leyti eru hinir elztu frá árunum 1947, eða 9 ára gamlir, og hinir yngstu frá 1952, eða 4 ára gamlir. Nú eru tveir togarar í smíðum erlendis, og fer annar til Austfjarða, en hinn til Reykjavíkur.
Lengi vel voru togarar aðeins gerðir út í Reykjavík og Hafnarfirði og einum stað á Vest-

fjörðum, Patreksfirði. Rétt fyrir styrjöldina síðari voru þó gerðar tilraunir til togaraútgerðar á fleiri stöðum, a. m. k. á Ísafirði og í Neskaupstað, en útgerðin féll niður. Eftir stríðið hófst svo endurnýjun togaraflotans. Voru þá byggð stærri skip en áður, aðallega olíukyntir gufutogarar, fyrst á árunum 1947—1949 og síðan á árunum 1950 og 1952, og er nú verulegur hluti þeirra gerður út í þeim landshlutum, þar sem togaraútgerð áður var lítil eða engin.

Um þessa nýju togaraútgerð á Norður-, Vestur- og Austurlandi segir atvinnutækjanefnd m. a. í grg. þessa frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Reynslan, sem fyrir er af rekstri togara vestan-, norðan- og austanlands níu ár, hefur leitt í ljós, að rekstrarmöguleikar í þessum landshlutum séu a. m. k. ekki stórum lakari en á Suðurlandi, a. m. k. ekki þegar búið verður að útgerðinni þar á sama hátt og fyrir sunnan, t. d. að því er varðar viðgerðir, ísframleiðslu o. fl.“

Um hina fyrirhuguðu aukningu togaraflotans segir atvinnutækjanefnd m. a. í grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Ýmsar ástæður eru til þess, að nauðsyn þykir til bera, að aflað verði nýrra togara til landsins. Þörf er á að auka útflutningsframleiðslu landsmanna og þar með árlegar tekjur í erlendum gjaldeyri, jafnframt því sem auka þarf atvinnu við framleiðslu á komandi árum. Ekki verður hjá því komizt að endurnýja togaraflotann smám saman, og þegar litið er á aldur þeirra skipa, sem landsmenn eiga nú, er tímabært, að sú endurnýjun sé hafin. Síðast en ekki síst er á það að líta, að í sumum landshlutum eru takmarkaðir möguleikar til bátaútgerðar, sums staðar vegna minnkandi afla í seinni tíð á miðum, er fyrrum voru fengsæl. Eru til þess ýmsar ástæður, sem ekki verða raktar hér. Hér á hlut að máli fjöldi útgerðarstaða á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum. Hins vegar hefur þar víða verið komið upp dýrum mannvirkjum til hagnýtingar afla nú undanfarið eða þau aukin, sem fyrir voru, en víða skortir þá afla til vinnslu, a. m. k. hluta úr árinu, en rekstraraðstaða mannvirkja með miklum stofnkostnaði reynist erfið, þegar mikið skortir á, að þau séu fullnotuð. Jafnframt verður þá á slíkum stöðum svo nefnt árstíðabundið atvinnuleysi, en þeir, sem tök hafa á, leita atvinnu til fjarlægra landshluta. Er það margra manna álit, að úr þessu verði helzt bætt með því að stofna til togaraútgerðar eða auka hana í þeim landshlutum og á þeim stöðum, sem hér eiga hlut að máli, eftir því sem hafnarskilyrði og aðrir staðhættir leyfa. En þegar á það er litið, að rekstur togaraútgerðarinnar hefur gengið mjög erfiðlega nú síðustu árin, er þess tæpast að vænta, að nein veruleg aukning togaraflotans eigi sér stað í bráð, nema ríkisvaldið eigi þar verulegan hlut að máli og beiti sér fyrir útvegun skipanna.“

Þetta var orðrétt úr grg. atvinnutækjanefndar, og ég les það hér upp vegna þess, að hér eru í stuttu máli sett fram æði skýr rök fyrir flutningi frv. og nauðsyn þess, að það gangi fram.

Samkvæmt 1. gr. frv., ef að lögum verður, er ríkisstj. heimilað að gera samning um kaup og smíði allt að 15 togara og selja þá við kostnaðarverði eða ráðstafa þeim til útgerðar, að fengnum till. atvinnutækjanefndar. Samkv. 2. gr. er heimilt að bjóða út smíði eins til tveggja þessara togara innanlands og láta smíða þá í landinu, ef byggingarkostnaður þeirra telst viðunandi. Telur atvinnutækjanefnd, og ríkisstj. hefur fallizt á það sjónarmið, að rétt sé, að slíks tilboðs sé leitað í tilraunaskyni, með tilliti til þess, að smíði stálskipa sé þegar hafin hér á landi og sé rétt að reyna, hvort íslenzk skipasmíðastöð sé samkeppnisfær á þessu sviði. Samkv. sömu gr. er ríkisstj. heimiluð lántaka erlendis allt að 150 millj. króna. Gert er ráð fyrir, að væntanlegum kaupendum verði endurlánað af þessu láni allt að 85—90 af hundraði af verði skipanna. Yrðu kaupendur þá að leggja fram eða útvega á annan hátt a. m. k. 10—15% af kaupverðinu.

Atvinnutækjanefnd hefur enn ekki gert till. um ráðstöfun eða staðsetningu togaranna, en gerir það væntanlega á sínum tíma. Sömuleiðis þarf auðvitað að ákveða stærð togaranna og gerð, en þetta hvort tveggja kann að vera að einhverju leyti komið undir því hlutverki, sem hverju skipi er ætlað, t. d. hvort því er ætlað að stunda veiðar á fjarlægum miðum eða fyrst og fremst að veiða á nálægum miðum til vinnslu í frystihúsum, hvernig hafnarskilyrði eru þar, sem aðallega á að leggja aflann á land, o. fl.

Í 3. gr. frv. segir, að till. atvinnutækjanefndar skuli gerðar með sérstöku tilliti til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Er þetta í samræmi við ákvæði stjórnarsamningsins. Er í þessari gr. jafnframt gert ráð fyrir, að nokkru hærri lán verði veitt til þeirra skipa, sem ráðstafað verður á Norður-, Vestur- og Austurland.

Ég vil þá næst leyfa mér að fara nokkrum orðum um 4. og 5. gr. frv.

Í stjórnarsamningnum er gert ráð fyrir, að skipin verði rekin „af hinu opinbera og á annan hátt,“ eins og það er orðað. Í frv. er lagt til, að veitt verði lagaheimild til að setja á stofn sérstaka ríkisútgerð togara í því skyni, að þeir leggi afla sinn á land á Vestur-, Norður- og Austurlandi, sérstaklega á stöðum, þar sem ekki eru fyrir hendi fjárhagslegir möguleikar til þess að kaupa eða reka togara, enda sé talið, að skortur á atvinnu á þessum stöðum hamli eðlilegum vexti þeirra. Mun atvinnutækjanefnd á sínum tíma gera nánari till. til ríkisstj. um ríkisútgerðina og fyrirkomulag hennar, og er gert ráð fyrir sérstökum lögum um það efni.

Tillögur um ríkisútgerð togara hafa oftar en einu sinni verið uppi á Alþ., einkum síðustu ár, og þá einkum af þeim ástæðum, sem fram koma í frv. Tilgangurinn með þessum ákvæðum í frv. er ekki sá, að ríkisvaldið fari að seilast eftir því að gera út togara þar, sem aðrir aðilar hafa möguleika til að taka þessa starfsemi að sér. Ríkisstj. er heimilað að koma upp slíkri útgerð þar sem hennar er brýn þörf og á rétt á sér, en mundi ekki komast í framkvæmd á annan hátt. Hér er fyrst og fremst um jafnvægismál að ræða, tilraun til að sporna á móti fólksflutningum, sem varhugaverðir eru fyrir þjóðfélagið, og það er ekki ætlunin, að ríkið láti til sín taka á þessu sviði, rekstur togaraútgerðar, nema ríka nauðsyn beri til að athuguðu máli.

Þá er það 5. gr. frv. Efni hennar er það, að auk hinna 15 togara, sem áður hefur verið rætt um, sé ríkisstj. heimilt að semja um kaup og smíði á allt að 6 150—250 tonna fiskiskipum og taka allt að 15 millj. kr. lán í því skyni. Gert er ráð fyrir, að um ráðstöfun þessara skipa gildi sömu ákvæði og um togarana, þó þannig, að endurlána megi allt að 80% af verði þeirra, ef um sölu er að ræða. Ríkisútgerð á þessum skipum eða einhverjum þeirra kemur þá einnig til greina.

Um þessi skipakaup eða útgerð var ekkert tekið fram í stjórnarsamningnum á sínum tíma, en atvinnutækjanefnd hefur gert till. um, að leitað verði heimildar til kaupa á nokkrum slíkum skipum, og ríkisstj. fallizt á það, að athuguðu máli.

Það, sem fyrst og fremst mun hafa vakað fyrir atvinnutækjanefnd með þessari till., er, eins og segir í grg., að vegna ófullnægjandi hafnarskilyrða á nokkrum stöðum, þar sem annars væri eðlilegt að gera ráð fyrir löndun úr togurum, sé hæpið, að löndun úr togurum sé framkvæmanleg, eins og sakir standa. Þurfi því að koma til önnur tegund skipa, en þó nægilega stór til þess, að þau geti stundað veiðar á svipuðum slóðum og togarar hér við land. Ekki er þó gert ráð fyrir, að staðsetning eða útgerð þessara skipa verði eingöngu bundin við slíka staði, heldur geti og verið hagkvæmt að staðsetja sum þeirra annars staðar, þar sem sýnt þykir, að gera megi þau út með góðum árangri.

Ég hef þá lýst efni frv. í aðalatriðum og gert grein fyrir ástæðum í stuttu máli. Ef þetta frv. verður að lögum og heimild til lántöku og skipakaupa notuð að fullu, er um verulega aukningu á fiskiskipaflota þjóðarinnar að ræða. Þess má geta í því sambandi til glöggvunar, að miðað við meðalafla íslenzkra togara árið 1955, ættu þau skip, sem með þessu bætast við flotann, að geta dregið á land ca. 75 þús. tonn af slægðum fiski með haus, en útflutningsverðmæti þess afla mætti áætla 150 millj. kr., þegar gerð hefur verið úr honum söluhæf útflutningsvara. Þetta væri að vísu ekki nettóaukning á gjaldeyristekjunum, því að verulegur hluti fer í vexti og afborganir af lánum og innflutning á rekstrarvörum. En veruleg viðbót er þetta þó, sem margar hendur mundu að vinna og margir hafa lífsviðurværi af víða um land.

Því miður verður ekki um það sagt á þessu stigi málsins, hvaða líkur séu til, að takast megi að afla þess erlenda lánsfjár, sem hér þarf til að koma. Þetta mál er því allt enn á byrjunarstigi, og um möguleika til þessarar aukningar á framleiðslu þjóðarinnar, sem hér um ræðir, sem og margt annað í þessu landi, fer að sjálfsögðu mjög eftir því, hvernig til tekst um almennar ráðstafanir gegn verðbólgunni í landinu, hinar almennu ráðstafanir til þess að tryggja atvinnulífið almennt og rekstur þess.

Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið hér hjá hæstv. forsrh., er frv. þetta staðfesting á því fyrirheiti ríkisstj., sem hún gaf, þegar hún tók við völdum, að keyptir skyldu verða til landsins 15 nýir togarar. Ekki er um það að efast, að mál þetta er eitt af hinum stærri atvinnumálum, sem fyrir Alþ. koma, og það er því ekki óeðlilegt, að nokkuð sé rætt um það hér þegar á fyrsta stigi þess. Þó er það svo, að hér hafa alloft áður farið fram nokkrar umr. um togarakaup og nauðsyn þess, að gert yrði frekara átak í þeim málum en samkomulag hefur orðið um á undanförnum árum. En séu rifjuð hér upp nokkur helztu atriði varðandi þetta mál, þá hygg ég, að flestir verði á einu máli um, að það sé réttmætt að ráðast í þessi togarakaup, sem hér er nú rætt um, og að reynslan hefur þegar sýnt okkur það, að framkvæmdir í þessum efnum eru þær notadrýgstu, sem við getum gert til atvinnuuppbyggingar, atvinnujöfnunar í landinu og til almennrar framleiðsluaukningar.

Reynsla undanfarandi ára hefur sýnt það, að togararekstur, t. d. víða úti um land, hefur betur en allur annar rekstur getað tryggt það, að þar væri hægt að halda uppi nokkuð jafnri atvinnu og bægja frá þessu árstímabundna atvinnuleysi, sem mjög hefur verið rætt um. Togararnir hafa þá aðstöðu, að þeir geta sótt til fiskimiða, sem eru langt í burtu, og flutt aflann langar leiðir heim, og af þeim ástæðum er líka mögulegt að koma aflanum til þeirra staða, sem ekki hafa svo örugg fiskimið í grennd hjá sér, að hægt sé þar að halda út með sæmilegum árangri verulegum fiskiskipaflota allt árið. Reynslan hefur líka sýnt okkur það, að togararnir eru langsamlega afkastamestu tækin, sem við höfum kynnzt í sambandi við fiskveiðar okkar.

Það sýnir sig, að meðalafli á togara er í kringum það að vera 5000 smálestir á ári, en algengasta skipshöfn á togara er um 30 menn. Ef aftur við berum okkur saman við fiskibáta okkar, er einna algengast að miða þar við 11 manna skipshöfn, og varla er óhætt að reikna þar með að meðaltali meira en 500 tonna afla á bát, þó að allt árið sé lagt undir, ef miðað er við þorskúthald. Það kemur því í ljós, að meðalafli á togara er mjög nærri því að vera tífaldur á við það, sem er á algengustu stærð fiskibáta okkar — eða á bátaflotanum, þar þurfum við að hafa um það bil 110 menn, þar sem við erum með rétt rúmlega 30 menn á togurum. Að vísu er rétt að geta þess, að ekki má taka þessar tölur fyllilega til samanburðar, þannig að þær eigi að segja til um, að þetta sé hinn raunverulegi munur á gæðum togara og báta. Togararekstrinum er þannig háttað, að það verða í rauninni að koma nokkru fleiri menn þar til greina, sem ekki eru taldir í þessum þrjátíu mönnum og vinna á ýmsan hátt að veiðarfærum og öðru slíku togarann varðandi í landi, en aftur varðandi þessa skipshöfn, þar sem miðað er við 11 menn, má segja, að öll þessi vinna sé talin. — Einnig er það, að ársrekstur togarans er alltaf nokkru jafnari yfir allt árið. Það má segja, að þar komi fleiri starfsdagar til en algengast er með bátaflotann, en eigi að síður sýna þessar tölur það, og reynslan hefur sannað okkur það, að togarar okkar eru afkastamestu atvinnutækin, sem við eigum yfir að ráða, og af þeim ástæðum hljótum við líka að leggja allveru-

lega mikla áherzlu á það að halda togaraflota okkar vel við.

Þegar rætt er um það að fjölga togurunum, heyrist æði oft á það minnzt, hvort veruleg fjölgun togaranna kunni ekki að vera hættuleg, með tilliti til þess, að við erum jafnframt að reyna að vernda fiskstofnana hér í kringum land, vernda fiskimið okkar, og þá m. a. að vernda þau fyrir ásókn hinna stórtækustu veiðarfæra, sem einmitt togararnir beita. En þessu er í rauninni ekki svona farið, eins og þeir halda, sem reikna með því, að við ættum heldur að forðast vöxt togaraflotans einmitt með tilliti til þess að vernda okkar fiskislóðir hér í kringum landið. Rekstur togaranna hefur meir og meir verið að færast í það horf á undanförnum árum, að togararnir eru að sáralitlu leyti gerðir út á okkar gömlu fiskislóðir hér næst landinu.

Ég hygg, að það muni láta nærri því, að á milli 80 og 90% af afla togaranna nú um undanfarin ár hafi verið tekin fyrir utan hinar venjulegu gömlu fiskislóðir okkar hér við landið. Togararnir eru komnir út á djúpmiðin og þar sumpart alveg út fyrir okkar landgrunn. Þeir sækja orðið mikinn afla á Grænlandsmið, beggja vegna Grænlands, þeir sækja mikinn afla í djúpin langt norður af Íslandi. Þeir sækja orðið talsverðan afla og gætu þó sótt hann miklu meiri en þeir hafa gert á hin fjarlægu mið í norðaustur við Bjarnarey og Hvítahaf, en þangað hafa íslenzkir togarar leitað nokkrum sinnum. Nálega allur sá karfaafli, sem togararnir draga að landi og orðinn er æði mikill, er sóttur ýmist á fjarlæg mið eða á slík djúpmið, að önnur fiskiskip, sem Íslendingar hafa haft af að segja, koma þar ekki til greina, — sem sagt, að þó að við aukum okkar togaraflota, er ekki hætta á því, að við göngum miklu nær okkar almennu fiskislóðum, sem við almennt erum að reyna að vernda hér uppi við ströndina, heldur en verið hefur fram til þessa.

Önnur er sú spurning, sem oft kemur fram hér, þegar rætt er um fjölgun togaranna. Um það er spurt, hvort líkur séu á því, að okkur takist að fá nægilega marga menn til þess að vinna á þessum skipum, þar sem það hafi sýnt sig nú á undanförnum árum, að nógu hefur gengið erfiðlega að fá sjómenn á þau skip, sem við höfum átt. Það er mín skoðun, að ekki komi til mála að viðurkenna þau sjónarmið, sem raunverulega koma fram í þessum spurningum, því að ef við létum undan því, að það kann að bera á því á stundum, eftir því hvernig til tekst með okkar atvinnumál almennt, að sjómenn skortir á fiskiflota okkar, og við ættum síðan að haga stærð skipastóls okkar eftir því, hvað auðvelt er að fá af sjómönnum á flotann, þá mundi, eins og verið hefur a. m. k. að undanförnu, sú verða afleiðingin, að við tækjum upp á því að fækka skipum okkar til þess að hafa aðeins mátulega mörg eftir fyrir þá menn, sem fást greiðlega til þess að vinna á skipunum.

Það ætti að vera auðvelt fyrir okkur að reyna að haga atvinnumálum okkar þannig, að vinnuaflið hljóti eðlilega að leita að aðalatvinnuvegum okkar, að útveginum, og við megum ekki hlaupa frá þeim vanda á þann einfalda hátt að skera sí og æ niður skipaflotann, fækka skipunum, þó að vinnuaflið kunni af ýmsum óeðlilegum ástæðum að leita á aðra staði. Ég er líka trúaður á það, að hægt sé að tryggja nægilega marga sjómenn, ef rétt er að farið, og það sé sá vandi, sem við verðum að standa frammi fyrir að leysa.

Þá er spurt um: Er rétt að fara í svona mikil kaup í einu, — að kaupa 15 togara t. d. að þessu sinni í einu? Væri ekki réttara að fara heldur hægar í þetta, af því að oft vilja fylgja því ýmsir örðugleikar að gera kaupin svona mikil í einu? Vissulega er það rétt, að það væri á margan hátt æskilegra að geta aukið togaraflotann og bátaflotann jöfnum höndum frá ári til árs. En þegar aftur er á það litið, að við höfum ekki endurnýjað togaraflota okkar nándar nærri eins og þörf hefur verið á á undanförnum árum, er hér raunverulega ekki um stórt stökk að ræða. Ég hef reiknað út, hvað við hefðum raunverulega þurft að bæta við okkur mörgum skipum nú að undanförnu, til þess að eðlilegt viðhald hefði verið á togaraflota okkar, þeim togaraflota, sem við eignuðumst nú eftir stríðið, en eins og kunnugt er, keyptum við strax í stríðslokin 33 nýja togara og síðan keyptum við nokkru síðar 10 nýja togara. Þannig eignuðumst við ný skip, 43 talsins, en af þeim hafa nú tvö farizt og er því aðeins 41 nýtt skip eða nýlegt skip í flotanum.

Sé miðað við það, sem ég hygg að sé mjög eðlilegt að reikna með, að hvert skip ætti ekki að verða öllu eldra en 20 ára, — en þegar togari er orðinn 20 ára gamall, þá er hann yfirleitt orðinn það úreltur, að það er ekki orðið hagstætt að halda honum úti, — sé miðað við þann tíma til endurnýjunar, þá hefðum við nú þurft að kaupa 20 ný skip, aðeins til þess að halda flotanum eðlilega við. Þó að við festum því nú kaup á 15 nýjum skipum, er það ekki það sem samsvarar því, að flotinn hefði verið aukinn jafnt og þétt á eðlilegan hátt og þessum 43 skipum, sem við eignuðumst þarna á tímabili, hefði eðlilega verið haldið við. Hér er því í sjálfu sér ekki um stórt stökk að ræða, og við verðum því að haga kaupunum í nokkru stærri stíl en annars hefði verið, ef endurnýjunin hefði farið jafnt og þétt fram.

Þá er líka þess að geta, að það er alveg víst, að engin leið er að eignast nú 15 skip á skemmri tíma en svona þremur árum, og ég býst við því, að þótt samningar yrðu gerðir um kaup á nýjum skipum nú, þá mundu fyrstu skipin varla koma fyrr en eftir tvö ár. Það hefur nú gengið þannig til, að þær þjóðir, sem mest hafa átt af togurum, hafa verið að endurnýja togaraflota sinn alveg stórkostlega að undanförnu, og ég hygg t. d., að flestallar skipasmíðastöðvarnar í Bretlandi, en þar hefur verið smíðað einna mest af togurum, séu gersamlega uppteknar alveg fram til 1960. Þar er aðeins um líklega eina eða tvær skipasmíðastöðvar að ræða, sem gætu komið til greina með að fást til þess að afhenda skip fyrir þann tíma.

Nokkuð svipað er ástandið í Vestur-Þýzkalandi, en það er annað mesta togarabyggingarlandið, sem við höfum af að segja, að þar eru flestar skipasmíðastöðvarnar uppteknar langt fram í tímann, og það er þegar orðið þannig, að það verður ábyggilega erfiðleikum bundið fyrir okkur að komast að hjá góðum skipasmíðastöðvum.

Og í öðrum löndum, sem hér koma til greina með að byggja þessi skip fyrir okkur, eins og Belgíu, sem hefur byggt nokkuð af togurum, einkum og sérstaklega þó minni togurum, þar mun einnig vera heldur erfitt með að fá góða samninga. En fjórða landið kemur svo einnig til greina, sem er Austur-Þýzkaland, sem byggt hefur talsvert af togurum, en mér er ekki eins vel kunnugt um það enn þá, hvaða möguleikar eru þar fyrir hendi.

Það mætti því segja mér það, að þó að góður vilji væri á, mundi það kosta þó nokkurn tíma að fá þessa togara afhenta, og að það mundi þurfa að leita samninga í fleiri en einu landi, ef takast ætti með skaplegu móti að fá togarana afgreidda.

Þetta sýnir okkur það einnig, að við höfum dregizt óeðlilega aftur úr í sambandi við þetta stórvægilega atvinnumál okkar. Við erum orðnir of seinir. Við hefðum þurft að vera miklu fyrri til í þessum efnum, og úr því sem komið er, megum við ekki tapa miklum tíma.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því nýmæli, að heimilt sé að setja á fót togaraútgerð ríkisins. Um það útgerðarform hefur nokkuð verið rætt að undanförnu, og þá fyrst og fremst með það í huga, að á þann hátt væri hægt að haga rekstri skipanna þannig, að þau mættu nýtast betur fyrir ýmsa staði úti á landi, sem örðugt eiga um vik með að gera skipin sjálfstætt út fyrir sig. Ég held, að í þessu efni sé stefnt í rétta átt. Ég er sannfærður um, að það þarf ekki að baga rekstur skipanna verulega, sé rétt á haldið, þó að þau landi afla sínum á ýmsum höfnum. Rétt er það, að gæta verður þar allrar varúðar, því að það mun verða mjög erfitt að binda þessi ríkisreknu skip einvörðungu við þær hafnir, sem eru lakast útbúnar, afskekktastar og erfiðast er með að koma öllum aflanum til vinnslu á úr hverri ferð. En séu þær teknar með hinum betri höfnum og skipunum nokkuð dreift í þessu efni, en slíkt er langhelzt hægt að gera í sambandi við heildarrekstur á skipunum, eins og ríkisútgerð, þá er ég sannfærður um það, að leysa má atvinnuvandamál margra staða, sem ekki hefur tekizt að leysa atvinnumálin hjá fram til þessa, einmitt með þessu nýja útgerðarformi. Það er skoðun mín, að kaup á þessum 15 togurum, sem hér er gert ráð fyrir, séu stórt spor í rétta átt til atvinnuuppbyggingar úti á landi, og þá ekki síður til almennrar framleiðsluaukningar fyrir þjóðina.

Ég vona því, að sú nefnd, sem þetta mál fær til fyrirgreiðslu, greiði götu þess eins og tök eru á, og veit það, að ríkisstj. gerir sitt bezta í því að reyna að koma sem allra fyrst á samningum í þessu efni, svo að togararnir geti komizt sem allra fyrst í notkun landsmanna.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það er vissulega rétt, sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan, er hann gerði grein fyrir þessu frv. ríkisstj., að þar er um stórmál að ræða. Það er vitanlega mikið átak til eflingar sjávarútveginum í landinu og afkomu þjóðarinnar almennt, þegar um það er rætt að kaupa 15 togara og raunar einnig til viðbótar allt að sex minni fiskiskip.

Það hafa verið gerð tvö stór átök til eflingar togaraflota landsmanna. Það stærsta var gert í tíð nýsköpunarstjórnarinnar svokölluðu, þegar samþykkt var og framkvæmd smíði 33 nýrra togara, og síðan aftur nokkrum árum seinna, þegar smíðaðir voru 10 togarar til viðbótar. Þessi framkvæmd hefur verið hvað heillaríkust til þess að skapa þá miklu framleiðsluaukningu, sem verið hefur hér á landi, og þann bætta hag þjóðarinnar, sem við er að búa. Hefði sú leið ekki verið valin eftir stríðið að efla jafnstórkostlega togaraflotann með nýjum skipum og þá var gert, hefði sannarlega ekki vel horft, og reynslan hefur því sannað ótvírætt, að það var röng skoðun, sem þá kom fram hjá ýmsum þeim, er töldu úr þessum framkvæmdum, og það hefði verið mjög óheillavænlegt, ef þeirra skoðanir hefðu orðið ofan á.

Þannig standa sakir í dag, að þjóðin á nú raunar ekki aðra togara en þá, sem byggðir voru í þessi tvö skipti. Hinir eldri togarar, sem til voru frá því fyrir stríð, hafa flestir reynzt gersamlega ófullnægjandi og ónothæfir miðað við þær kröfur, sem nú eru gerðar, og því ekki hægt að starfrækja þá.

Hér á undanförnum þingum hafa oft komið fram raddir um það og till. að efla nú enn meir togaraflotann, ekki hvað sízt með hliðsjón af því, að á þann hátt væri auðveldast að ráða bót á atvinnuleysi, sérstaklega árstíðabundnu atvinnuleysi, sem hefur gert vart við sig á ýmsum stöðum á landinu, og jafnframt væri með þessu móti einu hægt að tryggja fiskiðjuverunum, sem víða hafa risið upp eða verið er að reisa, nægilegt hráefni, þannig að þau gætu staðið undir sér og jafnframt skapað þá atvinnu, sem vonir standa til að þau veiti. En því miður hefur ekki til þessa náðst samkomulag um framkvæmdir í þessu efni. Hafa ýmsar hugmyndir um það komið fram hér í frumvörpum á Alþ., og ber því vissulega að gleðjast yfir því, þegar nú er lagt fram frv. um það að kaupa 15 nýja togara, og vil ég taka það fram, að af hálfu okkar sjálfstæðismanna er að sjálfsögðu fullur skilningur og fullur stuðningur við þá hugmynd, sem hér kemur fram, enda þótt menn kunni kannske nokkuð að greina á um einstök atriði þessa frv. að öðru leyti.

Ég hefði nú álitið, og ég hygg, að það sé skoðun fleiri manna, að æskilegast væri í sambandi við eflingu togaraflota okkar, að hægt væri, helzt á hverju ári, að kaupa nokkra nýja togara til eðlilegs viðhalds og endurnýjunar togaraflotans. Með þessu vinnst það í senn, að það verður viðráðanlegra fjárhagslega að leysa þetta vandamál, og einnig hitt, að með því að kaupa mikinn fjölda togara í einu, sem að vísu geta verið fullkomnir í það skipti, kemur það í veg fyrir, að hægt sé jafnóðum að hagnýta þær nýjungar, sem verða í togarasmíði, og eins og allir vita, þá er árlega sem fram koma ýmiss konar nýjungar í sambandi við smíði togara, og þær mundu nýtast betur, ef hægt væri árlega að framkvæma einhverja aukningu flotans.

Hæstv. sjútvmrh. gat um það hér áðan, að það mætti auðvitað gera ráð fyrir, að allmikill drátt-ur kynni að verða á því, að skipin kæmu, sem hér er gert ráð fyrir, þannig að hér væri í raun-

inni ef til vill ekki stigið nógu stórt skref til þess, að um eðlilegt viðhald þeirra togara, sem landsmenn nú eiga, gæti verið að ræða.

Ég hygg, að það væri skynsamlegt að reyna að stefna að því, að smíði þessara togara yrði dreift þannig, að reynt yrði að fá sem fyrst nokkur skipanna, og gerði þá minna til, þó að það jafnaðist á nokkur næstu ár að ljúka smíði þeirra allra. Og ég hygg, eins og ég áðan sagði, að það væri mjög æskileg stefna, ef hægt væri að koma því á, að það yrði fastur fjárfestingarliður árlega að kaupa, skulum við segja, 3 til 4 nýja togara.

Varðandi rekstur þessara væntanlegu skipa ætla ég ekki að ræða mikið á þessu stigi málsins. Það er alveg rétt, að þar er um nýjung að ræða, þar sem gert er ráð fyrir í þessu frv., að tekin verði upp ríkisútgerð togara með það í huga, að aflinn nýtist betur fyrir þá staði, sem ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til þess að eiga togara sjálfir. Þetta getur út af fyrir sig verið ágætt, svo langt sem það nær, en á þessu eru líka miklir annmarkar, sem er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir. Í fyrsta lagi er nú það, að í grundvallaratriðum er það auðvitað mjög vafasamt, hvað ríkið á að vera að fara út í útgerð sjálft, en í annan stað er við að eiga erfiðleika í sambandi við þessa hugmynd, sem stafa af því, að ég hygg, að mjög erfitt verði að fá menn til þess að vinna á slíkum skipum. Ég veit, að það hefur oft komið fyrir, að áhafnir togara hafa beinlínis neitað að sigla til annarrar hafnar, þó að ekki sé nema um eina ferð að ræða, og hafa heimtað að fara til sinnar heimahafnar. Þetta er út af fyrir sig skiljanlegt. Þessir menn eru langdvölum fjarri sínum heimkynnum og vilja því gjarnan geta komið heim, þegar skipin loks koma að landi. Ég er því ákaflega hræddur um, að á þessu séu í framkvæmdinni miklu meiri vandkvæði en menn kannske í fljótu bragði virðast álíta. Ég þekki dæmi um einn togara, sem gerður er út af fleiri stöðum. Það eru að vísu fleiri dæmi til hérlendis um það, en ég á hér við togara, sem gerður er út af þremur kaupstöðum norðanlands, og ég held, að það fyrirkomulag sé mjög hæpið, vægast sagt, og það gefi ekki sérstaklega góðar vonir um, að sú skipan mála væri heppileg.

Að öðru leyti skal ég ekkert vera að fordæma þessa hugmynd á þessu stigi. Það er sjálfsagt að taka hana til íhugunar, eins og hvað annað, sem gæti orðið til þess að greiða fyrir afkomu og hag þeirra sjávarplássa, sem ekki hafa aðstöðu til að eiga svo stórvirk tæki, en ég teldi þó mjög nauðsynlegt, að n., sem fær þetta til athugunar, íhugaði mjög vel þessa hlið málsins.

Það er ef til vill ekki sanngjarnt að krefjast þess af hæstv. ríkisstj., að hún hafi nú á þessu stigi fullnaðarupplýsingar um það, hvort hún yfirleitt getur komið þessu í framkvæmd. En óneitanlega er það þó það atriði málsins, sem er þýðingarmest fyrir þjóðina og fyrir þá, sem munu gera sér vonir um að njóta hlunninda af þessum væntanlegu skipakaupum. Í báðum þeim tilfellum, sem ég minntist á áðan, þegar togarakaupin þá fóru fram, mun nokkurn veginn hafa verið öruggt um, að hægt væri að framkvæma þau kaup, sem þá var um að ræða. Það er vissulega vonandi, að það verði einnig í þetta sinn, en ég er þó í nokkrum vafa um, hversu heppilegt það er að leggja fram frv. um tilteknar framkvæmdir, án þess að einhverjar sennilegar horfur séu a. m. k. fyrir því, að hægt sé að framkvæma það, sem þar um ræðir. Það hefur komið fram í upplýsingum þeirra hæstv. ráðh., sem hér hafa talað, að hvorki hafa að sjálfsögðu verið gerðar neinar ráðstafanir til að semja um smíði þessara skipa, sem ekki er að vænta, né heldur hefur ríkisstj. nokkra vissu fyrir því, eða ég hygg ekki einu sinni nokkra sérstaka von um það, að hún geti leyst það mikla fjárhagslega vandamál, sem er í sambandi við þessi kaup, þar sem um er að ræða nauðsyn þess að fá hátt á annað hundrað millj. kr. að láni. Og ég verð nú sannast sagt að segja það, með hliðsjón af þeirri ræðu, sem hæstv. fjmrh. (EystJ) flutti hér við 1. umr. fjárlaga, að þá var nú ekki tónninn í ræðu hans þannig, að það gæfi hlustendum neinar sérstaklega bjartar vonir um, að hægt yrði að leysa öll þau stórkostlegu fjárhagsvandamál, sem þar var um að ræða, og þær miklu fjárútveganir, sem hann taldi nauðsynlegar á öðrum sviðum en í sambandi við þessi togarakaup. Og þegar hér bætist nú við þessi geysiháa upphæð, sem um er að ræða í þessu frv., held ég, að manni leyfist nú að hafa nokkrar grunsemdir um það, að hæstv. ríkisstj. kannske sigli djarfar en sem svarar þeirri undirstöðu, sem hún hefur undir fótum.

Þess er vissulega að vænta, að úr þessu leysist, því að eins og ég áðan sagði, verður það að teljast vægast sagt hæpið og raunar fráleitt að vera að leggja fram frv. um stórfelldar framkvæmdir af hálfu hæstv. ríkisstj., nema því aðeins að a. m. k. sterkar líkur séu til, að þetta komist í framkvæmd, því að þegar ríkisstj. á hverjum tíma leggur fram slíkt mál, er yfirleitt gert ráð fyrir því af almenningi, að þarna sé um framkvæmdir að ræða, sem muni verða að raunveruleika, fyrr sé ekki málið lagt fram en einhverjar horfur séu á lausn þess. Ég vil þó vona, að úr þessu rætist og að þetta geti komið til framkvæmda hið skjótasta, þannig að fáist nauðsynleg aukning og efling togaraflota landsmanna. Ég get fullyrt það, að Sjálfstfl. hefur fullan skilning á því mikilvæga máli, sem hér er um að ræða, og vill ljá sitt lið til þess, að skynsamleg lausn geti á því fengizt, en endurtek, eins og ég áðan sagði, aðvörun um það, varðandi þetta og aðrar framkvæmdir, sem hæstv. ríkisstj. kann að hafa í huga, að fólki verði ekki gefnar meiri vonir en efni standa til um framkvæmdirnar, því að þá er betur heima setið en af stað farið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 47, 51).

Afbrigði um brtt. 51, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af hæstv. ríkisstj. í samræmi við stefnu-

skráryfirlýsingu, er hún gaf, er hún tók við völdum 24. júlí s. l. Efni málsins er í fám orðum það að heimila ríkisstj. að semja um kaup og smíði á allt að 15 togurum og selja þá síðan við kostnaðarverði eða ráðstafa þeim til útgerðar, að fengnum tillögum atvinnutækjanefndar. Í öðru lagi er lagt til í frv., að ríkisstj. verði heimilað að taka lán að upphæð allt að 150 millj. kr. í erlendum gjaldeyri til þess að greiða með togarana og endurlána síðan kaupendum þeirra, með sömu kjörum og lánið var tekið, fyrir allt að 85 af hundraði af kostnaðarverði skipanna. Þó eru undantekningar frá því síðar, þar sem gert er ráð fyrir, að undir sérstökum kringumstæðum megi lánshlutinn fara upp í 90 af hundraði af kostnaðarverði. — Þá er enn í frv. gert ráð fyrir því, að ríkisstj. verði heimilað að setja á stofn fyrirtæki, sem annist rekstur nokkurra togara af þeim, sem þannig verða keyptir, til þess að leggja afla á land á þeim stöðum, þar sem þess er sérstaklega þörf, bæði vegna atvinnuleysis á staðnum og eins vegna hins, að þar eru möguleikar til úrvinnslu aflans, og þar sem ekki eru á staðnum til möguleikar fyrir því að ráðast í skipakaup af staðarins hálfu. — Loks er svo í frv. gert ráð fyrir því, að auk þessara 15 togara megi ríkisstj. kaupa sex önnur skip, allt að 250 tonn á stærð, og verja til þess allt að 15 millj. kr. og taka þá upphæð að láni.

Þetta er í stuttu máli efni frv. Tilefni þess, að þetta frv. er fram borið, er í fyrsta lagi það að bæta úr því atvinnuleysi, sem víða er í ýmsum sjávarþorpum úti á landi, þar sem möguleikar eru til, að togarar geti lagt upp afla sinn.

Togaraflotinn er einn mikilvirkasti þátturinn í framleiðslustarfsemi landsmanna, eins og kunnugt er, og skilar nú á land um það bil helmingi af öllum þeim sjávarafla, sem á land kemur, þegar síldin er frá dregin. Það er þess vegna mjög þýðingarmikið atriði einnig, að þessi floti sé endurnýjaður og gangi ekki úr sér og sé stöðugt fær um að inna það hlutverk af höndum, sem honum er ætlað. En svo hefur verið varið hag togaraútgerðarmanna nú á síðustu missirum, að þeir hafa ekki séð sér fært að fara sjálfir út í þessa endurnýjun. Það er öllum ljóst, sem það mál hafa kynnt sér, að togaraútgerðin hefur gengið þannig að undanförnu, að hún hefur ekki aðeins ekki skilað arði, heldur hefur hún líka sýnt stórfellt tap síðustu árin eða síðustu missirin kannske hvað mest, jafnvel eftir að hún hefur notið mikils styrks úr ríkissjóði. Það er ýmislegt, sem hefur valdið því, og verður náttúrlega, jafnframt því að togaraflotinn er aukinn og ráðstafanir gerðar til þess að endurnýja hann um leið, að gera ráðstafanir til þess, að rekstur þessara atvinnutækja komist á svo heilbrigðan grundvöll, að menn sækist eftir að reka þau, því að annars getur svo farið, ef svo heldur áfram eins og verið hefur að undanförnu, að þessi starfsemi geti ekki, a. m. k. með þeirri fyrirgreiðslu sem hún hefur nú, haldið áfram.

Það er ekkert leyndarmál, að það hefur komið í ljós við athugun nú upp á síðkastið, að með sama verðlagi og svipuðum afla og verið hefur að undanförnu vantar upp undir eina millj. kr. á ári á hvern togara til þess, að starfsemin geti borið sig. Og það er vitanlega hlutur, sem verður að ráða einhverja bót á, um leið og gerðar eru ráðstafanir til þess að auka þessa framleiðslu.

Víða úti um land eru til fiskvinnslustöðvar, sem ekki eru fullnýttar og mundu fá mjög kærkomið verkefni og styrkja sinn rekstur, ef hægt væri að landa þar meira fiski en nú er gert, og ætti það að vera hægt með tilkomu þessara nýju skipa. Þó er þar við að athuga, að á ýmsum stöðum eru hafnarskilyrði þannig, að erfitt er um að koma togurum að landi og landa afla þeirra, víða, þar sem annars bæði væri þörf vegna atvinnu að landa aflanum og eins munu á ýmsum þeim stöðum vera til vinnslutæki, sem hægt væri að nota, ef skipin gætu komizt þar að landi. Það verður þess vegna, samtímis því, að gerðar eru ráðstafanir til þess, að togararnir landi afla sínum í þessum sjávarþorpum, að gera aðrar ráðstafanir til þess að bæta hafnarskilyrðin, svo að togararnir geti komizt þar að landi. En kjarni málsins er sá, að atvinnu er þörf á ýmsum stöðum úti um landsbyggðina, að til eru vinnslutæki á ýmsum þessum stöðum, sem þurfa aukið hráefni, að togaraflotann þarf og verður að endurnýja, hvernig svo sem allt veltur, og sjá honum fyrir heilbrigðum rekstrargrundvelli, og allt eru þetta atriði, sem styðja að því, að sú leið verði farin, sem hér er bent á af hálfu hæstv. ríkisstj., og ekki líkur til, a. m. k. að öllu óbreyttu, að það mál verði leyst á annan hátt.

Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft málið til meðferðar og hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Þó hefur einn nm. áskilið sér rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Og enn má geta þess, að einn nm. var ekki viðstaddur, þegar frv. var afgreitt.

Ég sé, að hv. þm. Borgf. (PO) hefur borið hér fram brtt., sem ég fyrir mitt leyti hef nú ekki haft tækifæri til að athuga, en geri ráð fyrir því, að n. mundi, ef hv. flm. till. teldi það ekki óeðlilegt, taka hana til athugunar á milli umræðna, ef till. yrði þá frestað til 3. umr. En n. leggur sem sagt til, að frv. verði samþykkt.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Stjórnin hefur lýst því yfir, að frv. þetta sé framkvæmd á einu aðalstefnumáli hennar, en með því er gengið lengra í þjóðnýtingu atvinnuvega en Alþ. hefur áður viljað samþykkja. Nú virðist vera mikill meiri hluti á Alþ., sem vill fara inn á þessa braut. Það verður ekki annað sagt en að frv. lýsi talsvert mikilli bjartsýni, þar sem hér er um mikla fjárhæð að ræða á okkar mælikvarða. Sú bjartsýni skal að vísu ekki löstuð. Það er bjartsýni um lánstraust, sem vonandi bregzt ekki, og það er bjartsýni um rekstur hins opinbera, sem ég og margir aðrir vilja draga í efa, að eigi rétt á sér.

Framtíðarhorfur togaraútgerðarinnar eru ekki glæsilegar, eins og sakir standa. Allir vita, að skipin eru öll rekin með miklum halla, og þeir, sem skipin gera út, eru í miklum vandræðum með allan reksturinn. Þar að auki virðist nú vera svo komið, að tvö síðustu árin hefur mjög brugðizt veiði á sumum beztu fiskimiðum landsins. Má þar til dæmis nefna „Halann“, sem um mörg ár

hefur verið eitthvert aflasælasta fiskimið landsins, en hefur svo að segja alveg brugðizt síðustu tvö árin.

Það má líka minna á karfann, sem verið hefur eitt aðalverkefni togaranna síðustu tvö til þrjú árin. Svo virðist sem karfamiðin séu staðbundin og hægt sé að tæma þau, eins og þegar ausið er upp úr kistu, enda hefur það sýnt sig, að þau mið, sem menn töldu mjög auðug karfamið, hafa verið þurrausin á mjög skömmum tíma. En ég segi ekki þetta til þess að gefa í skyn, að ég áliti, að ekki eigi að gera út togara á Íslandi. Það er síður en svo. Ég tel, að við verðum að gera út togara á Íslandi, og þess vegna verðum við að líta með bjartsýni á framtíðina, jafnvel þótt útlitið sé slæmt eins og stendur. Þess vegna verður ekki komizt hjá því að endurnýja togaraflotann. Allir hugsandi menn sjá, að slíkt verður að gera. Og togaraflotinn verður að sjálfsögðu að endurnýjast á skynsamlegan hátt og með hæfilegu millibili, þannig að skipin gangi ekki alveg úr sér.

Hæstv. sjútvmrh. sagði, að við þyrftum í raun og veru að láta byggja 20 togara í staðinn fyrir 15 skv. frv. Það er að vísu fulldjúpt tekið í árinni, en hitt mætti segja, að gæti verið skynsamlegt, að byggja 2—3 skip á ári og endurnýja þar með flotann á 15—20 árum. Ég hef út af fyrir sig ekkert við það að athuga, að gerðar séu ráðstafanir til þess að smíða 15 skip, ef menn telja, að það sé fullt verkefni fyrir þessi skip og að hægt sé að reka þau á nokkuð heilbrigðum rekstrargrundvelli.

En ég vil þá spyrja, hvort þetta frv. byggist eingöngu á góðum vonum, eða hvort ríkisstj. hefur ríka ástæðu til að telja, að hún hafi þá lánsmöguleika erlendis, að þessu sé hægt að koma í framkvæmd.

Frv. gerir ráð fyrir, að þessir togarar eigi að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Þetta orðatiltæki, „jafnvægi í byggð landsins“, hefur verið talsvert misnotað í seinni tíð. Allt, sem gert er til þess að auka atvinnu úti á landinu, er gert til þess að halda jafnvægi í byggð landsins. Ég skal ekki út af fyrir sig lasta það, en ég spyr: Er þetta heilbrigðasta og réttasta leiðin til að halda jafnvægi í byggð landsins? Halda menn, að útkjálkabyggðirnar muni halda fólkinu frekar, ef það fær togara til umráða? Það hafa engin rök verið sett fram í þessu máli, sem ég hef heyrt, sem hafa sannfært mig um það, að þetta sé rétta leiðin til þess að halda jafnvægi í byggð landsins eða til að hjálpa útkjálkastöðum í lífsbaráttunni.

Ég veit ekki, hvort þeir, sem að þessu frv. standa, gera sér grein fyrir, að með því er verið að gera stórbyltingu í togaraútgerð landsins. Verði 4. gr. laganna samþykkt og skipin keypt, verður allur togarafloti landsins kominn í ríkisútgerð eftir nokkur ár. Menn skulu ekki halda, að hægt sé að stíga þetta skref, án þess að það hafi nokkrar afleiðingar. Þetta er að mínu áliti stærsta skrefið, sem stigið hefur verið til þjóðnýtingar á atvinnuvegum hér á landi, og það varhugaverðasta.

Að þessum atvinnuvegi hefur verið svo búið á undanförnum árum, að einstaklingar og félög, sem áður ráku hann, eru nú að gefast upp. Við hafa svo tekið bæjarútgerðir, og er óhætt að segja, að margar þeirra séu mjög illa reknar og tapa stórfé vegna þess, hversu illa er á haldið. En þegar ríkið hefur gengið inn í útgerðina, verður reksturinn með eindæmum. Það geta menn reitt sig á, og það á reynslan eftir að sanna. Ef ríkið á að fara að gera út togara og haga sér eftir því, hversu togað er í ríkisstj. frá ýmsum hliðum og af pólitískum ástæðum, mun sú reynsla sanna, að það verður ekki happadrjúg útgerð. En þá geta menn líka reiknað með einu, og það er, að bæjarfélögin vilja ekki til lengdar standa undir tapsútgerðinni. Þegar ríkið er tekið við útgerðinni, munu þau vilja losna við sína tapsútgerð, og þau gera það. Ríkið yfirtekur bæjarútgerðirnar, áður en langt um líður. Bæjarútgerðirnar hafa yfirtekið einkaútgerðina, og ríkið yfirtekur bæjarútgerðirnar. Og að lokum verður annar aðalatvinnuvegur Íslendinga kominn í ríkisrekstur. Það getur vel verið, að skammt verði þá þangað til bátaflotinn hljóti sömu örlög. En þá er líka takmarki sósialistanna náð.

Ef sjávarútvegurinn fer í þjóðnýtingu, hvað verður þá langt þangað til landbúnaðurinn verður tekinn þeim tökum, sem sósialistar vilja, að hann verði settur í samyrkjubú, eins og nú þekkist í sumum löndum? Það getur orðið stutt á milli.

Ég mun greiða atkv. gegn þjóðnýtingu á þessum aðalatvinnuvegi landsins, og ég mun leyfa mér að bera fram brtt. við 3. umr. málsins.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég ræddi þetta mál nokkuð við 1. umr. þess og lýsti þar ánægju minni yfir því, að hafizt væri handa um þá eflingu togaraflotans, sem hér er gert ráð fyrir, og minntist þá jafnframt á till., sem fram hafa komið um það efni á undanförnum þingum.

Þetta frv. er nú komið frá þeirri n., sem um það hefur fjallað, og er lagt til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, a. m. k. á þessu stigi málsins.

Ástæðan til þess, að ég vildi segja hér nokkur orð, voru nánast ummæli, sem komu fram frá hv. 2. þm. Reykv. (BÓ), þar sem hann dró mjög í efa, að útgerð togara væri líklegasta ráðið til þess að skapa það jafnvægi í byggð landsins, sem að væri stefnt með þessum ráðstöfunum. Ég held, að þessi ummæli byggist á nokkrum misskilningi. Það er að vísu rétt, að ýmis byggðarlög hafi ekki aðstöðu til að hagnýta sér útgerð togara, vegna þess að þar vantar öll skilyrði til þess, og verður vitanlega að byggja þar upp atvinnulíf á annan hátt. En það er engum efa bundið, að útgerð togara hefur þegar orðið mjög mikil lyftistöng og raunverulega bjargað ýmsum kaupstöðum landsins, sem hafa átt við örðugleika að stríða vegna aflabrests á undanförnum árum, bæði á síldveiðum og lítils afla bátaflotans. Er hv. þingmönnum vafalaust mjög vel kunnugt um ýmsa þessa kaupstaði, sem beinlínis hafa rétt við atvinnulega vegna togaraútgerðar. Og ég held, að reynslan hafi ótvírætt sannað það, að í jafnvel fleiri stöðum en nú þegar njóta togaraútgerðar eða hafa notið hennar enn að mjög ófullkomnu leyti, þá sé það ótvírætt líklegasta

ráðið til þess að geta skapað varanlega atvinnu á þessum stöðum. Þar, sem fiskiðjuver eru til í landi og hafnarskilyrði, en bátar geta ekki lagt upp nema mjög takmarkaðan afla, vegna þess að á heimamiðum er ekki um neinn afla að ræða, þá er auðvitað eina ráðið til þess að hagnýta þessi skilyrði að fá togaraafla til nýtingar. Togaraaflinn er oftast nær fyrir hendi meginhluta ársins, og með því móti að hafa hann til umráða er hægt að sigla fram hjá þeim mikla vanda, sem hið árstíðabundna atvinnuleysi hefur í för með sér.

Það er vitanlega svo, að með verulegri aukningu togaraflotans eykst þörfin á því, að það sé á vissum tímum árs hægt að selja afla togaranna beint til útlanda, þegar mest er eftirspurnin eftir vinnuafli í landi, bæði vegna vetrarvertíðar og sumarsíldveiða eigi síður, og þegar mestur annatími yfirleitt er hér heima fyrir. En á öðrum tímum árs, þegar að þrengir með atvinnu, er ómetanlegt að hafa skilyrði til þess að geta nýtt togaraaflann, og þetta hvort tveggja ætti að vera auðvelt að sameina, ef hægt er að skapa markað bæði fyrir ísfisk og hraðfrystan fisk og annan þann fisk, sem lagður er í land af togurum til vinnslu í landi.

Ég held þess vegna, að það sé alveg ótvírætt mál, að útgerð togara er fyrir alla þá staði, sem hafa fiskiðjuver til nýtingar aflans og hafnarskilyrði til að taka á móti aflanum, eitthvert allra heppilegasta og kannske sums staðar eina ráðið til þess að tryggja varanlega atvinnu.

Af þeim sökum held ég, að það sé tvímælalaust spor í rétta átt að efla nokkuð togaraflotann. Það getur svo alltaf verið matsatriði, hvað á að stiga stór spor í því efni. Ég lýsti þeirri skoðun minni hér við 1. umr. málsins, að sennilega væri það skynsamlegasta leiðin í framtíðinni, hvað sem líður því, að nú yrði gert átak í því efni, að reynt yrði að stefna að því að endurnýja togaraflotann með því að kaupa nokkur skip árlega. Með því móti væri jafnan hægt að hagnýta þær nýjungar, sem fram kæmu, jafnóðum og reynsla yrði af því annars staðar, að þær væru til bóta fyrir togaraútveginn, því að gallinn á því að kaupa mjög mörg skip með margra ára millibili er auðvitað sá, að með því móti er meiri hætta á því, að ekki sé hægt að fylgja alveg þeim nýjungum, sem fram koma í togarasmíðum, og jafnframt meiri hætta á því, ef samið er um smíði margra togara á sama stað og ef þar reynist einhver galli á, að það hafi verri afleiðingar. En allt slíkt er vitanlega til athugunar í framtíðinni, varðandi endurnýjun togaraflotans.

Ég skal mjög fúslega taka undir þau ummæli, sem hér hafa komið fram, að ríkisútgerð togara sé varhugaverð. Hitt er svo aftur allt annað mál, hvort verður nokkur möguleiki með öðru móti til þess að hagnýta togara til atvinnuaukningar fyrir ýmsa smærri staði, sem ekki hafa nokkur ráð með að eiga slík tæki. Þetta þarf auðvitað mikillar athugunar við, og ég tel það nú sannast sagt mjög miður farið, ef á að afgreiða þetta mál endanlega hér út úr d., án þess að fram sé lagt frv. það, sem hér er boðað um ríkisútgerð togara, þannig að hægt sé fyrir þm. að átta sig á því, hvaða hugmyndir eru hér að baki hjá hæstv. ríkisstj., því að afstaða manna til þessa máls veltur auðvitað nokkuð á því, hvernig framkvæmd þess er fyrirhuguð og hversu viðtæk þessi útgerð verður. En það er alveg rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. benti á, og því skulu menn ekki loka augum fyrir, að þau bæjarfélög, sem hafa verið að stritast við að leggja fram fé til togarakaupa af litlum efnum, munu vitanlega mörg hver bera fram kröfu um, að ríkið yfirtaki þá útgerð, og ég er ákaflega hræddur um, að það geti orðið erfitt að fá þau ýmis til þess að kaupa skip og leggja fram fé í því sambandi, ef annars vegar er boðið upp á ríkisútgerð togara, nema því aðeins, sem auðvitað er nú önnur hlið málsins, sem mikið veltur á um alla framtíð þessarar útgerðar, að hægt verði að koma þessari útgerð á þann grundvöll, að ekki sé jafngeysilegt tap á henni og nú er og því ekki eins stórkostleg áhætta fyrir fjárhagslega veikburða bæjarfélög að hefja slíkan atvinnurekstur og nú er. En þetta atriði er að mínum dómi mjög athugunarvert og nauðsynlegt að íhuga það vandlega, áður en frá því er gengið. Enda þótt ég á engan hátt vilji fordæma þá hugmynd, sem þarna liggur að baki, þegar um það er að ræða, að einstaklingar eða bæjar- eða sveitarfélög eru þess alls ómegnug að standa undir slíkum atvinnurekstri, að hið opinbera grípi þá inn í, þá eru í sambandi við þetta svo mörg atriði, sem íhuga þarf, að það er nauðsynlegt, að menn geri sér nákvæma grein fyrir því, hvernig skipulagi þessara mála verði bezt fyrir komið, áður en endanleg ákvörðun verður um það tekin. Það kann vel að vera, að það sé ætlun hæstv. ríkisstj. að leggja þetta frv. um ríkisútgerð togara hér fram á næstu dögum eða áður en þetta mál verður endanlega afgreitt út úr d. Að minnsta kosti væri það mjög æskilegt, til þess að hægt væri að gera sér nánari grein fyrir því, hvaða hugmyndir hér liggja að baki og hvernig hæstv. ríkisstj. hefur hugsað sér, að þessum málum yrði nánar fyrir komið.

Að öðru leyti tel ég, að efling togaraflotans sé mál, sem hljóti að njóta almenns stuðnings, en legg nú jafnframt áherzlu á það, eins og ég gerði við 1. umr. málsins, að það hafa vitanlega mjög litla þýðingu slík frv. sem þetta og samþykkt þeirra, nema því aðeins, að mjög miklar líkur séu til, að hægt verði að koma þessu máli í framkvæmd. Væri vitanlega mjög æskilegt að heyra um það nánar, hvort hæstv. ríkisstj. nú á þessu stigi hefur einhverja nánari vitneskju en hún hafði við 1. umr. málsins um það, annars vegar, hvaða líkur eru til þess, að hægt sé að fá þessi skip smíðuð og þá hvenær, og hins vegar og þá ekki síður, hvaða horfur eru á því, að hægt verði að afla þess mikla lánsfjár, sem nauðsynlegt er að fá, til þess að unnt sé að kaupa skipin.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ég mun að sjálfsögðu verða við þeim tilmælum, sem mér hafa borizt, bæði frá hæstv. forseta þessarar deildar og einnig frá hv. frsm. þessa máls, að taka þessa mína till. aftur til 3. umr., og geri ég það hér með. Ég álít það vinning fyrir það mál, sem ég hef vakið hér máls á, að nægur tími gefist til gaumgæfilegrar athugunar á því.

Samkvæmt þessu frv., sem hér liggur fyrir, er

gert ráð fyrir því í 2. gr., að ríkisstj. endurláni allt að 85% af andvirði hvers skips gegn 1. veðrétti í skipinu. Þetta eru þau almennu ákvæði, sem gilda um þetta, þegar um er að ræða sölu til einstakra manna og svo félaga, hvort sem það eru bæjarfélög eða félög einstakra manna, sem stofnað er til í þessu skyni.

Hins vegar eru gerðar hér undantekningar um nokkur aukin fríðindi, en þær eru aðeins bundnar við Vestur-, Norður- og Austurland, og ég geri ráð fyrir því, að sá skilningur liggi á bak við þessa skilgreiningu, að þar séu t. d. Vestmannaeyja- og Faxaflóahafnirnar undanteknar. Til þess eru refirnir skornir.

Í öðru lagi er samkvæmt 3. gr. gert ráð fyrir því, að heimilt sé, þegar um er að ræða kaup á togurum, sem skráðir verða á Vestur-, Norður- og Austurlandi, að ríkissjóður endurláni allt að 90%, og í þessu felast að sjálfsögðu nokkuð aukin fríðindi frá því, sem er samkvæmt ákvæðum 2. gr.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. geti, að fengnum till. atvinnumálanefndar, sett á stofn sérstaka ríkisútgerð togara, en þetta er einnig bundið við Vestur-, Norður- og Austurland, og að þetta sé að sjálfsögðu gert þar á þessum svæðum, sem svo stendur á, að ekki séu fjárhagslegir möguleikar til þess að kaupa og reka togara, enda sé um atvinnuskort að ræða.

Með þeim skilningi á þessu frv., að Faxaflóahafnirnar og Suðurland að öðru leyti sé undanþegið þessum fríðindum, hef ég flutt mína brtt., sem felur það í sér, að í þessu efni um þessi tvö viðbótarfríðindaákvæði gildi eitt og hið sama um allt land. Grundvöllurinn fyrir þeim stuðningi, sem hér er um að ræða, verði sá, jafnt hvar sem er á landinu, að brýn þörf sé fyrir slíkar ráðstafanir. Og ég vil hér leiða nokkur rök að því, að því er Akranes snertir til dæmis að taka, að þar geti orðið brýn þörf fyrir slíkar ráðstafanir.

Á Akranesi hefur verið mjög gott atvinnuástand á undanförnum árum, sem að sjálfsögðu byggist fyrst og fremst á þeirri útgerð, sem þar er, og vinnslu þess afla, sem lagður hefur verið þar á land að undanförnu. Og í sambandi þessa eða sem afleiðing af þessu hefur leitzt inn mjög stór hópur manna úr öðrum byggðarlögum landsins til Akraness og íbúatalan hækkað þar mjög á síðustu árum af þessum sökum. Þetta fólk, sem flutzt hefur til Akraness, eða meginhluti þess, hefur tekið sig upp frá þeim stöðum, þar sem atvinnuskortur hefur verið, og hefur tekizt að veita þessu fólki atvinnu á Akranesi að undanförnu, allt til þessa, með þeim hætti, að þar hefur verið mikið að gera í sambandi við vinnslu sjávarafurða. En þessi afli, sem lagður hefur verið upp til vinnslu á Akranesi, er ekki nema að nokkrum hluta af þeirri útgerð, sem hefur verið á Akranesi, heldur hafa skip úr öðrum verstöðvum lagt þar á land, sum árin mjög verulegan hluta þess aflamagns, sem þar hefur verið unnið. En það hefur verið sú fyrirsjá og fyrirhyggja um vinnslutæki eða tæki til þess að vinna úr afla, að þar er hægt að inna af hendi mjög mikið verk í þessu efni, auk þess sem þar eru viðurkennd að vera einhver beztu og fullkomnustu hraðfrystihús í þessu landi, auk þess sem þar er góð aðstaða til þess að verka saltfisk og einnig til þess að verka skreið. Þetta hefur allt saman haldizt í hendur á Akranesi, að þeir, sem að því standa að hafa aflað þessara tækja, útgerðarmenn þar, hafa verið langt á undan mönnum í öðrum verstöðvum á þessu sviði um sínar framkvæmdir. Hægt er þar að vinna úr miklu meira magni en aflast á heimaútgerðina á Akranesi. Það mun hafa verið á Akranesi, sem byrjað var hér á landi að frysta karfa til útflutnings.

Ég skal nú gefa hér dálitlar upplýsingar um það, hvað lagt hefur verið upp af afla á Akranesi til vinnslu þar úr skipum, sem gerð eru út í öðrum byggðarlögum. Á árinu 1949 voru lögð þar í land 2400 tonn af skipum annars staðar að, 1950 3381 tonn, 1951 6000 tonn rúm, 1952 7600 tonn, 1953 4515 tonn, 1954 7552 tonn, 1955 1152 tonn og á þessu ári aðeins 458 tonn.

Þessi rýrnun í því að leggja upp afla á Akranesi af skipum annars staðar að stafar af því, að þeir, sem að þessari útgerð standa, eru á þessum árum búnir að búa svo í haginn fyrir sig á heimastöðunum, að þeir geta sjálfir verkað þennan afla þar. Þannig hefur Akranes misst nú gersamlega að heita má af aflamagni, sem numið hefur sum árin upp í hálft áttunda þúsund tonn, án þess að nokkuð hafi rætzt úr þessu með aukningu á heimaútgerðinni til að fylla í skarðið. Til dæmis á árinu 1954 voru lögð upp á Akranesi af skipum annars staðar að 7552 tonn. Síðan hefur bátum aðeins fjölgað þar um þrjá. Þeir eru 22 núna, sem gerðir verða út á þessari vertíð. En við það er þó að athuga, að þrír af þessum bátum eru mjög úr sér gengnir og vafasamt um útgerð þeirra meira að segja á þessari vertíð, hvað þá heldur þegar lengra líður.

Þannig standa þá þær sakir heima fyrir, að við það, að hætt er að leggja upp þetta aflamagn á Akranesi, rýrna náttúrlega atvinnumöguleikarnir þar. Þegar ekki er úr því bætt með aukinni bátaútgerð, sem ekki hefur verið unnt að gera, þá rýrna þeir að mjög verulegu leyti og svo mikið, að mjög óvænlega horfir um að geta veitt þeim fjölda fólks, sem flutt hefur til Akraness, framtíðaratvinnu í sambandi við útgerðina.

Úr þessu hefur nokkuð verið bætt í ár með þeirri miklu atvinnu, sem verið hefur á Akranesi í sambandi við hafnarframkvæmdir þar og einnig byggingu á sementsverksmiðju, sem hófst á þessu ári. Nú má gera ráð fyrir, að atvinna verði í sambandi við sementsverksmiðjuna næsta ár og e. t. v. eitthvað af fyrstu mánuðum ársins 1958, en þá á byggingu sementsverksmiðjunnar að vera að fullu lokið og einnig þeim hafnarframkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru, svo að hér þarf vissulega að gæta varhuga við, svo framarlega sem ekki á alveg að sækja í sama horfið á Akranesi og orðið hafa forlög í ýmsum öðrum kauptúnum landsins, þar sem atvinnan hefur brugðizt.

Ég hef þess vegna flutt mína brtt. hér með tilliti til þess, — svo fremi sem litið verður þannig á, að Faxaflóahafnirnar heyri ekki undir ákvæði þessa frv., eins og það er orðað nú, — að sá staður verði ekki útilokaður frá þeim stuðningi, sem gert er ráð fyrir að geti leitt af þessu frv., annaðhvort það, að þeir, sem réðust

í það heima að kaupa togara, nytu þeirra beztu hlunninda, sem í frv. felast, og að því leyti sem ekki væru efni eða ástæður til að efla útgerðina af eigin rammleik heima fyrir, þá væri ekki útilokað, að heimild væri til ríkisútgerðar á togurum þar til þess að bæta úr því atvinnuástandi, sem hætt er við að gæti skapazt á Akranesi, þegar þessum stóru framkvæmdum tveimur er lokið.

Ég vildi þess vegna með minni brtt. stuðla að því, að þessi möguleiki stæði einnig opinn að því er þennan kaupstað snerti, svo fremi sem þannig verður á litið, að Faxaflóahafnir heyri ekki undir ákvæði þessa frv., og þykir allur varinn góður í því efni.

Það er náttúrlega sjálfsagður hlutur, að þegar stofnað er til slíkra ráðstafana eins og þessara, sé höfð full hliðsjón af því, sem gerzt hefur að undanförnu, og ráðstafanirnar miðaðar við að bæta úr þeim erfiðleikum, sem sýnilegir eru og áþreifanlegir í ýmsum stöðum á landinu í þessu efni. En það má hins vegar heldur ekki loka alveg augunum fyrir því, sem fram undan er og við blasir, eins og ég þykist nú hafa gert hér grein fyrir að því er Akranes snertir, og taka þarf með slíkum ráðstöfunum fullkomið tillit til þess, og það vænti ég einnig að verði gert.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þessa till. mína. Ég hef lýst því yfir, að ég tek hana aftur til 3. umr., og vænti þess, að hv. n., sem hefur mál þetta til meðferðar, athugi málið í því ljósi, sem ég þykist nú hafa brugðið hér upp að því er til Akraness tekur, og getur þetta einnig snert fleiri útgerðarstaði hér við flóann.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að lýsa ánægju minni yfir afgreiðslu hv. fjhn. á þessu frv., þar sem hún leggur til, að það verði samþ. án breyt. En ég vildi jafnframt leyfa mér að fara nokkrum orðum um nokkur atriði, sem fram hafa komið hér í umr., og þá m. a. vegna þess, að ég átti á sínum tíma sem nm. nokkurn þátt í að undirbúa þetta frv., áður en það var lagt fyrir Alþ.

Hv. 2. þm. Reykv. (BÓ) gerði það að umtalsefni, að í 4. gr. frv. er heimild til handa ríkisstj. til þess að setja á stofn sérstaka ríkisútgerð togara í því skyni, að þeir leggi afla sinn á land á Vestur-, Norður- og Austurlandi, sérstaklega á stöðum, þar sem ekki eru fyrir hendi fjárhagslegir möguleikar til þess að kaupa og reka togara, enda sé talið, að skortur á atvinnu á þeim stöðum hamli eðlilegum vexti þeirra. Hv. 2. þm. Reykv. virtist telja, að þetta heimildarákvæði, en hér er nú aðeins um heimildarákvæði að ræða, væri ekki með öllu hættulaust, því að með því væri stefnt að allsherjarþjóðnýtingu togaraútgerðarinnar hér á landi. Mér virtist þetta koma fram hjá honum, þó að hann e. t. v. hafi ekki sagt það beinlínis, að hann teldi, að það væri tilgangurinn með þessu heimildarákvæði. Ég hygg hins vegar, að staðhæfa megi, að það út af fyrir sig hafi ekki verið tilgangurinn með því að setja inn í frv. heimild til ríkisútgerðar að koma hér á allsherjarþjóðnýtingu togaraútgerðarinnar, heldur er þetta ákvæði byggt á því, sem reynslan hefur kennt, að hér við sjávarsíðuna eru ýmsir staðir, sem hafa mikla þörf fyrir einhverja þjónustu slíkra skipa sem hér er um að ræða, en ekki verður séð, að hafi neina fjárhagslega möguleika til þess að eignast slík skip eða reka þau. Hafa menn þá ekki komið auga á annað úrræði framkvæmanlegt í þessu sambandi en að samfélagið eða ríkið hlypi hér undir bagga og útvegaði eitthvað af þessum atvinnutækjum og léti reka með sérstöku tilliti til þessara staða.

Ég hygg, að það hafi ekki verið tilgangurinn með þessu heimildarákvæði að leggja nokkurn stein í götu þeirra einstaklinga, félaga eða bæjarfélaga, sem hafa hug á að eignast og reka slík tæki sjálfir, enda er í frv. gert ráð fyrir mjög verulegum fyrirgreiðslum til slíkra aðila. En heimildin um ríkisútgerð er fyrst og fremst við þetta miðuð, að þeir staðir verði ekki með öllu útundan í sambandi við opinberar ráðstafanir í þessu sambandi, sem af fjárhagsástæðum hafa ekki möguleika vegna fámennis síns til þess að verða sjálfir eigendur skipanna og reka þau.

Ég hef talið það víst þrátt fyrir heimildarákvæði þessara laga, að ef það tekst, sem í raun og veru er nú óhjákvæmilegt, að gera einhverjar þær ráðstafanir, sem yrðu til þess, að togaraútgerð geti í framtíðinni orðið rekstrarhæf hér á landi, — og sama þurfa auðvitað aðrar atvinnugreinar að verða, — þá muni þrátt fyrir slík heimildarákvæði í lögum áfram verða fyrir hendi, bæði hjá einstaklingum og bæjarfélögum, fullur vilji til þess að eiga og reka slík tæki, því að auðvitað er það nokkuð annað að hafa full umráð tækjanna eða eiga við fyrirtæki, sem er rekið af öðrum aðilum, þó að það sé ríkið sjálft.

Hins vegar er svo það, sem hv. frsm. fjhn. drap á hér í upphafi umræðunnar, að það má vel vera, að þeir staðir séu sums staðar, og er raunar vitað, að til eru staðir, sem að óbreyttum ástæðum ekki geta haft not af togaraútgerð og þá ekki heldur ríkisútgerð vegna þess, að þeir hafa ekki þau hafnarskilyrði, að hægt sé að landa, eins og sakir standa, afla úr togurunum. Þá verður að bæta úr þeirra þörf með öðrum ráðum, og til þess eru ákvæði 5. gr. fyrst og fremst hugsuð, eins og hann líka gat um.

Hv. þm. Borgf. (PO) hefur lagt fram brtt. við 3. og 4. gr. frv. og mælt með þeim, en jafnframt getið þess, að hann muni samkv. tilmælum frsm. taka till. aftur til 2. umr. Efnislega skal ég ekki koma mikið inn á þessar till., enda verða þær að sjálfsögðu frekar ræddar við 3. umr.

Ég skal ekki heldur ræða neitt þá lýsingu, sem hann gaf af atvinnurekstri á Akranesi, sem hefur verið með miklum myndarskap að jafnaði, en aðeins vil ég fara nokkrum orðum um þá hugsun, sem felst í þeim ákvæðum 3. og 5. gr., sem hv. þm. gerði að umtalsefni.

Undanfarin ár hefur verið mikið rætt um það bæði innan Alþingis og utan, að það þurfi, eins og það er kallað, að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, það þurfi að hlaupa eitthvað sérstaklega undir bagga með fólkinu í þeim landshlutum, sem við sérstaka erfiðleika eiga að búa af ýmsum ástæðum og helzt ekki á fólki sínu, og menn hafa verið með ýmsar till. í því sambandi. Nú spurði einhver hér áðan í umr., — ég held, að það hafi verið hv. 2. þm. Reykv., — hvort

það mundi vera til þess fallið að hjálpa þessum fámennu byggðarlögum til þess að halda íbúatölu sinni að koma upp togaraútgerð í þeim byggðarlögum. Það má sjálfsagt margt um það segja, en ég held nú, að fyrsta skilyrðið til þess að fólk haldist í þessum landshlutum, að íbúum fækki þar ekki, heldur fremur fjölgi, sé það, að menn hafi þar verkefni, og þá verður mönnum við sjávarsíðuna, bæði á Norður-, Vestur- og Austurlandi, auðvitað fyrst og fremst litið til sjávarins og þeirra möguleika, sem þar er að hafa, og að þarna þurfi að koma á land meiri afli til þess að veita fólkinu aukið verkefni.

Sums staðar hefur nokkuð verið gert að því undanfarið að fá til þessara staða vélbáta af venjulegri stærð, venjulegri vertíðarstærð, sem kallað er, en reyndin hefur orðið sú, a. m. k. fyrir norðan og austan og að nokkru leyti líka fyrir vestan, að þessir bátar hafa að jafnaði ekki verið gerðir út frá sínum heimabyggðum nema nokkurn hluta ársins, á síldveiðarnar að sumrinu, þegar síldin hefur verið, og að einhverju leyti vor og haust, en að öðru leyti hafa bátarnir farið suður á vetrarvertíð og verið þar yfir vertíðina, að vísu oft með skipshöfn úr sínu eigin byggðarlagi. En þegar þannig fer um reksturinn, verður að líku atvinnutæki miklu minna gagn fyrir byggðarlagið en ætla mætti. Það má segja, að ekki sé mjög mikill munur á því, hvort eitthvert þorp fyrir norðan eða austan á 50—60 tonna bát og sendir hann suður á vertíð með mönnum að heiman eða þá að mennirnir eru sendir suður til þess að róa á bát hér syðra, þannig að gagnið af því að eiga sjálft atvinnutækið verður minna en vænta mætti. Þess vegna hefur mönnum nú virzt, að það mundi vera í ýmsum tilfellum heppilegra úrræði, a. m. k. á veturna, að þarna kæmu til togarar, sem legðu upp afla í þessum landshlutum.

En út af þessu almenna viðfangsefni að efla jafnvægi í byggð landsins, þá er það að segja í sambandi við þetta frv., að í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir, að ríkið endurláni almennt allt að 85 af hundraði af andvirði hvers skips. Það er sú almenna regla, sem sett hefur verið í frv., og ég veit ekki, ef ekkert hefði staðið í frv. nema þetta, að ríkið endurlánaði allt að 85% út á hvert skip, hvort hv. þm. hefðu þá gert aths. við það. En nú eru í 3. gr. undantekningarákvæði frá þessu, þar sem er heimild til þess að hækka þetta lán úr 85% upp í 90% í þeim landshlutum, þar sem sérstök þörf er talin á að stuðla að varðveizlu byggðarinnar. Til þess er þetta ákvæði sett inn, og sama er að segja um útgerðarákvæðiið í 5. gr.

Nú er það auðvitað svo, að ef aldrei er hægt að leggja til, að einhver sérstakur stuðningur sé veittur þessum landshlutum, án þess að þá komi einhverjir um leið og leggi til, að sami stuðningur sé veittur hinum landshlutunum, þá verður náttúrlega lítið úr hinum svokölluðu jafnvægisráðstöfunum. — Þetta vildi ég aðeins segja til skýringar þessari hugsun, sem í ákvæðum þessara gr. frv. felst.

Hv. 2. þm. Eyf. (MJ) gat þess, að ekki lægi fyrir frv. um ríkisútgerð togara, sem vitnað er til í 4. gr. Þetta frv. hefur ekki verið lagt fyrir þingið enn þá, og ég hygg, að það stafi af því, að ekki hafi verið að fullu lokið þeim undirbúningi, sem þyrfti að liggja á bak við slíkt frv. En ég sé nú ekki, að það þurfi að tefja afgreiðslu málsins hér í hv. d., vegna þess að í slíku frv. um ríkisútgerð togara yrði trúlega ekki annað en ýmisleg framkvæmdaratriði, í því tilfelli, að heimildin yrði notuð, og getur e. t. v. verið nokkurt álitamál, hvort þörf er á þeim lögum eða hvort slíkt gæti orðið ákveðið í sérstökum reglum, sem ríkisstj. setti. En væntanlega verður þess ekki mjög langt að bíða, að slíkt frv. geti legið fyrir, ef það á annað borð verður samið. Hins vegar, ef það yrði ekki lagt fyrir þingið, þá má vera, að rétt þætti að fella niður þessa tilvísun, sem í gr. stendur.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég kvaddi mér raunar hljóðs aðeins til þess að þakka hv. fjhn. fyrir afgreiðslu þessa máls, að hún hefur afgr. það einróma, jákvætt, og afgr. það jafnfljótt og hún hefur gert.

Það hafa ekki komið fram hér í þessum umr. aðfinnslur, sem verulegar geta talizt, og þeim hefur raunverulega þegar verið svarað. Þær hafa komið fram aðallega af hálfu hv. 2. þm. Reykvíkinga (BÓ).

Ég þarf fáu við það að bæta, sem hv. þm. N-Þ. (GíslG) sagði um þau atriði, sem hv. 2. þm. Reykv. bar hér fram, en ég vil þó segja um þessi atriði örfá orð.

Það, sem hv. þm. setti mjög fyrir sig, var þjóðnýting á togaraútgerðinni samkv. ákvæðum 4. gr. þess frv., sem hér liggur fyrir. Ég get nú fyrst og fremst staðfest það, eins og ég tók fram við framsögu málsins, að ekki kemur til mála, að gripið verði til þessa rekstrar nema undir þeim kringumstæðum, þegar nauðsyn krefur, og skipin mundu ekki vera gerð út með öðru móti en að ríkið tæki að sér rekstur þeirra.

Ég get að vísu játað, að það er rétt hjá hv. þm., að það er hugsanlegt, að það verði ásókn á það af þeim kauptúnum og kaupstöðum, sem nú gera út togara, að láta ríkið taka við rekstrinum, en það verður nú ekki fyrir öllu séð, og ég get nú ekki tekið undir þau ummæli hv. þm., að hér sé um einhverja stórbyltingu að ræða í okkar útgerðarmálum, því að fyrst og fremst er nú þessu þannig háttað, að ríkið hefur borgað vexti og afborganir af miklum meiri hluta þeirra togara, sem gerðir eru út af öðrum en ríkinu. Það mun vera svo, að þetta er orðinn mikill meiri hluti; ég hygg, að það séu orðnir allir togararnir, sem voru keyptir í seinna skiptið, og talsvert mikið af hinum og alltaf hefur þetta verið gert, undir öllum kringumstæðum, þegar eignaskipti hafa orðið á togurunum og þeir fluttir til. Það er því orðið þannig núna, að sú einstaklingsútgerð, sem við búum við, eða bæjarútgerð, er með þeim hætti, að ríkið stendur í ábyrgð fyrir henni, eins og við vitum, að mestum hluta og tekur á sig skakkaföllin, þegar þau eru til staðar, þannig að stökkið er nú ekki stórfellt. Og þegar rætt er um ríkisútgerð á nokkrum stöðum úti á landi, þar sem einstaklingarnir eða lítil hreppsfélög hafa ekki möguleika til að gera út sjálf, verð ég nú að segja það, að munur sé ekki þar stórkostlega mikill og á bæjarútgerðunum, sem nú eiga

sér stað; það er vitanlega opinber rekstur, alveg eins og verður ríkisrekstur á þessum takmörkuðu svæðum, þar sem þorpin geta ekki hjálpað sér sjálf, og munurinn á þessum tveimur tegundum opinbers rekstrar, bæjarrekstri og ríkisrekstri, hefur nú a. m. k. aldrei til þessa verið talinn eins stórfelldur og hv. þm. vildi vera láta. Og ég held, að flestir verði nú á einu máli um það, að munurinn sé sáralítill, svo að stökkið, sem tekið er í útgerðarmálum eða atvinnumálum á Íslandi samkv. ákvæðum 4. gr., ef að lögum verður, er sannarlega ekki mikið, a. m. k. fjarri því að vera eins stórt og hann vildi vera láta.

En hann dró jafnframt í efa, að togaraútgerð væri heilbrigðasta og bezta leiðin til þess að halda jafnvægi í byggð landsins, og setti fram þá skoðun sína, að svo mundi ekki vera. Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta atriði heldur, en fyrir okkur, sem höfum verið og erum þingmenn fyrir byggðarlög úti á landi, er þetta ekki nein ráðgáta, a. m. k. er það ekki fyrir mig. Við höfum séð það, ekki aðeins í þeim sýslum, sem við teljum okkur vera og erum fulltrúar fyrir, heldur höfum við séð það í fjöldamörgum öðrum byggðarlögum, þar sem við höfum komið á ferðalögum okkar, að það hefur verið gerð, eftir að landhelgislínunni var breytt, ýtarleg tilraun til þess að afla hráefnis í þau frystihús og verkunarstöðvar, sem eru á þessum stöðum, með bátaútvegi. Þessi tilraun hefur verið gerð ár eftir ár í mörg ár, og það lítur út fyrir, þó að maður viti það ekki með vissu, — það er ekki hægt að segja, að það sé vísindalega sannað, — að breytingar á landhelgislínunni hafi valdið því, að eftir að friðað er hér fyrir Suðvesturlandi meira en annars staðar, sæki togararnir núna, útlendir og innlendir, á mið, þar sem eru þær fiskigöngur, sem síðar sækja á þau nálæg mið fiskiflotans fyrir Norður- og Vesturlandi a. m. k., og koma beinlínis í veg fyrir það, að fiskurinn komi á svo nálæg mið, að það sé hægt að halda úti bátaútvegi með sæmilegum hætti. Þetta er búið að reyna í mörg ár, og það er náttúrlega ekki hægt að fullyrða það, að þetta fiskleysi á bátamiðunum sé af þessum ástæðum, en það eru miklar líkur til þess.

Þess vegna er það engum efa bundið, að ef ekki á að flytja fólkið burt af þessum stöðum og leggja atvinnutækin þar niður, er ekki um aðra möguleika að ræða en þá að reyna þessa leið. Því getum við svarað alveg hispurslaust, það er engin leið önnur til, sem bent hefur verið á, enda benti hv. 2. þm. Reykv. ekki á neina aðra leið.

Og þá kemur að þessu atriði um ríkisútgerðina. Vitanlega er alveg útilokað, að kauptún, — ég hef mörg kauptún í huga, sem eru orðin blásnauð vegna þess, að þar hefur verið aflabrestur mörg undanfarin ár á bátana, — það er alveg útilokað, að þessi blásnauðu kauptún, sem hafa orðið fátækari með hverju árinu, geti nokkuð lagt í togaraútgerð. Annaðhvort verður þess vegna að hætta við þessa leið eða að láta ríkið taka að sér reksturinn á þessum stöðum.

Það hníga því öll rök að því að velja þær leiðir, sem bent er á í frv., og virðist vera erfitt af þeirri reynslu, sem fengin er undanfarið og við þekkjum, sem höfum starfað fyrir þessi kjördæmi úti á landinu, að mótmæla því, a. m. k. komu ekki fram hjá 2. þm. Reykv. nein þau rök, sem hnekkja á nokkurn hátt því, sem borið er fram hér í þessu frv.

Það var spurt um það, og það er síðasta atriðið, sem ég vildi svara, hvort fengizt hefði lán til þess að kaupa þessa togara. Á það hefur ekki reynt enn. Það er vitanlega ekki hægt að leita fyrir sér til fullnustu um byggingu skipanna fyrr en frv. hefur verið samþ., og ég geri ráð fyrir því, að um lántöku verði með svipuðum hætti og verið hefur áður, þegar skip hafa verið keypt, að það verði leitað fyrir sér um lántöku í þeim löndum, þar sem skipin verða byggð, þannig að þetta tvennt, að leita fyrir sér með byggingu skipanna og með lántöku, verði að fara saman.

Það er ekki óeðlilegt, þó að það sé spurt um þetta atriði, því að það er staðreynd, að Íslandi hefur gengið mjög illa að fá lán þrjú síðustu árin. Erlendur lánamarkaður hefur verið svo að segja algerlega lokaður fyrir Íslandi í þrjú ár. Og án þess að ræða það atriði hér í sambandi við þetta mál, er þess ekki að dyljast, að ein ástæðan fyrir því, hvernig komið er okkar fjármálum innanlands, er sú, að lán hafa ekki fengizt núna undanfarin ár, svo að neinu nemi, og þess vegna hafa bankarnir verið píndir til útlána, til þess að framkvæmdir, sem ríkisstj. hefur haft með höndum, stöðvuðust ekki miklu meir en hófi gegnir, eins og bankarnir allir gáfu ríkisstj. sorglega skýrslu um, fyrstu dagana eftir að hún tók við völdum.

Ég get ekki sagt um þessa lánsmöguleika frekar á þessu stigi og sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta mál að sinni.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Í sambandi við ummæli hv. 2. þm. Reykv. vil ég segja þetta: Ég held ekki, að mjög mikil hætta sé á, að nota þurfi ákvæði 4. gr. um ríkisútgerð togara, ef þeir, sem óska eftir að kaupa togara nú, fá þá fyrirgreiðslu, sem frv. gerir ráð fyrir. Það eru ekki líkur til, að byggð verði fleiri skip á næstu tveimur, þremur árum en kaupendur eru að nú þegar. Og ég held, að fyrir þann tíma verðum við að vera búnir að finna viðhlítandi lausn á vandamálum togaraútgerðarinnar, og mun þá ekki skorta kaupendur að skipunum jafnóðum og þau fást byggð.

Annars kvaddi ég mér aðallega hljóðs til þess að lýsa nokkuð í sambandi við 4. gr. frv. þeirri reynslu, sem fengizt hefur í þessu efni á Vestfjörðum. Þar hefur verkun á afla Ísafjarðartogaranna farið fram með samvinnu nágrannabyggðarlaganna, Ísafjarðar, Hnífsdals, Bolungavíkur og Súðavíkur. Þessi samvinna hefur gefizt svo vel, að nú, þegar augljóst er, að brýn nauðsyn er að kaupa 1—2 togara til viðbótar á þessum stöðum, hafa tvö hraðfrystihús á Ísafirði og eitt í Hnífsdal tekið höndum saman um að kaupa a. m. k. einn nýjan togara ásamt Eyrarhreppi og nokkrum einstaklingum. Samvinna þessara byggðarlaga byggist á sæmilega tryggum samgöngum á landi milli allra þessara staða sumar og vetur. Það hefur verið reynt að landa úr togurum annars

staðar á Vestfjörðum, með því að láta þá fara á eina höfnina af annarri, en það hefur gefizt illa. Virðist það mesta, sem hægt er að teygja sig í því efni, að skipin geti landað á tveimur stöðum og þá ekki nema litlum slatta á öðrum staðnum. Samkvæmt þessari reynslu er það ljóst, að skipin eiga að landa fiskinum og fá nauðsynjar sínar helzt á einum stað, sem þá jafnframt á, ef unnt er, að vera heimahöfn skipsins. Hins vegar á að bæta samgöngur við smærri staðina svo, að unnt sé að láta þá fá hráefnaslatta, sem þeir komast yfir að vinna.

Sumir kunna að segja, að þetta sé ekki hægt, að byggja viðunandi og sæmilega trygga vetrarvegi hér á landi. Það var líka álitið fyrir vestan, áður en þeir voru lagðir. Það var meira að segja talið ókleift að byggja þar nokkra vegi, hvað þá vetrarvegi. Reynslan hefur þó sýnt allt annað, og ég hygg, að svo muni fara víðar, ef unnið er að vegarlagningunni með þeirri tækni og þekkingu, sem við nú ráðum yfir, og hæfilegrar framsýni og bjartsýni gætir í vegarlagningunni.

Til viðbótar má geta þess, og vísa ég þar til skýrslu mþn. um jafnvægi í byggð landsins, að eitt af því, sem gerir því nær ókleift að skipa upp úr togurum á smáhöfnunum, er, að þar vantar öll mikilvirk tæki til að flýta uppskipuninni, og verður hún því seinvirk og allt of dýr. Einnig er þá ekki hægt að nota biðtíma skipanna til viðgerða, sem alltaf eru nauðsynlegar eftir hverja veiðiferð. Sjómenn geta ekki heldur farið heim til sín, og margt fleira mætti telja, sem gerir þessa aðferð til þess að losna við aflann erfiða og kostnaðarsama. Þar að auki er hún, m. a. af þessum sökum sem ég hef nú lýst, óvinsæl af útgerðarmönnum og sjómönnum.

Ég vildi því mælast til, að hv. fjhn. tæki til athugunar fyrir 3. umr. jafnframt till. hv. þm. Borgf., hvort ekki mætti bæta við næstsíðustu mgr. 4. gr. svo hljóðandi málsgr.: Ef ekki er unnt að bæta úr atvinnuleysinu með öðru móti. — Ég mun annars óska þess að mega bera fram brtt. um það við 3. umr.

Með því að bæta úr atvinnuleysinu á annan hátt en þann að láta togarana fara í strandferð af hverri smáhöfninni á aðra á ég fyrst og fremst við að bæta samgöngurnar á landi milli þeirra staða, sem til greina geta komið við hafnarbæina. Þetta hefur gefið betri raun fyrir vestan en nokkurn gat grunað fyrir fram.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Eins og oft áður hefur það komið fram í þessum umr., að hv. sjálfstæðismenn virðast vera mjög hikandi í grundvallarafstöðu sinni. Það hefur farið svo, að sá þeirra, hv. 2. þm. Reykv. (BÓ), sem ærið oft hefur sagt það, sem margir telja hinn sanna hug þeirra til slíkra mála, hefur tekið hreinlega og afdráttarlausa afstöðu á móti ríkisútgerð og andmælt henni. Síðan hafa flokksmenn hans reynt að mýkja yfir það, sem hann hafði gert, og draga í land. Þannig lét hv. 2. þm. Eyf. (MJ) sér nægja að segja, að ákvæðin um ríkisútgerð í þessu frv. séu varhugaverð. Afstaðan er sem sagt óljós. Það virðist vera svo, að í hjarta sínu vildu þeir helzt fá að vera og geta verið algerlega á móti þessu, en skynsemin segir þeim þó, að það sé ekki svo auðvelt að vera á móti því, vegna þess að vitnisburður og staðreyndir tala á móti þeim. Þarf ekki að benda á annað en það, að þessi sami flokkur sem hefur alger meirihlutaráð í höfuðstað landsins, Reykjavík, rekur þar langsamlega stærstu bæjarútgerð í landinu, — ég hef einhvern tíma heyrt sagt, að það sé stærsta bæjarútgerð í heiminum, þó að ég viti ekki sönnur á því.

Hvernig má það vera, að flokkur, sem sendir suma þm. sína hér fram til þess að ráðast algerlega á og andmæla bæjarútgerð togara og aðra til þess að benda þingheimi á, að hún sé varhugaverð, skuli sjálfur reka stærsta fyrirtæki togara í opinberri eigu í þessu landi, hafa gert það árum saman og að mörgu leyti vel? Ég þykist geta fullyrt, að þarna sé sama sagan á ferðinni. Þeir trúa ekki á þetta og vilja helzt ekki gera þetta, en hafa orðið að gera það vegna staðreyndanna. Þannig hafi t. d. bæjartogararnir í Reykjavík, a. m. k. á vissu árabili, þegar ég var ekki ókunnugur bæjarmálum í Reykjavík, verið til sölu, ef nokkurt einkafyrirtæki hefði fundizt, sem gat og vildi kaupa þá. En málið var þannig, að það hafði verið ákveðið, að Reykjavík skyldi fá eða berjast fyrir því að fá ákveðna tölu togara, ákveðið hlutfall af togaraeign landsmanna. Bærinn varð að taka það, sem einstaklingar ekki vildu eða gátu tekið. Einmitt þessi staðreynd sýnir það, að einkaframtakið í þessari iðngrein hefur algerlega brugðizt. Það hefur brugðizt svo hrapallega, að sjálfur Sjálfstfl. varð að setja á stofn stærsta opinbert fyrirtæki í togaraútgerð á Íslandi, til þess að Reykjavíkurbær missti ekki helminginn af sínum togaraflota. Væri það látið nægja, sem einkaframtakið gerir í þessum efnum, er ég hræddur um, að hv. 2. þm. Reykv. hefði ekki yfir svo mörg skip að líta í sínu kjördæmi eins og hann nú hefur.

Það eru mörg dæmi þess í rekstrinum, hvernig einkaframtakið hefur brugðizt í þessari atvinnugrein. Það voru bæjartogarar, sem fyrstir byrjuðu að landa fisk og láta frysta hann í frystihúsum í landi hér, enda þótt þá væru þannig aðstæður, að það var hægt að selja fiskinn erlendis úr togurunum með mjög góðum kjörum og allur þorri togara í landinu gerði það.

Mér er líka minnisstætt fyrir nokkrum árum, að á sama tíma sem togurum einkaframtaksins hér í Reykjavík var lagt við bryggjur, sigldu bæjartogararnir úr höfn til þess að leita að miðum á fjarlægum stöðum. Einkaframtakið harmar það og ræðst gegn því, að þessi atvinnurekstur færist fyrir þunga staðreyndanna smám saman meira yfir í opinberan rekstur, en þó hef ég ekki orðið var við það, að einkaframtakið hikaði við að taka við fiskinum af þessum skipum. Það eru meira að segja dæmi um, að einkaframtakið í fiskvinnslunni hafi fagnað því stórlega, að bæjartogarar lönduðu fiski, og hafi snúizt öndvert gegn því, þegar viðkomandi bæjarútgerð ætlaði sjálf að fara að skapa sér vinnsluaðstöðu, sem ekki var óeðlilegt.

Ég er hræddur um, að það þýði ekki að malda mikið í móinn í sambandi við þetta. Hvort sem sjálfstæðismönnum líkar betur eða verr, eru staðreyndirnar í atvinnulífi Íslendinga þær, að þetta er sú þróun, sem orðið hefur og er að verða. Það

er ómögulegt að mótmæla því, að þetta er nú langsamlega efnilegasta leiðin til þess að auka atvinnu víðs vegar úti um landið, og það eru engin merki þess, að einkaframtakið ætli sér að vinna þetta verk. Hver á þá að gera það?

Ég vil aðeins að lokum fara nokkrum orðum um brtt. hv. þm. Borgf., sem hann gerði grein fyrir. Ég hafði — það er kannske barnaskapur — haldið það, að þetta orðalag í frv. þýddi, að farið yrði eftir hinum gömlu fjórðungaskiptum, svo að ég taldi, þó að gott sé að hafa allan vara á, að Akranesi væri borgið. En ef svo er ekki, mundi ég styðja þetta mál hans og telja, að það væri rétt, að frv. yrði orðað eins og hann leggur til.

Það var sagt hér áðan, að þá væru þetta e. t. v. ekki jafnvægisráðstafanir lengur. En ég held, að slíkar ráðstafanir sem þessar verði fyrst og fremst að fara eftir því, hvernig atvinnuástandið er á hinum ýmsu stöðum á landinu. Það hefur verið svo undanfarin ár og er svo nú, að slíkar ráðstafanir þarf fyrst og fremst að gera fyrir þá landsfjórðunga, sem nefndir eru í frv. í sinni upphaflegu mynd, og þess vegna eru þetta sannarlega jafnvægisráðstafanir nú. En ef sams konar ástand skyldi skapast í þeim eina fjórðungi, sem er undanskilinn, sé ég ekki, að það sé stætt á því fyrir Alþ. eða hið opinbera að láta hann ekki sitja við sama borð. Þetta er því nánast varúðarráðstöfun, og ég tel, að það sé mjög erfitt að standa gegn því. Það er hyggilegra að búa svo um hnútana í frv., að það sé viss meinsemd í atvinnulífinu, sem eigi að lækna, hvar sem hún finnst, en að það eigi ekki að lækna vissa limi, hvar sem meinsemdin er.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. því, sem útbýtt hefur verið meðal hv. þdm., hafði ég nokkurn fyrirvara um frv. í fjhn. og tel ég rétt að gera grein fyrir honum með örfáum orðum.

Um það var ekki neinn ágreiningur í n. og mun ekki vera neinn ágreiningur á þingi, eftir þeim umr., sem hér hafa farið fram um málið, að nauðsynlegt sé að efla togaraflota landsmanna og því sjálfsagt að samþykkja heimild þá, sem hér er farið fram á hæstv. ríkisstj. til handa, til lántöku í því skyni að kaupa togara.

En eins og hins vegar hefur komið fram, virðast um það töluvert skiptar skoðanir, með hvaða hætti rekstur togaranna eigi að verða. Ég get ekki skilið frv. það, sem hæstv. ríkisstj. leggur hér fram, öðruvísi en á þann hátt, að það sé skoðun hennar, hvort sem það er nú skoðun allra hæstv. ráðh., eða málið liggur þannig fyrir, að um þetta eitt hafi getað orðið samkomulag innan hæstv. ríkisstj., — að það æskilegasta mundi vera að reka togarana í einhverju öðru formi en því, að um ríkisútgerð sé að ræða, þannig að ætlunin sé aðeins að grípa til ríkisútgerðar, ef aðrir möguleikar séu ekki fyrir hendi. Væri þetta rangur skilningur, væri ekki ástæða til þess að greiða svo mjög fyrir lánum út á þessa togara sem gert er í þessu frv., þar sem heimilað er að lána 85 og jafnvel allt að 90% af kaupverði togaranna. Væri það skoðun hæstv. ríkisstj., að ríkisútgerð væri æskilegasta leiðin í þessu efni, sé ég ekki neina ástæðu til þess að hafa lánsheimildina svo rúma.

Ég er algerlega sammála því, að ríkisútgerð sé neyðarúrræði í þessum efnum. Ég mundi heldur kjósa önnur rekstrarform og tel ríkisútgerð algert neyðarúrræði, þó að ég vilji ekki taka svo djúpt í árinni, að ekki komi til greina að fara þá leið, ef það sýnir sig, að aðrar leiðir séu útilokaðar. En þess vegna álít ég einmitt, ef svo er litið á, að ríkisútgerð sé neyðarúrræði, að þá sé ekki ástæða til þess að samþ. að svo stöddu 4. gr. frv., því að mér finnst það gefið mál, að fólk muni lítið leggja sig fram um það að leggja fram fé til togarakaupanna, ef því er fyrir fram lýst yfir, að takist ekki að safna fé til togarakaupanna, þá muni togararnir koma samt sem áður og þá gerðir út af ríkinu. Enn fremur er í frv. þessu gert ráð fyrir því, að lagt verði fram sérstakt frv. um ríkisútgerðina, hvernig henni skuli háttað o. s. frv. Sé ég því ekki ástæðu til þess, ef nýjar upplýsingar koma ekki fram í málinu að svo stöddu, að samþ. 4. gr. frv. og teldi eðlilegast, að afstaða yrði tekin til þess máls í sambandi við væntanlegt frv., sem lagt verður fram um ríkisútgerð, enda hefði þá áður verið athugað, að hve miklu leyti aðrir möguleikar eru fyrir hendi til að gera togarana út.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það var nú ekki ætlun mín að lengja þessar umr., en ástæðan til þess, að ég stend hér upp, eru nokkur ummæli hv. 5. landsk. þm. (BG), sem reis hér upp með allmiklu offorsi, aðallega að því er virtist í þeim tilgangi að ráðast á sjálfstæðismenn fyrir afstöðu þeirra til ríkisútgerðar og jafnframt allt að því að hneykslast yfir því, að þeir hefðu lagt í það að setja hér í höfuðstaðnum á laggirnar bæjarútgerð, sem að því er hann taldi nú að mundi ef til vill vera sú stærsta í heimi — og sýnir það þá væntanlega stórhug flokksins — og taldi, að afstaða sú, sem hér hefði komið fram, sýndi, að Sjálfstfl. þyrði í rauninni í hvorugan fótinn að stíga í sambandi við rekstrarform á þessum skipum og, að því er mér skildist, opinberan rekstur yfirleitt. Þetta er á algerum misskilningi byggt. Það er grundvallarskoðun sjálfstæðismanna, að einkarekstur sé heppilegastur, rekstur einstaklinga eða félagasamtaka þeirra, og að opinber rekstur á almennum atvinnutækjum eigi þá fyrst að koma til, þegar getu einstaklinganna þrýtur. Hitt er allt annað mál, og þeirri stefnu hefur Sjálfstfl. framfylgt, og það er einnig með hliðsjón af þeirri stefnu, sem afstaða hans mótast til þessa máls, að ef einstaklinga og félagasamtök þeirra og enn fremur sveitarfélögin brestur getu til, ein saman eða í félagi, að efla atvinnulífið á viðkomandi stöðum, þannig að það veiti nægilega atvinnu, þá telja sjálfstæðismenn sjálfsagt, að farnar séu aðrar leiðir og þá jafnvel, að gripið sé til þess, að ríkið, ef það eitt hefur til þess bolmagn, setji á stofn þau fyrirtæki, sem nauðsynlegt er talið að reist séu. Og það er skoðun okkar, og ég álít, að það sé heilbrigt, ef til opinbers rekstrar kemur, að þá séu það fyrr sveitarfélögin, sem hafi þar hönd í bagga, heldur en ríkið, sem byggist nákvæmlega á því sama grundvallarsjónarmiði og gildir varð-

andi rekstur einstaklinga og félaga, að það sé heppilegast, að þeir aðilarnir, sem eigi að njóta hlunnindanna, beri einnig ábyrgðina. Og af þeim sökum held ég, t. d. í sambandi við útgerð, ef til opinberrar útgerðar togara þarf að taka, að þá sé það undir öllum kringumstæðum heppilegra, að það séu bæjarfélögin, ef þau hafa til þess bolmagn og getu, heldur en ríkið, og það megi því fullkomlega segja, að það sé a. m. k. mjög óheppilegt, og jafnvel segja, að það sé neyðarúrræði, að ríkisvaldið sjálft þurfi að fara að grípa inn í slíkan rekstur. En sé hins vegar þannig ástatt, að þessu verði ekki fyrir komið, t. d. varðandi byggðarlög, sem ekki hafa neitt fjárhagslegt bolmagn til þátttöku í slíkum atvinnurekstri, þá má vel vera, að ekki sé annað fyrir hendi en að almannavaldið, ríkisvaldið, hlaupi þá undir bagga í því sambandi í einhverju formi. Ég sé ekki annað en að þetta sé í fullkomnu samræmi hvað við annað, þessi sjónarmið, vegna þess að grundvallarsjónarmiðið hlýtur að vera það, að byggt sé upp sem blómlegast og fjölþættast atvinnulíf. Og ég held nú sannast sagna, ef út í þá sálma á að fara, sem ég ætla ekki að gera í sambandi við þetta mál, því að það er hér ekki til umræðu, — að fara að gera samanburð á afskiptum sjálfstæðismanna og flokksbræðra hv. þm. af atvinnumálum og rekstri atvinnufyrirtækja, að þá sé það samanburður, sem ég treysti mér fyllilega til að fara út í við hann. Hitt er aftur á móti annað mál, sem hann og hans flokksbræður mættu gjarnan taka til athugunar, að það að hafa ríkisútgerð sem trúaratriði og yfirleitt ríkisrekstur, er sannarlega ekki heppilegt. Og kannske er einmitt þessi kennisetning hv. þm. og flokksbræðra hans, a. m. k. margra, — ég er nú ekki viss um, að þeir séu þar allir á sama máli, — um það, að fyrst og fremst eigi að hafa þjóðnýtingu í huga á öllum sviðum, skýringin á því, hvað Alþfl. er hér lítill, því að það má benda honum á það, að samherjar þeirra á Norðurlöndum t. d., þar sem þeir eru stærstu flokkarnir og valdamestu, hafa sannarlega allt önnur sjónarmið í þessum efnum en hér virðast koma fram og hafa komið fram fyrr og síðar hjá Alþýðuflokksmönnum hér.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að fara að ræða um þjóðnýtingu almennt. Mér sýnist enda, að það sé meginatriði þessa frv., og það er staðfest af hæstv. forsrh., að það sé ekki ætlunin, að þetta eigi að sýna neina viðleitni í þá átt að taka upp allsherjarríkisrekstur á togurum. Og það var enn fremur staðfest af hv. þm. N-Þ. (GíslG), sem hefur, að því er mér skilst, unnið að verulegu leyti að undirbúningi þessa frv., að það sé alls ekki ætlunin að grípa til þessa úrræðis, nema ekki séu fáanleg samtök einstaklinga, félaga eða sveitarfélaga um það að taka sjálf að sér rekstur þessara togara. Og ef það er megintilgangurinn og meginstefnan, að það verði fyrst þrautreynt, sé ég ekki annað og get fyllilega tekið undir það, að það sé um heilbrigða og skynsamlega stefnu að ræða.

Frsm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það hefur nú ekki ýkjamargt komið fram við þessar umr., sem ég þarf að svara. Yfirleitt hafa flestir þeir, sem talað hafa, verið samþykkir frv., a. m. k. í öllum aðalatriðum, þó að þeir á ýmsan hátt hafi litið nokkuð mismunandi á málið.

Ég skal leyfa mér að fara nokkrum orðum um ræðu hv. 2. þm. Reykv. (BÓ), sem talaði hér fyrstur og mér fannst svona berast á bárum, vera hvorki hrár né soðinn, vilja ekki tala á móti frv., en vera það þó í hjarta sínu, láta í ljós mikla hræðslu yfir því, en telja það þó nauðsynlegt, þannig að það var ekki gott að vita, hver niðurstaðan af þessu varð. Þetta hefur þó skýrzt nokkuð í meðförunum hjá hv. 2. þm. Eyf. (MJ) og öðrum, sem hér hafa talað á eftir. Þarna kemur til greina eitt aðaltrúaratriði Sjálfstfl., sem sé afstaða þess flokks til þjóðnýtingar eða til ríkisrekinna fyrirtækja. Það væri út af fyrir sig kannske tilefni til nokkurra umræðna, en ég skal reyna að stilla mig um það og segja aðeins um það örfá orð.

Þetta kom mjög skýrt fram, það sem kalla má stefnu Sjálfstfl. í þessu máli, hjá hv. 2. þm. Eyf. (MJ), sem orðaði þetta á þann hátt, að Sjálfstfl. vildi því aðeins fara út í hinn opinbera rekstur, að einstaklingarnir fengjust ekki til þess að gera það. Þetta held ég, að sé svona nokkurn veginn rétt eftir haft, það sem hann sagði. En hvenær vilja einstaklingar fara út í hinn opinbera rekstur? Þeir vilja því aðeins fara út í hann, að þeir hafi eitthvað upp úr því. M. ö. o., þegar upp úr atvinnurekstrinum hefst, eiga einstaklingarnir að hafa leyfi til að reka hann, en þegar ekkert hefst upp úr honum og þegar tap fylgir honum, á það opinbera að fá að borga. Þetta er sú trúarsetning, sem hér hefur verið boðuð af hálfu Sjálfstfl., og hygg ég, að hún fari ekki langt frá því rétta um stefnu flokksins í málinu.

Það eru mörg fyrirtæki á þessu landi, sem verður að reka undir ýmsum og breytilegum kringumstæðum. Það geta verið tímabil, þar sem reksturinn gefur arð. Það geta verið önnur tímabil, þegar honum fylgir tap. Það getur líka verið óumflýjanlegt, að þessi rekstur haldi áfram, hvort sem honum fylgir tap eða gróði. En það erfiða í þessu er það, að einstaklingurinn vill því aðeins fylgja rekstrinum fram, að það fylgi honum gróði, en þegar tapið kemur, leggur hann árar í bát og afhendir reksturinn til hins opinbera. Þetta er það, sem við Alþýðuflokksmenn og raunar miklu fleiri höfum átalið og teljum, að þar sem um áhættusaman atvinnurekstur sé að ræða, sem geti haft hættulegar afleiðingar, ef stöðvast, þá verði að vera tryggð skilyrði til þess, að reksturinn geti haldið áfram, næstum því að segja hvernig sem gengur í einhvern stuttan tíma, þannig að hagsmunum stórra hópa þjóðfélagsins sé ekki stefnt í voða með því að hann stöðvist. Ég held, að það muni verða heillavænlegast, þegar grípa þarf til þess, að það opinbera þurfi að hafa hönd í bagga með rekstrinum á tímum, þegar um tap er að ræða, að þá verði það einnig látið hafa hönd í bagga með rekstrinum, þegar von er um arð.

Ég skal ekki rifja hér upp neinar staðbundnar ástæður, eins og nokkrir þm. hafa gert hér í þessum umr., en ég get þó sagt frá því, að sú bæjarútgerðin á þessu landi, sem ég þekki bezt til, naut þess og nýtur þess enn í dag að hafa verið

rekin á þeim tíma, þegar reksturinn gaf hagnað. Afkoma hennar í dag og möguleikar hennar til að standa undir þeim erfiðleikum, sem hún á að stríða við í dag, mundu vera miklu minni, ef hún hefði ekki verið til á þeim tíma, þegar starfsemin gaf arð.

Ég held þess vegna, að það eigi ekki að miða þessa starfsemi, togaraútgerðina, sem er ein líftaugin í þjóðfélagi okkar, við það, að einstaklingarnir einir verði þar til þess að annast reksturinn, því að því aðeins geta þeir gert það, þannig að þjóðfélaginu sé borgið undir þeirra forsjá, að þeir líka taki á sig skyldurnar til að annast reksturinn, þegar hallar undir fæti.

Hv. 2. þm. Reykv., sem talaði hér fyrstur, virtist vera einna allra hræddastur þeirra, sem hér hafa komið fram í umr., við þetta rekstrarform, og sagði eitthvað á þá leið, að bæjarútgerðir væru yfirleitt alltaf illa reknar og ríkisútgerð mundi verða rekin með eindæmum. Ekki veit ég, hvaðan honum kemur sú vizka, því að ríkisútgerð hefur nú ekki enn verið reynd hér á landi, og um rekstur bæjarútgerða yfirleitt held ég að ég megi segja það, að rekstur þeirra hafi ekkert farið verr úr hendi en þar, sem einstaklingar hafa fjallað um fyrir hönd sjálfra sín eða þröngs hagsmunahóps, sem í sambandi við útgerðina hefur staðið.

Annars var það ekki ætlun mín að fara út í það við þessa umr. að gera nein skil þeim skoðanamun, sem er á milli Alþfl. annars vegar og Sjálfstfl. hins vegar á opinberum rekstri. Hv. 2. þm. Eyf. (MJ) getur gjarnan skemmt sér við það, ef hann telur það við sitt hæfi, að telja það eina af ástæðunum til þess, hvers vegna Alþfl. hefur ekki vaxið, eins og ástæða væri til að ætla, að hann hefði gert. Ef hann heldur, að það sé vegna þess arna, þá hann um það; ég skal ekkert við hann deila um það. En ég vildi aðeins láta koma hér fram þessa mjög skýru línu um afstöðu Sjálfstfl. til hins opinbera rekstrar, að einstaklingarnir mega eiga hann, þegar vel gengur, en það opinbera, bæirnir og ríkisheildin, mega eiga hann, þegar illa gengur.

Annars tók ég sérstaklega til máls vegna þess, að mér þótti hv. 9. landsk. þm. (ÓB) koma hér fram með hugsun, sem ég hafði ekki búizt við, eftir því sem afstaða hans var í fjhn. Hann virðist nú leggja til, þó að hann hafi ekki opinberlega gert það að till. sinni enn, en lét það í ljós, að hann mundi vera helzt á því að greiða 4. gr. frv. ekki atkv., þannig að út úr frv. væri tekinn sá möguleiki, sem þar er gefinn fyrir ríkisstj. til að stofna til hins opinbera rekstrar. Þetta finnst mér svo mikið atriði, að ég vildi hafa látið það koma fram í n., ef það á að verða ofan á sem hans afstaða, því að þetta breytir alveg eðli málsins. Ég hef fyrir mitt leyti litið svo á, að með þessu frv. væri ríkisstj. heimilað að stofna til ríkisútgerðar togara og það væri ætlazt til þess, að hún gerði það, en ekki, að það væri aðeins haft í bakhöndinni, ef allt þryti annað um það að koma togurunum út. Ég hafði skilið frv. þannig, að til þessarar ríkisútgerðar yrði stofnað alveg ákveðið með samþykkt þessa frv. til þess að greiða úr vanda þeirra staða, sem eru þess alls ómegnugir að fá lausn sinna mála á annan hátt.

Það er hér gert ráð fyrir því, að þeir, sem togarana kaupi, verði að leggja fram annaðhvort 10% eða 15% af stofnkostnaði skipanna. Ef gert er ráð fyrir því, að skipin kosti í kringum 10 millj. kr. hvert, sem sjálfsagt er þó of lágt áætlað, verður það a. m. k. 1½ millj. kr. á hvert skip, sem þarf að ná saman af hlutaðeigandi stað, til þess að geta orðið kaupandi að skipinu. Ég er nærri viss um, að minnsta kosti eins og möguleikarnir eru til lánsútvegana í dag, að það mundi vera ofvaxið fjöldamörgum stöðum, sem þurfa á því að halda að fá þessi skip til þess að bæta úr atvinnuþörfinni á staðnum, að leggja fram þetta fé eða ná því saman á einhvern veg. Ég hef þegar af þessari ástæðu talið það sjálfsagt, að til ríkisútgerðarinnar yrði stofnað, hvort sem skipin væru seljanleg á annan hátt eða ekki, og ég vil, að sá skilningur minn komi hér fram og hann verði leiðréttur, ef þetta er ekki rétt skilið hjá mér.

4. gr. frv. gerir ráð fyrir því, að til þessarar ríkisútgerðar togara verði stofnað í því skyni að hjálpa til um atvinnureksturinn á þeim stöðum, sem annars eru ómegnugir að tryggja sér það, að togararnir komi þangað á annan hátt, og ég tel, að það verði að liggja fyrir nokkuð ákveðið, að þetta sé meiningin, hvort sem sölumöguleikarnir eru á togurunum annað eða ekki.

Um það, hvort frv. liggi þegar fyrir um þessa ríkisútgerð, legg ég út af fyrir sig ekkert upp úr því. Hér er ríkisstj. aðeins gefin heimild til þess að stofna til þessa rekstrar, og framkvæmdin verður síðan ákveðin með lögum, sem Alþ. kemur sér saman um síðar, eða þegar frv. verður tilbúið af hálfu hæstv. ríkisstj. eða þeirrar n., sem hún hefur falið að semja það. Mér finnst aðalatriðið vera það, að þessu verði slegið föstu þegar og að það geti hafizt sá undirbúningur, sem nauðsynlegur er til þess að hrinda málinu af stað.

Ég heyrði það, að sumir af hv. alþm., sem hafa hér talað um málið, voru í nokkrum efa um, að möguleikar væru fyrir hendi í fyrsta lagi til þess að útvega þau lán, sem þyrfti, og í öðru lagi til þess að útvega þá fyrirgreiðslu nægilega tímanlega í erlendum skipasmíðastöðvum, sem nauðsynleg væri til að koma þessu fram, og ég veit, að hvorar tveggja áhyggjur þessar eiga við nokkur rök að styðjast, þar sem bæði mun vera ekki alveg auðvelt að fá þau lán, sem þarf, og eins hitt, að skipasmíðastöðvar erlendar eru mjög uppteknar um þessar mundir. Ég held þess vegna, að það sé nauðsynlegt að koma málinu fljótt áfram, til þess að ríkisstj. gæti farið að hefja þann undirbúning, sem hún varla getur hafið fyrr en þetta frv. er samþykkt.

Annað held ég að hafi ekki komið fram sérstakt í umr. um málið, sem ég sé ástæðu til þess að gera að umræðuefni.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég hef ætlað mér að greiða þessu frv. atkv., og geri ég það vegna þess, að ég tel ástandið í ýmsum landshlutum orðið þannig, að það verði að gera ráðstafanir sem neyðarúrræði til þess að ráða bætur á því atvinnuástandi, sem víða er. Hins vegar hefur það komið hér í ljós í ræðu hæstv. forsrh., að þetta frv. svífur nokkuð í lausu lofti, vegna þess

að á honum var að skilja, að það væri enn þá ekki nein vissa og jafnvel engar líkur fyrir lánsfé til þess að kaupa þessa togara, sem hér er gert ráð fyrir. En þó að þetta sé svona, ætlaði ég nú ekki við þessa umr. að taka hér til máls, ef til þess hefðu ekki gefizt sérstök tilefni frá hv. 5. landsk. þm. (BG) og hv. þm. Hafnf. (EmJ), sem fóru hér að draga þetta mál inn á mjög pólitískan vettvang, sem ástæða er til að minnast hér nokkru nánar á.

Þessir menn hafa báðir gefið það í skyn, að Sjálfstfl. væri svona um og ó að fylgja því að fjölga togurum eða að fylgja togararekstri hér í okkar landi. Hann vissi svona naumlega, í hvorn fótinn hann ætti að stíga. Ég held, að þessum mönnum báðum og öðrum úr þeirra liði og mörgum öðrum farist það ákaflega illa að vera með nokkrar getsakir eða glósur í garð Sjálfstfl. varðandi þetta efni, vegna þess að þeir vita það báðir og allir aðrir hv. þm., að það var fyrir forustu Sjálfstfl. og í félagi við Sameiningarflokk alþýðu — sósfl., sem það var gert hér á árunum, sem bjargað hefur einna mest okkar atvinnulífi, að kaupa hingað 32 togara á þeim tíma, sem það var mjög hagkvæmt, og þó að þeir þættu dýrir þá — munu hafa kostað um þrjár millj. kr. —, þá er nú talið, að verð á fullkomnum togurum nú sé nálega ferfalt við þá upphæð. Hins vegar er það mjög undarlegt að heyra hér nokkra menn koma með setningar eins og komu fram hjá hv. síðasta ræðumanni og voru á þá leið, að einstaklingarnir eigi að hafa rekstur atvinnutækjanna, þegar hann borgi sig, en þegar hann borgi sig ekki, eigi það opinbera að taka við.

Ég segi þetta vegna þess, að núna er hvorki hægt að tala um opinberan rekstur né einkarekstur, sem svari arði, ekki togaraútgerð, sem talin hefur verið arðvænlegasti atvinnurekstur í okkar landi, ekki bátaútgerð og jafnvel ekki neitt annað vegna þess ástands, sem skapað hefur verið í þessu landi, og þess vegna er það undarlegt mjög að heyra þá menn, sem eru meðal stærstu sakaraðilanna á því sviði, vera að tala um, að einstaklingarnir eigi að taka við, þegar arðsvon sé af fyrirtækjunum.

Í fyrra var álitið, að það þyrfti fimm þús. kr. á dag með hverjum einasta togara í þessu landi, til þess að hann gæti verið rekinn hallalaust. Nú er mér sagt, að svo langt sé komið í þessu efni, að það þurfi ekki 5 þús. kr. á dag, heldur 9500 kr. á dag til þess að jafna hallann. Við getum hugsað okkur, að ekki séu miklar líkur til, að þessi upphæð minnki, ef keyptir eru togarar með ferföldu verði frá því, sem nýsköpunartogararnir kostuðu. En þrátt fyrir þetta verður ekki hjá því komizt vegna atvinnuástandsins í landinu viðs vegar, að það verður að halda áfram að reka þessa atvinnugrein, sem er þó margra hluta vegna ein æskilegasta atvinnugrein í okkar landi, og það verður ekki gert með því að halda heppilegasta rekstrarfyrirkomulaginu á þessum hlutum, vegna þess að það hafa engir einstaklingar neitt bolmagn til þess að standa undir hinum mikla kostnaði og jafnvel ekki heldur nein sveitar- eða bæjarfélög, nema þá helzt kannske höfuðborgin.

En af hverju mundi það nú vera, að við erum komnir út á þetta svið? Af hverju mundi það vera, að það þarf þessar gífurlegu upphæðir til þess að jafna halla á slíkum rekstri og togararekstrinum? Það vita allir, sem vilja vita það; það er vegna þess, að launamennirnir og fulltrúar þeirra hafa á undanförnum árum skrúfað upp tilkostnaðinn með sinni vísitöluskrúfu þannig, að það getur enginn atvinnurekstur þrifizt nema með meðgjöf frá ríkinu. Það er vegna þess, að launakostnaðurinn við atvinnureksturinn, beint og óbeint og á öllum sviðum, er orðinn svo gífurlegur annars vegar, að framleiðslan borgar sig ekki, en að hinu leytinu það, að skattarnir til hins opinbera eru að sliga allan rekstur.

Það var upplýst hér um daginn í útvarpsumræðu, þegar fjárl. voru til meðferðar, af hv. 4. þm. Reykv. (HG), formanni Alþfl., sem var í raun og veru engin upplýsing fyrir mig, að það mundi láta nærri, að útgjöld ríkisins að meðtöldum gjöldum til framleiðslusjóðs og bátagjaldeyri yrðu um einn milljarð kr. á þessu ári. Ég veit, að þetta mun vera mjög nærri lagi, og svarar það til þess að vera 10 þús. kr. útgjöld fyrir hvern einasta mann í landinu frá 16 ára til 67 ára. Er það nú furða, þó að það sé eitthvað örðugt fyrir undirstöðuatvinnuvegi þjóðfélagsins, þegar komið er út á þetta svið. M. ö. o., það er skattabyrðin annars vegar, launahæðin hins vegar, sem hefur skrúfað upp tilkostnaðinn við togara og alla framleiðslu svo, að það ber sig ekki, nema með því móti að taka til baka nokkuð, og það svo að verulegu nemi, af launatekjunum til þess að gefa með framleiðslunni.

Allar ásakanir í garð sjálfstæðismanna í þessu efni eru út í bláinn, vegna þess að þeir hafa á þessu sviði verið í varnaraðstöðu, og ég er ekkert hikandi við það að greiða atkv. hér með frv. eins og þessu, þegar það kemur í ljós, að núverandi hæstv. ríkisstj., sem er fyrst og fremst ríkisstj. verkamanna og annarra launamanna, vill ganga inn á það, sem sennilega er ekki um annað að tala, að auka við framleiðslutæki sjávarútgerðarinnar í stórum stíl á þeim grundvelli, að það verði að borga hallann með því að leggja hann á launatekjur þeirra stétta, sem þeir eru fulltrúar fyrir, því að það hlýtur að verða afleiðingin af því að halda áfram á þeirri braut, sem hér er stefnt á og er ekkert annað en neyðarúrræði, vegna þess að það er búið að koma atvinnurekstrinum út á það svið, að einstaklingarnir og hin máttarminni bæjarfélög eru ekki fær um að standa undir honum.

Það var spurt af hv. 5. landsk. þm. (BG): Hvernig stendur á því, að Sjálfstfl., sem hefur hreinan meiri hluta í Reykjavík, hefur farið inn á það svið að stofna til bæjarútgerðar á togurum? Því er ákaflega auðsvarað. Það hefur verið gert annars vegar vegna þess, að það voru ekki fáanlegir einstaklingar til þess að standa undir þeim hallarekstri, sem hér er um að ræða; í öðru lagi vegna þess, að það byrjaði með því, að það var af því, að bæjarútgerðirnar eru skattfrjálsar; einstaklingarnir verða, hvenær sem einhver hagnaður er af rekstrinum, að borga skatt af honum.

Ég ætla nú ekki að fara nánar út í þetta að þessu sinni, en vænti þess, að hv. alþm. geti skilið, að það er ekki með neinum glöðum hug, sem menn geta fylgt því að fara út í ráðstafanir,

sem þó verður að fara út í, vegna þess að þær eru neyðarúrræði miðað við það ástand, sem komið er, og byggðar á því, að það er heppilegra fyrir landsfólkið og ekki síst verkalýðinn í landinu. Það er heppilegra, að því sé þó tryggð atvinna í þeim stöðum, þar sem það á heima, enda þótt það þurfi að taka meira og minna af launatekjunum til þess að borga hallann af rekstrinum, sem stofnað er til. Þess vegna er það, að þó að þetta frv., eins og ég sagði áðan, svífi mjög í lausu lofti að því er framkvæmdirnar snertir, er ég ekkert hikandi við það, að ég mun fylgja því.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 16. fundi í Nd., 15. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 17. og 18. fundi í Nd., 19. og 20. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 11, 51, 58, 72).

Frsm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls lagði hv. þm. Borgf. (PO) fram brtt., sem prentuð er á þskj. 51. Fjhn. lét þá í ljós ósk um, að frestað yrði afgreiðslu þessarar till., þangað til hún hefði fengið tækifæri til að athuga hana á fundi. Féllst flm. till. á það, og var þess vegna afgreiðslu þessarar brtt. frestað þangað til við þessa umr.

Aðalefni brtt. er, brtt. hv. þm. Borgf. (PO), að þau ákvæði 3. gr., sem kveða á um, að í sérstökum tilvikum megi ríkisstj. endurlána allt að 90% af andvirði skipanna, verði ekki stranglega bundin við Vestur-, Norður- og Austurland, heldur verði ríkisstj. heimilað að veita þessa fyrirgreiðslu á þeim stöðum, þar sem brýn þörf er að auka atvinnu á staðnum, og raunverulega er sama hugsunin sem felst í öðrum tölulið brtt., sem er við 4. gr. frv., að binda ekki þau ákvæði sérstaklega við Vestur-, Norður- og Austurlandið, heldur binda þau við þá staði, þar sem þessara ráðstafana er talin brýn þörf.

Fjhn. hefur haft þetta mál til athugunar og er sammála um að taka til greina að verulegu leyti þá aths., sem fram kemur í till. hv. þm. Borgf. (PO), en vill þó undirstrika, að þessari fyrirgreiðslu verði sérstaklega beitt á Vestur-, Norður- og Austurlandi, en að það sé einnig heimilt að gera það á öðrum stöðum, þó að það sé sérstaklega ætlazt til þess, að það sé gert í þessum þremur landsfjórðungum. M. ö. o., fjhn. tekur undir þá hugsun, sem felst í brtt. hv. þm. Borgf. (PO), en fer ekki eins langt og sú till. gerir, heldur opnar aðeins möguleika fyrir því, en gerir hins vegar ráð fyrir, að þessum ákvæðum verði aðallega beitt í hinum tilteknu þremur landsfjórðungum.

Ég vil þess vegna leyfa mér fyrir hönd fjhn. að leggja til, að till. hennar um þessi efni verði samþ., og vænti, að hv. þm. Borgf. (PO) geti á það fallizt, því að það opnar möguleikana fyrir því, sem hann er að gera tillögur um.

Um till. hv. 2. þm. Reykv. (BÓ) á þskj. 58 skal ég ekki fjölyrða. Ég fyrir mitt leyti er andvígur henni og geri ráð fyrir því, að meiri hl. fjhn. sé það einnig, og þar sem það mál hefur verið rætt við fyrri umr., sé ég ekki ástæðu til þess að fara út í það frekar hér við þessa umræðu.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég lét þess getið við 2. umr. málsins, að ég mundi við þessa umr. leggja fram brtt. við frv. það, sem hér liggur fyrir. Sú brtt. er á þskj. nr. 58 og gengur út á það, að 4. gr. frv. falli niður. Ég gerði nokkra grein fyrir þessu við fyrri umr. og skoðun minni á því, hverjar mundu verða afleiðingar þess, ef frv. yrði samþ. með þessari gr., eins og hún liggur nú fyrir.

Ég er ekki í neinum vafa um það, að þessa frv. verður með tímanum minnzt í atvinnusögu landsins, ekki vegna kaupa á togurunum eða vélbátum, heldur vegna 4. gr. frv., sem gefur heimild til þess að stofna til ríkisútgerðar. Það má segja, að mjór sé mikils vísir. Þessi heimild, sem mörgum þykir nú æði sakleysisleg, er þó líkleg til þess, áður en mörg ár líða, að koma sjávarútvegi landsmanna í ríkisrekstur og þjóðnýtingu. Sumir hafa bent á, að hér sé ekki mikil hætta á ferðum, vegna þess að hér sé aðeins um heimild að ræða. Já, það er rétt; hér er aðeins um heimild að ræða. En það hefur jafnan sýnt sig, að það er auðveldari eftirleikurinn, þegar gefin hefur verið heimild í lögum. Eða kemur nokkrum manni til hugar, að núv. sjútvmrh. muni nota vald sitt til að hindra það, að þessi heimild verði notuð, meðan hann ræður yfir þessum málum? Ég held ekki, að ástæða sé til þess að væna hann um slíkan þvergirðingshátt. Það er sýnilegt, að tveir flokkar í ríkisstj. ætla sér með þessum lögum að koma í framkvæmd þjóðnýtingu togaraflotans til að byrja með og síðan alls sjávarútvegsins. Þetta er þegar farið að koma í ljós og sannar þau orð mín, hvað fyrir þeim vakir. Það eru ekki nema tveir dagar síðan birt var í Alþýðublaðinu samþykkt frá ungum jafnaðarmönnum, svo hljóðandi:

„Þingið fagnaði ákvörðun ríkisstj. um stofnun ríkisútgerðar togara sem stærsta sporinu í átt þjóðnýtingar togaraflotans."

Hér er ekki verið að draga úr, hvað við er átt. — Enn fremur segir:

„Lýsti þingið yfir því, að leysa bæri vandamál útgerðarinnar á grundvelli þjóðnýtingar og ákvæðunarbúskapar."

Hvað finnst nú þeim góðu mönnum, sem fullyrtu hér, að ekki væri nein hætta á því, að farið yrði út í ríkisútgerð togara, þó að heimildin væri gefin? Ég hefði haldið, að bezta hjálpin, sem ríkið gæti veitt bæjar- og sveitarfélögum, væri að hjálpa þeim til að hjálpa sér sjálf. En ég vil spyrja: Er þetta, sem hér er stefnt að, slík hjálp? Er verið að hjálpa sveitarfélögunum til þess að hjálpa sér sjálf með því að setja á stofn ríkisútgerð togara? Ég hefði haldið, að ekki þyrfti annað en að tilkynna, að einhver bæjar- eða sveitarfélög vilji fá togara til

sín, að þá sé hann sendur þeim svo að segja með orðinu. Vitanlegt er, að þau bæjarfélög, sem nú vilja kaupa sér togara, hafa hvorki afl til þess að kaupa þá né standa undir rekstrinum, því miður, en fljótt kemur fram þessi skilningur manna á málinu, því að ekki eru nema þrír eða fjórir dagar síðan aðalstuðningsblað ríkisstj. birti þá fregn, að þegar væri komið tilboð um að kaupa tvo nýja togara og um að láta byggja fyrir sig nýtt frystihús. Þessi samþykkt var frá Siglufirði. Blaðið segir:

„Sýnir þessi samþykkt, að ekki mun standa á fólkinu í bæjunum úti á landi, ef það á þess kost að eignast ný atvinnutæki."

Það er ekki við að búast, að það standi á fólkinu, ef það getur fengið atvinnutækin fyrir ekki neitt og ríkissjóður borgar allan halla, sem á þeim verður.

Ég er ekki á neinn hátt að lasta það, þótt Siglufjörður vilji fá tvo togara í viðbót. En það er öllum vitanlegt, hvernig sú útgerð hefur gengið og hver staðið hefur undir taprekstri hennar. Vel kann að vera, að það hafi verið nauðsynlegt og sé nauðsynlegt. En það er þó eitt gott við þá útgerð. Hún er ekki „ríkisútgerð" þrátt fyrir allt. Þeir, sem lifa það að sjá sjávarútveginn rekinn af ríkinu, munu einnig verða vitni að stórfelldum mistökum, óstjórn og fjársukki í þeim málum, því að ég hygg, að enginn atvinnuvegur á þessu landi sé jafnilla fallinn til ríkisrekstrar og sjávarútvegurinn, hvort sem um er að ræða útgerð með togurum eða vélbátum. En ef það er satt, sem komið hefur fram hjá a. m. k. tveimur ræðumönnum í þessu máli, að ekki vaki fyrir þeim, að þessi heimild sé notuð nema í neyð, ja, hvers vegna er þá ekki reynt að ná þessu marki, sem hér er keppt að, með öðrum ráðum en þessum, með öðrum ráðum en þeim að hefta sjávarútveginn í ríkisrekstur og opna þar með borgarhliðin fyrir því fjársukki, sem hlýtur að leiða af rekstri ríkisins á *þessum atvinnuvegi? Ef nauðsynlegt er að hjálpa* ýmsum útkjálkastöðum um fisk til verkunar — því að hér er ekki um annað að ræða — til þess að halda uppi atvinnu á stöðunum, hvers vegna má þá ekki ná sama takmarki með fjárstyrk frá ríkissjóði? Ef ríkissjóður veitir þann fjárstyrk, er enginn hörgull á að fá fiskinn á staðina. En það er sá munurinn á þessu, að ríkissjóður og Alþingi vita þá hverju sinni, hversu miklu er kastað í þessa hít.

Menn geta verið vissir um, að sá styrkur, sem *mundi koma að sömu notum, yrði sízt meiri en* það vísa tap, sem ríkissjóður mundi hafa af ríkisútgerð togara og enginn veit, hvað mikið verður, fyrr en það dynur á ríkissjóði. Ef ekki vakir fyrir þeim góðu mönnum, sem að þessari hugmynd standa, það eitt að koma sjávarútveginum í ríkisrekstur, heldur hitt, að koma útkjálkastöðunum til hjálpar, þá má gera það með því, að ríkissjóður leggi fram styrk til þess að gera þetta, án þess að sjávarútvegurinn sé færður í ríkisrekstur og ríkissjóður viti aldrei, hversu *miklu hann þarf að sökkva í þá hít.*

Eiríkur Þorsteinsson: Herra forseti. Frv. þetta til laga um heimild fyrir ríkisstj. til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins gengur mjög í sömu átt og frv. um sama efni, sem ég ásamt fleiri þm. hef verið þátttakandi í að flytja á undanförnum þingum.

Ég vil fagna því, að þetta mikla velferðarmál lands og þjóðar skuli nú loks vera orðið viðurkennt eitt meginatriði þess að viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Jafnvægisnefnd gaf út í bók sinni mjög merkilegar upplýsingar varðandi hafnir og hæfni þeirra til löndunar á togarafiski. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við athugun á hafnarskilyrðum á Vestfjörðum kemur í ljós, að það eru aðeins sex hafnir, sem uppfylla þau skilyrði, sem nauðsynlegt er að séu fyrir hendi, til þess að um landanir úr togurum geti verið að ræða. Hafnir þessar eru Patreksfjörður, Bíldudalur, Þingeyri, Flateyri, Suðureyri og Ísafjörður. Aðeins helmingur þessara staða ræður nú yfir togurum, enda þótt þörfin sé eins brýn fyrir löndun á togarafiski á hinum höfnunum í hlutfalli við stærð þeirra. Úti fyrir Vestfjörðum eru einhver fengsælustu fiskimið landsins fyrir togara. Fjöldi togara þeirra, er þessi mið sækja, flytja aflann á fjarlæga staði og setja í það ærinn tíma og aukakostnað. Það er því óhætt að fullyrða, að Vestfirðingar hafa hér fremur verið veitendur en þiggjendur, þar sem bátamið fjarðanna hafa brugðizt, einkanlega eftir að landhelgin frá 1952 breyttist þeim í óhag."

Það er misskilningur, sem fram kom í ræðu hv. þm. Ísaf. (KJJ), að ekki beri að leggja á það áherzlu, að togarar landi fiski, þar sem löndunarskilyrði eru til staðar. Í Ísafjarðardjúpi er fiskur fluttur í kauptún í nálægð Ísafjarðar aðeins fyrir það, að hafnarskilyrði eru þar ekki fyrir hendi, eins og skýrsla jafnvægisnefndar sannar um þar til hæfar hafnir á Vestfjörðum, eins og ég gat um áðan. Að frystihúsin eigi að kosta bifreiðakeyrslu á fiski yfir fjallvegi, er útilokað, bæði hvað kostnað snertir, svo og með öllu ófært í venjulegum snjóalögum um vetur. Bifreiðakeyrsla á fiski frá Ísafirði til Hnífsdals, Bolungavíkur og Súðavíkur, sem eru þó stuttar vegalengdir, er framkvæmd af því, að löndunarskilyrði eru ekki fyrir hendi á þeim stöðum. Hv. 2. þm. Eyf. (MJ), sem öðrum þræði talaði með frv. ríkisstj., tók togarann Norðlending sem dæmi með svofelldum orðum:

„Ég þekki dæmi um einn togara, sem gerður var út af fleiri stöðum .... í þrem kaupstöðum *norðanlands, og ég held,* að það *fyrirkomulag* sé mjög hæpið, vægast sagt, og það gefi ekki sérstaklega góðar vonir um, að sú skipan mála væri heppileg."

Ég tek þessar tvær umsagnir hv. þm., vegna þess að ég tel, að þær séu andmæli gegn þeim kafla frv., sem ég tel þýðingarmesta atriðið í því, sem er 4. gr. og fjallar um togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar og er árangur af flutningi okkar, er áður höfum hreyft þeim málum hér á Alþingi, og er sameiginlegt mál stjórnarflokkanna *nú, sbr. stjórnarsáttmálann.*

Togarar Austfirðinga, Austfirðingur og Vöttur, gegna dreifingarhlutverki sínu á fiski til frystihúsanna á fjörðunum með ágætum árangri. Um

það er óþarfi að ræða í sambandi við þetta mál, að togaraútgerðin á við fjárhagsörðugleika að etja sem stendur, eins og sjá má af því, að stöðugt fer þeim einstaklingum fækkandi, sem áhuga hafa fyrir að reka þá atvinnugrein.

Hv. þm. Ísaf. virðist samkv. brtt., sem hann var að tala um að koma inn í 4. gr. frv., una glaður við sitt. Hann vill gefa fjársterkari aðilum forgangsrétt til að hljóta alla hina nýju togara. Í ræðu hans kom fram, að ríkisútgerð togara ætti ekki að eiga sér stað, nema því aðeins að ekki fengjust kaupendur að hinum nýju togurum. M. ö. o., þeir sætu fyrir skipunum, sem lagt gætu fram í stofnfé 1½ millj. kr. í hvern togara á móti ríkinu og treystust sjálfir til að gera þá út.

Þá kann ég fremur að meta ummæli hv. 2. þm. Reykv. (BÓ), án þess að ég sé honum sammála, sem sagði umbúðalaust, að hann væri á móti allri ríkisútgerð.

4. gr. frv. er svo hljóðandi:

„Ríkisstjórninni er, að fengnum tillögum atvinnutækjanefndar, heimilt að setja á stofn sérstaka ríkisútgerð togara í því skyni, að þeir leggi afla á land á Vestur-, Norður- og Austurlandi, sérstaklega á stöðum, þar sem ekki eru fyrir hendi fjárhagslegir möguleikar til þess að kaupa og reka togara, enda sé talið, að skortur á atvinnu á þeim stöðum hamli eðlilegum vexti þeirra. Um ríkisútgerðina fer að öðru leyti eftir lögum um ríkisútgerð."

Ég tel, að ekki eigi að standa í gr., að ríkisstj. sé aðeins heimilt, heldur: ríkisstj. skal o. s. frv. — En í trausti þess, að núv. ríkisstj. leggi mjög fljótlega fram frv. um ríkisútgerðina, geri ég ekki ágreining út af þessu. Mér skilst t. d., að ef hv. 2. þm. Reykv. yrði staddur í sæti sjútvmrh., þegar lögin kæmu til framkvæmda, hefði hann fremur áhuga fyrir öðru en að setja á stofn ríkisútgerð togara, — enda þótt ég voni, að slíkt eða þvílíkt komi ekki fyrir á næstunni.

Annars er það trú mín og von, að frv. það um smíði á 15 togurum og sex 150—200 tonna fiskiskipum, sem nú verður væntanlega fljótlega að lögum, skapi tímamót í atvinnumálum íslenzku þjóðarinnar og með því sé lagður hornsteinn að raunverulegu jafnvægi í landsbyggðinni. Fjarlægðir eru að hverfa. Tækni tímans hefur breytt viðhorfi til fjarlægða. Einstaklingar og heil byggðarlög eiga að geta uppskorið hamingjusamt og ánægjulegt líf, hvar sem er á okkar fagra landi. Það verður bezt tryggt með skilningi og raunhæfu starfi þings og þjóðar að atvinnumálum hinna ýmsu byggðarlaga.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Þrátt fyrir það að ég yrði að sjálfsögðu við þeim tilmælum, sem mér bárust við 2. umr. þessa máls, að taka till. mína aftur til 3. umr., svo að fjhn. gæfist tóm og tækifæri til þess að athuga hana, gerði ég samt við þá umr. grein fyrir því, á hverju till. væri reist. Ég fór þar ekkert út í að ræða um hin einstöku útgerðarform, sem gert er ráð fyrir skv. þessu frv. Um það hef ég að sjálfsögðu minar ákveðnu skoðanir. Till. mín beindist eingöngu að því að leiðrétta það misrétti, sem mér virtist vera í þessu frv., að því leyti, að þar er ekki öllum gert jafnhátt undir höfði. Samkv. 3. og 4. gr. þessa frv. eru veitt nokkur frekari hlunnindi en gert er ráð fyrir í 2. gr. frv., bæði að því er snertir þann stuðning, sem veittur er til kaupa á skipum, og að því leyti sem ráð er fyrir gert, að ríkissjóður geti hlaupið undir bagga með því að gera út togara.

Till. mín miðast þess vegna eingöngu við það, að hvað þetta snertir sé ekki gert upp á milli manna eða byggðarlaga eftir því, í hvaða landsfjórðungi þeir eru með sinn atvinnurekstur, því að grundvöllurinn undir því, að þessi stuðningur verði í té látinn, er alveg markaður í frv. Viðbótarstuðningurinn skv. 3. gr. byggist á því, að það sé brýn þörf slíkra aðgerða, að fyrir hendi sé brýn þörf á því, að veittur sé nokkru frekari stuðningur til skipakaupanna en felst í þeim almennu ákvæðum um þetta efni skv. 2. gr. Það er það, sem ég fæ ekki skilið, hvernig á því getur staðið, ef þessi brýna þörf er fyrir hendi, að þá eigi að fara að gera upp á milli manna eftir því, í hvaða byggðarlagi eða í hvaða landsfjórðungi þeir eru búsettir í landinu, því að höfuðgrundvöllurinn undir þessu er vitanlega, að þessi þörf sé fyrir hendi. Við þetta miðast brtt. mín. Sama er að segja um ákvæði 4. gr. frv., að ef ástæða þykir til skv. þeim ákvæðum, sem um þetta eru sett í greininni, að gera þær ráðstafanir, sem þar er um að ræða, hver ástæða er þá til að vera að gera upp á milli manna eftir því, hvar þeir eru búsettir í landinu?

Að vísu má segja það, eins og hv. frsm. fjhn. komst að orði, að með þeirri brtt., sem n. flytur nú, sé gengið nokkuð á móts við mína brtt. Þetta er rétt að því leyti til, að eins og ákvæðin eru í frv. nú, þá er allsendis óheimilt að veita þennan stuðning til annarra landsfjórðunga en þeirra, sem þar eru tilgreindir. En skv. brtt. er þetta ekki útilokað, þó að hins vegar sé á það bent, að aðrir eigi þar að hafa forganginn. En það er það, sem ekki samrýmist mínum hugsunarhætti, að þar geti verið um neinn forgang að ræða, heldur ef það grundvallaratriði, sem hjálpin er byggð á, er fyrir hendi, þá eigi jafnt yfir alla að ganga, hvar sem þeir eru búsettir og hvar sem þeir reka sinn atvinnurekstur. Þess vegna er þeim tilgangi, sem í brtt. minni felst og ég tel vera fullkomlega á rökum reistan, ekki fullnægt með brtt. n., þó að þar sé nokkuð gengið í áttina til móts við mína skoðun. Ég hlýt þess vegna að halda fast við það, að mín brtt. verði samþykkt.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér mikið í þær umr., sem hér hafa farið fram, varðandi ríkisútgerð eða um það, hvort einum landshluta sé gert óeðlilega miklu hærra undir höfði en öðrum í því frv., sem hér liggur fyrir, en ég vildi leyfa mér, áður en þetta mál er afgreitt frá hv. d., að fara um það nokkrum orðum á við og dreif.

Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er ríkisstj., ef frv. verður að lögum, sem vænta má, veitt heimild Alþ. til þess að kaupa fyrir hönd ríkisins 15 togara eða allt að því og sex minni fiskiskip og taka lán til þessara kaupa erlendis. Gert er ráð fyrir, að skipunum, samtals allt að 21 talsins, verði ráðstafað til útgerðar, að fengnum

till. atvinnutækjanefndar um það, hvar skipin skuli staðsett og hvert skuli vera hlutverk þeirra. Gengið er út frá því, að afli þessara skipa verði fyrst og fremst lagður á land á Norður-, Austur- og Vesturlandi, og er í frv. beinlínis tekið fram, að tillögur um staðsetningu skipanna skuli við það miðaðar, að með henni sé stutt að jafnvægi í byggð landsins.

Þá er í frv. gert ráð fyrir, að ríkið endurláni kaupendum af láni því, er það sjálft kann að taka erlendis, allt að 90% af verði skipanna, ef um togara er að ræða, og allt að 80%, ef um minni fiskiskip er að ræða. Loks er svo í frv., 4. gr. þess, heimild til þess, að citthvað af þessum skipum verði gert út á vegum ríkisins, og kem ég nánar að því atriði síðar. Gert er ráð fyrir, að athugaðir verði möguleikar á tilraun til togarasmíði innanlands í sambandi við framkvæmd þessa máls, og er ákvæði þess efnis í frv.

Þetta, sem ég nú hef nefnt, er meginatriði þessa frv., rakin í stuttu máli, eins og það nú liggur fyrir. Ég hef leyft mér að rifja það upp nú, þó að það hafi komið áður fram í umræðunum, bæði í framsöguræðu hæstv. forsrh. við 1. umr. málsins og hv. frsm. fjhn. við 2. umræðu.

Eitt af því, sem mesta athygli vakti víðs vegar um land s. l. sumar við myndun núv. ríkisstj., voru þau ákvæði í stefnuyfirlýsingu stj., sem fjölluðu um jafnvægi í byggð landsins og sérstakar ráðstafanir til eflingar atvinnulífinu í nánar tilgreindum landshlutum. Ég ætla, að svo ákveðin yfirlýsing um þetta efni hafi ekki áður verið gefin af nýrri ríkisstj. eða stjórnarflokkum, enda var stjórnarmyndunaryfirlýsingunni s. l. sumar, eins og ég áðan sagði, áreiðanlega mikil athygli veitt. Mun þessi yfirlýsing og að sjálfsögðu hafa átt sinn þátt í því, hve stjórnarmynduninni var almennt vel tekið, ekki sízt í þeim landshlutum, sem hér eiga einkum hlut að máli.

Í þessari stjórnarmyndunaryfirlýsingu frá 24. júlí s. l. var m. a. svo að orði komizt:

„Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir að skipuleggja alhliða atvinnuuppbyggingu í landinu, einkum í þeim þrem landsfjórðungum, sem nú eru verst á vegi staddir í atvinnulegum efnum."

Síðar segir í yfirlýsingunni, að botnvörpuskipunum 15, sem fyrirhugað sé að kaupa, „verði ráðstafað og þau rekin með sérstöku tilliti til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins". Og á öðrum stað í yfirlýsingunni er ákvæði um, að „rafvæðingu landsins" verði hraðað og „áherzla lögð á að auka ræktun og bústofn landsmanna."

Um frv. það, sem hér liggur fyrir, hygg ég, að óhætt sé að segja, að ef það tekst að framkvæma þær heimildir, sem í því eru veittar, ef að lögum verður, þá er þar um að ræða eitt hið mesta átak, sem gert hefur verið til þess að stöðva fólksflutning úr byggðarlögum á Norður-, Vestur- og Austurlandi hér suður að Faxaflóa.

Samkv. skýrslum, sem gerðar hafa verið um mannfjölda í landinu á tímabilinu 1910—1953 í sambandi við athugun á röskun jafnvægis í byggð landsins, — en þessar skýrslur eru nú í höndum hv. þingmanna, — hefur þjóðinni í heild fjölgað um nálega 80% á því rúml. 40 ára tímabili, sem skýrslan tekur til, nánar tiltekið um 78.7%. Þetta er sem sé meðalfjölgunin í landinu á þessu tímabili. En í einstökum landshlutum er þessu allt öðruvísi farið. Á Norðurlandi öllu er fjölgunin á þessum tíma aðeins rúml. 35% í stað 80%, sem er fjölgun þjóðarinnar. Á Suðurlandi er hún um 9%, á Austurlandi 1—2%, en á Vestfjörðum hefur fækkað um nálega 17% á tímabilinu og í Breiðafjarðarbyggðum um nálega 30%. Þá er einnig um fækkun að ræða á þessu tímabili í Borgarfjarðarhéraði norðan Skarðsheiðar. En í byggðinni við sunnanverðan Faxaflóa hefur fólkinu á sama tíma, þ. e. a. s. rúml. 40 árum, fjölgað um meira en 320%, eða nánar tiltekið 322,5%. Það þarf varla að taka fram, að þar sem fólksfjölgun hefur orðið utan Faxaflóasvæðisins, er fyrst og fremst um að ræða fjölgun á einum eða örfáum þéttbýlisstöðum, t. d. á Norðurlandi aðallega á Akureyri og þar nærri. Svipað er að segja um aðra landshluta, að þar sem um fjölgun er að ræða þar, er það aðallega á mjög takmörkuðum svæðum, þar sem þéttbýlt er, en annars staðar hefur fólksfjöldinn yfirleitt staðið í stað eða verið um fækkun að ræða og er það almennt í sveitunum.

En þessi er þá heildarsvipurinn yfir tilfærslu fólksins á tímabilinu 1910—1953. Á svæðinu við sunnanverðan Faxaflóa er 320% fjölgun, en í hinum aðallandshlutunum mesta fjölgun 35% og allt niður í nálega 30% fækkun.

Það er þessi stöðugi fólksstraumur í einn landshluta úr öllum hinum, sem miklu skiptir, að takast megi að stöðva sem fyrst með þeim ráðum, sem tiltæk eru. Með orðinu landshluti á ég þá við stór landsvæði, eitthvað í líkingu við þingin eða fjórðungana fornu. Það þarf að reyna að stuðla að því, að hver landshluti haldi sínum fólksfjölda hlutfallslega a. m. k., jafnvel þó að einhver tilfærsla verði þar innbyrðis, því að ef fólkið, sem yfirgefur æskuheimkynni sín, heldur yfirleitt áfram að safnast saman á takmörkuðu svæði í einum landshluta, myndast aldrei neitt viðnám í hinum landshlutunum. Þess vegna m. a. er það svo mikils virði frá sjónarmiði jafnvægisstefnunnar að hamla gegn brottflutningi fólks, heimamanna og aðfluttra, úr hinum mörgu smáu sjávarþorpum og bæjum á Norður-, Austur- og Vesturlandi, þar sem svo mikið er um slíka byggð á ströndinni, og stuðla að eðlilegum vexti þeirra. Og það, sem til þess þarf, er vitanlega fyrst og fremst að efla atvinnulífið á þessum stöðum, veita þangað fjármagni, fjölga þar atvinnutækjum, auka verkefni, sem skapa raunverulegt verðmæti og lífsviðurværi, helzt handa vaxandi íbúafjölda á hverjum stað.

Aðra hlið jafnvægismálsins, þá sem að sveitunum snýr, ræði ég af skiljanlegum ástæðum ekki sérstaklega í sambandi við þetta frv., heldur fremur í öðru sambandi. En það er á ýmsan hátt jafnframt til stuðnings nærliggjandi sveitum í þessum landshlutum, að bæir eða þorp, sem eru í sömu byggðarlögum og þær, séu efld og atvinnulíf standi þar með blóma. Hagsmunamál sveita og sjávarþorpa í þessum byggðarlögum eru mörg sameiginleg og kemur það oft betur í ljós, ef betur er að gáð. Má þar t. d. nefna samgöngumálin og raforkumálin, svo að augljós dæmi séu nefnd.

Bæirnir og þorpin við sjávarsíðuna á Norður-,

Austur- og Vesturlandi eru rúml. 50 talsins og byggja yfirleitt afkomu sína að verulegu leyti á sjávarafla. Á þessum stöðum hefur, sem kunnugt er, víða verið komið upp húsum og tækjum til hagnýtingar afla í landi nú í seinni tíð. En mjög víða er útgerð á þessum stöðum í það smáum stíl, að vinnslutækin eru ekki fullnotuð, og mikinn hluta ársins standa þau víða ónotuð. Þetta kippir undan þeim rekstrargrundvellinum, en hluta úr árinu leitar margt fólk sér atvinnu til Suðvesturlandsins úr þessum landshlutum. Sjávarþorpin fyrir norðan, austan og vestan ala þannig upp verulegan hluta af sjómannastétt landsins, sem sækir sjóinn á vetrarvertíðinni syðra, og leggur til einnig í landi fjölda af verkafólki, sem vinnur að verkun afla í hraðfrystihúsum og víðar. Og þá fer svo, sem vænta má, að eitthvað af þessu fólki sezt að syðra ár hvert og á ekki afturkvæmt til sinna heimkynna.

Ekki munu nýir togarar, þótt fengnir verði til landsins og dreift um það, samkvæmt efni og anda þessa frv. geta bætt úr þörf allra þeirra staða, sem hér er um að ræða. Sums staðar skortir í senn hafnarskilyrði og fólksfjölda, þ. e. a. s. fjölda vinnandi fólks, o. fl. til þess að slíkt megi verða. Og þess þarf að sjálfsögðu að gæta, að nýjar aðgerðir í atvinnumálum hafi ekki truflandi áhrif á þann atvinnurekstur, sem fyrir er, og á ég þar fyrst og fremst við smábátaútveginn á einstökum stöðum. Hér kemur ýmislegt til greina, sem vega þarf og meta í hverju tilfelli. En samkv. lauslegri athugun, sem fram fór í sambandi við röskun jafnvægis í byggð landsins og ég drap á áðan, virðast vera á Norður-, Vestur- og Austurlandi samtals um 30 hafnir, þar sem hægt er, eins og nú standa sakir, að leggja á land afla úr togurum. Skilyrðin eru þó mjög misjöfn á þessum stöðum, sums staðar er dýpið við bryggju í minnsta lagi eða bryggjupláss helzt til lítið. Sums staðar vantar uppskipunartæki, svo sem lyftikrana eða bílvog, og sums staðar eru vinnslutæki eða verkunaraðstaða í landi ekki svo sem vera þyrfti, og er ekki stund eða staður til þess að gera grein fyrir því nánar hér. Það er rétt í þessu sambandi að minna á það, að það er víðast svo, að heppilegra mundi vera að binda sig ekki eingöngu við einstakar vinnsluaðferðir, t. d. frystingu, heldur þurfa yfirleitt á hverjum stað að vera möguleikar til fleiri verkunaraðferða jafnframt. En viðvíkjandi höfnunum og löndunartækjum og þess háttar má fá ýmsar upplýsingar í grg. þeirri, sem ég nefndi áðan, frá hinni svokölluðu jafnvægisnefnd, sem hefur verið útbýtt meðal þingmanna, þótt hún að vísu byggist á gögnum, sem safnað var fyrir tveimur árum, og væri að ýmsu leyti gerð til bráðabirgða. En væntanlega liggja fyrir um þetta efni fyllri upplýsingar frá atvinnutækjanefnd á sínum tíma. En það verður að gera ráð fyrir því, að óhjákvæmilegt verði að miða stærð a. m. k. sumra togaranna við hin sérstöku skilyrði í sumum höfnum, sérstaklega þar sem dýpi er minnst, að því leyti sem togaralöndun á annað borð kemur þar til greina.

Á sumum stöðum, sem hafa í sjálfu sér vinnuafl og allgóð tæki til vinnslu afla, eru það sérstaklega hafnarskilyrðin, sem nú eru því til fyrirstöðu, að þar sé hægt að taka á móti afla úr togurum. Að því verður að sjálfsögðu að stefna, að úr þessu verði bætt, en hafnarbætur taka alls staðar sinn tíma. Heimildina til kaupa á sex minni fiskiskipum, sem í þessu frv. felst, í 5. gr. þess, ber að sjálfsögðu fyrst og fremst að nota til þess að bæta úr þörf þessara staða, sem ekki geta í bráðina haft not af togaraútgerð. Þeir staðir verða að sitja fyrir þessum skipum, ef þörf þeirra krefur og aðstaða þeirra, t. d. vinnukraftur á staðnum, leyfir að öðru leyti, enda þótt komið geti til mála, að eitthvað af þeim skipum fari til annarra staða. Ég geng út frá því, að hæstv. ríkisstj. geri sér þetta fyllilega ljóst, enda um fyllstu sanngirni að ræða.

Um ríkisútgerðarákvæði frv. í 4. gr., sem er raunar aðeins heimildarákvæði, hefur verið rætt nokkuð hér í hv. d., bæði við 2. umr. og nú aftur við þessa umr. Ég geng ekki út frá því, að ríkisútgerðin verði hin almenna aðferð við útgerð þessara skipa. Flestir munu vilja treysta því, að það takist að skapa þann rekstrargrundvöll fyrir togaraútgerð hér á landi, að samtök einstaklinga eða bæjarfélög hafi áhuga fyrir að eiga togara sem og önnur stærri fiskiskip og hafa rekstur þeirra með höndum, ef kostur er á stofnlánum, sem nema miklum hluta af verði skipanna, eins og hér er gert ráð fyrir. En í hinum fámennari sjávarþorpum, með t. d. 300—500 íbúa, hygg ég þó, að möguleikar til þessa séu yfirleitt tæpast fyrir hendi. Þar er fátt um fésterka einstaklinga eða fyrirtæki, og þessi fámennu sveitarfélög eru lítils megnug og mega ekki við áföllum af stórrekstri í útgerð, jafnvel þótt aðeins sé um stundarsakir, en þörf þeirra er eigi að síður brýn, og ýmsir þessara staða eiga án efa mikla framtíðarmöguleika, þegar þeim vex fiskur um hrygg. Þessir staðir þurfa að geta átt þess kost, að togarar leggi þar fisk á land öðru hverju, þar sem það er hægt, einkum hluta úr árinu, og það verður naumast tryggt, nema um ríkisútgerð sé að ræða, sem innir af hendi þjónustuhlutverk við þessa staði í þágu þjóðfélagsins.

Þetta vil ég biðja þá menn að athuga, sem lýst hafa sig andvíga ríkisútgerð í umr. um þetta frv. hér í hv. d., bæði við 2. og 3. umr. Það er ekki ástæða til að ganga út frá því, að endilega þurfi að vera tap á slíkri útgerð, þó að tap sé á togaraútgerð nú. En jafnvel þótt um eitthvert tap yrði að ræða í bráð, verða menn að vera þess minnugir, að ætla má, að það kosti þjóðfélagið eitthvað í svipinn að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og það er það, sem menn nú yfirleitt telja sig vilja gera. En orð og áætlanir eru ekki einhlít til slíks, þó að gagnleg séu. Og framtíðin kann að dæma það gróða þjóðarinnar í ýmsum tilfellum, sem nútíðarmenn einhverjir vilja meta sem tap. Menn framtíðarinnar munu ef til vill skilja það betur en við gerum, að þjóðin verður að byggja land sitt, og það er hið minnsta, sem af henni verður krafizt sem þjóð.

Þetta frv. verður væntanlega samþ. hér á hv. Alþ., áður en langt líður, eftir undirtektum að dæma, en hér þarf að sjálfsögðu fleira til að koma. Fjármagnið til hinna fyrirhuguðu skipakaupa er enn ekki fyrir hendi, svo að kunnugt sé, og til þess að fá það mun þurfa mikið átak,

ef dæma skal eftir því, hve erfiðlega hefur gengið að fá lánsfé erlendis nú síðustu árin.

Rekstrarvandamál útflutningsframleiðslunnar er enn óleyst til frambúðar, en sú lausn, þ. e. a. s. lausnin á vandanum innanlands, er að sjálfsögðu á valdi landsmanna sjálfra eða forustumanna þjóðarinnar á ýmsum sviðum. Það sýnir sig svo væntanlega, áður en langt líður, hversu áfram hefur miðað að leysa þann vanda og þar með að skapa skilyrði til þeirra framkvæmda, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, og margra annarra.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég get nú ekki stillt mig um að láta í ljós nokkra undrun yfir því og óánægju, að enginn hæstv. ráðh. skuli vera hér við þessa umr., og einkum það, að þeir ráðherrar, sem þetta mál varðar sérstaklega, hæstv. forsrh., sem flutti þetta mál hér af hálfu ríkisstj., og hæstv. sjútvmrh., skuli ekki sjá ástæðu til að vera hér viðstaddir, þegar jafnþýðingarmikið mál er rætt og gera mátti ráð fyrir, að til ríkisstj. kynni að verða beint ýmsum fsp. varðandi málið.

Hv. þm. N-Þ. (GíslG) flutti hér áðan mikla ræðu og var fyrri hluti hennar nánast sagt nokkurs konar prógramræða fyrir hæstv. ríkisstj., þar sem m. a. hann lagði áherzlu á það, hversu ríkisstj. hefði verið vel fagnað, þegar hún var mynduð, og hversu mikill stórhugur hefði sýnt sig í yfirlýsingum hennar, þannig að annað eins mundi ekki hafa áður heyrzt hér á landi frá annarri ríkisstj.

Ég vil nú leyfa mér að efast nokkuð um þessa almennu gleði við myndun hæstv. ríkisstj. Hún fór nú þannig af stað, eins og allir vita, að þeir flokkar, sem að henni standa, urðu að svíkja mjög ákveðnar yfirlýsingar, sem þeir höfðu gefið fyrir kosningar, og auk þess byggist hennar tilvera að nokkru leyti á því að hafa tryggt sér með rangindum þingfylgi, þannig að dýrðarkransinn, sem er yfir myndun þessarar hæstv. ríkisstj., er nú ekki eins mikill og hv. þm. N-Þ. vill vera láta, og ég efast meira að segja um, að hann sjálfur, a. m. k. nú í dag, sé sérstaklega hamingjusamur yfir þeim félagsskap, sem hann er í. Hitt er annað mál, að myndun ríkisstj. vakti mjög mikla ánægju hjá stærsta flokknum, sem að henni stendur, kommúnistum, annars vegar og hjá hæstv. núv. forsrh., form. Framsfl., hins vegar, og ég efast um, að hin almenna gleði hafi náð miklu lengra.

Varðandi svo hitt atriðið, að ríkisstj. hafi gefið yfirlýsingar miklar, sem miklar vonir séu við bundnar varðandi aðgerðir til eflingar jafnvægi í byggð landsins og aðrar framkvæmdir, þá er það alveg rétt. Þær yfirlýsingar voru vitanlega stórar, en ríkisstj. verður ekki dæmd eingöngu eftir yfirlýsingum sínum, heldur eftir þeim verkum, sem reynslan sýnir, að hún leysi af hendi.

Það eru ekki aðeins yfirlýsingar, sem gefnar hafa verið, heldur hafa af hálfu hæstv. ríkisstj. verið sendir út erindrekar víðs vegar um landið, sem hafa rætt við forustumenn sveitarfélaga um það, hvað þar þyrfti að gera, og hafa a. m. k. sumir þessara erindreka, að mér er kunnugt um, þar sem ég þekki til, tekið svo vel máli sveitarstjórnanna og talið svo sjálfsagðar óskir þeirra og kröfur, að það er alveg rétt, að ég hygg, að þær hafi aldrei fengið aðrar eins undirtektir undir sitt mál, því að sumar þeirra hafa verið þrotnar að óskum við þessa erindreka. Þetta er vitanlega allt gott og blessað og færi betur, að efndin yrði eins og til er stofnað með öllum þessum loforðum og fyrirheitum. Enginn skyldi vera glaðari maður en ég yfir því. Hitt er annað mál, að það er ákaflega vafasamur greiði að gefa fyrirheit um ótal framkvæmdir, fyrirheit, sem á þessu stigi málsins er a. m. k. vitað fullkomlega um, að ekki er nokkur möguleiki til þess að leysa, eftir þeim horfum á fé, sem til ráðstöfunar sé, bæði úr ríkissjóði og lánum, sem fáanleg séu nú, eftir því sem ríkisstj. bezt veit í dag og eftir þeim yfirlýsingum, sem hún hefur gefið hér að undanförnu; þannig að allar eru þessar yfirlýsingar næsta þokukenndar, og það er sannarlega ekki til mikils góðs, heldur miklu fremur til tjóns að vera að gefa ádrátt og raunar allt að því loforð, svo að ekki sé meira sagt, um óteljandi framkvæmdir, sem litlar eða engar líkur eru til að komist í framkvæmd. Ég held, að slík vinnubrögð sé ekki svo sérstaklega mikil ástæða til að lofa.

Það frv., sem hér liggur fyrir um kaup 15 togara og 6 annarra skipa, er eitt af þessum fyrirheitum, fyrirheit, sem að vísu er það langt komið, að það er lagt í frumvarpsformi hér fyrir Alþ., en þó er jafnframt tekið fram, að engin vitneskja sé um það, hvort og hvenær fáanlegt sé lán til þessara framkvæmda. Og það er vitanlega eins með þetta mál og önnur, að frv. og löggjöf út af fyrir sig hefur næsta litla þýðingu, ef af framkvæmdum verður ekki. Hitt er annað mál, að við erum vafalaust öll á einu máli um að vona það, að hæstv. ríkisstj. takist að leysa þann vanda, sem hér er um að ræða, að tryggja nauðsynlegt fé til þessara skipakaupa, og á því byggist það, a. m. k. af hálfu okkar sjálfstæðismanna, að við höfum tekið þessu frv. vel, að það er í trausti þess, að þetta verði annað meira en orðið tómt.

Hv. þm. V-Ísf. (EirÞ) ræddi þetta mál nokkuð hér áðan og þá aðallega í þeim dúr, að mér skildist, að hann teldi veigamest í þessu máli, að komið væri á ríkisútgerð togara og það sem allra skjótast. Ég skal nú ekki fara út í það, þótt freistandi væri, að rekja útgerðarmál í Vestur-Ísafjarðarsýslu og afskipti þessa hv. þm. af þeim, en það er út af fyrir sig, þegar á það er horft, mjög skiljanlegt, að hann telji æskilegast og raunar einu lausnina að leggja allan vandann á ríkið í þessu efni. Að vísu veit ég ekki betur en að á einum þeirra staða, sem hann nefndi í hans héraði, séu gerðir út tveir togarar. Ég skal að vísu ekki segja, hvernig útgerð þeirra gengur, en það er þó a. m. k. svo, að þessir togarar hafa að undanförnu tryggt fulla atvinnu í því byggðarlagi, sem þeir eru gerðir út frá. Um það er vitanlega enginn ágreiningur okkar í milli, og það hef ég oft tekið fram, að fyrir mörg byggðarlög sé útgerð togara líklegust til þess að bæta úr erfiðu atvinnuástandi og tryggja varanlega atvinnu. En ég álít, að áður en horfið sé að því ráði að varpa öllum þessum vanda yfir

á ríkið, beri að þrautkanna það og mönnum beri skylda til þess heima fyrir að leggja sig fram um af sinni hálfu, eftir því sem föng eru á, að taka að sér útgerð skipanna sjálfir, þannig að komi til ríkisútgerðar, verði það aðeins notað sem þrautalending, ef ekki er möguleiki til að koma þessum málum fyrir á annan veg. Og þá er ég kominn að því atriði, sem var eiginlega aðalástæðan til, að ég stóð hér upp, en því miður eru nú hvorki hér viðstaddur hæstv. forsrh. né heldur frsm. fjhn., þannig að það er sennilega erfitt um að fá svör við því, sem ég vildi spyrja að; en þar sem þetta er síðasta umr. málsins í þessari hv. d., þá verð ég nú samt að vekja máls á þessu, enda þótt báðir þessir menn séu fjarverandi. Mér sem sagt skildist ekki betur við 2. umr. þessa máls en að fram kæmi nokkur, ef ekki verulegur ágreiningur milli hæstv. forsrh. og hv. þm. Hafnf. (EmJ) um þessa ríkisútgerð, þ. e. a. s., hvað fyrirhugað væri af hálfu ríkisstj. í því efni. Ég gat ekki betur skilið ræðu hæstv. forsrh. en svo, að hans meining væri, að ríkisútgerð togara yrði því aðeins notuð eða þessi heimild yrði því aðeins notuð, að ekki væri möguleiki til að fá aðila á viðkomandi stöðum til þess að taka að sér útgerð skipanna. Hins vegar lýsti hv. þm. Hafnf. (EmJ) því hér yfir, — og mér fannst orðalag hans ótvírætt benda til þess, að hann hefði skilið hæstv. forsrh. á þann veg, sem ég hef skilið hann, — að hann hefði alltaf skilið þetta frv. svo, að það væri fyrir fram ákveðið að setja þessa ríkisútgerð á stofn, hvað sem öllum kaupum annarra aðila á skipunum liði, og hann lagði á þetta ríka áherzlu.

Hér er vissulega um allmikinn mismun að ræða, ef þetta er rétt skilið hjá mér, og eðlismunur varðandi þetta mál, hvort ætlunin er sú að nota þetta úrræði með ríkisútgerðina aðeins í ýtrustu nauðsyn, þ. e. a. s., grípa ekki til hennar, nema ekki sé með neinu móti hægt að fá aðila á þeim stöðum, þar sem nauðsyn togaraútgerðar er talin vera fyrir hendi, til þess að kaupa skipin og taka að sér útgerð þeirra, eða hvort fyrir fram er ákveðið af ríkisstj., að hvað sem öllu þessu líður, skuli gerðir út svo og svo margir togarar á vegum ríkisins til þess að leggja upp afla, eftir því sem nánar verði ákveðið, annaðhvort með lögum, sem mér skilst þó, að sé alls ekki nein vissa fyrir að verði lögð hér fram, enda þótt gert sé ráð fyrir því í 4. gr. frv., eða þá eftir öðrum fyrirmælum ríkisstj. um þetta efni.

Þetta hefði ég talið mjög æskilegt og raunar nauðsynlegt, áður en málið væri afgr. héðan úr d., að fá upplýsingar um, því að ég vænti, að allir hv. þm. séu mér sammála um það, að á þessu er nokkur munur og sýnir nokkuð mismunandi viðhorf til ríkisrekstrarins í þessu sambandi, hvort hann er notaður sem þrautalending, ef aðrar leiðir bregðast, eða hvort hann fyrir fram er ákveðinn, hvað sem öllu líður, og þá væri jafnframt í því sambandi mjög æskilegt að fá vitneskju um það, hvað er fyrirhugað að gera þá út marga af þessum togurum á vegum væntanlegrar ríkisútgerðar. Við því hefur ekki heldur verið gefið neitt svar eða nein upplýsing um það í sambandi við þessar umr.

Ég lýsti þeirri skoðun minni hér við 2. umr. þessa máls, að ég mundi greiða atkv. með 4. gr. frv., þ. e. a. s. heimildinni til ríkisútgerðar togara, á grundvelli þess skilnings, að hér væri ekki um að ræða fyrir fram gerða ákvörðun um það að hefja almenna ríkisútgerð, heldur væri þessi heimild hugsuð, eins og hæstv. forsrh. tók fram, eða eftir því sem ég skildi hans orð, sem þrautaúrræði til þess að efla atvinnulíf á þeim stöðum, þar sem upplögn afla úr togurum væri talin heppilegust til atvinnuaukningar, en engir möguleikar eða geta fyrir hendi til þess að sveitarfélög eða einstakir aðilar tækju að sér útgerð skipanna.

Á þessum grundvelli tel ég stætt og ekki óeðlilegt að veita ríkisstj. þessa heimild, því að eins og ég hef áður tekið fram, má að sjálfsögðu ekki láta neinar kennisetningar um tilhögun atvinnurekstrar standa í vegi fyrir því, að atvinna verði tryggð hvarvetna í landinu, því að það er vitanlega höfuðatriði málsins og það, sem að er stefnt, með bæði þessum atvinnurekstri og öðru, að full atvinna geti verið og að lífskjörin geti orðið sem jöfnust, hvar sem er á landinu. En eins og bent var á af hv. þm. N-Þ. hér áðan, er auðvitað ekki endilega víst, að á öllum þessum stöðum, þar sem nú er ófullnægjandi atvinna, sé útgerð togara heppilegasta úrræðið. Það eru svo mörg önnur atriði, sem þar koma til greina, og nauðsynlegar forsendur, til þess að um útgerð togara geti verið að ræða. Og það ber jafnframt að sjálfsögðu við útgerð togara að gera sér grein fyrir því að reyna að tryggja það, eins og þessi sami hv. þm. tók réttilega fram, að ekki væri gengið á hlut bátaútvegsins eða dregið úr skynsamlegri og eðlilegri útgerð báta frá viðkomandi stöðum. Þetta veldur því, að að sjálfsögðu verður að gera sér grein fyrir, þegar um það er að ræða, hvar togarar verði staðsettir, — og ekki hvað sízt er það í sambandi við þá miklu fyrirgreiðslu, sem hér er hugsuð með ríkisútgerð togara, — þá er nauðsynlegt í hverju tilfelli að íhuga það, hvort þessi aðferð sé líklegust til þess að tryggja atvinnu og efnahagslega afkomu íbúanna.

Af þessum sökum vildi ég leyfa mér hér við þessa umr. að bera fram skriflega brtt. eða viðaukatill. við brtt. hv. fjhn. á þskj. 72 þess efnis, að aftan við 2. lið brtt. bætist viðbótarsetning eða setningarhluti, sem þannig hljóði: og ekki verði úr bætt á hagkvæmari hátt með öðrum úrræðum. — Setningin hljóðar öll þannig frá n.:

„Ríkisstjórninni er, að fengnum tillögum atvinnutækjanefndar, heimilt að setja á stofn ríkisútgerð togara í því skyni, að þeir leggi afla sinn á land í þeim bæjum og kauptúnum, einkum á Vestur-, Norður- og Austurlandi, þar sem ekki eru fyrir hendi fjárhagslegir möguleikar til þess að kaupa og reka togara, enda sé talið, að skortur á atvinnu á þeim stöðum hamli eðlilegum vexti þeirra, og ekki verði úr bætt á hagkvæmari hátt með öðrum úrræðum."

Þetta breytir í engu þeirri ákvörðun, sem hér er um heimildina til ríkisútgerðar togara, heldur er hér aðeins tekið fram, að það verði vitanlega að meta, áður en til þeirra úrræða sé gripið í hverju einstöku tilfelli, hvort þessi aðstoð við viðkomandi byggðarlög til atvinnuöryggis sé hin líklegasta eða hvort þar kæmi annað til

greina. Þetta tel ég eðlilegt og raunar nauðsynlegt, að komi fram í þessari málsgr., og vildi ég leyfa mér að óska eftir því við hæstv. forseta, að hann leitaði afbrigða fyrir þessari brtt., þar sem hún er skrifleg og of seint fram komin, þannig að hún mætti koma til afgreiðslu, þar sem þetta er síðasta umr. málsins.

Ég held svo ekki á þessu stigi málsins, að það sé ástæða til þess að fara um það fleiri orðum. Ég gerði við fyrri umr. þess grein fyrir skoðun minni um það, hversu útgerð togara væri víða á landinu langlíklegasta og raunar kannske eina úrræðið til þess að koma í veg fyrir árstíðabundið atvinnuleysi. En hins vegar verður að sjálfsögðu að taka hér allt með í reikninginn og íhuga það vandlega, og að því miðar mín litla brtt., að hverju sinni séu valin þau úrræðin, sem komi fólki á viðkomandi stöðum að sem beztu haldi, til þess að ná þeim tilgangi, sem við öll hljótum að stefna að, að fólkið geti, hvar sem það býr á landinu, búið við sem sambærilegust lífsskilyrði og haft viðunandi atvinnu og lífsafkomu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 84) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Eyf. hefur nú þegar flutt hér skriflega brtt., sem gengur í sömu átt og till. sú, sem ég hafði boðað við síðustu umr., að ég mundi flytja við þessa umr., ef n. sæi sér ekki fært að taka upp svipað efni í þær brtt., sem hún kynni að gera við frv. Ég sé því enga ástæðu til þess að flytja mína till. nú, þar sem þessi till. er þegar fram komin. Raunar tel ég, að vegna ummæla hæstv. forsrh. við 2. umr. sé hún ekki eins nauðsynleg og áður, en eins og hv. 2. þm. Eyf. tók fram, væri það til bóta, ef hún fengist samþykkt.

Vegna ummæla hv. þm. V-Ísf. (EirÞ) vil ég segja það, að ég get vel skilið, að hann sé sár við nágranna sína, sem hefur gengið betur að reka togara en honum gekk sjálfum, og er ég þó á engan hátt að gera lítið úr þeim erfiðleikum, sem við, eins og aðrir togaraeigendur, nú eigum við að stríða um rekstur skipanna.

En viðvíkjandi flutningi fisks milli staða, þá vil ég endurtaka, að það hefur gefizt vel og mun betur en menn höfðu búizt við, áður en það var reynt. Flutningskostnaðurinn hefur orðið mun minni en við var búizt. T. d. get ég upplýst í þessu sambandi, að mér er kunnugt um, að við losun fisks úr skipi, sem þó gat vegna hafnarskilyrða landað í Hnífsdal, en landaði á Ísafirði vegna þess, að meiri hluti fisksins átti að fara þar á land, þá kom í ljós, að það var ódýrara að landa fiskinum á Ísafirði en verið hefði í Hnífsdal. Það var ódýrara fyrir Hnífsdælinga að landa honum á Ísafirði en það hefði verið fyrir þá að landa honum í Hnífsdal, vegna þess að löndunarskilyrði voru betri á Ísafirði. Það voru betri löndunartæki, mikilvirkari og fljótvirkari. Þar var bílavog til að vigta bílana jafnóðum og þeir óku af stað o. s. frv. Þetta kemur líka berlega í ljós í skýrslu jafnvægisnefndar, að þó að hafnarskilyrði væru fengin, eru skilyrði á smástöðunum úti um landið víða svo léleg, að það má heita ógerningur að taka við togaraförmum eða hluta úr togaraförmum þar þess vegna. — Á þetta vildi ég fyrst og fremst benda. Ég vil enn fremur benda á, að togarar eru dýrir í rekstri og ekki hentugir til þeirra nota að flytja smáslatta, kannske tvo, þrjá bílfarma, milli hafna, hvað sem þm. V-Ísf. segir. Hann ætti þó að vita nokkuð um kostnað við togaraútgerð af eigin raun. Hinu hef ég aldrei haldið fram, að það ætti að keppa fyrst og fremst að því að flytja fiskinn um fjallvegi, sem væru ófærir mikinn hluta árs. En ég hef þó nokkra reynslu af því, að slíkir flutningar, jafnvel yfir fjallveginn milli Ísafjarðar og Súgandafjarðar, geta átt fullan rétt á sér og gefizt vel, og hafa gert það þegar svo hefur staðið á, að vegurinn hefur verið góður og hentugir bílar notaðir til flutninganna. Og ég er viss um, að það kemur í ljós, ef vegarsambandið er bætt nægilega, eða eins vel og kostur er á, að þá verður það ómetanleg lyftistöng fyrir þau byggðarlög, sem þess njóta. Og það getur gert mögulega flutninga, sem mönnum að óreyndu þykir ólíklegt að borgi sig.

Ég veit líka, og hv. þm. V-Ísf. ætti að vita það, að mjólkin úr kjördæmi hans er flutt yfir fjöllin til Ísafjarðar, og kostnaður við það er mun minni en að flytja hana á sjó, og þó er það gert með ódýrara skipi en togarar eru. Og auk þess hefur það skip verulegan rekstrarstyrk úr ríkissjóði.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Ég skal ekki halda því fram, að ég sé neinn sérfræðingur um sjávarútvegsmál, en þó get ég ekki látið hjá líða að segja aðeins örfá orð í sambandi við þær umræður, sem hér hafa farið fram, og þá jafnvel ekki sízt til þess að fá frekari fræðslu af þeim, sem betur vita í þessum málum en ég sjálfur. Ég get ekki látið hjá líða að segja nokkur orð vegna till. háttv. 2. þingmanns Reykvíkinga, þar sem hann vill fella niður 4. gr. þessa frv. um heimild til að stofnsetja ríkisútgerð togara, sem ætti að vera þá einn rekstrargrundvöllurinn, sem hægt væri að fá í viðbót við það, sem nú er, til reynslu um það, hvað heppilegast sé að gera í þessum efnum. Aðrir flokksmenn hv. 2. þm. Reykv. vilja mæla með þessu, eins og t. d. hv. 2. þm. Eyf., að flestu leyti, og eins þeir, sem í n. hafa starfað fyrir Sjálfstfl., og kemur þar berlega fram þessi hagræna starfsaðferð Sjálfstfl., sem hann hefur haft um flest mál, að skipta sér jafnan með og móti öllum merkum málum. Og þetta hefur reynzt honum ákaflega hagstætt og gott á ýmsa lund, eins og kunnugt er. Þeir reyna að þóknast öllum, — ja, ég held, að aðrir flokkar hafi aldrei kallað sig allra stétta flokk og ætlað að þóknast öllum, bæði ríkum og fátækum, ég man ekki til þess. Það er þessi starfsaðferð að reyna að þóknast öllum, bæði þeim, sem aftur af vilja halda, og þeim, sem vilja fram og vilja umbæturnar. Og ákaflega er þægilegt að geta svo á eftir sagt, ef illa fer: Ja, við aðvöruðum á móti þessu að fara ekki þessa leið. Og ef vel gengur: Ja, hverjir börðust meira fyrir því en við? Þetta er orðið svo, að við, sem höfum fengizt við félagsmál nokkurn tíma hér í landi, þekkjum vel

þessa starfsaðferð, og ég get ekki látið hjá líða aðeins að benda á hana við þetta stórmál, sem kemur hér upp í þinginu, þegar ég kem hér aftur, að sjá, að þessari sömu aðferð er enn haldið. Og það virðist vera eins og hún sé ákaflega þægileg. Þingmaður Eyf. náttúrlega, sem annars staðar er af landinu en Reykvíkingurinn, sem hér er, hefur önnur sjónarmið á þessu máli og veit, að fólkið þarf þess. Og einnig hv. þm. Ísaf., sem var að tala hér áðan, vill ekki leggja gegn þessu. Það er sjálfsagt ekki vel þekkt þar. En hvað ætli að yrði úr framkvæmdunum, ef þessi flokkur ætti að standa fyrir þeim? Hvað ætli yrði úr þeim þá, og ef hann hefði engan annan til að stjórna sér til að koma þeim áfram?

En mér er nú spurn um þennan atvinnuveg og um rekstur þennan: Hvaða rekstrarfyrirkomulag er á togaraútgerðinni, eins og stendur? Er það einkarekstur, er það bæjarrekstur, eða er það ríkisútgerð? Er það ekki allt saman? Mér skilst, að það sé aðallega þannig, að það séu einstaklingar, sem hafi skipin til að hirða gróðann, en að það sé ríkið, *sem geri út á töp.* Mér skilst það og það sé svona um þennan atvinnuveg, að þeir séu jafnvel styrktir mest, sem minnsta hafa þörfina, sem veiða mest, og hinir aftur minna, sem frekar hefðu ástæðu til að fá hjálp. Eða ekki get ég betur séð en svo sé, með því fyrirkomulagi, sem er.

Og mér er nú spurn: Er það *ekki dálítið* hæpinn ríkisrekstur það, sem nýsköpunarstjórnin stofnaði til á sínum tíma, einmitt þetta að hirða töpin, en láta einstaklingana hirða gróðann, — og hún stofnaði einmitt til þessa rekstrarfyrirkomulags fyrst, — er það ekki dálítið hæpið fyrir þjóðfélagið í heild að hugsa sér þann rekstrargrundvöll á aðalatvinnuvegi sínum í framtíðinni? Hvar mun það lenda?

Ég held, að menn hefðu ákaflega gott af því að íhuga þetta svona dálítið með sjálfum sér, þegar farið er að borga meira en allt mannakaup á skipunum af ríkinu og hinu opinbera, og það er vitað, að í sumum tilfellum, þar sem reksturinn er beztur, þar er þess ekki þörf. Er þá ekki betra hreint og beint, þegar komið er inn á þennan grundvöll og þennan rekspöl um reksturinn, að sá sami hirði bæði gróða og töp, — þá veit maður þó, hvað þarf að borga, — og vera ekki að ala marga gæðinga í óhófslifnaði að óþörfu, sem ekki mun óalgengt vera einmitt við þennan atvinnurekstur? Hvaða ástæða er til yfirleitt að vera að fela fjölda einstaklinga að sjá um og hafa yfirráð yfir skipunum, sem þeir einu sinni ekki hafa borgað, heldur ríkið að langmestu leyti lagt út fyrir þeim og lánað til þeirra, og standa aldrei nokkurn tíma neitt ábyrgir fyrir rekstrinum, heldur koma og krefjast alltaf meira, ef einhver töp eru eða þeim hefur orðið eitthvað á í rekstrinum? Mér skilst, að það sé að minnsta kosti langskynsamlegast að láta einn aðila bera ábyrgð á bæði tapi og ágóða og bera ábyrgð á rekstrinum, og þess vegna held ég, að það sé mjög misráðið að leggjast gegn því, að reynt sé það rekstrarform, sem hér er farið fram á einmitt í 4. gr. frv. um ríkisrekstur á útgerðinni að einhverju leyti, þar sem einstaklingarnir þá ekki treysta sér til þess með nokkru móti, jafnvel þó að þeir fengju það rekstrarfyrirkomulag að mega hirða gróðann, en tapið sé borgað af ríkinu.

Hv. 2. þm. Reykv. var að tala um slíkt óhemju fjársukk, sem mundi verða í sambandi við rekstur á þessum skipum. En það er sjálfsagt ekkert fjársukk núna? Hv. 2. þm. Reykv. ætti að vera þessu manna kunnugastur. Ég er náttúrlega ekki svo mjög kunnugur í þeim efnum. En einhvern veginn grunar mig það, og ég er anzi hræddur um, að þjóðina gruni það líka, og mikinn hluta hennar, að það sé talsvert fjársukk núna í sambandi við rekstur þessarar útgerðar. Ég er anzi hræddur um það. Það má vera, að þetta sé vitleysa hjá mér og að ég sé einn um það, en eitthvað sjáum við nú annað fyrir augunum á okkur, *jafnvel daglega, hvernig* er um það. Það má vel vera, að það sé fjársukk um ríkisrekstur, en ég held, að það geti aldrei orðið meira fjársukk en undir því fyrirkomulagi, að ríkið borgi öll töp, en einstaklingar hirði allan gróða og heimti og skammti sér sjálfir, hvað töpin séu mikil. Þetta sér hver maður, að komið er á þann grundvöll hjá okkur, að það er óhugsandi, algerlega óhugsandi, að þjóðin geti haldið áfram á þessari braut, án þess að reyna einhvers staðar að fóta sig á annan veg. Og ég sé satt að segja ekki annað en að einkareksturinn sé gersamlega búinn að gefast upp við þann atvinnurekstur, sem hann heimtar á hverju einasta ári alltaf meira og *meira, að töpin séu greidd,* en hann hafi allan gróðann. Ég sé ekki annað en að slíkt fyrirkomulag sé búið að ganga sér til húðar, eins og kallað er.

Það er ekkert við því að segja, þó að tekið væri upp eitt einstakt ár eða eina einstaka vertíð að styrkja einhvern atvinnuveg, sem hefur lent *í erfiðleikum; það er ekki annað en sjálfsagður* hlutur. En að taka þetta upp sem rekstrarform í áratugi, eins og búið er að gera með þetta, sem fer vitanlega alltaf meira og meira á ógæfuhlið, því lengra sem haldið er og allir sjá, slíkt er fjarri öllu lagi.

Hv. 2. þm. Eyf. var að tala um það, að það væri náttúrlega gott að vera að lofa þessu bæði í stjórnarsamningi og eins nú með þessu frv. um að gera þessar umbætur, en það lægi ekkert fyrir um það, að búið væri að afla lána eða annarra möguleika til að framkvæma þetta. Mér er nú spurn: Er það vani? — Ja, það er þá nýr vani hjá hv. Alþ. eða í framkvæmd slíkra mála, ef byrjað er að leita lána úti um öll lönd og hjá stofnunum erlendis, áður en vitað er, hvort þjóðin eða Alþingi vill gera hlutinn. Ég held, að það sé þó það fyrsta að skapa bæði heimild frá Alþ. og löggjöf frá því, til þess að geta hafið starf til að koma þeim umbótum í framkvæmd, — eða svo hefur mér skilizt að allajafna væri um bæði þessi mál og önnur, þegar verið hefur verið að framkvæma þau.

Þá sagði hv. þm. Eyf. enn fremur, að þm. V-Ísf. vildi leggja allan vandann á ríkið. Hvar er vandinn núna með þennan rekstur? Hverjir eru í vandanum? Ekki útgerðarmennirnir. Þeir fá það, sem þeir hafa beðið um. Er það ekki ríkið, sem ber vandann allan? Ég veit ekki betur.

Ég vildi aðeins segja þessi fáu orð til að lýsa minni afstöðu í þessum málum, að þó að ég hafi

aldrei haft neina verulega trú á ríkisrekstri sem allsherjarlausn á vanda í þjóðfélögunum, sé ég ekki betur en að það sé sjálfsagt að reyna það, þar sem einkareksturinn er kominn í algert strand og þar sem komið er slíkt ófremdarástand og ríkir um þennan atvinnurekstur, þá sé sjálfsagt að gera tilraun um, hvort ekki sé hægt að fleyta þessu á einhvern hátt á annan veg betur. Og það væri álíka viturlegt að berja þar höfðinu við steininn eins og þeim, sem reynt hafa vissar lífsstefnur og eru búnir að rekast á, að þær eru í hálfgerðu gjaldþroti, en vilja samt halda við þær og halda sér fast í þær. Það er ákaflega svipað með þeim, sem vilja halda sér fast í einkareksturinn, þar sem hann er búinn að sýna það, að hann er ekki þess megnugur að leysa vandann, er hann steðjar mestur að þjóð og einstaklingum.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég gerði nokkra grein fyrir afstöðu minni til þessa máls við 2. umr. Ég benti þá á það, að það væri nokkuð óljóst af frv., hvað fyrir hæstv. ríkisstj. vekti með tilliti til rekstrarfyrirkomulags togaranna, sem nú á að kaupa. Þær fyrirgreiðslur, sem gert er ráð fyrir að verði látnar í té með tilliti til lána út á togarana, virðast til þess benda, að hæstv. ríkisstj. sé þeirrar skoðunar, að annað form en ríkisútgerð mundi vera það heppilegasta, því að ef ríkisútgerðin væri talin hentugasta rekstrarfyrirkomulagið, væri náttúrlega engin skynsamleg ástæða til þess að vera að greiða fyrir slíkum lánum til togarakaupanna. Á hinn bóginn benti ég á það, að hætt væri við því, þar sem ríkisútgerðin er þannig auglýst fyrir fram með 4. gr. þessara laga, að hin ýmsu byggðarlög yrðu ófús til þess að leggja fram fé til togarakaupanna, ef þau gætu átt von á því, að togarar gerðir út af ríkinu kæmu hvort eð væri til þessara staða. Þess vegna benti ég á það, að heppilegast hefði verið að sleppa 4. gr. frv., en hins vegar hefði ekkert verið því til fyrirstöðu, að ákveðið yrði með sérstökum lögum að stofna til ríkisútgerðar, svo sem ráð er fyrir gert. Ég get því fyllilega tekið undir það með hv. 2. þm. Eyf., að æskilegt væri, að hæstv. ríkisstj. gerði grein fyrir því, hvað fyrir henni vekti í þessum málum, en í því efni virðist nú vera talað fyrir daufum eyrum, því að ráðherrastólarnir eru allir tómir, eins og sjá má. En með tilliti til þessa mun ég að sjálfsögðu greiða atkv. þeirri brtt., sem fram er komin frá hv. 2. þm. Eyf. Verði hún felld, mundi ég greiða atkv. brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. um, að 4. gr. falli niður. Með því er þó ekki sagt, að ég sé því algerlega andvígur, að ríkisútgerð togara verði hafin, en að sjálfsögðu mundi ekkert vera því til fyrirstöðu að fara síðar inn á þá braut, ef nauðsynlegt er talið með tilliti til atvinnujöfnunar í landinu, þó að heimild til ríkisútgerðar sé ekki tekin upp í þetta frumvarp.

Varðandi brtt. frá hv. þm. Borgf. (PO), þá er skoðun mín sú, að ef út á þessa braut er á annað borð farið, mundi ég telja það eðlilegast, að enginn landshluti væri undanþeginn í því efni, ef þær aðstæður, sem gert er ráð fyrir, eru að öðru leyti fyrir hendi, og þar að auki er það, að mér skilst það vera nokkurt álitamál, hvar Vesturland byrji, þannig að það eðlilegasta mundi vera, að mínu áliti, að gera þar engar undantekningar. Þar sem að verulegu leyti var samt komið til móts við þetta sjónarmið með brtt. þeirri, sem fyrir liggur nú frá fjhn., gerði ég ekki ágreining, en ég mundi þó áskilja mér rétt til þess að greiða till. hv. þm. Borgf. atkv., þegar hún verður borin upp.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég hafði nú ekki ætlað mér að taka aftur til máls um þetta mál hér, en það gafst nokkurt tilefni til þess í ræðu þeirri, sem hv. 2. þm. Rang. (SvbH) flutti hér áðan af nokkrum þjósti. Ég veit það vel, að þessi hv. þm. er gamalreyndur þm. og hefur margt séð og heyrt á undanförnum árum. En mér fannst nú ræða hans að mörgu leyti nánast benda til þess, sem hann væri að koma af fjöllum og hefði ekki aðeins ekki fylgzt með því, sem gerzt hefur á undanförnum árum, sem hann ekki hefur verið þm., heldur jafnvel einnig gleymt því, sem gerðist meðan hann var þm., því að svo furðuleg var ræða hans í marga staði.

Varðandi það atriði, að hér væri leikinn sá leikur af Sjálfstfl. að skipta sér eins og hans venja væri í fjöldamörgum málum, þá finnst mér nú sannast sagt, að slík ásökun komi úr hörðustu átt, því að ég held, að það séu nú engir menn þjálfaðri og reyndari í slíkum brögðum en flokksmenn þessa hv. þm. Við þurfum ekki annað en lesa aðalblað flokksins núna þessa síðustu daga til þess að sjá það, að frá degi til dags er í þýðingarmiklum málum gersamlega mismunandi stefna. Það er nánast eins og það séu tveir hópar manna, sem hafi náð samkomulagi um það, að þeir skuli ráða yfir blaðinu sinn hvorn daginn. Þessi leikur hefur verið leikinn í aðalmálgagni Framsfl. árum saman. Og það er öllum vitanlegt, að þar hafa verið gersamlega tvö sjónarmið ríkjandi, og þetta hefur komið fram hér á Alþ. í fjöldamörgum þýðingarmiklum málum. Þannig að sé þar nokkur flokkur, sem leikur það hlutverk að vilja á yfirborðinu sýna eitthvað fyrir alla, þá held ég, að það sé nú fremur öðrum flokkur þessa hv. þingmanns. Annars er hér ekki sérstakur vettvangur til þess að fara að ræða almennt um stjórnmálabaráttu flokka, og skal ég því ekki nánar fara út í þá sálma. Það gefst vafalaust tækifæri til þess á öðrum vettvangi að ræða það mál nánar, en ég segi þetta aðeins hér, að gefnu tilefni frá þessum hv. þm., og vil vinsamlegast benda honum á það, áður en hann fer að hneykslast yfir því, að mismunandi viðhorf kunni að vera til einstakra mála innan flokks, að þá ætti hann, ef hann endilega vill, að slíkri venju sé viðhaldið, að það komi aldrei fram mismunandi sjónarmið innan flokks, að reyna til að koma þeim siðabótaáhrifum sínum fyrst og fremst á framfæri innan þess flokks, sem hann sjálfur skipar, því að sé þetta á annað borð óeðlilegt, þá er ábyggilega þörfin til siðbóta á þessu sviði hvergi brýnni en þar.

Það kom svo greinilega fram í umræðu þessa hv. þm. um togaraútgerð yfirleitt og ástand hennar, að hann virðist ekki gera sér grein fyrir, hvernig að þessum atvinnurekstri hefur verið

búið og hvaða orsakir eru valdandi að þeim vanda, sem hann er kominn í. Hann segir, að einkareksturinn hafi gengið sér til húðar og að það eigi að vera sönnun fyrir óhæfni hans í togaraútgerð, að togaraútgerð sé nú rekin með stórfelldu tapi. Og hann tók nú það djúpt í árinni og meira að segja dýpra en nokkur talsmanna hinna hv. sósíalistisku flokka í ríkisstj. hafa gert við þessar umræður, að halda því fram, að það skipulag, sem ákveðið var varðandi togaraútgerðina af nýsköpunarstjórninni, að selja togarana einstaklingum, bæjarfélögum og ýmsum samtökum, hefði reynzt vera óheppilegt, og þess vegna væri það ekki nema eðlileg afleiðing af því, úr því að þessir aðilar gætu ekki rekið togana hallalaust, að þá væri gripið til ríkisrekstrar, og var ekki annað sýnna af ræðu þessa hv. þm. en að hann teldi eðlilegt, að hafinn væri allsherjar ríkisrekstur togara. Ég held nú sannast sagt, að allir hv. þm. nema e. t. v. þessi hv. þm. viti ákaflega vel, að aðstaða togaraútgerðarinnar nú stafar á engan hátt af því, hvað henni hafi verið illa stjórnað, heldur af stórfelldu jafnvægisleysi í þjóðfélaginu, sem hefur valdið því, að kröfur á hendur þessari útgerð og tilkostnaður við hana er orðinn miklum mun meiri en nemur afrakstrinum af útgerðinni, miðað við það gjaldeyrisverð, sem útgerðin verður nú að búa við. Og það er því sannarlega ekki vegna þess, að einhverjir gæðingar, eins og hv. þm. orðaði það, í óhófslifnaði, hefðu orðið þess valdandi, að togaraútgerðin bæri sig ekki. Ég vænti þess, að hv. þm. viti það gerla, að meginhluti íslenzka togaraflotans nú er gerður út af bæjarfélögum eða félagssamtökum, þar sem bæirnir eru stórir aðilar að. Og ég geri ekki ráð fyrir, að hægt sé að ætla, að það séu hópar manna, forustumenn bæjarfélaga eða aðrir, sem lifi í óhófslifnaði á kostnað útgerðarinnar. Afkoma útgerðarinnar nú sannar því í engu neitt um það, hvað sé heppilegasta rekstrarform hennar. Og ég hygg nú sannast sagna, að ef út í þá sálma væri farið að gera samanburð á afkomu bæjarútgerðartogara nú og afkomu ýmissa einkatogara, þá yrði sá samanburður sannarlega ekki einkarekstrinum á neinn máta óhagstæður. (Gripið fram í.) Nei, þeir fá ekki minna. Það er heldur engin ástæða til þess. Þessi styrkur er reiknaður sem uppbót á það óeðlilega gjaldeyrisverð, sem þessi atvinnurekstur býr við, en ekki sem venjulegur styrkur. Það hefur verið viðurkennt af öllum og því ekki verið haldið fram af neinum í sambandi við þetta mál, að það væri eðlilegt að mismuna í þessu efni, varðandi þessar uppbætur, sem ég vil nánast tiltekið halda fram, að sé ekki styrkur, heldur aðeins viðurkenning þjóðfélagsins á því, að það séu gerðar of þungar kröfur og miklar á hendur útgerðinni. Og þá verður eðlilega að skila henni því, sem umfram er, því að hvorki útgerð né neinn annar atvinnurekstur getur staðizt, ef á hann eru lagðar þyngri kvaðir en hann með nokkru móti getur undir risið. Ef hann á ekki að stöðvast, hlýtur þjóðfélagið — og það er skylda þess — að gera ráðstafanir til þess að jafna metin að þessu leyti. Sýni það sig hins vegar við sambærilegan rekstur og við sambærileg framlög, að hlutur einstaklinga og einkaútgerðar sé lakari, hlýtur að sjálfsögðu að leiða af því, að hún veltur um, og það er ekkert við því að segja, ef hún ekki sýnir sig hæfa í þeirri samkeppni. En ég held nú sannast sagt, að ef þessi hv. þm. hefur lesið stefnuskrá og stefnuyfirlýsingar síns eigin flokks og bandalagsflokks hans og raunar ríkisstjórnarinnar allrar, hljóti hann að hafa rekið í það augun, að þar er mjög rík áherzla á það lögð, að það, sem gera þurfi nú og sé aðalvandamálið í íslenzku atvinnulífi, sé að koma atvinnuvegunum á rekstrarhæfan grundvöll. Það er fullkomlega viðurkennt, að það sé, miðað við núverandi ástand, á engan hátt óeðlilegt, að það þurfi á ýmsan máta að styrkja útflutningsframleiðsluna, og að vandamálið og aðalviðfangsefnið sé nú það, og það vitum við ósköp vel, að það er það í okkar efnahagsmálum, að draga svo úr tilkostnaði eða reyna að jafna metin á þann veg, að undir venjulegum kringumstæðum sé hægt að reka bæði togaraútgerð og annan atvinnurekstur styrkja- og hallalaust. Og ég hefði nú haldið, að það væri miklum mun eðlilegri leið til úrræða í þessu efni að reyna að leggja fram krafta sína til þess að skapa þennan grundvöll til eðlilegs atvinnurekstrar en að hugsa sér að fara inn á þá leið, að úr því að svo hefði verið illa búið að þessum atvinnurekstri frá þjóðfélagsins hendi, að hann getur ekki gengið styrkjalaust, þá eigi að draga þá afleiðingu af því, að það eigi að setja hann allan undir stjórn ríkisins. Og hvað sem öllu sukki líður, held ég nú sannast sagna, að fáir muni í alvöru vera þeirrar skoðunar, að það mundi draga úr hallarekstrinum, ef ríkið ætti að taka allan þennan atvinnurekstur á sínar herðar.

Það færi því tvímælalaust bezt á því og mundi vera heppilegast og til mestra þjóðþrifa, ef þessi hv. þm. vildi heldur ljá sitt lið og sína góðu hæfileika til þess að reyna að finna raunverulegan rekstrargrundvöll undir útgerðina, heldur en að ætla sér að leysa málið á þann furðulega hátt, að vegna þess ástands, sem ríkt hefur, og erfiðleika, sem atvinnuvegirnir hafa átt við að stríða, eigi afleiðingin að verða sú, að ríkið eigi að taka þetta allt á sínar herðar.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég ætlaði að taka undir með hv. 2. þm. Eyf. um, að mér finnst það óviðkunnanlegt, að hvorugur þeirra ráðherra, sem mest hafa með þetta mál að gera, — á ég þar við forsrh. og sjútvmrh., — skuli vera viðstaddur þessar umræður. En mér kom þá til hugar, að ástæðan fyrir þessari fjarveru — svo að þess vegna ætla ég nú ekki að gera hans orð að mínum — og geri ráð fyrir því, að þeir, hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvmrh., standi nú báðir í samningum, miklum og mikilsvarðandi samningum. Og ég er þakklátur hæstv. forseta, að hann skuli þó gefa sér tíma til þess að halda fundi, þegar slíkar umræður fara fram.

Ég skal ekki tefja þessar umræður miklu lengur, en ég tók eftir því, að hv. þm. N-Þ. (GíslG), sem mjög fylgir þessu máli fast fram, lítur á aðalgrein frv., 4. gr., sem meinlausa heimild, sem þægilegt sé fyrir stj. landsins að geta stutt sig við. Og hann sagði, — ég held, að ég hafi tekið það orðrétt eftir honum, — að því

beri að treysta, að sá grundvöllur verði fundinn, sem geri mögulegt fyrir félög, einstaklinga og bæjarfélög að stunda togaraútgerð í framtíðinni.

Þetta er ákaflega fallega sagt, en svo virðist sem hv. þm. hafi gleymt því, að hann er nú í samvinnu við tvo flokka, sem hvorugur kærir sig um, að þessi rekstrargrundvöllur finnist. Hvorugur þessara flokka keppir að því, að rekstrargrundvöllur fyrir útgerðina finnist á þann hátt, að einkaframtakið geti staðið í þessum atvinnuvegi. Þvert á móti, þeir vilja koma atvinnurekstrinum á þann grundvöll, að ekki sé um neitt annað að ræða en ríkisrekstur.

Hv. 2. þm. Rang. (SvbH) gerðist hér allstóryrtur í sambandi við einkaútgerð togara. Því hefur að vísu hv. 2. þm. Eyf. svarað mjög skilmerkilega, svo að ekki er mikil ástæða fyrir mig að fara mikið út í það, sem hv. þm. sagði. En hann spurði: Hvar er meira sukk nú en í útgerðinni? — (Gripið fram í.) Þm. sagði: Það er hvergi meira sukk nú en í útgerðinni. (**SvbH**: Það er ósatt mál.) Ef hann vill leiðrétta sig, er honum það frjálst. (**SvbH**: Ég þarf ekkert að leiðrétta, ég var bara að leiðrétta þingmanninn.) En ég vil þá spyrja hv. þm.: Hvað veit hann um þetta? Hann er alls ekki inni í þessu máli. Og þar að auki, eins og hv. 2. þm. Eyf. tók fram, það er ekki lengur í einkaútgerðinni, sem sukkið gengur fyrir sig, sem hv. þm. minntist á. Það eru aðallega bæjarútgerðirnar. En ég get sagt hv. þm. það, að flest af þessum skipum, sem eru gerð út af einkafyrirtækjum, hafa verið prýðilega rekin. Og sum skipin hafa allt til síðasta árs verið rekin án rekstrarhalla. Svo segir hann: Þeir reka þetta allt í sukki, en koma svo og heimta, að ríkissjóður greiði allt tapið. — En af hverju heimta þeir það? Það er af því, að þeir hafa ekki sama rétt og bændur til þess að hækka verðið á gjaldmiðli afurða sinna. Þar liggur mismunurinn í þessu öllu saman. Ef bændum væri ekki heimilað að hækka verð afurða sinna í samræmi við hækkun dýrtíðarinnar, mundu þeir standa í nákvæmlega sömu sporum og útvegurinn stendur í dag. Útvegurinn stendur í dag í þeim sporum, að hann hefur ekki fengið að breyta gjaldmiðli afurða sinna í samræmi við vöxt dýrtíðarinnar. Það hafa bændurnir fengið. Ég segi það ekki þeim til lasts. Hjá því var ekki hægt að komast. En svo rís þessi hv. þm. upp og segir: Þessir menn lifa í sukki og koma svo til ríkissjóðs og heimta, að hann borgi tapið. — Mundi hann ekki fyrir hönd bænda, ef með þá væri farið á sama hátt, koma til ríkissjóðs, leggja sinn hnefa á borðið og segja, að hér væri ekkert um annað að gera en að borga bændum tapið? Hverjum mundi detta í hug að fara að væna þá um það, að þetta tap væri sprottið af því, að þeir rækju svo illa búskap sinn? Það dettur engum í hug. En þessum hv. þm. dettur í hug að bera á þá menn, sem standa að útgerð, að þeir lifi í sukki, vegna þess að ástandið hefur gert þeim ómögulegt að reka atvinnuveg sinn án taps. Það er tekinn af þeim gjaldeyririnn fyrir 50% lægra verð en hann ætti í raun og veru að kosta.

Þessi hv. þm. hefur verið talinn skörulegur forsvarsmaður bænda. En það situr illa á honum sem slíkum að koma með slíkar fullyrðingar í sambandi við sjávarútveginn sem hann gerði í ræðu sinni.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Ég hef hér í raun og veru ekki miklu að svara þessum hv. þm., sem talað hafa og beint hafa nokkrum skeytum til mín vegna ræðu þeirrar, sem ég hélt hér áðan. Mér kemur þó eitt nýtt fyrir sjónir hér í þinginu, sem kemur fram í ræðu hv. 2. þm. Eyf., að það sé farið að beita þeim röksemdum í þingræðum, til þess að berja niður sjónarmið annars þm., að segja: Þú hefur gert þetta sjálfur. — Ég hélt, að slíkar röksemdafærslur ættu heima úti á götunni hjá heldur óþroskuðum drengjum, en ekki hér inni í þingsölunum, og það held ég að séu alveg ný vinnubrögð hér á þingi, frá því sem ég þekkti hér áður, þegar hann var að tala um það, þegar ég ræddi um vinnubrögð Sjálfstfl. um að skipta sér oftast um mikilvæg mál í tvær fylkingar, þá segir hann: Ja, það eruð þið, sem gerið þetta. — Þessa röksemdafærslu kann ég ekki við hér í sölum Alþingis, nema það séu rök að því færð, en þau voru harla lítil.

Hann segir það, að í blaði okkar framsóknarmanna, Tímanum, sé haldið fram sinn daginn hvern þessum og þessum sjónarmiðum. Það má vel vera, að það sé. Ég vona það, að okkar blað sé það frjálslynt, að það loki ekki fyrir öllu nema einu sérstöku sjónarmiði, eins og er háttur einræðismanna og því um líkt. Ég vona það, að flokkur okkar verði svo lengi lýðræðisflokkur í þessu landi, að hann þoli að láta menn koma fram með sín sjónarmið, þó að þau séu ekki öll á sama veg, en það er það, sem ég held, að hv. þm. ætti að reyna að fá endurbætt í sínum eigin flokki gagnvart blaðakostinum.

Hitt er svo annað mál að standa að lausn þingmála sem flokkur, þar sem miklu ræður og miklu skiptir, hversu að þeim er staðið, að það sé líklegur sá flokkur til að koma fram miklum umbótum, sem venjulega skiptist í tvær svona nokkurn veginn jafnar fylkingar með og móti, til þess eins að geta á eftir sagt, eftir því hvort það reynist vinsælt eða óvinsælt, sem gert hefur verið: Ég var á móti, — eða: ég var með — og við vorum allra manna skeleggastir. — Þetta eru svo alþekkt vinnubrögð hér, að ég skil ekki í því, að það sé nokkur maður, sem yfirleitt lætur sér detta í hug að mæla því í gegn.

Þá sagði hv. 2. þm. Eyf., að ég hefði haldið því fram, að það ætti í raun og veru að leysa einstaklingsreksturinn alveg af hólmi með þjóðnýtingu. Það virðist vera sem hv. þm. Sjálfstfl., þessum sem talað hafa, sé ákaflega gjarnt til þess að snúa út úr því, sem sagt er. Ég man ekki betur en ég segði hér, að ég teldi, að svo væri nú komið rekstrargrundvelli útvegsins, — og ég ber það undir hv. þd., hvort svo er ekki, — að það væri ekkert að ófyrirsynju, þó að reynd væru fleiri rekstrarform, m. a. þjóðnýting á vissan hátt, heldur en þau sem nú eru, þar sem þjóðnýtingin er á svo hraðri leið yfirleitt með öll þau töp í þessum atvinnurekstri eins og verið hefur á undanförnum áratug. Það er þetta, sem ég sagði, og þess vegna sé ég ekki ástæðu til þess fyrir

Sjálfstfl. að vera í þessu máli að skipta sér nú í tvær fylkingar, vegna þess að það er áreiðanlegt, að þjóðin vill, að þetta sé reynt.

Hv. 2. þm. Eyf. sagði enn fremur, að einstaklingsreksturinn reyndist sízt verri núna en t. d. bæjarútgerðirnar. Nú, ef svo er, þá virðist vera sem ríkið sé að borga framlög að óþörfu. Þegar borgað er jafnt á alla togarana, sem reknir eru, og jafnvel mest á þá, sem fiska bezt, eins og með uppbótunum á fiskverðið, sýnist mér, að tími sé til kominn að reyna að hafa einhverja hönd í bagga með það, að hér sé ekki verið að greiða að óþörfu; og ef einstaklingsreksturinn er svona miklu betri, þá held ég, að hann ætti að koma fram með, að hann kærði sig ekki um meira en hann þyrfti með.

Hitt skal ég fúslega játa, að ég man ekki til, að ég hafi neins staðar haft á móti því í þeirri ræðu, sem ég hélt hér áðan, að rekstrargrundvöllurinn er vitanlega mjög úr skorðum genginn, en það hefur margsinnis verið reynt að færa hann til betri vegar, og hefur að harla litlu gagni komið, enn sem komið er. Hitt hygg ég líka, að sé rétt, að það muni fáir einstaklingar vera utan Rvíkur, sem hyggja til þess að reka togara og telja sig hafa aðstöðu til þess. Hins vegar er dreifbýlinu alveg nauðsyn á því víða úti um landið, að togarar séu reknir og reynt sé að bæta skilyrðin til þess rekstrar úti um hinar dreifðu byggðir í landinu. Og þess vegna er sjálfsagt, að þessi heimild sé nú hér gefin, þar sem enginn einstaklingur einu sinni reynir orðið, að ég held, — kannske með einni undantekningu — að gera út úti um hinar dreifðu byggðir landsins annars staðar en hér frá Faxaflóa, þar sem hagkvæmast virðist vera vegna ýmissar aðstöðu að gera skipin út.

Ég held, að það geti ekki farið á milli mála, hvað ég sagði um þessi efni, og ég vil segja það, að ég held, að einstaklingsreksturinn, eins og hann er nú, sé ekki það eina fyrirmyndarform, sem eitt geti komið til greina til að leysa þessi mál. Ég held það.

Hv. 2. þm. Reykv. (BÓ) sagði, að ég hefði sagt hér, að það væri hvergi meira sukk en í sjávarútveginum eða togaraútgerðinni. Það er ósatt mál. Ég sagðist hafa grun um það og það mundu vera fleiri í landinu, sem héldu það, að það væri eitthvert nú; þegar hann var að tala um það áður í fyrri ræðu sinni, að það mundi verða slíkt sukk í rekstri togaraútgerðar, sem ríkið ræki, þá spurði ég hann beint að því, hvort það væri ekkert nú. Það er alveg óþarfi fyrir hann að vera að breyta þessum orðum mínum. Ég hygg, að þau hafi verið svo skýr sem verða mætti, og ég veit, að það eru margir fleiri en ég, sem hafa grun um það, að eitthvert sukk sé þar nú, ekki síður en hjá bæjarútgerðum og öðrum, þar sem hann vill nú halda fram, að sukkið sé meira.

Þá talar hann um það, hv. 2. þm. Reykv., að þessir erfiðleikar sjávarútvegsins stafi eingöngu af því, að sjávarútvegurinn hafi ekki getað fengið að hækka verð sitt á sama veg og bændur hafa fengið að verðleggja eftir því, sem fjárhagsástæður hafa verið í landinu að undanförnu. Ég veit nú ekki betur en það sé æði oft búið að hjálpa sjávarútveginum, ekki síður en bændunum. Fyrir hverja var gerð 70% gengislækkun á *sínum tíma*? Ekki höfðu bændur hag af því. Þeir urðu meira að segja að taka á sig byrðar vegna þess. Og ég held, að það séu æði margir, ekki tugir, heldur hundruð milljóna, sem búið er að leggja til þessa, og ég þekki ekkert það rekstrarform, ekki heldur hjá bændunum, og þeir vildu sjálfsagt ganga undir það að mega sjálfir gera reikningana og að ríkið borgaði allt tapið.

Það er háskalegur hlutur, álít ég, þegar farið er um áratugi inn á slíkt rekstrarform, og þó að ég, eins og ég sagði, væri ekki og hefði aldrei verið sérstaklega hrifinn af þjóðnýtingu á atvinnuvegum landsmanna sem einni allsherjarlausn, þá held ég, að þetta sé sú alháskalegasta þjóðnýting, sem hugsazt getur á einum atvinnuvegi, og hlýtur, eins og raunar er komið á daginn, að enda í strandi og vandræðum. Það er óhugsandi annað, þar sem ábyrgðin og vandinn er tekinn af einstaklingnum, en hann látinn gera sínar kröfur og ríkið greiða og bera ábyrgðina.

Ég held, að það sé svo ekki fleira, sem ég þarf að svara í þessu efni. Þetta voru mest rangfærslur, og ég vona, að þessir hv. þm. fari betur með sinn málflutning og betur með orð þeirra annarra þm. en þeir hafa virzt vanda til núna, þessir tveir hv. þm. á undan mér.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd, sem ég vildi gera. Hv. 2. þm. Rang. (SvbH) og nokkrir fleiri stjórnarsinnar, sem hér hafa talað, hafa haft mörg og stór orð um það, að einstaklingsreksturinn á því sviði, sem hér er um að ræða eða togaraútgerðarinnar, hafi gengið sér til húðar, brugðizt með öllu o. s. frv. En ég vildi nú leyfa mér að benda hv. 2. þm. Rang. og öðrum, sem talað hafa í þeim tón, á það, að þeir skyldu gjarnan kynna sér rekstrarreikninga frá togurunum, sem safnað hefur verið í sambandi við störf ýmissa nefnda, sem að undanförnu hefur verið falið að rannsaka hag sjávarútvegsins, en ég hef stundum átt þess kost að líta á þessar skýrslur og kynna mér þær. Ég get fullyrt svo mikið, að þeir reikningar, sem safnað hefur verið um þessi efni, sanna það síður en svo, að einstaklingsreksturinn hafi gefið lakari raun í þessu efni en önnur rekstrarform, en þá hef ég fyrst og fremst í huga bæjarútgerðirnar, að hið gagnstæða er í miklu ríkari mæli tilfellið.

Hitt er svo annað mál, að það er rétt, að einstaklingsrekstur á þessu sviði hefur dregizt saman, en á því er önnur skýring en sú, að þessir togarar séu yfirleitt lakar reknir. Skýringin er nefnilega sú, að um allmörg undanfarin ár hefur ekki verið fyrir því grundvöllur, að togaraútgerð mætti reka án taprekstrar, og það er gefið mál, að einstaklingar hafa ekki bolmagn til þess að bera þau stórfelldu töp, sem á togaraútgerðinni hafa alltaf verið. Í því efni er aðstaða bæjarútgerðanna betri, því að jafnvel þótt töpin muni þar að jafnaði meiri en í einkarekstrinum, þá hafa bæjarstjórnirnar þann möguleika að ganga í vasa skattþegnanna og láta þá standa undir hallarekstrinum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 20. fundi í Nd., 23. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 11, 51, 58, 72, 84).

ATKVGR.

Brtt. 51,1 felld með 13:8 atkv.
— 72,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 58 felld með 20:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓB, ÓTh, RH, BBen, BÓ.

nei: KGuðj, LJós, MJ, PÞ, PO, SkG, SvbH, ÁÞ, ÁkJ, EirÞ, EmJ, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, IngJ, ÁS, JPálm, EOl.

JS, KJJ, SÁ greiddu ekki atkv.

7 þm. (PP, StgrSt, ÁB, BG, EystJ, GÍG, GÞG) fjarstaddir.

Brtt. 51,2 felld með 13:8 atkv.
— 84 felld með 15:11 atkv.
— 72,2 samþ. með 20 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 21:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 85).

Á 19. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Þessu máli fylgdi mjög ýtarleg grg., þar sem gerð er grein fyrir efni frv. og tilgangi, enn fremur skýrð ákvæði hinna einstöku greina. Ég hafði allýtarlega framsögu um þetta mál í hv. Nd. og tel, að ég geti, a. m. k. að svo komnu máli, verið fremur fáorður um þetta mál, nema að svo miklu leyti sem umræðurnar kunna þá að gefa tilefni til.

Eins og frv. ber með sér og fyrirsögnin gefur til kynna, er frv. þetta heimild til ríkisstj. um kaup á 15 togurum og heimild til lántöku til þess að framkvæma þau kaup.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þetta mál hefur verið á döfinni á undanförnum þingum í ýmsum formum, og það er vitað mál, að fyrir þessu er áhugi og hann eðlilegur víðs vegar um landið að auka togaraflotann og ekki síst á þeim stöðum, þar sem brugðizt hefur afli á fiskibáta, og af því stafar og hefur stafað langvarandi atvinnuleysi víðs vegar á Vestur-, Norður- og Austurlandi. Hugmyndin með þessu frv. er þetta tvennt, almenn aukning togaraflotans, og þó, eins og oft hefur verið tekið fram í þessum umræðum og kom fram í grg., fyrst og fremst til þess að koma á jafnvægi í byggð landsins, sem ríkisstj. fær ekki séð að verði gert með öðru hagkvæmara móti en því, sem hér er gert ráð fyrir.

Í samræmi við þennan tilgang er ríkisstj. heimilað samkv. 1. gr. þessa frv. að festa kaup á 15 togurum, og samkv. 2. gr. er ríkisstj. heimilað að taka allt að 150 millj. kr. lán til þess að standa straum af þessum kaupum, og jafnframt er í sömu gr. heimilað að endurlána allt að 85 af hundraði af andvirði hvers skips gegn 1. veðrétti í skipinu. Þó er jafnframt ákveðið í 3. gr., að frá þessu má víkja, að lána 85 af hundraði, og hækka lánsupphæðina í 90 af hundraði, ef brýn þörf fyrir aukna atvinnu er á stöðum, þar sem útgerðar er þörf, og ekki líklegt, að það sé hægt með öðru móti en að hækka þá upphæð, sem lánuð verður.

Í 4. gr. er svo gert ráð fyrir því, að í þeim bæjum og kauptúnum, einkum á Vestur-, Norður- og Austurlandi og einnig þar, sem ekki eru fjárhagsmöguleikar fyrir hendi til að kaupa og reka togara og skortur er á atvinnu, sé ríkisstj. heimilt að stofna ríkisútgerð togara. Eins og þetta ákvæði ber með sér, er þessi heimild bundin við þau skilyrði, sem ég nefndi. Það er gert ráð fyrir því, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að þörfin sé mest á Vestur-, Norður- og Austurlandi, en jafnframt hefur hv. Nd. breytt þessu í það horf, að ríkisútgerð má einnig á öðrum stöðum reka, þar sem ekki eru fyrir hendi fjárhagslegir möguleikar til þess að kaupa og reka togara. Þessi heimild er því allþröng, eins og ákvæðið ber með sér, þar sem hún nær ekki lengra en svo, að undir öðrum kringumstæðum er ætlazt til þess, að einstaklingar, bæjarfélög og félög einstaklinga sjái fyrir þessum rekstri. Til þessa ríkisrekstrar má ekki grípa nema undir þeim kringumstæðum, sem ég hef nú rakið.

Enn fremur eru í þessu frv., í 5. gr., ákvæði um það, að ríkisstj. sé heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gera samninga um kaup á sex skipum, sem gert er ráð fyrir að verði 150—250 tonn, og þessi skip eru ætluð til útgerðar eiginlega fyrst og fremst á þeim stöðum, þar sem hentugra kann að vera að gera út slík skip, vegna hafnarskilyrða og af öðrum ástæðum, en að gera út togara, — og e. t. v. ekki hægt að gera út togara á sumum þeim stöðum, þar sem hægt væri að gera út slíka báta. Í frv. stendur, að um fiskiskip samkv. þessari gr. gildi ákvæði þessara laga, eftir því sem við á, enda þar tekið fram í þeirri sömu gr., að þar er heimilt að endurlána allt að 85 af hundraði af andvirði þessara skipa til þeirra, sem þau kunna að kaupa, og jafnframt felst í ákvæðinu, að um fiskiskip þessi samkv. þessari gr. gildi ákvæði þessara laga, eftir því sem við á, að lagaákvæðin í heild, þar með talin 4. gr., mundu sennilega ná til þessara skipa með sömu takmörkunum og ég taldi í 4. gr. En um ríkisútgerðina að öðru leyti er gert ráð fyrir að verði samið sérstakt frv., sem verður lagt fyrir hv. Alþingi á næstunni.

Ég sé svo ekki ástæðu til, eins og ég sagði í upphafi, að hafa þetta langt mál, en geri það að till. minni, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn. Þar mun málið hafa verið í hv. neðri deild.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir, að það sé öllum hv. þm. í fersku minni, hvernig ástand togaraflota okkar Íslendinga var við lok síðustu heimsstyrjaldar. Þjóðin átti þá milli 30 og 40 botnvörpuskip, sem öll voru fjörgömul og gengu yfirleitt undir nafninu ryðkláfar. Á þessum skipum sigldu íslenzkir sjómenn þó yfir öll stríðsárin og öfluðu þjóðarbúinu mikilla gjaldeyristekna og áttu þátt í því að gera skerf íslenzku þjóðarinnar til baráttunnar fyrir frelsi og lýðræði í heiminum miklu stærri og glæsilegri en ella hefði orðið. Það er staðreynd, að íslenzkir sjómenn og fiskimenn lögðu fram glæsilegan skerf til þess að fæða

þá lýðræðisþjóð heimsins, sem um skeið stóð ein uppi í baráttunni gegn ógnaröflum kúgunar og ofbeldis. Ég á þar við brezku þjóðina, sem um skeið barðist ein við nazismann, eftir að aðrar lýðræðisþjóðir höfðu verið að velli lagðar og kommúnistar og nazistar höfðu svarizt í fóstbræðralag og gengið í eina sæng saman.

Togararnir voru, eins og ég sagði, í lok síðustu styrjaldar gersamlega úreltir og margir hverjir naumast sjófær skip. Það var því vissulega brugðizt við mannlega og eins og þörf þjóðarinnar krafðizt, þegar sú ríkisstj., sem mynduð var á morgni lýðveldisins, ákvað að verja verulegum hluta af þeim gjaldeyrisinnstæðum, sem þjóðin hafði eignazt á styrjaldarárunum, til þess að endurnýja með togaraflotann. Þeirri ákvörðun hefur sennilega verið almennar fagnað af íslenzkum sjómönnum, útgerðarmönnum og fiskimönnum en nokkurri annarri, sem íslenzk ríkisstj. hefur tekið, þegar e. t. v. er undanskilin ákvörðunin um friðun fiskimiðanna og það skref, sem stigið var fyrir fjórum árum, þegar fiskveiðitakmörkin voru færð út. Sjómenn eygðu nýjan tíma, nýja möguleika til þess að sjá sér og sínum borgið og nýja möguleika til þess að stunda atvinnu sína við stórum meira öryggi en þeir áður höfðu átt kost á á hinum gömlu og úreltu skipum.

Ég get ekki stillt mig um það, þó að það liggi dálítið til baka í tímanum, að minnast á það, hvernig stjórnarandstaðan á þeim tíma, sem var hv. framsóknarmenn, tók þeirri ákvörðun nýsköpunarstjórnarinnar að verja allmiklu af gjaldeyrisinnstæðu þjóðarinnar til þess að kaupa fyrir *ný og fullkomin skip. Ríkisstj., og þá sérstaklega* Sjálfstfl., var hundelt og svívirt fyrir þessa ákvörðun. Einn af þm. Framsfl., greindur og glöggur maður, sem enginn frýr vissulega vits, lýsti aðförunum við undirbúning togarakaupanna, — og margir hafa heimfært það, og ég held með réttu, yfir á það, að hann hafi verið að lýsa raunverulega hinum nýju skipum, — þannig, að fyrst væri spýta, svo væri spýta, svo væri spýta upp og svo væri spýta niður, svo væri spýta í kross og svo færi allt í ganginn. Með þessu var verið að draga dár að þessum samningum um þessi glæsilegustu atvinnutæki, sem til landsins hafa verið keypt, og reynt að læða því inn hjá þjóðinni, að eiginlega væri verið að flana út í einhverja vitleysu, sem yrði landsfólkinu ekki til góðs, heldur til ills eins og ógæfu.

Annar mjög mætur og glöggur leiðtogi Framsfl. talaði um hin nýju skip sem gums, sem lítið mundi upp úr leggjandi, og hæstv. núverandi forsrh., sem flutti hér skynsamlega framsöguræðu og vel rökstudda fyrir þessu frv., lét einnig í ljós mikla vantrú sína og flokks síns á það fyrirtæki, sem hér væri verið að ráðast í. Og alltaf síðan hefur aðalmálgagn Framsfl., Tíminn, talað um það, að nýsköpunarstjórnin hafi sóað þeim gjaldeyrisinnstæðum, sem söfnuðust á stríðsárunum, sóað þeim m. a. í það að kaupa togara. Þetta minnir mig nú á það, sem eitt ágætt skáld segir í einu af kvæðum sínum, að „sumir menn sóuðu æsku sinni í nám á meðan aðrir vörðu henni í vín". Aðalmálgagn Framsfl. hefur sem sagt talað um það, að gjaldeyrisinnstæðum þjóðarinnar hafi verið sóað vegna þess, að þeim var varið til þess að kaupa fyrir stórvirkustu atvinnutæki og fullkomnustu atvinnutæki, sem Íslendingar hafa nokkurn tíma eignazt.

Það má nú segja, að það sé ekki aðalatriðið að horfa um öxl til fortíðarinnar, þegar þetta frv. hér kemur til umr., en það er nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um staðreyndir, sem liggja til baka í tímanum í þessu sambandi.

Það er alkunna, hver áhrif hinna nýju togara og útgerðar þeirra hafa orðið á íslenzkt atvinnulíf. Af 42 eða 43 togurum, sem við eigum nú nýja, eru nú gerðir út aðeins 16 héðan frá Reykjavík, — einn hefur nýlega farizt. En hinir eru gerðir út úti á landi. Það var vissulega stórfelld breyting, sem gerðist með tilkomu nýsköpunartogaranna til landsins varðandi útgerð þeirra. Togaraútgerðin hafði fram til þessa svo að segja öll verið í Reykjavík og Hafnarfirði, og vegna hvers? Vegna þess, að fjármagnið hafði verið látið ráða staðsetningu þeirra. Það var ekki til fjármagn úti á landi til þess að kaupa þessi dýru og stórvirku framleiðslutæki, og þess vegna voru togarar eingöngu keyptir til Reykjavíkur og urðu þar sú atvinnubót, sem fólkið úti á landi vissulega þurfti einnig á að halda.

Ég er alveg sannfærður um, að það er ein af *meginástæðunum fyrir því, hversu Reykjavík* hefur vaxið hratt og allt of hratt og er í dag allt of stór höfuðborg í okkar litla og fámenna landi, að hér upphófst fyrst nýtízku atvinnurekstur og þá fyrst og fremst nýtízku sjávarútvegur. Fólkið hrúgaðist þess vegna hingað, þar sem atvinnutækin voru bezt og fullkomnust. Margir af djörfustu og hraustustu sjómönnunum fóru hingað til þess að komast á togarana. Mér er t. d. kunnugt um það, að um skeið var meiri hluti eða um það bil helmingur togaraskipstjóranna hér í Reykjavík Vestfirðingar, fæddir Vestfirðingar, menn, sem fóru úr þessum landshluta vegna þess, að þar voru engir togarar, og fóru þangað sem þessi nýju og fullkomnu skip voru. En með tilkomu nýsköpunarstjórnarinnar var alveg brotið blað í þessum efnum. Þá var fjármagnið ekki lengur látið ráða því, hvar skipin skyldu staðsett. Það var ákveðið að gera bæði einstaklingum, félögum og bæjar- og sveitarfélögum úti um land kleift að eignast þessi skip, enda þótt þau hefðu ekki nægilegt fjármagn til þess að komast yfir þau. Ríkisvaldið tók það sem sagt að sér að dreifa fjármagninu, flytja það út um land, þar sem það skorti og þar sem fólkið skorti ný atvinnutæki til þess að geta unað og starfað að framleiðslu úti í byggðarlögunum. Ég álít, að þetta sé ein merkilegasta breyting á afstöðunni til strjálbýlisins, sem gerzt hefur á undanförnum áratugum, að í stað þess að fjármagnið hafði verið látið ráða staðsetningu stórvirkustu framleiðslutækja þjóðarinnar allt fram til þess tíma, þá var nú horfið að því ráði að hjálpa landsbyggðinni til þess að eignast þessi tæki með því að dreifa fjármagni út um land. Áhrifin létu ekki heldur standa á sér. Við vitum, að engin ráðstöfun hefur falið í sér meiri og raunhæfari atvinnubót en hin aukna togaraútgerð úti um landið. Þetta er svo alkunn staðreynd, að ég þarf ekki

að lengja mál mitt til þess að færa rök fyrir henni frammi fyrir hv. þdm.

Jafnframt hefur hraðfrystiiðnaðurinn tekið stórt stökk fram á við í flestöllum landshlutum. Atvinnuleysi hefur þorrið og afkoma fólks í þeim landshlutum, sem hinnar nýju togaraútgerðar hafa notið, orðið stórum betri og öruggari. Það er þess vegna staðreynd, að engin ráðstöfun hefur átt meiri þátt í því að stuðla að jafnvægi í byggð landsins á undanförnum árum en dreifing togaranna út um landið og sú dreifing fjármagnsins, sem í því fólst og ég minntist á áðan.

Ég minntist á jafnvægi í byggð landsins. Það er orð, sem mikið hefur verið notað á undanförnum árum. Í því sambandi vil ég minnast þess, að hinn 4. febr. 1953 var samþ. þáltill., sem ég var fyrsti flm. að og flutt var af nokkrum sjálfstæðismönnum öðrum og framsóknarmönnum, um undirbúning heildaráætlunar í þeim tilgangi að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Þessi þáltill. var á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar undirbúning að heildaráætlun um framkvæmdir í þeim landshlutum, sem við erfiðasta aðstöðu búa sökum erfiðra samgangna og skorts á raforku og atvinnutækjum. Að slíkum undirbúningi loknum skal ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi tillögur sínar um nauðsynlegar framkvæmdir. Skulu þær stefna að því að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins og tryggja sem mest framleiðsluafköst þjóðarinnar. Fiskifélag Íslands, Búnaðarfélag Íslands og Landssamband iðnaðarmanna skulu vera ríkisstjórninni til aðstoðar við starf þetta."

Þessi till., sem ég nú hef lesið, með leyfi hæstv. forseta, var fram komin vegna þess, að það var skoðun okkar flm. hennar, að enda þótt hin aukna togaraútgerð, sem þá var verið að stofna til, hefði stórfellda þýðingu og mundi stuðla að jafnvægi í byggð landsins, dugði hún ekki til þess að skapa þetta jafnvægi. Það þurfti margt fleira til að koma og það þurfti umfram allt að halda áfram að dreifa fjármagni í nægilega stórum stíl til nauðsynlegra framkvæmda úti á landi, til þess að hægt væri að koma þar upp þeim atvinnutækjum, sem tryggðu afkomu fólksins.

Því miður verð ég að viðurkenna, að þó að ég hafi stutt tvær hæstv. ríkisstj., sem setið hafa á þessu tímabili frá 1953, frá því að þessi till. var samþ., hafa þessar stjórnir ekki gert það, sem æskilegt hefði verið og þeim bar að gera til þess að framkvæma þessa till. okkar. Það er að vísu hægt að benda á fjölmargt, sem gert hefur verið, sem bæði við sjálfstæðismenn höfum beitt okkur fyrir og Framsfl., sem við höfum verið í stjórnarsamstarfi við, hefur sumpart stutt og sumpart haft frumkvæðið að. Engu að síður sýna verkin bezt merkin um það, að ekki hefur nóg verið gert. Það heldur áfram stöðugt að fækka fólki við framleiðslu úti um land, einnig á þessum árum, og fjölga því fólki, sem flytur hingað til Reykjavíkur og hinna stærstu kaupstaða og burt frá framleiðslustarfi, burt frá útflutningsframleiðslu til gjaldeyriseyðslu, því að það er það, sem er að gerast og hefur gerzt. Það er að vísu, eins og ég sagði, hægt að benda á margt, sem gert hefur verið til þess að skapa þetta margumtalaða jafnvægi. Það má benda þar fyrst og fremst á rafvæðinguna, sem nú er í fullum gangi og við vonum að verði lokið við. Það má benda á tillögur, sem fluttar hafa verið um uppbyggingu iðnaðar úti í kaupstöðum og sjávarþorpum, en að vísu hafa nú ekki enn þá verið framkvæmdar. Það má benda á bætt hafnarskilyrði, bættar samgöngur og fleira og fleira, sem gert hefur verið til þess að stuðla að þessu margumrædda jafnvægi. En engu að síður hefur ekki verið nægilega rösklega brugðizt við til þess að veita fjármagni í stórum stíl til nýrra atvinnutækja og framkvæmda víðs vegar um land, þar sem framleiðsluskilyrði eru góð og fólkið á að geta unað glatt við sitt og unir glatt við sitt, ef það aðeins hefur tækifæri til þess að bjarga sér.

Ég taldi rétt að minnast á þetta atriði einnig í sambandi við þetta mál, sérstaklega vegna þess, að hæstv. forsrh. drap aðeins á það hér í sinni framsöguræðu. En það er skoðun mín, að þrátt fyrir mörg spor, sem stigin hafa verið í rétta átt til sköpunar jafnvægis í byggð landsins, hafi þessi spor verið of fá og of smá og of seint stigin. Það er vegna skilnings á þeirri staðreynd, sem undanfarin ár hafa verið flutt fjölmörg frv. og tillögur um aukinn stuðning við kaup atvinnutækja og framleiðslutækja víðs vegar um land. Við sjálfstæðismenn höfum flutt till. t. d. um stuðning við togarakaup, við höfum flutt frv. um atvinnujöfnunarsjóð og um allsherjar stuðning við nýsköpun í atvinnulífi í þeim landshlutum, sem fyrst og fremst þurfa á slíkum stuðningi að halda. Það er rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er flutt í beinu framhaldi af þessum frv., sem þm. bæði úr Sjálfstfl. og öðrum flokkum hafa flutt á undanförnum árum, og það er vissulega ástæða til þess fyrir okkur, sem höfum opin augun fyrir nauðsyninni í þessum efnum, að fagna því, að hæstv. ríkisstj. hefur flutt þetta frv.

Ég vil í þessu sambandi geta þess, að hæstv. fyrrverandi ríkisstj. fól okkur 4 þm., 2 mönnum í Sjálfstfl. og 2 mönnum úr Framsfl., fyrir 2 árum að semja frv. um kaup á nýjum togurum. Þetta frv. var samið og ríkisstj. var fengið það. Í því var lagt til, að ákveðinn fjöldi togara yrði keyptur á hverju ári til landsins, sumpart til endurnýjunar hinum gamla togaraflota og sumpart til viðbótar til rekstrar á þeim stöðum, þar sem þörf var fyrir slík skip og þau voru ekki fyrir hendi áður. En hæstv. ríkisstj. taldi sig hafa í það mörg horn að líta, að hún flutti aldrei þetta mál; það varð útundan. Ég skal ekki deila á hæstv. stjórn fyrir þetta, hún hafði í mörgum stórfelldum framkvæmdum að snúast. En ég álít samt miður farið, að hæstv. fyrrv. stjórn skyldi ekki flytja þetta frv. Ef það hefði verið flutt og samþ., væri nú lengra á veg komið en raun ber vitni um kaup á nýjum togurum til landsins; það væri búið að semja um þetta fyrir nokkru og væntanlega mundu fyrstu skipin vera þá í þann mund að koma hingað nú eða koma þá alveg á næstunni. Nú vitum við, að það tekur, — ég veit nú ekki, hvað hæstv. ríkisstj.

gerir ráð fyrir að það taki langan tíma, þar til fyrstu skipin, sem keypt verða samkvæmt þessu frv., komi til landsins. En mér þykir ekki ólíklegt, að það verði a. m. k. 2—3 ár, og á meðan verður þörfin náttúrlega stöðugt brýnni fyrir þessi tæki á þeim stöðum, sem fyrst og fremst þurfa á þeim að halda.

Ég vil segja það, að ég lýsi mig í höfuðdráttum fylgjandi þessu frv. og fagna því, að það er fram komið. Ég teldi hins vegar, að eftir að við höfum misst nú á síðustu árum nokkra af hinum fyrri nýsköpunartogurum, þá hefði nauðsyn verið á því að kaupa fleiri skip en 15. Ég hefði talið, að lágmarkstalan, sem við ættum að semja um nú, væri 20 togarar, og ég mun taka það til athugunar síðar undir meðferð þessa máls að freista þess að fá fram komið brtt. um það atriði. Enn fremur vil ég leggja mikla áherzlu á það og teldi æskilegt, að tekið væri eitthvert ákvæði um það inn í frv., — ég sé ekki, að það sé hér fyrir, — að þessi skip verði af allra nýjustu og fullkomnustu gerð. Við vitum það, að togaraútgerð hér á Íslandi er nú rekin með stórfelldum halla. Það hefur þó komið í ljós, að nýjustu og fullkomnustu skipin, dieselskipin, eru töluvert hagkvæmari í rekstri og að rekstrarhallinn á að minnsta kosti sumum þeirra er miklu minni en á hinum skipunum. Ég tel það þess vegna rétt, að inn í frv. yrði tekið eitthvert skýrt ákvæði um það, að þegar samið yrði um smíði þessara skipa, yrði það tryggt, að þau yrðu hin fullkomnustu og mest nýtízku skip, sem nú er kostur á. Með því yrði áreiðanlega hægt að draga verulega úr þeim gífurlega og uggvænlega halla, sem nú er á rekstri þessara stórvirkustu framleiðslutækja þessarar þjóðar.

Ég veit, að þegar rætt er um kaup á 15 togurum eða nýjum togurum eða jafnvel 20 nýjum togurum, eins og ég hef talið æskilegt, að samið væri um kaup á nú, þá vaknar sú spurning hjá mörgum, hjá ýmsum að minnsta kosti: Ja, hvers vegna að vera að kaupa nýja togara? Er ekki togaraútgerðin á slíku bólakafi með rekstur sinn hér og slíkur baggi á ríkinu, að það er að bera í bakkafullan lækinn að fara að fjölga þessum skipum, — verður ekki bara enn þá þyngri baggi á ríkinu og erum við ekki komnir enn þá lengra út í kviksyndið með því að fjölga þessum framleiðslutækjum? — Þessu er náttúrlega fyrst og fremst því að svara, að ef eftir þessu ætti að fara, þá má í raun og veru segja, að þeir sömu menn sem hafa þessar mótbárur í frammi ættu bara að leggja til, að öllum togaraflotanum yrði lagt strax í dag. Þar með væri tapið af rekstri þeirra hindrað. Leggja bara skipunum. Nei, lausnin er ekki sú. Lausnin verður að vera sú, að fundnar séu skynsamlegar leiðir til að draga úr hallarekstri þessara tækja, sem eru einn burðarásinn í efnahagslegri starfsemi þjóðfélagsins. Ef við getum ekki rekið togara hallalaust, ja, hvar er þá okkar atvinnulíf statt? Hvar er þá okkar efnahagur allur á vegi staddur? Nei, það er ekki hægt að hafa þá mótbáru í frammi gegn kaupum nýrra togara og endurnýjun togaraflotans, að skipin séu nú rekin með halla. Það verður fyrst og fremst að skera fyrir meinsemd hallarekstrarins og tryggja rekstur tækjanna, og meðal annars með því að vanda sem mest til byggingar þeirra nýju skipa, sem keypt verða.

Það hefur allmikið verið rætt um það ákvæði þessa frv., sem felst í 4. gr. þess, að ríkisstj. sé, að fengnum till. atvinnutækjanefndar, heimilt að setja á stofn sérstaka ríkisútgerð togara í því skyni, að skip ríkisútgerðarinnar leggi afla sinn á land sérstaklega á þeim stöðum, þar sem ekki eru fyrir hendi fjárhagslegir möguleikar til að kaupa og reka togara. Það er að sjálfsögðu alkunna, að við sjálfstæðismenn teljum atvinnurekstri yfirleitt betur borgið í höndum einstaklinga og félagasamtaka þeirra en í höndum hins opinbera. Engu að síður hafa engir menn sýnt það greinilegar en við, að við gerum ekki rekstrarform tækjanna að algeru aðalatriði. Ef ekki er fyrir hendi fjármagn á þeim stöðum, þar sem framleiðsluskilyrði og afkomuskilyrði eru góð og fólkið vantar atvinnu, höfum við ekki hikað við það að láta hið opinbera skerast í leikinn, leggja fram fjármagn og jafnvel efna til opinbers rekstrar. Ég hygg, að þetta sé afstaða Sjálfstfl. í heild í dag, að hann hiki ekki við það að láta hið opinbera skerast í leikinn, þar sem brýn nauðsyn er á því frá þjóðhagslegu sjónarmiði séð. Við erum „principielt“ andvígir opinberum rekstri, en andstaða okkar við hann nær þó ekki lengra en það, að ef hann er eina leiðin til að leysa atvinnuþörf fólksins og tryggja velmegun og hagsæld þess, hikum við ekki við að hverfa til opinbers rekstrar, enda var það svo, að þegar hinir fyrri nýsköpunartogarar voru keyptir til landsins, voru það bæjarfélögin á fjöldamörgum stöðum, sem hófu samvinnu við einstaklinga um kaup þessara skipa og útgerð þeirra og víða undir forustu okkar sjálfstæðismanna.

Ég skal að vísu játa það, að ég tel ríkisútgerð á atvinnutækjum ógeðþekkari en rekstur bæjar- og sveitarfélaga. En ég mun ekki snúast gegn þessu ákvæði frv. Það má gjarnan sjá, hver reynslan verður af slíkri útgerð, og aðalatriðið er ekki, eins og ég hef lagt áherzlu á hér áður, formið á atvinnurekstrinum og framleiðslunni, heldur það, að fólkinu sé tryggð afkoma og öryggi. Ef fjármagnið er ekki fyrir hendi hjá einstaklingsframtakinu eða félagsframtakinu, verður ríkið eða bæjar- og sveitarfélag að leggja það fram.

Ég vildi gera þessar aths. þegar við 1. umr. þessa frv. Í samræmi við það, sem ég sagði hér áðan, mun ég ef til vill flytja nokkrar brtt. við frv. á síðara stigi meðferðar þess. En ég endurtek það, að ég fagna því, að ríkisstj. hefur ákveðið að beita sér fyrir smíði 15 nýrra togara. Ég tel, að vegna þess að togaraflotinn er að ganga úr sér óðum, hefði verið nauðsynlegt að semja um smíði allmiklu fleiri skipa, a. m. k. 20, og ég legg höfuðáherzlu á það, að reynt verði að tryggja, að þessi skip verði eins fullkomin og frekast er kostur, og allar þær nýjungar hagnýttar, sem sífellt eru að verða til í skipasmíðaiðnaði nútímans.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég þakka fyrir þessar undirtektir, sem þetta frv. hefur fengið. Það er ekki ástæða til að gera of lítið úr því, hvílík þörf er á þessum skipum, og

að því leyti get ég, í samræmi við það sem ég sagði í framsöguræðu minni um þetta mál, tekið undir það, sem hefur verið sagt um það atriði. Það eru þess vegna fá atriði, sem ég þarf að svara.

Ég vildi þó gera athugasemdir við það, sem hv. þm. N-Ísf. (SB) sagði um kaup á togurum hér áður fyrr. Hann sagði, að stjórnarandstaðan — sem var Framsfl. — á dögum nýsköpunarstjórnarinnar svonefndu hefði fundið að því mjög hatramlega, að þeir 30 togarar, sem þá voru keyptir, hefðu verið keyptir, og kallað það eyðslu. Þetta er náttúrlega ekki rétt haft eftir, því að við kölluðum þetta ekki eyðslu. Á hitt bentum við, að þessir togarar kostuðu um 100 milljónir og fóru sannarlega til að byggja upp framleiðslulíf í þessu landi. En það var úr miklum fjármunum að spila; við áttum þá inni — í eina skiptið í okkar sögu — um 1 milljarð og 200 millj. betur, miðað við núverandi gengi peninga, eða um 600 millj., ef ég man rétt, miðað við það gengi sem þá var, svo að þessi upphæð var ekki nema brot af því, sem við áttum þá inni erlendis.

Í annan stað minntist hv. þm. á það, og það sýnir nú, hve geysileg áhrif blaðamennskunnar eru, að hann tók hér dæmið um það, hvernig þessu hefði verið tekið — og vitnaði þar til ummæla eins hv. þm. í Framsfl. og hefur sjálfsagt átt við hv. þm. V-Húnv. (SkG), því að til þeirra ummæla hefur oft verið vitnað. En það sýnir, hve geysileg áhrif endurtekningarnar hafa, þegar sjálfur ritstjóri Morgunblaðsins, þar sem þessi orð hafa oftast verið endurtekin um spýtu og spýtu í kross, er farinn að trúa því sjálfur, að þetta hafi verið sagt um togarakaupin. Það verður varla fundið betra dæmi um það, hvaða áhrif endurtekning getur haft á menn, sem eru jafnvel eins vel upplýstir í málum og ritstjórar blaða hljóta þó að vera fyrst og fremst. (Gripið fram í.) Ja, þeir hljóta að vera það, ég geri ráð fyrir því. En hv. þm. V-Húnv. birti greinina mjög áberandi, a. m. k. einu sinni, og hefur leiðrétt þetta atriði, þessa skröksögu, — ég leyfi mér að kalla það það, því að hún er skröksaga, — ég held hér á Alþ. og á mjög áberandi stað í Tímanum, sem er viðlesið blað. Þessi ummæli voru alls ekki í neinu sambandi við togarakaupin. Þetta var í sambandi við verðbólgustefnu ríkisstj. og kom eins greinilega fram í þessari grein hv. þm. V-Húnv., eins skýrt fram og frekast er hægt að tala. En þetta hefur verið endurtekið hvað eftir annað og leiðréttist nú einu sinni enn, og hv. þm. N-Ísf. er óhætt að trúa því, að hann fer hér með algerlega rangt mál. Og ég geri ráð fyrir því, að það sé vegna þess, hvað þetta hefur oft verið endurtekið, að hann veit ekki orðið betur.

Viðkomandi þeim aðfinnslum, sem fram komu af hálfu Framsfl. á þessum kaupum, þá voru þær náttúrlega fyrst og fremst í þá átt, að þá voru nægilegir fjármunir til staðar hjá einstaklingum, félögum og bæjarfélögum til að ráðast sjálf í kaupin og standa fyrir kaupunum og velja skipin. Við bentum á, að það var valin ein tegund aðallega, og það einkennilega er, að það kom fram í ræðu háttvirts þingmanns, að hann vildi halda því fram, að þessi skip, sem hefðu verið keypt, hafi verið góð skip. Ég skal ekki rökræða við hann um það atriði. En hann minntist á, að það væri nauðsynlegt nú að hafa þau skip, sem keypt yrðu, af beztu gerð, og nefndi í því sambandi, að sumir af togurunum bæru sig betur en aðrir, þ. e. dieseltogararnir. En það var einmitt það skip, sem var valið af einstaklingi, samhliða því, sem hin skipin voru keypt öll af sömu gerð. Það er því rétt athugað hjá honum. Og það eru mestar líkur til þess af þessum ástæðum, að fjármunirnir voru til staðar, að skipin hefðu verið keypt, þó að ríkið hefði ekki gert þessar ráðstafanir.

Enn fremur má á það benda, að það var þá gróðavegur að gera út togara, og varð ekki taprekstur á togurum fyrr en löngu seinna, eftir að fjármálakerfið hafði breytzt, skekkzt. En enn fremur má nú á það benda, vegna þess að hv. þm. lét í ljós mikinn áhuga fyrir því, að atvinnutækjum væri fjölgað og þau efld úti um landið, að mjög fáir af þeim togurum, sem keyptir voru af nýsköpunarstjórninni, fóru út um land. Ég man ekki í svipinn, hvað þeir voru margir, en þeir voru mjög fáir. Það var ekki fyrr en togararnir tíu voru keyptir inn seinna af stjórn Stefáns Jóhanns, sem þessum afkastamiklu tækjum var dreift út um landið og stöðum úti um land hjálpað til þess að festa kaup á þeim. Það var fyrst þá, sem komst verulegur skriður á það mál. (**Gripið fram í:** Þetta er líka rangt.) Ja, það er þá að leiðrétta það, ef farið er rangt með. Ég á eftir að heyra þær leiðréttingar.

Hv. þm. sagði, að þau skref, sem hefðu verið stigin, væru of fá, of smá og of seint stigin. Ég skal ekki neita því og er síðastur manna til að mótmæla því, að það hefði þurft að stíga skrefin hraðar á undanförnum árum en gert hefur verið til þess að byggja upp atvinnutækin úti um land. En á það má benda, að eins og nú er komið fjárhag þjóðarinnar og fjárhag einstaklinga, þá hefur ekki verið fjármagn til staðar, eins og hann reyndar minntist á, til þess að halda áfram þessari uppbyggingu úti um landið með eins miklum hraða og æskilegt hefði verið. Það má á það benda í því sambandi, að eitt af þeim fyrstu málum, sem fyrrv. ríkisstj. hafði heitið að beita sér fyrir og láta sitja fyrir öllu öðru í sambandi við það fjármagn, sem ríkisstj. gæti aflað erlendis, var sementsverksmiðjan. Og seinustu þrjú árin leitaði ríkisstj. fyrir sér með lán, bæði í Evrópu og vestan hafs, til ýmissa framkvæmda, og tókst ekki að útvega annað lán en lán, sem tekið var hjá ríkisstj. Bandaríkjanna aðeins fyrir erlendum kostnaði við sementsverksmiðjuna, sem nú er verið að reisa og skortir fjármagn til, vegna þess að ekki hefur verið séð fyrir þeim hluta fjármagnsins, sem er innlendur kostnaður.

Þegar rætt var um það að bera þetta frv. fram á undanförnum þingum, var það því eðlilega viðkvæðið, að það væri þýðingarlaust, þar sem enn hefði ekki tekizt að afla fjármagns til þeirra framkvæmda, sem samið var um, að ættu að sitja fyrir, og á ég þar við sementsverksmiðjuna og reyndar fleira, — að ekki hefði tekizt að afla fjármagns til þess, nema að litlum hluta. Og þess er ekki að dyljast í sambandi við þetta mál, að enn þá hefur ekki tekizt að afla þess láns, sem

til þess þarf að kaupa þessa 15 togara. Sennilega verður það gert, eða það er gert ráð fyrir því, að það verði gert í sambandi við umleitanir um það, hvar skipin verða byggð, sem enn þá er óákveðið.

Ég hef þá svarað þessum aths. lítils háttar og sé ekki, að það sé fleira, sem ég þarf að taka fram.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég hafði því miður ekki ástæðu til þess að hlusta á framsögu, sem mér skilst að hafi verið flutt af hæstv. forsrh. fyrir þessu máli, og hefði sennilega látið hjá líða við þessa umr. málsins að taka þátt í þessum umr., en þessi stutta aths. liggur mér við að segja, sem hæstv. forsrh. flutti rétt núna, gaf mér ástæðu til þess að leiðrétta nokkuð hans misskilning á þessu sviði.

Hvað frv. sjálft snertir verð ég fyrir mitt leyti að segja það, og tek þar undir með hv. þm. N-Ísf., að ég tel það fagnaðarefni og mun fylgja því, að stigið er hér stórt spor til að sjá fyrir því að auka togaraflota landsmanna frá því, sem nú er. Dæmin eru deginum ljósari með togaraflotann, eins og með önnur skip, að bæði eldast þau og svo ber margt til, sem heggur skarð í þá eign landsmanna, eins og raunar margt annað. En það er sérstaklega hvað snertir fiskiskipin, togarana og bátana, að hafa verður það hugfast að sjá alltaf fyrir sem jafnastri endurnýjun og viðbót, til þess að þjóðin að þessu leyti til dragist ekki aftur úr með þessi mjög svo nauðsynlegu framleiðslutæki. Af þessum ástæðum er ég í heild sinni fylgjandi þessu frv., eins og ég var á sínum tíma, þegar nýsköpunarstjórnin, sem svo var kölluð, starfaði hér, fylgjandi því, að þá væri aukinn togarafloti landsmanna, vöruskipafloti landsmanna og bátafloti landsmanna.

Ég verð að fagna því enn fremur, hvaða straumhvörf hafa orðið í hv. Framsfl. og hjá forustumönnum hans, hvað það snertir sérstaklega að auka togaraflotann, því að það söng ekki þann veg í þeim tálknum, þegar nýsköpunarstjórnin starfaði hér og Framsfl. var í stjórnarandstöðu. Mér var vel kunnugt um þetta, vegna þess að ég var í nýbyggingarráði og var formaður þess, og einmitt það ráð hafði með höndum að framkvæma þá stjórnarstefnu, sem var fólgin í því að endurnýja togarana, endurnýja bátana og endurnýja atvinnutæki landsmanna yfirleitt, þar með vöruskipaflotann.

Hæstv. forsrh. var eitthvað að bera blak af hv. þm., sem á sæti í Nd., út af einhverjum ummælum hans, sem hefðu átt að vera lítilsvirðandi um þessar framfarir, sem nýsköpunarstjórnin á sínum tíma hafði með höndum, og vildi bera af honum blak í því efni. Ég skal ekkert um það dæma, hvort hann hefur haft einhvern annan formála að sínum frægu ummælum: „fyrst var spýta og svo var spýta og svo var spýta í kross“. Það getur vel verið, að hann hafi eftir á og flokkur hans fundið ráð til þess að láta þetta eiga við eitthvað annað. En það er annað í þessu, sem er vitanlegt, að flokkur hæstv. forsrh. sýndi á þessu tímabili, sem nýsköpunarstjórnin starfaði og nýsköpunartogaranna var aflað, því máli mikla andúð, og þau ummæli komu mjög víða fram. Það þarf ekki lengra að vitna en í orð hæstv. fjmrh., Eysteins Jónssonar, þegar hann var að tala um togarana og sagði, að gumsið mundi svo lenda á ríkissjóði „fyrir rest“.

Nú er það annað en þessi ummæli, sem er ljóst og er bókað í fundargerðum nýbyggingarráðs, að þegar tekin var ákvörðun um og alvarlegasta sporið var í þessu stigið að kaupa 30 togara, sem síðar urðu 32, þá skarst fulltrúi Framsfl. í nýbyggingarráði úr leik og greiddi ekki atkvæði. Hann vildi ekki taka þátt í þessari framkvæmd, vildi ekki taka þátt í þessari ráðstöfun og hefur þar sjálfsagt verið í fullu samræmi við sinn flokk, enda var það ekkert leyndarmál og þýðir ekkert nú að fara að draga neina fjöður yfir það, að það var engin vinsemd gegn framkvæmdum nýsköpunarstjórnarinnar í þá daga af hálfu Framsfl., hvorki að því er snertir endurnýjun togaraflotans né um mörg önnur störf, sem þá voru mjög á baugi og framkvæmd voru af nýbyggingarráði, t. d. eins og aukning hraðfrystihúsanna o. s. frv. Það var talið, ekki kannske einasta af Framsfl., heldur mörgum öðrum, að þar væri allt of víða farið og allt of mikið gert til þess að eyða fé í þessi fyrirtæki.

Nýsköpunartogararnir munu hafa kostað eitthvað rúmar 3 millj. á þeim tíma. Mér skildist á því, sem hæstv. ráðh. sagði, að það hefðu ekki verið keypt sem heppilegust skip að hans dómi. Vel má það vera, og það verður alltaf þannig, að mörgum árum síðar, þegar litið er á einhverjar framkvæmdir, þá má líta á þær frá nokkuð öðru sjónarmiði en þegar þær eru gerðar. Þetta mun hafa verið á árunum 1944—1946, og það eru nú allmörg ár liðin síðan, en nýbyggingarráð fór þar og ríkisstj. eftir þeim bendingum og álitum, sem hæfustu menn, sem þá voru taldir í útgerðarstétt, í skipasmíðastétt og víðar, töldu að rétt væri. Teikningar og áætlanir voru yfirfarnar af þessum mönnum og þeirra ráð höfð í hvívetna. Það var sem sagt reynt að starfa víðar um framkvæmdir og gerðir hjá þessari þjóð, það var reynt að framkvæma þessa hluti eins vel og hægt var að beztu manna yfirsýn.

Nú er það að vísu rétt, að mikil framför hefur síðan orðið í þessum skipasmíðum og margar tæknilegar umbætur komnar á togara, sem nú eru byggðir, og þá vænti ég, að allir séu sammála um það, eins og líka hv. þm. N-Ísf. (SB) benti á, að það sé ekki nema hollt og rétt að hagnýta sér á hverjum tíma þær fyllstu og beztu tæknilegar nýjungar og breytingar, sem völ er á, og það var líka gert, þegar nýsköpunartogararnir voru keyptir undir stjórn nýsköpunarstjórnarinnar.

Þá minntist hæstv. ráðh. á það, að við hefðum ekki þá valið beztu tegund af skipum eða beztu gerð að því leyti til, að það hefði verið mest haldið sig við eina gerð. Að því leyti er stærðir skipsins snertir og teikningar og því um líkt, þá var, þegar í svona stórt var ráðizt, nokkuð sjálfgert að halda sér við gerð, sem átti sem bezt við á sem flestum stöðum. En ef það hefur verið meint með orðum hæstv. ráðh., að nýbyggingarráð og nýsköpunarstjórnin þá hafi gengið algerlega fram hjá því, sem var að gerast á öðrum sviðum, eða því, sem var að gerast á þessu sviði

með umbætur á skipum og vélum, þá er það heldur ekki rétt, því að það voru keyptir af nýbyggingarráði tveir dieseltogarar, eða m. ö. o., það voru valdar dieselvélar og keyptar í tvo af þessum togurum, sem keyptir voru, fyrir utan það að Guðmundur Jörundsson á Akureyri valdi sjálfur sína gerð og hans skip var ekki beint byggt eftir nýbyggingarráðsteikningunum. Hann tók líka dieselvél.

Í þessum flota, sem keyptur var undir stjórn nýsköpunarstjórnarinnar, voru tveir dieseltogarar. En þá var svo hugarfar manna hér í landi, þeirra manna, sem fremstir stóðu á þessu sviði, að þeir töldu mjög vafasamt, að dieseltogarar mundu reynast vel. Það var ekki komið ýkjalangt hjá öðrum þjóðum að nota dieseltogara á þeim tíma, þó var það til. Hér heima hölluðust menn meira, líka vegna gamallar reynslu, að gufukraftinum, en allir voru sammála um það, að þó að gufuvélar væru notaðar, þá yrði að hafa olíukyndingu, en ekki kolakyndingu. Svo langt voru menn komnir þó, eða reynslan hafði sýnt fram á það, að það var ekki heppilegt að halda sér við kolakyntu vélarnar einvörðungu.

En það var sem sagt lítil trú á dieseltogurum, og það var með naumindum, að nýbyggingarráð fékk þá til að taka dieseltogarana, t. d. bæjarútgerð Reykjavíkur, sem þeir lentu hjá. Þeir höfðu ekki trú á þeim og töldu, að við værum að nota þá til tilrauna í þessu skyni.

Þá minntist hæstv. ráðh. á það, að á þeim tíma hefði ekki verið neitt verulega hugsað um það að dreifa togurunum út um land. Það var önnur meginvillan í hans fáu orðum. Ég geri ráð fyrir, að hann hafi ekki getað lokað augunum fyrir því, að þegar nýbyggingarráð skipti togurunum út um landið og milli Reykvíkinga og annarra landsmanna, á þessum tíma, sem nýsköpunarstjórnin starfaði, þá fengu margir kaupstaðir á landinu togara, sem aldrei höfðu átt togara fyrr. Það var rétt, sem kom fram í ræðu hv. þm. N-Ísf., að í flestum tilfellum voru það bæjarfélögin, sem stóðu að þessum kaupum úti um land og sóttu þar fastast á.

Til þess að sýna fram á þetta gæti ég lagt fram fundarbækur nýbyggingarráðs um skiptingu togaranna, því að það var gert svo að segja á einum degi. Sú athöfn fór fram hér á einum degi að skipta þessu niður endanlega og mun sýna það, að hæstv. ráðh. fer villt í því, ef hann heldur, að það sé fyrst núna eða hafi verið fyrst í tíð Stefáns Jóhanns-stjórnarinnar, sem hugsað væri nokkuð um að dreifa togurum, nýtízku togurum, út um landið. Það er kórvilla.

Á þessum tíma og fyrir milligöngu nýbyggingarráðs, á nýsköpunarstjórnartímabilinu, sem kallað er, fékk t. d. Ísafjörður einn eða tvo, ég kann það ekki svo vel utan að nú, en hann fékk togara. Akureyri fékk víst tvo togara, Akranes fékk togara, Reykjavík fékk togara, Vestmannaeyjar fengu togara, heldur tvo en einn, Seyðisfjörður fékk togara, og Norðfjörður fékk togara, tvo að mig minnir. Ég skal til fullnustu á þessum upplýsingum leggja fram við 2. umr. þessa máls útdrátt úr fundarbókum þeim, sem um þetta fjölluðu á sínum tíma, en þær upplýsingar, sem ég nú þegar hef gefið, sýna, að það var þá þegar fetuð sú braut að reyna að láta aðra en Reykjavík, reyna að láta landið í heild sinni njóta afrakstursins af þessum skipum.

Hitt er svo annað mál, hvernig það hefur gefizt á hinum ýmsu stöðum, og snertir ekki út af fyrir sig þær skiptingaraðgerðir, sem fram fóru, þegar togararnir komu til landsins. En ég tel mig hafa með þessu sýnt fram á tvær meginvillur í ræðu hæstv. forsrh.: þá fyrri þá, að aldrei á þeim tíma hafi verið hugsað um nema eina tegund skipa eða véla, og í öðru lagi, að nýbyggingarráð hafi ekki, eins og hann vildi vera láta, brotið ísinn með að dreifa togurunum út um land. Það var einmitt á þeim árum brotið blað í þessum efnum. Togaraútgerðin hafði verið frá öndverðu bundin við Faxaflóa eða réttara sagt Reykjavík og Hafnarfjörð, en á tímum nýbyggingarráðs er stigið stórt og alvarlegt spor, það stærsta, sem stigið hefur verið til þessa, í því að láta hina dreifðu byggð njóta þessara tækja, og það var ekki látið þar við sitja einvörðungu, heldur líka með því að styrkja byggingu á hraðfrystihúsum reynt að sjá fyrir því, að hægt yrði að nýta aflann, þegar á land kæmi.

Hitt er svo bara blaðaskvaldur eða margendurtekningar á ummælum einhvers fyndins þingmanns í Framsfl. um þessa togarasmíði á þeim tíma, en er ekki atriði í málinu, en það er atriði í málinu, sem er skjalfest og óhaggað, að þegar það spor var stigið að kaupa togarana, vildi fulltrúi Framsfl. af ástæðum, sem hæstv. forsrh. hlýtur að þekkja bezt, ekki taka þátt í því verki og greiddi ekki atkvæði um það mál og var sá eini vitaskuld í nýbyggingarráði, sem ekki vildi greiða atkvæði um málið. Hinir voru vitaskuld allir fylgjandi því, og þess vegna fór framkvæmdin fram eins og vera bar.

Það var svo náttúrlega strax á tímum stjórnar Stefáns Jóhanns, að það virtist vera að fæðast annað hugarfar í hópi framsóknarmanna, því að þá er bætt við eða réttar sagt keyptir að nýju togarar, ég held tíu talsins, fyrir atbeina ríkisstj. og í því tók Framsfl. þátt í ríkisstj. eins og aðrir.

Nú er svo komið, að hæstv. forsrh., sem er formaður Framsfl., flytur hér frv. um enn þá nýtt spor og það stórt í þessu máli, þar sem ætlazt er til að kaupa 15 togara. Það er mikið fagnaðarefni fyrir mig og aðra slíka, sem árum saman lágu undir ámæli fyrir þær framkvæmdir, sem nýsköpunarstjórnin hafði með höndum á þessu sviði, ámæli, sem átti upptök sín aðallega hjá stjórnarandstöðu frá þeim tíma, Framsfl.

Ég veit ekki, í hvaða nefnd verið hefur hugsað að þetta mál færi, og get geymt mér að tala um einstök atriði málsins, þangað til það kemur kannske í þá nefnd, sem ég er í, eða þá að nefnd kemur með álit í því, en ég vildi nota tækifærið til þess, eins og ég gerði í upphafi míns máls, að lýsa yfir því, að ég er fyllilega sannfærður um, að þrátt fyrir það þótt þessir togarar verði af mörgum ástæðum margfalt dýrari en togararnir voru á tímum nýsköpunarstjórnarinnar, þá beri ekki að hika neitt í því að leggja þegar drög að því að koma þessu máli í framkvæmd.

Verðlaginu á hinum útlenda vettvangi á þessum skipum getum við ekki breytt. Það er vitaskuld orðið allt annað en það var fyrir nokkrum árum og kannske breytist með hverju ári. Svo er líka annað, sem hefur breytzt, og það er það, að með aukinni tækni eru miklu meiri líkur til, að nú megi byggja skip, sem hafi yfirburði yfir þau skip, sem við eigum nú, heldur en var fyrir nokkrum árum. Það, sem kemur hér til greina náttúrlega, er stóraukinn kostnaður, en það kemur líka til greina, að það verður stóraukin tækni og ýmsar nýjungar, sem síðan hafa verið fundnar upp, sem geta létt undir með reksturinn.

Um einstök atriði frv. er ekki rétt að fara að tala í þessari umr., og ég mun þess vegna geyma mér það, en ég taldi mér skylt sökum kunnugleika míns á málinu að andmæla höfuðvitleysunum hjá hæstv. forsrh. og mun gera það, með leyfi hæstv. forseta, rækilegar við síðari umr. málsins, ef því skyldi verða haldið fram, að ég hefði sagt nokkuð skakkt frá því, sem gerðist í þessu sérstaka máli á tímum nýsköpunarstjórnarinnar.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Hv. þm. Vestm. (JJós) taldi sig vera að mótmæla rangfærslum, sem ég hefði farið hér með, en ég verð nú ákaflega mikið að efast um, að honum hafi tekizt að sanna það, að ég hafi farið hér með rangt mál.

Ég hef í fyrsta lagi aldrei mótmælt því, að við höfum fundið að því með ýmsu móti, með hverjum hætti togararnir 30, eða þeir sem síðar urðu 32, voru keyptir, og ég hygg, að það hafi ekki komið fram í ræðu hv. þm., að honum hafi tekizt að hnekkja því, að það a. m. k. orki tvímælis í ljósi reynslunnar, hvernig þessi framkvæmd [illegible]. Ég hélt því fram, að þá hefði verið svo mikið fjármagn til hjá einstaklingum, bæjarfélögum og félögum og svo miklir lánsmöguleikar fyrir íslenzka einstaklinga og félög erlendis, og því héldum við fram á þeim tíma, sem togararnir voru keyptir, að það væru líkur til þess, — það verður vitanlega aldrei sannað, hvort við höfum haft rétt fyrir okkur, — að jafnmargir togarar mundu hafa verið keyptir á svipuðum tíma og valið hefði sennilega farið betur úr hendi.

Það getur vel verið, að við höfum haft rangt fyrir okkur, en ég hygg nú samt sem áður, að ýmsar líkur bendi til þess, að við höfum haft alveg rétt fyrir okkur. Hér er bent á það af hv. þm., að það hafi verið keyptir 30, síðar 32 togarar. Það er víst rétt, að það var bætt við tveimur dieseltogurum seinna. En mér er það kunnugt, að á þeim tíma var það skoðun fjöldamargra fróðra manna, þar af eins af siglingafróðustu mönnum og kunnugustu í notkun togara og annarra skipa, að það ætti að kaupa eingöngu dieseltogara. Og staðreynd er það, sem hv. þm. N-Ísf. (SB) benti á, að sá togari, sem er hentugast byggður, bezt valinn, ber sig bezt í dag, hann er keyptur utan við þessi samtök. Um það held ég að ekki sé nein deila, og þó að keyptir væru síðar, þegar raddir urðu háværar um það, að kaupa hefði átt dieseltogara, tveir togarar, tveir togarar af 32, sem voru ný skip, er samsvöruðu hinni nýju tækni, þá hnekkir það ekki á neinn hátt þeim efasemdum mínum, sem ég bar hér fram og hef einatt borið fram, að valið í þessum skipakaupum hafi verið meira en vafasamt. Ég held, eins og ég sagði áðan, að reynslan bendi til þess, að ég hafi ekki tekið of djúpt í árinni með það, síður en svo. Ég er ekki að neita því, að farið hafi verið eftir ráðum ýmissa góðra manna, en það er alltaf hætt við því, og það er ómögulegt að neita því, að sú er hættan enn, að þegar keypt er af einum aðila í einni svipan, eins og þarna var gert, þá er þessi hætta alltaf yfirvofandi, ef ekki er farið að með fyllstu gát.

Þetta voru nú aðalaðfinnslurnar, sem komu fram hjá Framsfl. viðkomandi þessum kaupum, en ekki það, að fjármunum væri eytt til þess að kaupa framleiðslutæki.

Það er enn fremur vitanlega algerlega rangt með farið hjá hv. þm., að Framsfl. hafi verið á móti aukningu frystihúsa í landinu. Það er öllum kunnugt, sem til þekkja, að Framsfl. beitti sér fyrir því að ryðja þeirri nýjung braut á árunum 1934 og þar á eftir að byggja hin fyrstu frystihús í landinu og lagði á það megináherzlu, vegna þess að Spánarmarkaðurinn tapaðist, að breyta fiskverkuninni í þetta horf. Framsfl. er því tvímælalaust brautryðjandi á þessu sviði, en hefur ekki verið letjandi.

Þá er það það atriði, hvernig togurunum hafi verið dreift út um land. Ég sagði í fyrri ræðu minni, að ég myndi ekki, hvað þeir hefðu verið margir togararnir, sem sendir hefðu verið til afskekktari staða, og vildi þess vegna ekki fara með þá tölu, en þeir hefðu verið tiltölulega fáir. Þannig fórust mér orð, og það hefði verið fyrst, þegar togararnir tíu voru keyptir, að verulegur skriður hefði komizt á það mál. Þannig fórust mér orð einnig um það atriði. Nú telur hv. þm. sig þurfa að sanna það, að ég hafi líka hér farið með rangt mál, en hér eru tölurnar yfir það, hvernig togurunum var dreift. Það er Reykjavík með 16 togara, Akureyri með 3; það er að vísu á Norður- og Vesturlandi, við skulum telja það til þeirra staða, sem úti um land, Neskaupstaður, þar sem að vísu hafði nú verið togaraútgerð áður, ef ég man rétt, Akranes, sem náttúrlega tilheyrir Faxaflóasvæðinu og tilheyrir hér Suðvesturlandi og allra vitund, að aðstaða til togaraútgerðar er þar svipuð og hún er hér, Hafnarfjörður fimm, Vestmannaeyjar tveir, einnig á þessu svæði hér suðvestanlands, Siglufjörður með einn togara, Seyðisfjörður einn togara, Keflavík einn togara, einn á Faxaflóasvæðinu og Ísafjörður með einn togara. Með öðrum orðum, ég get ekki betur séð en að sex af þessum 32 togurum hafi farið út á land. — Þessar tölur eru áreiðanlegar og munu ekki verða vefengdar, ég hef fengið það frá þeim heimildum. Af þessu er augljóst, að það kom enginn skriður á það að gera út togara frá afskekktum stöðum úti um land, Norður- og Vesturlandi, á þessu tímabili.

Ég hef ekki tölur við höndina til þess að sanna, hvað mikið fór af togurunum 10, sem síðar voru keyptir, út um land, en hér stendur í grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Með togarakaupunum fyrri og síðari eftir

styrjöldina og tilfærslu síðustu árin hefur rúmlega þriðji hluti hinna nýju skipa, eða nú 16 talsins, verið staðsettur og gerður út frá Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum.“

Þessar tölur bera það með sér þegar þær eru bornar saman við þær fyrri tölur, sem ég las, að á þetta mál kemst fyrst skriður, eins og ég sagði áðan, þegar togararnir 10 voru keyptir, enda vitað, að þeim var í höfuðatriðum dreift út um landið í þessum tilgangi að auka þar atvinnu, koma jafnvægi á byggð landsins, eða í svipuðum tilgangi og liggur til grundvallar fyrir þessu frv.

Ég held þess vegna, að því verði ekki með réttu haldið fram, að ég hafi farið hér með rangt mál, nema síður sé. En um atriðið, sem ég nefndi fyrst, fyrirkomulagið á kaupum þessara 30 eða 32 togara, hvort það hefur farið betur úr hendi hjá nýsköpunarstjórninni eða framkvæmt af einstaklingum, eins og þá voru möguleikar til vegna fjárhagsgetunnar, er vitanlega hægt að deila endalaust, því að úr því verður ekki skorið til fullnustu.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er í raun og veru til þess að undirstrika og taka frekar fram eitt atriði, sem kom fram hjá hv. þm. N-Ísf. (SB), sem ég kvaddi mér hljóðs. Hann var að lýsa því yfir fyrir hönd sína og Sjálfstfl., að þeir gætu vel verið með því að láta það opinbera reka fyrirtæki, þegar heill þjóðarinnar krefðist þess, en hann fór dálítið í kringum það eins og köttur í kringum heitan graut, hver þörf þjóðarinnar væri að þeirra dómi, en þó kom það nú skýrt fram hjá honum og það var til að láta það koma enn skýrar fram, sem ég kvaddi mér hljóðs. Hún er þessi: Þegar einstaklingarnir geta ekki grætt nóg á atvinnulífinu, þá á þjóðin, hið opinbera, bæir eða ríki, að reka það. Meðan einstaklingarnir gátu grætt nóg að þeirra dómi á togaraútgerðinni, var fordæmt niður fyrir allar hellur, að hún væri í höndum bæjarstjórna eða ríkisins. En um leið og útlit var fyrir, að það færi að halla undan fæti og verða tap á útgerðinni, var sjálfsagt, að hið opinbera tæki hana að sér og ræki. Það var tækifærisstefnan til að koma á heildina því, sem menn áður höfðu grætt á, sem Sjálfstfl. fylgdi hér, eins og raunar í mörgum öðrum málum.

Þetta sagði hv. þm. svona óbeint oftar en einu sinni í sinni ræðu, en af því að það kom ekki skýrt fram, fann ég ástæðu til að undirstrika þetta. Sömuleiðis annað, sem hann sagði. Hann sagðist vera með þessum togarakaupum, og það skilst mér nú að flestir séu. Ég er ekki alveg viss um það enn, hvort maður á að vera með þeim á þessu stigi málsins. Hann sagði sjálfur, hv. þm. N-Ísf., réttilega, að það þyrfti að finna fjárhagslegan grundvöll fyrir starfsemi togaranna og framleiðslulíf þjóðfélagsins yfirleitt. Það þarf að gerast fyrst að mínum dómi. Það hefur Sjálfstfl. aldrei séð, aldrei reynt til að skapa, en hvort þessari stjórn, sem núna situr, tekst það eða ekki, er ósýnt enn, og þess vegna er ég ekki enn þá viss um það, hvort ég er með þessum togarakaupum eins og málin standa. Um leið og skapast heilbrigður grundvöllur fyrir starfi togaranna, þannig að þeir geti borið sig, er vitanlega sjálfsagt að kaupa þá. En hvað haldið þið, að Sjálfstfl. segi þá? Haldið þið, að hann vilji þá láta ríkið kaupa þá? Nei, takk. Þá á ríkið ekki lengur að kaupa þá. Þá eiga einstaklingarnir að kaupa þá til að græða á þeim. Þá á ekki ríkið að kaupa þá. Þess vegna vilja þeir núna, á meðan fjárhagsgrundvöllurinn er eins og hann er, fá ríkið til að kaupa þá og bera halla og borga með þeim, en ekki einstaklingana, og þeir vilja gjarnan láta þá koma strax, á meðan hallareksturinn er augsýnilegur og viss, en um leið og gerðar verða ráðstafanir til þess að breyta þeim grundvelli, þannig að togararnir geti borið sig sjálfir, eiga einstaklingarnir að kaupa þá, en ekki ríkið. Þetta er hentistefna Sjálfstfl. nú og út frá þeirra sjónarmiði ósköp skiljanleg.

Það var þetta, sem ég vildi að kæmi dálítið skýrar fram en hjá þm. N-Ísf. Hann sagði að vísu allt þetta sama og ég hef sagt, bara óljósara og með nokkuð öðrum orðum.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Hv. 1. þm. N-M. (PZ) talaði hér fyrir skemmstu meira frá hjartanu en heilanum. Hann lýsti því yfir, að að sínu viti þyrfti grundvöllurinn fyrst að finnast fyrir heilbrigðum rekstri atvinnutækjanna, áður en út í það yrði lagt að fara að kaupa togara. Ég vil nú spyrja hv. þm.: Hvernig stendur á því, að hæstv. ríkisstj. flytur þá þetta frv. fyrst sinna mála, þegar Alþ. kemur saman, áður en hún hefur gert þingi eða þjóð nokkra grein fyrir því, hvaða leiðir hún ætlar að fara í efnahagsmálunum eða hvort hún hefur yfir höfuð nokkrar leiðir út úr þeim vanda, sem nú blasir við íslenzku efnahagslífi og kommúnistar hafa leitt yfir íslenzkt þjóðfélag, en ekki Sjálfstfl., eins og hv. 1. þm. N-M. vildi nú tæpa á, þó að hann ekki segði það alveg fullum fetum?

Mér skilst, að hv. 1. þm. N-M. hljóti að verða á móti þessu frv., vegna þess að hans eigin ríkisstj. hefur vanrækt að leggja fram till., jafnhliða eða áður en hún flutti þetta frv., um það, hvernig eigi að tryggja rekstrargrundvöll þessara tækja. Ég svaraði raunar þessari rödd, sem nú kemur frá hv. þm. N-M., hér áðan. Ég sagði, að það mundu vafalaust vera til menn, sem segðu: Ja, hvað þýðir að vera að kaupa ný framleiðslutæki, þegar ekkert framleiðslutæki ber sig? — En hvar værum við á vegi staddir, ef jafnan hefði verið þannig á málum haldið hér á Íslandi á undanförnum árum, þegar atvinnulífið hefur alltaf öðru hverju verið að sökkva í fen hallarekstrar og verðbólgu? Ætli við hefðum keypt mikið af nýjum skipum, togurum, vélbátum, verzlunarskipum? Ætli við hefðum byggt mikið af hraðfrystihúsum, ef við hefðum aldrei lagt í að kaupa neitt framleiðslutæki eða byggja það, nema hafa rekstrinn tryggðan fyrir fram? Nei, ég er hræddur um ekki. Hins vegar er það svo auðvitað rétt, sem hv. þm. N-M. heldur fram og ég lagði áherzlu á í minni ræðu, að vitanlega verður að treysta því, að það takist að leggja heilbrigðan grundvöll að öllu atvinnulífi í landinu. Það verða hvorki togarar né önnur atvinnufyrirtæki rekin, ef það tekst ekki. En mér skilst, að kjarninn í ræðu hv. 1. þm. N-M. hafi verið stórfelld árás á hæstv. forsrh. fyrir það að leyfa sér að leggja

slíkt frv. fram, áður en hann gerir þjóðinni grein fyrir því, hvernig hann ætli að tryggja rekstur þeirra.

Þessi ræða hv. 1. þm. N-M. hefur þess vegna snúizt upp í það að vera eina árásin, eina verulega árásin, sem gerð hefur verið á hæstv. ríkisstj. hér í þessari hv. þd. síðan þing hófst.

Um hitt atriðið, að sjálfstæðismenn vilji því aðeins opinberan rekstur, að einstaklingarnir geti ekki grætt nóg á atvinnutækjunum, vil ég aðeins skírskota til þess, sem ég sagði í minni frumræðu og var alveg nægilega ljóst. Ég sagði, að þó að sjálfstæðismenn teldu einkarekstur inn og félagsrekstur inn „principielt" heppilegri en opinberan rekstur, hikuðum við samt ekki við að leggja út í hann, þegar þjóðhagsleg nauðsyn væri fyrir hendi. Við erum sem sagt ekki yfirleitt fylgjandi ríkisrekstri eða bæjarrekstri, en við bara viðurkennum þá staðreynd, að — ja, við skulum segja t. d. á Vopnafirði, í kjördæmi hv. þm., er ekki til nægilegt fjármagn til þess að kaupa og gera út togara. Ef það er hins vegar nauðsynlegt fyrir fólkið á þessum stað og skynsamlegt frá þjóðhagslegu sjónarmiði, að þarna sé gerður út togari, hikum við sjálfstæðismenn ekki við að láta hið opinbera með einu eða öðru móti styðja þennan rekstur og kaupin á atvinnutækjunum. Það er þetta, sem hefur gerzt, það er þetta, sem gerðist, þegar nýsköpunarstjórnin keypti hina 32 togara, og þegar stjórn Stefáns Jóhanns beitti sér síðan fyrir því, að keyptir voru 10 togarar. Það var bara viðurkennd sú staðreynd, að ekki var til nægilegt fjármagn úti á landi til þess að gera þessi tæki út þar, og þá var ríkið látið hlaupa undir bagga.

Annars vil ég segja hv. þm. það, ef hann veit það ekki núna, að það eru vissulega fleiri bæjarfélög og opinberir aðilar, fleiri en ríkið, sem vilja gera út togara og kaupa togara núna. Ég get t. d. upplýst hann um það, að á einum stað á Vestfjörðum, í Ísafjarðarkaupstað, hafa núna verið stofnuð hvorki meira né minna en tvö togaraútgerðarfélög, sem vilja fá að kaupa togara, auðvitað með þeirri aðstoð, sem búizt er við að ríkið muni veita, en hvorir tveggja þeir aðilar, sem að þeim togarafélögum standa, reikna ekki með bæjarútgerð á þeim togurum, sem þangað koma, heldur einstaklingsútgerð. Annað fyrirtækið er stofnað af togarafyrirtæki, sem er fyrir á staðnum, og nokkrum öðrum aðilum, m. a. útgerðarmönnum í nálægum þorpum, í Hnífsdal, og hraðfrystihúsum á staðnum. Hitt togarafélagið er stofnað af Ísafjarðarbæ og nokkrum útgerðarfyrirtækjum á Ísafirði og í Súðavík, svo að ég sé ekki betur en að þrátt fyrir það að togaraútgerðin sé jafnhörmulega á vegi stödd og hún er nú, þá séu þó til einstaklingar og félög, bæjar- og sveitarfélög, sem vilja ráðast í kaup þessara tækja. Vegna hvers? Til þess að tapa á þeim? Nei, auðvitað ekki til þess að tapa á þeim, en þrátt fyrir það að fólkið viti, að við núverandi aðstæður muni verða tap á þessum tækjum, þrátt fyrir það. Menn eru bara með öðrum orðum reiðubúnir til þess að leggja á sig nokkrar fórnir til að ná í þessi stórvirku framleiðslutæki, til þess að tryggja afkomu sína og atvinnuöryggi. Auðvitað treysta þessir menn á það eins og ég, þegar ég er að tala hér á hv. Alþ. um þessi skipakaup, að hið opinbera muni á næstunni geta fundið leið til þess að koma íslenzkum atvinnurekstri á sæmilega heilbrigðan grundvöll og útrýma hallarekstrinum, sem er að færa alla útflutningsframleiðslu í kaf. Vitanlega treystir þetta fólk, sem er að hlaupa í kapp um það að stofna félög og bindast samtökum um að kaupa togara, á þetta.

Ég álít þetta, hvernig tryggja eigi atvinnutækin út á land, í raun og veru of mikið alvörumál til þess, að jafnglöggur maður og maður, sem hefur jafnmikinn skilning á þörf strjálbýlisins og hv. 1. þm. N-M., rjúki hér upp með pólitísk svigurmæli og svívirðingar um flokk eins og Sjálfstfl., sem sannarlega hefur haft alla forustu um það að dreifa þessum afkastamestu framleiðslutækjum út um landið, og það er alveg sama, hvað hæstv. forsrh. segir um það. Sú staðreynd liggur sannarlega fyrir, að það er fyrst með tilkomu nýsköpunarstjórnarinnar og kaupum hinna 32 nýju togara, sem útgerð togara hefst úti á landi.

Hæstv. ráðh. las hér upp lista, sem ég skal gjarnan lesa upp aftur eftir honum. Ég tók hann hér niður eftir honum. Reykjavík 16 togarar, Hafnarfjörður 5 togarar, það gerir 21 togara af 32. Nú, síðan kemur listi, sem hæstv. forsrh. las upp; það eru bara 11 togarar til staða utan Rvíkur og Hafnarfjarðar, sem svo að segja allir hafa ekki gert út togara áður. Það skiptir ekki máli, hvort það er Akranes eða Vestmannaeyjar. Þetta eru staðir utan Rvíkur, staðir, sem auðvitað þurftu á þessum atvinnutækjum að halda. Ég sé, að hv. þm. Barð. er að skjóta inn í: Akranes. Hvað, Akranes? Er það ekki staður eða hvað. (**Gripið fram í**: Faxaflói.) Faxaflói? Þarf fólk ekki að lifa þar líka? Þarf fólk ekki líka að hafa atvinnu þar? Hví skaut hv. þm. Barð. ekki inn í: Patreksfjörður. Ég veit ekki betur en að sá staður, sem er í hans eigin kjördæmi, hafi fengið einn togara af þessu. Það er kannske ekki fólk þar? Patreksfjörður. Býr fólk þar? Það er kannske fólk um kosningar, þegar hv. þm. Barð. þarf að fá atkvæði. Þá er það kannske fólk, en það er ekki fólk, þegar það þarf að fá togara.

Nei, ég segi: Þetta eru harla bágborin rök hjá hæstv. forsrh., ef það á allt í einu að vera ósatt, að nýsköpunarstjórnin hafi haft forustu um það að dreifa togurunum út um landið. Sjálfur les hann upp lista, þar sem stendur skýrum stöfum, að 11, sem sagt rúmur einn þriðji af togurunum, sem keyptir voru, hafi farið til staða utan Rvíkur og Hafnarfjarðar, þar sem togaraútgerðin hafði öll verið áður. Ég endurtek, að þetta er sannað, en það, sem ég sagði í upphafi máls míns í minni fyrri ræðu, var, að nýsköpunarstjórnin lét ekki fjármagnið ráða staðsetningu togaranna, eins og áður hafði verið, m. a. þegar hin fyrsta vinstri stjórn sat að völdum hér á landi. Hvað voru margir togarar þá keyptir nýir til þess að láta fólk, sem skorti atvinnu úti á landi, hafa atvinnu við þá? Vill hæstv. forsrh. svara því? Hvað voru margir nýir togarar þá fluttir til Íslands til þess að tryggja atvinnulausu fólki, sem hafði 150 kr. í árstekjur, eins og fólkið í sjávarþorpunum á

Vestur- og Norðurlandi hafði þá? Mér þætti fróðlegt að fá þær upplýsingar í ræðu hæstv. forsrh., ef hann talar að nýju hér um þetta mál við þessa umræðu.

Í sambandi við togarana, sem stjórn Stefáns Jóhanns svo hafði forustu um að fluttir voru inn, sem voru 10, vil ég svo upplýsa það, að þegar búið var að samþykkja kaup þeirra, sáu menn fram á, að það var of lítil aðstoð fyrirhuguð við kaup þeirra. Það var of lítil aðstoð fyrirhuguð við kaup þeirra, miðað við þá löggjöf, sem gilti um fyrri togarakaup. Og þá var það, sem gerðist hlutur, sem skar úr um aukinn stuðning við bæjar- og sveitarfélög í þessum efnum og eins í byggðunum úti á landi. Ég vænti, að hæstv. forsrh. muni eftir því, hvað gerðist þá. Þá gerðist það, að við tveir þm. Sjálfstfl. og Framsfl. fluttum till. í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, þar sem ríkisstj. var heimilað að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að þau bæjarfélög og þau sveitarfélög, þau byggðarlög, sem við atvinnuerfiðleika ættu að stríða, gætu komizt yfir einhverja af þessum togurum. Og hverjir voru það, sem fluttu þessa till.? Það var ég, sem var fyrri flm. hennar, og hv. 2. þm. S-M., sem þá var nýkominn á þing, Vilhjálmur Hjálmarsson, ef ég man rétt. Þessi till. var samþ. og hún var flutt í samráði við hæstv. þáv. fjmrh. Ja, hún var flutt í samráði við ríkisstj., ég skal ekkert fullyrða um það nákvæmlega, við hvaða ráðherra var sérstaklega rætt um það, en ég man það, að það var rætt við Ólaf Thors og Eystein Jónsson, og það var í samráði við þá.

Nú veit ég, að hæstv. forsrh. man það, að einnig Rvík og ég held Hafnarfjörður fékk eitthvað af þeim togurum. Ég man nú ekki nákvæmlega, hvernig það var. Það var sem sagt haldið áfram að framkvæma stefnu nýsköpunarstjórnarinnar, þegar hinir seinni nýsköpunartogarar, 10 talsins, voru keyptir, eftir að Framsfl. var kominn með í stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar, en þá hafði það gerzt, sem við sjálfstæðismenn *að sjálfsögðu fögnuðum mjög, að Framsfl. hafði* snúizt frá sinni fyrri villu. Hann var orðinn sammála okkur sjálfstæðismönnum um það, að raunhæfasta atvinnubótin úti um land væri að tryggja fólkinu togara. Það er eins og hv. þm. Vestm. sagði hér áðan: Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það, hver afstaða Framsfl. var, þegar var verið að kaupa hina fyrri nýsköpunartogara. Hann barðist eins og ljón gegn því og lagði meira að segja áherzlu á það, eftir að búið var að ákveða að kaupa skipin, að það yrði seinkað kaupunum, að það yrði ekki hrapað að því að kaupa skipin. En hvað hefði það þýtt, *ef það hefði verið dregið að kaupa eða semja* um smíði nýsköpunartogaranna. Það hefði þýtt það, að afhendingartíma skipanna hefði stórlega seinkað og verðlag þeirra hefði hækkað stórkostlega, enda sáu allir menn það fyrir, að í lok stríðsins hlaut verð á skipum að hækka. Það hafði verið sökkt mörgum milljónum tonna af skipum mestu siglingaþjóða heimsins, og það hlaut að verða alveg geysileg ásókn á skipasmíðastöðvarnar. Þetta sáu forustumenn bæði á sviði *stjórnmála og útgerðarmála hér á Íslandi. Þess* vegna hröðuðu Íslendingar sér eins og þeir gátu *undir forustu nýsköpunarstjórnarinnar* til þess að semja um smíði togaranna. Ef ráðum framsóknarmanna hefði verið fylgt að því leyti, þá hefðu skipin komið bæði seinna og verið stórkostlega miklu dýrari.

Hitt má svo auðvitað alltaf deila um, sem hæstv. forsrh. minntist á, hvort ef til vill hefði verið hægt að fá enn þá fullkomnari skip en þessir nýsköpunartogarar voru. En það var á allra vitorði, að þegar nýsköpunartogararnir voru smíðaðir, voru það fullkomnustu togarar, sem smíðaðir höfðu verið þá, langsamlega fullkomnustu togarar, og það er líka rétt, sem hv. þm. Vestm. minntist hér á áðan í sinni ræðu, þegar hann var að svara hæstv. forsrh., að meðal íslenzkra útvegsmanna ríkti mjög mikil vantrú á *dieseltogurunum. Menn þorðu bókstaflega ekki* að ráðast í kaup á þeim. Það var að lokum bæjarútgerð Rvíkur, sem keypti — ég man ekki, hvort það eru tveir eða þrír dieseltogarar, sem hún á. En reynslan hefur sýnt, að þessi skip bera sig betur og eru hagkvæmari í rekstri. Sama má segja um togarann, sem Guðmundur Jörundsson keypti til Akureyrar og hefur reynzt afbragðsskip, mjög fullkomið og vandað. Auðvitað er að því geysilegur styrkur, að útvegsmenn og skipstjórar, sem sjálfir þekkja hvern krók og kima í skipum sínum, fylgist með smíði þeirra og leggi á ráðin um gerð þeirra, og það er það, sem gerðist m. a., þegar togarinn Jörundur var smíðaður. Það vita allir, að Guðmundur Jörundsson er frábær útgerðarmaður og þekkir alveg sérstaklega vel allt, sem að skipum lýtur.

Ég vil aðeins að lokum minnast á það, að hæstv. forsrh. sagði, að ég mundi vera farinn að trúa sjálfur spýtusögunni og það mundi vera farinn að verka á mig máttur endurtekninganna, sérstaklega vegna þess að ég er ritstjóri og blaðamaður. Mér liggur nú við að halda, að það séu fleiri en við, sem stýrum blöðum, sem máttur endurtekninganna verkar nokkuð á. Ég held, að við, sem stöndum í hjaðningavígum og návígi *íslenzkrar stjórnmálabaráttu, þurfum ekkert* að vera að tileinka það blaðamönnum einum, að við treystum stundum nokkuð á mátt endurtekninganna. Við erum kannske allir sekir í þessum efnum. Mér datt eiginlega abbadísin í hug, þegar hæstv. forsrh. var að tala, abbadísin, sem sagði, eftir að uppgötvazt hafði höfuðfat hennar: Og allar erum við syndugar systur.

En um hitt, um spýtusöguna, vil ég segja það, að þar er ekkert verið að rangfæra. Hæstv. forsrh. sagði, að hv. þm. V-Húnv. hefði átt við verðhólgustefnu stjórnarinnar. Þetta er alveg spánný útgáfa, sem aldrei hefur verið endurtekin. *Ég veit ekki betur en* hv. þm. hafi sjálfur talið, að hann hafi átt við það nefndahrúgald allt, sem tildrað hefði verið upp í sambandi við kaup skipanna. Í því sambandi sagði hann, að fyrst væri spýta, svo væri spýta, svo væri spýta upp og svo væri spýta niður og svo væri spýta í kross og svo færi allt í ganginn. Þetta er skýringin, sem hann sjálfur, hv. þm., hefur gefið á þessu. Hitt þarf svo ekki að lá neinum manni, þó að hann heimfæri þetta beinlínis upp á sjálf skipin, sem skoðun hv. þm. á þessum nýju og fullkomnu tækjum, sem mjög óvinsamleg og fjandsamleg

ríkisstj. var að þröngva upp á þjóðina. Ég held, að það hafi einhvern tíma verið dregin hliðstæða, sem hefur verið fjarstæðari en þessi. Og þetta er alger misskilningur hjá hæstv. forsrh., að hv. þm. V-Húnv. hafi átt við með þessu verðbólgustefnu ríkisstjórnarinnar.

Nei, bókstafurinn blífur, og staðreyndirnar standa. Framsóknarmenn börðust eins og ljón gegn því, að þessi nýju tæki yrðu flutt til landsins, ekki bara meðan var verið að semja um kaup þeirra og smíði. Tíminn hefur, eins og ég sagði áðan, alveg fram á þennan dag talað um „sóun", þegar hann hefur minnzt á þá fjármuni, sem varið hafi verið til togarakaupa. Hvað þýðir sóun? Þýðir það á almennu máli að verja fjármunum vel? Ég held ekki. Ég held, að þegar maður talar um, að fé sé sóað, þá eigi maður við, að því sé kastað á glæ, því sé eytt í vitleysu, enda kallaði hæstv. fjmrh., einn af aðalleiðtogum Framsfl., togarana „gums". — Ég veit ekki, hvort það er nokkuð betra en að tala um spýtu í kross. Hæstv. forsrh. sá ekki ástæðu til þess að bera það til baka, að hæstv. fjmrh. hefði haft þessi orð, enda er það þýðingarlaust. Hæstv. fjármálaráðherra er líka maður til þess að standa við þessa skoðun sína.

En það bezta í þessu öllu er það, sem við sjálfstæðismenn megum fagna, að okkar ágætu vinir í Framsfl. eru búnir að sjá, að þeir höfðu rangt fyrir sér í þessu. Þeir höfðu rangt fyrir sér, þegar þeir voru að berjast gegn togarakaupunum, og bezta sönnun þess er það, að þeir tóku sæti í ríkisstj. einu ári síðar og tóku þar þátt í því að semja um kaup á tíu togurum til viðbótar. Og enn ein sönnun þess, að þeir hafa haft rangt fyrir sér, er það frv., sem hér liggur fyrir, þar sem ríkisstj. Framsfl., sú fyrsta, sem hann hefur forustu í nú um langt bil með hinum svokölluðu vinstri flokkum, lætur það verða sitt fyrsta verk að semja um kaup á nýjum togurum.

Það er alveg rétt, að við eigum kannske ekki að vera að deila svona um fortíð og nútíð og framtíðin á að vera aðalatriðið. En hv. framsóknarmenn hafa rætt svo mikið við okkur um fortíðina að undanförnu, að það má hver lá okkur sem vill, þó að við aðeins velgjum þeim undir uggum, þegar þeir liggja jafnvel við höggi og þeir gera í þessu máli. En ég vil segja það, að ég fagna því, að hæstv. forsrh. gengur nú fram fyrir skjöldu í baráttu fyrir togarakaupum. Ég vil að vísu láta í ljós harm minn yfir því, að hann lýsti því yfir hér áðan, að ekki væri búið að tryggja fjármagn til þeirra. Það er mjög miður farið, að ríkisstj. hefur ekki gert það enn þá. Auðvitað er ekki hægt að krefjast alls af henni í einu. Við skulum vera sanngjarnir við núverandi hæstv. ríkisstj. Hún á rétt til þess eins og aðrar ríkisstjórnir, að stjórnarandstaðan taki á málstað hennar af réttsýni og sanngirni. En ég vil að lokum segja það, að ég treysti því, að núverandi hæstv. ríkisstj. úthluti þessum skipum, þegar þau koma hingað til landsins, réttlátlega og skynsamlega út um landið, þannig að þau fari þangað, sem þörfin er mest, og að þau verði þannig að sem mestu gagni fyrir þjóðina. Það er aðalatriðið.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Þetta fara nú að verða dálítið staglsamar umræður og dálítið endurtekningakenndar, en hjá því verður ekki komizt, og skal ég reyna að stytta mál mitt.

Það er nú í fyrsta lagi viðkomandi dreifingu togaranna, sem voru keyptir af nýsköpunarstjórninni. Það kom fram hjá hv. þm., að hann teldi ákaflega bágborin rök hjá mér að halda því fram, að fáum af þessum togurum hefði verið dreift út um land, eins og ég sagði. En svo kemst hann ekki hjá því, hv. þm., til þess að fá nokkuð sæmilega tölu á togurum, sem hafi verið dreift út um landið, að telja Keflavík, Vestmannaeyjar og Akranes með svæðunum úti um land, og kemst þannig í sæmilega tölu. En vitanlega er öllum það ljóst, að togaraútgerð frá þessum stöðum býr svo að segja við sömu aðstöðu og önnur togaraútgerð frá Reykjavík og Hafnarfirði og kemur þess vegna undir sömu „katagóríu". Það er ekki hægt að telja, að þeim togurum hafi verið dreift út um land, en með öðru móti fær hann ekki þessa tölu, sem hann er að reyna að fá. Og ef það er hægt að kalla þetta bágborin rök hjá mér, að ég tel þetta ekki til þeirra togara, sem hafi verið dreift út um land, þá veit ég ekki, hvaða orð á að nota yfir svona röksemdafærslu, enda liggur það beint fyrir í þessu máli, að við erum að ræða um aukningu togaraútgerðar á Norður-, Vestur- og Austurlandi, og margtekið fram í grg. og í sjálfu frv. Við erum að ræða um það, hvað hafi verið gert fyrir þá togaraútgerð á þessum stöðum undanfarin ár, og þeim hefur ekki tekizt að raska þessum röksemdum mínum. Þó að það hafi verið dreift þessum fáu togurum út um land af nýsköpunartogurunum, komst fyrst skriður á þetta mál, þegar togararnir tíu voru keyptir. Það stendur fast, sem ég hef sagt um það atriði, og hefur ekki verið á neinn hátt hrakið.

Hann segir enn fremur, hv. þm., að það sé gleðilegt, að Framsfl. hafi snúið af villu síns vegar í togarakaupamálunum. Ég hef bent á það margsinnis og skirrist ekki við að endurtaka það, að vitanlega stendur allt öðruvísi á um það atriði, hvort ríkið á að skipta sér af togarakaupum og hafa þar forgöngu, þegar engir peningar eru til hjá einstaklingum, engir hjá félögum, engir hjá bæjarfélögum og engir möguleikar til þess að fá togarana, nema með því móti, að ríkisstj. takist að fá lán, sem henni hefur ekki tekizt undanfarin þrjú ár fyrir hönd ríkisstjórnar. Það stendur allt öðruvísi á því, hvort ríkið skerst þá í leikinn, þegar atvinnuleysi vofir yfir víðs vegar í landinu, og beitir sér þá fyrir togarakaupum, heldur en þegar allir eru með fullar hendur fjár og einstaklingarnir geta ráðizt í að gera það, sem ríkið er að gera undir þessum kringumstæðum. Þannig stóð á, þegar nýsköpunarstjórnin keypti togarana, að þá voru allir með fullar hendur fjár. Og það stendur þess vegna enn þá óhaggað, að það er mjög mikið vafamál, svo að ekki sé meira sagt, að togarakaupin hefðu ekki farið betur úr hendi hjá einstaklingum í það skipti, þegar möguleikarnir voru til þess, að þeir framkvæmdu það, heldur en eins og það var gert. Því er haldið fram, að það hafi ekki

verið keyptir þá fullkomnustu togarar, sem fyrir hendi voru. Þeir voru keyptir um svipað leyti dieseltogararnir, og ég hef lýst því, að það var skoðun fjölda manna, að það væri sú tegund togara, sem hefði átt að kaupa. Og ég vil endurtaka það einu sinni enn, að sá maður, sem keypti togara utan þessara samtaka, keypti einmitt togara af þessari gerð, sem bezt hefur reynzt.

Það eru þess vegna engin skoðanaskipti hjá Framsfl. í þessu máli. Það er ekkert um annað að ræða en það, að ríkið skerst í leikinn núna, og hin leiðin er ekki fær. Það sjá vitanlega allir, sem til þekkja, og er nógu hæpið, *jafnvel þó að* ríkið sjálft beiti sér fyrir því, að ekki verði erfiðleikar á því að fá lán, þó að við vonum, að það takist betur en tekizt hefur undanfarin ár.

Viðkomandi árás hv. 1. þm. N-M. (PZ) vil ég nú segja það, að ég skil það náttúrlega, að hv. þm. er ákaflega viðkvæmur fyrir árásum á ríkisstj. og þykir það miður, að slíkt skuli koma fyrir, enda varð hann háværastur í sinni ræðu, þegar slíkri árás hafði verið beint gegn ríkisstj., að einn þm. úr stjórnarflokkunum segist vera í vafa um, hvort hann geti greitt atkv. með þessu frv., áður en búið sé að ráða bót á grundvellinum undir rekstrinum. Ég verð nú að segja það, að þetta var dálítið í ósamræmi við það mál, sem hv. þm. hafði uppi, því að hann var næstum því jafnhávær, þegar hann sagði: Hvers vegna kemur ríkisstj. ekki með tillögur um efnahagskerfið, áður en hún leggur þetta frv. fram? — og var þess vegna að taka í sama strenginn og hv. þm. En að vísu gætti hann sín aftur seinna í ræðunni, því að hann hafði sagt það, að hvað sem grundvellinum líður, verður maður að treysta því, að hann náist, og þess vegna verður að samþykkja þetta frv., alveg án tillits til þess, hvort grundvöllurinn hefur verið fundinn áður eða ekki, — svo að hann tók nú aftur í öðru orðinu þessa árás sína á ríkisstjórnina.

Sannleikurinn er sá, að þegar við erum að ræða um ríkisrekstur og ríkisafskipti og einstaklingsrekstur og einstaklingsafskipti, bæjarrekstur eða annað, sýnir það sig af margendurtekinni reynslu, að þegar atvinnutæki bera sig ekki, eins og hv. þm. N-M. benti hér á, endar það alltaf með því, að ríkið verður að skerast í leikinn, þegar það er orðinn taprekstur.

Við *munum* ákaflega vel eftir því, hvernig togaraútgerðin á Ísafirði, bátaútgerð á Ísafirði og togaraútgerð Hafnarfjarðar varð til. Þá var það þannig, að einstaklingurinn græddi ekki og hætti. Og þá var það, sem hv. þm. V-Ísf. sagði þá eftirminnilegu setningu, þegar verið var að berjast fyrir því að koma á togaraútgerð í Hafnarfirði, — eftirminnilegu setningu, þegar hann var að mótmæla rökum Sjálfstfl. um það, að ekki mætti koma á togaraútgerð í Hafnarfirði, setningu, sem sjálfsagt ýmsir muna og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka. Tilfellið er það, — það er alveg rétt hjá hv. þm., að Sjálfstfl. hefur verið á móti bæjarútgerð, hann hefur verið á móti ríkisútgerð, þangað til þessi atvinnurekstur hefur hætt að bera sig. Þá var hann með bæjarútgerð og ríkisrekstri. Þetta eru staðreyndir, sem allir þekkja. Við þekkjum það, sem sátum í bæjarstjórn Reykjavíkur, að hann beitti sér á móti bæjarútgerð í Reykjavík með hnúum og hnefum, og beitti sér svo fyrir henni og lét fyrsta togarann heita Jón Þorláksson, í höfuðið á manni, sem var meira á móti bæjarrekstri og ríkisrekstri en flestir menn í þessu landi.

Viðkomandi því, hver hafi haft mestan áhuga fyrir að *byggja upp atvinnulíf úti um land*, ætla ég ekki að þræta í þessum umræðum. Ég ætla ekki að fara svo langt. En ég ætla aðeins að staðhæfa það, sem er alveg staðreynd, að nýsköpunarstjórnin gleymdi bókstaflega talað öllu, *sem snerti það atriði að byggja upp atvinnulífið* úti um landið til þess að skapa jafnvægi í byggð landsins, og þar á meðal gleymdist ekki sízt í þessu tilfelli, sem er eitt stærsta atriðið, það gleymdist algerlega á þeim tíma landbúnaðurinn, eins og hefur verið margrakið með tölum, sem sanna það, hvernig var séð fyrir lánsþörf þess atvinnuvegar og uppbyggingu hans. Það var fullkomin kyrrstaða, enda haldið fram í einu stjórnarblaðinu þá, — fyrst verið er að vitna í fyrri tíma, — að það væri raunverulega réttast að leggja landbúnaðinn niður og flytja landbúnaðarafurðirnar inn. Þannig var hugurinn til dreifbýlisins og hugurinn til jafnvægis í byggð landsins.

Seinasta atriðið er það eina, sem ég þarf að *taka aftur af því, sem ég hef sagt hér*. Ég lagði það þannig út, að það væru endurtekningarnar um skröksöguna með spýtuna, sem hefðu orkað þannig á hv. þm. N-Ísf., að hann segði hér ósatt, án þess að vita það. Hann játaði að vísu, að allir væru breyskir í þessu tilfelli, og vísaði í söguna um abbadísina, sem hafði þó ekki mikið að segja, því að hann var ekki alveg inni á hennar leiðum, að játa syndir sínar, — það var síður en svo. Það kom nefnilega í ljós, að það var ekkert skylt með honum og abbadísinni, sem hann var að segja söguna af. Hún var hreinlega að játa syndir sínar, en hann var sá forstokkaði syndari, sem endurtók skröksöguna aftur, eftir að ég er búinn að leiðrétta hana og eftir að ég er búinn að upplýsa, að það liggja fyrir sannanir um það, að þessi grein Skúla Guðmundssonar var ekki í neinu sambandi við togarakaupin. Og ég sagði honum, að honum væri óhætt að trúa því, og ég get sýnt honum það hvenær sem er. Nei, hann var það forstokkaður, að hann endurtók söguna; og ég verð þess vegna að taka aftur það, sem ég sagði áðan, að þetta sé af vangá gert. Það hlýtur að vera af einhverjum öðrum hvötum. Það er ekki hægt að komast hjá því að álykta þannig, og það eina, sem ég hef missagt í þessum umræðum, það er það, að ég hef álitið hv. þm. betri í þessu efni en hann reyndist við prófið.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að taka til máls að þessu sinni, en hv. þm. N-Ísf. (SB) kom mér nú til þess, *óviljandi* kannske. Ég hafði auðvitað ekki mikið til saka unnið. Ég nefndi bara Faxaflóa og ekkert annað en Faxaflóa, og hann virtist þola þetta svo illa, af því að Akranes er við Faxaflóa og þangað fór einn togarinn, að hann spurði, hvort fólk væri hvergi til nema um kosningar, og vildi gefa

í skyn, að ég áliti ekki fólk til í Barðastrandarsýslu nema um kosningar, og þangað hefði þó einn togarinn farið af þessum 33. — Ég vil bara leiðrétta þetta hjá hv. þm. Þetta er vafalaust misminni hjá honum. Patreksfjörður fékk engan togara af þessum 33. Eftir þeim lista, sem hæstv. forsrh. las upp hér áðan, var ekki neinn þeirra 33 togara seldur til Patreksfjarðar, heldur voru það tveir af tíu togurunum, sem keyptir voru seinna, ekki af nýsköpunarstjórninni, heldur stj., sem þar á eftir kom. Þá fengu Patreksfirðingar fyrst tvo nýja togara. Og þó var ekki verið að fjölga neinum togurum þar, því að Patreksfjörður átti tvo togara áður, annar þeirra fórst, hinn var seldur, og síðan komu þessir tveir í staðinn. Ég vænti þess, að þetta sé bara misminni, sem alla getur hent, og ég er ekkert að sakast um við hv. þm. N-Ísf.

En mér hefur skilizt á ræðum hans í dag og reyndar líka á ræðu hv. þm. Vestm., að það séu rangar sakir bornar á nýsköpunarstjórnina, að hún hafi ekki dreift atvinnutækjunum út um landið. Nú er búið að gera grein fyrir því, að af þeim 33 togurum, sem keyptir voru, fóru 25 til Faxaflóa og Vestmannaeyja, eða m. ö. o. til þeirra byggða í landinu, sem setið hafa að beztum atvinnuskilyrðum fram á þennan dag. Þrír fóru til Akureyrar, sem er höfuðstaður Norðurlands, svo að þótt það hafi verið nauðsynlegt, er það þó höfuðstaðurinn, þar sem kannske hefur verið bezt háttað um atvinnu. Þarna eru komnir 28. Og þá voru eftir fimm. En hvað fóru margir af þeim til Vestfirðinga, þessum 33? Eftir því sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan, hefur það ekki verið nema einn. Og án þess að ég ætli að fara að sakast neitt um það við hv. þm. N-Ísf., verð ég að segja það, að ekki hefur verið of vel séð fyrir Vestfjörðum þá. Svo mörg kauptúnin eru nú í þessu héraði, allt frá Patreksfirði norður í Ísafjarðardjúp, að það er engin ofrausn, að þangað skyldi koma einn af 33. Og ég fullyrði það, að fólkið í þessum héruðum gerir sér vonir um betri útkomu af þeim væntanlegu 15 togurum nú en raunin varð á þá.

Ef þeim finnst lofsvert, þessum hv. þm. tveimur, sem hafa mjög lofað þá viðsýni, sem stjórnaði gerðum nýsköpunarstjórnarinnar um dreifingu togaranna þá, það, sem þá var gert, eru þeir þá ekki alveg harðánægðir, ef þessum væntanlegu 15 togurum yrði nú dreift eins? Hafi allt verið í lagi með dreifingu togaranna þá, er þá ekki allt í lagi, ef þessum 15 verður dreift eins? Nei, það er nefnilega ekki tilgangurinn með þessu frv. að dreifa þeim eins. Nú á fyrst og fremst að fullnægja Vestur-, Norður- og Austurlandi, þeim héruðum, sem öll þjóðin veit að hafa orðið út undan. Á því sést bezt, að þarna er talsverður mismunur á. Mér dettur ekki í hug, að hv. þm. N-Ísf. ætlist til þess, að þessum 15 togurum verði dreift eins og togurunum 33, sem nýsköpunarstjórnin stofnaði til kaupanna á. Mér dettur það bara ekki í hug. Og ef hann er mér sammála um það, sannar það, að ekki hefur verið gætt nægilegs jafnvægis í byggð landsins á þeim tímum.

Ég ætlaði að vísu ekki að fara að svara fyrir hv. 1. þm. N-M., en ég gat ekki heyrt, að hann væri neitt að ráðast á ríkisstj. með því, sem hann sagði. Ég gat ekki heyrt það. Hann sagði jú, að hann vildi, að tryggður væri fjárhagslegur grundvöllur þessa atvinnurekstrar, og það vita víst allir, að hann hefur viljað það um allan atvinnurekstur í þessu landi. En að hann væri beint að ráðast á ríkisstj., það fannst mér ekki. Alls ekki. En hafi það verið, hvernig er það þá með atkvgr. í hv. Nd.? Ég held, að ég muni það rétt, að hv. form. Sjálfstfl. og hv. form. þingflokks sjálfstæðismanna hafi báðir setið hjá og ekki einu sinni greitt atkv. með þessu frv., sem hv. þm. N-Ísf. segist sannarlega fylgja og þykir vænt um, að er komið fram, — svo að hv. þm. N-M. hefur þá eitthvað til samanburðar, ef hægt væri að segja, að ummæli hans hefðu verið árásir á ríkisstjórnina.

Forseti (BSt): Það væri nú mjög æskilegt, þar sem þetta er 1. umr. og ekki hefur verið rætt um annað á þessum fundi, að hægt væri að koma málinu til 2. umr. og nefndar.

Jóhann Jósefsson: Mér hefur skilizt, herra forseti, að höfuðtilgangurinn með þessu frv. væri sá að afla þessara togara, ekki beinlínis með það fyrst og fremst fyrir augum, að eigendur þeirra, hvað sem þeir kunna nú að koma til að heita, auðgist svo sérstaklega á útgerð skipanna, heldur sé hugmyndin sú, út af þeirri reynslu, sem fengizt hefur á því, hvað atvinnulíf og þá sérstaklega vinnsla á sjávarafurðum hefur aukizt og blómgazt við það, að hraðfrystihús hafa verið byggð og aðgangur hefur verið að því opnaður, að þessi iðjuver fengju hráefni til að vinna úr, og að menn horfi með kvíða til þeirra daga, sem kynnu að koma, ef ekki væru sérstakar ráðstafanir gerðar, ef iðjuverin, og ég á þar aðallega við hraðfrystihús og fiskimjölsverksmiðjur og raunar líka söltunarstöðvar og verkunarstöðvar yfir höfuð, skortir hráefni, að þá vitaskuld leggst atvinnan eins lengi niður á þeim stað, sem byggist á sjávaraflanum, eins og þetta hráefni skortir. Ég hélt, að viðurkenningin á þessu mundi vera driffjöðrin fyrir því, og vil meina, að hún sé driffjöðrin fyrir því, að í svona stórfellda ráðstöfun er farið af sjálfu ríkisvaldinu.

En við hvað hefur þessi skoðun skapazt, og hvað er það, sem gerzt hefur til þess að undirbyggja hana? Það er það, sem hæstv. forsrh. og hans flokksbræður eru að reyna í lengstu lög að forðast að viðurkenna. Það er reynslan, sem fengizt hefur síðan á tíð nýsköpunarstjórnarinnar, að farið var að dreifa þessum sérstöku atvinnutækjum meira út um landið en gert hafði verið áður. Það eru eiginlega einkennilega skapi farnir menn, sem hafa árum saman barizt á móti sjálfsagðri, skynsamlegri atvinnuráðstöfun, hafa síðan vegna reynslunnar orðið að viðurkenna, að þessi ráðstöfun var rétt, og vilja nú hafa forustu í því að auka aðgerðir í þessu efni, — það eru einkennilega skapi farnir þeir menn í þessum hóp, ja, hv. framsóknarmenn, sem vilja, um leið og þetta er gert og um leið og það er viðurkennt, að þetta sé rétt stefna af þeim, sem verið hafa í þessu áður, gera sem allra minnst og

jafnvel minna en nokkur rök standa til úr því, sem aðrir menn kunna að hafa gert á þessu sviði á undanförnum árum. En það er það, sem liggur undir öllu skrafi hæstv. forsrh. um þessi mál, þegar hann er að tala um það, að nýsköpunartogararnir hafi verið byggðir. Ja, þá voru þeir að vísu byggðir, en það er mál manna, að þeir hefðu átt að vera öðruvisi, og þeir áttu ekki að vera byggðir fyrir ríkisfé eða ríkið að hafa forgönguna, heldur áttu einstaklingarnir að hafa forgönguna.

Það er nú svo. Ég geri ekki ráð fyrir, að á þeim tímum, sem það var gert, að keyptir voru 32 togarar til landsins af hálfu nýsköpunarstjórnarinnar eða undir hennar stjórn, þá hafi hæstv. forsrh. eiginlega haft mikil heilabrot með sjálfum sér um það, hvernig ætti að endurnýja togaraflota, bátaflota eða flota landsins yfir höfuð. Hann mun hafa haft öðrum hnöppum að hneppa þar, eins og oft kemur fyrir. En þegar nú reynslan er búin að sýna þessum mönnum, að sú braut, sem farið var inn á, var, þrátt fyrir það þó að hægt sé að benda á ýmsa galla á framkvæmdum frá þeim tíma, að þetta var í rauninni mergurinn málsins að byrja á því að láta landsbyggðina fá atvinnutæki, dreifa þeim á fleiri staði en var. Þá er um að gera að færa að þessu einhver önnur rök, þó að allir viti, að þeir framsóknarmenn hafi ekki getað staðið við sína dauðastefnu lengur í þessum málum og reyndar hröktust af henni strax á árunum 1947 og 1948 með því að vera með í því að kaupa þá 10 togara, sem þá voru keyptir, jafnvel þó að þeir væru tvöfalt dýrari en nýsköpunartogararnir voru á sínum tíma og jafnvel þó að það væri sýnt, að með því voru þeir — framsóknarmenn — að ganga ofan í sín eigin orð og ályktanir. Nú að fenginni þessari niðurstöðu, sem ég býst ekki við að neinir af hæstv. stjórnarflokkum vilji neita, sem sé því, að þetta er gert til þess að tryggja atvinnu fólksins á hinum ýmsu stöðum, sem togararnir fara til, er farið að halda því fram, að nýsköpunarstjórnin á sínum tíma, þegar hún lét úthluta til Akraness, til Keflavíkur, til Vestmannaeyja togurum, hafi ekki verið að láta þá fara út á land. Nei, það á að skiljast undir sama merki og þeir hefðu verið einungis í Rvík eftir skilningi hæstv. forsrh. En ég vil spyrja þessa hv. atvinnufrömuði, sem nú eru eða vilja vera: Halda þeir, að hraðfrystihúsin á Akranesi mundu fá fisk af skipum, sem landa í Rvík? Eða halda þeir, að hraðfrystihúsin í Keflavík geti fengið fisk, sem landað er í Rvík o. s. frv.? Ég tala nú ekki um Vestmannaeyjar í þessu sambandi. Þetta er aðeins gert nú til þess að gera sem minnst úr því, sem þeir gerðu á sínum tíma, sem betur sáu og betur vildu en hæstv. forsrh. og hans fylgifiskar, þá er nú verið að hamra á því: Ja, það, sem fór til Faxaflóa, það er sama og Rvík. — En það er falskenning, ekki sízt út frá því sjónarmiði, að skipin veiti atvinnu með því að skapa hráefni á þeim stað, þar sem þau skipa fiskinum upp, falskenning, og ekkert annað en sami sónninn sem kveðið hefur við frá þessum mönnum í fleiri ár og allt frá því að nýsköpunarstjórnin fór að starfa og ávextir sáust af hennar starfi. Áður en það kom til, lá hið þunga níð og rógur á öllum þessum störfum af hálfu hæstv. forsrh. og öllum hans fylgifiskum.

Hann var að tala hér áðan, hæstv. ráðh., um endurtekningu ósannindanna, þetta einkennilega fyrirbæri, sem hann var búinn að finna út úr spýtusögunni: Fyrst var spýta, svo var spýta, og svo var spýta í kross, — að það væri einkennilegt, að það væri sýnilegt, að þeir, sem héldu þessu á lofti, tryðu á þann árangur, sem hefðist af því að margendurtaka ósannindi. Ja, skyldi maður nú vita, að honum, hæstv. forsrh., væri það kunnugt? Skyldi maður nú kannast við, að Framsóknarforingjunum væri þetta ekki algerlega ný uppgötvun? Það er einmitt það, sem tíðkast og lýsir sér bezt af hálfu þessara hv. stjórnmálamanna í garð nýsköpunarstjórnarinnar og þess, sem gerðist á stjórnarárum hennar. Og hæstv. ráðh. klykkti út sína ræðu núna með því að endurtaka í þúsundasta og fyrsta skipti ósannindin um það, að nýsköpunarstjórnin og framkvæmdastjórar hennar, við skulum segja nýbyggingarráð, hafi alveg vanrækt landbúnaðinn á þeim tíma. Þetta eru helber rakalaus ósannindi, sem gerðabækur nýbyggingarráðs bera ljósastan vottinn um að eru ósannindi, hvort sem það er hæstv. forsrh. eða nokkur annar, sem heldur þessu fram.

Á þeim tímum, er þetta fór fram, var sannarlega haft það sjónarmið að vera landbúnaðinum til gagns, þó að hæstv. ráðh. og hans fylgifiskar hafi algerlega vanþakkað allt, sem gert var fyrir landbúnaðinn á þeim tíma, og snúið sannleikanum við. Það var fyrsta verk nýbyggingarráðs — um það bera fundarbækur vitni — að snúa sér að landbúnaðarmálum, enda sat svo virðulegur fulltrúi frá Framsóknarflokknum, Steingr. Steinþórsson, í nýbyggingarráði á þeim tíma, að það var ekki, að ég ætla, völ á betri manni. (Gripið fram í.) Nei, alls ekki nærri búinn, herra forseti. Ég hef nóg ræðuefni við svona ásökunum eins og komu frá hæstv. ráðh. og er tilbúinn að halda áfram, hvað lengi sem vera skal. (**Forseti**: Ég held, að ég verði þá að biðja hv. þm. að fresta ræðu sinni.) Með ánægju, herra forseti. Ég get líka notað tímann til að afla mér upplýsinga til áframhalds á þessari ræðu, en þessum ósannindum skal verða hnekkt með rökum. (**Forseti**: Það er kominn sá tími, sem venjulega er hætt fundi.) Það er sjálfsagt. Ég skal fresta minni ræðu. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 20. fundi í Ed., 29. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Forseti (BSt): Ég vil vekja athygli á því og taka það skýrt fram, að til umræðu er frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Jóhann Jósefsson [frh.]: Herra forseti. Það fór ekki fram hjá mér, sem hæstv. forseti sagði, að minna á, hvaða mál það væri, sem væri til umr. Það er vitanlegt, hvað það er, og þær umræður, sem hafa út af því spunnizt, standa í sambandi

við þá fullyrðingu hæstv. forsrh., að á nýsköpunarárunum svokölluðu, þegar m. a. um sams konar framkvæmd var að ræða af hálfu ríkisvaldsins eða hliðstæða til að efla atvinnu í landinu, sem sé togarakaup og dreifingu þeirra út um landið, þá hafi í þeim framkvæmdum, er þá fóru fram, landbúnaðinum verið gleymt. Það er, eins og ég vék að í minni ræðu, ekki nýtt að heyra það úr þeirri átt. Ég tel mér bæði rétt og skylt að leiðrétta þetta, þegar því er haldið fram hér á Alþ., þó að það snerti ekki beinlínis það skipakaupafrv., sem hér liggur fyrir. Ég skal samt sem áður ekki reyna of mikið á þolinmæði hæstv. forseta með löngu máli um þetta og hefði alls ekki haft um það neinar umræður frá þeirri hlið, sem ég hef orðið að ræða það, ef ekki hefðu komið fram ýmis ummæli frá hálfu hæstv. forsrh. í garð þeirra, sem með þessi skipakaupamál höfðu að gera á nýsköpunarárunum og útdreifingu skipanna, og enn fremur sú endurtekna ásökun, að á þessum tíma hafi landbúnaðurinn verið vanræktur af nýsköpunarstjórninni eða nýbyggingarráði, eins og fram hefur komið.

Ég var, þegar bundinn var endi á umr. hér á síðasta fundi þessarar hv. d., að lýsa því, að í nýbyggingarráði hefði einmitt átt sæti mjög svo virðulegur fulltrúi frá Framsfl. Það var þáverandi búnaðarmálastjóri, Steingrímur Steinþórsson. Og verð ég að álíta, að hann hafi bæði verið vel valinn og af honum hafi margt gott leitt í ráðinu, sérstaklega að því er snertir landbúnaðarmál. Í þessu sambandi er vert að geta þess, að á dögum nýsköpunarstjórnarinnar var sá háttur viðhafður, að í svona stórum atriðum, er snertu hagsmuni allra landsmanna, eins og þá voru með höndum hafðir, þá þótti sjálfsagt, að fulltrúa frá stjórnarandstöðunni væri gefinn kostur á að taka virkan þátt í nýsköpuninni, og þess vegna var fulltrúa Framsfl. skipað sæti í þeirri n., og er það hollt til athugunar þeim, sem vildu á hvaða tíma sem það væri bola stjórnarandstöðunni út frá öllu samstarfi á þessu sviði.

Af því að hæstv. forsrh. var að ganga inn í deildina, leyfi ég mér að endurtaka það, að ég tel, að það hafi verið rétt á tímum nýsköpunarstjórnarinnar, að fulltrúa frá stjórnarandstöðunni var gefinn kostur á að taka sæti í nýsköpunarframkvæmdunum, eða m. ö. o. hann fékk sæti í nýbyggingarráði, og það er hollt að hafa hliðsjón af því, ekki síst á þeim tímum, þegar nú virðist stefnan vera hjá hæstv. stjórn að halda stjórnarandstöðunni sem mest frá þeim framkvæmdum, sem hún hyggst hafa með höndum.

Fulltrúi Framsfl. í nýbyggingarráði, sem ég nefndi áðan, starfaði þar um tíma, þ. e. a. s. búnaðarmálastjóri. Þegar hann hvarf frá því, kom annar vel metinn framsóknarmaður í ráðið í hans stað, sem var fyrrv. þm. Skagf., ef ég man rétt, þannig að allan þennan tíma hafði Framsfl. vel metna, ágæta fulltrúa, sem störfuðu að þessum málum.

Að því er snertir afskiptin af landbúnaðarmálunum, þá skal ég geta þess, að skv. þeirri stefnu, sem þá var uppi, að gera, eftir því sem unnt væri, báðum atvinnugreinunum jafnhátt undir höfði, sjávarútveginum og landbúnaðinum, þá var síðara sjónarmiðið, landbúnaðarsjónarmiðið, það ofarlega á baugi, — ég hef kynnt mér það síðan með að gá í fundarbækur ráðsins frá þeim tíma, — að fyrstu fundirnir snerust eingöngu um málefni, sem sérstaklega vörðuðu landbúnaðinn. Bendir það ekki á, að það hafi verið meiningin að gleyma landbúnaðinum.

Á fyrstu fundum ráðsins var mikið um það fjallað, hvernig ætti að auka innflutning á landbúnaðarvélum og þá einkum frá Bandaríkjunum. Vélarnar voru margs konar heyvinnsluvélar og svo dráttarvélar. En á þeim tímum var það þannig, að það voru mestir annmarkar á að fá afgreiðslu á þessum vélum fyrir vestan haf. Afgreiðslutíminn var ákaflega langur, og það var sérstök nefnd þar í landi, sem hafði með úthlutun á nokkurs konar kvótum þar að gera handa löndunum, og fyrstu störf nýbyggingarráðs snerust mest að því að ýta undir innflutning á þessum vélum. Það naut í þeirri viðleitni sinni mjög mikillar aðstoðar sendiherra Íslands í Washington, Thors Thors, og svo var gerður út af hálfu nýbyggingarráðs og með vilja nýbyggingarstjórnarinnar sérstakur sendimaður, einn stjórnarráðsfulltrúi, til þess eingöngu að ýta á eftir afgreiðslu á þessum mjög svo nauðsynlegu vélum til landsins. Þetta gekk tregt framan af, en á öðru starfsári nýbyggingarráðs fóru þessar vélar að streyma inn í landið, eins og raun hefur borið vitni um, og hafa verið innfluttar alltaf síðan. Stærsti innflutningsaðilinn var Samband íslenzkra samvinnufélaga, sem sýndi mjög mikinn áhuga á því að afla þessara véla, og samvinna Sambandsins og nýbyggingarráðs á þessu sviði var mjög góð. Fleiri voru það, sem ýttu undir nýbyggingarráð að gera sitt til þess, að þessi mjög svo nauðsynlegu framleiðslutæki fyrir landbúnaðinn kæmu til landsins. Það voru bæði einstaklingar og forvígismenn bændasamtaka, sem höfðu um þetta samráð við nýbyggingarráð, auk Sambandsins og annarra innflytjenda.

Það var engu minni áherzla lögð á að afla véla til landbúnaðarins heldur en til annarra greina, sjávarútvegs eða iðnaðar. Fyrsta og mesta áherzlan var á það lögð að ná vélum til landbúnaðarins, enda má segja, að á þessum árum er það, sem vélvæðing landbúnaðarins hefst fyrir alvöru. Leyfisveitingarnar, sem skrásettar eru um þetta, bera því ljósastan vottinn, að það var ekki neitt smáum tökum á þessum málum tekið á þeim tíma undir stjórn þeirri, sem kölluð var nýsköpunarstjórn.

Annað mál var það, sem ég vil aðeins drepa á hér. Það var súgþurrkunartæknin. Nýbyggingarráð fékk á þeim tíma fregnir um það, að þessi verkunaraðferð á heyi, sem kölluð er súgþurrkun, mundi vera heppileg, og í nýbyggingarráði og með vilja landbrh. þeirra tíma var unnið mikið að því að breiða út þekkingu meðal bænda á súgþurrkuninni. Landssmiðjan var sérstaklega fengin til þess að smíða þann hluta af súgþurrkunartækjunum, sem sérstaklega

eru nefndir blásarar, og gerði það í stórum stíl; og ég veit ekki nema hún hafi haldið því áfram löngu eftir þá daga, sem nýbyggingarráð hætti að starfa, því að það var ekki svo langur tími, eitthvað hálft þriðja ár eða svo. Og núna, daginn sem við vorum að ræða um þessi mál hér í þinginu, um landbúnaðinn og nýbyggingarráð, þá heyrði ég útvarpstilkynningu um kvöldið, einmitt norðan úr Þingeyjarsýslu, ég held frá Húsavík eða þaðan, að þar var einn kaupfélagsstjóri, sem hafði komið því á framfæri, mér skildist á einhverjum fundi, að það væri nauðsynlegt að hefja framkvæmdir í því að afla varahluta og tækja einmitt til súgþurrkunarinnar. Það sýnir sig, að hún hefur sennilega víða verið tekin upp. Á þessum tíma leitaði nýbyggingarráð til Búnaðarfélags Íslands til þess að fá þar stuðning fyrir þeim framkvæmdum og áróðri, vil ég segja, sem við reyndum að hafa uppi til að gera bændum skiljanlega þýðingu súgþurrkunarinnar. En af einhverjum ástæðum fékk nýbyggingarráð aldrei stuðning Búnaðarfélagsins í þessu efni. Samt sem áður hefur súgþurrkunin rutt sér til rúms, eins og vitað er. Að því er vélvæðingu landbúnaðarins snertir á þessum nýsköpunartíma, sem átti sér stað, eins og ég sýndi fram á, því nær eingöngu á þeim tíma fyrir atbeina nýbyggingarráðs og með þess hjálp, þá var svo komið, að það birtist í einu blaði, sem stendur ákaflega nærri hæstv. forsrh., grein, sem mátti skilja þannig, að það væri eiginlega of mikið að því gert að flytja inn vélar til landbúnaðarins og hestarnir of lítið notaðir. Það bendir ekki á, að það hafi verið legið á liði sínu hvað þennan innflutning snertir undir stjórn nýsköpunarinnar í þá daga.

Nýbyggingarráð vildi, eins og stefna nýsköpunarstjórnarinnar líka var, stuðla að því að flytja inn vélar til allra framleiðslugreina og iðnaðar, bæði fiskiðnaðar, til landbúnaðar, til smíðaiðnaðar, járnsmíðaiðnaðar og trésmíðaiðnaðar o. s. frv., og gerði það, sem það gat í þessu efni, — líka til ullariðnaðar. Það var mikið um það rætt að styðja að því, að ull væri hagnýtt betur og meira en þá átti sér stað, og það er vitaskuld mál, sem snertir landbúnaðarhéruðin eingöngu. Það var svo, að nýbyggingarráð lét semja frv. um það að koma á fót ullarverksmiðju, sem ætlazt var til að ríkið stæði fyrir eða ræki, og það var eftir hvötum frá ýmsum aðilum, þó sérstaklega þeim, sem mestan áhuga höfðu á því, að ullariðnaðurinn efldist í landinu. Þetta frv. var tilbúið, en um leið var leitað eftir því, hvort þær ullarverksmiðjur, sem til væru í landinu, t. d. Gefjun og Álafoss, vildu ekki með aðstoð, sem hægt var að fá á þeim tímum, á nýsköpunarárunum, efla sinn vélakost, þannig að þær gætu fullnægt því hlutverki, sem hugsað var að ná með ullarverksmiðju ríkisins. Og eftir ýtarlegt samráð við forstöðumenn Gefjunar og forstöðumenn Álafoss var sú leiðin valin að styðja að því, að þessar verksmiðjur gætu eflt sinn vélakost og sína framleiðslu og þannig fullnægt því, eftir því sem hægt væri, að ullariðnaðurinn yrði rekinn meira og ullin hagnýtt betur en þá hafði verið. Og ég held, að það sé gleðileg staðreynd, að báðar þessar verksmiðjur tóku að sér sitt hlutverk í þessu í samráði við nýbyggingarráð á sínum tíma, meðan þess naut við, og að það hafi orðið til þess m. a., að þessar verksmiðjur eru nú orðnar mjög færar um að gegna sínu hlutverki báðar tvær og framleiða klæðavörur, dúka o. fl., sem virðist standa erlendum innflutningi alveg á sporði.

Ég tel ekki, að þetta beri vott um það, að ekki hafi verið hugsað að gera neitt til gagns fyrir landbúnaðinn eða að honum hafi verið gleymt á nýsköpunarárunum, eins og hæstv. ráðh. orðaði það.

Fleira mætti nefna í þessu sambandi. Það eru til í landinu núna eitthvað á þriðja þús. jeppar, sem eru dreifðir út um alla landsbyggðina. Hvernig stóð á þessum jeppainnflutningi, og hvernig er hann þokkaður? Ég held, að það séu fá tæki eða vélar, sem bændurnir hafa sótzt meira eftir að fá heldur en einmitt jeppabifreiðarnar og sækjast víst eftir enn í dag og raunar ýmsir fleiri. Það var nýbyggingarráð, sem hóf innflutning á jeppunum með tilliti til þeirra sérstöku nota, sem landbúnaðurinn gæti af þeim haft. Það var aðalsjónarmiðið í því máli, og framvindan í þeim innflutningi sýnir það og sannar, að þessi ráðstöfun var góð og hefur reynzt þörf fyrir hinar dreifðu byggðir sérstaklega, þó að vitaskuld ýmsir, sérstaklega iðnaðarmenn í kaupstöðum, hafi líka not af þessum jeppabifreiðum. Ég man eftir því, að Jónas Jónsson frá Hriflu, fyrrv. ráðh. og alþm., sagði mér einu sinni sögu af því, — ég held, að það hafi nú verið eftir að nýbyggingarráð hætti að starfa, — að hann kom á afskekkt býli fyrir norðan, og ekkja bjó þar með börnum sínum. Þetta býli var mjög úr vegi, og hann leitaðist við að fá hjá henni upplýsingar um það, hvað hún teldi helzt að hægt væri að gera henni til hagsbóta við búskapinn, og hann sagðist hafa búizt við, að hún mundi kannske tala um síma eða rafmagn. Nei, það var jeppabifreið, vegna þess hvað býlið var fjarri öðrum býlum og langt frá samgöngunum, — það var jeppabifreið, sem fólkið á þeim bæ óskaði sér helzt. Þannig mun hafa verið víðar.

Ég man það, þegar þessi hugmynd kom fyrst fram í nýbyggingarráði og var byggð á því, að einhverjir höfðu eignazt gamla herjeppa, og var talið, að þeir gætu verið nýtilegir sem hjálparvélar við landbúnaðinn, að áður en nýbyggingarráð tók nokkra ákvörðun í þessu máli, að greiða fyrir innflutningi á jeppum handa bændunum, þá var leitað álits merkra manna, bæði hér nálægt og líka norðan úr landi, sem við vissum að mundu geta látið uppi hlutlaust álit á þessu máli. Og að því fengnu var hafizt handa um að stuðla að þessum sérstaka innflutningi, sem miðaður var við þarfir landbúnaðarins á þeim tíma.

Mér þykir ólíklegt, að hægt sé að heimfæra þetta undir það, að þetta hafi verið gert af gleymsku gagnvart landbúnaðinum, að nýbyggingarráð hóf þennan nýtízku innflutning á þessum bifreiðum, einmitt með þarfir landbúnaðarins fyrir augum.

Það voru fleiri mál, sem hægt væri að benda á, sem nýbyggingarráð og nýsköpunarstjórnin höfðu með höndum á þessum tíma og eingöngu voru miðuð við þarfir landbúnaðarins. Ég get t. d. minnzt á áburðarverksmiðjumálið, sem á þeim dögum, sem nýbyggingarráð fór að starfa, var á því stigi, að það var fyrirhugað að byggja litla, en tiltölulega mjög dýra verksmiðju, og var mikill ágreiningur með mönnum um, hvort rétt væri að fara út í það á því stigi eða leita betri upplýsinga, bæði um stærð verksmiðjunnar, þar á ég við afköst, og eins um það, hvaða efni ætti að velja til þess að búa til áburðinn úr.

Sumir voru svo ákafir, að þeir vildu strax framkvæma málið, eins og það var lítið undirbúið, ófullnægjandi undirbúið, 1944. Aðrir og þ. á m. nýsköpunarstjórnin og nýbyggingarráð, sem þá tók við þessu máli, fóru þá leið að fá valinkunna menn til að rannsaka það að nýju, og það var m. a. þessi rannsókn, sem kom því til leiðar, að þegar farið var af stað fyrir alvöru í byggingarframkvæmdir áburðarverksmiðjunnar, var það gert af þeim myndarskap, sem raun ber nú vitni um, og sýnir, að ef málinu hefði verið flýtt, eins og það lá fyrir 1944 í byrjun árs, þá hefði það ekki verið heppilegt, með því líka að það lagðist nú til í þessu máli, að einmitt á þeim tíma, þegar fullnægjandi rannsókn hafði farið fram og menn voru búnir almennt að koma sér niður á hæfilega stærð og annað í áburðarverksmiðjumálinu, þá kom það happ landinu til handa, að Marshallaðstoðin gerði mögulegt að koma því mikla máli í höfn. Ég held, að þetta mál hafi fengið skynsamlega meðferð undir nýsköpunarstjórninni á sínum tíma, og það, sem í því var gert þá, var með hag landbúnaðarins fyrir augum og ekki af því, að landbúnaðinum væri gleymt.

Það mætti fjölmargt segja um ýmiss konar innflutning á stórvirkum vélum og þvílíku, sem þá var ráðizt í og að mestu var gert af sjónarmiði því, er taka vildi sem mest tillit til aukinnar ræktunar og stórvirkra framkvæmda í sveitum, og þarf ekki að lýsa því, hvaða atvinnugrein landsmanna það er, sem fyrst og fremst hefur gagn af slíkum vélainnflutningi og vinnunni með þeim.

Loks vildi ég drepa stuttlega á nokkuð af löggjöf þeirra ára, sem nýsköpunarstjórnin hafði með höndum og sumpart var frumsmíði af hálfu nýbyggingarráðs, þó að sumpart væri það frá öðrum stofnunum, sem unnu að samningu laganna eða endurbót gamalla laga, en var þó hrundið í framkvæmd undir nýsköpunarstjórninni á sínum tíma. Vil ég þar til nefna lög um landnám og nýbyggðir í sveitum, frá 29. apríl 1946, en með þeim var ákveðið að veita 50 millj. kr. á næstu 10 árum til landnáms og nýbyggða. Þá má nefna lög nr. 7 frá 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og lög nr. 38 sama árs, 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs, og frv. til l. um ræktunarsjóð Íslands, sem var fyrst flutt á aðalþinginu 1945, en náði ekki fram að ganga fyrr en á aðalþinginu 1946, og var þó komið fram yfir áramótin 1946—47, þegar það var samþykkt. En það var eitt af þeim lagafrv., sem á dögum nýsköpunarstjórnarinnar var hrundið í framkvæmd.

Ég ætla, að öll þessi lagasetning hafi miðað að því — og sannarlega hefur það verið tilgangur þeirra, sem að henni unnu, hvort heldur var nýbyggingarráð eða aðrir aðilar — að bæta hag sveitanna og landbúnaðarins og beri þess sízt af öllu vottinn, að landbúnaðinum hafi verið gleymt á þessum árum.

Ég vil vona, að þetta nægi til þess að sýna fram á, að það er mjög svo óréttmætt og rangt að halda því fram, að á tímum nýsköpunarstjórnarinnar, hvort heldur átt er við stjórnina sjálfa eða nýbyggingarráðið, hafi málefnum landbúnaðarins verið gleymt. Það er þvert á móti. Og ég vona, að hæstv. forseti afsaki það hjá mér, að ég hef hrundið þessari kenningu, sem ég nefndi falskenningu fyrr í ræðu minni, þó að það mál sé á dagskrá, sem hann lýsti hér við fundarsetningu. En umræður um það hafa leitt af sér þessar athugasemdir mínar til að afsanna fullyrðingar hæstv. forsrh. Og mér er það nokkuð skylt, þar sem ég var form. nýbyggingarráðs þessi árin og finn til þess persónulega, þegar því hefur verið haldið fram, að málefni landbúnaðarins hafi verið vanrækt á þessum tímum, því að það mætti segja, að ég og þeir, sem með mér störfuðu í nýbyggingarráði, hefðum þá svikizt um að vinna það hlutverk, sem okkur var falið. En af hálfu nýsköpunarstjórnarinnar var okkur sannarlega ekki annað falið en það að verða landbúnaði og öðrum framleiðslugreinum jafnt og sjávarútvegi og iðnaði að því liði, sem við gætum orðið. Og ég leyfi mér að halda því fram, að við höfum orðið á þessum árum m. a. landbúnaðinum að stóru liði, markað þar spor til stórra átaka, honum til framdráttar.

Að lokum vildi ég aðeins minnast á þá kenningu, að það hafi ekki verið nægilega mikið lítið til landsbyggðarinnar, þ. e. a. s. staða utan Rvíkur, sem hefur nú orðið aftur í munni hæstv. ráðh. utan Faxaflóa, þegar togurunum var úthlutað á sínum tíma, nýsköpunartogurunum 30. Þeim var úthlutað öllum 30, þar með dieseltogurunum tveimur, samhliða, og það, að dieseltogararnir urðu ekki fleiri, var ekki að kenna nýbyggingarráði, heldur var svo sterk andúðaralda meðal ýmissa aðila utan ráðsins á móti dieselskipum á þeim tíma, að ekki þótti fært af okkur, sem þar sátum og fæstir eða engir gátu talið sig neina sérfræðinga í þeim efnum, að rísa meira upp á móti því, sem þá var almenningsálit meðal útgerðarmanna, heldur en svo, að við tókum þó tvo togaranna með dieselvélum. En þeim til afsökunar, sem á þeim tíma þekktu ekki alla kosti dieselvélanna á móti gufuvélum, má segja það, að reynsla á dieseltogurum, bæði frá Þýzkalandi og Englandi á þeim tíma, þegar þetta gerðist, 1944, var talin mjög misjöfn. Það var ekki það einróma lof af hálfu útgerðarmanna í Englandi um dieseltogara og heldur ekki í Þýzkalandi á þeim tímum, sem kann að vera nú orðið og ég tel víst að sé vegna þess, hve mikið af þeim nýju skipum, sem maður sér frá þessum lönd-

um, eru með dieselvélum. M. ö. o.: Reynslan af dieseltogurum í þá daga var ekki eins fullkomin og hún er núna. Hver veit nema einhvern tíma í framtíðinni kæmi á daginn, að þegar ákveðið hafi verið á árinu 1956, af þeirri ríkisstj., sem þá sat, að byggja togara, sennilega með dieselvélum, að þá hefði hún átt að líta lengra fram í tímann og byggja eitthvað með atómvélum eða einhverju slíku? Maður veit aldrei, hvað tæknin leiðir í ljós. Við vitum það, að til eru skip, sem fljóta á sjónum og eru knúin af atómvélum eða þvílíku. Það er atómorkan, sem er þar driftaraflið, en ekki gufu- né dieselafl. Og þó að ég segi þetta svona eins og í gamni, þá er það bara til þess að sýna fram á það, að tækninni fleygir alltaf fram og það, sem í dag er álitið ófært eða lítið fært eða kannske of lítið reynt og þess vegna vafasamt, getur eftir nokkur ár, þegar tækninni hefur farið fram, verið álitið alveg öruggur grundvöllur til að byggja á o. s. frv. og menn undrist þá yfir, að þetta hafi ekki sézt mörgum árum fyrr.

En um úthlutun skipanna var það að segja, — ég lýsti því í minni fyrri ræðu; ég held, að ég hafi nú gleymt Siglufirði þar, — að um þriðjungur þeirra fór til kaupstaðanna úti á landi, og ég held satt að segja, að það hafi ekki verið fært á þeim tíma að beina fleiri skipum út á land heldur en gert var. Þau fóru í kaupstaðina, þar sem, eins og vitað var, á þeim tíma, milli 1944 og 1946, var allt önnur aðstaða á ýmsum öðrum stöðum á landinu, bæði norðan-, vestan- og austanlands, til að hagnýta togaraafla heldur en nú er orðin. Við skulum taka t. d. á Norðurlandi Ólafsfjörð, Sauðárkrók; Eskifjörð á Austurlandi, og fleiri staði mætti nefna, þar sem núna er sennilega möguleiki á því að hagnýta afla úr togara, a. m. k. part af honum, sem alls ekki var til í þá daga og hefði þá ekki komið til neinna mála að fara að setja þar upp togaraútgerð, sem ekki voru nein tæki í landi til þess að hagnýta aflann. Þetta horfir vitaskuld allt annan veg nú orðið en gerði þá. En fyrir hvað hefur breytingin orðið mest? Það er fyrir það, að á þessum stöðum hafa síðan, hafa á árunum, sem liðið hafa, frá því að nýsköpunarstjórnin var hér og nýbyggingarráð starfaði, skapazt skilyrði til þess að hagnýta afla í svo stórum stíl eins og togararnir bera að landi. Og fyrir hvað hafa þessi skilyrði skapazt? Þau hafa skapazt vegna þess áhuga fyrir byggingu hraðfrystihúsa m. a. og verkunarstöðva almennt, sem aðallega var hrundið af stað af nýsköpunarstjórninni og nýbyggingarráð veitti sína aðstoð, eftir því sem það megnaði, til þess að yrði að veruleika í hinum afskekktari þorpum úti á landi. Þess vegna er það, að nú getur verið mikið vit í því að leggja þar togarafisk upp á einum eða fleiri stöðum, sem hefði verið alveg ókleift og hreint ekki neitt vit í að gera á þeim tímum, er engin tæki voru fyrir hendi í landi í þessum þorpum eða fjörðum til að vinna úr fiskinum.

Ég held þess vegna, að þegar þessi úthlutun á togurunum, nýsköpunartogurunum, sem kallaðir eru, átti sér stað, þá hafi verið gengið eins langt í því að láta aðra hluta landsins en Reykjavík og Hafnarfjörð verða aðnjótandi þessara framleiðslutækja og þá var eftir atvikum unnt að gera. Meira að segja á sumum þeim stöðum, sem togararnir fóru til, eins og t. d. til Akureyrar, voru ekki öll fullkomnustu tæki, jafnvel ekki þá, fyrir hendi til að vinna úr togaraafla. En það voru þá önnur tæki fyrir og staðurinn það stór, að það var ekki hægt annað en að reyna, að þar væru gerðir út togarar, sem aldrei hafði verið gert fyrr. Og það er mjög gleðilegt að vita, að þessi tilraun hefur fyrir myndarskap Akureyringa á stjórn félagsins, stjórn skipanna og alla aðstöðu, bæði af einstaklinga hálfu og opinberra aðila, farið þar svo vel úr hendi sem raun ber vitni um, og nú eru þeir að koma sér upp hraðfrystihúsi, sem vitað er. Mér er sagt, að á s. l. ári hafi togaraútgerðin þar borgað 15 millj. í vinnulaun. Og sem hafandi verið formaður fyrir þeirri stofnun, sem lagði sitt lið til þess að gera Akureyri fært að hefja útgerðina og fá aðstöðu til að njóta góðs af togurum, þá gleðst ég mjög yfir þeim framgangi, sem þar hefur orðið í þessu máli, eins og ég fyrir mitt leyti gleðst yfir því á öllum stöðum, þar sem áhrifa nýbyggingarráðsins hefur gætt í þessu efni eða öðrum til góðs.

Ég skal svo ekki lengja umræður að öðru leyti en því, ef mér gefst nýtt tilefni til um þetta mál. Ég þykist hafa sannað það eða leitt að því eins full rök og mér er fært, í fyrsta lagi, að úthlutun nýsköpunartogaranna á sínum tíma var eðlileg og ekki ámælisverð, að bygging tveggja dieseltogara á þeim tímum var það mesta, sem nýbyggingarráð, gagnvart því almenningsáliti, er þá átti við að búa, gat hætt sér út í, og að í heild sinni, að á árunum, sem nýsköpunarstjórnin svokallaða starfaði og nýbyggingarráð var hennar framkvæmdastjóri, hafi verið langt því frá, að landbúnaðurinn hafi gleymzt, heldur þvert á móti. Það var vel munað eftir honum. Það var byrjað á því að vinna fyrir landbúnaðinn og því var aldrei hætt, á meðan ráðið starfaði.

Hitt er svo annað mál og ég sízt af öllu maður til að dæma um það, hvort ekki hafi kunnað að eiga sér einhver mistök stað í þessum framkvæmdum ráðsins, sem voru eftir stefnu nýsköpunarstjórnarinnar. Það kann vel að vera, þó að ég verði samt að segja það, að ég hef ekki enn þá orðið þess var, að okkur hafi verið borin á brýn í einstökum atriðum nein afglöp í þessum efnum. En hitt vil ég að hv. d. leggi trúnað á, að nýbyggingarráð í heild sinni hafði þau fyrirmæli frá nýsköpunarstjórninni að vinna að alhliða viðreisn atvinnuveganna og að ráðið með einlægu samþykki allra félagsmanna gerði það eftir beztu vitund.

Ég sagði frá því í upphafi míns máls, að það skeði við stærsta sporið, er stigið var gagnvart sjávarútveginum, að einn af meðlimum ráðsins vildi ekki taka þátt í atkvgr., lokaatkvæðagreiðslu, sem var afgerandi fyrir málið. Það var hans skoðun, og hann hefur sjálfsagt eftir

sínu höfði verið að vinna eftir beztu vitund, og það olli engum missættum í ráðinu á sínum tíma hvað annað samstarf snerti. Það var jafnheilt og óbrotið alla tíð, þangað til ráðið var látið hætta störfum, bæði milli fulltrúa Framsfl., kommúnistanna og Alþfl. og Sjálfstfl. Það var unnið af heilum hug, að ég held, af öllum þessum mönnum að framgangi þeirra góðu málefna, sem ráðið hafði með höndum að vinna að á þeim tíma.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég mun reyna að bregðast ekki trúnaðartrausti hæstv. forseta og mæla hér aðeins örstutt. Ég ætla mér að svara nokkrum atriðum í ræðu hæstv. forsrh. Hann er nú fjarverandi um skeið úr hv. þd., en ég verð engu að síður að fara nokkrum orðum um fá atriði úr ræðum hans.

Hann sagði, að allir hefðu verið með fullar hendur fjár, þegar nýsköpunartogararnir voru keyptir, og þá hefði ekki verið mikill vandi að eignast þessi tæki og koma þeim út um landið. Ég átti nú sæti og var forseti bæjarstjórnar í einum þeirra kaupstaða, sem sóttu um nýsköpunartogara, og ég verð að segja það, að það er mjög fjarri réttu lagi, að á þeim stað hafi allir verið með fullar hendur fjár, þegar um það var að ræða að kaupa nýsköpunartogarana. Þvert á móti þori ég að fullyrða, að enginn af þessum fyrstu nýsköpunartogurum hefði verið keyptur fyrir þennan stað, ef ríkisvaldið hefði ekki hlaupið þar myndarlega undir bagga og markað þar alveg nýja stefnu, eins og ég minntist á í frumræðum mínum, þegar 1. umr. hófst um þetta mál hér í hv. þd. Það var brotið í blað þá með þeim hætti, að fjármagnið var ekki látið ráða staðsetningu skipanna. Togaraútgerðin hafði öll verið í Reykjavík og Hafnarfirði, vegna þess að þar var fjármagnið. Nýsköpunarstjórnin sagði: Við tökum fjármagn og lánum til Ísafjarðar, til Akureyrar, til Seyðisfjarðar og til annarra þeirra staða, þar sem þessi atvinnutæki skortir. — Og það var sú stefnubreyting, sem mest hefur orðið í aðstoðinni við atvinnulíf strjálbýlisins hér á landi. Það er sú stefna, sem í raun og veru er verið að framkvæma með því frv., sem hér liggur fyrir. Og ég segi: Núverandi hæstv. ríkisstj. á þakkir og lof skilið fyrir það, að hún kann að haga sér nokkuð eftir því, sem undanfarandi stjórnir hafa bezt gert.

Hæstv. forsrh. hélt því fram, að fyrst hefði komizt skriður á úthlutun togara til byggðarlaga úti á landi, þegar hinir síðari nýsköpunartogarar voru keyptir, tíu togararnir, sem stj. Stefáns Jóh. Stefánssonar beitti sér fyrir, að keyptir væru til landsins, og hv. þm. Vestm. var sjútvmrh. í. Ég vil nú síst hafa neinn heiður af þeirri stjórn, ekki sízt vegna þess að ég veit, að hv. þm. Vestm., þáverandi hæstv. sjútvmrh., átti hvað ríkastan þátt í því, að haldið var áfram togarakaupunum og að brotin var niður andstaða Framsfl. gegn því að láta byggðarlög úti um land og þjóðina yfirleitt eignast meira af þessum tækjum. En ég vil bara benda á það, að þegar hæstv. forsrh. segir nú, að fyrst hafi komizt skriður á úthlutun togara út um land, þegar þessir tíu togarar voru keyptir til landsins, þá er það alger misskilningur. Ef hæstv. ráðh. athugar, hvernig þessir togarar skiptust milli einstakra byggðarlaga, þá sér hann það mætavel. Staðreyndin er nefnilega sú, að af þessum tíu togurum, seinni togurunum, fóru fjórir til Reykjavíkur og einn til Hafnarfjarðar, samtals fimm til þeirra staða, sem togaraútgerðin hafði öll verið á. Hinir togararnir skiptust eins og hér segir: Tveir fóru til Pareksfjarðar, einn til Ísafjarðar, einn til Akureyrar, og ég segi og skrifa einn til Austfjarða, þar sem togaraútgerðin var þó minnst fyrir.

Ég sé ekki, að það hafi komizt neinn sérstakur skriður á úthlutun togara út um land með tilkomu þessarar nýju ríkisstj., sem hélt áfram að framkvæma stefnu nýsköpunarstjórnarinnar. Helmingurinn af togurunum fór til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Hinn helmingurinn fór út um land, þar á meðal einn til Austfjarða og einn til Norðurlandsins, — einn til Norðurlandsins. Vestfirðirnir urðu þar bezt úti, sem betur fór. Þeir þurftu mest á því að halda. Ég er ekki að segja, að hinir hafi ekki þurft á því að halda líka. Þvert á móti. Og þessir tveir, sem fóru til Patreksfjarðar, fóru þangað fyrir alveg sérstakt harðfylgi og ötula baráttu þáverandi þm. Barð., Gísla Jónssonar, sem einnig hafði barizt fyrir því, að togarar færu þangað af hinum fyrri nýsköpunartogurum. En ég vil benda hv. þm. Barð. (SE) á það, sem talaði hér síðast, þegar málið var til umr., að þegar hinir fyrri nýsköpunartogarar voru keyptir til landsins, höfðu Patreksfirðingar nýlega keypt tvo togara frá Þýzkalandi (**Gripið fram í: Já, en ákaflega óhentug skip**), ákaflega óhentug skip, sem þeir ekki sáu, fyrr en hin nýju skip komu. Það er alveg rétt, sem hv. þm. Barð. segir, að það vissu menn ekki, þegar þeir keyptu þessi skip til Patreksfjarðar, hversu óhentug þau mundu reynast. Þess vegna var ekki sótt um togara. Það var ekki sótt um neina einn togara til viðbótar frá öllum Vestfjörðum, þegar hinir fyrri nýsköpunartogarar voru keyptir. Við, sem þá vorum í meiri hluta í bæjarstjórn Ísafjarðar, sóttum um tvo togara, og við fengum einn. Aðrir sóttu ekki um togara þar.

Ég álít þess vegna, að það sé alveg að deila um keisarans skegg, þegar ég og hæstv. forsrh. erum að deila um það, sem stendur bara alveg ómótmælanlegt, að nýsköpunarstjórnin braut í blað um togaraútgerð hér í landi. Hún hjálpaði strjálbýlinu til þess að eignast togara, og ⅓ nýsköpunartogaranna fyrstu, hinna 32, var sendur til staða úti um land. Og þó að hæstv. forsrh. vilji ekki kalla til Akraness og Keflavíkur og Vestmannaeyja út um land, þá er það vissulega út um land. Og sérstaklega er það út um land í þeim skilningi, að það var engin togaraútgerð til á þessum stöðum áður. Ég held, að ég muni það alveg rétt, að í Vestmannaeyjum og á Akranesi og í Keflavík hafi engin togaraútgerð verið áður, og það var verið að brjóta í blað með aðstoð nýsköpunarstjórnarinnar við þessi byggðarlög til þess að eignast togara. Ég held þess vegna, að fyrir því öllu, sem ég sagði um þetta hér, hafi ég haft gild rök, og að hæstv. forsrh. hafi ekki tekizt að hnekkja ummælum

minum um þetta. Hinu var svo varla við að búast, að hann gæti betrumbætt jafnforstokkaðan syndara og mig í ekki lengri ræðu en þetta. Enda þótt ég viti, að mannbætandi áhrif stafi frá hæstv. forsrh., er náttúrlega ekki við því að búast, að hann geti í tveimur ræðum bætt svo forstokkaðan syndara og hann talaði um hér að ég væri, vegna þess að ég skildi ekki og vildi ekki muna stuðning Framsfl. við endurnýjun togaraflotans í lok síðustu styrjaldar. Ég held nú, að það geti varla nokkrir aðrir en hæstv. forsrh. talið mér það til forstokkunar að muna ekki eftir þeim stuðningi. Ég held, að stuðningurinn hafi ekki verið meiri en svo.

Já, herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessa aths. miklu meira. Ég vildi aðeins af því tilefni, að hæstv. forsrh. sagði, að einhver maður áhangandi Sjálfstfl. eða einhvers staðar í námunda við Sjálfstfl. hefði talað um, að það ætti að leggja landbúnaðinn niður, minna hæstv. forsrh. á það, að einn af mikilhæfustu stuðningsmönnum eins stærsta flokksins, sem styður núv. ríkisstj., komst einu sinni þannig að orði um landbúnaðinn, að hann væri sport fyrir idjóta og það borgaði sig betur að kosta alla bændur á Hótel Borg en að láta þá vera að föndra við þetta búhokur úti um sveitir landsins. Ja, þetta er nú svona bara af tilefni þessara ummæla hæstv. forsrh., sem ég minni á þessi ummæli.

Að lokum vil ég svo segja það, sem einnig hv. þm. Vestm. minntist á, að það er auðvitað mesta blekking, sem hægt er að bera á borð fyrir íslenzka þjóð, að nýsköpunarstjórnin hafi ekkert gert fyrir landbúnaðinn. Það var undir hennar forustu hafinn innflutningur nýtízku landbúnaðarvéla, jeppa, vegagerðarvéla, ræktunarvéla og hvers konar nýrra tækja, sem um var vitað að þá voru til í heiminum, en við hefðum farið á mis við og sumpart voru ný á þeim tíma. Það var alveg brotið í blað um innflutning þessara tækja. Bændur höfðu flestir aldrei séð slík tæki og þau höfðu ekki verið til hér í landinu. Nýsköpunarstjórnin hvatti bændur eins og hugsanlegt var til þátttöku í nýsköpuninni. Aðrir menn reyndu heldur að gera hana tortryggilega og draga úr áhuga bænda fyrir henni, og í þeirra hópi voru því miður sumir mætir menn í Framsfl., enda þótt margir af ágætum mönnum úr Framsfl. skildu alveg kall hins nýja tíma, bæði bændur og jafnvel þm. og leiðtogar flokksins. Það má líka minna á það, að sú löggjöf, sem nú hefur undanfarið orðið bændum að mestu gagni, löggjöfin um eflingu lánastofnana landbúnaðarins, var sett fyrir frumkvæði nýsköpunarstjórnarinnar, löggjöfin um eflingu ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs, lagfæring nýbýlalaganna, að ég minnist nú ekki á setningu raforkulaga 1946, sem rafvæðing landsins byggist á í dag. Nei, það er ekki ástæða til þess að vera að fjölyrða um þessa liðnu hluti, en það var nauðsynlegt, þegar því er enn einu sinni haldið fram af hv. leiðtogum Framsfl., að nýsköpunarstjórnin hafi sóað þeim gjaldeyrisinnstæðum, sem þjóðin átti í lok styrjaldarinnar, að bera það þá enn einu sinni til baka og að láta sannleikann í ljós í þessum efnum.

Ég vil svo láta þá ósk í ljós, að þetta frv., sem hér er til umr., verði samþ., og ég vona, að jafnvel hv. þm. N-M. verði með því og styðji þetta mál vegna þess, að þetta er gott mál og skynsamlegt, og að atvinnulífinu á Íslandi, úti um landið, eigi eftir að verða mikill stuðningur að þeim nýju tækjum, sem gert er ráð fyrir að verði keypt til landsins samkvæmt þessu frv., og sérstaklega, að jafnvægið í byggð landsins verði aukið og komið í veg fyrir ýmiss konar öfugstreymi, sem nú á sér stað, og flótta frá framleiðslu í byggðarlögum, sem hafa mikla möguleika, til staða, þar sem fólkið vinnur miklu minna að framleiðslu og í raun og veru miklu óþjóðnýtari störf. Þó að allt fólk í landinu vinni hvert á sinn máta gagnleg störf, vitum við það, að það er á framleiðslunni, sem uppbyggingin veltur, og á afrakstrinum af henni, sem möguleikar þjóðarinnar byggjast.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Það er nokkuð mikið orðið af endurtekningum í þessum orðaskiptum, og skal ég reyna að vera mjög stuttorður, minnast á smærri atriði, val togaranna.

Það er nú náttúrlega ærið fjarstætt, enda fann hv. þm. Vestm. (JJós) það, að líkja því við það, að nú ætti að kaupa atómtogara, sem sennilega verða nú ekki keyptir, að ekki voru keyptir dieseltogarar á þeim tíma, sem togararnir 32 voru keyptir, því að það var þá, eins og ég hef sagt áður, fjöldamargra manna mál, hvaða vald sem nýbyggingarráð tók sér í því efni, að dieseltogararnir væru hinum fremri og fyrir því væri reynsla, eins og skipstjóri á Akureyri hélt fram og breytti eftir.

Að það hafi verið einhver nýjung á dögum nýsköpunarstjórnarinnar, að frystihús hafi verið byggð úti um land, það kemur þvert á sannanir fyrir því, að brautryðjendastarfið í þessu efni var unnið á árunum 1934 og þar á eftir, þegar markaðurinn tapaðist við Spán, og með þeim litlu efnum, sem þjóðin hafði á þeim tíma, hefur aldrei verið gert annað eins í þeim málum.

Um landbúnaðinn, að það hafi verið miklar umræður uppi um aðgerðir fyrir landbúnaðinn í nýbyggingarráði, vil ég segja þetta: Það liggja fyrir tölur, sem margsinnis hafa verið birtar, um lán til landbúnaðarins, um vélakaup til landbúnaðarins, um uppbyggingu alla í landbúnaðinum frá þessu tímabili, nýsköpunartímabilinu, og árunum þar á eftir og síðan, og þessar tölur er útilokað að vefengja, hvað langar ræður sem haldnar eru um það, að nýbyggingarráð hafi haft áhuga fyrir eflingu landbúnaðarins og uppi hafi verið um það miklar umræður þar. Það hefur verið sýnt fram á, að það hattar fyrir á árinu 1947, þegar Framsfl. lagði til ráðherra í ríkisstj., og ekki meira um það. — En svo er það viðkomandi togurunum, sumpart að þeir mundu ekki hafa verið keyptir, ef ríkisstj. hefði ekki beitt sér fyrir þessu, sumpart það, að brotið hafi verið blað í sögu útgerðarinnar á þessum árum og skipin seld út um land, þar sem þau mundu ekki annars hafa komið. Þetta er eitt af meginatriðunum í þessum umr. og það, sem þær snúast aðallega um, og hv. þm. N-Ísf. sagði, að tölurnar yrðu ekki vefengdar. Það, sem við erum auðvitað að ræða um, er ekki það, eins og hv. þm. Vestm.

var að tala um og spyrja um, hvort þessir staðir, eins og Keflavík, Vestmannaeyjar og Akranes, þyrftu ekki á hráefni að halda. Það þarf Reykjavík líka, það þurfa vitanlega allir staðir, sem hafa frystihús. Það, sem við erum að ræða um, er það, hvað af skipunum hafi farið á þau svæði, þar sem verið var að brjótast í því að koma á stað nýrri útgerð við erfiðari aðstæður, en ekki þá staði, sem eru kallaðir Faxaflóasvæðið, og þar sem var meiri atvinna á þessum tíma og hefur verið síðan en hefur verið kannske að sumu leyti hollt fyrir þetta þjóðfélag og hefur verið margrætt, en um þetta þýðir ekkert að vera að deila. Það er, eins og ég benti á, tekið fram í frv., að sú útgerð, sem fyrst og fremst á að efla, er á Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi, þar sem erfiðast hefur verið um atvinnu, og það er staðreynd, sem enginn okkar gengur fram hjá. Við höfum það hér fyrir framan okkur, að 25 af þessum skipum fóru á Faxaflóasvæðið, ekki til Norður-, Vestur- eða Austurlands. 25 fóru á Faxaflóasvæðið, hafnirnar hér við Faxaflóa, og til Vestmannaeyja, þar sem aðstæður til atvinnu hafa verið svipaðar um lengri tíma núna undanfarið. En svo las hv. þm. sjálfur upp sönnunargögnin fyrir því, að breytt var verulega um stefnu, þegar togararnir 10 voru keyptir, því að það fór helmingurinn af þeim, eins og hann skýrði, — ég geng út frá, að hann skýri rétt frá því, ég hef ekki athugað þær tölur, — en hann sagði sjálfur: Það fór helmingurinn af þeim út á land.

Viðkomandi því, hvort þarna hafi verið brotið blað, þá má nú benda á það, að hv. þm. sagði hér í gær í ræðu, að það, sem gert hefði verið, hefði verið of lítið og komið of seint. Það er alveg rétt. Þar finnum við báðir til, sem störfum fyrir kjördæmi úti á landi, að það hefur verið of lítið og of seint og hefur aldrei verið nægilega brotið blað, nema ef það verður með framkvæmd þessa frv., ef okkur lánast að koma því í höfn og fá það fjármagn, sem til þess þarf að framkvæma það. En til þess að ég vitni ekki aleinn í þessu máli, ætla ég að lokum viðkomandi þessari stefnu, sem við erum alltaf að deila um, hvenær hafi verið hafin, stefnan að reyna að byggja upp atvinnulífið úti um land, — að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa örfáar línur úr bók, sem er nefndarálit eða grg. um athugun á röskun jafnvægis í byggð landsins og um jafnvægisframkvæmdir o. fl., og það er þetta mjög umtalaða álit, sem hv. fyrrv. þm. Barð. (GíslJ) hefur samið og sent okkur alþm. Vænti ég þess nú, að þeir hv. þm., sem hafa verið að deila við mig, vefengi ekki hans vitnisburð, en hann er svona:

„Þegar ríkisstj. úthlutaði 33 togurum, sem smíðaðir voru á árunum 1946—48, var í meginatriðum farið eftir þeirri reglu að láta þá aðila fá skipin, sem áður höfðu verið með sams konar atvinnurekstur og helzt höfðu handbært fé til þess að greiða andvirði skipanna með og óskuðu eftir að eignast þau, en þessi skilyrði voru að mjög takmörkuðu leyti til staðar utan Faxaflóa."

Ég held, að það sé rétt að láta þetta verða seinustu orðin í þessum umræðum frá minni hendi.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það var af því, að hv. þm. N-Ísf. (SB) taldi, að það, sem ég sagði um daginn, hefði verið eitthvert vantraust á hæstv. ríkisstj. Orð mín voru þau, að ég teldi mjög vafasamt, hvort hefði átt að ganga á undan, það að reyna að skapa fjárhagsgrundvöll fyrir atvinnulífið í landinu eða fá hingað fyrirtæki, sem menn vissu, eins og nú væri komið högum atvinnulífsins eftir aðgerðir Sjálfstfl., að ekki mundu verða arðvænleg og ekki bera sig. Og ég sagðist vera í vafa um, hvort ég gæti fylgt þessu frv., fyrr en ég sæi framan í till., sem yrðu þess valdandi, að þegar þær væru samþ., sköpuðu þær heilbrigt fjárhagslíf fyrir atvinnutækin í landinu. Hann má kalla þetta vantraust á ríkisstj., ef hann vill. Nú er sá munur á okkur, að hann virðist ætla að fylgja frv., hvað sem verður um allan fjárhagsgrundvöll. Hann sagði sjálfur, að ýmsir menn á Vestfjörðum vildu fá togara til þess að treysta atvinnu sína í framtíðinni. Þeir voru ekki að hugsa um atvinnulífið, heldur atvinnu sjálfra sín. Þeir, sem keyptu togarana, treystu því sem sagt, að ríkið mundi borga þeim það kaup með greiðslu á hallarekstri togarans, að þeir gætu sjálfir haft atvinnu við það, og þess vegna vildu þeir fá togara, en ekki hitt, að hann gæti borið sig og skapað meiri tekjur í viðkomandi þorpi. Það var ekki tilfellið. Þetta er „typisk" hugsun sjálfstæðismanna. Fyrst ég, svo flokkurinn og síðast heildin.

Ég vil helzt og langhelzt fylgja frv. í fullu trausti þess, að þrátt fyrir alla andstöðu Sjálfstfl. heppnist okkur hér á þessu þingi að gera þær ráðstafanir, að atvinnulífið geti borið sig. Og þetta vona ég að takist þrátt fyrir þá hörðu stjórnarandstöðu, sem leggur sig í líma til að reyna að fyrirbyggja allt slíkt, og þess vegna geti frv. komið að gagni. Ég vil gera það, ég mun fylgja því í þeirri von og með þeirri forsendu, að okkur heppnist að skapa fjárhagsgrundvöll fyrir framleiðslu landsmanna.

Annars leiðist mér dálítið alltaf þessi metingur um það á milli flokka og manna, hver hafi átt frumkvæðið að þessu eða hinu. Ég vil leyfa mér að minna hv. sjálfstæðismenn á ýmis atriði í því sambandi, án þess þó að ganga nánara inn á þau. — Muna þeir, hvernig þeir tóku því, þegar saltfisksmarkaðurinn á Spáni hrundi og Runólfur sál. Sigurðsson fór að vinna upp freðfisksmarkað erlendis? Muna þeir, hvernig þeir tóku því? Það mun hafa verið fyrsta tilraunin til að reyna að vinna upp almennilegan freðfisksmarkað erlendis, sem þá var gerð. Hvar stóðu þeir þá? Muna þeir, hvernig þeir tóku till., sem flutt var í Nd. og samþykkt þar 5. febr. 1943, um það að láta vegamálastjóra og vitamálastjóra rannsaka, hvort ekki mætti fá til landsins stærri og fljótvirkari vélar, sérstaklega frá Ameríku, heldur en þá voru notaðar hér? Muna þeir það?

Svo er verið að deila um, hver hafi átt fyrstu framkvæmd að þessu eða hinu af mönnunum, sem stóðu á móti, þegar fyrst var verið að hreyfa málunum í þinginu, mennirnir, sem héldu því fram, að það væri vantraust á vegamálastjóra að ætlast til, að farið væri að rannsaka, hvort ekki mætti fá fljótvirkari og betri vélar til að gera

með vegina en var 1942, þegar till. var lögð fram á Alþ. og samþykkt eftir áramótin. Þá héldu þeir því blákalt fram, að þetta væri vantraust á vegamálastjóra, að verið var að flytja tillöguna. Hann hefði alla kunnáttu á þessu og vissi, hvaða vélar væru beztar og hentugastar. Þetta væri nærri því ósvífni. Og svo eru sömu mennirnir að metast um, hver hafi átt forustu að þessu eða hinu.

Nei, ef maður leitar eftir því, hver hafi átt forustu í þessu eða hinu, má oft um það deila. Það er engin ástæða til þess, þegar góð mál ná fram að ganga. Hitt er náttúrlega oft ekki sæmandi, að reyna að vera að telja sér eitt og annað, sem maður ekki á. Sem sagt, það, sem kom mér til að standa upp núna aftur og kveðja mér hljóðs, var mistúlkun þm. N-Ísf. á því, sem ég sagði; það var þetta: Ég geri ráð fyrir því, að ég komist að þeirri niðurstöðu, að ég fylgi þessu frv., eingöngu af því, að ég treysti því, að hin sterka andstaða á móti ríkisstj. hér í þinginu verði þess ekki valdandi, að hún geti ekki rétt við fjárhagsgrundvöllinn, sem atvinnulífið hvílir á, þó að stjórnarandstöðuna langi til að koma því öllu í svartakol.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli hv. þd. á því, að hv. 1. þm. N-M., sem talaði hér síðast, spurði hv. þd. um það í þaula, hvort hún myndi, hver afstaða sjálfstæðismanna hefði verið til þessa og til hins, til innflutnings vegagerðarvéla, til innflutnings ýmissa annarra tækja, en hann gerði ekki minnstu tilraun til þess að hrekja eitt einasta atriði af því, sem ég sagði um forustu sjálfstæðismanna og nýsköpunarstjórnarinnar um innflutning landbúnaðartækja og útvegun ræktunarvéla og margvíslegra tækja, sem íslenzkur landbúnaður hafði aldrei getað notað áður og aldrei haft aðstöðu til þess að afla sér áður. Þessi hv. þm. heldur, að það dugi bara að slá fram svona sleggjudómum í spurningaformi. Mér kemur ekki til hugar að fara að rökræða við hann um þetta. Það vita allir menn, að á síðari árum hafa sjálfstæðismenn, sumpart einir, sumpart í samvinnu við Framsfl. og aðra flokka, haft forustu um að taka tæknina í þjónustu atvinnuveganna.

Við höfum hér aðallega verið að tala um togara. Það má heita, að það standi ómótmælt, að Sjálfstfl. hefur haft alla forustu um þetta. Það er líka staðreynd, að nýsköpunarstjórnin hófst handa um vélainnflutninginn. Hv. þm. getur ekki mótmælt þessu með sleggjudómum. Ég fer ekki frekar út í að svara honum.

En hæstv. forsrh. las hér upp — og þótti nú sem hnífur hans kæmi í feitt — úr grg. frá jafnvægisnefndinni sælu, sálugu, ætti ég líklega að segja, því að mér skilst hún sé oltin upp fyrir, eitthvað um það, að í aðalatriðum hefði verið fylgt þeirri stefnu við úthlutun togaranna, að þeim hefði verið úthlutað til Faxaflóasvæðisins og til þeirra staða, þar sem peningar voru fyrir hendi. Látum nú vera, að þetta standi þarna. Ég hef að vísu ekki lesið það, en það er á borðinu hjá mér líka, og ég trúi hæstv. forsrh., að hann sé ekki að lesa rangt upp úr opinberri skýrslu. En ég segi bara við hæstv. forsrh.: Verkin sýna merkin. Það er alveg nákvæmlega sama, hvað stendur í þessari gulu bók þarna. Togararnir eru þar sem þeir eru. Það fór ⅓ togaranna, eins og ég sagði áðan, til staða utan Rvíkur og Hafnarfjarðar, þar sem ekki hafði verið togarautgerð áður. Það fóru 2 af hinum fyrri nýsköpunartogurum til Austurlandsins, en ekki nema einn af hinum síðari. Það sýnir það, að skriðurinn komst á úthlutun togaranna út á land á tíma nýsköpunarstjórnarinnar. Annars vildi ég ekki vera að hafa neinn heiður af hv. þm. Vestm., sem þá var sjútvmrh. og hafði forustu m. a. um kaupin á þessum tíu togurum. Ég vil ekki hafa neinn heiður af honum, og það dregur enga burst úr nefi okkar sjálfstæðismanna, þó að fimm af þessum togurum hafi farið út á land, nema síður sé. Við höfðum sjávarútvegsmálin og við vorum að framkvæma stefnu, sem við höfðum markað. Framsóknarmenn höfðu barizt á móti þeirri stefnu, en gengu nú inn á hana, vegna þess að þeir sáu, að hún var orðin vinsæl með þjóðinni.

Ég bið hæstv. forseta mjög að afsaka, að ég hef þurft að kveðja mér hljóðs og nota hér athugasemdatíma í annað skipti, en ég taldi nauðsynlegt að undirstrika enn einu sinni, hver sannleikurinn er í þessu máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 85, n. 100).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þegar hæstv. forsrh. fylgdi þessu frv. úr hlaði hér í d., skýrði hann allrækilega efni þess, auk þess fylgdi frv., þegar það var lagt fram, ýtarleg grg. Þar að auki urðu svo miklar umræður um málið við 1. umr. þess, þó að öll atriði, sem þar komu fram, kæmu ekki þessu frv. beinlínis við. Ég ætla því, að það sé tvímælalaust, að efni frv. sé öllum hv. þm. í d. ljóst og þurfi því ekki að ræða um það til skýringar. Frv. tók lítils háttar breytingum í hv. Nd., sem gengu út á það að draga nokkuð úr þeim ákvæðum, að sú framkvæmd, sem ráðgerð er í frv., væri fyrir þrjá fjórðunga landsins, Vestfirðinga-, Norðlendinga- og Austfirðingafjórðung, þannig að það kemur fram í frv., eins og það er nú, að það er ekki útilokað, að Sunnlendingafjórðungur geti einnig orðið aðnjótandi þeirrar aðstoðar, sem ráðgerð er samkv. frv.

Fjhn. tók þetta mál til meðferðar á fundi sínum 30. nóv., en daginn áður hafði frv. verið vísað til hennar. Þegar n. ræddi málið, stóð svo á, að einn af nm., hv. 6. þm. Reykv., var fjarstaddur, og voru því aðeins fjórir nm. á fundi. Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt frv., og um rökstuðning fyrir þeirri till. vísar hún einkum til grg. þeirrar, sem fylgdi frv. í fyrstu. Einn af þessum fjórum nm., sem þátt tóku í afgreiðslu málsins, hv. þm. Vestm., áskildi sér þó rétt til að bera fram brtt. eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma, og skrifaði hann undir nál.

með fyrirvara, og nú hefur hann borið fram brtt. á þskj. 112, sem ég skal ekki ræða að svo stöddu, a. m. k. ekki fyrr en hann hefur gert nánari grein fyrir henni undir umræðunum. En mér virðist, að öll n., sem þátt tók í afgreiðslu málsins, sé einhuga um að mæla með frv. með eða án breytingar.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég gat þess við 1. umr. þessa máls, að ég mundi freista þess að flytja við það brtt., sem mér virtist eðlilegt að á því yrði gerð.

Það er í fyrsta lagi, að í staðinn fyrir, að ríkisstj. yrði heimilað að gera f. h. ríkissjóðs samninga um kaup og smíði allt að 15 togara, kæmi heimild til handa ríkisstj. um að láta smíða allt að 20 togurum.

Ég hygg, að það eigi við fyllstu rök að styðjast, að þörf sé á því, að nú þegar á þessu stigi málsins verði samið um smíði á 20 togurum, ekki einungis vegna þarfa þeirra landshluta, sem skortir atvinnutæki til þess að geta haldið uppi nægilegri atvinnu fyrir sitt fólk, heldur og fyrir suma þá staði aðra, sem togaraútgerð hafa, en hafa misst togara og eiga nú togaraflota, sem gengur óðum úr sér.

Ég geri ráð fyrir því, að þegar ákveðið hefur verið að láta smíða ákveðinn fjölda togara, muni verða mjög mikil ásókn eftir að fá þessi skip. Við höfum þegar haft fregnir af því, að í einstökum byggðarlögum hafi verið stofnuð ný togarafélög, og hæstv. ríkisstj. hafa þegar borizt umsóknir um þessi fyrirhuguðu skip.

Ég held, að það sé ekki of mikið tekið upp í sig, þó að nefnt sé, að samið skuli um smíði á 20 togurum í stað 15. Það er vitað, að afhendingartími þessara skipa verður alllangur. Það eru engar líkur til þess, að hægt sé að fá togarana alla afhenta á einu eða tveimur árum. Líklegast er, að afhending þeirra dreifðist yfir lengra tímabil. Þess vegna er það álit okkar flm. þessarar brtt., — hv. þm. Vestm. (JJós) flytur hana með mér, — að rétt sé og eðlilegt, að þessi breyting verði gerð á 1. gr. frv.

Í 1. brtt. okkar, sem við flytjum hér skriflega, er einnig gert ráð fyrir því, að bætt verði inn í 1. gr. frv. orðunum „af fullkomnustu gerð".

Ég minntist á það við 1. umr. málsins, að miklu skipti, að þau skip, sem nú yrðu keypt til landsins, yrðu af allra fullkomnustu gerð og með nýtízku sniði. Togaraútgerð Íslendinga er, eins og kunnugt er, í dag rekin með gífurlegum halla. Ein leiðin til þess að koma þessum þýðingarmikla atvinnurekstri á réttan kjöl, er að fá honum sem fullkomnust tæki. Við töldum þess vegna rétt, að það yrði beinlínis tekið fram í þeirri löggjöf, sem sett verður um væntanleg togarakaup, að skipin skyldu vera af fullkomnustu gerð, og ég trúi því ekki, fyrr en ég tek á því, að nokkur hv. þdm. vilji greiða atkv. á móti því.

Tvær aðrar brtt., sem við flytjum, eru í samræmi við brtt. við 1. gr. Önnur brtt. er við 2. gr. frv., að fyrir „150 millj. kr." komi 200 millj. kr., sem sagt miðað við það, að skipin verði 20, en ekki 15, og 3. brtt. við 5. gr. einnig afleiðing af brtt. við 1. gr., að skipin verði 20, en ekki 15.

Ég leyfi mér að óska þess við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða fyrir þessum brtt., sem bæði eru skriflegar og of seint fram komnar. Að lokum vil ég vænta þess, að hv. þd. samþykki þessa brtt. okkar hv. þm. Vestm. og sýni þar með skilning sinn á þörf íslenzks atvinnulífs.

Það er óþarfi að endurtaka það, að togararnir eru stórvirkustu framleiðslutæki þessarar þjóðar. Á sviði skipasmíða og smíði togara hefur á undanförnum árum orðið veruleg framför, þannig að það eru líkur til þess, að hægt sé að fá hentugri skip nú, ódýrari og hagkvæmari í rekstri en unnt var fyrir um það bil áratug, þegar samið var um smíði hinna fyrstu nýsköpunartogara, sem reynzt hafa hin mestu happafley, sem þessi þjóð hefur eignazt, og átt hafa ríkan þátt í því, að framleiðsla okkar hefur aukizt stórkostlega og grundvöllurinn þar með orðið sterkari undir lífsafkomu þjóðarinnar og skapað möguleika til þess að bæta lífskjör almennings. Það er ekki þessum tækjum sjálfum að kenna, að þjóðin hefur ekki kunnað að hafa hóf á í efnahagsmálum sínum, þannig að rekstur þeirra er nú sokkinn í fen stórkostlegs taps.

Ég endurtek það, að ég vænti þess, að hv. þd. sýni þá framsýni og það frjálslyndi að samþ. þá brtt., sem ég hér hef mælt fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 112, sem var of seint fram komin, og um skrifl. brtt. (sjá þskj. 118) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Eins og ég gat um við fyrri umr. þessa máls, er ég samþykkur því, að ráðstafanir séu gerðar af hálfu þess opinbera til þess að halda við endurnýjun á togaraflota landsmanna, og er ég þeirrar skoðunar enn, eins og fram hefur komið í nefndinni.

Síðan þetta frv. var undirbúið hjá hæstv. ríkisstj. og lagt fram hér í þinginu, hefur nú, að ég held, einn af nýsköpunartogurunum tapazt, sem sýnir það bert, að viðhaldi og endurnýjun á þessum fiskiflota landsmanna er nauðsynlegt að halda í horfi, og virðast allir vera sammála um það atriði. Hitt er svo annað mál, að þegar svona stórfelld ráðstöfun er gerð eins og sú, sem frv. fer fram á, að hið opinbera leggi í það að láta byggja 15 togara og kostnaðurinn heimilaður upp í 150 millj. kr., þá virðist það vera sanngjarnast að miða framtak í þessu efni við þarfir allra landsmanna, eftir því sem þær kunna að vera á hverjum tíma, en taka ekki út sérstaka landshluta umfram aðra, því að það er ljóst, að kostnað af þessum framkvæmdum verður öll þjóðin, í hvaða landshluta sem hún býr, að bera. Er þá lítið frjálslyndi í því fólgið að binda fyrir fram einhvern hluta af þessum skipum í lögum við vissa landshluta, einkum og sérstaklega úr því að ríkisstj. hefur sett á stofn sérstaka n. til þess að meta atvinnuþörfina og, ef ég mætti svo að orði kveða, atvinnuhjálparþörfina á hverjum tíma. Það ákvæði út af fyrir sig virðist mér vera nægilegt til að tryggja það, að t. d. Vestur-, Norður- og Austurlandið eða staðir á Vestur-, Norður- og Austurlandi fái þá

hjálp til atvinnubóta af þessum aðgerðum, sem hverju sinni reynist nauðsynleg, þar sem tryggt er í frv., að hinn stjórnskipaði aðili, atvinnutækjanefndin, sem hún er kölluð, eigi að láta uppi álit sitt um þetta á hverjum tíma. Fyrir því hef ég leyft mér að flytja fram brtt., sem skráð er á þskj. 112 og er að vísu samhljóða brtt., sem flutt var af hv. þm. Borgf. í hv. Nd., og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórninni er, að fengnum tillögum atvinnutækjanefndar, heimilt að setja á stofn sérstaka ríkisútgerð togara í því skyni, að lagður verði á land afli þeirra í þeim bæjum eða kauptúnum, þar sem ekki eru fyrir hendi fjárhagslegir möguleikar til þess að kaupa og reka togara, enda sé skortur á nægri atvinnu á staðnum og atvinnuleysi hamli eðlilegum vexti hans."

Þetta hefur verið í frv. frá byrjun, að því er snertir afskipti atvinnutækjanefndar, og þess vegna virðist það vera óþarft að útiloka nokkurn sérstakan landshluta í sjálfu orðalagi frv., eða ef ekki má kveða svo sterkt að orði, að Suðurlandið sé útilokað í þessu efni, þá a. m. k. er það sett á annan og lægri bekk en aðrir landshlutar og þar með í raun og veru gripið fram í fyrir þeirri hv. n., sem vitnað er til í sjálfu frv. frá ríkisstjórnarinnar hendi, atvinnutækjanefndinni.

Nú er að vísu í 1. gr. frv. komizt svo að orði, að ríkisstj. sé heimilt að selja þessa togara við kostnaðarverði eða ráðstafa til útgerðar. Þó er það að fengnum tillögum atvinnutækjanefndar, sem skipuð var, eins og þar segir, með bréfi ríkisstjórnarinnar frá 5. sept. 1956.

Ég lýsti orðalagi brtt. minnar á þskj. 112, en þó í aðeins öðrum lið hennar, en fyrri liðurinn er um það, að ríkissjóði sé þrátt fyrir ákvæði 2. gr. heimilt að endurlána allt að 90% af verði hvers skips, sem keypt er til bæjar eða kauptúns, þar sem brýn þörf er á að auka atvinnu á staðnum.

Það er fyrir mínum augum, eins og ég geri ráð fyrir að það hafi verið fyrir augum þess hv. þm., er flutti brtt. í Nd., þungamiðja málsins, þörfin á að auka atvinnu á staðnum.

Mér finnst, þó að nú horfi þannig við, að þörfin kunni að vera meiri á vissum stöðum norðan- eða austan- eða vestanlands en sunnanlands, þá sé rétt að gera ráð fyrir því í þessari lagasetningu, að hægt sé að haga sér eftir breyttum skilyrðum. Og með þeirri byggingu á hraðfrystihúsum, sem átt hefur sér stað sunnanlands hin síðari árin, getur vel farið svo, að eftir fá ár, og þarf kannske ekki að bíða svo langs tíma, — ég vildi, að það yrði sem lengstur tími, sem liði, — en eftir fá ár getur vel farið svo, að þörfin í þessu efni til hráefnisöflunar og til að auka atvinnu á stöðum geri vart við sig sunnanlands, alveg eins og hún gerir vart við sig eða hefur gert vart við sig norðan-, austan- og vestanlands fram að þessu; fyrir því sé rétt að hafa þetta opið í frv. og leggja ekki neinar sérstakar hömlur á sérstaka landshluta í sjálfu frv., þegar frv. býr til þann a. m. k. ráðgefandi aðila, atvinnutækjanefndina, sem á að útbúa tillögur og álit um þetta efni á hverjum tíma og ríkisstj. að fara eftir því. Hitt gefur auga leið, hvaða blær er viðkunnanlegastur á svona stórmáli, að stjaka ekki við atvinnu sérstakra íbúa landsins þegar í upphafi með orðalagi frv. Það er óviðkunnanlegur blær á því, og ég vil nema hann í burtu með því að nefna enga landshluta sérstaklega í frv., en láta óbreytta standa þá höfuðtillögu, sem er, að atvinnutækjanefndin geri tillögur um niðurröðun þessara togara á hverjum tíma, eftir því sem atvinnuviðhorfið er í hvert sinn á þeim stöðum.

Ég ætla ekki, að ég þurfi að hafa um þessa brtt. fleiri orð. Ég er fylgjandi líka þeim brtt., sem hv. þm. N-Ísf. er fyrri flm. að, og álít þær réttar og sanngjarnar. Það er augljóst mál, að úr því að ríkið vill skipta sér af þessari endurnýjun togaraflotans nú, þá er ekki of stórt spor stigið, þó að ákveðið sé, að byggðir séu 20 togarar í stað 15, með því líka að þá er hægt að verða við kröfum um atvinnubætur víðar á landinu með fleiri skipum heldur en færri. Bæði hvað snertir smærri fiskiskipin og stærri fiskiskipin í þessu landi, þá er það gömul reynsla, sem ávallt hefur staðfestst, að það þarf stöðugt viðhald, þau þurfa að fá stöðugt nýbyggingar til viðbótar, helzt kannske sem jafnast árlega, en úr því að því hefur ekki verið við komið, þá a. m. k. það myndarlega, þegar það er gert, að endurnýjunin sé varanleg til frambúðar. Ef ekki er unnið að þessu, þá fer það svo, eins og komið var hér fyrir nokkrum árum, að fiskiskipaeign landsmanna gengur úr sér og hrakar, og þarf risaátök til þess að kippa henni aftur í horf.

Ég vil svo mælast til þess, að hv. d. sýni það frjálslyndi í meðferð þessa máls, að hún samþ. brtt. þær, sem fram hafa verið lagðar, — og þá legg ég einkum áherzlu á brtt. mína á þskj. 112, — og geri ekki neinar ákvarðanir í þessu efni, sem þannig hljóta að líta út fyrir þjóðinni, að það sé verið á kostnað alþjóðar að draga fram hlut einstakra landshluta, en setja hlut annarra landshluta til hliðar.

Ég hygg, að það sé strax farið að sýna sig, og á kannske eftir að gera það miklu betur, að togarafloti landsmanna, nú þegar löndunarbannið í Englandi er afnumið, sækir meira í það að selja afla sinn á útlendum markaði en áður var. Það bar mikið á því á síðasta ári og raunar þessu ári, fram að lokum síðasta sumars, að togaraflotinn lagði upp afla sinn til hraðfrystistöðvanna víðs vegar um land, einkum þó sunnanlands, og enda norðanlands líka, sérstaklega af þeim ástæðum, að þessum afla varð ekki komið í lóg á annan hátt. Og fyrir því var atvinna blómleg og mikil hér syðra við Faxaflóa og víðar. En þetta getur skyndilega breytzt og orðið atvinnuleysi á þeim stöðum, sem nutu þessa fisks frá togurunum, meðan útlendu hafnirnar voru lokaðar. Þetta getur skyndilega breytzt þann veg, að það verði einmitt knýjandi þörf á því að gera ráðstafanir til þess að beina togaraafla á staði hér sunnanlands, sem hafa fengið hann með gnægtum fram að þessu. Þetta hlýtur líka að undirbyggja þá skoðun, að með þessari sérstöku löggjöf sé rétt að halda opnum möguleikunum til þess að hjálpa öllum landshlutum jafnt í þessu efni samkv. þeim tillögum, sem atvinnutækjanefndin leggur fram, eins og í frv. er skráð.

Það renna því miklu fleiri en ein rök undir

það að samþykkja brtt. á þskj. 112 heldur en þau meginrök, sem ég hef minnzt á, sem sýna, að það er rangt gagnvart þjóðarheildinni í svona máli að fyrirbyggja eða torvelda fyrir fram atvinnuaukningu á einum stað, þó að það sé gert til þess að draga fram annarra landshluta málstað í þessu efni.

Það er full trygging fyrir því í öðru orðalagi frv., sem komið er að í fleiri greinum þess, að það á að vera eftir mati atvinnutækjanefndar í hvert sinn, hvert þessum togurum verður ráðstafað, og þess vegna að minum dómi ósmekklegt, ef ekki ætti að kveða sterkar að orði, að draga fram hlut þriggja landshluta, en setja einn landshlutann á lægri skör.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Brtt. á þskj. 112 frá hv. þm. Vestm. var útbýtt á þessum fundi, og hinni skriflegu brtt. frá hv. þm. N-Ísf. og hv. þm. Vestm. var vitanlega ekki útbýtt, heldur var hún lesin hér upp og leitað afbrigða fyrir henni. Það leiðir því af sjálfu sér, að fjhn. hefur ekki tekið þessar brtt. til athugunar, og frá n. hendi hef ég því enn sem komið er ekkert um þær að segja. Frá eigin brjósti ætla ég ekki heldur beinlínis að segja um það, hvort rétt sé að samþykkja þessar till. eða einhverjar af þeim eða fella þær. En ég vil taka það fram sem mitt álit nú þegar, hvað sem hv. d. sýnist að gera við þessar till. og hvernig sem ég endanlega kann að greiða atkv. um þær, að þá sýnist mér, að þær ekki muni breyta miklu.

Það er sá munur á skriflegu till. og till. á þskj. 112, að hv. þm. N-Ísf. hafði boðað það við 1. umr. málsins, að hann mundi bera fram till. um að heimila kaup á allt að 20 togurum, og hinar aðrar brtt., sem hann stendur að, eru aðeins afleiðingar af þessari megintillögu. Þetta virðist í fljótu bragði vera allmikil breyting, en ég held, að hún sé ekki svo mikil.

Reynsla undanfarinna ára sýnir það, enda liggur það í hlutarins eðli, að þó að ríkisstj. sé heimilað að gera kaup á einhverri tölu togara, þá er það engin endanleg ákvörðun um, að aldrei framar megi ríkisstj. gangast fyrir togarakaupum.

Það kom mjög til umræðu við 1. umr. þessa máls, að ein fyrrverandi ríkisstj. hefði gengizt fyrir kaupum á 32 togurum, ríkisstjórn, sem fylgismenn hennar kölluðu „nýsköpunarstjórn“. Það er nú sér á parti, hvort nokkur stjórn getur annarri fremur heitið nýsköpunarstjórn. Í minu ungdæmi var mönnum kennt, að það væri aðeins einn skapari, en ég skal ekki fara nánar út í það. Ég hygg aðeins, að í þeim skilningi, sem þessi hv. stjórn er kölluð nýsköpunarstjórn, hafi allar stjórnir, síðan landið fékk innlenda stjórn, verið nýsköpunarstjórnir, meira að segja sú stjórn, sem beinlínis kenndi sig við íhald og t. d. hv. þm. Vestm. studdi. Ég held, að hún hafi líka gengizt fyrir nokkrum nýjungum, þó að hún kallaði sig íhaldsstjórn. En þetta kemur nú ekki málinu við beinlínis. Mér hefur ævinlega bara þótt ákaflega undarlegt, þegar menn bera sér þetta orð í munn og þá sérstaklega um eina stjórn, „nýsköpunarstjórn“, eins og hér hafi verið einhverjir guðir. Hún lét nú reyndar nægja að kalla aðalframkvæmdavald sitt nýbyggingarráð. Það getur auðvitað verið réttmætt, því að mennirnir geta byggt úr efni, en trauðlega skapað af engu. En ég sleppi þessu. Hitt er staðreynd, að þessi stjórn gekkst fyrir smíði og kaupum á 32 togurum. Næsta stjórn á eftir henni gekkst fyrir því, að keyptir voru til landsins 10 togarar, og leið stutt á milli. Og nú liggur hér fyrir frv. frá hæstv. núverandi ríkisstj. um það, að keyptir verði 15 togarar.

Þetta sýnir vitanlega, að það er á hvaða tíma sem er hægt að gera ráðstafanir til þess að bæta við togarana. Ég er ekki beint að mótmæla þessu á þessu stigi málsins, en ég er að benda á, að það er vitanlega líklegt, að jafnvel þó að frv. yrði samþykkt, mundu síðar verða gerðar ráðstafanir til að kaupa fleiri togara, ef það verður svo í framtíðinni, að togaraútgerð þyki vera álitlegri til lífsbjargar þjóðarinnar heldur en þá einhverjir nýir atvinnuvegir, sem kynnu að koma upp.

Ég man eftir því, að síðast í gærkvöld var það einn af þm. Sjálfstfl., sem flutti útvarpserindi og varaði frekar við því að setja alla sína von á togaraútgerð. Þau orð mætti gjarnan taka til athugunar.

Það, sem ég vildi segja með þessu, er ekki beint að mæla á móti þessu um 20 togara, heldur sýna fram á það, að ég er ekki viss um, að þetta breyti í framtíðinni eiginlega nokkru, — alls ekki viss um það. Og svo er annað: Ef farið er mjög geyst í það að fjölga togurum, þá kemur annað til greina, þ. e. hverjir eiga að vera á þessum togurum. Ég tel víst, að ef það verða byggðir nýir togarar, sem við vonum að verði, hvort sem þeir verða 15 eða 20, þá verði þeir, eins og hv. þingmenn leggja til, af fullkomnustu gerð. Ég tel víst, að íslenzkir sjómenn fáist til að vera á þeim. En ætli þeir fáist til að vera á eldri togurunum þá? A. m. k. var það s. l. sumar og reyndar lengur, að það fengust ekki íslenzkir sjómenn á togarana, heldur varð að fá Færeyinga í stórhópum til þess að vera á togurunum. Og það getur orðið hagur að því fyrir þjóðina kannske að fá útlendinga til að afla hráefnisins og vinna svo hráefnið sjálfir, en eitthvað virðist nú öfugt við það, að það skuli þurfa að fá útlendinga á íslenzka fiskiflotann.

Sama er að segja um till. á þskj. 112. Ég held, að hún breyti ekki miklu, hvað sem öðru líður. Hv. þm. Vestm. taldi, að það ætti að miða þetta frv. við þarfir allra landsmanna. Það er nú að sjálfsögðu gert, eins og þarfir landsmanna eru nú. Hann sagði enn fremur, að öll þjóðin bæri kostnaðinn. Auðvitað er það: Öll þjóðin ber að einhverju leyti kostnaðinn hlutfallslega. En vitanlega bar öll þjóðin líka kostnaðinn af þeim ráðstöfunum, sem hafa komið Sunnlendingafjórðungi alveg sérstaklega til góða, útvegun allra þeirra togara, sem Sunnlendingafjórðungur hefur fengið. Það má kannske segja, að frv. hafi borið nokkurn vott um það, þegar það var fyrst lagt fram fyrir Alþingi, að með þessu væri sérstaklega ætlað að bæta úr þörf Vestfirðinga, Norðlendinga og Austfirðinga. En eins og ég gat um áðan í framsögurœðu minni, var allmikið dregið úr þessu í hv. Nd. undir meðferð málsins, og eins

og frv. er nú, er það algerlega opið, eða ekki get ég séð betur, að ráðstafa togurum til Suðurlands. Það eina, sem hér er um að ræða og getur haft nokkra praktíska þýðingu, er það, að það er heimilað að lána 90% af kaupverðinu, þegar sérstaklega illa stendur á um atvinnu í landi, og skal það einkum gert til kaupa á togurum, sem skráðir verða og gerðir út á Vestur-, Norður- og Austurlandi. Það skal einkum gert að hækka lánið til þeirra, sem togarana fá á Vestur-, Norður- og Austurlandi, en hitt er þó alls ekki útilokað, að það yrði einnig á Suðurlandi, ef sérstaklega illa stæði á.

Um orðin í fyrstu skriflegu breytingunni, að togararnir skuli vera af fullkomnustu gerð, þá er ég því alveg sammála, að þeir eigi að vera af fullkomnustu gerð, þeirra er nú þekkjast, því að það er reynslan, að fullkomnustu gerðirnar borga sig í raun og veru alltaf bezt, a. m. k. í flestum tilfellum. En þetta er framkvæmdaratriði, og ég treysti því, að jafnvel þó að þessi orð kæmu ekki inn í frv., þá yrði þetta sjónarmið haft, að þeir togarar, sem keyptir yrðu eða samið yrði um smíði á, yrðu hafðir af fullkomnustu gerð.

Ég er ekki að mæla á móti þessum till. Ég skal ekkert segja um það, nema fært kynni að vera að samþ. þær eða einhverjar af þeim til samkomulags. En eins og ég hef fært rök að, þá finnst mér þær ekki breyta mjög miklu, þegar allt kemur til alls.

Það kann vel að vera, að einhvern tíma í framtíðinni geti komið atvinnuleysi hér á Suðurlandi. Við skulum vona, að það verði ekki, en hitt er víst, að nú sem stendur er ekkert atvinnuleysi á Suðurlandi, og þess vegna hefur jafnvægið í byggð landsins farið úr skorðum, að það hefur verið eftirspurn eftir vinnuafli á Suðurlandi frá öðrum landsfjórðungum, en atvinnuleysi hefur gert vart við sig í þessum þremur landsfjórðungum hinum. Og það er venjulegt að miða löggjöf við það ástand, sem ríkir á þeim tíma, þegar löggjöfin er sett, af þeirri einföldu ástæðu, að menn sjá ekki það vel fram í tímann, að það sé vel hægt að snúast við ástandi, sem ekki er komið, löngu áður en það kemur. Það væri náttúrlega gott að vera svo framsýnn að geta það, en það veitist mönnunum erfitt.

Eins og ég gat um í upphafi, þá hafa þessar till. ekki verið ræddar í fjhn., og mér finnst sjálfsagt, að fjhn. ræði þær, áður en atkvæði ganga um þær, og einnig, að hv. þm. hér í d. gefist kostur á að athuga þær nánar, áður en gengið er til úrslitaatkvæðagreiðslu. Tveir vegir eru til þess, annar er sá að fresta þessari umræðu og n. taki till. til athugunar, áður en umr. er lokið. Þessi tilhögun hefur þann galla, að hún tefur málið meira en þarf að vera. Gæti það sérstaklega orðið til einhvers baga, ef breytingar yrðu samþykktar og málið þarf að ganga aftur til hv. Nd. Hin aðferðin er sú, ef hv. flm. þessara till. vildu taka þær aftur til 3. umr., — þá skal ég lofa því sem form. fjhn. að taka þessar brtt. til meðferðar í n. fyrir 3. umr., — en frv. fengi núna við þessa umr. að ganga óbreytt til 3. umr. Ég vildi fara fram á þetta. Ég álít, að þetta sé heppilegasta tilhögunin.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég þakka hv. frsm. fyrir að vissu leyti góðar undirtektir undir þær skriflegu brtt., sem ég hef flutt hér með hv. þm. Vestm. (JJós). Hins vegar held ég, að það sé ekki rétt hjá hv. frsm., að það skipti ekki meginmáli, hvort þessar brtt. verði samþykktar eða ekki. Ég leiddi rök að því í þeirri stuttu ræðu, sem ég flutti fyrir brtt., að endurnýjun togaraflotans og aukið atvinnuöryggi fengist greiðlegar með því, að nú yrði samið um smíði 20 togara heldur en 15. Það er auðsætt, að þessi skip verða ekki öll afhent á einu eða tveimur árum. Afhending þeirra dreifist yfir nokkurt árabil, og þá er heppilegra að semja strax nú í upphafi um 20 togara heldur en 15. Segjum, að við getum fengið þessi skip, hvort heldur þau verða 15 eða 20, á 3—4 árum, við skulum segja þremur árum. Þá munar íslenzkt atvinnulíf ekki svo lítið um það að fá fimm skipum fleiri en færri.

Ég held þess vegna, að það hafi mjög raunhæfa þýðingu, að einmitt nú verði samið um þessa tölu nýrra togara, sem nefnd er í brtt. okkar hv. þm. Vestm.

Um málsmeðferðina get ég alveg fallizt á það, sem hv. frsm. sagði. Það eru tvær leiðir til í þessu, til þess að hv. n. geti athugað þessar brtt., einnig þá brtt., sem hv. þm. Vestm. flytur einn: í fyrsta lagi að fresta umr. nú og hv. n. athugi till., þar til málið næst verði tekið fyrir, sem væntanlega gæti orðið n. k. fimmtudag, eða þá að við tækjum brtt. aftur; einnig sú leið er mjög hugsanleg. En ég vil benda hv. frsm. á það, að ef hv. n. getur svo ekki fallizt á brtt. við 3. umr., þá eigum við flm. þessara till. engan kost á að flytja nýjar brtt. Við sjáum það ekki fyrr en í lok 3. umr., hver örlög okkar till. verða, og þá eigum við þess engan kost að flytja nýjar brtt., sem við kynnum að vilja flytja eða aðrir hv. þm. kynnu að vilja flytja.

Ef hæstv. forseti teldi það þess vegna ekki stefna málinu í hættu, sem ég fæ ekki séð, þá væri mér ljúfari og geðþekkari sú aðferð, ef hæstv. forseti vildi nú fresta umr., og ég skal lofa því, að ég mun ekki verða til þess að tefja þetta mál með löngum ræðum. Enn erum við staddir það snemma í desembermánuði, að engin hætta er á því, að þetta mál, sem raunverulega allir eru sammála um í höfuðatriðum, dagi uppi hér í hv. þd. eða í hv. Nd., ef einhver smábreyting yrði á því gerð og það þyrfti að fara aftur til hv. Nd.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég get þakkað hv. frsm. meiri hl. fyrir hans undirtektir undir þetta mál, svo langt sem það nær, en ég er ekki sammála honum um það, að brtt. á þskj. 112, svo að ég taki hana sérstaklega til meðferðar, breyti litlu eða engu. Í frv. er á tveim stöðum tekið fram, hvaða forgang þrír landsfjórðungar hafa fyrir einum landsfjórðungi, þ. e. hvað lánskjörin snertir. Ef keyptir eru togarar, þá er opnari leið að því að fá betri lánskjör á togurunum eða meiri styrk af hálfu ríkisstj. fyrir togara, sem keyptir eru til Vestur-, Norður- og Austurlands, heldur en til Suðurlands. Þetta er í 3. gr. Og svo í 4. gr. er þetta endurtekið,

að hurðin er opin, ekki opin nema í hálfa gátt fyrir einum landsfjórðungnum, þar sem hún er galopin fyrir þrjá landsfjórðungana, að því er snertir að fá tillit tekið til atvinnuástands á sínum stað. Það er því ekki bara í einu atriði, sem einum landsfjórðungi er þarna gert lægra undir höfði, heldur í fleiri atriðum.

Að öðru leyti er ég alveg fyllilega samþykkur hv. frsm. í því, að það væri skemmtilegra, að n. ræddi þetta. Hún hefur nú, eins og fram var tekið, ekki sérlega mikið rætt málið. Það hefur verið tekið fyrir á einum einasta fundi, og er þetta þó geysilega mikið stórmál, eins og ég vék að áður.

Hv. þm. N-Ísf. hefur bent á þann ágalla, að ef við tækjum till. aftur til 3. umr. og þær væru svo felldar hér við þá 3. umr., kæmu ekki undir atkv. núna, þá væru öll sund lokuð fyrir okkur og aðra að koma með nokkrar brtt. framar.

Ég fellst þess vegna fyrir mitt leyti mjög fúslega á fyrri till. hv. frsm. meiri hl. um að fresta málinu nú í deildinni og að það sé haldinn svo fundur um það í n., og eins og málanna gangur er enn þá í báðum deildum þingsins, þá virðist ekki vera hætta á mikilli töf á þessu máli, þó að einhver breyting væri á því gerð hér núna og því vísað til Nd. Það er engin hætta á, að það tefði málið neitt til skaða að mínum dómi.

Forseti (BSt): Mér þykir það lakara, að hv. tillögumenn að brtt. við þetta frv. vilja ekki fallast á að taka þær aftur til 3. umr., og ég get ekki fyllilega samsinnt þeirra rökum, að þeim væru allar bjargir bannaðar, því að hægt er nú að bera fram varatill. við till. En þar sem hv. tillögumenn halda við þetta, þá vil ég alls ekki hindra það, og þeir eiga heimtingu á því, að till. verði bornar upp við umr. Þá vil ég ekki koma í veg fyrir það, að fjhn. fái að taka þær til meðferðar, áður en atkv. eru um þær greidd í d., og er því málið tekið út af dagskrá og umr. frestað.

Umr. frestað.

Á 26. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Ed., 11. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 85, n. 100, 112, 118).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Ég hef mjög fátt að segja fram yfir það, sem ég sagði hér við fyrri hluta þessarar umr. Ég vil þó geta þess, að samkv. loforði tók fjhn. þetta mál til nýrrar athugunar í því hléi, sem verið hefur á umr. nú um nokkra daga, og niðurstaðan er sú, að meiri hl. n. sér ekki ástæðu til að mæla með brtt. á þskj. 112 né 118.

Ég gerði nokkra grein fyrir því við fyrri hluta umr., að ég fyrir mitt leyti áliti þessar brtt. ákaflega þýðingarlitlar, en þær höfðu ekki legið fyrir, þegar n. afgreiddi málið, og þar af leiðandi hafði ég ekki borið mig saman við aðra nm. um þetta álit þá. En nú liggur það fyrir, að álit meiri hl. n. er það sama og ég lét í ljós við fyrri hluta umr.

Brtt. á þskj. 112 eru um það að afnema þann litla mun, sem eftir er í frv. á því, hvort um er að ræða Vestur-, Norður- og Austurland eða Suðurland. Þar sem frv., eins og það er nú, útilokar á engan hátt Suðurland frá því að geta fengið eitthvað af þessum togurum, ef sérstakar ástæður mæla með því, þá telur meiri hl. n. enga þörf á þeirra hluta vegna að samþykkja þessa brtt. og ekki rétt, þar sem hér er talað um í fyrirsögn frv., að tilgangurinn sé að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og það, sem á skortir um jafnvægi í byggð landsins, er það, eins og allir vita, að fólk hefur flykkzt frá þessum þremur landsfjórðungum til Suðurlands.

Það var verið að tala um það við fyrri hluta umr., að þetta gæti allt saman breytzt, það gæti komið upp atvinnuleysi á Suðurlandi og e. t. v. orðið næg atvinna í öðrum landsfjórðungum. En ég álít, að löggjöfina verði að miða við það ástand, sem ríkir á hverjum tíma og a. m. k. fullar líkur eru til að muni ríkja áfram fyrst um sinn, því að vitanlega hefur Alþ. nóg ráð til þess að gera aðrar ráðstafanir, ef til þess arna kæmi. En ég held, að það sé nú enn minni ástæða til þess að vænta atvinnuleysis á Suðurlandi núna fyrst um sinn, þar sem, eins og allir vita, hefur verið frestað þeirri ákvörðun, að varnarherinn frá Bandaríkjunum verði látinn fara úr landi. Það virðist því engin hætta vera á neinu atvinnuleysi á Suðurlandi.

Brtt. á þskj. 118 frá hv. þm. N-Ísf. og hv. þm. Vestm. eru um annað efni, sem sé að fjölga þeim togurum, sem ákveðið er að reyna að festa kaup á, úr 15 upp í 20. Ég gerði grein fyrir því líka, að í sjálfu sér væri þetta óþarft, því að það mun ekki verða á morgun eða dagínn eftir að þetta frv. verður samþ., að það komi 15 togarar til landsins. Það hefur verið svo, þegar togarar hafa verið keyptir, að það hefur haft nokkurn aðdraganda. Og ef það breytist á þann veg, að það þykir hentugt að fá fleiri togara, þegar þessir 15 togarar eru komnir, þá er vitanlega enginn vandi fyrir Alþ. að bæta þar við, svipað og gert var, því að hin svokallaða nýsköpunarstjórn (sem ég vék nú að síðast, að væri kannske ekki réttnefni sérstaklega) gerði ráðstafanir til þess að fá hingað æði marga togara, þá gerði næsta stjórn á eftir henni einnig ráðstafanir til þess að fá viðbót. Og ég efast um, að allir hinir svokölluðu nýsköpunartogarar hafi verið komnir til landsins, þegar þær ráðstafanir voru gerðar, a. m. k. var liðinn örstuttur tími þá frá því. Og einn kost hefur það að vera ekki að gera samning um smíði mjög margra togara í einu, og hann er sá, að smíði þeirra tekur framförum ár frá ári eins og svo margra annarra tækja. Þannig munu þessir tíu togarar, sem stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar gerði ráðstafanir til að kaupa, þykja fullkomnari en þeir, sem keyptir voru áður, og þess vegna er e. t. v. ekki hyggilegt að semja um smíði mjög margra togara í einu, því að vitanlega verður þá samið um gerð þeirra og alla byggingu um leið. Svo er auðvitað annað í þessu, að ég býst við, þó að ég vilji engar hrakspár hafa í frammi um það, að

það muni ganga fullerfiðlega að fá 150 millj. kr. lán til smíði þessara togara, sem ráðgerðir eru í frv., þó að ekki sé bætt við 50 milljónum.

Ég fyrir mitt leyti held því, að það sé hyggilegast að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir, og það mun vera álit meiri hl. fjhn.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Mér þykir miður, að meiri hl. hv. fjhn. hefur ekki talið sér fært að leggja með því, að brtt. okkar hv. þm. Vestm. á þskj. 118 yrðu samþykktar við þessa umr. í hv. þingdeild. Ég fæ ekki séð, að hv. frsm. nefndarinnar, hv. 1. þm. Eyf., hafi fært nokkur minnstu rök fyrir því, að samþykkt þessara till. væri ákaflega þýðingarlítil, eins og hann komst hér að orði nú.

Hann segir, að það sé vitað, að þó að samið verði um kaup 15 togara í dag, þá muni þeir ekki koma hingað til lands á morgun. Ég segi: Einmitt vegna þessa, og það hafði ég bent á í fyrri ræðum mínum um þetta mál, — einmitt vegna þess, hve afhendingartíminn er langur á togurum, þegar samið er um kaup þeirra og smíði, er nauðsynlegt að semja um smíði og kaup fleiri skipa en gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég hef leitt rök að því hér í umræðunum um þetta mál í hv. þingdeild, að það er ekki einungis þörf margra landshluta, þar sem skortur er á atvinnutækjum, sem hér kallar á aukningu togaraflotans, heldur beinlínis endurnýjunarþörfin á togaraflotanum í heild. Við vitum, að það hafa á undanförnum árum farizt eitt og tvö skip á ári, og togarafloti landsmanna, sá sem nú er til, bæði úti á landi og hér við Faxaflóa og í Reykjavík, gengur stöðugt úr sér. Við vitum líka, að þetta eru stórvirkustu framleiðslutæki þjóðarinnar, sem standa undir útflutningsframleiðslu hennar að verulegu leyti. Þess vegna er það skammsýni og ekkert nema skammsýni að bíða þess, að þessi tæki gangi öll úr sér og verði á einu bretti ónothæf.

Hv. meiri hl. fjhn., þ. e. a. s. stjórnarflokkarnir, því að fulltrúar Sjálfstfl. í n. voru fylgjandi þessum brtt., hefur þess vegna komið fram hér af hinni mestu þröngsýni og skammsýni. Og það er rétt, að þjóðin viti, hverjir það eru, sem standa í vegi fyrir því, að á þessum málum verði tekið af skynsemi og raunsæi. Ég er búinn að ræða þetta mál það mikið, að ég sé ekki ástæðu til þess að gera það við þessa umr. frekar. En ef ske kynni, að hv. stjórnarflokkar sæju að sér og sæju, að þeir eru á rangri leið í þessu máli, þá mun ég freista þess að taka þessa brtt. aftur til 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 118 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 112,1 felld með 9:2 atkv.

3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 112,2 felld með 10:5 atkv.

4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

5.—6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 85, 118).

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins með örfáum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til þeirra brtt., sem hv. þm. N-Ísf. og hv. þm. Vestm. flytja við þetta frv., sem hér liggur fyrir til 3. umr.

Hv. þm. N-Ísf. hefur haldið margar ræður hér í deildinni um nauðsyn þess, að heimildin til skipakaupanna yrði aukin um fimm togara frá því, sem ráð er fyrir gert. Ég get verið sammála honum um það, að það komi mjög til greina, að umsóknir verði það margar um skip, að þetta frv. geti ekki fullnægt þeim öllum. Hins vegar vil ég jafnframt benda á, að það eru mörg og mikil verkefni, sem eru óleyst í sambandi við þessi kaup, í sambandi við þessi heimildarlög, og svo mikið er víst, að flokksbræður hv. þm. N-Ísf. í Nd. hafa einmitt lagt sérstaka áherzlu á efasemdir gagnvart því, að ríkisstj. væri unnt að sigrast á þeim erfiðleikum, sem eru í sambandi við málið. Þeir hafa bent á það, að lánsfjárþörfin í sambandi við þetta mál er mjög mikil, og þeir hafa látið í ljós miklar efasemdir um það, að ríkisstj. væri fært að sigrast á þeim. Það hefur verið bent á það, að miklir örðugleikar eru að fá togara smíðaða í skipasmíðastöðvum í Evrópu eða eiginlega öllum skipasmíðastöðvum, sem koma til greina, og margar þeirra væru jafnvel uppteknar til 1960. Það hefur verið bent á það líka, að miklir erfiðleikar væru í sambandi við útvegun sjómanna á þessi skip, og það hefur verið bent á, að það væri enn þá ekki gengið frá rekstrargrundvelli togaraútgerðarinnar, sem þó væri nauðsynlegt í sambandi við svona mikla aukningu á flotanum.

Ég er að vísu sannfærður um það, að ríkisstj. mun takast að fá lán til þessara togarakaupa og henni mun takast að fá þá smíðaða. En varðandi það atriði, sem er ekki síður mikilsvert, að tryggja sjómenn á þennan mikla flota, sem áætlað er að bætist við okkar skipastól, þá held ég, að það sé mikið verkefni, sem liggur fyrir Alþingi í því að tryggja þetta fyllilega, og reyndar auðséð, að það er með öllu útilokað, að við getum leyst það mál, nema frá hendi Alþingis og ríkisstj. séu gerðar mjög víðtækar ráðstafanir til þess að bæta kjör sjómannastéttarinnar, sem verður tæplega gert nema með allvíðtækri löggjöf. Og sú löggjöf er algerlega óunnið mál enn þá. Ég er viss um, að það tekst líka að sigrast á þessum erfiðleikum, en það er ekki búið núna í dag. Ég held þess vegna, að það sé að öllu leyti hyggilegra að samþ. þetta frv. eins og það nú liggur fyrir og láta næstu mánuði skýra það betur, hvort þessir erfiðleikar, sem ég hef minnzt á, leysast. Og að þeim leystum skal ég verða fyrsti maður til þess að styðja þm. N-Ísf., ef hann verður þá sama sinnis og hann er nú, um það að bæta við. Það skal ekki standa á mér til þeirra hluta.

Ég tel líka ástæðu til þess að benda á það, að með þessu frv. er ekki á nokkurn hátt verið að koma í veg fyrir, að það séu keypt fleiri skip til landsins en gert er ráð fyrir í frv., og ég býst við því, að allir hv. dm. muni, að það eru

aðeins örfáir dagar síðan verið var að samþ. aðstoð frá hendi ríkisins til eins sérstaks togara, og ég tel alveg öruggt, að það sé auðleyst mál í svipuðum tilfellum, að aðstoð Alþingis og aðstoð ríkisstj. komi til, þegar svipað stendur á um algerlega nauðsynlega endurnýjun á flotanum. Það er heldur ekki hægt að fullyrða um það, að öllum þeim, sem þurfa á nýjum togurum að halda, sé nauðsynleg svo mikil aðstoð eins og felst í þessu frv., og áreiðanlega, sem betur fer, eru margir af þeim, sem koma til greina þannig, sem eru færir um að leggja meira fram en gert er ráð fyrir í þessu frv.

Ég ætla nú ekki að fara á nokkurn hátt að gera lítið úr vilja hv. þm. N-Ísf. og heilindum í þessu máli, en ég vil jafnframt benda á, að heilindin eru ekki jafnmikil hjá hans flokki. Ég minnist þess, að þegar þetta mál lá fyrir hv. Nd., sátu ýmsir af þm. Sjálfstfl. hjá við atkvgr. Einn þeirra greiddi atkv. á móti frv. í heild, og sex, að mig minnir, greiddu atkv. á móti því, að farið væri út í ríkisútgerð togara, en margir af hv. þm. þessa flokks flúðu til dyra, þegar kom að því að greiða atkv. um málið í heild sinni. Ég vil álíta, að heilindin séu meiri hjá hv. þm. N-Ísf. en almennt er hægt að álykta út frá afstöðu hans flokks.

Það er nú svo, að Sjálfstfl. hefur, þangað til þessi ríkisstj. tók við völdum, haft með sjávarútvegsmálin að gera um alllangt skeið, en á öllum þeim tíma hefur enginn einasti togari verið keyptur til landsins. Það hefur ekki verið keyptur togari til landsins á níunda ár, og mest af þeim tíma a. m. k. hefur Sjálfstfl. farið með sjávarútvegsmálin. Þess vegna finnst manni það í aðra röndina vera svolítið broslegt, þegar fulltrúi þessa flokks í þessari deild telur sig vera kjörinn talsmann til þess að bæta við, þegar í fyrsta skipti um langt árabil er gert stórkostlegt átak til þess að auka flotann, raunverulega að ýmsu leyti mesta átakið, sem nokkurn tíma hefur verið gert, eða a. m. k. núna síðan á tímum nýsköpunarstjórnarinnar sælu, til þess að auka atvinnuna úti um landsbyggðina.

Í þessu sambandi vil ég líka benda á það, að leysist þeir erfiðleikar, sem ég hef von og reyndar fulla vissu um að gerist í sambandi við þessi kaup, þá álít ég líka, að það komi til fullkominnar athugunar, hvort atvinnumál ýmissa staða, sem þarna þarf sérstaklega úr að bæta, verði ekki betur leyst með því að fjölga bátunum, en síður togurunum. Ég held, að það sé mál, sem alls ekki er fullkomlega rannsakað. Það er kunnugt öllum, sem til þekkja úti á landsbyggðinni, að þar eru fjöldamargir staðir og margir þeirra, sem mest eru þurfandi fyrir aukna atvinnu, sem hafa ekki aðstöðu til að taka á móti togurunum, hafa ekki aðstöðu til þess að vinna afla togara, en hins vegar mundi nýtast þar fyllilega afli báta, og koma þar til hafnarskilyrði, vinnsluskilyrði í frystihúsum og ýmislegt því um líkt. Í sambandi við aukningu frá því, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., þá tel ég nauðsynlegt, að það mál sérstaklega sé íhugað gaumgæfilega.

Viðvíkjandi togaraútgerðinni, — þó að það komi ekki þessum brtt. alveg beinlínis við, — sem gert er ráð fyrir í frv., þá get ég bara norðanlands talið upp staði eins og Dalvík, Hrísey, Ólafsfjörð, Sauðárkrók, Raufarhöfn, Hólmavík, Hvammstanga, Skagaströnd og Hofsós. Þetta eru allt saman staðir, þar sem forustumennirnir hafa lagt á það sérstaka áherzlu að fá fisk úr togurum til vinnslu, en verður að gera ráð fyrir, að hafi ekki möguleika til þess að nota sér ákvæði þessa frv. um að kaupa togara. Af þessum ástæðum er það, sem ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar hefur þótt nauðsynlegt að setja ákvæðin um togaraútgerðina inn í. Og ég vil líka benda á það, að þessum stöðum er einmitt sérstök nauðsyn á aukningu togaraflotans og á ríkisútgerðinni, vegna þess að aflinn á heimamiðunum hefur minnkað svo óskaplega, að ég geri fastlega ráð fyrir því, að menn geri sér ekki almennt grein fyrir því. Sem lítið dæmi um þetta get ég nefnt það, að meðalafli báta frá Hólmavík hefur á síðustu 9 árunum lækkað úr 4.9 lestum í róðri niður í 2.6, og þetta er bein afleiðing af þeirri tilhögun, sem höfð var um útfærslu landhelginnar, sem þýddi það raunverulega, að togaraflotanum var beint meira á fiskimiðin fyrir norðan, svo að hann myndar algerlega varnargarð fyrir því, að fiskigöngurnar geti gengið inn á bátamiðin. Talsvert öðru máli er að gegna um austursvæðið á Norðurlandi, þar sem aflasæld er yfirleitt talsvert miklu meiri og bátar gætu þess vegna komið að meira liði.

Öll þessi mál eru núna, eftir því sem ég bezt veit, til íhugunar í nefnd, sem vinnur fyrir ríkisstj., í atvinnutækjanefndinni, og ég tel alveg sjálfsagt, að henni gefist tími til þess að ganga frá frekari till. en gert er ráð fyrir í frv. Og ég tel, að það geti farið svo, að það þyrfti ekki einu sinni að bíða til loka þessa þings, að það væri gert enn stærra átak en gert er ráð fyrir í frv., enda þótt ekki verði hlaupið eftir till., sem maður verður út frá fyrri reynslu og aðstæðum að skoða sem yfirboðstillögur.

Ég held, að þetta sé það helzta, sem ég vildi taka fram í sambandi við afstöðu mína til málsins. En ég vil bara ítreka það í sambandi við frv. í heild sinni, að hér er um stóra hluti að ræða, einkum í sambandi við þann landshluta, þar sem ég er kunnugastur. Í kaupstöðunum frá Reykjarfirði á Ströndum og til Þórshafnar eru 9 þúsund íbúar, og daglaunafólk á þessu svæði er um hálft fimmta þúsund. 12 hundruð af þessu daglaunafólki verða að hrekjast, vil ég segja, frá heimilum sínum yfir vetrarmánuðina og leita sér atvinnu hér á Suðurlandi, sem verður því að mjög mörgu leyti miklu óhagstæðari en atvinnan gæti orðið heima fyrir. En þrátt fyrir það eru eftir meira en 3000 manns, sem býr við nær því algert atvinnuleysi yfir vetrartímann og stopula atvinnu yfir sumarið, fólk, sem af ýmsum ástæðum hefur ekki aðstöðu til þess að flytja sig á milli landshluta eftir árstíðum. Og það er ekki neitt smáræðisátak að fá þessu fólki öllu saman nægileg verkefni í hendur og ekki smávægileg þýðing, sem það hefur fyrir þjóðfélagið að nota starfskrafta þess til fullnustu. Ég tel, að þetta frv. í heild sinni sé stærsta átakið, sem hefur verið gert síðasta áratuginn til þess, að svo mætti verða.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég hef áður við umr. um þetta mál hér í hv. þd. gert grein fyrir þeim brtt., sem fyrir liggja á þskj. 118 og fluttar eru af mér og hv. þm. Vestm. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til þess að fara að endurtaka þau rök, sem ég hef áður flutt fram fyrir brtt. En ræða hv. 8. landsk. hér nú við þessa umr. gefur mér tilefni til stuttra athugasemda.

Ég heyrði nú ofan í hv. þm., að hann vildi mjög gjarnan geta greitt atkv. með þessum brtt., og í raun og veru var auðsætt, að samvizka hans sagði honum, að hann ætti að fylgja brtt. Hins vegar mun hæstv. *ríkisstjórn hafa tekið* þá ákvörðun að láta þetta frv. sitt fara óbreytt í gegnum hv. þingdeild, og hv. 8. landsk. hefur orðið að fylgja þeirri dagskipan, sem út hefur verið gefin.

Hv. þm. kallaði þessar brtt. yfirboðstillögur. Þrátt fyrir það lýsti hann því yfir, að svo kynni að fara, að ekki þyrfti að bíða nema til loka þessa þings eftir tillögum um frekari aðgerðir til eflingar togaraútgerð í landinu. Hann gerði því hreinlega skóna, að frá atvinnutækjanefnd kynnu að koma tillögur um frekari heimildir til kaupa og smíði á nýjum togurum. Hann var sem sagt gersamlega sammála mér um það, að svo kynni að fara, að eftirspurnin eftir nýjum togurum yrði það mikil, að nauðsynlegt yrði að semja um smíði eða kaup á fleiri skipum en gert er ráð fyrir í frv.

Ég fæ ekki betur séð en að hv. frsm. sjútvn. í þessu máli hafi gersamlega viðurkennt mín rök. Það eina, sem hann segir, er þetta gegn mínum tillögum: Ríkisstj. hefur ákveðið, að frv. skuli fara óbreytt að þessu sinni í gegnum Alþ., og þess vegna mun ég og stjórnarliðið allt greiða atkv. gegn þessum brtt. (**Forseti:** Hér er ekki um frsm. sjútvn. að ræða.) Við þessa umr. virðist hv. 8. landsk. a. m. k. hafa mælt fyrir munn hæstv. ríkisstj. og flokka hennar. (**Forseti:** En ekki sjútvn. Frumvarpið var ekki hjá sjútvn.) Nei, það mun hafa verið frá fjhn., það er rétt hjá hæstv. forseta. En hv. 8. landsk. hefur talað hér fyrir hönd stjórnarliðsins, svo að það má líta á hann sem nokkurs konar framsögumann í þessu máli við þessa umr.

Það er líka dálítið einkennilegt að heyra hv. 8. landsk., sem tilheyrir, eins og kunnugt er, kommúnistaflokknum, leggja megináherzlu á það nú í sambandi við þetta mál, hversu miklir erfiðleikar séu í vegi þessara skipakaupa. Hann dró hér upp mynd af mörgum ljónum, sem væru á veginum. Ég veit ekki betur en að á undanförnum árum hafi flokksmenn þessa hv. þm. flutt frumvörp og tillögur um aukningu togaraútgerðar og talið þá enga erfiðleika vera á veginum, talið auðvelt og það mjög auðvelt að fá lán og að fá samið um smíði á skipum. Nú allt í einu eru ótal ljón á veginum og ekki hægt að fjölga úr 15 togurum upp í 20, eins og gert er ráð fyrir í þeirri brtt., sem hér liggur fyrir.

Það er náttúrlega óþarfi að fara að rökræða við hv. 8. landsk. um heilindi sjálfstæðismanna gagnvart kaupum á togurum. Það veit öll þjóðin og það veit allt hv. Alþ., þessi hv. þm. líka, að þeir rúml. 40 togarar, sem nú eru til í landinu og gerðir eru út og eru stórvirkustu framleiðslutæki þessarar þjóðar, eru keyptir hingað til lands fyrir frumkvæði og undir forustu sjálfstæðismanna. Það er þess vegna algerlega óþarfi fyrir hann að draga nokkuð í efa heilindi sjálfstæðismanna gagnvart kaupum á slíkum atvinnutækjum til landsins. Verkin sýna þar bezt merkin. Hitt er svo auðvitað ekkert óeðlilegt, að fram komi ýmsar efasemdir, t. d. hjá sjálfstæðismönnum í hv. Nd., eins og einnig hafa komið fram í þessari hv. þd., gagnvart þeirri nýbreytni, sem í frv. felst, að lagt er til, að hafizt verði handa um ríkisútgerð togara. Það er meginskoðun okkar sjálfstæðismanna, að *heppilegra sé, að einkaframtakið og* félagsframtakið annist atvinnuframkvæmdir í landinu. Hins vegar höfum bæði ég og fleiri lýst því yfir, að þar sem einkaframtakið og félagsframtakið brestur bolmagn til þess að tryggja atvinnu- og afkomuöryggi fólksins, þar verði hið opinbera að hlaupa undir bagga. Og það er einmitt það, sem gerðist, eins og ég benti á við 1. umr. þessa máls, þegar samið var um smíði nýsköpunartogaranna á sínum tíma, enda þótt þá væri ekki efnt til ríkisútgerðar á þessum skipum. Ríkisvaldið veitti fjármagni í stærri stíl en nokkru sinni fyrr út um landið til þeirra byggðarlaga, sem skorti þessi atvinnutæki, en höfðu ekki efnahagslegt bolmagn til þess að kaupa þau.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara miklu fleiri orðum um þetta mál. Það er orðið útrætt. Það hefur komið í ljós, að hv. stjórnarflokkar ætla að snúast gegn þessum brtt. Þeirra aðalmálsvari hér í málinu lýsir því að vísu yfir, að svo kunni að fara, að upplýsingar liggi fyrir um það í lok þessa þings, að nauðsynlegt sé að kaupa fleiri skip en gert er ráð fyrir í frv. Samt sem áður, þrátt fyrir þessa yfirlýsingu, lýsir hann yfir andstöðu sinni og stjórnarliðsins við till., þar sem lagt er til, að nú þegar í upphafi verði samið um smíði á 20 togurum í stað 15.

Ég er þess fullviss, að reynslan á eftir að sýna það, að þessar till. okkar sjálfstæðismanna hafa við fyllstu rök að styðjast, og hv. stjórnarflokkar hafa þegar með sínum eigin rökum afsannað sína eigin staðhæfingu um, að þetta séu yfirboðstillögur. Þetta eru raunhæfar tillögur, miðaðar við þörfina á líðandi stund, en einnig horft fram á veginn.

Forseti (BSt): Vegna þess, að hæstv. forsrh. getur ekki verið viðstaddur þessar umr. og jafnvel kynni að vera þörf á, að sú nefnd, fjhn. þessarar hv. d., sem hafði þetta mál til meðferðar, athugi það nánar, — ég fullyrði ekki, að hún telji sig þurfa þess, en það kynni að vera, — þá er umr. frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 29. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Ed., 18. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 118 felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SB, SÓÓ, FÞ, JK.
nei: SE, AG, BjörgJ, BjörnJ, FRV, FS, HermJ, KK, PZ, BSt.
3 þm. (GTh, HG, JJós) fjarstaddir.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 156).

8. Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði 1957.

Á 30. fundi í Ed., 17. des., var útbýtt:
Frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1957 [86. mál] (stjfrv., A. 145).

Á 31. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það má nú öllum ljóst vera, að hv. Alþingi lýkur ekki setningu fjárlaga fyrir áramót. Á hinn bóginn er ómögulegt að komast af án þess að hafa heimild til að greiða venjuleg rekstrargjöld, þótt fjárlög séu ekki sett. Þess vegna hefur þetta frv. verið samið og er nú lagt fyrir hv. Alþingi. Það er nákvæmlega sama efnis og þau frv., sem áður hafa hér verið lögð fram, þegar eins hefur staðið á og nú um afgreiðslu fjárlaga. Vænti ég, að hv. d. fallist á að afgreiða frv.

Ég sé ekki ástæðu til að gera uppástungu um að vísa málinu til nefndar, þar sem hér er um svo einfalt mál að ræða, og raunar mun ekki hafa verið venja að vísa hliðstæðum málum til nefndar áður. Þó geri ég þetta að sjálfsögðu ekki að neinu kappsmáli, og ef einhver stingur upp á því að vísa frv. til hv. fjhn., mun ég ekki hafa á móti því.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 34. fundi í Ed., 19. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 145, 158).

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. getur ekki verið hér viðstaddur, en hann hefur flutt brtt. við þetta frv. á þskj. 158. Brtt. er um það, að í staðinn fyrir, að í frv. stendur, að bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði séu heimilaðar til 31. jan. næsta ár, þá komi: til 28. febr. næsta ár.

Ástæðan til þess, að þessi brtt. er fram borin, er sú, að sýnt þykir, að fjárlög verði ekki afgreidd í janúarlok. Það mun standa til, að hæstv. ríkisstj. flytji till. nú fyrir jólin um það, að þinginu verði frestað til 21. janúar, og verði hún samþ., er það auðsætt, að fjárlög verða ekki afgreidd á tíu dögum. En jafnvel þó að þessi till. um þingfrestun yrði ekki samþ. og frestunin yrði aðeins venjulegt jólafrí og þingið hæfist aftur þegar upp úr áramótunum, finnst mér það mjög ólíklegt, að tími ynnist til að afgreiða fjárlög á einum mánuði. Þess vegna held ég, að það sé alveg nauðsynlegt að samþ. þessa brtt. við frv.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Frv. eða frumvörp svipuð því, sem hér liggur fyrir, hafa stundum áður verið lögð fram af hálfu hæstv. ríkisstj. undanfarin ár. Ég geri ráð fyrir því, að ekki verði talið óeðlilegt, að þessi háttur verði á hafður nú, að ríkisstj. verði veitt sú heimild, sem frv. fer fram á, þar sem auðsýnt er nú, að ekki verður unnt að ljúka afgreiðslu fjárlaga fyrir áramót. Það er auðsætt, að meðan ekki er fyllilega séð, hverjar leiðir verða farnar til lausnar ýmsum vanda í efnahagsmálum þjóðarinnar, þá er erfitt um vik að undirbúa fjárlög eða ganga frá fjárlögum. Ég geri þess vegna ráð fyrir, að eðlilegt verði talið, að þetta frv. verði samþykkt.

En ég get ekki látið þetta mál fara svo út úr þessari hv. d., að ég minni ekki á það, sem gerðist hér á hv. Alþ. á s. l. ári. Þá stóð einnig þannig á, að í undirbúningi voru ráðstafanir til stuðnings útflutningsframleiðslunni. Þeim ráðstöfunum eða undirbúningi þeirra var þá ekki lokið fyrir áramót. Af hálfu Sjálfstfl. var því þá haldið fram, að ekki væri unnt að afgreiða fjárlög, meðan þannig stæði á, það yrði að tengja saman fjárlagaafgreiðsluna og afgreiðslu almennra ráðstafana til stuðnings útflutningsframleiðslunni. Flokkur hæstv. fjármálaráðherra, þáverandi fjmrh. og núverandi fjmrh., tók þessari afstöðu Sjálfstfl. þá með fullum fjandskap. Í blöðum Framsfl. voru sjálfstæðismenn dregnir til ábyrgðar fyrir það, að ekki tækist að ljúka fjárlagaafgreiðslu fyrir jól. Það var deilt mjög harðlega á sjálfstæðismenn fyrir þetta og það talið sýna ábyrgðarleysi þeirra í fjármálum, að þeir skyldu ekki vilja verða við þeirri sjálfsögðu kröfu fjmrh. að hjálpa honum til þess að ljúka fjárlagaafgreiðslu fyrir jól.

Nú gerist það, að hæstv. fjmrh. sjálfur leggur einu ári seinna fram frv. um nákvæmlega þá málsmeðferð, sem sjálfstæðismenn töldu eðlilega í fyrra, en voru þá svívirtir fyrir af hv. framsóknarmönnum.

Ég tel rétt, að þetta komi fram nú, áður en þetta mál fer út úr hv. þingdeild. Það er alveg óþarfi að láta slík veðrabrigði sem orðið hafa hjá hæstv. fjmrh. og flokki hans liggja í láginni. En það sýnir bara, að hv. framsóknarmönnum finnst sér stundum sjálfum leyfilegt að gera ýmislegt, sem þeir telja öðrum til áfellis. Þegar sjálfstæðismenn benda á það, að eðlilegt sé, að fjár-

lagaafgreiðsla og undirbúningur ráðstafana til stuðnings útflutningsframleiðslunni fari saman á árinu 1955, þá á það að þýða ábyrgðarleysi og annað verra af þeirra hálfu í munni framsóknarmanna. Þegar þeir sjálfir telja rétt að hafa þennan hátt á, þá sýnir það auðvitað ábyrgðartilfinningu og glöggan skilning á því, hvernig á að halda á málum og hvernig á að láta mál ganga fram.

Ég skal ekki orðlengja um þetta frekar, en endurtaka það aðeins, að við sjálfstæðismenn teljum það eðlilegt nú, eins og við töldum það eðlilegt á s. l. ári, að þetta tvennt haldist í hendur, afgreiðsla fjárlaga og endanlegar ráðstafanir til stuðnings útflutningsframleiðslunni, sem hafa stórkostleg áhrif að sjálfsögðu á allan hag og afkomu ríkisins. Auk þess má á það benda, að meðan unnið hefur verið að undirbúningi þeirra ráðstafana, sem lagt hefur verið fram frv. um í dag, hefur fjvn. alls ekki getað sinnt störfum sínum eins og þurft hefði, ef átt hefði að afgreiða fjárlög fyrir jól.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Út af því, sem hv. þm. N-Ísf. (SB) sagði, hef ég ekki margt fram að taka. Hann virtist vera því meðmæltur, að þetta frv., sem fyrir liggur, yrði samþ. og að mér skildist einnig sú brtt., sem fram var borin frá hæstv. fjmrh., og erum við að því leyti sammála.

Það, sem hann hafði að segja, var um það, að Framsfl. liti öðruvísi á þetta mál en í fyrra, því að þá hefði hann ekki viljað fresta afgreiðslu fjárlaga fram yfir áramót, eins og Sjálfstfl. vildi þá bíða eftir þeim ráðstöfunum, sem gerðar yrðu í efnahagsmálum.

Ég held, að í þessu gæti nokkurs misskilnings hjá hv. þm. Það voru nefnilega allt aðrar ástæður fyrir hendi í fyrra en nú.

Í fyrsta lagi er það, að nú er svo komið, að það er með öllu óframkvæmanlegt að afgreiða fjárlög fyrir áramót. Það er kominn 19. des., og það sjá allir, að ekki er hægt að afgreiða fjárlög fyrir áramót tímans vegna, hreint og beint. En í fyrra var þetta hægt. Nál. fjvn. eða meiri hl. hennar í fyrra er dags. 9. des. og brtt. hennar voru komnar nokkru áður. Og 2. umr. fjárl. fór fram og tími var til þess að hafa 3. umr. fjárl. einnig. Nú liggur ekkert nál. fyrir frá hv. fjvn. og engar brtt. við fjárlagafrv.

Í annan stað er það, að að ráði og tillögu hæstv. ríkisstj. í fyrra var sá háttur hafður á, að ráðstafanirnar í efnahagsmálum voru afgreiddar þannig, að það kom ekki beinlínis fjárl. við. Það voru samþykktir sérstakir tekjustofnar, sem runnu í sérstakan sjóð, en ekki í ríkissjóðinn, og þær ráðstafanir voru óháðar afgreiðslu fjárl.

Samkv. því frv., sem útbýtt var í dag, þá er það sýnilegt, að ef farið verður eftir till. hæstv. ríkisstj., taka ráðstafanirnar beinlínis til fjárl. fyrir árið 1957, þannig að það er reginmunur á þessu tvennu. Það er því ekkert ósamræmi í því að sjá ekki veg til þess að afgreiða fjárlög nú samhliða þessum ráðstöfunum og að vilja láta afgreiða fjárlög í fyrra fyrir áramót.

Annars skal ég taka það fram og hef tekið það fram áður hér á þingi, að mér finnst það, hver sem í hlut á, vera mjög óviðfelldið að afgreiða ekki fjárlög áður en það ár gengur í garð, sem þau eiga að gilda fyrir. Ég álít, að allir ættu að fylgjast að um að stuðla að því, að svo gæti orðið.

Hér hefur líka, að því er þessar ráðstafanir snertir, verið hafður nýr háttur á, að þessi ríkisstj. hefur staðið í miklum samningum við aðalatvinnustéttir landsins um þær ráðstafanir, sem hugsað var til að gera, meiri samningum en fyrrverandi stjórnir hafa staðið í. Og það vita allir, hversu tafsamt slíkt er, að standa í slíkum samningum. Eins það, að ýmsar rannsóknir þurftu að fara fram, áður en hægt var að semja ákveðnar till. í þessu efni. Það er líka alltaf erfiðara fyrir nýja ríkisstj. að afgreiða mál og hafa þau tilbúin en fyrir ríkisstj., sem setið hefur árum saman og yfirleitt leggur til, að það sé framlengt, sem áður hefur verið, eins og aðallega var nú í fyrra, þó að framleiðslusjóðurinn væri að vísu nýmæli.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar. Þetta er aukaatriði um liðna tíð. En ég er í raun og veru alveg sömu skoðunar og í fyrra: Það ætti og hver stjórn, sem við völdin situr, að kappkosta það, að fjárlög gætu verið afgreidd fyrir áramót, auk þess sem auðvitað ætti að haga þingtímanum svo, að ekki væri þessi sífellda pressa rétt fyrir jólin að afgreiða mál.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir, að allir hv. þdm. séu sammála hv. 1. þm. Eyf. (BSt) um það, að æskilegt sé, að fjárlög séu afgreidd fyrir áramót, eins og til er ætlazt, að fjárhagsáætlun ríkissjóðs hafi verið gerð fyrir fram fyrir það ár, sem hún á að gilda á. Við vitum hins vegar ástæðurnar fyrir því, að frá þessari meginreglu stjórnarskrár hefur orðið að víkja á undanförnum árum. Atvinnuvegir landsmanna og þá fyrst og fremst útflutningsframleiðslan hefur um mörg undanfarin ár verið komin í þrot um áramót, og allt hefur verið komið í harðan hnút, ef svo mætti að orði komast, og margvísleg vandkvæði á því að sætta þau sjónarmið, sem leiða hefur þurft saman, þannig að heildarsamkomulag tækist um ráðstafanir til þess að tryggja rekstur atvinnutækjanna. Þannig hefur þetta verið á undanförnum árum, og þannig er þetta nú.

Ég vakti athygli á því hér í dag, að á s. l. ári, þegar sjálfsagt var talið og eðlilegt að tengja saman afgreiðslu fjárlaga og undirbúning ráðstafana í dýrtíðarmálunum, hefði flokkur hæstv. fjmrh., þáverandi og núverandi, beint hörðum ádeilum að Sjálfstfl. og talið hann sýna ábyrgðarleysi og þvermóðsku með því að telja nauðsynlegt, að afgreiðslu fjárlaga yrði frestað fram yfir áramót. Ég fæ ekki séð, að þetta byggist á neinum misskilningi, þegar ég held því fram, að það sé ósamræmi í málflutningi hv. framsóknarmanna nú frá því, sem var í fyrra, þegar þeir telja það nú sjálfsagt og eðlilegt, að slík frestun sé um hönd höfð.

Hv. 1. þm. Eyf. sagði hér áðan, að allt öðru máli gegndi nú vegna þess, að óframkvæmanlegt væri að afgreiða fjárlög fyrir áramót, kominn væri 19. des. og það væri ekki hægt tímans vegna. Vitanlega er ekki hægt að afgreiða fjár-

lög, úr því sem komið er. Þó að hæstv. ríkisstj. og fjvn. tæki sig til í dag og tækju að vinna af kappi að afgreiðslu fjárlaga fyrir áramót, þá væri það naumast „tekniskt“ séð framkvæmanlegt. En vegna hvers? Vegna þess að starf fjvn. hefur í allt haust verið miðað við það, að fjárlög yrðu ekki afgreidd fyrir áramót. Í fyrra var starf fjvn. miðað við það meiri hluta haustsins, að fjárlög yrðu afgreidd fyrir áramót og að ráðstafanir, sem gera þyrfti til stuðnings framleiðslunni, yrðu einnig afgreiddar fyrir áramót. Það kom hins vegar í ljós á síðustu dögunum fyrir jól, að ekki var hægt að ná samkomulagi milli þeirra aðila, sem samkomulag þurfti að fá við, um nauðsynlegar ráðstafanir í dýrtíðarmálunum og til stuðnings framleiðslunni. Þess vegna varð að fresta afgreiðslu fjárlaga þá. Það má raunar segja, að núna sé að vissu leyti hægra um vik að afgreiða fjárlög fyrir jól og fyrir áramót, vegna þess að nú virðist þó í aðalatriðum hafa tekizt nauðsynlegt samkomulag milli ríkisstjórnarinnar og framleiðenda og ýmissa fleiri starfsstétta um nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja rekstur útgerðarinnar, vélbátaflotans og togaranna. Að því leyti til ætti að vera auðveldara að afgreiða fjárlög nú fyrir jól. Hins vegar er það alveg rétt, sem hv. 1. þm. Eyf. benti á, að það er ýmislegt í sambandi við þessar ráðstafanir, sem er í svo nánum tengslum við fjárlögin, að ómögulegt hefur reynzt að afgreiða fjárlög nú, eins og þó hlýtur jafnan að vera stefnt að, að afgreiða fjárlög fyrir áramót. Og ég segi fyrir mig, að ég fellst að verulegu leyti á þau rök, sem hann flutti fram í þeim efnum, þó að ég fái ekki séð, að það sé neitt ósamræmi í minum málflutningi eða að hann byggist að neinu leyti á misskilningi, þegar ég bendi á, hversu allt aðra afstöðu flokkur hv. 1. þm. Eyf. hefur nú til afgreiðslu fjárlaga en hann hafði í fyrra. Ég veit raunar, að hann er það sanngjarn maður, að hann skilur það, að í fyrra var ekki um neitt annað að ræða en pólitískt hrekkjabragð af hálfu annars stjórnarflokksins, Framsfl., hann taldi, að það væri óvinsælt hjá þjóðinni að fresta afgreiðslu fjárlaga fram yfir áramót, og það er það kannske líka í dag. Og þá var um að gera að skella bara skuldinni á Sjálfstfl. Ég skal ekki fara að ræða hér almennt um stjórnmál, en ég álít, að þetta hafi ekki verið drengileg vinnubrögð af hálfu okkar ágætu samstarfsmanna á s. l. ári.

Að lokum vil ég svo aðeins minna á, að það er misskilningur hjá hv. 1. þm. Eyf. og hjá fleiri mönnum, sem fram hefur komið í sambandi við það frv., sem nú er nýframkomið um ráðstafanir í dýrtíðarmálunum, að það sé fyrst nú, sem hafi verið leitað til hinna ýmsu atvinnustétta um samráð í sambandi við afgreiðslu dýrtíðarráðstafana. Ég veit, að hann er búinn að vera það lengi hér á hv. Alþingi, að hann veit, að þetta er ekki rétt. Það hefur á undanförnum árum þráfaldlega — og ég verð að segja þann stutta tíma, sem ég hef átt sæti hér á hv. Alþingi, s. l. 14 ár, þá hygg ég, að það hafi jafnan verið háttur ríkisstjórna að leita til ýmissa hagsmunasamtaka, þegar sett hefur verið löggjöf, sem mjög hefur snert hagsmuni þeirra, og ekki sízt almennar dýrtíðarráðstafanir og ráðstafanir til þess að tryggja rekstur framleiðslunnar. Ég minnist t. d. 1950, þegar gengisbreytingarlögin voru sett, sem í fólust víðtækar ráðstafanir til sköpunar jafnvægis í efnahagsmálum þjóðarinnar, að þá átti þáverandi ríkisstj., bæði minnihlutastjórn Sjálfstfl. og hin nýja samsteypustjórn Sjálfstfl. og Framsfl. undir forsæti Steingríms Steinþórssonar, miklar og langar viðræður við Alþýðusamband Íslands og stjórn þess, og það voru meira að segja tekin út úr frv. þýðingarmikil ákvæði fyrir beiðni verkalýðssamtakanna. Ég man t. d. sérstaklega eftir einu ákvæði, sem var eitt af þýðingarmestu ákvæðum þess frv., að því er þeir menn töldu, sem það höfðu undirbúið, ákvæðið um það, að gengisskráningin skyldi vera í höndum bankanna, en ekki Alþingis. Það var tekið út úr þeirri löggjöf fyrir beina ósk verkalýðssamtakanna. Og ýmsar fleiri breytingar voru gerðar á þeirri löggjöf og ýmis ný ákvæði tekin inn í hana eftir langvarandi viðræður og samninga milli ríkisvaldsins og verkalýðssamtakanna.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta mál frekar. En af því að hv. 1. þm. Eyf. minntist á þetta, þessi samráð við verkalýðssamtökin, vil ég sem sagt endurtaka, að það er ekki nýtt. Það hefur oft verið gert áður, og það væri undantekning frá reglunni, ef það hefði ekki verið gert nú. Hins vegar verð ég að segja það, að það er ákaflega hæpin virðing við Alþingi og má ákaflega mikið draga það í efa, að það sýni réttan skilning á hlutverki og aðstöðu Alþingis í þjóðfélaginu, ef það á að bíða viku eftir viku, kannske mánuð eftir mánuð eftir því, að verið sé að ræða ráðstafanir við alls konar hagsmunasamtök úti í þjóðfélaginu, en svo sé slíkum geysiþýðingarmiklum ráðstöfunum slengt inn í Alþingi og til þess ætlazt, að það sporðrenni þeim á tveimur eða þremur dögum. Mér sýnist það einmitt vera að gerast hér nú, að það er búið að ræða þær ráðstafanir, sem felast í þessu svokallaða bjargráðafrv. hæstv. ríkisstj., vikum og jafnvel mánuðum saman í alls konar hagsmunasamtökum úti í þjóðfélaginu. Ég er ekkert að fara neinum óvirðingarorðum um þau, nema síður sé, þau eiga fullan rétt á sér. En þegar þetta mál er svo lagt fyrir Alþingi, þá hefur það, að mér skilst, 3 daga til þess að ræða það og afgreiða það sem lög. Mér er næst að halda, að með þessu sé verið að fara aftan að hlutunum. Ég vil ekki vanmeta það, að haft sé samráð við stéttasamtök af hálfu löggjafans. Það getur verið nauðsynlegt og gagnlegt til þess að tryggja framkvæmd löggjafar. En ég tel óvirðingu við Alþingi að ætlast til þess, að það fjalli í örfáa daga um mál, sem er jafnþýðingarmikið og viðurhlutamikið og það mál, sem hér er um að ræða, og öllum öðrum en löggjafanum sjálfum ætlaður miklu lengri og betri tími til þess að fjalla um það, auk þess sem ég fæ ekki betur séð en að það sé ákaflega lítið tillit tekið til stjórnarandstöðunnar á Alþingi.

Þetta er annað mál, sem ég skal ekki fara að fjölyrða um hér, en hv. 1. þm. Eyf. gaf mér tilefni til þess að minnast lauslega á í þeirri ræðu, sem hann flutti hér áðan.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég nenni nú ekki að fara að halda uppi miklum rökræðum um þetta, sem hér hefur verið til umr. um söguleg atriði viðvíkjandi þessum málum. Ég held, að hv. þm. N-Ísf. hafi ekki fært rök að því, að ég hafi misskilið mikið í þessu máli. Hann var að bera af sér, að hann hefði misskilið. Ég bar það ekkert á hann, að hann hefði misskilið mig, ég bara benti á, að það væru ólíkar aðstæður nú og í fyrra að þessu tvennu leyti.

Í fyrsta lagi: Í fyrra var framkvæmanlegt að afgr. fjárlögin, en nú er það ekki, eins og hann játaði sjálfur. Í öðru lagi, að þær ráðstafanir, sem gerðar voru út af atvinnuvegunum, snertu ekki fjárlögin, þannig að það hefði verið hægt, eins og þær ráðstafanir voru, að afgreiða þau þrátt fyrir það þótt þær ráðstafanir væru ekki gerðar fyrir áramót. Í þriðja lagi mætti kannske láta sér detta í hug, að það hefði verið hægt að koma sér niður á þessar ráðstafanir fyrir áramót í fyrra. Um það skal ég ekki fjölyrða. Að hinu leytinu erum við alveg sammála um það, að æskilegast væri, og það ætti að sjálfsögðu að vera meginregla, sem ekki væri út af brugðið nema í ýtrustu neyð, að fjárlög væru afgreidd fyrir áramót. Um það vona ég að við séum sammála.

Þó að ég talaði ekki mikið um misskilning hv. þm. í ræðu minni áðan, þá held ég, að nú hafi komið fram hjá honum nokkur misskilningur eða misminni, þegar hann var að tala um þá samninga, sem farið hefðu fram nú á milli ríkisstj. og ýmissa stéttarsamtaka, og það held ég að ég megi fullyrða, að það er nýmæli, að svo ýtarlega hafi verið samið við jafnvíðtæk stéttarsamtök og nú hefur verið gert. Það er alveg rétt, sem hann sagði, að þegar gengislögin voru hér til meðferðar á þinginu 1949 til 1950, þá var rætt við Alþýðusamband Íslands, en það var gert eftir að frv. var fram komið. Ríkisstj. hafði ekki samráð við Alþýðusamband Íslands um flutning þess máls og tilbúning í fyrstu. Alþýðusamband Íslands var að mótmæla ýmiss konar atriðum í því frv. og það var talað við stjórn Alþýðusambandsins hér af þingnefndum, og það er rétt, að það var látið undan kröfum, sem það gerði, illu heilli, ef til vill.

Hvað það snertir, að það sé fyrir neðan virðingu Alþingis að semja þannig við höfuðstéttir landsins um slík mál sem þetta, þá kann að vera nokkuð til í því. En það hefur bara sýnt sig hvað eftir annað áður, að ef ekki er samkomulag á milli aðalstéttanna um svona mál, þá verður löggjöf Alþingis í mörgum tilfellum að sáralitlu gagni, eins og t. d. gengislögin. Það gagn, sem af þeim hefði mátt ef til vill hafa, var smám saman brotið niður, þannig að nú er allt komið í sama farið og áður en gengislögin voru sett. Ég verð því að halda því fram, að hér hafi verið nýjung í þessum viðtæku samningum.

Ef ætti að gera ráðstafanir út af atvinnuvegunum og efnahagslífinu án samráðs við atvinnustéttirnar, þá þyrfti að gera miklu fleira hér í þessu þjóðfélagi, meðal annars þá fyrst og fremst að tryggja það ríkisvald, að hægt væri að halda lögum þeim, sem Alþingi setti, í heiðri og láta hlýða þeim.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Vegna þess að ég var fjarverandi, átti ég þess ekki kost að vinna að þessu máli í nefnd. En ég fyrir mitt leyti hef ekkert við það að athuga, eins og sakir standa, að fallast á að gefa hæstv. ríkisstj. þá heimild, sem í frv. er um talað. Hún er nauðsyn eins og nú horfir, og er langt frá því, að það sé fordæmalaust, að ríkisstj. hafi fengið heimild fram yfir áramót til þess að halda uppi nauðsynlegum greiðslum, þó að ekki væri búið að afgr. fjárlög.

Mér hefur á hinn bóginn virzt, að eins vel og raunar allir hv. þm. hafa verið sammála um það að gera það, sem unnt er, til þess að afgr. fjárlög fyrir áramót, þá hafi Framsfl. talið sig skara fram úr í því efni, og ég tel þá aðferð í fyrra, sem rann undan rótum hæstv. fjmrh., að hafa lögin um þennan svokallaða framleiðslusjóð, ef ég kann rétt með að fara, óháð afgreiðslu fjárl., óviðeigandi. Ég verð að segja, að ég taldi það og tel eiginlega ekki rétt og fyrir þjóðina, sem á að búa undir þessum lögum, talsvert villandi, þegar óháð sjálfum fjárlögum ríkisins er verið að lögleiða tekjur og gjöld í sérstökum frv., án þess að það sé tekið upp í fjárlög. Ég hef haldið, að það væri grundvallaratriði í öllum ríkisbúskapnum, að fjárl. sýndu hvers konar útgjöld og hvers konar tekjur, sem ríkið hefði, — að allt þetta mætti sjá í fjárlögum. Og þeim hætti var og haldið hér fram yfir þann tíma, að þingið varð að styðja atvinnuvegina með beinum styrkjum, eins og t. d. fiskútflutninginn, að framan af var það tekið upp í fjárlög, og dráttur á fjárlögum á þeim tíma stóð alltaf í sambandi við það, að það varð að finna út, hvað minnst hægt væri að komast af með að láta, og það varð að finna út tekjur til þess að standast þetta og ná samkomulagi um afgreiðslu fjárlaga á þeim grundvelli. Undir stjórn hv. Framsfl. er þetta mál búið að fá annan og að því er mér virðist ógeðfelldari svip, þar sem verið er, eins og byrjað var á í fyrra, að samþykkja sérstaklega utan við fjárlögin stórkostleg gjöld, útgjöld og skatta á landsfólkið og ráðstafanir á því fé, án þess að fjárl. kæmu þar neitt til greina, enda sagði hv. frsm., hv. 1. þm. Eyf., að framleiðslusjóðurinn frá í fyrra hafi ekki snert fjárlögin. Þá er víst sama að segja um stórkostlegt frv., sem útbýtt var í d. hér í dag og er framleiðslusjóðurinn í nýrri, stækkaðri mynd, að hann snerti ekki fjárl. Ég get ímyndað mér, að hv. 1. þm. Eyf. muni, ef hann skoðar það þannig um þau útgjöld, sem lögð voru á þjóðina í fyrra varðandi framleiðslusjóðinn í sérstöku frv., að þá muni þau útgjöld, sem stendur til núna að leggja á og eru miklu meiri og margfaldari, ekki heldur koma fjárl. við. **(Gripið fram í:** Heldur það gagnstæða.) Nú, er það það gagnstæða, má ég taka leiðréttinguna, þó að hún sé úr forsetastól? Mér finnst þetta nú vera nokkuð skyld mál, en satt er það, að það er margt í þessu frv. núna, sem ekki var í því frv. í fyrra, sem varðar framleiðslusjóð. Nú, en ef það er það gagnstæða, að þetta mál, sem þótt ekki sé það til umr., þá hefur verið á það minnzt og ekki verið átalið, — ef það er það gagnstæða og það komi fjárl. við, þá vil ég spyrja: Er þá ekki sjálfsagt, úr því að fjárl. er frestað, er

það þá ekki rétt að taka upp þetta mikla mál við afgreiðslu sjálfra fjárl.? Mér virtist, að þá væri sá rétti, en ekki rangi háttur, á hafður. Þá kæmu fjárl. miklu betur til þess að sýna þá réttu mynd af áætlun um þjóðarbúskapinn, sem hæstv. fjmrh. vill láta birta fyrir þjóðinni.

Með þessu framhaldi að afgr. fjárlög, náttúrlega með tilheyrandi útgjöldum og tekjum frá hinum ýmsu tekjustofnum, eins og hefur verið hér frá upphafi fjárlagaafgreiðslu, og afgreiða svo önnur lög, þótt ekki séu þau kölluð fjárlög, sem byggja tekjur sínar á hinum sömu stofnum, sem sagt tekjurnar byggðar á sköttum og tollum og álögum og ákvæði þar um, hvernig þeim skuli verja eða við skulum segja til alþjóðargagns, — ef sá háttur heldur áfram nú, þá má búast við, að það færist í það horf, að hér megi tala um að afgr. tvöföld fjárlög. Ja, þá er afgreiðsla sjálfra fjárl. atriði út af fyrir sig, og svo koma hin fjárlögin, ef ég má svo að orði kveða, á eftir, og þjóðin á miklu síður kost á því að átta sig á, hvað í rauninni er að gerast í þessum málum, með því, að því sé gefið sitt hvort nafnið.

Ég leyfi mér þess vegna í sambandi við þá frestun, sem hér er um rætt á afgreiðslu fjárl. og ég er ekki á móti, eftir atvikum, en ég vil bara minna á það, að þegar framsóknarmenn á undanförnum árum hafa verið að miklast af því, að þeir gætu afgreitt fjárlög í rétta tíð, þó að aðrir gætu það ekki, sýnir reynslan frá núverandi tíma og deginum í dag, að þetta getur komið fyrir á beztu bæjum, að fjármálastjórnin ráði ekki við það að ljúka afgreiðslu fjárlaga fyrir áramót. Og ég vil þess vegna, eins og ég sagði, skjóta þeirri hugmynd hér fram, hvort ekki væri, úr því að fjárl. er frestað, sem sjálfsagt verður eins lengi og hæstv. fjmrh. óskar þess, rétt, þegar þar að kemur, að taka upp í fjárl. öll þau útgjöld, sem eru í hinu mikla frv., sem ekki er hér komið til umr. enn þá, og þær tekjur, sem þar er ætlazt til þess að ná af þjóðinni, að gera grein fyrir þeim hreinlega í hinum reglulegu fjárlögum ríkisins. Það verður sennilega tækifæri til þess að minnast á það síðar við afgreiðslu þessa máls, en ég vildi skjóta að þessari athugasemd hér í þetta sinn.

ATKVGR.

Brtt. 158 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 17. fundi í Sþ., 20. des., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 161).

Á 36. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá úthýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ríkisstj. mun stinga upp á því, að þinghlé verði tekið til 21. janúar. Þess vegna er augljóst, að fjárlög verða ekki afgreidd fyrir áramót. Þá þarf að hafa heimildir til þess að greiða allra nauðsynlegustu gjöld eigi að síður. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, fer fram á, að ríkisstj. fái heimild til þess, og er nákvæmlega að efni til samhljóða slíkum frumvörpum, sem flutt hafa verið, þegar svo hefur staðið á um fjárl. eins og nú, en ráðgert, að heimildin standi til 28. febr. Ætti þá að vera alveg öruggt, að búið væri að ganga frá fjárl. fyrir næsta ár.

Ég sé ekki ástæðu til að leggja til, að málið fari til n. Þetta er einfalt; það hefur ekki verið venja við hliðstæðar ástæður, en á hinn bóginn er vitanlega hægt að gera svo, ef krafa kemur fram um það.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég tel það að vísu mjög misráðið, að fjárlög skuli ekki vera afgreidd samtímis því, sem gerðar eru þær veigamiklu ráðstafanir í fjármálum þjóðarinnar, sem verið er að gera á Alþ. þessa dagana.

Sannleikurinn er sá, að ómögulegt er að gera sér grein fyrir gildi þeirra eða áhrifum, nema því aðeins, að menn samtímis viti um það, hvernig fjárl. eigi að afgreiða, enda er verulegur hluti af þeim gífurlega þungu sköttum, sem nú er verið að leggja á almenning, einmitt ætlaður til þess að standa undir auknum tekjum til þess að hægt sé að afgreiða fjárl. hallalaust, án þess að fyrir þingheimi liggi nokkur grg. um nauðsyn á þeim, að því er manni skilst, 100 millj. kr., sem í þessu skyni á að verja.

Svipað stóð á í fyrra, og þá lögðum við sjálfstæðismenn áherzlu á það, að fjárlög og dýrtíðarráðstafanir eða efnahagsráðstafanir væri hvort tveggja afgreitt samtímis, þannig að vitað væri um efnismeðferð hvors málsins um sig, þegar hitt væri afgreitt. Hæstv. þáverandi fjmrh. og enn verandi var þessu raunar mjög andsnúinn og lagði á það ofurkapp, að fjárl. yrðu afgr. fyrir áramót, en hans vilji náði ekki fram að ganga. Nú sýnist þessu vera alveg snúið við, að fjmrh. sækir fast, að efnahagsráðstafanir séu afgreiddar fyrir áramót, en vill ekki einu sinni fá fjárl. afgreidd í janúar, heldur beitir sér fyrir því, að það sé dregið fram í febrúar, að með þau sé farið. Það er sem sagt hér mjög breytt frá því, sem áður var, hvernig sem á því stendur, einungis að það boði ekki, að það þurfi að bæta einhverjum dálitlum pinkli ofan á skattana nýju, þegar fram í febrúar kemur, til þess að standa undir ofurþunga þeim, sem nú er á lagður til þess að standa undir fjárl. Um þetta eins og margt annað er með öllu óljóst, og verða getgátur einar að gilda og getur þar hver sagt öðrum og veit enginn, hvorki hvað í huga stjórnarherranna býr né heldur við hvaða rök þeir hafa að styðjast, ef þau eru nokkur, en vendilega er hulið allt fyrir almenningi.

En hvað sem um þetta verður sagt að öðru leyti, þá skal það játað, að úr því sem komið er og fyrir þá einstæðu starfstilhögun, sem hér hefur verið, að Alþ. hefur verið haldið starfslausu nú í nær tvo og hálfan mánuð, þannig að mjög til að óþörfu þarf að framlengja störf þess eftir áramót, þá verður að taka hverjum hlut eins og hann er og ekki annað að gera heldur en að beygja sig fyrir því, að við erum búin að sitja hér starfslaus í tvo og hálfan mánuð og fjárl. verður að afgreiða, og þá verður að veita eitthvert tóm til þess, og þó að við ynnum ræki-

lega fram að áramótum, þá verður því sjálfsagt ekki fram komið að afgreiða fjárlög á þeim tíma.

Þess vegna tel ég víst, að enginn hafi neitt við það að athuga út af fyrir sig, að þessar greiðsluheimildir verði veittar, og finnst mér þó tíminn vera óþarflega rúmur, en það skiptir ekki öllu máli; úr því að fjmrh. vill draga þetta svo lengi, þá hann um það, og sennilega leggur þetta frv. þó heldur meiri haft á meðferð hans og ríkisstj. á fé ríkissjóðs en ef búið væri að afgreiða fjárl. Og þar sem ég er með því að veita þessari stj. eins litlar heimildir og hægt er, tel ég þetta eftir atvikum vera viðunandi, úr því að þeir vilja sig við það sætta.

Hins vil ég svo spyrja, hvort ráðið sé, að Alþ. komi ekki saman, eins og mér heyrðist, fyrr en 21. janúar, og ef svo er, er þá ætlunin, að til þess verði leitað samþykkis Alþ. sjálfs, eða ætlar stj. eða forsetar upp á eigið eindæmi að fresta þingfundum um heilan mánuð? Það er nauðsynlegt, að þm. fái um þetta vitneskju.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru fáein orð út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. (BBen) tók fram. Hann fann nú í þessu frv. tilefni til þess að ræða um vinnubrögð á hv. Alþ. í vetur og sagði, að Alþ. hefði verið haldið starfslausu undanfarið og það hefði verið auðvelt að ljúka afgreiðslu fjárlaga. Þetta var eins konar bergmál af því, sem við höfum séð í blaði hv. þm. undanfarið, þar sem því hefur verið haldið fram, að einhverjir óvenjulegir hættir hafi verið á störfum Alþ. í vetur að þessu leyti. Þetta er náttúrlega úr lausu lofti gripið og enginn veit það betur en hv. 1. þm. Reykv., jafnþingvanur og stjórnvanur maður og hann er, hann veit, að það hefur ætíð verið svo nú um mörg ár, að framan af þingi hafa störfin farið í það að ákveða ráðstafanir í framleiðslu- og efnahagsmálum, og a. m. k. þingmenn stjórnarflokkanna hafa verið önnum kafnir við að starfa að þeim málum í samráði við ríkisstj. Hitt er annað mál, að hv. 1. þm. Reykv. hefur sjálfsagt haft minna að gera í vetur en hann hefur haft undanfarna vetur, og það er sennilega það, sem glepur honum sýn í þessu máli. Ég hef ekki getað séð annað en það hafi verið mjög svipað haldið á störfum og verið hefur áður að þessu leyti. Þegar síðan tillögur eru tilbúnar um þessi mál, kemur sprettur bæði varðandi afgreiðslu þeirra og eins fjárl. Við höfum ekki talið, að það væru tök á því að afgreiða fjárl. fyrir næsta ár fyrr en búið var að ákveða, hvaða ráðstafanir ætti að gera í efnahags- og framleiðslumálunum vegna margvíslegra breytinga, sem koma til greina í því sambandi og hafa áhrif á fjárl., enda sýnir það frv., sem nú hefur verið lagt fyrir einmitt um þessi mál, að þar er samband á milli, og hefði ekki verið hægt að láta fjárl. ganga á undan núna, þó að það væri í raun og veru auðvelt í fyrra, þar sem þá stóð ekki til að gera neinar ráðstafanir í efnahagsmálunum, sem höfðu stórfelld áhrif á fjárl. En í sambandi við þær ráðstafanir, sem nú standa til, þá er m. a. gert ráð fyrir talsvert mikilli breytingu á tekjustofnum ríkissjóðs, og fleira kemur til. Ég held því þess vegna fram, að vinnubrögðin hafi verið alveg eðlileg í vetur um þessi mál, en held, að það villi hv. 1. þm. Reykv. sýn, að hann hefur áður verið einn fremstur manna í stjórnarliðinu, en er nú í stjórnarandstöðunni.

Ástæðan til þess, að ég hef stungið upp á, að svo langur frestur yrði hafður um afgreiðslu fjárl., er sú, að ríkisstj. ætlar sér að gera það að till. sinni, að hv. Alþ. komi ekki saman fyrr en 21. janúar, en rök fyrir því eru þau, að það þarf að undirbúa fyrir framhaldsþingið ýmis frv., sem hafa verið ráðin einmitt nú í þeim pólitísku samningum, sem hafa staðið yfir síðustu vikur. Það kann að vera, að það sé óþarft frá sjónarmiði hv. 1. þm. Reykv. að halda áfram þinginu til þess að lögfesta þau mál, sem stjórnarflokkarnir hafa ákveðið að beita sér fyrir, en frá sjónarmiði stjórnarflokkanna er það brýn nauðsyn og hæfilegt að hafa einmitt þennan frest til þess að undirbúa málin. Af þessum ástæðum verður að gera ráð fyrir því, að afgreiðsla fjárlaga geti dregizt á þá lund, sem gert er ráð fyrir í frv., sem hér liggur fyrir.

Hv. þm. sagði, að það væri erfitt að slíta svona í sundur efnahagsmálin og framleiðslumálin og fjárlagaafgreiðsluna, og satt er það, að æskilegast hefði verið að geta látið þetta verða alveg samferða, en á því hafa bara engin tök verið af ástæðum, sem ég þegar hef greint, og vegna þess, hvernig jólafríið bútar niður starfstímann. Hitt er svo misskilningur hjá honum, að engin grg. hafi komið fram um það, hvert samband sé á milli hugsaðrar fjárlagaafgreiðslu og efnahagsmálanna, sem fyrir liggja, eða að það sé einhver skelfilegur leyndardómur, hvað menn ætlist fyrir með þann tekjuauka, sem fyrirhugaður er samkv. frv. um efnahagsmálin.

Ég lýsti því hér í gærkvöld í stórum dráttum, hvernig á þessum tekjuauka stæði, og nokkru nánar en gert var í grg. frv. Ég benti á það, að 25 millj. fara til þess að jafna á móti söluskattinum í smásölu, sem felldur er niður. Ég benti á, að um 25 millj. þarf til viðbótar til þess að greiða þær niðurborganir á innlendum vörum, sem nú þegar eru greiddar, og ég benti á, að þær 50 millj., sem þá eru eftir, mundu áreiðanlega ekki reynast of drjúgar til þess að fé yrði aukið nokkuð frá því, sem nú er á fjárl., til almennra verklegra framkvæmda, nokkuð til atvinnuaukningar yfir höfuð, nokkuð til rafmagnsmála og nokkuð til þess að kosta ný lagaákvæði um aukin ræktunarframlög, eins og komið er inn á í sambandi við frv. um efnahagsmálin.

Þetta eru nú nokkrir liðir, sem þarf að taka til greina við afgreiðslu fjárl., og kemur þó að sjálfsögðu fleira til varðandi einstök atriði. En stóru drættina í þessu má alveg sjá, eins og þeir eru fyrirhugaðir, af þeim greinargerðum og upplýsingum, sem fram hafa komið.

Ég vildi aðeins láta þessi fáu orð falla til þess að benda á, að frá sjónarmiði okkar, sem stöndum að þessum frumvarpaflutningi, hefur ekki verið á nokkurn hátt óeðlilega á þessum málum haldið.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég held að við, sem hér höfum sótt þingfundi og fylgzt sæmilega með þingstörfum, getum út af fyrir sig ekki tekið hæstv. fjmrh. það illa upp, þó að

hann sé því ókunnugur, hvernig hér hefur til gengið, vegna þess að hann hefur hér sárasjaldan sézt og verið víðs fjarri, þannig að ég segi alls ekki, að það sé vegna þess, að hann vilji halla réttu máli eða fara rangt með, þegar hann ber á móti því, að þingið hafi verið starfslaust, heldur vegna þess, að hann er því gersamlega ókunnugur. Hann hefur dvalið á einhverjum allt öðrum slóðum en á Alþ. Íslendinga í haust, og veit ég, að betur væri fyrir þeim góða manni komið, ef hann hefði valið sér betri félagsskap en hann hefur verið í.

Um það, að Alþ. hafi haft nógum málefnum að gegna, þá er það kunnugt, að einn af helztu valdamönnum þingsins, — ég vonast til þess, að það verði ekki illa tekið upp eða sagt, að ég sé að ljóstra upp leyndarmálum, — hefur sagt það hér við ýmsa þm., að ef stjórnarandstæðingar væru ekki að flytja frv., þá væri ómögulegt að halda þingfundi yfirleitt. Og þetta er ekki eingöngu vegna þess, að stjórnin hafi þurft svo langan tíma til að undirbúa vandasöm mál til að leggja fyrir þingið, vegna þess að ef hún hefði hugsað um hyggileg vinnubrögð, þá er töluvert af málum til, sem Alþ. þarf að afgreiða og verulegan tíma þarf til að átta sig á, en stj. hefur einfaldlega ekki haft hugsun á að leggja fyrir þingið. Þannig eru t. d. dæmi þess, að brbl., að vísu mjög lítilvæg, sem þurfti að leggja fyrir þingið, eru alveg nýlega fyrir það lögð. Hér er stór lagabálkur, sem er búið að úthýta fyrir fáum dögum. Hann er upp á 117 greinar, mál, sem vitað er að ýmsir þm. hafa mjög mikinn áhuga fyrir, tekur töluverðan tíma og fer ekki eftir flokkum, hvernig verður afgreitt. Það er frv. til l. um lax- og silungsveiði. Það er lagt fyrir þingið aðeins fyrir örfáum dögum. Ætli það hafi tafizt á því, að stj. hafi þurft að verja svo miklum tíma til að íhuga málið og undirbúa að þessu sinni? Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa upp grg.:

„Frv. þetta er flutt samkv. beiðni landbúnaðarráðherra. Nefndin og einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur og fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.“

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Samhljóða frv. var lagt fyrir síðasta Alþ., en varð ekki útrætt. Meiri hl. landbn. efri deildar skilaði þá nál. um frv. á þskj. 544 og bar fram nokkrar brtt. við frv. á þskj. 545. Um grg. fyrir frv. vísast til athugasemda þeirra, sem fylgdu frv., þegar það var lagt fyrir síðasta þing.“

Hér er grg. búin. Þetta er allt það mikla starf, sem ríkisstj. hefur lagt til þess að undirbúa þennan 117 greina lagabálk fyrir þetta þing. Hefði nú ekki verið nær, þegar hér hafa setið 52 menn, að langsamlega mestu leyti starfslausir í 2½ mánuð, að láta frv. eins og þetta, sem tekur töluverðan tíma og vinnu fyrir þá, sem eiga að setja sig inn í það, koma tímanlega fyrir, þannig að hægt væri að vinna að því á þeim mánuðum, sem liðnir eru?

Ég skal nefna annað dæmi. Þegar ég var dómsmrh., skipaði ég n. til þess að undirbúa nýja umferðarlöggjöf, sem er mjög mikið og umfangsríkt starf. Ég hygg, að þessi n. hafi skilað mjög rækilegu, löngu og greinargóðu frv. til hæstv. ríkisstj., dómsmrn., um miðjan september. Ég hef ekki séð þetta frv. enn fyrir Alþ. Ég hef verið að reyna að grennslast eftir því og haft af því óljósar fregnir, en þó skilizt, að það mundi eiga að leggja frv. fyrir Alþ., og mér þykir sannast sagt mjög ósennilegt, að hæstv. ríkisstj. sjálf verji miklum tíma til að íhuga frv., vegna þess að það er algerlega ópólitískt í eðli, en er með þeim hætti, að það hlýtur að taka töluverðan tíma að athuga, og það þarf ekki síður athugunar við innan þingsins en í rn. eða í þeirri n., sem um málið hefur fjallað. Hvernig er hægt að verja það að láta frv. um mjög aðkallandi efni liggja aðgerðalaust í stjórnarráðinu allan þennan tíma, en halda þinghákninu hér gersamlega starfslausu eins og allir vita aðrir en þá þessir háu herrar í ríkisstj. Það vita allir þm. aðrir. Og jafnvel stjórnarliðar hafa blygðazt sín fyrir það, svo grandvarir menn sem þeir eru, að taka laun fyrir þá þrásetu, sem þeir hafa hér þurft að hafa, meðan beðið hefur verið eftir þessari jólagjöf, sem nú er rétt að landslýðnum og verið er að tilreiða í dag og á morgun, til þess að öruggt sé, að fólkið fái að sjá framan í fegurð hennar fyrir sjálfa jólahátíðina.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. 1. þm. Reykv. er enn við sama heygarðshornið. Hann segir, að ég muni lítið vita um, hvað hafi gerzt á Alþ. í vetur, vegna þess að ég hafi verið sárasjaldan viðstaddur. Ég held, að ég viti mjög vel, hvað gerzt hefur á Alþ. í vetur, en á hinn bóginn held ég, að það sé engin ný bóla, þó að ráðherrum gangi illa að koma því við að sitja alla þingfundi til enda. Ætla ég ekki að fara lengra út í það, en mætti margt um það segja. (Gripið fram í.) Og þar kemur hljóð úr horni. Það hefðu t. d. þótt tíðindi að sjá þennan hv. þm. og fyrrv. ráðh., sem fram í greip, hér í þingsalnum í fyrra um þetta leyti, að maður ekki segi meira. Þetta er náttúrlega allt saman heldur broslegt, því að sannleikurinn er sá, að þm. stjórnarflokkanna hafa sannarlega ekki þurft að kvarta yfir atvinnuleysi í vetur. Þeir hafa verið önnum kafnir við að starfa að undirbúningi þeirra mála, sem nú eru fram komin, og annarra mála, sem ekki eru komin fram enn, og það er engin ný bóla. Á hinn bóginn er það alveg augljóst, að hv. 1. þm. Reykv. hefur leiðzt, eftir að hann fór úr stjórninni. En hann ætti bara ekki að láta bera svona mikið á því eins og hann gerir með því að vera að kvarta yfir því hér alltaf, hvað lítið hafi verið að gera síðan. Ég veit, að þetta er nokkuð sitt hvað, að vera í stjórnarliðinu að þessu leyti eða í stjórnarandstöðunni, því að það er svo ákaflega mikið af vinnunni, sem fer fram í flokkunum. En svo vil ég bara rétt í gamni benda hv. 1. þm. Reykv. á það líka, að þegar mest á reið í gærkvöld og stj. kom með sitt stóra mál, sem hann var að lýsa hér áðan, þá mátti hann ekki vera að því að mæta hér og var á öðrum stöðum og var svo úti á þekju áðan, þegar efni frv. bar á góma.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vil aðeins út af því, sem fram kom hjá hæstv. ráðh. seinast, að hv. 1. þm. Reykv. hefði ekki mátt vera að

því að vera hér í gærkvöld, þegar stóra mál stj. var lagt fram, láta það koma fram, að þar missti hann ekki af neinu og tafði ekki heldur framgang málsins meðan hann var á fundi annars staðar, þá töluðu hér þrír hæstv. ráðh., og í öllum ræðum þeirra eða í engri ræðu þeirra komu fram neinar nýjar upplýsingar til viðbótar við þær fátæklegu upplýsingar, sem eru í hinni rýru grg. með stjfrv. um útflutningssjóðinn.

Viðvíkjandi svo hinu, að hv. þm. stjórnarliðsins hafi verið önnum kafnir við undirbúning mála á þessu þingi og þess vegna haft nóg að gera, þó að tæpast hafi verið hægt að halda hér fundi nema vegna þess, að stjórnarandstaðan flutti frv., þá kemur mér það nokkuð einkennilega fyrir sjónir og ekki sízt í sambandi við það stóra mál, sem er á döfinni hér nú um útflutningssjóð, því að hafi maður spurt einhvern þm. úr stjórnarliðinu upplýsinga um einstök atriði í því máli utan fundar til þess að fræðast, þá hefur maður alltaf komið að tómum kofunum, og margir þessara manna hafa sagt við mig: Ég hef ekki hugmynd um, hvað í þessu frv. felst, — svo að einhverjir úr stjórnarliðinu hafa ekki lagt á sig mikil störf til þess að undirbúa það stóra mál, sem ætti þó að vera eitt af stærstu málunum. Nei, ég held, að það sé alveg sannmæli, sem fram kom hjá 1. þm. Reykv., að það hefði vissulega verið hægt að hafa aðra starfstilhögun á málum hér á þessu þingi nú, og hún er með mjög annarlegum hætti, þó að hins vegar, eins og nú er komið, sé ekki ástæða til þess að bregða fæti fyrir þetta og hægt að fallast á það, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, nái fram að ganga.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég vildi nú aðeins skjóta því hér fram og þakka honum fyrir að veita mér orðið, en það er til þess að spara umræður við síðari umr. málsins, að hæstv. forseti, nei, fjmrh. var að saka mig fyrir, að ég hefði ekki haft tíma til þess að vera hér við umr. í gærkvöld. Ég var hér þó til kl. 3 í nótt eða hálfþrjú, hvenær sem umr. lauk. Hitt er annað mál, að ég brá mér frá nokkra stund til þess að skýra fyrir kjósendum, verulegum hóp og áhugasömum, efni jólagjafarinnar, sem þeir eiga að fá, og ég skil ákaflega vel, að hæstv. fjmrh. þyki það ekki þörf starfsemi.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) var að segja, að hann tryði því svona mátulega, að þm. stjórnarflokkanna hefðu verið önnum kafnir við að undirbúa þau stórmál, sem nú eru fram komin, þar sem hann hafi orðið var við, að því er mér skildist, að einhverjir þm. úr stjórnarflokkunum hafi ekki kannazt við einhver ákvæði, sem væru í frumvörpunum; því vildi hann vefengja, að þeir hefðu yfirleitt fylgzt með í þessum málum. Þetta er náttúrlega ákaflega barnaleg athugasemd hjá hv. 5. þm. Reykv., jafnkunnugur og hann er þó undirbúningi mála á hv. Alþ. og samstarfi ríkisstj. við þm. Vitaskuld er það svo, að í svona málum er fullt af ýmsum tekniskum ákvæðum, sem undirbúin eru af embættismönnunum og sett inn í frv., og það þarf alls ekki að vera, að allir þm. í stjórnarflokkunum kannist við þau, þó að þeir hafi fullkomlega fjallað um öll efnisatriði frv. Þetta veit hv. 5 þm. Reykv. ofur vel, og þetta er því ekkert annað en útúrsnúningur hjá honum.

Þá sagði hv. þm., að hv. 1. þm. Reykv. hefði ekki misst af neinu hér, vegna þess að það hefði ekki komið fram svo margt nýtt í þeim umr., sem hér hefðu átt sér stað meðan hann var fjarverandi í gærkvöld, sem var nú raunar langt fram á kvöld og allan tímann á meðan stjórnin gerði grein fyrir þessum málum. Ja, ég vil nú bara spyrja þessa hv. þm.: Hvort eiga menn að meta meira að mæta á Alþ., þegar stærstu málin eru lögð fram, eða mæta á fundi í Varðarfélaginu? Hvort er fremur skylda þm. og ekki sízt þeirra, sem telja sig á oddinum í stjórnmálunum, að mæta hér á þinginu, þegar ríkisstj. gerir grein fyrir sínum höfuðmálum, hvort er það þýðingarmeira að mæta hér eða fremur skylda þeirra að mæta hér eða í pólitískum félögum úti í bæ? Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að hann hefði verið að útskýra fyrir kjósendum sínum jólagjöfina. En mér hefur nú skilizt, að hv. þm. Sjálfstfl. hafi einmitt verið að kvarta yfir því hér aðallega í þessum umr., að það væri svo margt óljóst í frv., einmitt svo óljóst og málið væri allt í þoku fyrir þeim. Ætli það hefði þá ekki verið nær fyrir þá að reyna að fá frekari upplýsingar um þetta mál, áður en þeir tóku það að sér að skýra það fyrir öðrum? Ætli það hefði ekki verið réttara fyrir þá að reyna að gera tilraun til þess að skilja það sjálfir og vita hvað í því fólst, áður en þeir hlupu á fjölmenna fundi í bænum til þess að reyna að þeyta upp moldviðri um málið? Ég hygg það. M. a. kvartaði hv. 1. þm. Reykv. yfir því hér áðan í umr., að það væri sér algerlega óljóst, hvað ætti að gera við þá fjármuni, sem ríkissjóði væru ætlaðir í frv. stj. En ef hann hefði nú metið þingmannsskyldur sínar meira í gærkvöld og verið hér, þar sem hann átti að vera, í staðinn fyrir að vera úti í Varðarhúsi, þá hefði hann vitað þetta.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Mér þykir rétt að bæta nokkru við, úr því að hæstv. fjmrh. er farinn að byrsta sig, og ég vil þá ítreka það, sem ég sagði áðan, að það er ekki rétt hjá honum, að ég hafi bara við einstaka þm. rætt einstök atriði. Við höfum verið í allan morgun á fundi í fjhn. Nd. um stóra málið, um útflutningssjóðinn, og það hefur glöggt komið fram í þeirri nefnd og hjá þeim mönnum, sem handgengnastir hafa verið hæstv. fjmrh. einmitt í fjárhagsmálefnum, hversu nauðaókunnugir þm. stjórnarflokkanna eru þessu máli. Og það mætti jafnvel segja mér það, að það væru einhverjir, jafnvel innan hæstv. ríkisstj., sem þyrftu að fá einhverjar frekari upplýsingar í þessu máli. Og úr því að ráðh. var að beina því til 1. þm. Reykv., að honum hefði ekki veitt af að vera hér í gærkvöld til þess að fá upplýsingar, vil ég segja það, að hann missti ekki af neinum upplýsingum á fundinum í gærkvöld. En hæstv. ríkisstj. skal verða spurð og hún skal verða innt eftir frekari upplýsingum og skýringum um þetta mál áður en lýkur, og geta þá kannske fleiri byrst sig en hæstv. fjmrh.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 167).

---

9. Dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Á 1. fundi í Sþ., 10. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um framlengingu á gildi III. kafla l. nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna [7. mál] (stjfrv., A. 7).

Á 5. fundi í Nd., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Frv. það, sem hér liggur fyrir um framlengingu söluskattsins, er fylgifiskur fjárlagafrv., og leyfi ég mér að vísa til fjárlagaræðunnar varðandi nauðsyn á því að framlengja núgildandi tekjustofna ríkissjóðs eða sjá fyrir öðrum nýjum í þeirra stað. En sá fyrirvari fylgir þessu máli, eins og öllum framlengingarfrumvörpunum og fjárlfrv., að þau verða vitanlega að skoðast hér í þinginu endanlega, þegar ákveðið verður, til hvaða úrræða verður gripið í sambandi við úrlausn efnahags- og framleiðslumála.
Með þessum formála vil ég leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umræðu.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég var satt að segja að búast við því, að það mundu einhverjir aðrir kveðja sér hér hljóðs í þessu máli, þegar minnzt er fyrri umræðna um þetta mál hér á Alþingi. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er gamall kunningi hér. Það hefur komið árlega um nokkurra ára skeið, verið lagt fram frv. um framlengingu á þeim ákvæðum, sem hér um ræðir, og hafa þá jafnan heyrzt hér í þinginu mjög háværar raddir um það, hvílíkt óhæfuverk væri hér verið að fremja, þar sem væri hinn margumtalaði og illræmdi söluskattur, sem sérstaklega væri til þess að þjaka almenning í landinu, hækka vöruverð, auka dýrtíð og annað þess konar. Það virðist einhver veðrabreyting hafa orðið á þessu sviði, og skal ég út af fyrir sig ekkert vera að fordæma það, en gat þó ekki stillt mig um, þar sem horfur virtust á, að frv. ætlaði að fara hér umræðulaust í gegn, að vekja athygli á þeirri miklu breytingu, sem hér er á orðin, að nú virðist söluskatturinn ekki vera svo ýkjaslæmur skattur. Það er kannske í bili forsvarað með því, að það standi til mjög miklar og róttækar aðgerðir í okkar efnahagsmálum, sem eigi kannske að verða það róttækar og stórkostlegar, að það þurfi ekki lengur á sköttum að halda, og er ekkert nema gott um það að segja. En ég er ákaflega hræddur um það, að jafnvel þótt þær ráðstafanir verði gerðar, muni reynast erfitt að fella niður söluskattinn, og ég efast a. m. k. um það, að hæstv. fjmrh. mundi vilja taka við fjárlagafrv. fremur nú en endranær, þar sem þessi tekjustofn væri niður felldur.
Eins og ég áðan sagði, gat ég ekki stillt mig um að benda á það, sem hér er um að ræða, og e. t. v. hafa þessir ágætu þm., sem hér hafa á undanförnum þingum talað mest gegn þessum skatti, ekki áttað sig á því, hvað hér væri um að ræða, að þetta væri söluskatturinn, og vil ég þá nota tækifærið til þess að vekja athygli þeirra á því, að það er raunverulega um það að ræða. Og ég held jafnvel ekki, að formi frv. hafi heldur verið breytt, sem þeir hafa talið hina mestu ósvinnu, hvernig frá því hafi verið gengið á undanförnum árum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 157).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er um framlengingu á söluskattinum, sem hefur verið álagður og innheimtur nokkur undanfarandi ár. En nú nýlega barst fjhn., sem hafði frv. til athugunar, brtt. frá hæstv. ríkisstj., þar sem hún leggur til, að niður verði felld úr frv. ákvæðin um 2% söluskatt af sölu vara í smásölu, og voru það tilmæli til n. frá hæstv. stjórn, að n. bæri fram brtt. um þetta atriði. N. hefur orðið við þeim tilmælum og flytur því á þskj. 157 brtt. við 2. og 3. gr. frv. Eru þær eingöngu um þetta atriði að fella niður 2% smásöluskattinn, og leggur n. til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum. Ég skal að vísu geta þess, að einn hv. nm. var ekki á fundi, þegar málið var afgr., eins og fram er tekið í nefndarálitinu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 157,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 157,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 20. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 164).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 37. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.
Till. um að vísa frv. til fjhn. felld með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FÞ, JK, SB, SÓÓ.
nei: FS, HermJ, KK, PZ, SE, BjörgJ, BjörnJ, FRV, BSt.
4 þm. (GTh, HG, JJós, AG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svo hljóðandi grein fyrir atkvæði sínu:

Bernharð Stefánsson: Hér eftir sýnist mér það eingöngu vera form að vísa til nefndar málum, sem eiga að afgreiðast fyrir jól, aðeins tefja tímann, og segi nei.

Á 38. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 173).

---

10. Skemmtanaskattsviðauki.

Á 33. fundi í Ed., 18. des., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1957 [90. mál] (stjfrv., A. 149).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Efni þessa frv. er það, að á árinu 1957 skuli innheimta skemmtanaskatt eftir sömu reglum og gilt hafa undanfarin ár. Fjárþörf þeirra fyrirtækja, sem njóta góðs af skemmtanaskattinum, mun á árinu 1957 sízt verða minni en hún hefur verið undanfarin ár, og er því eðlilegt og nauðsynlegt, að framlengd verði lagaákvæði varðandi skemmtanaskattinn. Mæli ég því með því eindregið, að frv. þetta nái fram að ganga og að því verði að lokinni umr. vísað til hv. fjhn.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Hv. þd. kemur þetta frv. að sjálfsögðu ekki á óvart. Það er gamall kunningi, eins og hæstv. menntmrh. gat um, endurflutt frá ári til árs. En af tilefni þess vil ég leyfa mér að beina einni fsp. til hæstv. ráðherra. Á undanförnum árum hefur oftlega verið um það rætt, að nauðsyn bæri til þess að endurskoða gildandi lagaákvæði um skemmtanaskatt. Ég hygg meira að segja, að þessu tali hafi verið svo langt á veg komið, að hjá einhverri af fyrrverandi hæstv. ríkisstj. hafi verið hafinn undirbúningur að þessari endurskoðun og jafnvel á Alþ. gefnar yfirlýsingar um það, að slík endurskoðun skyldi fram fara. Nú vildi ég spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ráðh., hvort hann og núv. hæstv. ríkisstj. hafi nokkuð slíkt í hyggju.

Ég vil segja það, að á því er mjög rík nauðsyn, að endurskoðun þessarar löggjafar fari fram. Greiðsla skemmtanaskatts er í dag hin handahófslegasta. Undanþágur þær, sem gilda um greiðslu skattsins, eru að minni hyggju mjög ósanngjarnar og koma misjafnlega niður. Hins vegar er um að ræða mjög ríka þörf þeirra aðila, sem skemmtanaskattsins eiga að njóta. Í því sambandi má t. d. benda á, að félagsheimilasjóður, sem fær nú, að ég hygg, 35% skattsins, hafði eitt sinn, fyrir nokkrum árum, 50% hans. En á undanförnum árum hefur verið smáhöggvið í þennan eina tekjustofn félagsheimilasjóðs, þannig að sjóðurinn er nú engan veginn fær um að gegna því hlutverki, sem honum var ætlað. Hjá stjórn sjóðsins liggja fyrir tugir umsókna, sem ekki er hægt að sinna, og víður félagslíf fólksins úti um land allt í sveitum og við sjávarsíðu hinn mesta hnekki af þessu.

Í öðru lagi má á það benda, að þjóðleikhúsið, rekstrarsjóð þess, skortir alltaf fé. Á rekstri hússins verður verulegur halli frá ári til árs, og Alþ. hefur oft staðið uppi í töluverðum vanda með að leysa fjárþörf þessarar merku menningarstofnunar.

Þegar á allt þetta er litið, þá held ég, að naumast verði gengið á snið við þá staðreynd, að

brýna nauðsyn beri til þess að endurskoða þessa löggjöf. Mér þykir ekki óeðlilegt, að núverandi hæstv. ríkisstj. þurfi að fá frv. eins og þetta í gegnum þingið á þessum tíma og framlengdar þær álagsheimildir, sem í því eru. En ég mundi telja það mjög vel farið, ef hæstv. menntmrh. gæti hér gefið eitthvert fyrirheit um það, að þessi margræddu endurskoðun þessarar löggjafar skyldi fram fara á næstunni.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Það er í framhaldi af því, sem hv. þm. N-Ísf. (SB) minntist á, að ég kvaddi mér hljóðs.

Á síðasta þingi flutti ég ásamt þáv. hv. þm. Barð. frv. um, að félagsheimilin fengju á ný þann hluta skemmtanaskattsins, sem þau höfðu til 1. jan. 1952. Þessu frv. var vísað frá hér í hv. d. með rökstuddri dagskrá, þar sem skorað var á ríkisstj. að endurskoða félagsheimilalögin og tryggja félagsheimilasjóði auknar tekjur. Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvað þessari endurskoðun líður, hvað langt hún er komin. Ég hef ekki orðið var við neitt frv. í þessa átt, og flutti þess vegna á ný nú á þessu þingi sama frv. og ég flutti á síðasta þingi. En það liggur hjá hv. fjhn. d., og ég veit ekki, hvað hún muni við það gera, en hygg, að hún bíði eftir að fá vitneskju um, hvað líði þessari endurskoðun.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Fsp. hv. þm. N-Ísf. (SB) varðandi endurskoðun gildandi laga um skemmtanaskatt er mjög eðlileg. Í því sambandi vildi ég skýra frá því, að fyrir tveimur til þremur mánuðum fól ég þremur embættismönnum að endurskoða gildandi lög *um skemmtanaskatt, með sérstöku tilliti til* þeirra undanþáguákvæða, sem í l. eru varðandi gjaldskyldu og þá framkvæmd, sem verið hefur á l. að því er þetta snertir. En það er rétt hjá hv. þm., að nokkurt handahóf hefur ríkt að því er snertir veittar undanþágur undan greiðslu skemmtanaskatts. Ég hef ekki enn fengið tillögur þeirra þremenninga, en einmitt fyrir rúmum tveimur vikum óskaði ég eftir því, að þeir hröðuðu störfum sínum. Ég fékk þá það svar, að *mál þetta væri mjög viðamikið og mjög flókið* og væri það ástæðan til þess, að þeim þremenningunum hefði ekki tekizt að ljúka störfum sínum.

Varðandi fsp. hv. þm. V-Sk. (JK) um afdrif frv. hans um aukna hlutdeild félagsheimilasjóðs í tekjum skemmtanaskatts vil ég segja þetta: Mér hefur alla tíð verið mjög ljós þörf félagsheimilasjóðs fyrir sem mestar tekjur. Og því vildi ég við bæta, að mér hefur orðið þörf félagsheimilasjóðsins enn ljósari, eftir að ég tók við störfum í menntmrn. og kynntist af eigin raun þeirri miklu fjárþörf, sem þar er að mæta. Hins vegar er málið ekki einfalt viðureignar, eins og gildandi lög um skemmtanaskatt eru, því að hinn aðalaðilinn, sem skemmtanaskattsins nýtur, þ. e. rekstrarsjóður þjóðleikhússins, hefur einnig mjög brýna fjárþörf, svo mikla, að hluti þess af skemmtanaskattinum nægir ekki til þess að greiða þann halla, sem verið hefur á þjóðleikhúsinu undanfarin ár, og kannast sérstaklega þeir, sem í fjvn. eru, við það, að þurft hefur að bæta hér við um 400 þús. kr.

Flokksmenn hv. þm. V-Sk. allmargir hafa og flutt í Sþ. tillögu um það að ráða 5—10 nýja starfsmenn við þjóðleikhúsið, þ. e. söngvara. Það er mál, sem hefur verið í athugun í þjóðleikhúsráði og menntmrn. og ég er persónulega mjög hlynntur. En til þess að geta látið verða af því, er auðvitað um gjöld að ræða, sem núgildandi tekjur hrökkva ekki fyrir. Og það er auðvitað alveg augljóst mál, að meðan skattstofninn sjálfur er óbreyttur, þ. e. a. s., meðan skemmtanaskatturinn er ekki beinlínis hækkaður, er ógerningur að gera hvort tveggja, auka fjárveitingar af skemmtanaskatti til félagsheimilasjóðs og auka fjárveitingar af skemmtanaskatti til þjóðleikhússins, þó að hvort tveggja sé nauðsynlegt. Þess vegna er það, að ég mun taka það til athugunar sérstaklega, þegar þessi þriggja manna embættismannanefnd hefur skilað störfum, hvort endurskoðun þeirra á undanþáguákvæðunum mundi geta leitt til aukinna tekna af skemmtanaskattinum, og ef mér þykir hún ekki duga til til þess að mæta fjárþörf félagsheimilasjóðs og þjóðleikhússins, mun sjálfur grundvöllur skemmtanaskattslöggjafarinnar verða tekinn til endurskoðunar.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Í framhaldi af þeim umræðum, sem um þetta mál hafa orðið, vil ég geta þess, að fjhn. þessarar d. hefur tekið til athugunar og umr. frv. hv. þm. V-Sk. (JK) um breyt. á l. um skemmtanaskatt og þjóðleikhús; og við athugun n. kom það fram, sem öll n. féllst á, að fyrst bæri að vita, hvað liði endurskoðun þessara laga samkv. *þeirri rökstuddu dagskrá, sem samþ. var hér* í fyrra út af sama máli. Það var því samþ. í n., að nm. bæru fram fsp. til hæstv. menntmrh. um, hvað liði endurskoðun þessara laga. Nú hefur þessi fsp. verið borin hér fram í sambandi við þetta mál, sem á dagskrá er, og hæstv. menntmrh. svarað. Ég tel því, að þessu sé fullnægt, sem fjhn. samþykkti.

Það liggur ljóst fyrir, hvernig þetta mál stendur, að það er enn í athugun og búizt við *árangri þeirrar athugunar eftir stuttan tíma.* Hitt er svo annað mál, að það er ekki hægt að blanda því máli saman við þetta frv., sem fyrir liggur. Þetta frv. er um framlengingu á álagi á skemmtanaskatt, sem mundi gilda jafnt fyrir því, hvernig honum er skipt, og þetta frv. þarf að öðlast lagagildi fyrir áramót auðsjáanlega, því að það er miðað við allt næsta ár.

Sigurður Bjarnason: Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans glöggu upplýsingar í sambandi við fsp. mína. Hann hefur upplýst, að fyrir skömmu hafi hann skipað nefnd til þess að endurskoða gildandi löggjöf um skemmtanaskatt, eins og rætt hefur verið um, að gert skyldi á undanförnum árum. Ég tel það mjög vel farið, að úr þessu hefur orðið, og vil nú einungis skora á hæstv. ráðh. að sjá um það, að þessi ágæta n. láti nú ekki Alþ. og þá, sem áhuga hafa fyrir þessu máli, bíða eftir því mörg ár enn.

Ég vil í þessu sambandi minna á það, að ég flutti fyrir nokkrum árum hér á Alþ. frv. um það að breyta nokkuð innheimtuaðferð skemmtanaskatts og auka þar með tekjur af þessum tekjustofni mjög verulega, þannig að unnt væri að styrkja bæði leikstarfsemi og byggingu félagsheimila í miklu ríflegra mæli en unnt hefur verið. Ég er þess alveg fullviss, að ef þessi löggjöf verður endurskoðuð og henni breytt í samræmi við gerbreytta aðstöðu í íslenzku þjóðlífi, er hægt að fá stórauknar tekjur af skemmtanaskatti, tekjur, sem hægt er að nota til þess að standa undir margvíslegri menningarstarfsemi. Það er mjög ánægjulegt, að einmitt með innheimtu skemmtanaskattsins, sem þó hefur fyrst og fremst verið greiddur í stærstu kaupstöðum landsins, hefur verið unnt að styðja merkilega menningarstarfsemi, koma upp þjóðleikhúsi og síðar að stuðla að stórbættri aðstöðu til iðkunar félagslífs um land allt. Hér í Reykjavík er vel á veg komið í þessum efnum. En úti um land brestur mjög á það, að fólk hafi sæmilega aðstöðu til þess að njóta fjölbreytts félagslífs og skemmtanalífs, sem við þó vitum að er víða frumskilyrði fyrir því, næst því, að fólkið hafi góð afkomuskilyrði, að fólkið fáist til að una úti í byggðunum til sjávar og sveita.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta, en ég vænti, að eftir að skemmtanaskattslögin hafa verið endurskoðuð, verði ekki einungis hægt að styðja strjálbýlið í mjög vaxandi mæli til byggingar félagsheimila, heldur og að færa út starfsemi þjóðleikhússins á svipaðan hátt og hæstv. ráðh. minntist á, að nokkrir hv. flokksmenn mínir í Nd. leggja til, nefnilega að stofnað verði til fastrar óperu við þjóðleikhúsið, en það er skoðun flestra, að að því væri hinn mesti menningarauki og ekki einungis menningarauki, heldur sköpuðust einnig með því auknar líkur fyrir því, að þjóðleikhúsið yrði rekið á fjárhagslega sæmilegum grundvelli. Reynslan hefur sýnt það, að af söngleikunum hefur þjóðleikhúsið haft góðar tekjur. Sú listgrein er svo ný hér á landi og svo vinsæl, að að söngleikum er tryggð meiri aðsókn en yfirleitt er hægt að gera ráð fyrir að leikritum.

Ég vænti þess vegna, að árangurinn af þessari endurskoðun, sem við höfum knúið á um ár eftir ár og hæstv. núv. menntmrh. hefur talið skynsamlega og sjálfsagða með því að skipa þessa nefnd, verði sá, að stórauknar tekjur fáist til þess að standa undir þeirri menningarstarfsemi, sem hér er um að ræða.

Ég hef ekki viljað blanda þessu beint inn í þetta frv., sem hér liggur fyrir, þ. e. a. s. inn í afgreiðslu þess, en mér fannst það liggja beint við, að þessi fsp. kæmi fram í sambandi við þetta mál. Ég er ekki að mæla gegn því, að hæstv. ríkisstj. fái þá heimild, sem í frv. er og allar undanfarandi ríkisstj. hafa aflað sér á hverju ári. En ég taldi sjálfsagt og eðlilegt að hreyfa þessu máli í heild í sambandi við meðferð þessa frv.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég tek undir þakkirnar til hæstv. ráðh. fyrir þessar upplýsingar, sem hann hefur gefið hér, varðandi endurskoðun félagsheimilalaganna. En ég vil segja það í þessu sambandi, að það er ekki til neins að ætla sér að skipta skemmtanaskattinum til þess að fullnægja þörf félagsheimilanna og þjóðleikhússins. Það er langsamlega of lítið fé, sem þar er um að ræða. Ef á að haldast sú skipting, sem nú er, að þjóðleikhúsið fái þann hluta, sem það hefur haft, og félagsheimilin ekki nema 35%, verður að auka tekjur félagsheimilasjóðs á annan hátt handa félagsheimilunum. Það er útilokað annað, því að annars fer í sama öngþveitið, það hrúgast upp skuldir á félagsheimilin. Annars vil ég segja það, að ólíku er saman að jafna, félagsheimilunum og þjóðleikhúsinu. Allur sá halli, sem á rekstri þjóðleikhússins er, er tekinn úr ríkissjóði. Það er í heimildargrein fjárl. heimilt að greiða 450 þús. kr. halla á rekstri þjóðleikhússins. Félagsheimilin hafa engan slíkan sjóð upp á að hlaupa. Þau verða að sitja með skuldirnar og vonleysið og bíða eftir, að eitthvað úr rætist. Það verður að auka tekjur félagsheimilasjóðs.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er enginn ágreiningur milli mín og þeirra tveggja hv. þm., sem talað hafa, um það, að sjá þarf bæði félagsheimilasjóði og þjóðleikhúsinu fyrir auknum föstum tekjum frá því, sem nú á sér stað. Skemmtanaskatturinn eða skemmtanaskattslöggjöfin, eins og hún hefur verið framkvæmd undanfarin ár, þ. e. a. s. með þeim undanþáguákvæðum, sem gilt hafa í framkvæmd, rís ekki undir eðlilegri fjárþörf félagsheimilasjóðs og þjóðleikhúss. Það var þess vegna, sem ég fól þeim þremur embættismönnum, sem ég bað að athuga þessi mál, alveg sérstaklega að rannsaka, hvort breyting á gildandi undanþáguákvæðum gæti aukið tekjurnar samkv. gildandi skemmtanaskattslögum. Þegar sú niðurstaða liggur fyrir, mun ég svo eða rn., eins og ég gat um áðan, taka til athugunar, hvort þörf er á að breyta sjálfri grundvallarlöggjöfinni um skemmtanaskattinn.

Ég geri mér von um, að breytt framkvæmd á undanþáguákvæðunum muni auka skemmtanaskattstekjurnar eitthvað, en hversu mikið það mun verða, þori ég ekki að segja á þessu stigi málsins. En ef það reynist lítið, ef það reynist miklu minna en nemur eðlilegri viðbótarfjárþörf félagsheimilasjóðs og þjóðleikhúss, þá stendur það, sem ég sagði áðan, að þá mun ég beita mér fyrir því, að sjálf skemmtanaskattslöggjöfin verði endurskoðuð, til þess að sjá um, að skattstofninn skili auknum tekjum.

Hv. þm. N-Ísf. gat þess, að það yrði mikil breyting til bóta á starfsemi þjóðleikhússins, ef söngleikaflutningur yrði gerður að föstum lið í starfsemi þess. Í þessu sambandi vil ég aðeins minna á, að samkv. gildandi lögum um þjóðleikhús er það fast hlutverk þjóðleikhússins að flytja söngleika og leikdansa, ballett, auk leiklistarflutningsins sjálfs, sem hingað til hefur að vísu verið aðalverkefni þjóðleikhússins. Það þarf því enga lagabreytingu til þess að telja söngleikaflutning vera eitt af hlutverkum þjóðleikhússins. Það á sér þegar stað

nú, og söngleikar hafa verið fluttir þar reglulega öll undanfarin ár. Það er að vísu ekki alveg rétt hjá hv. þm., að óhætt sé að fullyrða, að söngleikaflutningurinn sé arðvænlegri en leiklistarflutningurinn. Nákvæm athugun, sem gerð hefur verið á því — en hana hef ég látið gera fyrir nokkru — leiðir það að vísu ekki í ljós. En ef rétt er reiknað, tel ég það alls ekki merg málsins. Ég tel, að það eigi alls ekki að leggja það sjónarmið á það, hvað flutt sé í þjóðleikhúsinu, hvað borgi sig bezt. Þar á hið listræna gildi að hafa meginþýðingu, og þjóðleikhúsið á, eins og það hefur gert, að hafa flutning söngleika reglulega á starfsskrá sinni, og ég tel, að söngleikaflutninginn eigi að auka. Það er einmitt af þeim sökum, sem ég vil nota þetta tækifæri til þess að skýra frá því, að það er einmitt af þeim sökum, sem fyrir nokkru hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að ráða fastan hljómsveitarstjóra að þjóðleikhúsinu, og fyrir valinu varð dr. Victor Urbancic, sem er öllum tónlistarunnendum að mjög góðu kunnur. Hann hefur fyrir hálfum öðrum mánuði verið ráðinn fastur starfsmaður þjóðleikhússins sem hljómsveitarstjóri þess, og var einmitt tilætlunin, að það væri fyrsta sporið í þá átt að tryggja aukinn flutning söngleika við þjóðleikhúsið. En án þess að við það starfi fastur hljómsveitarstjóri, er ekki unnt að vinna frekar að undirbúningi málsins. Ég tel því, að fyrsta sporið hafi þegar verið stigið með ráðningu hins fasta hljómsveitarstjóra, og tel val hans hafa tekizt mjög vel. Annað mun svo vonandi á eftir koma.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 149, n. 151).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta skatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi, með þeim undantekningum, sem taldar eru í 1. gr. frv. Þrátt fyrir það að fjárþörf þeirra aðila, sem njóta þessa skatts, hefur farið sífellt vaxandi, eins og kom greinilega fram við 1. umr. málsins, hefur ekki verið um það að ræða á undanförnum árum, að þessi skattur hafi verið hækkaður, heldur hefur þessi skipan, sem þarna er lögð til og hefur verið framlengd frá ári til árs, haldizt.

Eins og frv. ber með sér, varðar það ekki á neinn hátt skiptingu þess fjár, sem aflað er samkv. þessum lögum, eða hugsanlegan ágreining, sem um þá skiptingu kynni að vera. Þar sem hér er um svo sjálfsagt mál í raun og veru að ræða, sem er aðeins um framlengingu á þessum sömu lagaákvæðum, hefur fjhn. d. þótt sjálfsagt, að það yrði samþ. óbreytt, og leggur til, að svo verði gert.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 35. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 36. fundi í Nd., 20. des., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv. felst það eitt, að skemmtanaskatt skuli á næsta ári innheimta samkv. sömu reglum sem gilt hafa undanfarin ár. Fjárþörf þeirra fyrirtækja, sem njóta tekna af skemmtanaskatti, mun á næsta ári verða sízt minni en hún hefur verið undanfarin ár, og ber því eðlilega nauðsyn til þess að framlengja gildandi lagaákvæði óbreytt. Frv. hefur verið afgr. í Ed., og legg ég til, að því verði vísað til hv. fjhn., og óska þess, að það nái fram að ganga sem fyrst.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 149, n. 171).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Í frv. þessu er farið fram á, að heimilað verði á næsta ári svo sem undanfarin ár að innheimta skemmtanaskatt með viðauka, þ. e. með 200% álagi á kvikmyndasýningar og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó er gert ráð fyrir, að leiksýningar, hljómleikar o. fl. verði undanþegið álaginu, svo sem verið hefur.

N. hefur athugað þetta frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JóhH, JS, KGuðj, LJós, MJ, ÓB, PÞ, PO, RH, SkG, SvbH, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, BBen, EystJ, HS, HV, EOl.
15 þm. (IngJ, JPálm, KJJ, ÓTh, PP, SÁ, StgrSt, BÓ, EirÞ, EmJ, GíslG, GÍG, GJóh, GÞG, HÁ) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 176).

---

11. Tollskrá o. fl. (stjfrv. um framlengingu bráðabirgðaákvæða).

Á 1. fundi í Sþ., 10. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 90/1954, um tollskrá o. fl. [6. mál] (stjfrv., A. 6).

Á 4. fundi í Ed., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Með þessu frv. er lagt til að framlengja ákvæði laga nr. 93 1955 með breyt., sem gerðar voru á þeim lögum með l. nr. 3 29. jan. 1956, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, en efni málsins er að innheimta með viðaukum nokkur aðflutningsgjöld og framlengja heimild til þess að undanþiggja ýmsar vörur aðflutningsgjöldum, og eru þau ákvæði í 2. gr. frv.
Ég vil leyfa mér að óska eftir því, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26. fundi í Ed., 10. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 6, n. 120, 125).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þetta frv. er að meginefni um að framlengja þau ákvæði, sem undanfarin ár hafa gilt um álagningu á vissa tolla, sem ákveðnir eru í tollskrá. Sé ég ekki, að þurfi að skýra það nánar. Þetta er að því leyti gamall kunningi hér, bæði í hv. d. og þinginu í heild sinni. Og eins og nál. fjhn. á þskj. 120 ber með sér, er öll fjhn. sammála um að mæla með, að frv. verði samþ. að þessu leyti. Einn af nm., hv. 4. þm. Reykv., var að vísu fjarstaddur, þegar n. afgreiddi málið.
Aftur á móti er aðeins eitt nýmæli í þessu frv., og er þó ekki að öllu leyti nýmæli, því að það hefur verið flutt áður — á þinginu í fyrra. Nýmælið er um það að fresta framkvæmd 5. gr. laga nr. 68 1956, um tollheimtu og tolleftirlit, til ársloka næsta árs, en þessi 5. gr. nefndra laga fjallar um það, að 1% af vörumagnstolli og verðtolli samkv. tollskránni og hækkunum, sem samþykktar eru á þeim tollum og af öðrum aðflutningsgjöldum, skuli lagt í sérstakan sjóð, sem síðan á að verja til þess að byggja tollstöðvar. Tollgæzlan telur hina mestu nauðsyn á því, að byggð séu hús eða keypt hús fyrir tollgæzluna; og eftir þeim lýsingum, sem fjhn. hefur fengið af því, sérstaklega í fyrra, við hvaða vinnuskilyrði tollgæzlan vinnur, er alveg vafalaust, að það er hin mesta nauðsyn á því, að slíkar stöðvar séu byggðar eða keyptar, m. ö. o., að tollgæzlan fái betri aðstöðu hvað húsnæði snertir og það miklu betri en hún hefur nú. Á hinn bóginn mun hv. þm. kunnugt um það, að engar líkur eru til þess, að ríkissjóður þurfi ekki á öllum þeim tekjum að halda, sem hann hefur haft. En ef þessi 5. gr. þeirra laga, sem ég nefndi áðan, helzt óbreytt, er tekið af tolltekjunum 1%, sem mun nema eitthvað dálítið á þriðju milljón króna.
Nýmælið í þessu frv. er ekki einasta um það að fresta framkvæmd þessa ákvæðis um að taka 1% af tolltekjunum og leggja í sérstakan sjóð, heldur um það að innheimta sérstaklega á næsta ári þetta eina prósent og leggja það í sérstakan sjóð. Um þetta hefur orðið ágreiningur í fjhn. Tveir hv. nm. vilja fella niður síðari mgr. 1. gr., sem er um þetta ákvæði, en við hinir tveir nm., sem vorum á fundi og afgreiddum málið, viljum ekki, að þetta sé fellt niður, af þeirri ástæðu, sem ég hef þegar tekið fram, að við teljum ekki, að ríkissjóður megi missa þessar tekjur, þó að þær séu ekki stórvægilegar, en viðurkennum hins vegar nauðsynina á því, að tollstöðvar séu byggðar, og viljum því samþykkja ákvæði frv. um það, að þetta gjald sé innheimt sérstaklega.
Um þetta þýðir ekki að hafa mörg orð. Það er auðvitað alltaf æskilegt, frá sérstöku sjónarmiði séð, að spyrna á móti því, að gjöld, þótt í litlu sé, séu hækkuð. En á hinn bóginn eru sífelldar kröfur um meiri framkvæmdir, og því miður geta ekki framkvæmdirnar komið á annan hátt en þann að leggja á gjöld til þess. Þess vegna er ekki hægt að samrýma það tvennt að lækka gjöld til ríkissjóðs og auka framkvæmdir, því miður.
Því var hreyft í n., að það væri yfirleitt óviðkunnanlegt svona almennt séð að vera að leggja í sérstaka sjóði, sem inntu af höndum verk, sem ríkið ætti í raun og veru að gera, heldur væri eðlilegra, að á hverjum tíma væri veitt í fjárl. til þessara framkvæmda eins og annarra. Og ég veit, að þessu hefur oft verið haldið fram. En það er áreiðanlegt, að einmitt með þessu móti er stundum framkvæmt það, sem annars mundi ekki verða framkvæmt. Hverjum dettur það t. d. í hug, að háskólinn með öllum sínum glæsilegu byggingum væri kominn upp, ef honum hefðu ekki verið útvegaðar alveg sérstakar tekjur og það háar tekjur til sinna framkvæmda? Ég er alveg sannfærður um það, að það hefði ekki verið búið að veita slíkt fé úr ríkissjóði, sem allar byggingar háskólans hafa kostað. Það eru að vísu engin sérstök ríkisgjöld, sem lögð hafa verið til háskólans, og ekki neinir skattar, heldur happdrætti, eins og allir vita. En þetta er nú nokkuð það sama, því að auðvitað hefði verið hægt að stofna ríkishappdrætti í staðinn fyrir að leyfa

háskólanum að reka það, láta ágóðann af því ríkishappdrætti renna í ríkissjóð og veita svo til háskólabygginga. En ég er bara sannfærður um, að þó að þessi leið hefði verið farin, hefðu ekki allar þær byggingar háskólans verið komnar, sem komnar eru, vegna þess að fjárkröfurnar á hendur ríkissjóði, t. d. frá þingmönnum einstakra kjördæma, eru alltaf svo miklar, að það, sem þarf að gera til almennra þjóðþrifa, situr jafnvel frekar á hakanum fyrir einstökum fjárveitingum í kjördæmum. Eða Reykjalundur. Ætli þær byggingar, sem eru á Reykjalundi, hefðu verið komnar, ef það félag, sem að þeim stendur, hefði ekki fengið rétt til að reka happdrætti og menn hefðu í því efni varpað allri sinni áhyggju upp á ríkissjóð? Þess vegna er það, að þó að það sé að vísu leiðinlegt að leggja til, að tollar hækki, þó að um lítilfjörlega hækkun sé að ræða, aðeins 1% af tollunum, þá held ég, að þetta sé eina ráðið til þess, að þessar tollstöðvar verði byggðar eða keyptar eða yfirleitt, að þær komist upp. Þess vegna er það, að annar hluti n., við tveir nm., leggjum til, að frv. verði samþ. óbreytt einnig að þessu leyti.

Ég hef nú óbeinlínis lýst með þessu, sem ég hef sagt, afstöðu minni og okkar tveggja nm. til þeirrar brtt., sem fyrir liggur á þskj. 125 frá tveimur hv. nm. í fjhn., og geri því ráð fyrir, að ég þurfi ekki að ræða hana frekar eða svara, þó að mælt sé fyrir henni, því að í svona málum er enginn ákveðinn sannleikur til. Það verður að fara eftir mati manna, hvernig þeir greiða atkv. í málum sem þessu.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Eins og hv. frsm. n. tók fram, er n. á einu máli um að mæla með samþykkt frv. að meginefni til, en ágreiningur er um síðustu mgr. 1. gr. Hv. þm. Vestm. (JJós) og ég flytjum brtt. á þskj. 125 um að fella þá mgr. niður. Ég ætla, að þriðji nm., hv. 8. landsk. (BjörnJ), hafi ekki lýst því yfir í n., að hann væri fylgjandi því, að þessi mgr. stæði. Það er tekið fram í nál., að hann áskilji sér rétt til að fylgja brtt., og vildi hann ekki taka afstöðu í n., hvort hann væri með þessu eða á móti, heldur taka sér umhugsunarfrest, þannig að af þeim nm., sem þarna skrifa undir, er ekki nema frsm. einn, sem tók fram, að hann vildi þá þegar samþ. þessa síðustu mgr.

Það, sem er efni þessa máls, hefur nú hv. frsm. skýrt rækilega, en ágreiningurinn stendur um það eitt, hvort eigi að hækka öll aðflutningsgjöld frá gildandi lögum um 1% eða ekki. Í gildandi lögum er svo ákveðið, að af innflutningsgjöldunum skuli leggja 1% í sérstakan sjóð til byggingar tollstöðva í landinu. N. er öll á einu máli um, að hér er nauðsynjamál á ferð, og er brýn þörf á því að byggja og ætla fé til byggingar tollstöðva. En í stað þess að við hv. þm. Vestm. viljum halda okkur við gildandi lagaákvæði, að 1% af aðflutningsgjöldunum renni í þessu skyni til byggingar tollstöðva, fer stjórnarfrv. fram á það, að aðflutningsgjöldin séu hækkuð um 1% til þess að ná í ríkissjóðinn þessari hækkun. Við flm. þessarar till. á þskj. 125 höfum ekki heyrt nægilegan rökstuðning fyrir því, að þetta sé óhjákvæmilegt fyrir ríkissjóð. Nú má að vísu vera, að þetta sé ekki svo stórt atriði í allri þeirri súpu, sem kvað vera verið að matreiða fyrir landsmenn nú af hæstv. ríkisstj. og við líklega bráðlega fáum að bragða á næstu daga. En það væri þá rétt, ef um tollahækkanir á að vera að ræða, að það komi í þeirri súpu, en ekki sé verið að taka þannig út úr eitt og eitt atriði, eins og hér hefur verið gert. Það mun nema eitthvað á þriðju millj. króna, eftir því sem hv. frsm. upplýsti, sem þessi hækkun á aðflutningsgjöldunum yrði samtals, ef frv. yrði samþykkt.

Meginatriðið er sem sagt þetta: Við flm. brtt. erum samþykkir því að framlengja þessa tolla með gildandi álögum óbreytt frá því, sem er í þeim lögum, er nú gilda, en teljum ekki frambærilegt og erum andvígir því að hækka þau um 1%.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 27. fundi í Ed., 11. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 125 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 6, 125).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 125 felld með 10:5 atkv.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 31. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 33. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 21. des. var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 170).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv., sem er stjfrv. og hingað komið frá hv. Ed., felur í sér, að framlengd skuli árið 1957 öll þau ákvæði, sem nú gilda um innheimtu á vörumagnstolli og verðtolli, en þau ákvæði hafa verið tímabundin og eru það raunar enn með þessu frv., því að lagt er til, að það verði aðeins framlengt til ársloka 1957. Vörumagnstollur verður því innheimtur með 340% álagi og verðtollur með 80% álagi, eins og áður hefur verið gert, og undanþegnar tollhækkunum eru nokkrar vörur, sem tilgreindar eru í 2. gr., og enn fremur er í 3. gr.

ákveðið, að heimilt sé að fella niður aðflutningsgjöld af sérstökum vörum. Þetta er allt óbreytt eins og áður hefur verið, en það er aðeins eitt smáatriði í þessu frv. nýtt, í niðurlagi 1. gr.

Í lögum nr. 68 frá 1956 er svo ákveðið, að 1% af aðflutningsgjöldum skuli lagt í sérstakan sjóð og notað í því skyni að byggja upp og bæta aðstöðu tollgæzlunnar í landinu. Í þessu frv. er lagt til, að þessum ákvæðum verði breytt á þann hátt, að aðflutningsgjaldið verði ekki skert um þetta 1%, heldur verði lagt á aukalega 1% í þessu skyni, 1% af innheimtum aðflutningsgjöldum til þess að tekjur ríkissjóðs skerðist ekki um þennan 1 hundraðshluta.

Nefndin, fjhn., er sammála um að mæla með frv. í öllum aðalatriðum, en tveir nm., þeir hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) og hv. 9. landsk. þm. (ÓB), eru andvígir þeirri breyt., því nýmæli, sem ég var nú að lýsa, um það, að framlagið til byggingar tollstöðva verði tekið með sérstöku gjaldi, heldur leggja þeir til, að það verði tekið eins og fyrr af sjálfum aðflutningsgjöldunum.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það er út af því ákvæði þessa frv., að tiltekið aukagjald á að leggjast á til þess að byggja tollstöð í Reykjavík. Ég verð að segja, að yfirleitt er það óheppilegt fyrirkomulag að vera að búta þannig sundur ríkistekjurnar og ráðstafa þeim með sérstökum lagaákvæðum. Í raun og veru er verið að fela fyrir mönnum, hvernig þeim er ráðstafað, í stað þess að láta þær allar koma fram á fjárlfrv. og síðan tæki Alþ. með samþykkt fjárlaga ákvörðun um það, hvernig þeim skuli varið. Þetta er miklu eðlilegri háttur.

En úr því að fjmrh. leggur áherzlu á, að svona skuli farið að, verður sjálfsagt ekki við því gert að þessu sinni, en ég vil þó spyrja hæstv. ríkisstj.: Telur hún, að það sé ekki eins brýn þörf á ýmsum öðrum opinberum byggingum hér í bænum og nýrri tollstöð? Er ekki alveg eins nauðsynlegt og í raun og veru tollinum til mikillar styrktar, ef lögreglustöð yrði komið hér upp? Ég hygg, að svo lélegur sem aðbúnaður tollsins sé, þá sé aðstaða lögreglunnar sízt betri.

Meðan ég var dómsmrh., reyndi ég — og lagði á það mikla áherzlu — að fá fé lagt til hliðar til lögreglustöðvarbyggingar, og tókst mér smám saman að fá, með meira eða minna góðfúslegu samþykki fjmrh., nokkurt fé lagt til hliðar í því skyni. Þar sem hann ætlar nú að verða svo stórtækur til tollstöðvarbyggingar og ber vott um hans örláta hug um þessar mundir, vildi ég beina því til hans, hvort hann mundi ekki fallast á það, að lagt verði annað prósent ofan á til þess að byggja lögreglustöð, þannig að þessar tvær höfuðlöggæzlustofnanir í bænum gætu nokkurn veginn fylgzt að.

Mér hefur ekki gefizt tími til þess að flytja um þetta brtt., en mun fara nokkuð eftir undirtektum hæstv. fjmrh., hvort ég tel það hafa þýðingu eða ekki.

En tilfellið er það, eins og ég hef komið að hér áður á Alþ. og rætt um við hæstv. fjmrh. hvað eftir annað, að ég held, að það verði ákaflega erfitt að koma á fullnægjandi tollgæzlu hér í bænum, nema með miklu nánara samstarfi lögreglu og tolls en verið hefur. Mín sannfæring er sú, að ein þarfasta umbótin í þessu væri sú að sameina tollgæzluliðið og lögregluliðið, annaðhvort að öllu eða mjög verulegu leyti. Ég hygg, að það sé á engan hallað, þó að það sé sagt, að ekki sé heppilegt, að sömu mennirnir séu áratugum saman tollgæzlumenn á sama stað og þurfi að umgangast þá, sem þeir eiga að hafa eftirlit með, með svo nánum kunningsskaparhætti sem hlýtur að skapast. Ég er ekki að drótta neinu óheiðarlegu að neinum manni með þessu, en það er óhjákvæmilegt, að þeir, sem við eiga að búa, fari að þekkja viðbrögð og starfshætti tollmannanna, eftir því sem þeir kynnast þeim, svo að þótt annað kæmi ekki til, er mjög óheppilegt, að sömu mennirnir þurfi ætíð að vera alveg á sama staðnum að annast þessi störf.

Í okkar litla þjóðfélagi er mjög erfitt að bæta úr þessu, nema með því að sameina fleiri starfsgreinar og gera þannig mögulegt að skipta örar um en fram að þessu hefur verið gert. Ég kem ekki auga á aðra heppilegri leið til þess en þá að láta lögreglu og toll að verulegu leyti sameinast. Það átti nú að athuga þetta nánar í viðræðum milli dómsmrn. og fjmrn. Ég veit ekki, hvað þeim hefur miðað áfram, eftir að ég hvarf úr ríkisstj., en ég þori að fullyrða þá meginstaðreynd, að eitt öflugasta ráðið til þess að bæta tollgæzluna er nánara samstarf við lögregluliðið, og þess vegna er það engan veginn sagt út í bláinn, heldur er það að verulegu leyti sama málið að bæta aðstöðu lögreglunnar hér í bænum og tollgæzlunnar, og ég efast um, að úr þessu verði bætt til hlítar, nema með því að þær nýju stöðvar verði að einhverju leyti sameinaðar. Það er ekki hægt að öllu leyti, en einhverju verulegu leyti.

Þessu vildi ég hér hreyfa til þess að á þessi atriði væri bent og sérstaklega óska eftir umsögn hins örláta hæstv. fjmrh. um það, hvort hann mundi nú ekki í öllu þessu skattaflóði vera mér sammála um það að bæta 1% ofan á, til þess að verulegur skriður gæti komizt á byggingu lögreglustöðvar.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Á síðasta Alþ. var gerð ýtarleg grein fyrir því, að tollgæzlan byggi við óhæfa aðstöðu. Það er ekki hægt að ætlast tollgæzluna, svo að sæmilega fari, nema hún hafi svo mikil húsakynni, að hún geti tekið við heilum skipsförmum og afgreitt þá aftur frá sér og þannig gengið algerlega úr skugga um, að allt sé í lagi varðandi þá farma, sem koma til landsins. Þetta þarf að vera hægt að gera, a. m. k. alltaf af og til, en til þess að svo megi vera, þarf tollgæzlan að ráða yfir talsvert miklum húsakynnum. Það er keppt að því í öllum löndum, að þessi háttur geti orðið á hafður.

Við höfum undanfarið látið menn kynna sér í nágrannalöndunum, hvernig þessu er fyrir komið, og það hefur komið í ljós, að það er kostnaðarsamt að koma þessu fyrir á þann hátt, sem þarf að vera. Það er mjög erfitt að fá nægilegar fjárveitingar í þessu skyni. Við þekkjum það af reynslunni undanfarið, og höfum við þess vegna tekið upp þá till., sem hér liggur fyrir, að menn horfist nú í augu við þá staðreynd, að

það þarf að kosta til tollgæzlunnar og ætla nú framvegis 1% af sjálfum tolltekjunum til þess að bæta aðstöðuna. Þetta mun margborga sig á allan hátt, að bæta tollgæzluna frá því, sem hún er nú. Það gefur meiri tekjur og minnkar um leið það ranglæti og misrétti, sem af tollsvikum leiðir.

Það er talað um, að þessi fjárhæð sé nokkuð há, en sannleikurinn er sá, að hún er þó mjög lág í hlutfalli við það verkefni, sem þarf að leysa, en á hinn bóginn ekki tilfinnanlegt skattþegnunum, ef staðið er að málinu á þennan hátt, sem hér er lagt til.

Það sýnist ekki vera óeðlilegt, þegar um tollgæzlukostnað er að ræða eða nánar stofnkostnað við aukna tollgæzlu, að þessi háttur sé á hafður. Á hinn bóginn vil ég ekki mæla með því, að þessi leið verði farin í sambandi við önnur verkefni, sem sé að leggja til ákveðna prósentu af tolltekjunum. Ég álít, að það sé rétt að nota þessa aðferð eingöngu að því er varðar kostnað við að byggja upp tollgæzluna sjálfa, en ekki aðra liði ríkisrekstrarins. Þess vegna mundi ég mæla á móti því, að þessi háttur yrði á hafður um aðra liði, og segi ég þetta í tilefni af því, sem hv. 1. þm. Reykv. (BBen) tók fram um lögreglustöð í Reykjavík.

Það er í athugun, að hve miklu leyti hagkvæmt geti talizt að sameina löggæzlu og tollgæzlu. Þeir menn, sem til þess voru settir af fjmrn. og dómsmrn. að skoða það mál sérstaklega, hafa ekki skilað endanlegu áliti, en það verður eftir því gengið, að þeir segi frá niðurstöðunni af athugunum sínum á því máli.

Ég vil nota tækifærið til þess að taka fram, að það hefur farið fram enn á ný á vegum fjmrn. athugun á tollgæzlunni og hvernig ástatt er um þau mál, og í tilefni af því, sem sú athugun hefur leitt í ljós, verður tollgæzlan aukin verulega á næstunni, og vona ég, að hv. Alþ. taki því vel, þótt af því kunni að leiða talsvert aukinn kostnað, en nauðsyn er brýn á því að bæta úr í því efni.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég verð að lýsa vonbrigðum mínum yfir því, að örlæti hæstv. fjmrh. skuli ekki endast til þess að vilja bæta aðstöðu löggæzlunnar í landinu, og þykir það bera vitni um, að hann hafi ekki enn þá öðlazt víðsýni. Um það er ekki að fást, en ég vil nú þó reyna það, hvort allir hans fylgismenn séu honum jafnþröngsýnir í þessum efnum, og leyfi mér því að bera hér fram litla brtt. við frv. Aftan við 1. gr. bætist: „Enn fremur skal innheimt jafnhátt gjald til byggingar lögreglustöðva.“ — Ég leyfi mér að vænta afbrigða og treysti á góðvild þingmanna rétt fyrir jólin um að samþykkja þennan litla pinkil ofan á alla hina skattana.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 180) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 180 felld með 15:9 atkv.

1. gr., fyrri málsgr. samþ. með 21 shlj. atkv.

1. gr., síðari málsgr. samþ. með 15:7 atkv.

2.—4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 181).

---

12. Útflutningssjóður o. fl.

Á 35. fundi í Nd., 19. des., var útbýtt:

Frv. til l. um útflutningssjóð o. fl. [92. mál] (stjfrv., A. 159).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Er forseti leitaði afbrigða um málið, mælti

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það er eingöngu um þingsköp. Áður en greidd verða atkv. um afbrigðin, vil ég láta þess getið, að þetta frv., sem er í 40 greinum og með tilvísun í fjölda lagaboða, sem mjög mikið verk er að kynna sér, hefur fyrst borizt Sjálfstfl. í hendur rétt fyrir kl. 5 í gær og grg. þó ekki fyrr en rétt fyrir kl. 11 í gærkvöld. Það er því með öllu ómögulegt fyrir Sjálfstfl. á þessu stigi málsins að taka afstöðu til þess, hvort hann getur veitt atbeina til þess, að málið verði afgreitt með afbrigðum í Alþingi. Ég hafði skilið það svo, að það væri samkomulag um það, að málinu yrði einungis útbýtt á þessum fundi og afstaða tekin til þess síðar í dag, hvort Sjálfstfl. féllist á afbrigði, og vil láta þann skilning koma hér fram. Mér er það ljóst, að stjórnarflokkarnir hafa það í hendi sér að knýja málið áleiðis, en ég hefði talið, að það væri ekki óeðlilegt, að stærsti flokkur þjóðarinnar ætti þess a. m. k. kost að skoða þetta mál nokkrar klst., áður en afstaða yrði tekin til þinglegrar meðferðar. Við höfum því farið þess á leit, að okkur gæfist tóm til þess í dag að kynna okkur efni frv., og að þeirri athugun lokinni mundum við taka afstöðu til þess, auðvitað efnis frv., en einnig þess, hvort við vildum veita atbeina að því, að málið væri afgreitt með afbrigðum í gegnum þingið. Eins og stendur nú, tel ég ekki fært að greiða atkv. með afbrigðum. Það er þá á ábyrgð stjórnarflokkanna, ef þeir vilja knýja það í gegn.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., að ríkisstj. hefur leitað samkomulags við stjórnarandstöðuna um að afgreiða þetta mál fyrir jól. Þetta var gert s. l. ár, og var þá gott samkomulag við stjórnarandstöðuna um að afgreiða málið á stuttum tíma. Í fyrradag bjóst ég við að geta afhent stjórnarandstöðunni með svipuðum hætti og gert var s. l. ár frumvarpið með grg. Frv. var hins vegar ekki tilbúið í gærmorgun, til þess

að stjórnarandstaðan gæti haft daginn fyrir sér til að athuga málið, og frv. var ekki tilbúið fyrr en milli kl. 4 og 5 og þá sent stjórnarandstöðunni, en grg. var ekki til fyrr en milli 10 og 11 og mun ekki hafa komið í hendur Bjarna Benediktssyni, hv. 1. þm. Reykv., sem gert var ráð fyrir að tæki við grg., fyrr en kl. 11. Af þessum ástæðum höfum við ákveðið í ríkisstj. að óska eftir, að þessum fundi verði frestað til kvölds, til þess að nokkur tími sé fyrir þm. að athuga þetta mál. Ég geri það að engu atriði, hvort afbrigða er leitað nú eða í kvöld, og tel það ekki því máli skipta, að ég get vel fallizt á, að afbrigðanna sé leitað í kvöld.

Forseti (EOl): Það verður orðið við þeirri ósk, sem fram hefur komið um, að atkvgr. um afbrigði fari ekki fram nú, og fundi verður því frestað til kl. hálfníu í kvöld. Fundi er frestað. — [Fundarhlé.]

ATKVGR.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Um leið og frv. þetta er lagt fyrir þessa hv. þingdeild, vil ég til viðbótar þeirri ýtarlegu greinargerð, sem málinu fylgir, segja nokkur orð um það almennt. Aðrir hæstv. ráðh. munu svo sennilega í þessum umr. gera skil þeim þáttum þessa frv., sem heyra undir þeirra verkahring.

Ég geri jafnvel ráð fyrir, að sumir muni svo mæla, að mál þetta hefði átt að koma fyrr fram og það sé síðbúið. Ég hygg þó, að þeir, sem bezt til þekkja og vita, við hvaða erfiðleika nú er að stríða í framleiðslumálum þjóðarinnar, muni naumast hafa getað gert ráð fyrir, að það kæmi fyrr fram. Það hefur þurft að leysa þetta sama vandamál svo að segja við hver áramót, og þótt viðfangsefnin hafi verið mun minni en nú, hefur það stundum dregizt talsvert fram yfir áramót að leggja fram frv. um úrlausn málsins hér á Alþ., til mikils fjárhagslegs tjóns fyrir þjóðina. Erfiðleikar framleiðslunnar hafa stöðugt farið vaxandi, og þeir hafa áreiðanlega aldrei verið meiri en á þessu ári. Af þeim ástæðum einum er málið allt enn vandasamara viðfangs en það hefur nokkurn tíma verið fyrr. En jafnframt hefur það kostað mikla vinnu og mikinn tíma að ræða við þá aðila, sem hér eiga einna mestan hlut að máli.

Ríkisstj. hefur rætt þetta mál við stjórn Alþýðusambands Íslands og fjölmenna nefnd fulltrúa, er síðasta þing Alþýðusambands Íslands valdi til þess að ræða þessi mál við ríkisstj. Stjórn Stéttarsambands bænda og framleiðsluráð landbúnaðarins hafa haft þetta mál til meðferðar. Málið hefur verið rætt og um það samið við sjómenn á togurum og sjómenn á bátum. Það hefur verið rætt við stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, bátaútvegsmenn, togaraeigendur og frystihúsaeigendur. Allt hefur þetta verið gert til þess að reyna að samræma sjónarmiðin.

Ríkisstj. telur, að þessar viðræður hafi borið þann árangur, að vel hafi tekizt og friðsamleg lausn þessa stóra vandamáls sé tryggð með samtökum framleiðslustéttanna og launþega í framkvæmd. Það er því sannfæring ríkisstj., að þeim tíma, sem varið hefur verið til þess að ræða lausn þessara mála við framangreinda aðila, hafi verið mjög vel varið, og tryggt sé, að þrátt fyrir þessar nauðsynlegu tafir geti frv. þetta fengið samþykki næstu daga, þ. e. a. s. nægilega snemma til þess, að framleiðslan geti haldið áfram með fullum rekstri og ekki komi til þeirra stöðvana, sem stundum hafa orðið afleiðingar þeirra aðgerða í efnahagsmálum, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum.

Með þessum nýju vinnubrögðum telur ríkisstj. mikið unnið, því að það er stórt hagsmunamál fyrir þjóðina, að framleiðslan þurfi ekki að stöðvast.

Það kemur áreiðanlega engum á óvart, að frv. þetta er flutt. Allir, sem fylgzt hafa með hraðvaxandi verðbólgu á síðustu árum og hrörnandi hag framleiðslunnar fljótlega eftir að síðustu bráðabirgðaráðstafanir voru gerðar, munu hafa gert sér ljóst, að hjá stórfelldum ráðstöfunum varð ekki komizt til þess að fyrirbyggja algerða stöðvun útflutningsframleiðslunnar og koma í veg fyrir þær ægilegu afleiðingar, sem það hefði haft í för með sér.

Nokkru eftir að núverandi ríkisstj. tók við völdum, fékk hún þekktan erlendan hagfræðing til þess ásamt íslenzkum hagfræðingum að rannsaka hag framleiðslunnar. Varð niðurstaðan sú, að til þess að útflutningsframleiðslan gæti haldið áfram, þyrfti að flytja yfir til hennar með einhverju móti um 500 millj. kr., þar með talið það fjármagn, sem varið hefur verið með bátagjaldeyri og úr framleiðslusjóði henni til aðstoðar. Við enn nánari athugun ýmissa íslenzkra hagfræðinga og sérfróðra manna hefur niðurstaðan orðið svipuð á tekjuþörfum ýmissa greina útflutningsframleiðslunnar. Auk þess hefur tekjuþörf ríkissjóðs vaxið vegna vaxandi verðbólgu. Það er ekki auðvelt verk að afla þessa fjár, án þess að það komi við hag margra. En þetta er það vandamálið, sem núverandi ríkisstj. þurfti að mæta, og ekki varð í kringum það komizt. Ráðstafanir þær, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum, hafa einatt reynzt bráðabirgðaráðstafanir í framkvæmd. Bent hefur verið á, að ein meginorsök þess hafi verið sú, að ráðstafanirnar hafi verið gerðar án samráðs við vinnustéttirnar. Reyndin hefur því orðið sú, að ýmsar þeirra hafa snúizt gegn þeim, þær hafa talið þær andstæðar hagsmunum sínum, vegna þess að eigi hefðu samtímis verið gerðar ráðstafanir til þess að stöðva verðbólguna.

Afleiðingarnar hafa orðið þær, að dýrtíðin hefur aukizt hröðum skrefum, hagur útflutningsframleiðslunnar farið versnandi og þurft hefur að gera nýjar ráðstafanir við hver áramót.

Núverandi ríkisstj. tók við völdum með því fyrirheiti að reyna að stöðva verðbólguna í samráði og samstarfi við launþega; bændur og aðra vinnandi framleiðendur og velja leið eða leiðir til þess að koma í veg fyrir stöðvun framleiðslunnar í samráði við þessar stéttir, til þess að reyna að skapa gagnkvæmt traust milli ríkisstj.

og stéttanna og til þess að ríkisstj. og þær gætu ráðizt sameiginlega gegn vandanum í stað þess að standa í deilum.

Eitt af fyrstu verkum þessarar ríkisstj. var að ná samkomulagi við bændur og launþega um það, að þeir féllu frá hækkun kaupgjalds og afurðaverðs, sem þeir áttu samkvæmt samningum og lögum. Þetta samþykki fékkst með því skilorði, að gerðar yrðu ráðstafanir til þess, að verðlag hækkaði ekki almennt til næstu áramóta og að kaupmáttur launanna yrði ekki rýrður, meðan leitað væri að lausn í þeim málum, sem hér liggja fyrir. Þetta hefur tekizt, og mun það almenn skoðun landsmanna, að þetta fyrsta spor hafi verið til mikils gagns. Það orkar ekki tvímælis, að ef kaupgjaldið og afurðaverðið hefði hækkað, — það var alveg óumflýjanlegt, ef ekki voru ráðstafanir gerðar, — og ef þessar ráðstafanir hefðu ekki verið gerðar, hefði útflutningsframleiðslan verið miklum mun verr á vegi stödd og málefni hennar jafnvel verið lítt leysanleg nú.

Eins og frv. ber með sér, er gert ráð fyrir, að þetta fyrrnefnda samkomulag haldist. En eins og tekið var fram á síðasta hausti, voru þær ráðstafanir, sem gerðar voru, aðeins fyrsta skrefið í rétta átt til þess að koma í veg fyrir vöxt verðbólgunnar. Það lá ljóst fyrir, eins og margoft var sýnt fram á í kosningabaráttunni, sem fór fram á miðju s. l. sumri, og svo sem ég hef áður rakið, að stórfelldar ráðstafanir þurfti að gera við þessi áramót til þess að koma í veg fyrir stöðvun framleiðslunnar. Þær tekjur, sem aflað var í byrjun þessa árs, voru fyrirsjáanlega alls ekki nægilegar til þess að halda framleiðslunni á floti árið út. Verðbólgan jókst, og þess vegna varð ekki hjá því komizt að hækka uppbæturnar til framleiðslunnar.

Það er gerð grein fyrir aukinni tekjuþörf ríkissjóðs og aukinni tekjuþörf til að halda útflutningsframleiðslunni á floti í greinargerðinni fyrir þessu frv. og einnig hvernig er áætlað að afla teknanna. Ég geri naumast ráð fyrir, að þessi tekjuþörf verði í nokkrum verulegum atriðum vefengd. Þó tel ég rétt og skylt að gera hv. Alþ. nánari grein fyrir þessu í samræmi við nákvæmustu áætlun, sem völ er á, en við það hefur komið í ljós, að 7 millj. kr. mismunur er frá því, sem áætlað er í greinargerðinni. Nýju gjöldin eru hækkuð og á lögð sem hér segir:

1) Hækkun innflutningsgjalds af öðrum vörum en brýnustu nauðsynjum og helztu rekstrarvörum sjávarútvegsins og landbúnaðarins og yfirfærslugjöld af sömu vörum 163 millj. kr.

2) Gjald af ýmsum duldum greiðslum o. fl. 30.7 millj. kr.

3) Gjald af innlendri framleiðslu og þjónustu 19.9 millj. kr.

4) Gjöld af bifreiðum og ferðakostnaði erlendis 11.7 millj. kr.

5) Gjald af innlendum tollvörutegundum 5.5 millj. kr.

6) Greiðsla frá gjaldeyrisbönkunum 10 millj. kr.

Samtals 240.8 millj. kr.

Áætlað er, að fénu verði varið þannig:

1) Auknar uppbætur til sjávarútvegsins 1957. a) Auknar uppbætur til bátaútvegsins 38.6 millj. kr. b) Auknar uppbætur til torgaranna 38 millj. kr. c) Auknar uppbætur til fiskvinnslu 9.2 millj. Samtals 85.8 millj. kr.

2) Hækkun verðuppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir 20 millj. kr.

3) Halli framleiðslusjóðs 1956 20.7 millj. kr.

4) Eftirstöðvar innflutningsréttinda 1956 15 millj. kr.

5) Vegna olíufarmgjalda 22.5 millj. kr.

6) Vegna aukinnar niðurgreiðslu á innlendum afurðum 24 millj. kr.

7) Vegna atvinnuaukningar, raforkumála o. fl. 50 millj. kr.

Samtals 238 millj. kr.

Vandamálið er að afla þessara tekna, og það er ekki auðvelt að afla þessara tekna þannig, að sem minnst komi við hag þeirra stétta, sem ríkisstj. hefur heitið að hafa samráð við um lausn málsins, þeirra stétta, sem einna minnst hafa úr að spila í þjóðfélaginu. Viðræðurnar undanfarnar vikur og viðleitni ríkisstj. hefur öll beinzt í þá átt að leysa þetta mál þannig, að í sem mestu samræmi væri við vilja launþega, bænda og annarra vinnandi framleiðenda, sem hafa mesta sameiginlega hagsmuni af því, að nauðsynlegum tekjuþörfum framleiðslunnar sé borgið.

Í samræmi við þessi sjónarmið fyrst og fremst byggst ríkisstj. gera verulegar breytingar á því fyrirkomulagi tekjuöflunar, sem verið hefur undanfarin ár í sambandi við stuðning útflutningsframleiðslunnar. Ráðgert er, að svokallað bátagjaldeyriskerfi verði lagt niður, framleiðslugjald af innfluttum vörum verði einnig afnumið ásamt söluskatti í smásölu. Það, sem kemur í þess stað, er innflutningsgjald af innfluttum vörum, og er það mishátt eftir tegundum, en jafnframt er gert ráð fyrir nokkurri hækkun á núverandi gjöldum af innlendri þjónustu og iðnaðarframleiðslu.

Eins og ég áður gerði grein fyrir, hefur tekjuþörfin aukizt, og til þess að mæta þessari tekjuþörf eru gjöld hækkuð af ýmsum vörutegundum, sem sízt verða taldar til brýnna nauðsynja, hækkaður ferðakostnaður erlendis, gjald tekið af innlendum tollvörutegundum, leyfisgjöld af innfluttum bifreiðum, lagt er gjald á sölu farmiða til og frá útlöndum, ýmsar tegundir tryggingargjalda og hækkað gjald af innlendri framleiðslu og þjónustu.

Eins og frv. ber með sér, er gert ráð fyrir, að gjaldeyrisbankarnir greiði tiltekinn hluta yfirfærsluþóknunarinnar, en fjár þess, sem á vantar, er aflað með almennu yfirfærslugjaldi, sem bankarnir munu innheimta af seldum gjaldeyri fyrir vörur og ýmsar duldar greiðslur. En til þess að koma í veg fyrir, að gjald þetta leggist á allar vörur, hefur jafnhátt gjald á ýmsum innfluttum vörum ýmist verið fellt niður eða lækkað frá því, sem verið hefur. Engin ný gjöld eru lögð á innflutning brýnustu nauðsynja né helztu rekstrarvörur útflutningsframleiðslunnar. Er hér um að ræða 421 millj. kr. cif., miðað við árið 1955, og er það um 36% innflutningsins.

Ríkisstj. hefur af fremsta megni reynt að haga tekjuöflun þeirri, sem ekki verður með neinu móti hjá komizt, þannig, að sem minnst íþyngi þeim mönnum í þjóðfélaginu, sem minnst hafa úr að spila. Hefur ríkisstj. einnig talið sér

skylt að gera auk þessa og nú samstundis ráðstafanir til þess, að ekki hljótist ónauðsynlegar verðhækkanir af þessari löggjöf.

Í fyrsta lagi verða ráðstafanir gerðar til lækkunar á álagningu milliliða. Enn fremur telur ríkisstj., að eins og efnahagsmálum er nú komið, sé óhjákvæmilegt að lögleiða strangara verðlagseftirlit til þess að tryggja neytendur gegn óhóflegu vöruverði og reyna að koma í veg fyrir vaxandi verðbólgu.

Að lokum vil ég af hálfu ríkisstj. lýsa yfir því, að hún hefur samþykkt að beita sér fyrir aðgerðum, sem hún telur líklegar til þess að stuðla að því, að þær ráðstafanir, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., nái tilgangi sínum. Munu frv. verða lögð fyrir Alþ. um þau efni, sem nú skal greina:

1) Um skatt af stóreignamyndun. Innstæður í lánsstofnunum, innlánsdeildum sem og opinber verðbréf verða undanþegin skattinum. Skattálagningin miðast við, að skatturinn nemi a. m. k. 80 millj. kr., sem greiðist að nokkru við álagningu, en að öðru leyti á nokkrum árum.

2) Um lækkun tekjuskatts af lágum tekjum.

3) Um aukinn skattfrádrátt fyrir fiskimenn.

4) Um endurskipulagningu fisksölunnar til útlanda.

5) Um endurskipulagningu bankamálanna.

6) Um húsaleigu.

Og auk þess: Álagning milliliða verði lækkuð verulega. Byggingarsjóði verkamanna verði tryggt aukið fé. Hækkuð verði ræktunarframlög til þeirra bænda, sem ekki hafa náð tiltekinni túnstærð, og aukinn stuðningur við nýbýlastofnun frumbýlinga.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja um þessar ráðstafanir. Þær koma fram, undireins og búið er að undirbúa málin.

Ég legg nú til, að máli þessu verði vísað til 2. umr. og fjhn. Málið er þess eðlis, að það þarf skjóta afgreiðslu og dráttur á afgreiðslu þess gæti valdið miklu tjóni, eins og hv. alþm. er kunnugt.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Um hver áramót nokkur undanfarin ár hefur það verið vandamál ríkisstj. og Alþ., hvernig tryggja ætti rekstur útflutningsatvinnuveganna á komandi ári. Eins og öllum er kunnugt, hafa þær ráðstafanir, sem þannig hefur borið að, tekizt mjög misjafnlega, og er þar skemmst að minnast, hvernig til tókst um síðustu áramót í þessum efnum, en þá tókst svo til, að mikill hluti fiskveiðiflotans lá óstarfræktur nær allan janúarmánuð. Sú framleiðslustöðvun orsakaðist af því, að ekki hafði orðið samkomulag í ríkisstj. á þeim tíma við framleiðendur um það, hvernig skipa skyldi málum framleiðslunnar á þessu ári.

Þessi reynsla frá upphafi ársins 1956 var mjög á sömu lund og hafði verið nokkur undanfarin ár. Þá höfðu verið allharðar deilur á milli ýmissa aðila um það, hvernig koma ætti fyrir þessum málum. Ýmist var það svo, að það voru sjómenn á fiskiskipaflotanum, sem gerðu vinnustöðvun, vegna þess að þeir undu ekki sínum hag, vinnufólk í landi gerði vinnustöðvun, af því að það vildi ekki una þeim ráðstöfunum, sem ákveðnar höfðu verið, eða þá að eigendur framleiðslutækjanna neituðu beinlínis að reka þau, vegna þess að ekki hafði tekizt samkomulag við ríkisstj.

Það var öllum ljóst, að þær ráðstafanir, sem að lokum tókst þó samkomulag um í lok janúarmánaðar s. l., voru þess eðlis, að þær gátu ekki tryggt, að framleiðslan gengi með eðlilegum hætti út allt árið, enda fór svo, að á miðju ári var þannig komið, að fyrrv. ríkisstj. varð að grípa til þess til að tryggja, að síldveiðarnar yfir sumarmánuðina færu fram með eðlilegum hætti, að hún varð að lýsa yfir allverulega auknum framleiðsluuppbótum til þeirra, sem síldveiðarnar stunduðu, og þetta varð að gerast, án þess að nokkurra nýrra tekna væri aflað til þess að standa undir þessum nýju útgjöldum.

Þegar núverandi ríkisstj. tók við, var svo komið hjá ýmsum greinum atvinnulífsins, einkum sjávarútvegsins, að þar lá við fullkominni stöðvun. Þannig var þetta með togaraflotann. Það varð því, þegar komið var fram á haustið, að grípa til sérstakra viðbótarráðstafana til þess að reyna að halda togurunum úti. Einnig var svo ástatt, að ekki hafði verið samið um neinn stuðning við bátaflotann, til þess að hann gæti stundað síldveiðarnar hér við Suðvesturland að haustinu til. Núverandi ríkisstj. varð því að taka við þessum vanda strax á sínum fyrstu dögum og semja um ákveðnar bætur til handa framleiðendum í þessum efnum, og skipti þetta vitanlega allt saman talsvert verulegum fjárhæðum. Þannig var sem sagt ástandið í þessum efnum og sá vandi, sem við blasti. Þegar leið að áramótum og þurfti að gera nýjar ráðstafanir fyrir hið komandi ár, þá þurfti einnig að mæta verulega háum útgjöldum, sem voru beinar skuldahrúgur frá því ástandi, sem hafði skapazt á framleiðsluárinu 1956.

Bein afleiðing þeirra ráðstafana, sem samþ. voru í upphafi ársins, voru svo þær, að allt verðlag í landinu hafði hækkað verulega, vegna þess að tekna vegna hinna nýju ráðstafana var aflað á þann hátt, að lagðir voru á nýir tollar og skattar, sem gengu mjög jafnt yfir allan innflutning. En hinar almennu verðhækkanir leiddu svo vitanlega af sér hækkun á verðlagsvísitölunni og kaupgjaldsvísitölunni, og kaup fór verulega hækkandi á árinu.

Allt þetta þýddi það í raun og veru, að þær ráðstafanir, sem nú þurfti að gera um þessi áramót, hlutu að vera miklum mun kostnaðarsamari en þær höfðu verið nokkru sinni áður. Nú lá það sem sagt fyrir, að það þurfti að veita togaraflotanum miklu meiri stuðning en áður hafði verið gert. Nú lá það einnig fyrir, að það varð að veita bátaflotanum meiri stuðning en áður. Og allar líkur bentu að sjálfsögðu til, að það þyrfti einnig að veita öllum fiskvinnslustöðvum allverulega aukna aðstoð, þar sem útgjöld þeirra höfðu stórlega vaxið á árinu með hækkandi verðlagi og hækkandi kaupi.

Við þetta allt saman bættist svo það, að nú, þegar leið að áramótum, varð stórkostleg verðhækkun vegna utanaðkomandi áhrifa á einni af aðalrekstrarvörum útgerðarinnar, sem sagt brennsluolíum.

Þær ráðstafanir, sem felast í því frv., sem hér hefur verið lagt fram, og eiga að tryggja rekstur útflutningsframleiðslunnar á næsta ári, eru fyrst og fremst þýðingarmeiri og gagnlegri fyrir framleiðsluna, þar sem það liggur fyrir, að þær eru byggðar í meginatriðum á samkomulagi við alla þá aðalaðila, sem hér eiga hlut að máli. Nú hefur tekizt að ná samkomulagi um rekstrargrundvöll við bátaeigendur og ekki aðeins við þá eina, heldur einnig við sjómennina, sem eiga að vinna á bátaflotanum. Nú hefur einnig tekizt að ná samkomulagi við togaraeigendur og einnig við sjómennina, sem vinna á togurunum. Þá hefur tekizt samkomulag við aðaleigendur fiskvinnslustöðva um það fiskverð, sem þær eiga að greiða veiðiflotanum á þessu ári, og einnig hefur svo það verið tryggt, að launþegar í landi og bændur sætta sig við þær ráðstafanir, sem hér er byggt á.

Í þessum efnum er hér um grundvallarmun að ræða frá því, sem áður hefur verið. Ég vil í þessu efni minna á það, að þegar gengið var frá þessum málum í upphafi ársins, þá var t. d. þannig á málunum haldið, að þó að stuðningurinn við togaraútgerðina þá liti út á pappírnum sem allverulegur, varð hann að engu strax sömu dagana og var verið að veita hann samkv. lögum frá Alþ. Öll hin aukna aðstoð, sem þá var samþ., hvarf úr höndum togaraútgerðarmanna í stórhækkað verð á olíu, sem þá var heimilað um sama leyti, og í beina fiskverðslækkun á einni aðalframleiðsluvöru togaranna, sem einnig var þá samþ. um sama leyti. Þá urðu togaraeigendur einnig að samþ., einnig þessa sömu daga, allverulega hækkun á kaupi togarasjómanna.

Þannig var það, að sá stuðningur, sem veittur var togurunum, hvarf þá strax fyrstu dagana, og þeir sátu eftir í sömu rekstrarvandræðunum og þeir höfðu verið, strax dagana eftir að lausnin hafði verið tilkynnt.

Svipað mátti segja um bátaeigendur og aðra, að þegar búið var að veita þeim nokkra aðstoð, urðu þeir að hefja glímu við sjómennina á fiskiskipaflotanum með vitanlega tilheyrandi útgjöldum vegna rekstrar bátanna.

En nú hafa þessi vandamál verið leyst öll í einu, þannig að tillit hefur verið tekið til allra, að því leyti til sem rétt hefur þótt og sanngjarnt hefur verið, og ætti því allur veiðifloti okkar að geta hafið rekstur án verulegra truflana strax frá n. k. áramótum að telja. Á þessu er vitanlega gífurlega mikill munur frá því, sem áður hefur verið.

Í þessu frv. er einnig gert ráð fyrir því að tryggja bæði bátaflotann og togaraflotann fyrir óvæntum hækkunum í sambandi við útgjöld af olíukostnaði.

Þá er einnig gert ráð fyrir því í þessu frv. að breyta allverulega til um form á þeim stuðningi, sem hinum einstöku greinum sjávarútvegsins er veittur. Bátaflotinn hefur að undanförnu notið nokkurs stuðnings frá hinu svonefnda bátagjaldeyriskerfi. Nú er þetta kerfi lagt niður, og hafa því bátaútvegsmenn ekki lengur með það að gera að selja hluta af gjaldeyrinum með því sérstaka álagi, sem þeir hafa gert að undanförnu. Þess í stað eiga bátaútvegsmenn nú til viðbótar við hið fastskráða fiskverð, sem fiskvinnslustöðvarnar munu greiða hverjum bát, að fá úr útflutningssjóði, sem stofnaður verður, fasta greiðslu, sem miðuð er við hundraðshluta af útflutningsverðmæti þeirra afurða, sem bátarnir framleiða og fluttar eru á erlendan markað.

Þá verða einnig gerðar ráðstafanir til þess, að þessar útflutningsuppbætur berist bátaeigendum hraðar en bátagjaldeyriskerfið hefur skilað þeim því fé, sem þeir fengu með þeim hætti, og einnig verða gerðar ráðstafanir til þess að tryggja, að sá hlutur, sem hver einstakur bátseigandi fær út úr þessu og þarf vegna sinnar margvíslegu útgjalda, m. a. til kaupgreiðslu, komi til hvers einstaks báts miklu fyrr en áður var. Eftir áætlun er metið, að aukinn stuðningur við bátaútgerð landsmanna muni nema samkv. þessu frv. um 36—38 millj. kr., miðað við ársrekstur.

Stuðningurinn við togaraflotann er líka stórlega aukinn frá því, sem verið hefur. Þar verður áfram um fasta daggreiðslu að ræða, miðað við úthaldsdag hvers skips. En nú verða daggreiðslur til togaranna gerðar misjafnar eftir því, hvaða veiðar skipin stunda. Þannig er gert ráð fyrir því, að daggreiðslur til þeirra skipa, sem stunda saltfiskveiðar, verði 6 þús. kr., en daggreiðslur til þeirra, sem stunda ísfiskveiðar og landa innanlands, verði 5 þús. kr., eins og áður var, en daggreiðslur til skipa, sem sigla á erlendan markað, verði hins vegar nokkru lægri en þær hafa verið.

En jafnframt þessu er svo gert ráð fyrir því, að fiskverð frá fiskvinnslustöðvum í landinu hækki til togara sem nemur 22 aurum á hvert kg fyrir þorsk og 23 aurum fyrir hvert kg af karfa.

Það kann að vera, að ýmsum finnist, að sá stuðningur, sem hér er veittur togaraútgerðinni, sé æði mikill, þar sem hér er um að ræða upphæð, sem mun nema í kringum 38 millj. kr., miðað við fullan rekstur allra skipanna allt árið, en skipin eru í kringum 41 skip, sem þessa stuðnings njóta. Ástæðan er einfaldlega sú, að hallarekstur á togaraútgerðinni hefur verið allt þetta ár alveg gífurlega mikill. En með þessum stuðningi og með því að aðalrekstrarvörur togaranna, eins og brennsluolía, og einnig kaupgjald verður nokkuð jafnt yfir árið, þá standa vonir til þess, að nú ætti meðaltogari að geta staðið undir öllum sínum útgjöldum og að rekstur þeirra gæti því orðið með eðlilegum hætti, sem ekki er hægt að segja að rekstur þeirra hafi verið.

Þá er í frv. einnig gert ráð fyrir nokkrum auknum stuðningi við fiskvinnslufyrirtæki. Þar er þó um mjög smávægilega aukningu að ræða frá því, sem verið hefur, þar sem við athugun þótti koma í ljós, að verulegur hluti af hraðfrystihúsum landsins mundi geta unnið við þau kjör, sem þau hafa búið við. En þó er gert ráð fyrir því, að til allrar fiskvinnslunnar í landinu muni útgjöldin aukast um um það bil 9 millj. kr. Þessi aukning fer að verulegu leyti í aukið framlag til vinnslu á smáfiski, sem er miklum mun dýrari í vinnslu, en greitt er hins vegar sama verð fyrir af fiskkaupendum.

Einnig er gert ráð fyrir að auka allverulega stuðninginn við vinnslu á ýsu, en vinnslan á

þeim fiski hefur reynzt mjög óhagstæð á þessu ári.

Ætla verður svo að sjálfsögðu fiskvinnslufyrirtækjunum nokkuð aukið fé, þar sem þeim er nú gert að skyldu að greiða talsvert hærra verð til togaraflotans en fiskvinnslustöðvarnar hafa gert á þessu ári.

Þær greiðslur, sem ég hef nú nefnt og allt má telja sem aukið framlag til þess að tryggja rekstur sjávarútvegsins á næsta ári, nema um það bil 85 millj. kr. En með því að nú er gert ráð fyrir að leggja niður bátagjaldeyriskerfið, verður að gera ráð fyrir því að leysa út nokkuð af þeim vanskilum, sem myndazt hafa á þann hátt, að bátaeigendur hafa ekki fengið greitt út úr því kerfi það, sem þeim ber, ekki miðað við rekstrardag. Ef bátagjaldeyriskerfið hefði verið í gildi áfram, hefðu bátaútvegsmenn að vísu fengið þessar bætur, en þeir hefðu að sjálfsögðu þurft að bíða miklum mun lengur en ætlazt er til með því, að þetta kerfi er lagt niður og nýtt tekur við. Af þessum ástæðum verður að afla nýrra tekna til þess að leysa út þessi vanskil, upphæð, sem nemur um 15 millj. kr.

Áætlað er svo, að verja þurfi á næsta ári til verðlækkunar á olíu um 22 millj. kr., og er þá miðað við það útlit, sem nú er í þeim efnum. Þó er reiknað með, að þegar kemur fram á sumarið ætti verðlag að geta lækkað með lækkandi frögtum, en þær eru að jafnaði hæstar einmitt yfir vetrarmánuðina.

Þá er gert ráð fyrir því, að hinn nýi útflutningssjóður verði að taka á sig a. m. k. 22 millj. kr., sem eru skuldir frá framleiðslusjóði þeim, sem einnig er gert ráð fyrir að leggja niður með þessum lögum.

Það má því segja, að vegna sjávarútvegsins beint eða óbeint, þegar einnig er tillit tekið til skuldagreiðslna, sem upp hafa safnazt, þurfi að afla tekna og sé aflað nýrra tekna með þessu frv. um það bil 144 millj. kr.

Þessi fjárhæð, 144 millj. kr., er að vísu geysihá fjárhæð, og þess verður æði oft vart, að menn efist um, að það sé þörf á því, miðað við núverandi rekstrarskilyrði útgerðarinnar, að greiða henni alla þessa fjárhæð. En eins og ég hef greint frá, þá er ekki öll þessi fjárhæð, sem hér er nefnd, tilheyrandi einu rekstrarári, heldur a. m. k. tveimur, og einnig tilheyrandi óvæntum atburðum eins og í sambandi við verðhækkun á olíu. En það verður að horfast í augu við þá staðreynd, að afkoma sjávarútvegsins hefur yfirleitt verið mjög léleg, og það er eitt af því þýðingarmesta í okkar þjóðfélagi að gera úrbætur í þeim efnum, þannig að þessi undirstöðuatvinnuvegur geti endurnýjað tæki sín og staðið undir eðlilegri aukningu án sérstakra styrkja eða hjálpar með árlegum ráðstöfunum, að hann geti byggt upp slíka sjóði sjálfur.

Það skal hins vegar játað, að það má vel vera, að hægt sé að koma fram ýmsum þeim ráðstöfunum í rekstri hinna ýmsu greina sjávarútvegsins, sem miðað gætu að því að lækka þar rekstrarútgjöld, og af þeim ástæðum hefur líka orðið samkomulag nú á milli sjútvmrn. og bátaútvegsmanna og togaraeigenda, að skipuð verði sérstök nefnd með fulltrúum útvegsmanna og fulltrúum, sem ráðuneytið skipar, til þess að taka þau mál til sérstakrar athugunar, hvort ekki er hægt að draga úr ýmsum útgjöldum, sem á rekstrinum hvíla nú, og minnka á þann hátt þann opinbera stuðning, sem veittur er m. a. með ráðstöfunum þessa frv. Ef reynslan leiðir í ljós, að hægt er eftir athugun þessara mála að draga þar úr ýmsum útgjöldum, þá vitanlega kæmi það öllum til góðs.

Eins og segir í grg. þessa frv., er svo gert einnig ráð fyrir því að afla enn frekari tekna en sem samsvarar þessum útgjöldum, sem ég hef hér gert aðallega grein fyrir, en þar er fyrst og fremst um ýmsar verklegar framkvæmdir að ræða beint eða óbeint á vegum ríkisins. Af þeim ástæðum hefur þurft að afla hér nýrra tekna, sem nema um 230—240 millj. kr.

Það hefur nú verið gerð hér grein fyrir því af öðrum, hvernig þessara tekna er aflað í stórum dráttum, og skal ég því ekki fara út í það, en vildi aðeins segja það, að reynt hefur verið, eftir því sem mögulegt hefur verið, að afla þessara tekna á þann hátt, að hin nýju gjöld hvíldu með sem minnstum þunga á herðum almennings í landinu, en þeir kæmu hér til og stæðu undir þessum miklu millifærslum m. a. til stuðnings framleiðslunni, sem aðra og betri aðstöðu hafa til þess, og vegna þess er hér gert ráð fyrir, að lagður verði á hina ríku í landinu, þá, sem safnað hafa stóreignum á undanförnum árum, nýr skattur, sem áætlað er að nemi a. m. k. 80 millj. kr. Hér er einnig gert ráð fyrir því, að bankar landsins, sem hafa hagnazt vel á undanförnum árum, m. a. á skiptum sínum við atvinnuvegina, leggi hér einnig nokkuð af mörkum.

Gert er einnig ráð fyrir því í sambandi við breytingar á verðlagsmálum varðandi sölu á olíu, að olíusalarnir í landinu verði látnir taka á sig mjög verulegan hluta af þeirri hækkun á olíunni, sem fyrirsjáanleg er og skollin er á, eins og flestum er kunnugt, og er þar að sjálfsögðu um viðbót að ræða við þá beinu niðurgreiðslu á olíu, sem gert er ráð fyrir samkv. þessu frv.

Þá er nú gert ráð fyrir því á óbeinan hátt að láta innflutningsverzlunina í landinu taka sinn þátt í því að standa undir þessum gjöldum, en það verður gert með þeim hætti, að fyrirskipuð verður allveruleg lækkun á heildsöluálagningu, en á þann hátt á að vera hægt að lækka vöruverðið væntanlega til samræmis við þá óhjákvæmilegu hækkun í ýmsum greinum, sem leiðir annars af hinum nýju gjöldum.

Þá hefur einnig verið reynt að afla teknanna eftir ýmsum öðrum leiðum, þannig að hinar nýju álögur hvíldu með sem minnstum þunga á öllum nauðsynlegri varningi.

Það er að vísu ekki gott að spá miklu um það, hvernig þessar ráðstafanir munu reynast í framkvæmd. Ég hins vegar er þeirrar skoðunar, að þar sem þessar ráðstafanir eru byggðar á samkomulagi þeirra aðila, sem hér eiga mestan hlut að máli, þá sé full ástæða að vænta þess, að þær muni duga á annan hátt og betur en þær ráðstafanir, sem framkvæmdar hafa verið á undanförnum árum. En það skiptir vitanlega höfuðmáli, að svo takist til með framkvæmd verðlagsmálanna í landinu, að ekki verði um almenna

vöruverðshækkun að ræða, og þar af leiðandi þurfi ekki að koma til kauphækkana, sem jafnframt mundi þýða aukinn framleiðslukostnað.

Takist með nýju verðlagseftirliti og lækkun á heildsöluálagningu og öðrum slíkum ráðstöfunum að halda verðlaginu í skefjum, þá efast ég ekki um, að næstkomandi ár mun verða fyrir sjávarútveginn í heild og allar greinar hans miklum mun hagstæðara rekstrarár en hann hefur búið við á undanförnum árum. En það einmitt, ef svo tækist til, að sjávarútvegurinn gæti verið rekinn af fullum krafti allt árið og án hallarekstrar, gæti þýtt það, að ekki þyrfti að grípa til neinna nýrra álaga um næstu áramót og hann gæti haldið áfram sínum rekstri með eðlilegum hætti og aukið á tekjuöflun þjóðarheildarinnar og staðið á eðlilegan hátt undir endurnýjun og aukningu.

Ég geri mér vonir um það, og það hygg ég, að framleiðendur við sjávarsíðuna geri einnig yfirleitt, að þær ráðstafanir, sem felast í þessu frv., þýði verulega breytta aðstöðu til hins betra fyrir sjávarútveginn sem heild.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í öllum umræðum um efnahagsmál, sem eiga að vera málefnalegar, verður að hafa þrjár meginstaðreyndir í huga: Í fyrsta lagi, að raunverulegar þjóðartekjur og þar með lífskjör almennings ákvarðist annars vegar af framleiðslu þjóðarinnar og hins vegar af verði útfluttrar vöru í samanburði við innflutta vöru. Í öðru lagi, að þjóðarframleiðslan ákvarðast af því, yfir hvaða framleiðslutækjum þjóðin hefur að ráða, hvernig þau eru nýtt og hvernig þjóðin kann með þau að fara. Og í þriðja lagi, að aukning framleiðslutækjanna getur aldrei orðið meiri en svarar sparnaði þjóðarinnar og erlendum lántökum.

Þessar staðreyndir verður alltaf að hafa í huga, þegar reyna á að dæma skynsamlega um ákveðnar efnahagsaðgerðir. Á efnahagsaðgerðir er hægt að beita og á að beita tvenns konar mælikvarða: Annars vegar þeim, hvort ráðstafanirnar auka þjóðartekjurnar og efla sparnaðinn. Um þessi atriði mundu nú flestir sammála. Og svo hins vegar, hver áhrif ráðstafanirnar hafa á skiptingu þjóðarteknanna. Á þetta atriði leggja allir vinstri sinnaðir menn einnig áherzlu.

Ef við dæmum þær ráðstafanir, sem hér er lagt til að gerðar verði, verðum við að beita á þær þessum tveim mælikvörðum og spyrja okkur sjálfa annars vegar: Miða ráðstafanirnar að því að auka þjóðartekjurnar og efla sparnaðinn? Og svo hins vegar: Hver áhrif hafa þær á skiptingu þjóðarteknanna? Miða þær að því að jafna þjóðartekjurnar, eins og hlýtur að vera sjónarmið vinstri sinnaðra manna?

Núverandi ríkisstj. stóð frammi fyrir erfiðum staðreyndum í efnahagsmálunum, þegar hún tók við störfum á s. l. sumri. Erfiðasta staðreyndin var sú, að um langan aldur hefur verið um verðbólguþróun að ræða hér á landi. Það var og um að ræða mikinn halla á útflutningsatvinnuvegum þjóðarinnar, og það var um að ræða greiðsluhalla gagnvart útlöndum.

Alvarlegasta einkenni ástandsins var það, að um verðbólgu var að ræða. Hin tvö sjúkdómseinkennin, hallinn á útflutningsframleiðslunni og greiðsluhalli við útlönd, eru náskyld því, standa í beinu órofa sambandi við það, að um verðbólguþróun hefur verið að ræða.

Ókostir verðbólguþróunar eru mjög margs konar, en það er þess vert að fara um það örfáum orðum. Undir þeim kringumstæðum eykst framleiðslukostnaður útflutningsframleiðslunnar í sífellu, án þess að hækkun verði á erlendu verði hennar, og það leiðir svo til taprekstrar í útflutningsatvinnuvegunum. Sparnaður þjóðarinnar fer minnkandi, fjárfestingin verður óheilbrigð að ýmsu leyti, eignaskiptingin raskast, og það verður greiðsluhalli við útlönd. Þau alvarlegu sjúkdómseinkenni, sem verðbólguþróunin leiddi í ljós hér, voru þau, að verðlag hér innanlands hefur verið og er enn miklu hærra en erlendis, eins og erlenda verðlagið er mælt í gengisskráningunni. Framleiðsluvísitala hér á Íslandi hefur síðan 1950 hækkað um rúmlega 80%, í Danmörku hefur hún hækkað um 36%, í Bretlandi hefur hún hækkað um 40%, svo að nokkur dæmi séu nefnd. Í gengisskráningunni er krónan því ofmetin. Kaupmáttur krónunnar erlendis er meiri en kaupmáttur krónunnar innanlands. Þetta hlýtur að valda útflutningsatvinnuvegunum miklum erfiðleikum. Þess vegna hefur annað meginsjúkdómseinkennið verið það, að sjálfir undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar hafa verið reknir með tapi, þannig að bæta hefur orðið upp þetta tap með tekjutilflutningi innanlands. Og að síðustu hefur það verið alvarlegt sjúkdómseinkenni í efnahagskerfinu öllu, að greiðsluhalli gagnvart útlöndum hefur verið mikill, og á árinu 1955 mun hann hafa numið einhvers staðar á milli 100 og 150 millj. kr., eða 3—5% af þjóðartekjunum í heild, og á þessu ári mun greiðsluhallinn að vísu verða minni, en þó mjög verulegur.

Það var augljóst, að við svo búið mátti ekki standa.

Þannig var sá arfur, sem fráfarandi ríkisstj. skildi eftir sig. Þannig var sá arfur, sem núverandi ríkisstj. tók við. Hún tók m. ö. o. við öllum undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar með gífurlegum halla. Hún tók við þjóðarbúskapnum í heild með miklum greiðsluhalla gagnvart útlöndum. Til þess að ráða bót á þessu var um tvær meginleiðir að ræða, annars vegar gengisbreytingu og hins vegar beina tilfærslu á tekjum.

Í þessu frv., í þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. hefur valið, felst bein tilfærsla á tekjum til úrbóta á því erfiða ástandi, sem ríkt hefur í efnahagsmálunum. Ég ætla að þessu sinni ekki að ræða kosti og galla hvorrar þessara leiða fyrir sig og ekki meginrökin fyrir því, að leið hinna beinu tilfærslna á tekjum til sjávarútvegsins var valin. Til þess munu vafalaust gefast tilefni síðar í þessum umr., og skal það þá gert, ef tilefni gefst. Á það vil ég leggja áherzlu, að aðalatriði þessara ráðstafana felst í því, að höfð hafa verið náin samráð við samtök launþega og framleiðenda. Ráðstafanirnar eru í einstökum atriðum gerðar í nánu, beinu samstarfi við stjórn Alþýðusambands Íslands og sérstaka trúnaðarnefnd, sem valin var á síðasta Alþýðusambandsþingi. Leiðin var valin og framkvæmdum hagað eins og í frv. felst í nánu samstarfi við stjórn Stéttarsam-

bands bænda og sjómannasamtökin, bæði á bátaflotanum og togaraflotanum, og útgerðarmenn bæði vélbáta og togara.

Það má segja, að um þessar ráðstafanir hafi náðst alger friður við öll þau hagsmunasamtök, sem nauðsynlegt er að starfi saman í friði, ef framleiðslan á að geta gengið óskert og á að geta aukið þjóðartekjurnar og skilyrði eiga að skapast til þess að jafna þær. Þetta hefur ekki áður tekizt, síðan efnahagsmál þjóðarinnar komust í það horf, sem þau eru nú og hafa verið undanfarið, að ríkið fór að hafa jafnmikil afskipti af þróun efnahagsmálanna og raun ber vitni um og gengi atvinnuveganna fór að vera jafnmjög háð opinberum afskiptum og nú á sér stað.

Þetta er í fyrsta skipti, síðan ríkið fór að hafa úrslitaáhrif á gang efnahagsmálanna, að algert samkomulag allra hlutaðeigandi launþegastétta og framleiðendastétta næst um þær ráðstafanir, sem gerðar eru. Þessi staðreynd markar í raun og veru tímamót í atvinnumálum og efnahagsmálum þessarar þjóðar. Þetta er nýjung, sem veldur aldahvörfum og á vonandi eftir að vera trygging fyrir því, að það þurfi ekki enn á ný að grípa til nýrra ráðstafana á næstu árum, um næstu áramót, svo sem þurft hefur við hver einustu áramót nú undanfarin ár.

Þess er skemmst að minnast, að á s. l. ári stöðvaðist rekstur einnar aðalgreinar útflutningsatvinnuveganna, bátaflotans, í heilan mánuð, fyrsta mánuð vertíðarinnar, með milljónatuga tapi fyrir þjóðina í heild. Nú mun engin slík rekstrarstöðvun eiga sér stað. Bátaflotinn, togaraflotinn og allar aðrar greinar íslenzkrar útflutningsframleiðslu munu starfa af fullum krafti og færa þjóðinni björg í bú.

Ef menn ræða þær ráðstafanir, sem felast í frv. í einstökum atriðum, er líklegt, að umræðurnar snúist um ýmislegt. Það er rétt að vekja sérstaka og sem ljósasta athygli á því, um hvað eðlilegt er að málefnalegar umr. snúist.

Í fyrsta lagi getur komið til greina, að menn vilji deila um þá upphæð, sem flutt er til, um upphæð sjálfs tekjuflutningsins. Mér þykir þó ólíklegt, að þeir, sem málið kynna sér ofan í kjölinn, geti fært að því nokkur skynsamleg rök, að hægt hafi verið að komast af með minni tekjutilfærslu en hér á sér stað. Ríkisstj. hafði að sjálfsögðu enga ástæðu til þess að flytja til meiri tekjur en brýna nauðsyn bar til að færa á milli. Það væri málefnaleg gagnrýni, ef hægt væri að benda á einhverja liði í tekjutilflutningnum, sem færa hefði mátt niður. Það verður fróðlegt að vita, hvort á það verður bent og þá hvaða liði hefði mátt minnka.

Þá er hugsanlegt, að menn deili um, og sannleikurinn er sá, að það er líklegt, að megindeilurnar muni einmitt snúast um, á hvern gjöldin eru lögð, þ. e. a. s. hverjir eru látnir láta af hendi þær tekjur, sem þarf að flytja yfir til útflutningsatvinnuveganna. Það hefur verið sjónarmið ríkisstj. að láta sem allra minnst af tekjutilflutningnum lenda á neyzlu, sem talin verður til neyzlu hins almenna borgara, og að láta sem allra minnst af gjöldunum vegna tilfærslunnar verða til þess að auka framleiðslukostnað útflutningsatvinnuveganna. Það er þess vegna, sem séð hefur verið svo um, að innflutningur upp á rúmar 400 millj. kr. skuli ekki bera neinn hluta af þeim tekjutilflutningi, sem látinn er eiga sér stað. Innflutningur brýnustu nauðsynjavöruteg-undanna og helztu rekstrarvara landbúnaðar og sjávarútvegs á engin ný gjöld að bera samkv. þessum ráðstöfunum.

Þá er í þriðja lagi hugsanlegt, að menn vildu deila um, hverjir eigi að fá tekjurnar, sem fluttar eru á milli, í höndum hverra þær tekjur eiga að lenda. Ég geri ekki ráð fyrir því, að neinir, sem málið skoða ofan í kjölinn, geti fært að því rök, að þeim 240 millj. kr., sem fluttar eru á milli, sé ekki réttlátlega skipt á milli þeirra aðila útflutningsframleiðslunnar, sem gert er ráð fyrir að auknar útflutningsuppbætur fái. A. m. k. væri fróðlegt að heyra frá þeim, sem kynni að vilja gagnrýna, hverjir hafi átt að fá meira og hverjir fá minna.

Þá er í fjórða lagi hugsanlegt, að menn vildu ræða um eða deila um þá fyrirkomulagsbreytingu, sem gerð hefur verið við álagningu gjaldanna annars vegar og greiðslu útflutningsuppbótanna hins vegar. Þó hygg ég, að þessar ráðstafanir, sem gerðar eru varðandi breytt fyrirkomulag á álagningu gjaldanna og greiðslu uppbótanna, séu það atriði þessara ráðstafana, sem minnstar deilur verði um, þ. e. a. s. það atriði ráðstafananna, sem líklegast sé að sem flestir geti orðið sammála um að sé til mikilla bóta.

Í fimmta og síðasta lagi mætti deila um þær mikilvægu viðbótarráðstafanir, sem ríkisstj. hefur kunngert, bæði í frv. og í ræðu hæstv. forsrh., að hún er staðráðin í að gera sem framhald og til stuðnings þeim meginráðstöfunum, sem frv. fjallar um. Líklegast þykir mér, að megindeilurnar í sambandi við þetta mál muni einmitt standa í sambandi við þessar viðbótarráðstafanir, því að það er einmitt með þeim, sem fyrst og fremst er snert við hagsmunum þeirra aðila, sem hv. stjórnarandstaða ber fyrst og fremst fyrir brjósti í raun og veru.

Að síðustu þetta: Maður hefur lesið það í blöðum og heyrt það á mannfundum, að í þeim ráðstöfunum, sem hér eru lagðar til, séu farnar troðnar slóðir, að þetta séu í raun og veru ósköp svipuð úrræði og þau úrræði, sem áður voru kennd við íhaldið, að hér séu í raun og veru á ferðinni sömu íhaldsúrræðin og gripið var til í fyrra og hittiðfyrra. Þetta heyrir maður einkum af munni þeirra manna, sem lofsungu úrræðin í fyrra og hittiðfyrra hvað mest.

Ef svo væri í raun og veru, að þessi úrræði væru sömu úrræðin, sömu íhaldsúrræðin og í fyrra og hittiðfyrra, þá skyldi maður búast við miklum lofsöng um þessar ráðstafanir úr munni hv. stjórnarandstæðinga. Þeir munu tala hér á eftir, og þá munum við sjá, hvað þeir hafa um málið að segja. Ef þeir eru mjög óánægðir með þessar ráðstafanir, þá er það væntanlega sönnun þess, að ekki séu farnar troðnar slóðir, að það sé ekki um að ræða sömu úrræðin og gripið var til í fyrra og hittiðfyrra.

Í sambandi við þetta er auðvitað ekki úr vegi að spyrja: Vilja hv. stjórnarandstæðingar þess konar tilfærslur á milli flokka í innflutningnum,

sem gerðar hafa verið með þessum tillögum? Telja þeir þar vera um að ræða troðnar slóðir? Vilja þeir stóreignaskattinn eða ekki? Telja þeir það troðnar slóðir að gera nú ráð fyrir stórfelldum stóreignaskatti? Vilja þeir verðlagseftirlit? Eru það troðnar slóðir, þegar lagt er til í frv., að komið sé á strangara verðlagseftirliti en áður hefur verið um að ræða hér? Vilja þeir verulega lækkun á álagningu milliliða? Eru það íhaldsúrræði að *gera ráð fyrir verulegri lækkun á álagningu* milliliða? Vilja þeir breytta tilhögun á skipulagi í útflutningsverzluninni? Eru það troðnar slóðir að ætla sér að gera þar á verulegar skipulagsbreytingar? Og í síðasta lagi: Vilja þeir breytta skipun bankamálanna? Eru það íhaldsráðstafanir að gera ráð fyrir breytingum á skipan bankamálanna? Ekkert af þessu, sem ég hef nú nefnt, var gert í fyrra eða hittiðfyrra, og það er það, sem skilur.

Það, sem er sameiginlegt með þessum ráðstöfunum og ráðstöfununum í fyrra og hittiðfyrra, er það, að farin er leið hinnar beinu tekjutilfærslu til þess að greiða úr vanda útflutningsatvinnuveganna. Það er sameiginlegt, en er gert núna með allt öðrum hætti en í fyrra og hittiðfyrra. Gjöldin, sem þá voru lögð á, voru miklu almennari. Þau komu einnig á ýmsar almennar neyzluvörur og rekstrarvörur útflutningsatvinnuveganna, en svo er ekki núna. Auk þess voru ásamt ráðstöfununum í fyrra og hittiðfyrra ekki gerðar neinar slíkar viðbótarráðstafanir sem nú er tilætlunin að gera til þess að styðja að því, að megintilgangur frv. náist og takist að stöðva verðbólguþróunina, tryggja vinnufrið í landinu og hafa áhrif til auðjöfnunar. Það er vegna aðferðarinnar við tekjutilfærsluna í þetta skipti og þó sérstaklega vegna þeirra viðbótarráðstafana, sem eru gerðar, að ráðstafanir þessa frv. eru ný úrræði. Það er vegna þessa, sem þessar till. marka stefnubreytingu og framkvæmd þeirra á að geta leitt til þess, að verðbólgan stöðvist. Hún á að geta leitt til áframhaldandi framleiðslu, batnandi lífskjara og aukins jafnaðar í tekjuskiptingu íslenzku þjóðarinnar.

Ólafur Thors: Herra forseti. Ég læt í ljós nokkur vonbrigði yfir því, að ræður hæstv. ráðh., sem hér hafa talað, hafa í rauninni ekki verið neitt annað en endurtekning þeirra fátæklegu upplýsinga, sem eru í grg. þessa frv., að öðru leyti en því, sem hæstv. síðasti ræðumaður, hæstv. menntmrh., flutti hér dálítinn kafla um hagfræði. En við, sem höfum verið í stjórn undanfarin ár, erum nú orðnir svo vanir hagfræðinni, að okkur þykir ekki nýnæmi, þó að við heyrum einn slíkan kafla.

Áður en ég ræði þetta mál almennt, þykir mér rétt, einnig vegna þess, hversu fátæklegar þessar upplýsingar eru allar, að bera fram örfáar fsp., og ég vænti, að engan undri það. Ég er ekki einn um það að telja þetta frv. torf, og mér er sannast sagna nær að halda, að það hafi verið lögð sérstök áherzla á að klæða frv. þeim búningi, að almenningur ætti örðugra með að átta sig á því.

Mig langar að spyrja í fyrsta lagi um það, hvort þeir sérfræðingar, sem stjórnin hafði til þess að rannsaka þetta mál fyrir sig, — og þeir munu hafa starfað í nokkra mánuði, — hvort þeir töldu, að landbúnaðurinn þyrfti meiri eða minni stuðning en þann, sem fyrirmæli þessa frv. ákveða honum til handa.

Mig langar í öðru lagi að spyrja, hvort þessir sömu sérfræðingar eða þeir aðrir, sem unnið hafa fyrir stjórnina, telja, að sjávarútvegurinn hafi þurft meiri eða minni stuðning en frv. gerir ráð fyrir þeim til handa.

Mig langar í þriðja lagi að spyrja: Hver er breytingin á þeim stuðningi við sjávarútveginn, sem frv. gerir ráð fyrir, frá því, sem gildir árið 1956, hver er breytingin varðandi bátana, hver er hún varðandi togarana, frystihúsin, reiknað í aurum á kg?

Einnig langar mig að spyrja um í fjórða lagi: Hver er kostnaðarauki þessara aðila, miðað við aura á kg?

Ég spyr í fimmta lagi um það, hvers vegna allir útreikningar nú um uppbætur séu í prósentum, en ekki eins og áður hefur verið í aurum á kg.

Ég spyr í sjötta lagi um það, hvort rétt sé, að daginn áður en stjórnin leggur þetta frv. fram, en frv. er lagt fram í dag, hafi hæstv. atvmrh., Lúðvík Jósefsson, skriflega tilkynnt Landssambandi ísl. útvegsmanna, að uppbætur á hrogn samkv. 7. gr. ættu ekki að vera 14.18% af fob.-verði útfluttra hrogna, heldur 24.45. Er hér um misprentun að ræða, eða er hér um misskilning að ræða? Mér er sagt, að þessi mismunur muni nema um 1½ millj. kr., sem útveginum sé minna ætlað á þessum eina lið samkv. frv. en samkv. bréfi atvmrh. Ég spyr einnig um það, og ég vil sérstaklega leggja áherzlu á að fá rétt svar við því: Er það staðreynd, og á hverju er hún byggð, að bátaútvegsmönnum eigi að greiða úr útflutningssjóði útflutningsuppbætur samkv. þessari sömu grein, sem nema 24.45% af fob.-verði freðfisks, saltfisks og skreiðar, sem framleidd er eftir 1. jan. 1957? Og ég spyr: Á hverju er þessi tala byggð? Ég spyr alveg sérstaklega um: Á hverju er þessi tala byggð? Ég veit, að útvegsmenn reikna með, að þetta ákvæði, eins og þeim er sagt að eigi að framkvæma það, muni færa þeim miklu meiri bætur en þarna komi fram, svo að mörgum prósentum nemur. Ég spyr: Hvernig stendur á þessu, og liggja nokkrar sérstakar ástæður fyrir því, að þessi misskilningur eða misgáningur eða hvað menn nú vilja kalla það kemur þarna fram?

Ég leyfi mér enn fremur í sjöunda lagi að spyrja um, hvaða áhrif nýju skattarnir muni hafa á vísitöluna.

Í áttunda lagi spyr ég: Hefur væntanleg vöruverðs- og þar með vísitöluhækkun verið tekin til greina í ákvörðunum um stuðning við framleiðendurna, því að það liggur fyrir, skilst mér, að það eigi ekki að binda vísitöluna, og þá liggur nærri að spyrja einmitt um þessa spurningu, því að auðvitað veltur afkoma útvegsins, sem hæstv. atvmrh. leit mjög björtum augum, á því, hvort í vændum kynni að vera og þá ekki sízt vegna þessara ráðstafana, sem hér eru gerðar, hækkun á framleiðslukostnaðinum vegna hækkandi vöruverðs og þar af leiðandi einnig hækkandi vísitölu.

Ég leyfi mér enn fremur að spyrja um í níunda lagi: Hefur verið rannsakað, hvort aðrar leiðir mundu hafa snert betur hagsmuni almennings en sú, sem hér er farin?

Ég spyr um þetta í tíunda lagi alveg sérstaklega vegna þess, að blað stærsta stjórnarflokksins, Alþýðubandalagsins, Þjóðviljinn, hefur margskýrt frá því, að Framsfl. og Alþfl. hafi óskað eftir gengislækkun, en að það hafi verið Alþýðubandalagsmenn, sem hafi knúið þá frá því.

Ég spyr í ellefta lagi: Er það rétt, að þessir tveir stjórnarflokkar, Framsfl. og Alþfl., hafi heldur kosið eða talið ráðlegra og þjóðarhagsmunum heppilegra að fara gengislækkunarleiðina? Sé svo, spyr ég þá, með hvaða rökum þeir hafi stutt þá skoðun sína. Og ég spyr enn fremur, ef þetta er rétt, hvers vegna hafi þá verið fallið frá þeim óskum af hendi Alþfl. og Framsfl. Ég spyr enn fremur: Er það rétt, að hæstv. atvmrh. hafi tilkynnt Landssambandi ísl. útvegsmanna, að fyrirkomulag afurðasölunnar yrði óbreytt? En sé það rétt, þá spyr ég, hvernig standi á því, að í greinargerð frv. stendur, að það eigi að endurskipuleggja fisksöluna til útlanda. Í blaði þessa hæstv. ráðh. stóð alveg nýlega, og ég hef gaman af að minna hann á það og vita, hvort hann vill standa við það, þetta: Afurðasalan hefur verið í höndum einokunarhringa, eins og Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, og að sjálfsögðu ber vinstri stjórn þegar að afnema það kerfi og koma á réttlátu fyrirkomulagi. Ég endurtek: Hvernig ber að skilja þetta? Er það rétt, sem útvegsmenn hver á fætur öðrum herma eftir hæstv. atvmrh., að hann ætli sér engar breytingar, það eigi að koma einhver nefnd, en þessi nefnd eigi engu að breyta? Eða er það rétt, sem stendur í greinargerðinni, að það eigi að breyta sjálfri yfirstjórninni og sjálfu skipulaginu, svo sem áréttað er nú alveg nýverið í blaði hæstv. ráðh., að „afurðasalan hafi verið í höndum einokunarhringa eins og S.Í.F. og að sjálfsögðu beri vinstri stjórn að afnema það kerfi og koma á réttlátu fyrirkomulagi"? Og ef ég mætti aðeins til þess að skemmta hæstv. ráðh. og kannske fleirum halda áfram að lesa í beinu áframhaldi: „allir vita, hvernig olíufélögin hafa haft af þjóðinni og ekki síst útgerðinni fjölmarga milljónatugi á ári, og verður nú þegar í stað að afnema það fyrirkomulag, að ríkið annist öll olíukaup og afhendi þau síðan olíuhringunum til þess að græða á." Er þetta ein af hliðarráðstöfunum, sem á að gera, eða er þetta bara slúður? Við höfum ekki heyrt neitt um, að eigi að taka neitt af olíufélögunum nema þessa 60 skildinga á smálest, sem þessi hæstv. ráðh., atvmrh., segist hafa tekið af einu flutningaskipi hér, þegar hann heimilar því að flytja olíuna fyrir 100 skildingum meira en skipseigendurnir töldu sig þurfa, þegar skipið var keypt til landsins. Mér var að detta í hug, þegar var verið að tala um 22 millj. úr ríkissjóði í olíuna, hvort það væri sérstaklega ætlað þessu skipi eða þessu félagi eða hvort á að deila því á olíufélögin yfirleitt. Og hvar eru nú stóryrðin um þetta allt saman, sem voru í fyrra í munni þessa ráðh. fremur en nokkurs annars manns? Hvar eru öll þessi stóryrði, hvað er orðið um þau núna í frv., og hvað hyggjast menn fyrir í þessum efnum? Ég spyr: Hversu mikið á samkv. frv. að taka af olíuokrinu margumtalaða og af skipaleigunum og öðrum þeim aðilum, sem kommúnistar og þá undir sérstakri forustu hæstv. atvmrh. á öndverðu þessu ári töldu að gætu í raun og veru borið meginþungann af 150 eða 200 millj. kr., sem þá þurfti að leggja á þjóðina útveginum til framdráttar og til þess að standa undir auknum gjöldum ríkissjóðs vegna vaxandi dýrtíðar, sem stafaði frá verkföllunum, sem þessir sömu menn stóðu fyrir?

Ég spyr í sextánda lagi: Á hvaða vörur koma nýju skattarnir þyngst? Við hljótum að mega vita það.

Ég spyr í seytjánda lagi, hverjir það séu, sem nú eiga von á kærustu og innilegustu kveðjunum frá „Gregory-bræðrum", sbr. Þjóðviljann í fyrra.

Og svo langar mig svona upp á spaug í átjánda lagi að spyrja: Hver er nýi „Gregory-bróðirinn", sem hæstv. fjmrh. hefur nú eignazt, eftir að ég „dó"? Hann skyldi þó aldrei heita Lúðvík Jósefsson, svo að maður megi nú fara að taka upp úr Þjóðviljanum myndirnar og breyta um andlit og skrifa: „Með kveðju frá Gregory-bræðrum"?

Ég vona nú, að ég fái svör við þessum eðlilegu og hóflegu spurningum, og skal þá ekki í bili spyrja um fleira, enda þótt frv. gefi tilefni til að spyrja um margt annað, sem kannske líka ýmsir aðrir ræðumenn gera, áður en umr. þessari er lokið.

Um sjálfa málsmeðferðina skal ég vera fáorður. Ég viðurkenni fyllilega, að slík mál sem þessi þarfnast bæði langs og gaumgæfilegs undirbúnings. Ég hef sjálfur svo oft lent í því að fjalla um slík mál, að mér ber að sýna bæði skilning og sanngirni, þegar ég ræði um það. En samt sem áður get ég ekki komizt hjá því að víta það, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki sýnt Alþingi þá virðingu að gefa því svo mikið sem einn dag, heldur aðeins fáar klst. til að athuga málið, eftir að það er lagt fram að heita má án grg., en hafði hins vegar fjallað um þetta mál, að mér skilst, í öllum aðalatriðum í 10 daga eða meira við ýmis félagasamtök í landinu. Annaðhvort er allt ósatt, sem hér hefur verið sagt um, að þetta mál hafi verið borið undir margvísleg félagasamtök, eða hitt er rétt, að mjög margir menn, sennilega svo að hundruðum skiptir, hafi fengið að vita um aðalefni þessa máls, þó að alþm. hafi ekki fengið að vita það, a. m. k. ekki þeir, sem eru umboðsmenn stjórnarandstöðunnar, þ. e. meira en ⅔ hluta kjósenda í landinu. Mér finnst, að Alþingi sé ekki sýnd með þessu tilhlýðileg tillitssemi eða virðing, og læt nokkra undrun í ljós yfir því, þó að ég viðurkenni hins vegar, að það er eðlilegt, að slíkum málum sem þessum þurfi að hraða.

Ég skal svo víkja fáum orðum að heildarmyndinni, sem blasir við, eins og hún lítur út frá mínum sjónarhól og áreiðanlega mjög margra annarra, ef ekki langflestra landsmanna.

Á undanförnum árum höfum við sjálfstæðismenn oft aðvarað gegn kauphækkunum umfram gjaldgetu atvinnuveganna. Ég hef stundum áður minnzt á, án þess að það sé upphaf þeirrar sögu, að um áramótin 1954 og 1955 flutti ég í embættis-

nafni útvarpsræðu hinn 31. des., þar sem ég leiddi sterk rök að því, að eins og þá var komið högum framleiðsluatvinnuveganna, væru nýjar kauphækkanir ekki kjarabætur, heldur krónuskerðing. Ég benti þjóðinni á, að hún byggi nú við betri kjör en flestar, ef ekki allar aðrar þjóðir, betri og jafnari kjör. Ég minnti á, að verðlagið í landinu hefði verið nær óbreytt í 2—3 ár og aðrar loftvogir efnahagslífsins stæðu vel, og ég leyfði mér að skora á þjóðina að una glöð við sitt, hefja ekki nýja kaupgjaldsbaráttu, meðan óbreytt væri ástand framleiðslustarfseminnar og án þess að henni bærust nýjar tekjur, sem gætu risið undir nýjum útgjöldum. Ég skoraði á landsmenn að slá skjaldborg um krónuna og minnti á, að nýjar kauphækkanir væru ekki kjarabætur, heldur krónuskerðing.

Alþýðuflokkurinn og kommúnistar svöruðu þessum hóflegu tilmælum mínum með allhörðum árásum strax í stað, og nokkru síðar reistu þeir kröfur um óvenjulega risavaxnar kauphækkanir. Þessar kröfur leiddu svo til verkfalls, sem stóð lengur en ég man dæmi til um hér á landi og lauk með því, að frá sjónarmiði atvinnurekenda urðu hækkanir á kaupgjaldinu, sem námu 13—14% þá þegar í stað. En um síðustu áramót, þ. e. a. s. sjö eða átta mánuðum eftir að þessar kauphækkanir fóru fram, höfðu þær spunnið upp á sig nýjar hækkanir, þannig að þá var heildarhækkunin ekki lengur 13 eða 14%, heldur var hún orðin 22%, og í þessum efnum gekk allt því miður eftir, sem við sjálfstæðismenn höfðum sagt fyrir.

Arfur þessarar sóknar kommúnista og fylgifiska þeirra á hendur framleiðslustarfsemi landsmanna var svo sá, að útgerðin stöðvaðist um síðustu áramót vegna rekstrarhalla, og hún hófst ekki fyrr en meira en þremur eða fjórum vikum síðar, þegar búið var að leggja á þjóðina 150—200 millj. kr. í nýja skatta, ýmist beint í ríkissjóðinn til að standa undir hans auknu þörfum eða í svonefndan framleiðslusjóð, en honum var ætlað að standa undir nýjum framlögum til útvegs og landbúnaðar, svo að þessir framleiðsluatvinnuvegir legðust ekki í rúst vegna kauphækkana kommúnista og Alþfl.

Kommúnistar og Alþýðuflokksmenn réðust á þessar ráðstafanir af offorsi, eins og ég skal stuttlega víkja að síðar. Það kom raunar engum á óvart. Hitt má kalla torskildara, að blöð Framsfl. tóku fljótlega upp ádeiluna, og höfðu þó framsóknarmenn staðið að lausn málsins með sjálfstæðismönnum og báru á því jafna ábyrgð og við og áttu jafnan heiður að lausninni sem við. Nú spöruðu framsóknarmenn hvorki sínum eigin úrræðum né sínum eigin mönnum, hæstv. núv. fjmrh. og hæstv. fyrrv. félmrh., hæðiyrðin út af þessum úrræðum, sem þeir kölluðu bráðabirgðalausnir og margt annað verra. Þeir hétu jafnframt algerri stefnubreytingu, ef þeim tækist að laumast svo myndarlega aftan að stjórnarskrá landsins með þeim samtökum, sem þeir stofnuðu til, Hræðslubandalaginu, og að svíkja svo gaumgæfilega sín fyrirheit um að koma aldrei nærri eiturpöddu þjóðlífsins, sem þeir nefndu, en það voru kommúnistarnir, — ef þeim tækist þetta hvort tveggja, þá mundu þeir mynda vinstri stjórn og þá skyldu menn sjá, að hendur stæðu fram úr ermum.

Frómar óskir framsóknarmanna um að mynda vinstri stjórn tókust, eins og allir vita, og nú hófst tímabil hinna miklu vinstri vona á Íslandi. Nú skyldu allir hinir réttlátu standa við fyrirheitin og sýna, að þeir væru hjörð heilagra, en ekki samfélag syndugra eða svikara. Það eru liðnir fimm mánuðir síðan stjórnin var mynduð. Ég held, að það sé ekki ofmælt, að vonirnar hafi heldur dofnað, en þær dóu nú víst ekki fyrr en í dag, að lagt var fram frv. það, sem hér er til umræðu.

Vinstri stjórnin hefur í dag sýnt Alþingi framan í sína nýju stefnu, og nú vita menn, hver vinstri úrræðin eru. Ráðh. hafa verið að streitast við að snyrta þau og fegra eftir föngum, en ég held, að það sé óhætt að hugga sig við það, að ásjónuna dylur nú enginn, hversu vel sem hann kann tæknina.

Umbúðalaust færir stjórnin þjóðinni þennan boðskap: Faðir minn refsaði ykkur með svipum, en ég mun refsa ykkur með sporðdrekum. Vondar voru stjórnir framsóknarmanna og sjálfstæðismanna, en verri skulum við þó vera. — Þetta er boðskapurinn, sem þetta frv., sem hér er til umr., flytur þjóðinni. Till. ríkisstj., skrásettar í þessu frv., eru þessar efnislega: Þjóðin skal halda áfram að greiða hinn svonefnda bátagjaldeyri allan, hvern einasta eyri, bara með öðru nafni. Í öðru lagi: Þjóðin skal líka halda áfram að greiða alla tollana, sem fyrrverandi ríkisstj. fyrir tæpu ári heimtaði í ríkissjóð og framleiðslusjóð, alla, hvern einasta eyri. Í þriðja lagi: Þjóðin skal halda áfram að greiða alla aðra eldri tolla og skatta, alla, hvern einasta eyri nema söluskattinn í smásölu, um 20—25 millj. kr. Í fjórða lagi: Í viðbót við þetta allt skal svo allur almenningur í landinu borga nýja skatta, að upphæð 250 millj. kr., eða 7500 kr. á hvert 5 manna heimili í landinu. Til að fegra þetta lofar svo stjórnin að bæta ofan á þetta enn nýjum skatti, alls 80 millj., eða 2500 kr. á hvert 5 manna heimili. Stjórnin segir: Þennan skatt ætlum við að láta þá ríku borga, og við skulum þá ekki hirða svo mjög, þó að þeir séu ekki allir meira en bjargálna og kannske tæplega það.

Þetta er nú boðskapur stjórnarinnar. Á þetta á svo að hengja eitthvert punt svona fyrir jólin. Gjaldþegnunum á víst að sýnast þetta vera jólatré. Það gerir svo minna, þó að puntið detti af eftir jólin og gjaldþegninn vakni við það eftir nýárið, að tréð er ekki jólatré, heldur gálgi. Já, ég segi: Til hamingju, vinstri höfðingjar í landinu, og ég segi líka: Verði ykkur að góðu, og ég bæti enn við því, sem ég stundum hef sagt áður: Ykkur var nær að láta minna, þegar fyrrverandi stjórn var að basla við að afstýra því atvinnuleysi, sem kommúnistar og Alþfl. og sumir framsóknarmenn stofnuðu til og báru ábyrgð á með langa verkfallinu vorið 1955 og hinum ógiftusamlegu kauphækkunum, sem í kjölfarið sigldu. — En það getur hugsazt, að einhverjir vinstri kjósendur verði ekki út af eins hrifnir, þegar þeir sjá, hve mikið eða öllu heldur hversu lítið er að marka af orðum

sinna forustumanna. Ég skal þessum kjósendum til minnis rifja upp eilítið, aðeins örfá af mörgum ummælum stjórnarliða um skatta fyrrv. stjórnar, skattana, sem nú er bætt ofan á, að eigin sögn 320 millj. kr., og gæti þó kannske reynzt nær 400 millj., þ. e. a. s. frá 10000 til 12500 kr. á 5 manna heimili í landinu.

Hvað var það, sem hv. vinstri sinnar, sem nú kalla sig, sögðu þá, áður en þeir tóku sporðdrekann sér í hönd til þess að berja gjaldþegninn dálítið duglegar en fyrrv. stjórn hafði svo mikið sem hugkvæmzt að gera? Við skulum byrja á minnsta flokknum, hvað hann sagði, þ. e. a. s. hv. Framsfl. Tíminn segir 20. júní s. l.:

„Það er kosið um vaxandi upplausn, pólitíska og efnahagslega eða gerbreytt viðhorf með sigri bandalags umbótaflokkanna.“

Og þar stendur enn fremur, og það er nú aðalatriðið, að menn gleymi því ekki:

„Niðurgreiðsluleiðin er engin frambúðarlausn, heldur hættuleg svikaleið.“

Niðurgreiðsluleiðin, leiðin, sem nú er verið að fara, er að dómi Framsóknarblaðsins í umboði hæstv. forsætis- og fjármálaráðherra engin frambúðarlausn, heldur hættuleg svikaleið, sem brátt hefnir sín, „ef hún er framkvæmd í eins stórum stíl og íhaldið vill, og er þegar komið of langt á þeirri braut“. Þ. e. a. s.: þegar Tíminn er að dæma skattana, sem hæstv. fjmrh. stóð að með mér, þá segir hann, að það sé ekki frambúðarlausn, heldur hættuleg svikaleið, sem brátt hefni sín, ef hún er farin í jafnstórum stíl, og sé þegar komið allt of langt á þeirri braut. En hvað er verið að gera í dag? Það er verið að tvöfalda það, sem þá var búið að gera.

Svo segir Tíminn daginn fyrir kosningar:

„Þess vegna er hugmynd sjálfstæðisforingjanna að halda áfram sem fyrr eftir kosningar, ef þeim og kommúnistum í sameiningu tekst að koma í veg fyrir sigur umbótaflokkanna. Þá verður haldið áfram með bráðabirgðaúrræði eins og síldaruppbæturnar síðustu, aukna skattheimtu af almenningi í einni eða annarri mynd, meðan sárustu kvalirnar minnka með gróða af hernaðarframkvæmdum og hernum.“

Ja, það er von, að þeir hlæi. Ég er nú ekki hláturmildur núna, en það er von, að menn hlæi. Ef við sjálfstæðismenn sigrum, þá á „að halda áfram bráðabirgðaúrræðum eins og síldaruppbótum, og svo verða auknar skattheimtur af almenningi í einni eða annarri mynd, meðan sárustu kvalirnar minnka með gróða af hernaðarframkvæmdum og hernum.“

„Þannig er mynd þess þjóðfélags,“ heldur Tíminn áfram, „sem íhaldið byggir á.“ — Ja, þannig er mynd þess þjóðfélags, sem íhaldið byggir á, því að verra íhald en Framsfl. þekki ég nú ekki. — „Eyðileggjandi dýrtíð og upplausn, sem halda landsfólkinu í úlfakreppu, annars vegar, en hins vegar von um líkn frá erlendu fjármagni, sem tengt er varanlegri hersetu.“

Það eru nú bara spámenn í Tímanum, held ég, sem þetta skrifa. Annars vegar eru það álögur á fólkið og hins vegar von um erlenda peninga sem líkn frá erlendu fjármagni, sem tengt er varanlegri hersetu. Ja, við hefðum hlegið saman að þessu, fjármálaráðherrann og ég, í fyrra, þegar við vorum í stjórn, ef einhver annar hefði verið svona fyndinn.

Og svo kemur lokaþáttur minnsta flokksins: „Gegn þessum voða þarf þjóðin að rísa, áður en það er of seint.“ Þ. e. a. s. þingið í dag. Gegn þessum voða þarf þjóðin að rísa, áður en það er of seint. Þetta var nú Framsfl.

Ég hirði nú ekki mikið að vitna í Alþfl. hér, en mér þykir þó gaman að vitna í nokkur orð, sem hæstv. menntmrh. þá sagði. Hann segir við umræðurnar á Alþ. um framleiðslusjóðinn, þ. e. a. s. miklu minni skatta en þetta:

„Ég sagði áðan, að þetta frv. væri í raun og veru engin lausn á grundvallaratriðum þess vanda, sem að steðjar. Það er áframhald á rangindaráðstöfunum undanfarinna ára. Fyrir sex árum kom gengislækkun, af því að tvöfalt gengi var talið enn verra. Svo kom tvöfalda gengið, þ. e. a. s. bátagjaldeyririnn, af því að skattar og tollar voru taldir enn verri. Og nú loksins koma skattarnir og styrkirnir, sem ávallt hafa verið taldir hið versta, svo að við höfum fengið allt þrennt. Við höfum fengið gengislækkunina, við höfum fengið bátagjaldeyrinn og við höfum fengið skattana og styrkina.“

Og hvað gerir hann nú? Ekki aðeins hefur hann djörfung og virðist ekki bera kinnroða fyrir að bera hér fram stærstu skattaálögur, sem þekkzt hafa, í viðbót við það, sem áður gilti, heldur er hann líka kominn með margfalt gengi, eftir því sem mér skilst þetta frv. vera. Það er í raun og veru margfalt gengi. Og þó að sumir segi, að hann hafi heldur kosið gengislækkun, og ég kunni ekki um það að segja og vilji ekki um það fullyrða, þá hefur hann a. m. k. látið leiðast til að fara þá leiðina, sem hann telur langversta, nýja skatta. Og það þýðir ekkert að vera að koma hér og segja okkur, að af því að 36% af þessum vörum, sem fluttar eru til landsins, séu undanþegnar þessum sköttum, þá lendi þeir ekki á almenningi. Haldið þið, að almenningur kaupi ekki neitt nema fyrir 450 millj.? Hverjir eru það þá, sem kaupa fyrir hinar 800 eða 900 milljónirnar? Nei, hér er gerð stórfelld tilraun enn á ný og miklu geipilegri en nokkurn tíma hefur verið til þess að svíkja vísitöluna undir forustu hans og hæstv. atvmrh., sem mest hafa deilt á hv. Framsfl. og Sjálfstfl. fyrir að hafa gert þetta á undanförnum árum. Ég öfunda ekki heldur hann af sínu hlutskipti.

Svo kemur Alþýðubandalagið. Það tók eiginlega mest upp í sig, eins og stundum kemur fyrir. Þjóðviljinn segir 29. jan. 1956:

„Stjórnarflokkarnir ætla að hækka allt verðlag í landinu um 230—240 milljónir. 7000 kr. neyzluskattur lagður á hverja fimm manna fjölskyldu. Stórgróðafélögunum ekki ætlað að greiða einn eyri.“

Það er félegt, sem þetta dót þá hafði í hyggju að gera. Svo heldur Þjóðviljinn áfram:

„Í gær lagði ríkisstjórnin loks fram „bjargráð“ sín, og fela þau í sér enn stórfelldari árásir á lífskjör almennings en nokkurn óraði fyrir og hleypa af stað verðbólguskriðu, sem jafnast á við það, sem gerðist með gengislækkun-

inni. Álögurnar nýju nema samtals á þriðja hundrað milljónum eða sem næst 7000 krónum á hverja fimm manna fjölskyldu. Þær eru allar teknar með verðhækkunum og neyzlusköttum, en auðfélögin eru ekki látin leggja fram einn eyri.“

Það stendur í þessu: „Í gær“ lagði ríkisstjórnin. Ég segi: Í dag. Önnur er nú eiginlega breytingin ekki. Í dag lagði þessi ríkisstj. fram þessi skattafrumvörp, sem leggja þessa nýju skatta á almenning í landinu og nú miklu hærri en fyrr. Og Þjóðviljinn heldur áfram:

„Í dag hefur öll alþýða, allir vinstri menn, tækifæri til að gera Alþingi að vigi sínu, að brjóstvörn sjálfstæðis og velmegunar. Í stað gengisfellingar getur komið nýsköpun. Í stað tolla og skatta og kaupbindingar getur komið hækkandi kaupmáttur launanna. Í stað hernáms getur komið blómlegt atvinnulíf frjálsrar þjóðar, sem býr ein í sínu landi.“

Það væri nú gaman að fá eitthvað af þessu, sem getur komið. En enn þá er hernámið, er það ekki? Og enn þá er nú nýsköpunin ekki byrjuð, en kaupbindingin er búin að vera, og tollar og skattar eru nú í fullum blóma. — Og Þjóðviljinn heldur áfram, — ég skal nú ekki þreyta ykkur með allt of miklu af þessu:

„Ræddi Lúðvík Jósefsson sérstaklega um hinar nýju og óhemju álögur ríkisstjórnarinnar. Sýndi hann fram á, að hér væri ekki aðeins um að ræða einhverja stórfelldustu árás, sem gerð hefur verið á lífskjör vinnandi fólks í landinu, heldur efnahagslegt glapræði, sem draga mundi enn meiri ófögnuð á eftir sér.“

Þetta hefði nú Lúðvík bara átt að segja áðan í staðinn fyrir sína ræðu, sem ég nú sannast sagna græddi lítið á. Hann „sýndi fram á, að hér væri ekki aðeins um að ræða einhverja stórfelldustu árás, sem gerð hefur verið á lífskjör vinnandi fólks á Íslandi, heldur efnahagslegt glapræði, sem draga mundi enn meiri ófögnuð á eftir sér“. Og hvað var þá verið að gera? Það var verið að afstýra atvinnustöðvun með því að leggja nýja skatta á þjóðina. Þá taldi þessi maður, að það ætti að taka það af gróðafélögunum og af olíufélögunum sérstaklega og af skipafélögunum, vátryggingarfélögunum og bönkunum. En nú hefur hann ekkert af þessu gert, nema tekið einhvern smáskilding af bönkunum, ef hann hefur þá gert það. Ja, þeir eru ekki feimnir, þessir höfðingjar. — Og loks segir svo Þjóðviljinn um þetta daginn eftir:

„Bjargráð ríkisstjórnarinnar eru ekki aðeins ósvífnasta og mesta skattpíning, sem nokkur ríkisstjórn hefur lagt á þegnana, heldur eru þau einnig gersamlega haldlaus fyrir útgerðina nema rétt í svip. Á þetta benti Lúðvík Jósefsson meðal annars á Alþingi í fyrradag, en hann er öllum þingmönnum fróðari um hag og afkomu útgerðarinnar.“

Og svo kemur hann sjálfur, þessi fróði maður, og segir við útgerðina: Þið hafið nú ekki á móti því, að ég rétti ykkur eitthvað meira kannske en fyrrverandi stjórn gerði, þó að það geti nú ekki orðið rausnarlegt, því að það er nú sami fjmrh., sem alltaf er dragbítur inn. Hann er orðinn það núna, er það ekki, hvað sem var um mína daga? Hann er afleitur orðinn, fjármálaráðherra, síðan ég skildi við hann, segja útgerðarmennirnir eftir einhverjum, ekki veit ég eftir hverjum. En þeir lærðu það ekki af mér, það veit ég.

En „bjargráð ríkisstjórnarinnar eru ekki aðeins ósvífnasta og mesta skattpíning, sem nokkur ríkisstj. hefur lagt á þegnana, heldur eru þau einnig gersamlega haldlaus fyrir útgerðina nema rétt í svip“. Á þetta benti þessi fróðasti á Alþingi. Og þetta var allt saman áður en bætt var 10—12 þús. kr. á meðalheimili með nýjum sköttum, sem núverandi stjórn er að gera.

Ég get ekki betur séð en að þetta sé allt á eina bók lært. Mér finnst þetta nú satt að segja, ef maður mætti viðhafa svo óþinglegt orð, alveg drepandi fyndið hjá þeim, þó að það sé kannske meira drepandi fyrir þeirra mannorð og mannvirðingu en það er nú fyndið, og er þó sannarlega vel fyndið. En af öllu finnst mér útgönguversið bezt, sem er í Þjóðviljanum þann 6. júní, en það hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta, sem alltaf hefur gaman af að heyra Þjóðviljann:

„En það er ekki hægt að eilífu að blekkja fólk, svo að fyrir kosningar sé svarið og svarið, en eftir kosningar allir svardagar rofnir.“

Það „er ekki hægt að eilífu að blekkja fólk, svo að fyrir kosningar sé svarið og svarið, en eftir kosningar allir svardagar rofnir“. Og nú var ég ekki að tala um herinn, sem var svarið og svarið fyrir, heldur bara um skattana, sem var svarið og svarið, og „eftir kosningar allir svardagar rofnir“.

Ég held, að þetta sé alveg rétt. Það er ekki hægt að blekkja fólk svona herfilega eins og hæstv. núverandi stjórn er að gera tilraun til að gera. Og ég hygg, að hún muni fá að sanna það, áður en allt of langt um líður, að þjóðin lætur ekki bjóða sér allt.

Ég vil að öðru leyti segja það um þetta frv., að ég tel það ekki aðeins stórt háðsmerki, mjög stórt háðsmerki, aftan við allar fyrri staðhæfingar og fyrirheit vinstristjórnarsinnanna, heldur tel ég, að bæði það og fylgihnettir þess muni marka nýtt tímabil hafta, banna, vöruskorts, svartamarkaðs og falsaðrar vísitölu. Hér er vitandi vits stefnt frá frjálsræði til þvingana, og mun þá á ný hefjast sú öfugþróun, sem oft áður hefur gert þjóðinni ama og ógagn og jafnan virðist vera skotta, þ. e. a. s. draugur, slíkra ófagnaðarafla sem nú ráða þjóðmálunum. Ég mun því fyrir mitt leyti eindregið — og það hygg ég að geri allir eða flestir minir flokksbræður, þó að við höfum ekki rætt um það sem flokksmál enn þá — snúast gegn þessu frv. í heild, enda þótt einstök ákvæði þess hljóti að sjálfsögðu að vera þörf, eins og það að rétta útgerðinni hjálparhönd og landbúnaðinum að sama skapi, þó að okkur hafi ekki gefizt kostur á að dæma um, á hvaða rökum þau úrræði eru byggð.

Hæstv. forsrh. lagði á það ríka áherzlu, að nú hefði verið rætt í fyrsta skipti við marga aðila, og hæstv. menntmrh. sagði, að það hefði verið rætt við alla, sem eiginlega væri talandi

við um þetta, og þetta væri í fyrsta skipti, sem allir hefðu verið sammála um allt.

En ég hef nú einhverjar aðrar sagnir um þetta. Mér er sagt, að þessu hafi verið tekið með allmikilli ólund af mörgum, og ég sé ekki betur en að t. d. komi það í þessum fátæklegu fylgiskjölum hér, að framleiðsluráð landbúnaðarins hafi ekki verið á einu máli um þetta, heldur þvert á móti hafi það verið mjög klofið, þ. á m. hafi tveir úr hópi allra elztu og þjóðkunnustu alþm., Pétur Ottesen og Jón Sigurðsson, greitt atkv. á móti þessu og gert grein fyrir af hverju. Þetta stendur í sjálfri grg., og mig minnir, að ég hafi eitthvað séð í grg. líka um ólund, svo að ég orði það nú væglega, hjá miðstjórn Alþýðusambandsins og nítján manna nefndinni, sem Alþýðusambandsþingið kaus til að vera til ráðgjafar um þessi mál. Þar stendur: „Telur miðstjórnin og efnahagsmálanefndin, að veita beri núverandi ríkisstjórn starfsfrið, þar til úr því fæst skorið, hvernig framkvæmdin tekst.“ Annar aðilinn er alveg klofinn, hinn segir: „Við skulum veita henni starfsfrið til að sjá, hvernig þetta tekst.“ Og hvað segir svo blað hæstv. atvmrh. um þetta? Það segir: „Ja, það á ekki lengur að binda vísitöluna.“ Ef þetta tekst ekki eins og okkur líkar, þá höfum við bara okkar gamla úrræði, við hækkum kaupið, hækkum grunnkaupið með verkföllum. Hvað þýðir þetta? Það þýðir það, að ef kommúnistar þora að fara úr stjórn, ef blóðið þornar í Ungverjalandi og þeir þyrðu að fara úr stjórn, þá mundu þeir vera fljótir að reisa verkalýðinn gegn þessum ráðstöfunum. Hann er alveg óbundinn. Það er friður í bili, ótímabundinn, til þess að athuga, hvernig þetta fer úr hendi. Það er allt og sumt, sem fram hefur komið. Og ég spyr nú hæstv. atvmrh. og einnig hæstv. forsrh.: Eru þeir búnir að fá samþykki, sem hæstv. atvmrh. hældist mest um yfir, samþykki útvegsmanna til að hefja starfsemi á þessum grundvelli? Mér er þvert á móti sagt, að það sé mikill ágreiningur um, hvort þeir vilja samþykkja kjör þau, sem þeim eru boðin. Mér skilst, að þar standi sakir þannig, að mjög margir útvegsmenn segi: Við viljum ekki samþykkja þetta tilboð, sem atvmrh. hefur gefið okkur, nema því aðeins að hann standi við það, sem hann er búinn að segja okkur, að það eigi engar breytingar að gera á sölu útflutningsframleiðslunnar.

Það er ekki nóg að ræða við marga, og það er ekki nóg að koma hér og lýsa yfir, að allir séu um þetta sammála, ef þetta er ekki rétt. Og ef það er rétt, sem ég er hér að segja, að jafnvel sjálft Alþýðusambandið hafi beinlínis í hótunum, ef það er rétt, að útvegsmenn séu ekki enn þá búnir að svara ráðherrunum, af því að það ríki mikill ágreiningur um, hvort það eigi að svara játandi eða neitandi, ef það er rétt, að framleiðsluráðið hafi verið klofið um málið, ja, hvað er þá eiginlega satt um, að hér séu allir sammála um allt? Er það ekki sannara, að hér sé enginn sammála um neitt, hér sé fullkominn ágreiningur og kannske svo mikill, að það takist ekki að brúa hann? Er það ekki sannara?

Hæstv. ríkisstj. hefur haldið því fram, að hún sé eina stjórnin, sem hafi leitað samstarfs við verkalýðinn í landinu og ýmsa þá aðila, sem hér eiga hlut að máli. Þetta er auðvitað hreinasta fásinna. Ég held, að engin stjórn hafi komizt nær því að ná samstarfi við verkalýðinn heldur en nýsköpunarstjórnin, sem Framsfl. beitti sér harðast gegn. En ég held, að allar aðrar stjórnir, frá því að lýðveldið var stofnað, svo að ég fari ekki lengra, hafi reynt að ná samstarfi við verkalýðinn og þá aðila, sem hér hefur verið um að ræða. Það hefur tekizt misjafnlega. En er nokkur kominn til að tryggja, að það takist betur, sem nú á að gera eða menn hafa í hyggju að gera? Ég sé engan mun á því í grundvallaratriðum, sem gert hefur verið núna, og ýmsu því, sem aðrar stjórnir hafa gert í mismunandi ríkum mæli. Það er meira og minna skvaldur út í bláinn, þegar verið er að halda því fram, að hér sé í fyrsta skipti verið að reyna að stjórna landinu í samstarfi við „þjóðina“, eins og hér er látið. Ég hygg, að hæstv. forsrh. hefði ekki þurft að kalla saman framleiðsluráðið til að fá nokkra flokksbræður sína í því til að samþykkja það, sem hann var að fara fram á. Og ég veit ekki betur, eins og ég segi, en að hin aðalframleiðslustéttin, útvegsmenn, sé alveg óákveðin í því enn þá, hvað hún ætli að gera.

Ég held, eins og ég segi, að allar stjórnir hafi leitað samstarfs, enda væri allt annað óhyggilegt, við sem flesta þeirra aðila, sem hlut eiga að máli, og þessi stjórn eigi þess vegna sammerkt við þær um það, það sé ekkert sérstakt fyrir hana. Ég held einnig, að engri stjórn hafi tekizt nógu vel að ná þessu samstarfi og sérstaklega ekki að ná því í framkvæmd. Og ég veit ekki, það er a. m. k. ekki enn komið á daginn, hvort þessi stjórn hefur nokkra sérstöðu í þeim efnum.

Ég skal ljúka þessu máli mínu að þessu sinni með því að segja, að þessi stjórn hefur sérstöðu umfram allar aðrar stjórnir, sem ég hef haft kunnugleika af, um eitt, og það er það, að henni hefur tekizt á fimm mánuðum að bregðast svo að segja hverju einasta stóru fyrirheiti, sem hún gaf fyrir kosningar. Ég teldi, að stjórninni bæri þess vegna að segja af sér, segja: Við réðum ekki við örðugleikana, úrræðin, sem við ætluðum að finna, þau fundum við ekki, — eða að hún sýndi þann manndóm að rjúfa þing á næsta vori, ganga fram fyrir þjóðina og láta hana um að dæma það, segja: Getið þið fallizt á, að við vinstri menn, sem erum meira og minna rauðir innvortis, þó að það sjáist nú ekki á okkur nema öðru hvoru útvortis, förum áfram með völd? Við játum það, að við fundum ekki úrræðin. Við fundum ekkert, nema eins og einn ráðherrann sagði: Er þá ekkert til, nema gömul íhaldsúrræði? eins og hann orðaði það. Og við urðum að bæta óskaplegum sköttum ofan á þá, sem fyrir voru. Við gátum heldur ekki rekið herinn úr landi, þó að við værum búnir að lofa því. Við höfum því hvorki í efnahagsmálunum né heldur varðandi varnir landsins og vernd landsins né í neinu öðru, sem mestu máli skiptir, getað

staðið við okkar orð. Vill kjósandinn samt sem áður fela okkur umboð, eða vill hann það ekki? — Ef stjórnin gerði þetta, þá mundi ég fyrir mitt leyti segja: Henni er ekki alls varnað. En ég er ekki enn að gera því skóna, að hún geri það. Hennar vegur væri meiri, ef hún gerði það.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs til þess að minnast nokkuð á þann þátt í þessu máli, sem snertir mest mín störf, þ. e. a. s. þátt ríkisbúskaparins, en vegna þess að hv. þm. G-K. hefur talað hér á undan mér, vil ég byrja á því að víkja nokkuð að hans ræðu.

Hv. þm. G-K. kvartaði undan því, hvernig farið hefði verið með þetta mál, það hefði ekki verið ráðgazt um þetta nægilega við þm. stjórnarandstöðunnar. Ég fullyrði, að það hefur verið farið með þetta mál að þessu leyti alveg hliðstætt því, sem tíðkazt hefur áður í ríkisstj. og á hv. Alþingi og eins og tíðkaðist, þegar hv. þm. G-K. hafði stjórnarforustu. Það er ekki venja og hefur ekki verið venja að bera efni frv. eins og þess, sem hér er til meðferðar, undir stjórnarandstæðinga, fyrr en alveg er að því komið, að málið verði lagt fyrir Alþingi. Þá hefur verið venja að afhenda þeim frv., til þess að þeir gætu kynnt sér það fyrir 1. umr. málsins, en að öðru leyti hefur ekki verið við þá ráðgazt. Hv. þm. hefur því ekki yfir neinu að kvarta í þessu efni fyrir flokk sinn.

Hv. þm. G-K. spurði: Á hvaða vörur koma gjöldin þyngst, sem gert er ráð fyrir í frv.? Þessu mun ég ekki svara í einstökum atriðum, en minna á, að gjöldin koma þyngst á annað en allra brýnustu nauðsynjar, en að sjálfsögðu munu verða listar, bæði tollskráin sjálf og listar yfir einstakar vörur, sem gjöldum er sérstaklega breytt á, til afnota fyrir hv. fjhn., og rétti vettvangurinn til að ræða þetta atriði er við 2. umr. málsins.

Þá spurði hv. þm., hvaða áhrif þetta frv. mundi hafa á vísitöluna. Þessu er ekki hægt að svara með neinni vissu, og mun ég því ekki nefna neinar tölur í því sambandi. Ástæðan er sú, að það er ekki hægt að segja fyrir fram með neinni vissu a. m. k., hversu mikið milliliðirnir geta tekið á sig af þeim hækkunum, sem gjöldin hafa í för með sér, en í frv. eru ákvæði, sem segja, að enga vöru og enga þjónustu, hvorki erlenda vöru né innlenda iðnaðarvöru né nokkra þjónustu megi hækka í verði nema með leyfi innflutningsnefndarinnar, þ. e. a. s. verðlagseftirlitsins, og þetta þýðir, að það verður gaumgæfilega athugað í hverju falli, hversu mikið milliliðirnir geti tekið á sig, áður en verðhækkun verður hleypt í gegn. Þess vegna er að sjálfsögðu ekki hægt að segja í dag, hver áhrif þessar ráðstafanir hafa á verðlagið, útsöluverðið eða vísitöluna, en það er þegar vitanlegt af rannsóknum, sem farið hafa fram um þetta atriði, að það er hægt að lækka heildsöluálagninguna mjög verulega og verður gert.

Þá er það sýnilegt, að menn greinir nokkuð á, og það kom fram í ræðu hv. þm. G-K., hvort hér sé hjakkað í sama farinu eða eitthvað nýtt sé á ferðinni, og vildi hv. þm. G-K. mjög leiða athygli manna að því eða halda því fram, að hér væri hjakkað í sama farinu.

Við höfum á undanförnum árum átt mikinn þátt í því, bæði ég og hann, að gera ýmsar ráðstafanir fyrir framleiðsluna og til þess að ráða bót á þeim vandkvæðum, sem verið hafa í efnahagsmálum landsins. En sannleikurinn er sá, að þær ráðstafanir, sem við höfum staðið fyrir á undanförnum árum, hafa ætíð leitt til þess, að ný velta hefur orðið á verðbólguhjólinu, og að við höfum aldrei náð tökum á þeim málum nú um alllangan tíma. Að vísu náðust nokkur tök á þessum málum í tvö ár, en síðan stóð það ekki lengur.

Ég hef aldrei farið dult með, að ég tel höfuðástæðuna fyrir því, hversu illa hefur til tekizt, vera þá, að ekki hefur náðst samvinna við alþýðusamtökin í landinu um stefnuna í þessum málum. Og ég hef notað svo að segja hvert tækifæri á undanförnum árum til þess að leggja áherzlu á einmitt þetta og benda á, að eins og þjóðarbúskapnum er háttað, þá er í raun og veru varla við því að búast, að hægt sé til lengdar að halda jafnvægi eða stöðugu verðlagi, nema bæði stjórnarvöldin og alþýðusamtökin stefni að því eða miði ráðstafanir sínar við það markmið, annaðhvort vegna þess, að pólitísk samvinna sé þar á milli, eða þá vegna þess, að báðir aðilar eða hvor um sig stefni að því af áhuga, án þess að beint samstarf sé þar á milli. En þessu hefur ekki verið til að dreifa undanfarið. Það hefur ríkt mikil tortryggni og engin samvinna náðst, með þeim afleiðingum, sem við þekkjum og óþarfi er að lýsa hér í löngu máli.

Þegar Framsfl. ákvað í fyrravetur að slíta stjórnarsamvinnunni við Sjálfstfl., var það fyrst og fremst byggt á þessari skoðun og á þeirri reynslu, sem við höfðum fengið um það, að Framsfl. og Sjálfstfl. saman réðu ekki við þessi mál, náðu ekki þeim tökum á þeim, sem við þurfti, náðu ekki þeirri samvinnu við alþýðusamtökin í landinu, sem þurfti, til þess að árangurs væri að vænta til frambúðar.

Hv. þm. G-K. var að lesa hér upp ýmislegt, sem sagt hefur verið um þessi mál áður, og minnast á kosningarnar s. l. vor í því sambandi, ræða síðan um þá leið, sem stungið væri upp á í þessu frv. Hv. þm. G-K. hefði átt að segja frá því, að í kosningastefnuskrá Alþfl. og Framsfl. var því lýst yfir sem fyrsta og þýðingarmesta atriðinu að velja þær færar leiðir til lausnar efnahags- og framleiðslumálunum, sem hægt væri að fá samvinnu við alþýðusamtökin í landinu um, byggt á þeirri skoðun, að hver sú fær leið, sem hægt væri að fá samvinnu við þau um, væri í sjálfu sér bezta leiðin.

Þessu lýstum við skýrt og skorinort yfir í kosningabaráttunni, samkv. þessu höfum við starfað eftir kosningarnar, og sú leið, sem gert er ráð fyrir að fara samkv. þessu frv., er farin vegna þess, að það var hægt að fá samkomulag um hana við samtök hinna vinnandi stétta í landinu. Það er hinn mesti misskilningur að halda, að hér sé hjakkað í sama farinu, heldur er því þvert á móti þannig varið, að einmitt þetta, að um þessar ráðstafanir hefur náðst samkomulag við þessi sterku samtök, gefur fyllstu

vonir um, að þessar ráðstafanir geti orðið meira til frambúðar en áður hefur verið hægt að gera sér vonir um. Og þetta er höfuðatriði málsins.

Það er ekki nema eðlilegt, að það komi fram hjá ýmsum, að þeim þyki háar tölur þær, sem gert er ráð fyrir í frv., og mikið fé, sem þurfi að afla til framleiðslunnar og til ríkisins. Og menn heyra stundum þá spurningu, hvort nauðsynlegt sé að styðja útflutningsframleiðsluna eins og gert er ráð fyrir, hvort það þurfi raunverulega svona mikið. Mönnum er hollt að hafa í huga þá staðreynd, sem ómögulegt er að komast fram hjá, að það er óhugsandi að láta endana mætast hjá útflutningsframleiðslunni með því verðlagi, sem hún nú býr við. Í raun og veru er verið með þessu frv., sem hér liggur fyrir, að gera ráðstafanir til þess, að þjóðin skili því aftur til baka til framleiðslunnar, sem meira er af henni tekið nú en hún getur staðið undir.

Hv. þm. G-K. sagði hér áðan, að með þessu frv. væri þjóðinni búinn gálgi. Þetta eru eftirtektarverð orð frá hv. formanni stjórnarandstæðinga. Eftir hans skilningi er það að búa þjóðinni gálga að afla tekna til þess að greiða svo fyrir framleiðslustarfseminni í landinu, að hún geti haldið áfram. Það var ekki hægt að heyra annað en hv. þm. G-K. talaði hér af miklum móði gegn því, að það þyrfti nýja tekjuöflun í þessu skyni. Og gálginn, sem þjóðinni var búinn, var þessi tekjuöflun vegna framleiðslunnar, eða a. m. k. var ómögulegt að skilja öðruvísi það, sem hv. þm. sagði. (**Gripið fram í:** Það var nú hægt að skilja það öðruvísi.) Nei, það var ekki hægt að skilja það öðruvísi, frumvarpið væri gálgi, sem þjóðinni væri búinn. Og um hvað fjallar frv.? Það fjallar um að afla tekna til þess að styðja framleiðsluna og mæta auknum framleiðslukostnaði hjá henni, til þess að hún geti haldið áfram af öllu afli, og svo um að afla fjár, til þess að fjárlögin geti orðið afgreidd greiðsluhallalaus. En sannleikurinn er sá, að menn þurfa ekki að sjá eftir því fé, sem aflað er til þess, að framleiðslan sé rekin með fjöri, því að undir því eigum við öll okkar afkomu.

Ég skal þá víkja fáeinum orðum að þeim þætti þessa máls, sem snýr að ríkisbúskapnum, því að *ég kvaddi mér raunar fyrst og fremst hljóðs til* þess að ræða ofur lítið þann þáttinn við 1. umr.

Það er gert ráð fyrir því, eins og kemur fram í grg. frv., að til ríkissjóðs renni um 20% af tekjum skv. frv. Þetta mun nema eitthvað rúml. 100 millj. kr., og ástæður til þess, að ráð er gert fyrir þessu, eru þær, sem ég nú skal greina.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að afnema söluskattinn í smásölu, og það nemur 25 millj. kr. Þessi skattur er örðugur í innheimtu. Það er mjög örðugt að ganga úr skugga um, að öll kurl komi þar til grafar, og ég hef fyrir mitt leyti haft í huga nokkuð lengi að fá honum breytt, þannig að hann væri í raun og veru færður yfir í heildsöluna og yfir á iðnaðarframleiðsluna innanlands í stað þess að innheimta hann að nokkru leyti í smásölunni. Ég hygg, að þessi breyting verði mjög til bóta frá því, sem áður hefur verið.

Þá er gert ráð fyrir því að halda áfram að greiða niður innlendar afurðir, eins og ákvarðað var s. l. haust, og vantar 25 millj. kr. til þess, að hægt sé að borga þær niður, eins og nú er gert.

Þá eru eftir um 50 millj. kr., sem gert er ráð fyrir að verði til ráðstöfunar í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna.

Við höfum athugað gaumgæfilega tekjuáætlun fjárlaganna einmitt í sambandi við þetta mál, sem hér liggur fyrir, og undirbúning þess, og við höfum komizt að þeirri niðurstöðu við nákvæma athugun, að það veiti síður en svo af því að afla þessa fjár, ef hægt á að vera að afgreiða fjárlögin greiðsluhallalaus og leggja fram fé til hinna mest aðkallandi nauðsynjamála, sem ríkisstj. og þingmeirihlutinn hefur á prjónunum. Ég skal nefna í því sambandi atvinnuaukningarféð. Það er aðeins 5 millj., sem gert er ráð fyrir í atvinnuaukningarfé á fjárlagafrv. Það er óhugsandi, að hægt verði að komast af með það fé, og gerir stjórnin ráð fyrir því að gera að tillögu sinni við afgreiðslu fjárlaganna að hækka það allverulega. Ég nefni raforkuframkvæmdirnar fyrir dreifbýlið. Það mun þurfa um 107 millj. kr. á næsta ári a. m. k. í þær framkvæmdir, sem þegar eru ákveðnar, og það hefur ekki verið tryggt fé nema fyrir tæplega helmingnum af þeirri fjárhæð enn þá. Og þó að við vinnum að því að útvega lánsfé í þessar framkvæmdir, þá er óhugsandi annað en að ríkið verði að auka eitthvað talsvert framlög sín á fjárlögum til þessara merku framkvæmda. Ég vil nefna ráðstafanir, sem ríkisstj. hefur gefið yfirlýsingu um að hún muni beita sér fyrir til þess að auka verulega stuðning við ræktun á þeim jörðum, þar sem ekki hefur verið náð tiltekinni túnstærð, og enn fremur ráðstafanir til þess að auka stuðning við nýbýlamenn frá því, sem verið hefur. Þá vil ég enn fremur í þessu sambandi nefna mál eins og íbúðamálið. Og loks vil ég einnig benda mönnum á, að það verður alveg óhjákvæmilegt að hækka nokkuð framlög til verklegra framkvæmda frá því, sem er á frv., svo sem vega, brúa, hafna og annarra slíkra framkvæmda, þar sem fjárhæðirnar á fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir núna, eru nokkru lægri en þær voru á gildandi fjárlögum. En það verður óhugsandi að komast af með minna en jafnháa fjárhæð til þessara framkvæmda og er á gildandi fjárlögum. Þarf þó áreiðanlega frekar að auka við í ýmsum greinum, eins og t. d. í hafnarmálunum, svo að ég nefni aðeins dæmi, þar sem gera verður ráðstafanir á ýmsum stöðum á landinu í hafnarmálum til þess að mynda undirstöðu að vaxandi útgerð stærri skipa í ýmsum sjávarplássum landsins.

Þetta eru aðeins nokkur atriði, sem ég hef nefnt, sem sýna glöggt, að það er mjög brýn nauðsyn að afla nokkurra viðbótartekna, og enn fremur verður það að vera einn hornsteinn stjórnarstefnunnar, þar sem hún ætlar sér að vinna að því að koma á stöðugu verðlagi og jafnvægi í þjóðarbúskapnum, að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög.

Þá vil ég einnig minna á það, sem hér hefur verið frá sagt, að eftir áramótin verður lagt fram frv. um breytingar á tekjuskattslögunum, sem fjallar um að lækka um þriðjung tekjuskattinn á þeim hjónum, sem hafa 45 þús. kr. nettótekjur eða minna, og þeim einhleypum, sem hafa

35 þús. kr. nettótekjur eða minna. Enn fremur verða í því sama frv. ný ákvæði um frádráttarheimild við skattframtöl til handa fiskimönnum, þar sem gert er ráð fyrir, að þeir fái að draga frá meira en verið hefur til þess að mæta sérstökum kostnaði sínum við að afla teknanna og einnig nokkra fúlgu beinlínis með tilliti til þess, hversu mikið þeir eru fjarstaddir heimilum sínum og geta minna unnið fyrir sjálfa sig en aðrir landsmenn.

Loks verður lagt hér fram á þessu þingi frv. um stóreignaskatt, eins og yfirlýsing hefur verið gerð um.

Þetta eru þá þeir þættir í málinu, sem snerta sjálfan ríkisbúskapinn og ég taldi mér skylt að gera sérstaklega grein fyrir með nokkrum orðum.

En að lokum vil ég svo aðeins segja þetta: Það standa vonir til þess, að því er mér finnst, að þessi lausn, sem nú fæst á efnahagsmálunum, geti markað tímamót í þeim efnum, einmitt vegna þess, að hún er fengin með svo víðtæku samkomulagi sem hér hefur verið lýst, sem er alger nýjung í stjórnmálasögu okkar, gleðileg nýjung, sem getur boðað betri tíma, ef vel tekst.

Hv. þm. G-K. vildi draga það í efa, að samkomulagið væri svo gott sem við vildum vera láta, og sagði eitthvað á þessa leið: Er það ekki sannara, að hér sé magnaður ágreiningur og að ekki sé samkomulag um neitt?

Svo mæla börn sem vilja, datt mér í hug þegar ég heyrði hv. þm. segja þetta. En sannleikurinn er sá, að mér finnst það hefði verið miklu myndarlegra fyrir hv. stjórnarandstöðu að fagna því, að svo víðtækt samkomulag hefur náðst um efnahagsmálin, því að það hlýtur að verða þjóðinni til góðs, að þetta hefur tekizt. En hitt finnst mér bera vott um minni manndóm, að hryggjast yfir því, að svo hefur til tekizt.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Það hefur nú verið lítill tími til þess að átta sig á þessu frv., svo að það, sem ég segi hér, verður meira almenns eðlis. Það verður ekki möguleiki á að kryfja þetta mál til mergjar að svo stöddu frá hagfræðilegu sjónarmiði, og veit ég, að það muni gleðja áheyrendur, því að ég er vondaufur um, að mér mundi takast öllu betur en kollega mínum, hæstv. menntmrh., að gera hagfræðina vinsæla meðal hv. þingmanna.

En að einu leyti er að mínu áliti ástæða til að fagna því, að þetta frv. hefur verið borið fram.

Þegar efnahagsvandamálin hafa verið á döfinni að undanförnu hér á hv. Alþingi, hefur því í rauninni verið neitað af stjórnarandstöðunni, sem var, að hér væri um raunveruleg vandamál að ræða. Að vísu hefur því ekki verið neitað, að gera þyrfti ráðstafanir, til þess að útgerðin bæri sig. En hins vegar hefur því verið haldið fram, bæði af kommúnistum og Alþfl.-mönnum, að allan vanda mætti leysa með ráðstöfunum, sem ekki snertu hag almennings, svo sem með skatti á gróða bankanna, olíufélaganna, vátryggingarfélaganna o. s. frv., auk þess sem hækka mætti afurðaverðið með því að afla nýrra markaða.

Þeim, sem hingað til hafa lagt trúnað á þennan áróður, hlýtur nú að bregða í brún, er þeir sjá þetta frv., þar sem gert er ráð fyrir nýjum álögum á almenning, sem nema á þriðja hundrað millj. kr. Það er eðlilegt, að þetta fólk spyrji sem svo, hvers vegna þær leiðir, sem fyrrv. stjórnarandstæðingar hafa áður bent á, séu nú ekki farnar, eftir að þeir eru komnir í stjórnaraðstöðu, heldur séu lagðar svo stórfelldar álögur á almenning. Hvers vegna er þessi skattur ekki tekinn af vátryggingarfélögunum, olíufélögunum, bönkunum o. s. frv. og að því leyti sem það ekki hrekkur til, þá sé aflað nýrra og betri markaða? Að vísu er gert ráð fyrir nokkrum skatti á vátryggingarfélög, banka o. s. frv., en þar er ekki um að ræða nema lítið brot af því fé, sem afla þarf.

Þeim, sem áður hefur því dulizt, að hér væri um raunveruleg vandamál að ræða, getur vart dulizt það lengur, og ætti slíkt að skapa grundvöll fyrir raunsærri umr. um þessi mál en hingað til hafa átt sér stað.

En í hverju er það nú, sem hið raunverulega vandamál er fólgið? Að mínu áliti er það fyrst og fremst í því, að framleiðslukostnaðurinn hér innanlands er hærri en svo, að útflutningsframleiðslan geti borið sig með því verði, sem fæst fyrir útflutningsafurðirnar, miðað við núverandi gengisskráningu og afurðaverð.

Það eru tvær leiðir, sem hægt er að fara til þess að leiðrétta þetta misræmi. Önnur er sú að færa nægilega niður framleiðslukostnaðinn innanlands, til þess að útgerðin geti borið sig að óbreyttu gengi og afurðaverði. Það er hin svonefnda verðhjöðnunarleið, eins og það hefur verið kallað. Hin er sú að hækka í einni eða annarri mynd verð það, sem útgerðin fær fyrir gjaldeyri sinn, þannig að nægi til þess að standa undir framleiðslukostnaðinum, en það þýðir lækkun á gengi íslenzku krónunnar. Eftir báðum þessum leiðum er hægt að framkvæma þá tekjuyfirfærslu til útgerðarinnar eða útflutningsframleiðslunnar, sem hæstv. ráðh. hafa talað um. Hins vegar kom mér það satt að segja dálítið ókunnuglega fyrir sjónir, þegar hæstv. menntmrh. talaði annars vegar um gengislækkunarleiðina, en hins vegar um tekjuyfirfærsluleiðina. Þær ráðstafanir, sem gerðar eru útflutningsframleiðslunni til hjálpar, hljóta alltaf að mínu áliti að hafa í för með sér einhvers konar tekjuyfirfærslu. En þetta atriði skiptir í sjálfu sér ekki svo miklu máli. Leiðin, sem valin hefur verið, er sú að hækka verðið á hinum erlenda gjaldeyri, og enda þótt ekki liggi fyrir upplýsingar um það, hve mikil niðurfærsla hefði þurft að eiga sér stað, til þess að útgerðinni yrði haldið uppi með því móti, þá tel ég víst, að ef fara hefði átt þá leið, þá hefði það valdið slíkri röskun á efnahagskerfinu, að slíkt hefði orðið lítt framkvæmanlegt, þó að ég skuli síður en svo fullyrða, að verðhjöðnunarleiðin hefði, a. m. k. þegar frá liði, haft meiri kjaraskerðingu í för með sér fyrir almenning en sú leið, sem raunverulega hefur verið farin, og meira að segja vissar líkur á hinu gagnstæða.

En gengislækkunina má framkvæma í ýmsum myndum og kalla hana ýmsum nöfnum. Í stað

þess að tala um gengislækkun er auðvitað hægt að tala um bátagjaldeyri, gjaldeyrisskatt, yfirfærslugjöld, innflutningsgjöld o. s. frv. Það er ekkert atriði, hvaða heiti á að velja þessari ráðstöfun. En í öllum tilfellum hefur hún í för með sér minni kaupmátt peninganna gagnvart erlendum gjaldeyri og erlendum vörum, þ. e. a. s. lækkun á gengi krónunnar.

Þótt ég hafi á þeim stutta tíma, sem liðinn er, enga aðstöðu haft til þess að gera mér grein fyrir því, hver sé þörf útvegsins fyrir auknar tekjur, þá skal ég þó ekki draga í efa, að nauðsyn sé nokkurrar tekjuyfirfærslu, og samkv. framansögðu fellst ég einnig á það, að eftir atvikum sé hagkvæmara að fara gengislækkunarleiðina en niðurfærslu- eða verðhjöðnunarleiðina. En það, sem að mínu áliti skiptir mestu máli í sambandi við frv. það, er hér liggur fyrir, er það, hvort gengislækkunin í þeirri mynd, sem hæstv. ríkisstj. hugsar sér að framkvæma hana, sé sú leiðin til þess að framkvæma nauðsynlega aðstoð við sjávarútveginn, sem minnsta kjaraskerðingu hefur í för með sér fyrir almenning. Í grg. hæstv. ríkisstj. fyrir frv. er enginn samanburður gerður við aðrar leiðir, sem til greina komi, og því miður er það svo, að enginn grundvöllur er fyrir hendi, sem hægt sé að byggja á útreikninga, er sýni niðurstöður, sem hægt sé að reiða sig á í því efni.

Eini mælikvarðinn á þróun heildarverðlagsins, sem við höfum, er vísitala framfærslukostnaðar, en grundvöllur hennar er algerlega úreltur. Hann er frá því í stríðsbyrjun, þegar neyzluvenjur fólks og fjárhagsafkoma var allt önnur en nú. Þó að vitað sé, að grundvöllur vísitölunnar sé úreltur, gæti hún þó gefið nokkra vísbendingu um verðlagsþróunina, ef ekki væri um markvissar aðgerðir að ræða í því skyni að láta hana sýna ranga mynd af verðlagsbreytingum, en eitt af því, sem augljósast er í sambandi við frv. þetta, er hin skipulagða og stórkostlega fölsun vísitölunnar sem mælikvarða á verðlagið, sem hér er verið að framkvæma, því að hver trúir því, að hægt sé að leggja 200 millj. kr. á vöru, sem almenningur kaupir, eða sem nemur 10 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu, án þess að verðlag hækki nokkuð? Sá maður mun varla til, sem sé svo skyni skroppinn, að hann sjái það ekki. En samkv. upplýsingum, sem ég hef fengið, er gert ráð fyrir því, að vísitalan muni ekki sýna meiri hækkun verðlagsins en um 1—2%, eftir að verðhækkanir þær, sem af ráðstöfununum leiðir, eru komnar fram.

Það skal að vísu fúslega viðurkennt, að sú synd að reyna að falsa vísitöluna var ekki borin inn í heiminn með núv. ríkisstj. En allar tilraunir í þá átt að falsa vísitöluna af hálfu fyrrv. ríkisstj. eru þó smávægilegar hjá því, sem nú er verið að gera. Hér eftir leggur enginn trúnað á vísitöluna sem mælikvarða á verðlagið.

Það er af því gumað í grg. hæstv. ríkisstj. fyrir frv., að með þessum ráðstöfunum muni takast að stöðva verðbólguna. Það er auðvitað fráleitt, að 200 millj. kr. álögur, sem koma fram í hækkuðu vöruverði, stöðvi verðbólguna, en vísitalan á bara ekki að sýna neinar hækkanir.

Það er ekki hægt að lækna sjúkling af hitasótt með því að mölva hitamælinn, en það er í rauninni það, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert í þessu efni. Sjúklingurinn hefur ekki læknazt af verðbólgusóttinni, en það, sem gert hefur verið, er, að hitamælirinn hefur verið eyðilagður. Mælikvarðinn á verðlagsbreytingarnar, sem vissulega var orðinn ónákvæmur fyrir, er nú eyðilagður, og það er engin von til þess, að launamenn og aðrir, sem fá kaup greitt samkv. vísitölu, sætti sig við þetta til lengdar.

En þótt vísitalan sé þannig óábyggileg, þá vekur það þó nokkra undrun, að í grg. hæstv. ríkisstj. skuli ekki birt neitt af niðurstöðum hinna margvíslegu útreikninga, sem gerðir eiga að hafa verið undanfarið til þess að komast að niðurstöðu um það, hvaða leið til úrlausnar vandamálum efnahagslífsins mundi hagkvæmust. Það hefur heldur ekki verið birt neitt af niðurstöðum hinna erlendu hagfræðinga, sem hæstv. ríkisstj. fékk til landsins í septembermánuði s. l. og talað hefur verið um í málgögnum hennar að skilað hafi ýtarlegu áliti. Þetta vekur nokkra undrun, ekki síst af því, að ef ég man rétt, þá talaði hæstv. forsrh. um það á fundum í haust, að að þessu sinni mundu allar niðurstöður af þessum athugunum verða lagðar fyrir almenning, þegar tími væri til. Ég dreg ekki í efa, að þessir útreikningar muni verða birtir síðar, en eðlilegt hefði verið, að álitsgerð hinna erlendu hagfræðinga og aðrar athuganir, sem gerðar hafa verið í þessum efnum, væru einmitt lagðar fram jafnhliða þessu frv.

Það fer ekki, hvað sem þessu líður, milli mála, að á leið þeirri, sem hér er lagt til að farin verði, eru margir og stórir annmarkar. Ég fæ ekki betur séð en hér sé verið að innleiða það, sem kalla mætti margfalt gengi, þ. e. a. s. erlendur gjaldeyrir er seldur á mjög mismunandi verði eftir því, til hvers hann er notaður. Það má að vísu með nokkrum rétti segja, að inn á þá braut hafi verið gengið með bátagjaldeyrisfyrirkomulaginu svonefnda. Að vísu er það að mínu áliti nokkurt álitamál, hvort bátagjaldeyrisfyrirkomulagið hafi þýtt gengislækkun, og stendur það í sambandi við það sérstaka ástand á vörumarkaðinum, sem var, þegar þetta fyrirkomulag var tekið upp, að bátagjaldeyrisálagið var yfirleitt lagt á vörur, sem mjög lítill innflutningur hafði verið á þá að undanförnu og vörurnar þess vegna ekki fáanlegar nema á svörtum markaði. En þar var verðið svo hátt, svo að tekið sé alþekkt dæmi í þessu sambandi, verð á nælonsokkum, að þeir gengu kaupum og sölum á svörtum markaði á 70 kr. árið 1949, en nú munu sams konar sokkar ekki kosta meira en 35—40 kr. þrátt fyrir allar þær mörgu álögur, sem síðan hafa komið á þann varning, svo að vafamál var, hvort hægt væri að segja, að kaupmáttur peninganna hefði raunverulega minnkað gagnvart þessum bátagjaldeyrisvörum, sem höfðu áður verið að mestu ófáanlegar. En hvað sem því líður, hvort þeir annmarkar, sem á því eru að hafa fleira en eitt gengi, hafa að einhverju leyti verið fyrir hendi, áður en þessar till. voru komnar fram, þá er víst, að þessir annmarkar munu margfaldast, er þær koma til framkvæmda. En þessir annmarkar eru í því fólgnir, að reynt verður að samræma þessi

mörgu gengi eftir ýmsum leiðum, smygl verður stórum arðvænlegra en nokkru sinni fyrr og erfiðara að hafa eftirlit með því. Framleiðsla svokallaðra lúxusvara nýtur vegna hins háa álags gífurlegrar tollverndar og dregur til sín vinnuafl og fjármagn, en atvinnurekstur, sem keppir við þær vörur, sem minnstar álögur hvíla á, verður ósamkeppnisfær. Jafnframt má gera ráð fyrir því, að hin ströngu verðlagsákvæði, sem gert er ráð fyrir, muni hafa í för með sér eflingu allrar þeirrar framleiðslustarfsemi, sem óframkvæmanlegt er að hafa verðlagseftirlit með. Framkvæmd þessa fyrirkomulags hlýtur líka að gera það nauðsynlegt, að komið sé á fót umfangsmiklu hafta- og eftirlitskerfi. Það vantar að mínu áliti alla grg. fyrir því, að þau úrræði, sem hér er stungið upp á, skerði lífskjör almennings minna en aðrar leiðir, sem til greina koma.

Það er ekki vafi á því, að hægt er að koma slíku jafnvægi á í efnahagsmálum, að hægt sé að afnema höft á innflutningsverzluninni, sem er eina raunhæfa leiðin að mínu áliti til þess að halda milliliðagróða í skefjum og ólíkt líklegri til árangurs en verðlagseftirlit. Það má í þessu sambandi minna t. d. á það ástand í verzlunarmálum, sem hér var ríkjandi fyrir 1930 eða áður en innflutningshöftin komu til sögunnar. Þá var það þannig, að fólkið sjálft gat eftir vild pantað vörur samkvæmt erlendum verðlistum, og ég veit um það, að jafnvel til sveita var það algengt, að fólk pantaði eftir verðlistum vörur frá Danmörku, jafnvel frá Frakklandi og víðar að. Þegar það er þannig, þarf enginn að skipta við milliliði, nema hann telji sér það hagkvæmt. Telji fólkið, að of mikið sé lagt á vörurnar, þá útvegar það sér vörurnar sjálft, en skiptir því aðeins við milliliðinn, að það telji, að hann geti útvegað vörurnar með hagkvæmara verði en fólkið sjálft. Það er slíkt fyrirkomulag eitt, sem getur komið í veg fyrir það, að óhóflegur milliliðagróði í einni eða annarri mynd eigi sér stað. Verðlagseftirlit hlýtur alltaf að verða meira eða minna kák og lítils árangurs af því að vænta, en annars mun ég ekki ræða þá hlið málsins ýtarlegar í þessu sambandi.

Það er líka víst, að öllum vestrænum ríkjum, að undanteknum Íslendingum, hefur tekizt að koma slíku jafnvægi á hjá sér, að hægt er að hafa utanríkisverzlunina frjálsa. Ég hygg, að fyrirmyndin að slíku fyrirkomulagi, sem hér er lagt til að verði tekið upp, finnist ekki annars staðar en í fasistaríkjunum. Feður hugmyndanna um margfalt gengi voru Hitler og ráðunautar hans í efnahagsmálum. Fyrir stríð voru t. d. átta gengi á þýzka markinu. Fyrir fáum árum voru ein fjórtán gengi á pesetanum á Spáni, og Peron, fyrrv. einræðisherra Argentínu, fetaði einnig dyggilega í fótspor félaga sinna og kom á fót mjög flóknu kerfi gjaldeyrissölu og útflutningsuppbóta með margföldu gengi á argentíska pesosnum. En ekki hefur stjórn þessara herra verið talin til fyrirmyndar hvað lífskjör almennings snertir, og mun efnahagskerfi þeirra eiga þar mikla sök á.

Ég mundi vilja mælast til þess við hæstv. ríkisstj., að hún leysti betur frá skjóðu sinni hvað snertir rökstuðning fyrir því, að gengislækkunin í þeirri mynd, sem hér er lagt til, sé sú ráðstöfun, sem skerði hag almennings minnst, og það gleður mig, að hæstv. menntmrh. talaði um það áðan, að hann væri reiðubúinn að gera grein fyrir því, hvers vegna þessi leið hefði verið farin, en ekki aðrar, og vænti ég þess því, að um þetta verði gefin nokkur skýrsla.

Það mundi að vísu koma mjög í bága við ríkjandi hugmyndir meðal hagfræðinga, ef það tækist að leggja fram fyrir því sannanir eða þótt ekki væri nema líkur, að þessi leið sé að því leyti hagkvæmari en aðrar leiðir, sem hugsanlegar væru, að hún skerði kjör almennings minna. En ef það tækist, þá mundi ég ekki eingöngu telja mig standa í þakkarskuld við hæstv. ríkisstj. fyrir þann aukna lærdóm, sem ég hefði öðlazt, heldur mundi ég telja, að sú þakkarskuld yrði bezt greidd með því að styðja þetta frv., sem mér og bæri skylda til, með tilliti til þeirrar siðferðislegu skyldu, sem ég tel að hvíli á hverjum þingmanni að taka afstöðu til málefna eftir sannfæringu sinni einni.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en eftir að ég hef hlýtt á það, sem fram hefur farið hér í kvöld, voru nokkur atriði, sem mig langaði til að minnast á.

Það er vitanlega mjög merkilegur atburður hér í hinu háa Alþ., ef það er rétt, að við stöndum frammi fyrir „aldahvörfum", en það var það orð, sem hæstv. menntmrh. notaði um það frv., sem hér er lagt fram. Og það væri fullkomin ástæða til þess, að það hefði verið reynt að hliðra svo til, að þm. gæfist kostur á að hafa lengri tíma en raun ber vitni um til að átta sig á þessum stórkostlegu tíðindum, sem gerzt hafa. En því mun nú ekki vera að heilsa, að það sé um langan tíma að ræða, og er ég því hræddur um, að aldahvörfin kunni að fara fram hjá æðimörgum, af því að margt í þessum ráðstöfunum er það óljóst og flókið, að það virðist ekki hafa verið sérstakt kappsmál hæstv. ríkisstj., að almenningur gerði sér allt of ljós þessi aldahvörf.

Eftir þessu plaggi, sem hér liggur fyrir okkur, hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu, og það er ekki að undra, þótt eftirvæntingin hafi verið mikil, þegar þess er gætt, hvernig málið var undirbúið gagnvart alþjóð. Eins og öllum er kunnugt, bæði hv. þm. og öllum landslýð, var því haldið fram fyrir síðustu þingkosningar og m. a. til þeirra efnt af þeim sökum af hálfu Framsfl., að það bæri brýna nauðsyn til þess að breyta gersamlega um stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar. Ég hirði ekki að vera að rekja hér öll þau fjölþættu ummæli, sem fram komu í Tímanum um það efni og málgagni litla bróður Framsóknar, sem að lokum varð að visu stóri bróðir, sem var í öllum efnum bergmál af því. En staðreynd málsins er sú, að ég hygg, að kjósendur þessara flokka hafi almennt gert ráð fyrir því, að það mundi verða um stórfellda breytingu að ræða og að nú mundi renna upp nýr tími, það yrði horfið frá þeirri stefnu, sem þeir fordæmdu mjög, ekki hvað sízt núv. hæstv. forsrh., og hann taldi að væri að leiða þjóðina inn á eyðimörk, og að það yrði tekin upp gersamlega

ný stefna í efnahagsmálunum, sem byggðist á því, að hægt væri að afnema þær stórkostlegu álögur, sem lagðar hafa verið á þjóðina, og þá styrki, sem orðið hefur að veita útflutningsframleiðslunni.

En einmitt vegna þeirra miklu vona, sem bundnar voru til þeirra ráðstafana, sem hér loksins sjá nú dagsins ljós, er hætt við, að vonbrigðin hjá fólki verði því meiri og þá fyrst og fremst hjá stuðningsmönnum hv. stjórnarflokka, því að við sjálfstæðismenn höfum að sjálfsögðu aldrei búizt við miklu frá hæstv. ríkisstj.

Og því miður er það sýnilegt, að ríkisstj. hefur brugðizt þeim stéttarsamtökum, sem hún telur sig byggja vald sitt á, því að fyrir mjög skömmu var gerð fyrsta ráðstöfunin, sem átti að verða bráðabirgðaráðstöfun, þ. e. binding vísitölunnar í haust, og var þá tekið fram af hálfu verkalýðsfélaganna, að sú kaupskerðing væri gerð í trausti þess, að endanlegar ráðstafanir til hjálpar framleiðsluatvinnuvegunum yrðu gerðar um áramót og að þær ráðstafanir yrðu ekki til að skerða frekar kjör alþýðu manna. Og 25. þing Alþýðusambands Íslands undir forsæti hæstv. félmrh. samþykkti langa ályktun um kjaramál, þar sem m. a. segir svo um væntanlegar ráðstafanir, að ekki komi til mála, að auknum kröfum útflutningsframleiðslunnar verði mætt með nýjum álögum á alþýðuna. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. félmrh. hafi verið þeirrar skoðunar á þinginu, hann stjórnaði því og var endurkjörinn forseti sambandsins, og að þessi till. hafi naumast verið samþykkt gegn atkvæðum hans. Þegar þessa er gætt og þeirra ráðstafana, sem nú sjá dagsins ljós, þá sést, að þær eru allt annars eðlis en alþýðusamtökin hafa gert ráð fyrir fyrir örskömmum tíma. Það er þess vegna kannske ekki að undra, þótt það tæki ríkisstj. vikutíma eða meira að fá Alþýðusambandið og forustumenn þess til þess að fallast á þá lausn, sem hér loksins er komin fram í þessu frv.

Það er eitt atriði í sambandi við þetta frv., sem mig langaði til að varpa hér fram og hefur vakið nokkra undrun, og það eru þær fullyrðingar, sem fram hafa komið í blöðum tveggja stjórnarflokkanna, þ. e. a. s. þeirra flokka, sem kalla sig verkalýðsflokka, um það, að þeir hafi átt í mikilli baráttu með að fá fram ýmsar lagfæringar til handa alþýðu manna á þessum fyrirhuguðu ráðstöfunum. Í leiðara í Þjóðviljanum í dag segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar gengislækkunin var úr sögunni vegna andstöðu Alþýðubandalagsins og verkalýðshreyfingarinnar, komu fram tillögur til að afla fjárins með allsherjar gjaldeyrisskatti, jafnháu álagi á svo til alla gjaldeyrisnotkun landsmanna. Slík aðferð hefði auðvitað aðeins verið dulbúin gengislækkun og haft sömu áhrif, skert lífskjör að miklum mun. En einnig þessi aðgerð var stöðvuð af Alþýðubandalaginu og verkalýðshreyfingunni.“

Það eru ýmis önnur atriði, sem hefur verið vikið að einnig í sambandi við umr. við verkalýðssamtökin, að þeir menn, sem telja sig talsmenn verkalýðsins, hafi staðið í einhverjum átökum um, að ekki væri framkvæmd stórfelld skerðing á rétti alþýðunnar. Nú væri ákaflega fróðlegt að fá upplýsingar um það, við hvern þessi barátta hefur staðið. Ekki hefur hún staðið við stjórnarandstöðuna, ekki hefur verið við hana talað. Það virðist þess vegna vera einhver aðili að ríkisstj., sem hefur ekki neinn sérstakan áhuga á því að hlynna að kjörum alþýðu manna í landinu og byggir hugmyndir sínar um úrræði í efnahagsmálunum á því, að það eigi að skerða lífskjör almennings.

Þetta væri vissulega fróðlegt að fá upplýsingar um.

Svo er annað atriði í framhaldi af því, sem ég áðan sagði hér um þær vonir, sem menn hafa gert sér um þau miklu átök, sem nú yrðu gerð, — önnur spurning, sem hlýtur að vakna, og hún er sú, hvort það sé í raun og veru hugmynd stjórnarflokkanna, að þessar till. hér séu varanleg lausn á vandamálum atvinnuveganna í landinu. Það væri mjög fróðlegt fyrir þjóðina að fá upplýsingar um það, hvort það raunverulega er skoðun hæstv. ríkisstj., að þessi leið, að ganga enn lengra í skattlagningarátt, að framkvæma dulbúna gengislækkun og margar aðrar ráðstafanir, sem mjög hafa verið fordæmdar af þeim, sem töldu, að það væri eina bjargráðið að leysa vandamálin með því að koma Sjálfstfl. úr stjórn, — hvort það er nú skoðun þessara sömu flokka, að þessi úrræði séu hin varanlegu úrræði til lækningar á vandamálum þjóðfélagsins, sem eigi að leggja grundvöll að bættum lífskjörum alþýðunnar í landinu, eins og segir í ályktun þeirri, sem verkalýðsmálanefnd Alþýðusambandsins sendi frá sér.

Það er annars mjög erfitt, eins og hefur verið bent á hér af öðrum, að gera sér grein fyrir því, hvað raunverulega eru forsendur þessa frv., og því ekki að undra, þó að erfitt sé fyrir þá, sem ekki hafa haft aðstöðu að kynna sér þau plögg, að mynda sér skoðun um það, hvort hér sé um hin réttu úrræði að ræða eða ekki. Hæstv. forsrh. sagðist láta sér nægja að miklu leyti að vísa til hinnar ýtarlegu grg. með frv. Á grg. er ekki nokkurn hlut að græða. Þar er ekki neinar upplýsingar að finna um afkomu útflutningsatvinnuveganna eða á hverju þeir styrkir eru byggðir eða þau framlög, sem talin er nauðsyn á. Það er ekki gerð nein grein þar fyrir þeirri athugun, þeirri úttekt á þjóðarbúinu, sem hæstv. forsrh. hafði boðað og hinir erlendu hagfræðingar áttu að vinna að, og það er yfirleitt ekki gerð grein fyrir neinum þeim atvikum, sem eru nauðsynleg til að mynda sér skoðun um, hvort hér sé farin sú leiðin, sem helzt komi til greina, eða ekki, þannig að því fer auðvitað víðs fjarri, að það sé hægt að ætlast til þess, að þeir, sem ekki hafa haft aðstöðu til að kynna sér þetta, geti gleypt við þessu eins og það liggur hér fyrir.

Hæstv. forsrh. sagði í sambandi við álögur þær, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að það hafi verið erfitt að komast hjá að leggja á þær stéttir, sem samráð var haft við og búa við lökustu kjörin. Það gefur nú að skilja, að það hefur verið erfitt, en haft hefur verið samráð við svo að segja allar stéttir þjóðfélagsins, enda er það auðvitað staðreynd málsins, hvað sem öllum umbúðum líður, að álögurnar leggjast á almenning í landinu og það kannske með þyngra móti en

hefur verið áður, þótt undan séu þegnar vissar nauðsynjar, sem að vísu hefur nú ekki verið upplýst enn um hverjar væru, en fróðlegt væri að vita, hvað það er, sem hæstv. ríkisstj. telur nauðsynjar fyrir fólkið, og hvað það er, sem er talið vera ónauðsynlegt. En þessir tollar leggjast að vissu leyti þyngra á vegna þess, að það er, eftir því sem manni skilst, leitazt við að forðast það með öllum ráðum, að tollarnir geti haft áhrif á vísitöluna til hækkunar.

Nú hefur það verið upplýst æ ofan í æ af ýmsum þeim flokkum, sem að hæstv. ríkisstj. standa, og það er vafalaust rétt að ýmsu leyti, að vísitalan sé stórgölluð og gefi alls ekki rétta mynd af hinni eðlilegu neyzlu þjóðarinnar. Og ef það er svo, að það á að leggja á 250 millj. kr. skatta, sem eiga ekki að hafa áhrif til verðhækkana, þ. e. a. s. almenningur á ekki að fá uppborna í vísitölu, þá held ég, að þetta kerfi sé eitthvað gallað, og ég efast um, að það sé hægt að segja, að um sé að ræða framfarir fyrir launþega í landinu frá því, sem var síðast, er þær hækkanir höfðu þó meiri áhrif á vísitöluna og til beinna kauphækkana. En það er tilgangur ríkisstj. nú, að þessar miklu tollahækkanir hafi engin áhrif í þá átt.

Hæstv. sjútvmrh. ræddi hér ýmislegt um vandamál útvegsins, og það er vissulega rétt, að hann á við mikla erfiðleika að stríða, sem leiðir af því, að á hann hafa verið lagðar þyngri álögur og gerðar til hans meiri kröfur en hann hefur getað undir risið, og vitanlega byggist öll okkar afkoma á því, að hægt sé að halda útflutningsframleiðslunni gangandi. Hann benti á, að það væri þar við ýmsa nýja erfiðleika að stríða. M. a. vék hann að hinni stórfelldu hækkun á olíuverði, sem gert er ráð fyrir að greiða niður með verulegum upphæðum. Það hefur verið bent á það hér, bæði í þessum umræðum og áður, að þessi sami hæstv. ráðh. og ríkisstjórnin eigi nokkra sök á því, hvernig þeim málum er komið, og í sambandi við þá fullyrðingu ráðh., að það sé ábyggilegt, að olíusalarnir eigi að taka á sig verulegar byrðar, væri mjög fróðlegt að fá upplýsingar um það, hvort það er þá ætlunin, að sá stórkostlegi gróði, sem eitt olíufélag fær nú fyrir beint tilstilli ríkisstjórnarinnar, sé tekinn að einhverju verulegu leyti af félaginu aftur, til þess að það gangi til þarfa útvegsins eða til að lækka þann mikla kostnað, sem hann býr við.

Þá gat ráðh. þess og taldi það til mikilla umbóta, að það hefði orðið samkomulag milli sín og útgerðarmanna um að skipa nefnd til að athuga leiðir til sparnaðar í útveginum og bætt vinnubrögð. Ég man ekki betur en hér á Alþ. hafi í fyrra verið kjörin sérstök n. til þess að sinna þessu hlutverki, þannig að hér sé ekki um neina nýbreytni að ræða og gersamlega ástæðulaust að vera að kjósa nýja nefnd, þegar sú n., að ég hygg, starfar af fullum krafti, og væri skynsamlegra og líklegra til, að það þyrfti ekki að dragast allt of lengi að fá niðurstöðu í þessu efni, að byggja á starfi þeirrar n., auk þess sem verður að teljast mjög óeðlilegt, að það sé farið að ganga fram hjá n., sem beinlínis er kjörin hér á Alþ. til þess að inna ákveðið verkefni af hendi.

Það eru ýmis atriði, sem hljóta að vakna í huga manns við að athuga þetta frv. hér. Ég man eftir því í vor fyrir kosningar, að þá voru hvað eftir annað í Þjóðviljanum og reyndar í Tímanum líka fluttar fregnir af því, að bráðnauðsynlegar vörur fengjust ekki, en það væri flutt inn gegndarlaust af alls konar skrani og glingri. Ég sé nú ekki betur en að með þessu frv. sé beinlínis verið að lögfesta þá stefnu, að það verði að láta óþarfann sitja fyrir, því að annaðhvort er það, að ríkisstj. býst við, að hún hafi yfir að ráða mjög miklum gjaldeyristekjum, þannig að ekki þurfi á neinn hátt að draga úr innflutningnum, — og það kann vel að vera, að ríkisstj. hafi opnazt einhverjar nýjar leiðir til gjaldeyrisöflunar, — en miðað við þær spár, sem a. m. k. hæstv. fjmrh. hefur alltaf flutt í því efni í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, þá virðist sem þar gæti meiri bjartsýni hjá honum en hefur verið að undanförnu um möguleika á að afla fjár og hvaða líkur séu til, að útflutningur okkar verði mikill. Ég er því hræddur um, að það sé síður en svo verið nú að laga þann ágalla, sem vissulega er mikill ágalli, að ef um gjaldeyriserfiðleika er að ræða, neyðist stjórnarvöldin til þess að hlynna að innflutningi á ýmiss konar ónauðsynlegum varningi, vegna þess að ella fái hún ekki tekjur til að standa undir framleiðsluatvinnuvegunum. Þetta er beinlínis sú stefna, sem hér er mörkuð, jafnvel enn skýrar en áður hefur verið gert, og mjög kynlegt og eitt af þeim atriðum, sem er sláandi, þegar þess er gætt, hvaða aðilar standa að framlagningu þessa frv. hér.

Hæstv. ráðherrar reyndu mjög að láta í það skína, að þessar álögur, stórfelldu skattar, sem hér er um að ræða, væru ekki nema að mjög litlu leyti álögur á alþýðuna. Í fyrsta lagi væri þriðjungur innflutningsins undanþeginn þessum nýju tollum, og í annan stað væri um að ræða margs konar nýmæli, sem ættu að bæta kjör alþýðunnar stórkostlega. Og hæstv. menntmrh. spurði hér, hvort það væri hægt að segja, að þar væri um troðnar slóðir að ræða, bæði varðandi stóreignaskatt, varðandi verðlagseftirlit og varðandi önnur atriði, sem þarna eru fram sett. Vitanlega þekkjum við bæði stóreignaskatt og verðlagseftirlit. Það hefur áður verið lagður á stóreignaskattur og á miklu skynsamlegri hátt en gert er ráð fyrir hér, vegna þess að það var í sambandi við ráðstafanir, sem ætla mátti og hefðu átt að geta leitt til miklu varanlegri lausnar á þeim vanda, sem hér er við að glíma, heldur en þær algeru bráðabirgðaráðstafanir, sem hér er talað um. Um verðlagseftirlit er alveg það sama að segja.

Hæstv. fjmrh. sagði að vísu, að það væru horfur á, að það væri hægt að lækka stórkostlega álagningu í heildsölu. Ég vil nú spyrja hæstv. ráðh., sem er varaformaður stjórnar Sambands ísl. samvinnufélaga, að ég hygg, að því, hvort það sé raunverulega rétt, að Samband ísl. samvinnufélaga, sem okkur hefur ætíð verið sagt að væri bezti hemillinn á verðlagið í landinu, hafi haldið uppi þeirri venju að undanförnu að selja vörur í heildsölu með mjög óhæfilegri álagningu. Ég hef a. m. k. ekki heyrt, að það væri um stór-

felldan verðmismun að ræða hjá Sambandinu og öðrum heildsölum, enda ef svo væri, þá ætti það að koma fram einnig hjá kaupfélögunum og leiða til þess, eins og framsóknarmenn hafa ætíð bent á og verið rök þeirra gegn verðlagseftirliti, að viðskiptin drægjust til samvinnufélaganna. Það væri hin heilbrigða og rétta pólitík í verðlagsmálum, og það er vissulega rétt hjá þeim, að það væri ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að viðskiptin drægjust til þeirra aðila, sem selja ódýrast, hvort sem það eru samvinnufélög eða önnur. En mér skilst, að með þessari fullyrðingu hæstv. fjmrh. sé staðfest, að hér hafi Sambandið ekki gætt hófs eða kaupfélögin hafi brugðizt sinni skyldu og ríkisstj. telji, að það megi nú lækka stórkostlega þessar álögur á almenning, sem þarna er um að ræða, og er vissulega mjög eftirtektarvert að heyra það.

Það er svo annað, sem bent hefur verið á, sem ætti að vera til mikilla hagsbóta, það er þessi stóreignaskattur, sem ég minntist á áðan. Það er nú dálitið einkennilegt út af fyrir sig, þegar þess er gætt, hvaða aðilar standa að þessum málum, að allar þær ráðstafanir, sem eiga að snerta gróðann í þjóðfélaginu, sem þeir tala um, eiga að bíða, en það á að byrja með hinum almennu álögum á alþýðuna. Það er dálitið einkennilegt a. m. k. miðað við þær till., sem þeir lögðu hér fram á síðasta þingi.

Svo er aðeins eitt atriði, sem mér fannst vera mjög eftirtektarvert og hefur grundvallarþýðingu, en það er sú yfirlýsing hæstv. fjmrh. hér áðan, sem hann lagði mikla áherzlu á, að ástæðan til þess, að Framsfl. hefði talið ógerlegt að vinna með Sjálfstfl. og teldi nú svo dæmalaust gott viðhorf, eins og sakir stæðu nú, væri það, að Framsfl. og Alþfl. hefðu ekki getað tryggt sér fylgi verkalýðssamtakanna, það hefði þessi ríkisstj. gert, og hann bætti því við, sem ég held að ég hafi tekið rétt eftir, að leið sú, sem verkalýðssamtökin vildu fara í þessu, væri alltaf bezta leiðin. Þessu held ég að ég hafi tekið rétt eftir. Þetta eru mjög eftirtektarverð ummæli, bæði vegna þess, að eftir að þessu er yfir lýst, sýnist mér í raun og veru vafasamt, hvað við og hæstv. ríkisstj. höfum að gera, hvort það væri ekki miklu einfaldara að láta hæstv. félmrh. og félaga hans uppi í Alþýðuhúsi taka við þessu öllu saman, ef það er alltaf bezta leiðin, sem þeir vilja fara, og sú eina, sem til farsældar getur horft. Og í annan stað, ef þetta er skoðun hæstv. fjmrh., þá verður því alvarlegri hlutur framsóknarmanna og Alþfl., sem beinlínis hafa valdið því, að þessi voldugu samtök, sem þeir telja að ein geti öllu ráðið, eru nú í höndum kommúnista. Þessu er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir. Það var hægurinn hjá að tryggja allt aðra forustu í Alþýðusambandi Íslands. Ef lýðræðisflokkarnir hefðu staðið þar saman, hefðu þeir auðveldlega getað farið þar með sigur af hólmi. Það fór hins vegar svo, að þeir forustumenn þessara flokka a. m. k., sem eru í ríkisstj., lögðu á það mikla áherzlu og beittu til þess öllum sínum áhrifum að tryggja, að fylgismenn þeirra í verkalýðsfélögunum styddu kommúnista til áhrifa, og það gekk jafnvel svo langt, að Framsfl. lánaði flokksskrifstofu sína undir baráttu kommúnista í einu verkalýðsfélagi, svo náin voru tengslin þar á milli.

Ég held, að ef menn íhuga þetta niður í kjölinn, þá verði öllum ljóst, hversu frámunalega ógætilega hefur hér verið á málum haldið; ef það er sem sagt skoðun hæstv. ríkisstj., að alþýðusamtökin og forustumenn þeirra á hverjum tíma séu það afl, sem eigi að marka stefnuna og móta hana, að þá skuli þeir jafnframt eiga hlut að því og bera á því ábyrgð, að þessi samtök eru í höndum kommúnista í dag. Með þessu móti hafa þeir tryggt, að það eru kommúnistar, sem hafa öll tögl og hagldir í sambandi við líf þessarar stjórnar. Þeir hafa að vísu fórnað miklu, þeir hafa látið undan í mörgum málum og kingt mörgum sínum fyrri fullyrðingum, frá því að þessi ríkisstj. var mynduð, og skal ég ekki rekja þá sögu hér, hún er öllum kunn. En síðasta yfirlýsing Alþýðusambands Íslands um það, að hún ætli að veita ríkisstj. starfsfrið um sinn, er alvarleg áminning til ríkisstj. um það og visbending, hverjir telja sig hafa líf hennar í hendi sér og hverjir telja sig hafa hin raunverulegu völd.

Ég skal ekki á þessu stigi fara að ræða um afstöðu mína sérstaklega til þessa máls. Hæstv. fjmrh. sagði, að það væri eiginlega merkilegt og sýndi ábyrgðarleysi, að Sjálfstfl. skyldi ekki lýsa hrifningu yfir því, að samvinna hefði tekizt um þá löggjöf, sem hér liggur fyrir. Það er vissulega alltaf gleðiefni, þegar vandamál leysast, og það er mikið gleðiefni, ef útflutningsframleiðslan getur gengið af fullum krafti, — það veit ég að allir sjálfstæðismenn taka undir. En varðandi það atriði, hvort eigi sérstaklega að vera hrifning út af þessu frv., sem hér liggur fyrir, það er önnur saga. Í fyrsta lagi er það, að enn er allt á huldu um það, hversu endingargott það samkomulag er, sem talið er hafa verið um þetta mál, og í annan stað, eins og ég áðan sagði, er þetta mál svo óljóst, að það er gersamlega ómögulegt að gera sér grein fyrir því, hvað hér er raunverulega um að ræða. Ég veit t. d. ekkert um það, hver hefur áætlað tekjurnar af þessum sköttum og tollum, sem hér er gert ráð fyrir, en ég þekki hæstv. fjmrh. það vel að gætni, — og ég býst við, að hann hafi mjög átt hlut að því að áætla þetta, — að ég þykist nokkurn veginn viss um, að það muni heldur vera nokkrum milljónatugum of lágt heldur en of hátt áætlað. Enn fremur er ómögulegt að gera sér grein fyrir því, a. m. k. á þessu stigi, hvernig þetta leggst á hina ýmsu vöruflokka. Og þó að við vitnum hér í það, sjálfstæðismenn, að hér séu í mörgum atriðum farnar troðnar slóðir og gersamlega um bráðabirgðaúrræði að ræða og margt af því beri keim af því, sem áður hafi verið gert, þá er alls ekki þar með sagt, að það þurfi endilega að leiða til þess, að við séum ánægðir með málið, eins og það liggur fyrir hér. Það gefst tími til þess síðar í þessum umr., eftir að búið er að kanna það í n., að gera sér frekari grein fyrir því, en á þessu stigi þarf engan að undra það, þó að við höfum fullkominn fyrirvara um afstöðu til málsins, þótt við hins vegar viðurkennum fyllilega þá mikilvægu nauðsyn, sem er að efla útflutningsframleiðsluna sem mest og tryggja það, að hún stöðvist ekki.

Við komumst hins vegar ekki hjá að benda á það, sem blasir við allri þjóðinni, að hæstv. ríkisstj. hefur gefizt upp við þann vanda, sem við var að glíma; hún hefur gefizt upp við að finna þau varanlegu úrræði, sem hún lofaði, þegar hún var stofnuð, og var m. a. efnt til kosninga til þess að auðið væri að koma fram. Hún hefur gersamlega horfið frá þeirri stefnu sinni, að það væri hægt með einhverjum sérstökum ráðum, einhverri leið, sem aldrei fékkst að vísu talað um, að lækna þennan vanda. Okkur sjálfstæðismönnum kemur ekkert á óvart, þó að það hafi reynzt erfitt, því að það eru engin leynivopn til í þessu máli. En hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar þóttust hafa einhverju slíku leynivopni á að skipa. Og það er útilokað annað en að við vekjum athygli á því. Þótt við gerum okkur fyllilega ljósa hættuna af þeirri verðhækkun, sem leiðir af kauphækkunum, þá fer ekki hjá því, að við hljótum að benda á það, hvernig þessi ríkisstj. hefur tekið upp gersamlega önnur vinnubrögð en þeir flokkar a. m. k., sem telja sig verkalýðsflokka innan stjórnarinnar, hafa hingað til haldið fram og meðal annars ráðizt á Sjálfstfl. fyrir. Þetta er auðvitað óhjákvæmilegt að benda á, því að það virðist sýnt, að þessir flokkar hafa fyrst og fremst haft áhuga á að tryggja sér setu í ríkisstj., en ekki endilega að halda fast við þær kenningar, sem þeir hafa talið einar geta leitt til aukinna kjarabóta fyrir alþýðu manna. Og það er sérstaklega eftirtektarvert, þegar þessum flokkum tekst að fá nokkra forustumenn sína í verkalýðsfélögunum til að lýsa því yfir, að 250 millj. kr. tollahækkun sé leið til þess að bæta lífskjör þjóðarinnar og jafnframt auka kaupmátt launanna. Það er mjög merkilegt fyrirbrigði.

Ég held, eftir að öll þessi atvik eru athuguð og eftir að sýnt er, hversu gersamlega þjóðin hefur verið blekkt í síðustu kosningum af þessum flokkum, að þá sé það eðlileg afleiðing, sem hv. þm. G-K. benti hér á í sinni ræðu áðan, að það væri efnt til nýrra kosninga, til þess að þjóðinni gæfist kostur á að meta þessi mál á grundvelli þeirra efnda, sem orðið hafa á loforðum hv. stjórnarflokka. Og mér sýnist, að þetta frv. sé þannig úr garði gert, miðað við fyrirheitin og loforðin, að það ætti að mega taka undir það, sem hæstv. núverandi menntmrh. sagði í nál. sínu, þegar dýrtíðarráðstafanirnar og framleiðslusjóðsfrv. var til meðferðar hér fyrr á árinu, að stefna sú, sem núverandi stjórnarflokkar grundvölluðu samstarf sitt á, hefur því beðið algert skipbrot, og það mætti jafnframt bæta því við, sem þessi sami hæstv. núv. ráðh. sagði við sama tækifæri, að það eina, sem ríkisstj. gæti gert, ef hún vildi sjá sóma sinn, þegar þannig væri komið, væri að biðjast lausnar.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Hv. þm. G-K. talaði hér fyrstur af hálfu stjórnarandstöðunnar og setti hér fram allmargar fyrirspurnir. Voru nokkrar af þeim þess eðlis, að mér þykir rétt að víkja að þeim. Hann kvartaði að vísu fyrst undan því, að frv. þetta væri hið mesta torf og hann ætti erfitt með að skilja nokkurn hlut í því. Nokkuð svipað hefur komið hér fram hjá öðrum talsmönnum stjórnarandstöðunnar, að þeir kvarta undan því, að þeir hafi ekki getað áttað sig á efni frv.

Ég vil í þessu sambandi minna á það, að sá háttur hefur verið á hafður hér í sambandi við afgreiðslu þessara mála á undanförnum árum, að þá hefur ríkisstj. lagt fram frv. sín til lausnar á vandamálum útvegsins fyrir stjórnarandstöðuna þannig, að hún hefur aðeins haft örfáa klukkutíma til þess að átta sig á þeim frv., og ég minnist þess, að í eitt skipti var það svo, að stjórnarandstöðunni gafst ekki einu sinni tími til þess að fá að lesa frv., áður en það var tekið til umr. hér á Alþ., svo að þeir mega nokkuð kenna sjálfum sér um, hvernig siðvenjur hafa skapazt í þessum efnum. En þó er óhætt að fullyrða það, að nú hefur þeim í þessum efnum verið gert miklu hærra undir höfði en stjórnarandstöðunni á undanförnum árum, því að þeir hafa fengið miklu lengri tíma til þess að átta sig á því, sem hér lá fyrir. Hitt er svo undrunarefni a. m. k. fyrir mig, að þm. G-K., sem er að koma úr sjútvmrh.-embættinu, skuli ekki átta sig á einföldustu atriðum í þessu frv. varðandi sjávarútvegsmálin. Hann spurði hér: Þurfti sjávarútvegurinn á meiru að halda? Svona hélt ég að enginn maður í landinu hefði þurft að spyrja. (**ÓTh:** Enda spurði ég ekki svona.) Ja, hvernig spurði hv. þm. G-K.? Hvernig var þessi spurning hans? (**ÓTh:** Hún var þannig: Er sá stuðningur, sem er veittur sjávarútveginum nú, meiri eða minni en sérfræðingar ríkisstj. lögðu til?) Ég skrifaði spurningu hv. þm. hér upp eftir honum, og hann spurði í fyrsta lagi: Þurfti landbúnaðurinn á meiru að halda, þurfti sjávarútvegurinn á meiru að halda? Og þó að hann spyrji nú um það, hvort sérfræðingar ríkisstj. hafi lagt þetta til, sem hér er lagt til, eða eitthvað minna eða eitthvað meira, þá vitanlega segir það enga sögu í þessu. Hins vegar er hægt að upplýsa hann um það, að þeir sérfræðingar, sem athuguðu afkomu togaraflotans, töldu, að togaraútgerðin þyrfti 38—39 millj. kr. í aukna styrki miðað við ársrekstur, og það er gert ráð fyrir því hér í þessu frv., að þörfum togaraútgerðarinnar verði mætt með stuðningi, sem nemur um 38 millj. kr. Þeir menn, sem gengu til þess að athuga um rekstur bátaflotans, töldu, að lágmarksupphæð, sem veita yrði bátaflotanum, væri 26.3 millj. kr. til viðbótar við þau hlunnindi öll, sem hann hafði á s. l. ári, en síðan hefur komið til þess, fram yfir þessar till., að gert hefur verið ráð fyrir allverulegum auknum útgjöldum hjá bátaflotanum, sem m. a. koma fram í því, að hér liggur frv. fyrir Alþ., sem gerir ráð fyrir því að tvöfalda orlofsgreiðslur útgerðarinnar til sjómanna, og nemur sú upphæð um 3 aurum á hvert fiskkíló, eða í kringum 5½ millj. kr. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að skiptaverð til háseta á bátunum hækki um 8 aura á kg, eins og kemur fram í greinargerð frv., en það veldur útgerðinni sjálfri verulega auknum útgjöldum.

Þegar tillit er tekið til þessa, eru þær 38 millj. kr., sem gert er nú ráð fyrir að auka stuðninginn til bátaútvegsins um, rétt um það

bil sú upphæð, sem þessir sérfræðingar, sem stjórnin skipaði til þess að athuga þessi mál, töldu að þyrfti nauðsynlega að veita bátaútveginum. Þessir sömu aðilar höfðu talið, að veita bæri fiskverkunarstöðvum 5.2 millj. kr. En þegar nú hefur verið gert ráð fyrir því, að nokkur aukin útgjöld eru lögð á fiskvinnsluna, er nú gert ráð fyrir í þessu frv. að veita þeim um 9—9.2 millj. kr. í aukinn stuðning.

Hv. þm. G-K. spurði svo í öðru lagi um það, hvað þessi prósenta í frv., sem gerir ráð fyrir stuðningi til bátaútvegsins, í rauninni þýddi. Ég segi nú um þetta eins og hið fyrra atriði, að ég undrast það mjög, að fyrrv. sjútvmrh. skuli spyrja um þetta. Þegar tiltekið er, að bátaútvegur landsmanna skuli fá til uppbótar á útflutningsverð á framleiðslu bátaútvegsins sem nemur 24.45%, þá er þetta ekki ýkja þungt dæmi að reikna fyrir þann, sem hefur haft allan aðgang að því að fylgjast með því, hver framleiðsla bátaflotans er. Þegar það einnig er gefið, og það liggur fyrir í opinberum skýrslum og þarf t. d. ekki lengra að fara en hringja í Fiskifélagið til þess að spyrjast fyrir um það, hvað er aflamagn bátaflotans á einu ári í tonnum talið, þá er heldur ekki mikill vandi að finna það út, hvað um 38 millj. kr., sem gert er ráð fyrir að veita bátaflotanum í stuðning, muni vera mikið á kg. Og ég hygg, að fyrrv. ráðh. muni komast nærri um það, að þarna er um í kringum 20 aura hækkun á kg að ræða. Þannig er nú þessu varið. Þetta sýnir ásamt með öðru, að þessi fyrrv. ráðh. er kominn svo úr öllu samhengi, — ég hef reyndar orðað það hér áður, að hann er svo slitinn úr öllu sambandi við sjávarútveginn, að hann kann þar ekki einu sinni að fara með einföldustu tölur. Hann segir mér það líka hér og öðrum, að bátaútvegsmenn hafi ekki samþykkt þann grundvöll, sem hér sé lagður í þessu frv. um rekstrarstuðning við bátaútveginn á komandi vertíð. En hið sanna í málinu er það, að forstjóri Landssambands ísl. útvegsmanna og formaður verðlagsnefndar bátaútvegsins komu til fundar við mig, þar sem fleiri menn voru fyrir, og tilkynntu mér, að þeir væru að koma beina leið af fulltrúafundi í Landssambandi ísl. útvegsmanna, þar sem atkvgr. hefði farið fram um þessar till., og þar hefðu allir greitt atkv. með nafnakalli og allir samþykkt till. (Gripið fram í.) Nei, það var ekkert meira, það var ekkert tilkynnt meira. Hins vegar getur vel verið, að þessi fyrrv. ráðh. sé að gera tilraunir til þess að láta eitthvað meira koma, það kæmi mér ekkert að óvörum. Ég þykist finna það og vita, að það sé ekki jafnmikill gleðskapur hjá honum og ýmsum öðrum yfir því, að núverandi ríkisstj. hefur getað haldið þannig á málunum, að hún hefur fengið samkomulag við alla þessa aðila, einnig bátaútvegsmenn.

Þá minntist þm. G-K. á það, að í frv. væri sennilega prentvilla, þar sem gert væri ráð fyrir, að útflutningsuppbætur á hrogn væru aðeins 14.18% á móti 24.45%, sem áætluð eru á aðrar útflutningsafurðir bátanna. Hér er ekki um neina prentvillu að ræða. Hins vegar er það rétt, að þessi tala mun verða athuguð í n., og er alveg ljóst okkar á milli, fulltrúa útvegsmanna og mín, hvað hér er um að ræða. Þegar var verið að semja við þá um hinn nýja grundvöll, var eins og fyrri daginn fyrst og fremst teflt um fiskverðið eða þær afurðirnar, sem mestu máli skipta, og þegar samkomulag náðist um það, var sú tala fest, en talan 14.18% á hrogn er nákvæmlega þær uppbætur, sem þeir höfðu áður notið á útflutt hrogn, eða m. ö. o., þar var ekki gert ráð fyrir neinni hækkun. En nú hafa útvegsmenn bent á, að þeir hafi í rauninni alltaf ætlazt til þess, að þeir fengju samsvarandi prósentu á hrognin eins og á fiskinn, og þetta mun verða athugað hér við meðferð málsins, eins og ég segi, og skiptir engu höfuðmáli.

Hv. þm. G-K. reyndi svo hér að gera samanburð á till. þeim, sem hann stóð að í upphafi síðustu vertíðar, og þeim till., sem hér liggja fyrir nú. Þá voru auðvitað till. hans góðar. Nú eru þessar till. vondar, og nú segir hann, að þær séu í öllum atriðum eftir sömu kokkabókum gerðar. En sannleikurinn er sá, að það er vitanlega grundvallarmunur á þeim till., sem nú liggja hér fyrir, og þeim till., sem hann stóð að að leggja fram.

Þá var gert ráð fyrir því að afla allra tekna í sambandi við ráðstafanirnar á þann hátt að leggja jafnt álag á svo að segja allar innfluttar vörur. Hinar nauðsynlegustu vörur voru skattlagðar jafnt og allar aðrar. Afleiðingin af þessari leið hlaut að verða sú, eins og reynslan sýndi, að þessar vörur hækkuðu allar í verði, og um leið og verð þeirra hækkaði, þá hækkaði einnig kaupgjald. Þetta hlaut líka svo að verða, af því að þá voru ekki í gildi nein ákvæði um það að halda verðlaginu niðri. Þá var yfirleitt álagningarfrelsi ríkjandi, og það var talið einmitt gildi stjórnarstefnunnar, að allt skyldi ráðast af framboði og eftirspurn. En nú er sú leið farin að reyna að forðast það með þeim álögum, sem lagðar eru á vöruinnflutninginn, að álögurnar leggist á þær vörur, sem þýðingarmestar eru í verðmynduninni í landinu, eða hinar almennu notavörur almennings.

Einhver skýtur fram í: Vörurnar, sem ganga inn í vísitölu. Nú allt í einu eru sjálfstæðismenn orðnir alveg sérstakir boðberar þess, að ekki megi skekkja vísitöluna, af því að með því sé verið að svíkja kaup af verkalýðnum í landinu. En hafa þeir ekki haldið því fram alla tíð, að ógæfan stafaði af því, að kaup verkamanna væri of hátt? Ættu þeir þá ekki að gleðjast yfir þessu? Ætli það sé ekki eitthvað annað, sem er að í þessu frv., sem þeir eru á móti? Ég skal koma að því síðar, því að það er augljóst, hvað það er. (Gripið fram í.) Já, ég skal víkja nánar að þessu með vísitöluna og þessa aðferð.

Það eru nefnilega til menn, sem halda því fram, og það hefur verið gert hér í þessum umr., að ef sú leið væri farin að leggja allar svona álögur t. d. á kornvörur og aðrar allra nauðsynlegustu vörur, sem vitanlega kæmi út í vísitölunni, sem aftur kæmi út í hækkuðu kaupi, þá mætti verkalýðnum í landinu vera alveg sama.

En hvað er það, sem gerist með slíkri ráðstöfun? Með því gerist það, að verðbólguhjólið heldur áfram að snúast. Með því gerist það, að

nýjar álögur hækka framleiðslukostnaðinn í landinu óhjákvæmilega, og það verður að grípa til þessara ráðstafana aftur. En með þessu er líka verið að segja það, að allar vörur, sem menn kaupa, *hafi sama notagildi fyrir fólkið í landinu*. Má t. d. ekki leggja hér á gosdrykki og súkkulaði og annað þess háttar, án þess að það sé verið að skerða með því kaupmátt verkamanna í landinu? (Gripið fram í.) Já, og byggingarefni. Það er gert hér ráð fyrir því í þessum lögum að hafa hin lægstu gjöld, sem eru í hinum nýju álögum, einmitt á byggingarefninu og álitið, að með því móti megi með lækkun á álagningu heildsala og annarra slíkra og með skörpu verðlagseftirliti halda þeim einmitt áfram með óbreyttu verðlagi. Hins vegar er það, að þessi túlkun, sem stendur að því, að það megi ekki leggja á lúxusvörur og ýmsar aðrar vörur, af því að það hreyfi ekki vísitöluna, það eru menn, sem vilja reyna að halda verðbólguhjólinu stöðugt í gangi, enda er sannleikurinn sá, og hann hefur komið fram áður hjá fulltrúum sjálfstæðismanna, að það, sem þeir vilja í þessum efnum, er að láta leggja álögurnar á nauðsynjavörurnar, en helzt af öllu bæta svo gamalkunnu ákvæði við: Og samt skal vísitalan ekki breytast. Gamla stefnan var sú, að þegar búið var að leggja á hinar miklu álögur í byrjun ársins, þá gátu allir, sem réðu verðmynduninni í landinu, haldið áfram að hækka verð á öllum hlutum. Þá rak hver verðhækkunartilkynningin aðra dag eftir dag, og menn sögðu: Ja, þetta er vegna hinna nýju álaga, — og marghækkuðu vöruverð og þjónustuverð, hækkuðu það margfalt meira en álögurnar höfðu raunverulega gefið tilefni til. Og þetta var frjálst af stjórnarvöldunum, þau létu þetta alveg eiga sig. Þetta skipti þau ekki neinu máli. Nú er hins vegar gert ráð fyrir því að setja upp verðlagseftirlit og reyna að sporna gegn þessu. Á þessu er vitanlega eðlismunur.

Svo er hitt: Er það rétt, að nú með þessum aðgerðum eigi að taka allt inn með álögum á almennum varningi? Nú er gert ráð fyrir hér, að það verði lagður á stóreignaskattur, sem nemi a. m. k. 80 millj. kr. Var í ráðstöfunum þeirrar ríkisstj., sem þm. G-K. stýrði, gert ráð fyrir því, að stórgróðamennirnir í landinu bæru slíkan skatt? Nei. Var þar gert ráð fyrir því, að bankar landsins, sem grætt hafa vel á undanförnum árum, tækju þátt í því að standa undir þessum útgjöldum? Nei. En nú er þó gert ráð fyrir því, þótt það *hefði gjarnan mátt vera meira*. Nú er líka gert ráð fyrir því, að verzlunin eigi að bera sinn hluta af þessum byrðum, og skelfingin hjá Sjálfstfl. er m. a. bundin við það, að nú eigi að lækka verulega álagningu hjá heildsölunum í landinu og svo eigi að setja á það verðlagseftirlit, og af því eru þeir skjálfandi hræddir nú í dag.

Svo kemur þetta, að það er verið að minnast *hér á olíufélögin og sérstaklega reynt* að halda því fram, að ég hafi verið að hlífa þeim og sérstaklega þó einu þeirra, sem hafi flutt hingað olíu til landsins og á skipið Hamrafell. Ég hef reyndar minnt á það hér áður, að það þurfti hvorki Súez-stríð né neitt annað til þess, að ráðh. Sjálfstfl. leyfðu stórkostlega olíuhækkun til handa olíufélögunum, bara þegar þau fóru fram á það. En það, sem gerzt hefur í þessum efnum, er það, að núverandi ríkisstj. beitti sér fyrir því, að þetta nýja olíuskip yrði að skila aftur af fjórum næstu förmum um 10 millj. kr., og ég hygg, að það efist enginn um það, sem áttar sig eitthvað á reynslunni, að hefðu sjálfstæðismenn verið í stjórn, þá hefði þetta olíufélag ekki frekar en önnur verið látið skila aftur þessari upphæð.

Nú hafa olíufélögin líka seinni hluta þessa árs verið látin taka á sig bagga vegna hækkandi innflutningskostnaðar við olíu, þau hafa verið látin taka á sig bagga, sem nemur 10—12 millj. kr., og það efast heldur enginn um það, að þau hefðu ekki verið látin taka á sig þann bagga, ef þær vinnuaðferðir hefðu verið notaðar, sem sjálfstæðismenn hafa notað í stjórnaraðstöðu sinni á undanförnum árum.

En þegar þetta nýja skip Sambandsins, „Hamrafell", er látið skila aftur 10 millj. kr., þá koma þessir menn, sem svona hafa haldið á málunum, og segja við mig: Af hverju léztu þá ekki skila aftur helmingi hærri upphæð? Þið hefðuð getað það. Sannleikurinn er sá, að það var nokkur vandi á vitanlega, hvernig fara skyldi að í þessum efnum, og þetta mál flokkast ekki heldur, *eins og ég hef lýst yfir áður, undir mig*, því að ég fer ekki með verðlagsmál, — en það var nokkur vandi á. En ég hef vitanlega sem einn ráðh. í ríkisstj. haft afskipti af þessu máli (Gripið fram í.) Ja, það er félmrh., sem fer með þetta. (**Gripið fram í:** Flokksbróðir þinn.) Já, það er hann. En af hverju er alltaf verið að skamma mig fyrir þetta?

Ég hef nefnilega sagt það hér áður, vegna hvers er verið að skamma mig fyrir þetta. Það eru fyrst og fremst eigendur og umboðsmenn olíufélaganna, sem eru að skamma mig fyrir það, að ég hef þótt nokkuð harðhentur á þeim bæði í orði *og á annan hátt, þegar ég hef komið því* við, og ég hef ekki dregið af mér með það að reyna að velta böggum yfir á þá, og af því kenna þeir mér um það. (Gripið fram í.) Ég held nú, að ef Alþýðublaðið hafi sagt þetta, sem ég kannast nú ekki við, þá hafi það tekið þessa skröksögu upp úr Morgunblaðinu. Hins vegar er það alveg vitanlegt mál, að það hafa að vísu verið í *gildi ákvæði um*, að verðlagsyfirvöldin í landinu gætu ákveðið fragtir, og slíkt hefur verið notað nokkuð, en eflaust misjafnlega. Það er hægt að minna á það, að Eimskipafélagið var látið græða tugi milljóna undir þessum ákvæðum og gerði það eflaust fært um að byggja upp sinn skipastól á gífurlegum gróða þess félags þrátt fyrir öll verðlagsákvæði í þessum efnum. Það er líka kunnugt, að Eimskipafélagið hefur alltaf fengið að halda uppi hærri frögtum á vissum tímum en hægt var að fá á hinum frjálsa markaði, og það hefur verið haldið flutningum að því þrátt fyrir það. Hins vegar hefur Eimskipafélagið verið látið búa við nokkru lægri fragtir en hægt hefði verið að fá fyrir skipin, þegar fragtirnar voru hæstar. Þannig hefur verið farið nokkuð bil beggja í þessu. En verðlagsákvæðunum hefur aldrei verið beitt í þessum efnum, þar sem um heila farma hefur verið að ræða, eins og t. d. flutning á salti til landsins. Þau íslenzk skip, sem það hafa gert, hafa alltaf fengið að taka

þær fragtir, sem gildandi hafa verið á hinum frjálsa markaði. Og þau íslenzk skip, sem flutt hafa t. d. á erlendan markað saltfisk og annað þess háttar, hafa líka þrátt fyrir þessi verðlagsákvæði alltaf fengið að fylgja hinum frjálsa fragtamarkaði. Og því hefur einnig verið haldið fram, að slíkt hið sama hlyti að gilda nú í fyrsta skipti þegar kemur olíuskip, sem flytur heila farma til landsins, en ekki stykkjavöru, að þá gæti það tekið fragtir eins og það væri á frjálsum markaði, og eðlilega var það sjónarmið eiganda hins nýja skips, að þeir ættu rétt til þess að taka þær fragtir.

Þegar hafinn var millivegur í þessum efnum og þetta skipafélag, sem hér var með nýtt skip, lækkaði fragtir sínar svo stórkostlega sem það gerði frá hinum frjálsa markaði og tók að sér flutningana á þeim tíma ársins og undir þeim kringumstæðum, þegar allra erfiðast var að fá skip og yfirleitt var neitun hjá skipafélögum, sem við höfðum skipt við um að taka að sér þessa flutninga, þá vildi ég fyrir mitt leyti ekki standa á neinn hátt í veginum fyrir því að gera samning um, að Hamrafellið tæki að sér þessa fjóra túra núna yfir háveturinn með þessum kjörum, sem við það var samið, og óttaðist það ekki nokkurn hlut og óttast það enn ekki neitt, þó að þeir menn, sem staðið hafa að sífellt hækkandi olíufrögtum og hækkandi olíuverði til handa olíufélögunum hér á undanförnum árum, reyndu að ákæra mig fyrir það, að ég væri nú að hlífa Olíufélaginu.

Það er svo hins vegar gert ráð fyrir því, eins og ég sagði hér í minni fyrri ræðu, að breyta þannig um verðlagsmál í sambandi við olíusölu, að olíufélögin mundu samkvæmt því taka á sig verulegan bagga af þeim, sem við sjáum fram undan í sambandi við stórhækkaðar olíufragtir. Það er gert ráð fyrir því að olíufélögin taki sinn bagga, og það hefur líka verið gert ráð fyrir því, að skipafélögin, t. d. hvað snertir Hamrafellið, tækju á sig nokkurn bagga núna í sambandi við þessar ráðstafanir. Nú er því haldið á þessum málum á gersamlega annan hátt en var áður, og það er einmitt vegna þess, sem bæði útvegsmenn og launþegar í landinu líta allt öðrum augum á þessar ráðstafanir en þær ráðstafanir, sem fyrrv. ríkisstj. stóð að og runnu allar út í sandinn eftir nokkra mánuði.

Í þessu sambandi er ekki óeðlilegt að spyrja um það, hverjar séu annars till. Sjálfstfl., stærsta flokksins í landinu, í sambandi við lausn þessara vandasömu mála. Hvar eru till. Sjálfstfl.? Af hverju gerir ekki formaður Sjálfstfl. grein fyrir till. hans í þessum efnum? Hvar eru þær till.? Er það kannske frv. frá í fyrra, sem á að leggja hér fyrir aftur að þeirra dómi, sem reynzt hefur á þá lund, sem allir vita? Það er fróðlegt að lýsa hér eftir því, sérstaklega ef það bæri nú einhvern árangur, hverjar till. Sjálfstfl. hefur til lausnar á þessum vandamálum.

Ég held, að það, sem gerir sérstaklega þá illsku hjá sjálfstæðismönnum, sem hér hefur komið fram í þessum umr., sé þetta, að þeir óttast boðaða lækkun á álagningu heildsalanna, þeir óttast verðlagseftirlit, þeir óttast stóreignaskattinn, og svo óttast þeir nú alveg greinilega og sérstaklega það, að boðað er, að það skuli breyta um skipulag á sölu sjávarafurða. Og svo munu þeir eitthvað vera uggandi út af því, að það er líka boðað, að það eigi að breyta um skipan bankamálanna, og svo ekki sízt það, að nú standa þeir frammi fyrir því, að núverandi ríkisstj. hefur tekizt að leysa vanda framleiðslunnar í tæka tíð og tryggja reksturinn á næsta ári, hefur tekizt að ná samkomulagi við alla meginaðila þessa máls, en slíkt gat ríkisstj. Ólafs Thors ekki. Hún hafði ekki getað náð slíku samkomulagi og var því alltaf í flækju, en nú stendur Sjálfstfl. frammi fyrir því, að núverandi ríkisstj. hefur getað leyst þennan meginvanda. Af því er óróleikinn í formanni Sjálfstfl. og öllum Sjálfstfl.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. er mjög ánægður með sjálfan sig og sínar gerðir og þá náttúrlega það frv., sem hér er til umr., og er nú ekki annað að heyra á þeim hæstv. ráðh., sem hér hafa talið í kvöld, en að þeir flytji hér nýjan boðskap, sem megi verði íslenzku þjóðinni til bjargar og sigurs, ekki aðeins nú, heldur í allri framtíð. Ég segi nú, ef þessir hæstv. ráðh. meina nokkuð af því, sem þeir hafa sagt hér í kvöld, þá er ekki mikils af þeim að vænta, meðan þeir sitja í ráðherrastóli. Ég býst reyndar við, að sumir af þeim séu það skynsamir, það raunhæfir í hugsun, að þeir viti betur en þeir hafa talað hér.

Það er vitað mál, að þetta frv., sem hér er til umr., er neyðarkostir. Það er verið að leggja á þjóðina 240 millj. í nýjum sköttum. Hæstv. sjútvmrh. sagði hér áðan: Þetta er nýbreytni, þetta er allt annars eðlis en unnið var að um s. l. áramót, — og það skal ég taka undir. Það, sem hér er lagt til, er að taka helmingi meira en þá var gert af alþýðu manna í þessu landi í neyzlusköttum, og það er orðið anzi lítið úr stóryrðum hæstv. viðskmrh. frá því í fyrravetur, þegar hann ætlaði að taka allt, sem útgerðin þurfti þá, af nokkrum aðilum, sem hann taldi að væru stórgróðafyrirtæki, og þá voru það olíufélögin, sem voru efst á blaði hjá honum. Nú hefur hann snúið alveg við, nú sér hann enga möguleika til þess að taka nokkurn hlut af olífélögunum, ekki að taka af þeim, en hann hefur orðið til þess að rétta þeim fjárfúlgur, gefa einu olíufélaginu fjárfúlgur, kannske tugi milljóna, og það athæfi út af fyrir sig og þáttur hæstv. ríkisstj. í þessu olíumáli verður dæmdur hart af alþýðu manna í landinu. Stjórnarblöðin öll hafa reynt að afsaka það í fyrsta lagi, að olíufélögunum var neitað um að leigja skip, þegar þau gátu fengið það fyrir 120 shillinga, neitað um það, þangað til fragtirnar voru komnar upp í 220 shillinga. Þetta tjón, sem hæstv. ríkisstj. hefur bakað landsmönnum í heild með því að neita að leigja 15 þús. tonna skip fyrir 120 shillinga, nemur tæpum 4 millj. kr. Í öðru lagi hefur hæstv. ríkisstj. með því að leigja Hamrafellið í fjórar ferðir í fimm mánuði rétt að Olíufélaginu og eigendum Hamrafells 14—15 millj. kr. fram yfir það, sem skipið þarf að fá til þess að svara vöxtum, hæfilegri fyrningu og nokkrum aukagróða. Hér er líka talað um í grg. fyrir frv., að það þurfi 22 millj. á næsta ári til þess að greiða niður olíu,

en það er hér um bil sú upphæð, sem hæstv. ríkisstj. hefði getað sparað þjóðinni, ef hún hefði haldið rétt á málum.

Það er alveg ótrúlegt, hvað veldur því, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki notað heimild í lögum til þess að ákveða hámarksfragt á olíunni, eins og ákveðið er með önnur flutningsgjöld með skipum og flestum farartækjum í þessu landi, bæði á lofti og landi. Það er hlægilegt, þegar talað er um það, að hæstv. viðskmrh. hafi þrýst fragtinni niður í 160 shillinga, að hæstv. ríkisstj. hefur staðið í samningum við eigendur Hamrafells. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki staðið í samningum við stjórnendur Eimskips, hvorki á s. l. ári né á þessu ári, en það hefur verið ákveðið, að fragtirnar skyldu ekki hækkaðar, enda þótt Eimskipafélagið teldi, að það væri taprekstur með þessum flutningsgjöldum, sem því eru leyfð, og Eimskipafélagið ætti áreiðanlega kost á því að *sigla erlendis með meiri gróða* en að *sigla fyrir* Íslendinga, en stjórnendum Eimskips hefur aldrei komið til hugar að stinga upp á því. Mér þykir ólíklegt, að eigendur Hamrafells hafi látið sér detta slíkt í hug, og enn þá ólíklegra, að hæstv. ríkisstj. í heild hafi ekki gert sér ljóst, að hún gat ákveðið það, að Hamrafellið væri í þjónustu Íslendinga, og hún gat ákveðið það, að flutningsgjöldin skyldu miðuð við það, sem skipið þurfti að fá til þess að bera sig.

Þessi þáttur hæstv. ríkisstj. er harla einkennilegur, og það er kátlegt að heyra hæstv. viðskmrh. koma hér upp og halda ræðu til varnar þessu okri og dæmalausa hneyksli. Það væri freistandi, ef tími væri til, að lesa nokkuð upp úr ræðum þessa hæstv. ráðh. frá undanförnum þingum um olíumálin.

Hann talaði nú um það hér áðan, að fyrrv. ríkisstj. hafi alltaf leyft hækkun á olíu, hvenær sem farið var fram á það. Þetta eru alveg rakalaus ósannindi. Það er vitað mál, að olían hefur verið undir hámarksákvæðum, og á meðan ég var í stjórninni, var aldrei veitt heimild til frekari hækkunar á olíu en sannanlegt var að fragtir eða annar kostnaður hefði hækkað, enda var það innflutningsskrifstofan, sem fylgdist með þessu, og verðgæzlustjóri, þar sem olían var undir hámarksákvæðum. Og þegar hæstv. ráðh. var hér áðan að tala um hækkun á togaraolíunni um áramótin 1955 og 1956, þá má geta þess, að olíufélögin hækkuðu þá ekki olíuna eins og kostnaðurinn var. Fragtirnar höfðu hækkað um 120 kr. á tonn, innkaupsverðið hafði hækkað um 28 kr. á tonn, þetta gerir samtals 148 kr. á tonn, en hækkun á olíunni var 110 kr. á tonn, þannig að það vantaði 38 kr. á smálest, til þess að olíufélögin hækkuðu olíuna eins og hún hafði raunverulega hækkað, og ég skal viðurkenna, að það var vegna þrýstings frá viðskmrh. og verðgæzlustjóra, að ekki var farið hærra.

Sá grundvöllur, sem olíuverðið byggist á, er *æði gamall*, og ég spyr hæstv. viðskmrh.: Er það vegna þess, að ég vildi halda verndarhendi yfir olíuokri, að ég skipaði nefnd til þess að rannsaka rekstur olíufélaganna? Var það vegna þess, að ég vildi halda verndarhendi yfir olíuokri, að ég valdi flokksbróður hans, Ragnar Ólafsson, til þess að hafa forustu og formennsku í þessari nefnd? Ragnar Ólafsson var upptekinn á s. l. vetri við tvö stórmál, það var mál Helga Benediktssonar í Vestmannaeyjum og mál Gunnars Halls, og gat þess vegna ekki byrjað á olíurannsókninni fyrr en komið var fram á vor. Ég ætla nú, að þessi olíurannsókn sé nokkuð á veg komin, og ég vænti þess, að hæstv. viðskmrh., Lúðvík Jósefsson, sé nú ekki svo snúinn í huga sínum gagnvart olíufélögunum, að hann snúist gegn þessari n., ef hún kemst að þeirri niðurstöðu, að olíuverðið og sá kostnaður, sem olíufélögunum er ætlaður fyrir dreifingu, sé óþarflega hár. Það gæti þó hugsazt, að hæstv. ráðh. vildi verða verndari olíufélaganna í fleiri en einu tilliti, t. d. með því að rétta Olíufélaginu h/f nokkrar milljónir króna. Hann á eftir, til þess að gera ekki upp á *milli olíufélaganna*, að *rétta eitthvað* að hinum tveimur, Shell og B. P. Við skulum bíða og sjá, hvernig hann snýst við, þegar nál. kemur frá nefnd, sem flokksbróðir hans, Ragnar Ólafsson, er formaður í.

Hæstv. sjútvmrh. var hér áðan að tala um stóreignaskattinn. Það á að taka mikið af þeim stóru, það á að taka lítið af þeim fátæku, lítið af almenningi. Samt sem áður er gert ráð fyrir að taka 240 millj. í neyzlusköttum, í nefsköttum af allri alþýðu og almenningi í landinu. En hvað á að taka mikið af stórgróðamönnunum? Það á að taka 15 millj. á næsta ári. Og það er sennilega alveg í samræmi við það, sem þessi hæstv. ráðh. sagði hér á síðasta þingi. Ég er ekki kunnugur því, hvað skynsamlegt er að ganga í stórgróðaskattinum. Ég býst við, að hæstv. ráðh. hafi rannsakað það. En ég segi: Þegar hæstv. ríkisstj. talar um, að byrðarnar séu ekki lagðar á almenning í landinu, heldur á þá stóru, þá kemst ég ekki hjá að minna á þetta hlutfall. Það eru 15 millj. af þeim stóru, það eru 240 millj. af þeim, *sem hafa veiku bökin*. Það eru 1400—1500 af hverju mannsbarni í landinu, og þetta kemur þyngst niður á barnafjölskyldum og á *þeim fátækustu*. Ég segi: Þetta er köld kveðja frá þeim mönnum, sem hafa til þessa talið sig málsvara þeirra fátæku, verkalýðsins, þeirra, sem lægst eru launaðir. Það má segja, að hæstv. viðskmrh. hafi snúizt hugur í fleiru en einu, ekki aðeins gagnvart olíufélögunum, heldur einnig gagnvart sínum umbjóðendum og almenningi í landinu, því að nú hefur hann og þessir verkalýðsflokkar forustu um að leggja nefskatt á allan almenning í landinu. En hvers vegna er það, sem þarf nú að taka 240 millj. í nefsköttum? Hverjir bera ábyrgðina á því? Það væri freistandi að fara í uppgjör út af því máli. Í tilefni af því, að hæstv. sjútvmrh. sagði hér áðan: Hverjar eru till. Sjálfstfl.? — og talaði um till. Sjálfstfl. frá s. l. vetri með lítilsvirðingu, skal ég, að *gefnu tilefni, rifja* það upp, hverjar þær till. voru, og ég vil minna á, að ef farið hefði verið að ráðum okkar sjálfstæðismanna á s. l. vetri, þá þyrfti ekki að leggja þær byrðar á þjóðina, sem nú er ætlað að gera.

Við sjálfstæðismenn lögðum fram till. um að greiða niður verðlagið og festa vísitöluna í 173 stigum. Við gerðum það til þess að tryggja, að þær aðgerðir, sem gerðar voru um mánaðamótin janúar og febrúar s. l., gætu komið að gagni.

Við höfðum gert okkur ljóst, að ef dýrtíðin væri látin halda áfram að hlaða utan á sig, þá voru þeir skattar, sem á voru lagðir við síðustu áramót, ekki til neins gagns. Þess vegna vildum við festa verðlagið í 173 stigum, og hvað hefði það kostað fyrir ríkissjóð? Hvað segir hagstofustjóri um það? Ég hef hér útreikninga hagstofustjóra og álit. Þetta álit birtist í blöðunum á s. l. vetri, og ég ætla ekki að eyða tímanum til þess að lesa það upp. Ég ætla aðeins að minna á það og aðeins segja, hver niðurstaðan var í útreikningum hagstofustjóra.

Hvað kostaði það ríkissjóð á árinu 1956 að halda vísitölunni í 173 stigum? Nettókostnaður ríkissjóðs, miðað við það, að byrjað væri að greiða niður 1. apríl, var 32.4 millj., og það er sennilegt, að það hefði verið skynsamlegra og eðlilegast að byrja þá. En ef byrjað hefði verið 1. júlí, hefði nettókostnaður orðið 27.1 millj. kr. En fyrir árið 1957 hefði þessi kostnaður orðið samkvæmt útreikningum hagstofustjóra 45 millj. kr.

Það sjá nú allir, að ef farið hefði verið að okkar ráðum, dýrtíðinni verið haldið í skefjum á þeim standpunkti, sem hún var, þegar samið var við útgerðina um s. l. áramót, þá er ljóst, að útgerðin hafði ekki aðstöðu til að krefjast miklu meira en samið var um við s. l. áramót, og hún hefði verið eins vel sett þá, þótt hún hefði ekki fengið öllu meira, eins og hún er nú, eftir að dýrtíðin hefur leikið lausum hala og ýmsir kostnaðarliðir hjá útgerðinni hafa stórum hækkað. Það hefði verið hægara að fá samkomulag og leggja á skatta til bjargar atvinnuvegunum sem svarar ¼ af því, sem núna er lagt til, en samkvæmt niðurstöðum hagstofustjóra hefði mátt ætla, að það hefði nægt, ef núverandi stjórnarflokkar hefðu viljað hlusta á till. okkar og fara eftir þeim. En þeir gerðu það ekki. Þeir reyndu að gera grín að því. Þeir sögðu t. d., að það væri aðeins einn viðskmrh. í heiminum, sem vildi greiða niður vísitöluna. Þeir sögðu, að þessar till., sem við bárum fram, væru aðeins bráðabirgðaúrræði. Framsfl. sagði, að það væri ekki hægt að leysa efnahagsvandamálið með sjálfstæðismönnum, það yrði að leita til umbótaaflanna í landinu. Það var fyrst og fremst Alþfl., og með aðstoð Alþfl. átti að leysa allan vanda, því að mig minnir, að svardagarnir um það, að ekki skyldi mynduð stjórn með kommúnistum, hafi byrjað strax í fyrravetur. En ákafast var þó svarið fyrir kosningarnar, að það kæmi aldrei til, að Hræðslubandalagið myndaði stjórn með kommúnistum. En það munaði nú ekkert um að svíkja þetta í trausti þess, að kjósendur gætu gleymt og fyrirgefið. Í stað þess að hlusta á till. okkar sjálfstæðismanna og ljá þeim fylgi var efnt til kosninga og stefnt að vinstra samstarfi. Vísitalan var látin hækka, dýrtíðin hækkaði vegna kosninganna og þess, að Framsfl. hafði hlaupið frá allri ábyrgð.

Þegar loks verðfestingarlögin, brbl., koma, hafði vísitalan hækkað úr 173 upp í 184, og er nú komin upp í 186 stig þrátt fyrir verðfestingarlögin. Í sambandi við þetta hækkuðu ýmsir útgjaldaliðir atvinnuveganna, útgerðarinnar, landbúnaðarins, iðnaðarins o. s. frv. Núverandi ríkisstj. hækkaði styrk til togaranna sem svaraði 15 aurum á hvert kg, hækkaði styrk til síldveiða við Faxaflóa, hækkaði styrk vegna karfans, og afleiðingin af því er, að nú vantar 21 millj. í framleiðslusjóð, til þess að hann geti staðið við skuldbindingar sínar hvað snertir þetta ár.

Hæstv. núverandi ríkisstj. og stjórnarflokkar bera ábyrgðina á því, að nú er talið nauðsynlegt að leggja drápsklyfjar á þjóðina. Þeir kalla þetta frv. og þær till., sem í því felast, sennilega ekki bráðabirgðaúrræði, kalla það bjargráð og segja: Nú á dýrtíðin ekki að hækka, kaupmáttur krónunnar á ekki að minnka, og það er ekki til þess að auka virðingu okkar alþm. fyrir hagfræðinni, þegar hagfræðingurinn, hæstv. menntmrh., fullyrðir hér áðan, að þetta séu varanlegar aðgerðir, að álögur upp á 240 millj. kr. auki ekki dýrtíðina og minnki ekki kaupmátt launanna.

Ef þetta er hagfræði, þá held ég, að það brjóti alveg í bága við heilbrigða skynsemi, og þá getum við jafnvel þakkað fyrir það að vera ekki hagfræðingar, ef þeir freistast til þess að halda slíku fram.

Hæstv. ríkisstj. lofaði því að koma með varanlegar leiðir í efnahagsmálunum. Þeir hafa að vísu nú á þessu hausti og á þessum vetri talað aðeins um þrjár leiðir, þ. e. gengislækkun, niðurgreiðslu eða hækkaðan bátagjaldeyri. Fjórðu leiðina, þessa varanlegu, sem þeir lofuðu að þjóðin gæti fengið fyrir kosningarnar og rétt eftir að stjórnin var mynduð, virðast þeir ekki hafa fundið. Að fullyrða það, sem þeir hafa gert hér í þessum umr., að komið hafi verið í veg fyrir gengislækkun, er vitanlega hrein fjarstæða. Skyldi það ekki vera gengislækkun að ákveða 16% gjaldeyrisskatt á flestar vörur, eins og þetta frv. boðar? Undanþegnar þessum gjaldeyrisskatti eru útgerðarvörur, fóðurbætir, áburður og fátt annað. Að fullyrða, að ekki séu lagðir nýir skattar á brýnustu nauðsynjar, er vitanlega hrein fjarstæða einnig. Skyldi byggingarefnið ekki vera nauðsynjavara? Hvað mundi þeim finnast, sem ekki hefur enn eignazt þak yfir höfuðið, og hvað mundu þessar nýju álögur hæstv. ríkisstj. á byggingarkostnað hækka t. d. þriggja herbergja íbúð mikið?

Það má segja, að núverandi hæstv. ríkisstj. hafi verið þörf almenningi í landinu í húsnæðismálunum. Hún hefur gefið út brbl. um fjölgun húsnæðismálastjórnar úr fimm upp í sjö, og hún hefur með þessu frv. boðað stórfellda hækkun á byggingarefni, en hún hefur ekki útvegað fé til bygginga. Þetta á víst að vera öruggt ráð til þess að draga úr fjárfestingu, til þess að draga úr gjaldeyriseyðslu fyrir byggingarefni, og ég hygg, að hæstv. ríkisstj. sé alveg á réttri leið með það að draga úr fjárfestingu og framkvæmdum með þessum hætti, því að þeir munu verða færri, sem treysta sér til að byrja á því að byggja íbúð yfir sig, og margur bóndinn mun verða að fresta því að byggja peningshús, heyhlöður og annað, sem nauðsynlegt er að byggja, vegna þess, hvað byggingarefnið hækkar mikið í verði.

Það er kannske ekki nauðsynlegt að hafa heimilistæki, búsáhöld og öll verkfæri, sem eru stórhækkuð samkvæmt þessu frv. Og af því að ég fékk ekki vörulistann fyrr en seint í kvöld í

matartímanum, nokkuð af honum, hef ég ekki getað lesið hann svo nákvæmlega, að ég nefni hér allar þær nauðsynjavörur, sem eru stórkostlega hækkaðar samkvæmt þessu frv., — nauðsynjavörur, sem allur almenningur verður að kaupa og nota daglega, enda eru ⅔ af innflutningnum eða rúmlega það skattlagðir til stórfelldrar hækkunar frá því, sem verið hefur.

Það er undarlegt, þegar hæstv. ráðh. koma hér hver á eftir annan og segja, að brýnustu nauðsynjar almennings séu ekki skattlagðar, en stórgróðinn verði skattlagður seinna. Það eru 15 millj., sem á að taka á næsta ári af þeim ríku, en það á að taka 240 millj. og það strax af þeim fátæku, og ég verð að segja, að það er vel í ístaðinu staðið hjá forustumönnum verkalýðsflokkanna, sem svo hafa kallað sig, og vel séð fyrir hagsmunum þeirra smærri í þjóðfélaginu.

Ég held, að það sé nú ekki öllu fleira, sem ég þarf að segja við hæstv. viðskmrh. En mig langar að gefnu tilefni að víkja nokkuð að því, sem hæstv. menntmrh. sagði hér í kvöld. Hann var að tala um arfinn frá fyrrv. ríkisstj., hvernig það hefði verið að setjast í búið, eins og var við það skilið, og hann var að tala um greiðsluhalla við útlönd og gjaldeyrisstöðuna. Það er eins og þessi hæstv. ráðh. telji, að fyrrv. ríkisstj. hafi tekið við gjaldeyrissjóðum, hún hafi setzt í svo gott bú, en haldið illa á.

Ég vil minna á, hvernig gjaldeyrisstaðan var, þegar fyrrverandi ríkisstj. tók við, en framsóknarmenn hafa talið, að þá hafi þjóðarskútan siglt í sléttum sjó, þá hafi allt verið í lagi í gjaldeyrismálunum. En ef við berum þetta saman, hver er þá samanburðurinn? Hann er sá, að nettóskuld bankanna 30. apríl 1953 var 40 millj. kr., en nettóskuld bankanna 30. apríl 1956 var 28 millj., eða 14 millj. lægri. En hvernig var svo þetta í júlílok 1953? Þá er nettóskuld bankanna ekki nema 19.9 millj., en 39.9 millj. í júlílok s. l., þegar fyrrverandi ríkisstj. fer frá. En það þarf að segja meira. Útflutningsbirgðir í júlílok 1953 voru 324 millj., en 425 millj. í júlílok s. l., eða 101 millj. kr. meiri. M. ö. o.: Aðstaða þjóðarbúsins út á við hafði batnað í tíð fyrrv. ríkisstj., á þriggja ára tímabili, um 82 millj. kr.

Ég held, að það væri hollt fyrir hæstv. menntmrh. að skrifa þessar tölur hjá sér. Gæti hann þá komizt hjá því að fara oftar með slíkar fjarstæður sem hann gerði hér áðan.

Hann var að tala um, hvernig það hefði verið um áramótin síðustu, þá hefði greiðsluhallinn verið nærri 150 millj. kr. Hann gleymdi að geta þess, að útflutningsbirgðir við s. l. áramót höfðu aukizt um 94.6 millj. kr. frá því um næstu áramót á undan. Við skulum vona, að útkoman verði eitthvað betri við næstu áramót en við síðustu. Þess vildi ég óska. En ekkert bendir til, að afstaða bankanna við útlönd fari batnandi. Í októberlok 1955 var nettóskuld bankanna 48 millj. kr. Í októberlok s. l. var nettóskuld bankanna 98 millj. kr., hafði aukizt um 50 millj. kr. Og eftir því, sem ég hef komizt næst með afskipanir og útflutning núna síðustu vikurnar, þá skilst mér, að birgðir í landinu nú séu minni en þær voru við síðustu áramót. Þetta kemur að vísu allt gleggra í ljós næstu vikurnar, en mér skilst það eftir þeim fregnum, sem ég hef fengið, að útflutningsbirgðirnar muni verða minni en á sama tíma í fyrra, og þá eru líkur til, að gjaldeyrisstaðan verði mun verri en við s. l. áramót — því er nú verr — þrátt fyrir stóraukna framleiðslu.

En með því að leggja svo þunga skatta á þjóðina og rýra kaupmátt krónunnar jafnmikið og boðað er með þessu frv., þá getur hugsazt, að hæstv. ríkisstj. takist að vinna bug á greiðsluhallanum við útlönd. Ef fólk hefur svo litla fjármuni í buddunni, að það geti ekki keypt, þá minnkar eftirspurnin eftir innfluttum varningi. Og ef dregið verður úr framkvæmdum og fjárfestingu vegna þess, hvað byggingarefnið er dýrt, þá minnkar einnig eftirspurnin eftir vinnuaflinu, eftirvinnan verður afnumin og tekjur manna minnka. Hæstv. ríkisstj. virðist hafa komið auga á þetta, að minnka atvinnuna og minnka tekjur manna, að hækka vöruverðið með stórauknum tollum og sköttum og þannig á tvennan hátt að minnka eftirspurnina eftir innfluttum varningi. Stjórn hinna vinnandi stétta hugsar sér á þennan hátt að minnka eftirspurnina eftir innfluttum vörum og bæta gjaldeyrisaðstöðuna.

Ég hafði hins vegar hugsað mér, að það væri heilbrigðara og það væri betra fyrir allan almenning í landinu að halda þeirri stefnu, sem fyrrverandi ríkisstj. hélt, að auka atvinnutækin og framleiðsluna, auka útflutningsverðmætin um 100 millj. kr. á ári, eins og fyrrverandi ríkisstj. gerði. Og það er enginn vafi á því, að með því að halda þeirri stefnu má takast að vinna bug á gjaldeyrisskortinum, og það er hin heilbrigða stefna. Hitt er sveltistefna, kreppustefna, sem ekki er sæmandi í því þjóðfélagi, sem við búum í, og í því landi, sem við lifum í, með jafnmikla möguleika og það á ónotaða.

Eitt er það, sem þetta frv. boðar og er fagnaðarerindi hæstv. ráðherra, sem hér hafa talað, það er verðlagseftirlitið, og er það, sem þeir segja að við sjálfstæðismenn séum sérstaklega hræddir við og höfum ótta af. Hvers vegna ættum við að óttast verðlagseftirlit frekar en þeir? Skyldu ekki millilíðirnir vera víðar en í Sjálfstfl.? Eða er það meiningin að taka hér upp gömlu stefnuna, hlutdrægnisstefnuna, sem notuð var í ríkum mæli á árunum 1934—39, þegar höftunum var beitt alveg sérstaklega gegn vissum aðilum og vörunum, sem voru skammtaðar, var beint að þeim, sem voru taldir verðugir og fylgdu stjórnarflokkunum? Ég hefði nú hugsað mér, að núverandi stjórnarflokkar væru vaxnir upp úr því siðferði og byðu ekki landsmönnum upp á slíkt aftur.

Við höfum reynsluna af verðlagseftirliti. Það var verðlagseftirlit hér, og það strangt, 1947 og 1949, undir sérstakri stjórn og forustu Alþfl. Það hefur aldrei verið strangara, og það verðlagseftirlit, sem hér er boðað, verður tæplega strangara en það, sem þá var. En hvernig voru verzlunarkjörin þá? Þau hafa aldrei verið aumari í þessu landi en þá. Og þá var það, sem haftakerfið ríkti, eins og þetta frv. boðar að nú skuli koma. Afleiðing haftakerfisins er vöruskorturinn, eins og reynslan hefur sýnt okkur. Afleiðing vöruskortsins er svarti markaðurinn og biðraðirnar.

Ég held, að það sé hreinn misskilningur hjá hæstv. ráðherrum að óttast það, að við sjálfstæðismenn séum hræddir við verðlagseftirlit. Við höfum hins vegar gert okkur fulla grein fyrir því, að það kemur ekki að gagni til þess að bæta lífskjör fólksins í landinu. Það er ekkert, sem dugir í verðlagsmálunum, annað en að það sé nægilegt vöruframboð, að það sé vöruframboð og úrval og að fólkið sjálft geti gengið milli verzlananna og keypt þar, sem vöruverðið er lægst.

Hv. 2. þm. Eyf. (MJ) minntist á það hér áðan, að a. m. k. framsóknarmenn hafa haldið því fram, að kaupfélögin væru trygging fyrir því, að vörurnar væru seldar með sannvirði; að kaupfélögin héldu uppi þeirri samkeppni í landinu, að það væri öruggt, að ekki væri okrað á vörunum. En eins og hv. 2. þm. Eyf. benti hér á áðan, virðist það svo, að hæstv. ríkisstj. vantreysti kaupfélögunum og Sambandinu til þess að standa þannig í ístaðinu, að það haldi verðinu niðri. Er svo komið, að kaupfélögunum sé ekki treystandi til þess að skapa það aðhald, sem framsóknarmenn og ýmsir fleiri stjórnarsinnar hafa áður haldið fram að þau gætu gert? Ef kaupfélögin nytu trausts, væri verðlagseftirlitið algerlega óþarft.

Ég man ekki eftir því, að það væri fleira, sem hæstv. menntmrh. talaði hér um í kvöld og ég tel ástæðu til að svara.

Í sambandi við þessa skatta er það að segja, sem áður hefur verið minnzt á, að ríkissjóður á að fá 20% af þeim, en útflutningsframleiðslan 80 prósent.

Það er sýnilegt, að fjárlögin muni hækka á næsta ári um 100 millj. kr., og virðist það vera nokkuð fastur ásetningur hæstv. fjmrh. að láta það ekki bregðast, að fjárlögin hækki svo mikið. Ef til vill er það vegna þessarar ágætu fjármálastjórnar, sem alltaf er verið að guma af, að fjárlögin hoppa svona upp. Og eins og ég sagði við hæstv. fjmrh. hér áðan, þegar við vorum að drekka kaffið, þá munu fjárlögin komast upp í einn milljarð kr., ef honum endist tími til að vera fjmrh. næstu tvö árin. Það má kannske ætla, að það sé spor í þá átt að efla verðgildi krónunnar og vinna gegn verðbólgunni, eins og skilja mátti á sumum ráðherrum hér áðan að þetta frv. gerði. Ég held, að bæði frv. og stefna hæstv. fjmrh. miði örugglega að því að minnka verðgildi krónunnar, að hér sé á ferðinni sú stærsta gengislækkun, sem nokkurn tíma hefur átt sér stað, en aðeins í öðru formi en þegar skráningu krónunnar er breytt gagnvart erlendum gjaldeyri.

Hæstv. ríkisstj. er ánægð með gerðir sínar. Svo er að heyra. Hræðslubandalagið er ánægt með að hafa svikið það, sem það sór fyrir við síðustu kosningar, að það skyldi ekki mynda stjórn með kommúnistum. Það ætlast til, að kjósendur í landinu gleymi og fyrirgefi. Allir stjórnarflokkarnir sóru það fyrir kosningar, að varnarliðið skyldi fara úr landi, og því var mjög hampað, að við sjálfstæðismenn værum landráðamenn, af því að við vildum hafa varnarliðið áfram um sinn. Stjórnarflokkarnir hafa svikið þetta. Þeir ætlast til, að kjósendur gleymi þar einnig og fyrirgefi. Stjórnarflokkarnir lofuðu því, að þeir skyldu leysa efnahagsvandamálin á varanlegan hátt og alveg forðast bráðabirgðaúrræði sjálfstæðismanna. En með þessu frv., sem útbýtt var í gær hér í hv. deild, eru allir sannfærðir um, að stjórnarflokkarnir hafa einnig svikið þar. Er þá ljóst, að hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkar hafa svikið allt, sem máli skiptir af því, sem þeir lofuðu fyrir síðustu kosningar.

Ég hefði haldið, að hæstv. ríkisstj. væri nokkuð ósamstæð, og ég hef jafnvel heyrt, að stundum hrikti í á stjórnarheimilinu. En það er eitt, sem getur haldið þessari ríkisstj. saman enn þá þrátt fyrir ágreining, og það er hræðslan við fólkið, það er hræðslan við kjósendurna. Það er vitað mál, að ef fólkið á Íslandi fengi nú að láta skoðun sína í ljós, þá yrðu núverandi stjórnarflokkar í minni hluta með þjóðinni, og ég hygg, að hv. stjórnarflokkar hafi gert sér þetta ljóst og að þeir hafi þess vegna ekki manndóm til þess að gera það, sem réttast er, og það, sem hv. þm. G-K. (ÓTh) benti hér á í kvöld, það er að játa, að þeir hafi gefizt upp við að leysa vandamálin, að viðurkenna, að þeir hafi ekki getað staðið við það, sem lofað var. Það væri heiðarlegt. Það væri manndómur. En hræðslan við fólkið og manndómsleysið mun ráða gerðum þessara manna. Þess vegna hygg ég, að þeir reyni að lafa saman, þangað til andúð alls þorra manna í landinu verður það augljós og opinber, að þeir neyðast til að yfirgefa stólana. Og ég hygg nú, að þótt við fáum ekki kosningar í vor, og kjósandinn í þessu landi, sem hefur verið blekktur, fái ekki að leiðrétta atkvæðaseðilinn í vor, þá verði ekki langt að bíða, að þeim flokkum, sem staðið hafa að ranglætinu og svikunum, verði refsað af íslenzkum kjósendum við kjörborðið.

Ólafur Thors: Herra forseti. Ég get nú verið stuttorður og þá fyrst og fremst vegna þess, að það, sem ég sagði í minni frumræðu, stendur óhrakið, og hafa raunar nauðalitlar tilraunir verið gerðar til þess að hrekja það, og einnig vegna þess, að minir háttvirtu flokksbræður, sem hér hafa talað, hafa áréttað það, sem ég sagði, og sumpart svarað þeim lítilmótlegu aðfinnslum, sem mín frumræða sætti.

Hæstv. fjmrh. og hæstv. atvmrh. véku báðir að því, að ég hefði ekki ástæðu til að kvarta undan málsmeðferðinni, málsmeðferðin hefði ævinlega verið sú sama og nú er viðhöfð, að stjórnarandstaðan fengi ekki langan tíma til að athuga málin.

Ég tók nú einmitt fram, að ég ætti að skilja vel, að slíkum málum sem þessum þarf að hraða. En ég gagnrýndi annað. Ég gagnrýndi það, að ríkisstj., sem hefur talið sig þurfa að sýna þessi mál og rekja aðalefni þeirra a. m. k. fyrir hundruðum manna, hefur ekki virt stjórnarandstöðuna þess að gera henni kunnugt aðalefni frv. Þetta vítti ég. Ég sagði: Þetta er ekki eðlileg þingleg meðferð, úr því að ríkisstj. hefur talið sér skylt að kynna mörg hundruð mönnum efni þessa máls, og ég endurtek það, sem ég þá sagði, að annaðhvort er það rétt, að ríkisstj. hafi kynnt mörgum hundruðum manna aðalefni málsins, eða hitt er rangt, að ríkisstj. hafi raunverulega fengið nokkurt samþykki þessara mörgu manna, sem hún er að vitna til og ég raunar í minni fyrri ræðu sýndi einnig fram á að er rangt, hvað sem þessu líður.

Ég vil enn fremur leyfa mér að minna hæstv. fjmrh. á, að ef ég man rétt, þá höfðum við sjálfstæðismenn þann hátt á, þegar við höfðum mikið mál svipað þessu til meðferðar og undirbúnings um áramótin 1949 og 1950, að 2. febr., þegar frv. okkar var til, það var gengisfellingarfrv., þá sendum við, að ég hygg, bæði Framsfl. og Alþfl. málið til athugunar og fengum þá bara þau svör, að þegar ríkisstj. hefði sagt af sér, þá skyldu þessir flokkar dæma um málin, en ekki fyrr. Við lögðum þá frv. fram allmiklu seinna, og um leið og við lögðum þau fram, var því svarað með vantrausti, sem var rætt og samþykkt 6. marz það sama ár, árið 1950, ef ég man rétt.

Það var þess vegna full ástæða til þess, að ég beindi þessum aðfinnslum að stjórninni, og ég hverf heldur ekki frá þeim að heyrðum þessum ummælum hæstv. ráðherra.

Hæstv. atvmrh. sagði, að ég spyrði bjánalega, þegar ég hefði spurt, hvort útvegurinn þyrfti meiri styrks. En ég segi: Hann heyrði bjánalega, skildi bjánalega og talaði bjánalega, þegar hann sagði, að ég hefði verið að spyrja um þetta. Ég var að spyrja um allt annað. Ég spurði um það, hvort sá stuðningur, sem ætti að veita landbúnaðinum annars vegar og útveginum hins vegar, væri meiri eða minni en sérfræðingar stjórnarinnar hefðu lagt til.

Hæstv. ráðherra var að reyna að leitast við að svara þessu að einhverju leyti. Hann sagði, að sérfræðingarnir hefðu lagt eitthvað svipað til varðandi togarana, en varðandi bátana hefðu þeir lagt til, að styrkurinn væri 26 millj. kr., hins vegar hefði síðari rannsókn leitt í ljós, að þeir þyrftu nú 38.6 millj. kr., og enn væri þó óafgert um 1½ millj. kr., þ. e. a. s. uppbæturnar á hrogn, sem ég hafði nú haldið að væri prentvilla í frv., vegna þess að þessi hæstv. ráðherra hafði tjáð útvegsmönnum, að það ætti að vera sami styrkur á hrognunum, þ. e. a. s. 24.45%, eins og er á fisknum, eða sömu prósentuppbætur. Ég hafði þessar upplýsingar mínar frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, og þær eru áreiðanlega réttar.

Þá sagði þessi hæstv. ráðh., að sérfræðingarnir hefðu lagt til, að frystihúsin fengju 5.2 millj. kr., en stjórnin legði til, að þau fengju 9.2 millj. kr., og gleður það mig, að stjórnin hefur sannfærzt um það, að árásir á frystihúsin hafa verið mjög úr hófi og úr lausu lofti gripnar, og rennt þar með niður einum af sínum fyrri staðhæfingum. — Ég held nú, að þeir þurfi ekki orðið að renna niður, kommúnistarnir. Þetta dettur orðið ofan um kokið á þeim alveg fyrirhafnarlaust.

Þá sagði hæstv. ráðherra, að það væri furðu bjálfalegt, að ég skyldi vera að spyrjast fyrir um, hvað þessar prósentur, sem frv. gerir ráð fyrir í hverjum lið uppbótanna, þýddu í aurum; maður, sem væri nýkominn úr stöðu sjútvmrh., ætti að vita þetta. En mér þykir gaman að segja mönnum frá því, að sjálfur hefur þessi ráðherra orðið að láta vaka yfir sér nótt eftir nótt af mörgum sérfræðingum til að segja sér, hvað þessar prósentur þýddu í aurum, þó að hann tími ekki að segja mér frá því. En það er búið að kosta ríkið laglegan skilding að reikna þetta inn í hausinn á honum.

Þá sagði hann, að ég væri slitnaður úr öllu sambandi við útveginn og væri jafnvel svo vitlaus að vita það ekki, að útvegsmenn væru búnir að ganga inn á hans till. Ég segi: Ég hef nægjanlega örugg sambönd hjá útgerðarmönnum til að vita það, að útgerðarmenn segja: Við byggjum okkar samþykkt á því, að þessi ráðherra standi við það, sem hann æ ofan í æ er búinn að segja okkur, að það eigi enga skipulagsbreytingu að gera á sölu framleiðsluvöru þeirra. Og svo kemur þessi sami ráðh., lýsir því hér yfir, að það eigi að gera breytingar, eftir að vera búinn að margsegja útgerðarmönnum, að það eigi engar breytingar að gera á þessu næsta ári. En hans eigið blað er búið að segja það, sem ég las upp í kvöld og leyfi mér enn að lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Afurðasalan hefur verið í höndum einokunarhringa eins og S. Í. F., og að sjálfsögðu ber vinstri stjórn þegar að afnema það kerfi og að koma á réttlátu fyrirkomulagi.“

Hvort stendur nú heldur, það, sem þessi maður hefur verið að segja við útvegsmennina og þeir byggja sína samþykkt á, eða það, sem blaðið hans segir, og það, sem sjálft frv. segir? Hvort stendur heldur?

Mínar upplýsingar eru beint frá aðalmönnum þessara miklu samtaka, Landssambands íslenzkra útvegsmanna, og ég vefengi ekki, að þeir segja allt satt um þetta. En ég hef miklu meiri ástæðu til þess að vefengja orð þessa hæstv. ráðherra. Ég hef reynt hann að því nú að undanförnu.

Hæstv. ráðherra sagði, að ég hefði verið að gera samanburð á okkar till. 1955, mínum og hæstv. fjmrh., starfsbróður hans núna, og vildi hann nú gera þar mjög mikið upp á milli, og það grætir mig nærri að vita það, hvernig þessi maður, sem á seinustu stundu illu heilli laumaðist inn, kosinn af kjósendum fjmrh., getur aldrei minnzt á hæstv. fjmrh. án þess að svívirða hann. Ég tek upp hanzkann fyrir minn gamla samstarfsmann, hæstv. fjmrh., og mótmæli þessum eilífu árásum á hnn. Þær eru mjög illa rökstuddar. Ég var hins vegar engan samanburð að gera á þessu, en ég hæddi þennan hæstv. ráðherra, atvmrh., Lúðvík Jósefsson, fyrir ummælin, sem hann hafði haft um okkar till. í fyrra, og þau ummæli, sem hann hefur um sínar till. nú. Ég hef aðeins hér ein ummæli með mér af hans ummælum, þegar fyrrverandi ríkisstj. var að leggja á 150—200 millj. kr. skatta, sem ég las að vísu upp áðan. Þá sagði Þjóðviljinn eftir þessum manni: „Ræddi Lúðvík Jósefsson sérstaklega um hinar nýju og óhemju álögur ríkisstj. Sýndi hann fram á, að hér væri ekki aðeins um að ræða einhverja stórfelldustu árás, sem gerð hefur verið á lífskjör vinnandi fólks á Íslandi, heldur efnahagslegt glapræði, sem draga mundi enn meiri ófögnuð á eftir sér.“ Ja, það er sannarlega, að ófögnuðurinn hefur ekki látið á sér standa. Hann er bara kominn í till. þessa sama manns með nýjum sköttum upp á 240 millj. kr. Menn verða að virða mér það til vorkunnar, þó að ég hlæi að svona manni.

Þetta sagði maðurinn, sem nú vill ólmur bæta 240 millj. kr. og kannske líka miklu meiru, ef það er rétt reiknað, ofan á þetta.

Hann segir: Í fyrra átti að leggja á allar vörur. Nú á bara að leggja á óhófsvörurnar. Það er hvorki meira né minna en 400 millj. kr. og rúmlega það, segir hann, sem alls ekki á að auka álögur á. En ef influtningurinn er á milli 12 og 13 hundruð millj. kr., þá spyr ég enn, eins og ég spurði í dag: Hverjir eru það þá, sem nota þessar 8—9 hundruð millj. kr.? Er það ekki almenningur í landinu, sem notar langmest af þeirri vöru? Og hvað er verið að gera með þessum hætti? Það er það, sem ég sagði í minni frumræðu og aðrir minir flokksbræður hafa líka drepið á, það er verið að fremja stærstu vísitölufölsunina, sem hér hefur verið framin. Og afsökunin átti að vera sú nú, að áður hafi hver verðhækkunin rekið aðra. Nú virðist helzt svo að skilja, að 240 millj. kr. nýir skattar boði svo sem ekki verðhækkun. Nei, nei, það er helzt svo að skilja, að verðið muni stórlækka í landinu. Ja, almenningur má svei mér hlakka til að hafa fengið vinstri stjórn, sem getur lagt á hann 240 milljónir í nýjum sköttum og látið vörurnar allar lækka. Ja, þetta er nú að kunna vel til vígs.

Hæstv. ráðh. sagði: Vill ekki formaður Sjálfstfl. benda á úrræði Sjálfstfl.? Hverjar eru till. Sjálfstfl.? Ég gerði einmitt grein fyrir því í minni frumræðu og deildi á stjórnina fyrir það, hvers vegna hún hefði ekki gefið okkur færi á að kynnast þeim úrræðum, sem hennar sérfræðingar hafa verið að fjalla um, útlendir og innlendir, þrátt fyrir margendurtekin loforð forsrh. um, að álitsgerð erlendra sérfræðinga skyldi koma okkur öllum fyrir sjónir, og ætti löngu að vera búið að efna það loforð. Mér var og er ljóst, að til þess að geta gert okkur rétta grein fyrir, hvort önnur úrræði þjónuðu betur heill og hag almennings heldur en þau, sem hér er lagt til að verði framkvæmd, þyrftum við þessar upplýsingar, án þeirra gætum við ekki gert samanburðinn, svo að það er nú helzt til borginmannlegt að koma nú, þegar maður fær engin svör, engar upplýsingar um þennan samanburð, ekkert að vita um, hvað sérfræðingar stjórnarinnar hafa sagt um þetta, og heimta af okkur, að við dæmum um plögg, sem við aldrei höfum fengið að sjá.

Þessi hæstv. ráðh. sagði enn fremur, að ráðh. Sjálfstfl. hefðu svo sem ekki verið sparir á að þjóna olíufélögunum, þeir hefðu veitt olíufélögunum stórkostlegar verðhækkanir, bara ef var beðið um það. Ég get upplýst þennan ráðherra um það, sem hann raunar veit, að ríkisstjórnin fyrrverandi stóð mánuðum og jafnvel árum saman á móti kröfum, sem verðlagsyfirvöldin voru fyrir sitt leyti búin að dæma sanngjörn. En nú er öldin önnur sannarlega. Nú segir þessi hæstv. ráðh.: Hamrafell gaf 10 milljónir. Ja, hverjum? Útgerðarmennirnir segja, að það hafi ekki gefið 10 millj., heldur eigi að leggja á þá 14 millj. handa Hamrafellinu fyrir 4 eða 5 túra og þá 35—40 millj., ef sömu gjafirnar halda áfram í heilt ár. Þetta segja útgerðarmennirnir. En kannske þeir séu svo vitlausir allir eins og hæstv. atvmrh. telur mig vera. Og hverjum gaf, segi ég, Hamrafell? Fór þetta í Ungverjalandssöfnunina, þessar 10 millj.? Fóru þær til að reyna að þurrka blóðið af þeim, sem eru að myrða í Ungverjalandi? Hér kannast menn ekki við þessar gjafir. Svo kemur þessi ágæti maður og segir: Af hverju er verið að skamma mig fyrir þetta? Ekki á ég neina sök á því, að Hamrafell tekur þetta gjald? Það er allt annar maður, sem ber þá ábyrgð alla. — Ég segi: Ber er hver að baki, nema sér bróður eigi. Það má bróðir Hannibal sannarlega sanna. En það hefði nú verið mannalegra af hæstv. olíumálaráðh. (LJós) að vera ekki að klína þessu á Hannibal, nóg hvílir nú á honum áður. Þessum milljónagjöfum til Olíufélagsins mótmæli ég í umboði íslenzkra útgerðarmanna og í umboði íslenzkra skattþegna, sem nú þurfa að borga milljónatug eða tugi meira úr sinni buddu, til þess að þetta félag fái að taka þennan gróða umfram það, sem það heimtaði sér til handa, þegar verið var að kaupa skipið. Ég mótmæli þessu fyrir hönd íslenzkra útgerðarmanna og íslenzkra skattþegna. Hitt skal ég svo játa, að sem einum af hluthöfum í þessu vel stjórnaða og ágæta fyrirtæki, einum af hluthöfunum, sem græða á þessu öllu, bæri mér að nurla mér saman í jólagjöf handa Lúðvík Jósefssyni. Nú verð ég að gefa Hannibal hana, úr því að á að þakka honum fyrir þetta. Gjöfin átti að vera af litlum karli, sem var að gleypa voðalega stóran bita. Það voru skoðanirnar, sem þeir höfðu haft fyrir kosningarnar og fram á þennan dag. Hæstv. félmrh. má búast við því á aðfangadag að fá einhvern svoleiðis karl til að minna hann á, hvernig hann hefur komið fram í þessum efnum og fleirum.

Ég endurtek svo það, sem ég talaði um hér í dag, að í blaði verðlagsmálaráðherrans og útvegsmálaráðherrans stendur:

„Allir vita, hvernig olíufélögin hafa haft af þjóðinni og ekki sízt útgerðinni fjölmarga milljónatugi á ári, og verður nú þegar í stað að afnema það fyrirkomulag, að ríkið annist öll olíukaup og afhendi þau síðan olíuhringunum til að græða á.“

Er nokkuð um það í þessum nýju tillögum hugsjónamannanna vinstri? Ég spyr um það enn. Og ég vil minna á það, að ég spurði margra spurninga hér og enginn hæstv. ráðh. hefur svarað neinni af þeim, nema ef á að kalla svar þá tilburði, sem hæstv. atvmrh. sýndi til að snúa út úr fyrir mér eða sýna, hvað hann er óglöggur á mælt mál. Hann gat þó a. m. k. svarað 18. spurningunni minni. Ég vona, að hann muni, hvernig hún var. Hún var um það, hvað hann héti, þessi nýi Gregorybróðir, sem fjmrh. hefði eignazt og ætlaði nú að fara að leggja nýja skatta á þjóðina með kveðju frá Gregorybræðrum? Hann gat sagt það. Hann gat dregið upp skírnarvottorðið sitt, þessi hæstv. ráðh., og hefði hann þá svarað einni spurningu rétt af þeim, sem fyrir hann voru lagðar.

Ég ber engan kvíðboga fyrir neinu í sambandi við þetta frv. öðru en því, að það verði ekki neinum að neinu liði. Hér er verið að tala um, að það sé búið að búa örugglega um hnútana, svo að nú væri allt í föstum skorðum. Ég minnti á áðan og minni á enn, að vísitalan leikur lausum hala, og jafnvel þó að hún verði fölsuð, eins og til stendur, þá mun hún hækka. Ég minni

á enn, að blað stærsta stjórnarflokksins hefur beinlínis hótað, að ef þeim ekki falli vistin, ef kommúnistar þori úr stjórn, af því að blóðið sé farið að þorna í Ungverjalandi, þá muni þeir beita sínu gamla vopni, nefnilega kauphækkunum, grunnkaupshækkunum. Hvar er öryggið? Hvað er nýtt í þessu? Hvar eru vonirnar, sem eiga að vera tengdar við þetta? Eru þær að nokkru leyti meiri en þær hafa áður verið? Er hægt, eins og hæstv. menntmrh. sagði áðan, að koma hér og segja: Þetta er í fyrsta skipti, sem hefur verið talað við alþýðuna? — Þó að hann viti, að allar stjórnir, frá því að lýðveldið var stofnað, hafa reynt að ná sambandi við alþýðuna og aðra, sem hér eiga hlut að máli, hinar svokölluðu vinnandi stéttir til lands og sjávar, því að þær eru nú fleiri en þeir, sem vinna á eyrinni, og þeir, sem vinna á sjónum. Það hafa allar stjórnir reynt. Það hefur ekki tekizt nógu vel, ég játa það. En er nokkur trygging fyrir, að það takist betur nú?

Nei, ég óttast ekkert annað, segi ég, heldur en að þetta fari út um þúfur, ekkert annað meira í þessum efnum. Og þá er það náttúrlega raunalegt fyrir þá, sem réðust fastast og harðast á fyrrverandi stjórn fyrir að leggja nýja skatta á, að bera nú sjálfir fram stærstu skattafrumvörp ofan á gömlu frumvörpin og þykjast með því vera að skapa varanlegan frið í þjóðfélaginu. Ef þeir hefðu haft skattana svo þunga, að þeir hefðu drepið hvern einasta mann, þá hefði væntanlega orðið friður, nema þeir dauðu hefðu farið að hvísla einhverju að þeim. En þeir skulu ekki búast við því, að fólkið sé eins lipurt að kingja og gleypa eins og stjórnin er. Fólkið hefur fengið nóg af sköttum og segir: Ef við fáum þessa skatta í viðbót, þá verðum við að sjá einhvern árangur af því. En ég sé ekki, að það séu neinar meiri vonir nú um árangur heldur en áður hafa verið. Og ég hef fullan rétt til að ámæla þeim mönnum, sem réðust á ráðstafanir fyrrv. stjórnar og lofuðu nýjum úrræðum, fyrir að koma með engin úrræði önnur en þau, sem þeir nú hafa borið á borð. Og það er náttúrlega, eins og ég áðan sagði, grómtækur misskilningur og beinar missagnir, og þær hljóta að vera af ásettu ráði, ef menn eru að halda því fram hér, að það sé búið að ná samkomulagi við alla aðila, því að eins og ég sagði í fyrri ræðunni, þá stendur í þessari vesölu grg., að framleiðsluráð landbúnaðarins sé fullkomlega klofið um málið, að Alþýðusambandið og 19 manna nefndin séu mjög óánægð með þetta allt saman. Þessir aðilar segja bara, að þeir vilji ekki fella stjórnina í bili, þar til úr því fæst skorið, hvernig framkvæmdin tekst. Þetta er allt samkomulagið. Og útvegsmenn hafa leyft sér að byggja á því, að það sé eitthvað að marka eitthvað af því, sem hæstv. atvmrh. hefur sagt, og í fullu trausti þess, að það sé, muni þeir samþykkja tilboðið hans, sem hann segir þeim að sé miklu hærra en aðrir ráðherrar vilji bjóða.

Ég læt þessi fáu orð nægja með tilvísun til þess, sem ég sagði í minni frumræðu og mínir flokksbræður hafa síðan í ræðum sínum áréttað með viðbótarrökum í mörgum veigamiklum atriðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 20. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 159, n. 168 og 172, 165, 169).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HS, HV, JS, KGuðj, LJós, PÞ, PO, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, EystJ, GíslG, EOl.

JóhH, MJ, ÓB, RH, BBen greiddu ekki atkv.

13 þm. (IngJ, JPálm, KJJ, ÓTh, PP, SÁ, BÓ, EirÞ, EmJ, GÍG, GJóh, GÞG, HÁ) fjarstaddir.

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Fjhn. hefur skoðað frv. og rætt um það á tveim fundum í dag, og hv. fjhn. Ed. hefur tekið þátt í athugunum málsins með fjhn. þessarar deildar.

Ekki eru allir nm. á eitt sáttir um afgreiðslu málsins. Meiri hl., 3 nm., skilar áliti á þskj. 168 og mælir með því, að frv. verði samþ., en 2 nm. lýstu sig andvíga frv. og skila séráliti.

Meiri hl. flytur brtt. við frv. á þskj. 169, og vil ég fara um þær nokkrum orðum.

Fyrsta brtt., við 2. gr., er aðeins leiðrétting á nafni eins félags.

Önnur brtt., við 4. gr., er flutt eftir tilmælum hæstv. sjútvmrh. Þar er lagt til, að daggreiðslur til togara á svonefndum ísfiskveiðum, þegar landað er erlendis, hækki úr 3500 kr. í 4000 kr.

Brtt. við 7. og 8. gr. frv. eru einnig fram bornar eftir tilmælum hæstv. sjútvmrh. Fyrri brtt., við 7. gr., er til nánari skýringar á ákvæði greinarinnar. — Síðari brtt. við 7. gr. er til leiðréttingar á prósentutölu. — Fyrsta brtt. við 8. gr. er leiðrétting á nafni sjóðsins, sem frv. fjallar um. Hinar þrjár brtt. við þá gr. snerta prósentutölur, sem nefndar eru í greininni. Mun hafa komið í ljós við endurskoðun á útreikningum, að breyta þarf tölunum á þann hátt, sem lagt er til í brtt.

Brtt. við 15. gr. er flutt samkv. beiðni hæstv. ríkisstj. Með brtt. er ríkisstj. veitt heimild til að undanþiggja nauðsynleg skipagjöld erlendis yfirfærslugjaldi að einhverju eða öllu leyti. Mun brtt. flutt m. a. með hliðsjón af því, að samkv. b-lið 16. gr. frv. eru skipaleigur undanþegnar yfirfærslugjaldi.

Brtt. við 18. og 19. gr. eru ekki efnisbreytingar, aðeins lagfæringar á orðalagi.

Brtt. við 28. gr., sem felur í sér undanþáguheimild, er flutt eftir tilmælum hæstv. ríkisstj.

Hafa þá verið nefndar þær brtt., sem meiri hl. fjhn. flytur.

Ég mun ekki ræða mikið um einstök atriði í þessu frv., vil þó aðeins minnast á 5. gr. þess. Í henni er ákvæði um eins árs greiðslufrest á afborgun lána, sem stofnlánadeild sjávarútvegsins og ríkissjóður hafa veitt til kaupa á togurum. Slíkur greiðslufrestur hefur áður verið veittur

togaraútgerðarfyrirtækjum, síðast í lögum um framleiðslusjóð, er sett voru í næstliðnum janúarmánuði. Mér sýnist, að það geti verið varhugavert að veita þannig greiðslufrest á stofnlánum ár eftir ár. Fiskiskip eru tæki, sem ganga úr sér. Þegar rekstraráætlanir fyrir útveginn eru gerðar, þarf að telja með gjöldum hæfilega fyrningu á skipunum, og meðan eitthvað er ógreitt af stofnlánum eða upphaflegu kaupverði skipanna, þarf fyrningargjaldið að ganga til lækkunar á slíkum skuldum. Sé þessa ekki gætt, en látið hjá líða að reikna hæfilegt fyrningargjald og lækka stofnskuldir sem því nemur, er verið að velta óeðlilegum byrðum yfir á framtíðina. Það hlýtur að verða örðugt fyrir útgerðarfyrirtækin að endurgreiða stofnlánin, þegar svo er komið, að skipin eru orðin gömul og viðhald þeirra kostnaðarsamt. Afleiðingin af greiðslufresti ár eftir ár gæti því orðið sú, að þau lán, sem tekin voru til greiðslu á kaupverði skipanna, verði ógreidd að verulegu leyti, þegar skipin eru orðin það gömul, að þau eru lítt eða ekki nothæf. Það er talið, að margir togarar hafi á þessu ári verið reknir með verulegu tapi. Hefur því sennilega verið talið óhjákvæmilegt að veita enn slíkan greiðslufrest, en þetta, að taprekstur hefur verið hjá togurunum, sýnir, að þær ráðstafanir, sem gerðar voru með lögunum um framleiðslusjóð fyrir u. þ. b. 11 mánuðum, hafa reynzt alveg ófullnægjandi fyrir þann atvinnuveg.

Þess er nú að vænta, að þær ráðstafanir, sem nú eru gerðar viðkomandi útgerðinni, bæti svo fyrir togararekstrinum m. a., að ekki þurfi á næstu árum að grípa til þess neyðarúrræðis að fresta afborgunum stofnlána.

Það er ekki nýtt í sögu Alþ., að nálægt áramótum séu þar til skoðunar og lögfestingar frumvörp um opinberar aðgerðir til þess að tryggja áframhaldandi framleiðslustarfsemi landsmanna. Eitt slíkt mál var afgreitt á síðasta Alþ. seint í janúarmánuði, og vegna þess, hvað það var seint á ferð í þinginu, var lítið um sjósókn í verstöðvunum í janúarmánuði 1956. Hefur að sjálfsögðu orðið af því tjón fyrir þjóðfélagið.

Nú er hins vegar að því stefnt, að það mál, sem hér er á dagskrá, fái fullnaðarafgreiðslu næstu daga, svo að sjávarútvegurinn þurfi ekki að stöðvast um áramótin. Horfir því betur nú í þessu efni en fyrir ári.

Það er eftirtektarvert, að við undirbúning þess frv., sem hér liggur fyrir, hefur hæstv. ríkisstj. haft samráð og samvinnu við fjölmennustu stéttasamtökin í landinu. Þetta er nýjung, og er ástæða til að vænta þess, að vegna samstarfs þeirra aðila við ríkisstj. um úrlausnir í efnahags- og atvinnumálunum verði betri og varanlegri árangur af lagasetningunni heldur en áður hefur verið.

Það hefur komið fram, eins og vænta mátti, að ekki eru allir sammála um þetta frv. í heild eða einstök ákvæði þess. Menn tala um ýmsar leiðir í efnahagsmálunum. Oft heyrist um það rætt, að þrjár leiðir komi einkum til álita, þ. e. gengisbreyting, svonefnd verðhjöðnunarleið eða niðurfærsluleið og uppbótaleið. Rétt mun það, að ríkisafskiptin af þessum vandamálum geta verið með mismunandi móti, en ekki hefði mér þótt óeðlilegt, að áður en farið er að tala um það, hvernig ríkisvaldið eigi að haga afskiptum sínum af málinu, væri íhugað, hvort löggjafarþing og ríkisstj. eigi að blanda sér svo mjög í þessi mál sem gert hefur verið um alllangt skeið. Mér sýnist, að hér geti verið um tvær leiðir að ræða, a. m. k. fræðilega séð, þ. e. annaðhvort afskipti eða afskiptaleysi löggjafarvaldsins og ríkisstj. af viðskiptamálunum. Ef menn vildu hætta íhlutun hins opinbera af þessum málum, þá mundi það gerast með þeim hætti, að hömlum væri létt af atvinnu- og viðskiptafyrirtækjum. Þá væri numin úr lögum skylda útflytjendanna til þess að afhenda bönkunum erlendan gjaldeyri, sem þeir fá fyrir vörur sínar, fyrir lögákveðið verð. Þeir gætu þá verzlað með hann sjálfir, frjálsir og óhindraðir. Þá yrði einnig aflétt öðrum hömlum af útflutningsverzluninni og innflutningsverzluninni o. s. frv. En það hefur ekkert verið minnzt á þennan möguleika á undanförnum árum, a. m. k. man ég ekki eftir því.

Einn af stjórnmálaflokkunum hér á landi nefnist Sjálfstfl., sem kunnugt er. Hann segist hafa frjáls viðskipti á stefnuskrá sinni svo og sem mest athafnafrelsi allra landsmanna í atvinnumálum. Flokkur þessi hefur verið þátttakandi í ríkisstj. mörg undanfarandi ár, en ég minnist þess ekki, að hann hafi á þeim tíma beitt sér fyrir því frelsi í viðskipta- og atvinnumálum, sem ég hér hef nefnt. Hann hefur ekki, svo að ég muni, flutt neinar till. um slíkt, virðist því öðrum stjórnmálaflokkum hér sammála um, að ríkisafskiptin í viðskipta- og atvinnumálum séu þjóðinni hagkvæmari en fullkomið frelsi.

Það má gera ráð fyrir, að ríkisafskiptin haldi áfram. Enginn hefur hreyft andmælum gegn því, og ég ætla ekki að bera fram till. um, að ríkisvaldið hætti að skipta sér af þessum málum, a. m. k. ekki í kvöld, enda þyrfti það mál verulega athugun og undirbúning. Það er höfuðnauðsyn, að framleiðslustarfsemin geti haldið áfram, bæði framleiðsla á vörum til útflutnings og einnig til innanlandsnotkunar. Til þess að það geti orðið, þarf að búa svo að framleiðslunni, að þeir, sem við hana starfa, hafi ekki lakari afkomu en aðrir menn í þjóðfélaginu. Hafi þeir minna fyrir sitt erfiði en eðlilegt má teljast, m. a. vegna þess, að gjaldeyrir er tekinn af þeim fyrir lægra verð en kostnaðarverði hans nemur, þá þarf að gera þar á lagfæringar.

Frv., sem hér liggur fyrir, er fyrst og fremst um þetta.

Vegna þess, hvað ríkisvaldið hefur nú á tímum mikil afskipti af atvinnumálunum, af öflun tekna og skiptingu þeirra, þá má vel líta svo á, að það sé skylda valdhafanna að hlutast til um það, að þjóðartekjurnar deilist svo réttlátlega milli landsmanna sem unnt er.

Ríkisstj., sem styðst við fjölmennustu stéttasamtökin í landinu, hefur að því er virðist betri aðstöðu en aðrir til að koma tekjuskiptingunni sanngjarnlega fyrir.

Mér sýnist, að það ætti að vera eitt af viðfangsefnum núverandi ríkisstj. að láta fram fara ýtarlega rannsókn á því, hvernig tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu er nú raunverulega fyrir komið,

og vinna síðan að því, að samkomulag náist um þær lagfæringar í því efni, sem gera þarf að beztu manna yfirsýn.

Frsm. minni hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er nú eiginlega meira af vilja en mætti, að við fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjhn. höfum í dag verið að freista þess að afgreiða eða stuðla að skjótri afgreiðslu þessa máls og skila nál., því að sannast að segja er þetta mál, sem hér liggur fyrir, þannig, að ég held, að það sé ekkert ofmælt, að þann tíma, sem ég hef setið á þingi, hefur aldrei neitt slíkt eða líkt mál verið lagt fyrir þingið og ætlazt til jafnskamms tíma til afgreiðslu þess eins og það mál, sem hér fyrir liggur.

Það er sannast að segja svo, að eftir því sem maður athugar þetta frv. hæstv. ríkisstj. meir og betur, því gallaðra finnst manni það og því meiri vankantar á því, og ég fullyrði það, að því fer mjög fjarri, að það geti verið, að hv. þm. stjórnarliðsins geti haft aðstöðu til þess, eftir því sem fram hefur komið, bæði í viðræðum við þá innan nefndar og utan, að gera sér sjálfum grein fyrir því, hvað þeir raunverulega eru hér að samþykkja.

Ég skal koma nokkru nánar að efni þessa frv., þó að ég sannast að segja viti naumast, hvar eigi að byrja, því að það er stundum svo, ef menn fá stóran jólapakka eða jólagjöf, að þá er nokkuð vandmeðfarið að taka utan af henni, og eins er með þessa jólagjöf hæstv. ríkisstj. til almennings í þessu landi.

Áður en að efni frv. sjálfs er komið, vil ég aðeins minna á nokkur atriði í sambandi við efnahagsmálin.

Það hefur verið eitt af stórmálum Framsfl. á þessu ári, að hann ætlar að hafa forgöngu um nýsköpun í efnahagsmálum þjóðarinnar. Hann ætlar að hafa forgöngu um að hverfa frá fyrri villum, sem hann hafði ratað í í þessum málum, væntanlega fyrir ill áhrif Sjálfstfl., og hefja nýja göngu eftir nýjum leiðum. Þessi stjórnmálaflokkur rauf stjórnarsamstarf við Sjálfstfl. s. l. vetur, m. a. vegna þess, eins og þeir sögðu sjálfir, framsóknarmenn, að það væri ekki hægt að stjórna með sjálfstæðismönnum vegna afstöðu þeirra í efnahagsmálunum, en á sama tíma höfðu þessir menn engan ágreining gert við sjálfstæðismenn innan ríkisstj. um efnahagsmálin. Og fyrir alþingiskosningarnar í sumar létu frambjóðendur og fulltrúar Framsfl. í veðri vaka, að það yrði að fara inn á nýjar leiðir og finna varanleg úrræði í efnahagsmálunum, en á engum þeim fundi, sem ég mætti á, og var ég þó á nokkuð mörgum framboðsfundum fyrir kosningarnar, fékkst nokkur af þessum mönnum, fulltrúum Framsfl., til þess að gera neina grein fyrir því, hvaða nýjar leiðir þeir vildu leggja inn á, hver hin varanlegu úrræði ættu að verða og hvaða breytingar mætti vænta frá því, sem áður hafði verið. Þetta var í sjálfu sér nokkuð athyglisvert og eftirtektarvert, en það skýrist betur þessa dagana, þegar nýju úrræðin og varanlegu úrbæturnar koma fyrir dagsins ljós hér á hv. Alþingi.

Það vantaði hins vegar ekki, að það væri nokkuð mikil fyrirferð á þessum mönnum, og ekki sízt eftir að hv. þm. Str. (HermJ) var orðinn hæstv. forsrh. og hafði myndað ríkisstj., og þá voru nú fengnir til ekki aðeins innlendir, heldur erlendir sérfræðingar til þess að taka út þjóðarbúið, eins og það var orðað. Þjóðin skyldi svei mér fá að sjá, hvernig Sjálfstfl. og sjálfstæðismenn hefðu skilið við. Það var að vísu svo, að hæstv. fjmrh., varaformaður Framsfl., hafði verið fjmrh. um undanfarin sex ár, í því embætti, sem í öllum menningarríkjum er talið það, sem helzt ætti að hafa forgöngu um stefnuna í fjármálum á hverjum tíma af hálfu ríkisvaldsins. Samt var það svo, að það átti að taka út þjóðarbúið og sýna viðskilnaðinn hjá sjálfstæðismönnum. Og á s. l. hausti var látið í það skína, að úttektin skyldi sýnd almenningi, og skrifað um það í blöðum flokksins og sagt frá því. Það var búið að skipa efnahagsmálanefnd, og svo voru þessir erlendu sérfræðingar, og af öllu þess máttu menn vænta sennilega nokkurs viðbúnaðar í þessu stóra máli, þessu mikla máli Framsfl. En svo þegar málið er lagt fyrir Alþingi, þá fyrirfinnst enginn erlendur hagfræðingur, þ. e. a. s. neitt álit frá honum eða neinum hagfræðingi. Og efnahagsmálanefnd Framsfl., er búið að leggja hana niður, eða hafði hún ekkert að segja um þetta mál? Það var sagt frá því í blöðunum í sumar, að hún ætti að hafa af hálfu flokksins forgöngu um nýju leiðirnar í efnahagsmálunum.

Nei, í frv., sem felur í sér álögur upp á um 500 millj. kr. á þjóðina, og þar af er um helmingur nýjar álögur, er varla nokkur grg. fyrir því, vegna hvers þær leiðir eru valdar, sem farnar eru í frv., né heldur skýrt frá því, hvernig útreikningar sýna, að tekjuöflunin muni verða. Það er grg. upp á þrjár eða fjórar blaðsíður og með nokkrum stórum tölum, og skyldi þó sannarlega mega ætla, að þeir menn, sem hafa verið að glíma við það, frá því að þeir tóku við stjórnarforustunni, að hverfa inn á nýjar og varanlegar leiðir í efnahagsmálunum og eru búnir að hafa svo marga hjálparmenn, gætu sýnt framan í einhverja niðurstöðu af þeim rannsóknum, sem fram hefðu farið, og það m. a. til þess, að þm. gæfist kostur á að vega og meta ýmiss konar sjónarmið, sem fram væru sett, hvort ein leiðin í efnahagsmálunum væri öðrum hagkvæmari, ýmist frá sjónarmiði framleiðslunnar annars vegar eða almennings hins vegar, sem byrðarnar ætti að bera. Á engu af þessu örlar í þessu frv., og má telja, að það gegni nokkurri furðu.

Ég held, að maður hafi þó hér í gærkvöld fengið nokkra skýringu á þessum einstæða loddaraleik, sem Framsfl. hefur haft í frammi í sambandi við efnahagsmálin frá því á s. l. vetri; að rjúfa stjórnarsamstarf vegna ágreinings um efnahagsmál, sem hann hefur engan gert innan ríkisstj.; láta í það skína við hv. kjósendur, að flokkurinn ætli að hverfa inn á nýjar leiðir í efnahagsmálunum og það sé ekki hægt að fara sömu leiðir og farið hefur verið; skýra aldrei hins vegar fyrir kjósendunum, hverjar hinar nýju leiðir eigi að vera, og koma svo á Alþingi og fara troðnar slóðir að því leyti, að engin nýmæli eru í þeim till., sem hér liggja fyrir, en hins vegar eru álögurnar mörgum sinnum meiri en nokkru

sinni áður hafa í einu verið lagðar á þjóðina og þó þannig, að það er ekki hægt að finna rök fyrir því, a. m. k. í fljótu bragði, að það sé ástæða til þess, að álögurnar af þessum ástæðum séu meiri t. d. á þjóðina nú en í fyrra um sama leyti, og skal ég koma nokkru nánar að því. En ég vil segja, að þeirri stjórn, sem kemur nú og segir: Það þarf að leggja 240 millj. kr. nýjar álögur á almenning í þessu landi, ber skylda til að rökstyðja nauðsynina fyrir því betur en þessi hæstv. ríkisstj. hefur gert.

En þannig var sem sagt ferill Framsfl., eins og ég rakti áðan. Hann þóttist hafa mikil bjargráð, þóttist vera mikill flokkur í fjármálum og efnahagsmálum og kom svo og sýndi þetta frv.

Að hverju var þessi stjórnmálaflokkur alltaf að stefna? Að hverju var hann að stefna? Var hann ekki í leit að bjargráðum í efnahagsmálunum? Var hann í leit að einhverju öðru og notaði efnahagsmálin sem yfirskin? Var hann í leit að völdum? Var hann í leit að meiri völdum en hann hafði haft í þjóðfélaginu, og er það þá sannmæli, ef skilin eru rétt orð hæstv. fjmrh. í gærkvöld, að ef flokkurinn, Framsfl., gat fengið völd, meiri völd, og verið tryggður í valdasessi, þá var alveg sama, hvaða leið var farin í efnahagsmálunum? En hæstv. fjmrh. sagði í gærkvöld: Hver leið sem hægt væri að ná samvinnu við verkalýðssamtökin um, það er bezta leiðin. — Hvað þýða þessi orð: Ef hægt væri að ná samvinnu við verkalýðssamtökin um einhverja leið í efnahagsmálunum, þá var það bezta leiðin? Hvað þýddi, að hægt væri að ná samvinnu við verkalýðssamtökin? Það þýddi, að það væri hægt að tryggja Framsfl. völd í þjóðfélaginu. Ef við gátum náð samvinnu við verkalýðssamtökin, þá flokka, sem við verkalýðssamtökin eru kennd, Alþfl. annars vegar, sem fyrst var reynt, og ef hann bilaði, þá kommúnistaflokkinn, líka, ja, þá vorum við búnir að tryggja okkur völd í þjóðfélaginu, þá var fundin bezta leiðin fyrir Framsfl.

Ég vænti þess, að það fari að renna upp fyrir almenningi í þessu landi, kjósendum þessa lands, hvaða sýndarmennska hefur verið höfð hér í frammi, og að almenningur spyrji sjálfan sig um það og reyni að rifja upp fyrir sér, hvort þetta sé nú virkilega rétt, hvort Framsfl. hafi blekkt þá svo, hvort hann hafi aldrei nefnt neinar ákveðnar leiðir í efnahagsmálunum í allri baráttuvimunni í kosningabaráttunni og hvort hann hafi aldrei meint annað en þetta, sem hann er nú búinn að sýna framan í, fara sömu troðnu slóðirnar og áður og láta sér allt vel líka, ef hann gat tryggt sér völdin með því, sem nú er kallað samvinna við verkalýðssamtökin, en er ekki annað en samvinna við kommúnistana, sem í dag hafa völdin í verkalýðssamtökunum. Og þetta er gert, enda þótt fáir menn hafi betur lýst aðstöðu kommúnista í verkalýðssamtökunum í þessu landi heldur en hæstv. fjmrh. og varaform. Framsfl. Mig langar til þess að minna þennan hæstv. ráðh. á, hvernig hann í maímánuði 1955 lýsti þessum núv. samstarfsmönnum sínum, sem hann nú segir um að sé svo nauðsynlegt að starfa með, að ef það náist samkomulag með þeim, þá sé fundin bezta leiðin í efnahagsmálunum. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ofan á aðferðir kommúnista í sjálfum verkalýðssamtökunum bætist, að kommúnistum hefur á undanförnum árum tekizt að einangra verkalýðsstéttina pólitískt til stórtjóns fyrir hana og þjóðina í heild. Það er orðið þjóðarnauðsyn, að verkalýðsstéttin losi sig við hina kommúnistisku forustu í verkalýðssamtökunum, þar sem hún enn þá er til.

Þá er hitt ekki síður aðkallandi, að þeir, sem hafa stutt kommúnista undanfarið, en ekki viljað koma hér á skipan kommúnismans, fylki sér undir merki umbótasinnaðra lýðræðismanna og bæti úr þeirri einangrun alþýðustéttanna, sem kommúnistum hefur tekizt að viðhalda árum saman.

Mér finnst nú," segir hæstv. fjmrh., „sem nærri því hver maður viðurkenni óstjórn kommúnista á málefnum verkalýðshreyfingarinnar.

Ég minnist þess ekki, að ég hafi nokkurn tíma áður orðið var við svo djúpan og almennan skilning á því sem nú, að óstjórn þessi stafi ekki öll af klaufaskap eða fyrirhyggjuleysi, heldur blátt áfram af því, að það er ekki hægt að þjóna tveimur herrum. Hagsmunir verkamanna og kommúnistaflokksins fara ekki saman. Það er ráðning gátunnar."

Þetta sagði hæstv. fjmrh. í maímánuði 1955. Hagsmunir verkamanna og kommúnistaflokksins fara ekki saman. Það er ráðning gátunnar. En nú eru það hagsmunir kommúnista og Framsfl., sem fara saman, og þá er fundin bezta leiðin í efnahagsmálunum, eftir því, sem þessi hæstv. ráðh. vildi gefa okkur til kynna í gær.

Um leið og maður furðar sig á þeim ósköpum, að svo mikið hefur verið látið af hálfu framsóknarmanna í alþingiskosningunum í sumar um nýjar leiðir í efnahagsmálunum, þegar það sést nú, hvað fyrir þessum mönnum hefur vakað, þá verður hitt í raun og veru ekki heldur minna undrunarefni, framkoma bandamanna þeirra nú í hæstv. ríkisstj. Þegar Sjálfstfl. og Framsfl. lögðu hér fyrir þing í fyrra frv. um framleiðslusjóð til þess að rétta við hag útgerðarinnar, þá var það höfuðmeinsemd þess frv. að dómi fulltrúa Alþýðuflokksins og kommúnistaflokksins, að tekjurnar, sem átti að afla fyrir framleiðslusjóðinn, voru teknar af almenningi í landinu, eins og þeir sögðu.

Sjálfstæðismenn gerðu hreinskilnislega grein fyrir því, að þeir töldu ekki þá annarra úrræða völ, það yrði að flytja til tekjurnar í þjóðfélaginu, fá aftur útveginum, undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, það, sem of mikið hafði verið af honum tekið í verkfallsbaráttu og kaupstreitu alþýðustéttanna eða verkalýðsstéttanna. Þá skiluðu þeir nál., fulltrúar Alþfl. og Sósfl., og gerðu hvor fyrir sig þannig grein fyrir sinni skoðun, einmitt um tekjuöflunina, að afla teknanna með almennum neyzluskatti. Hæstv. menntmrh., sem þá var í fjhn. Nd., komst þannig að orði í nál. sínu:

„Fjárins er fyrst og fremst aflað með hlutfallslega jöfnu gjaldi á innflutning og tiltekna innanlandssölu. Allur almenningur á með öðrum orðum að bera byrðarnar, sem fjáröflunin í

sjóðinn veldur. Ég tel þetta svo ranglátt, að ekki komi til mála að samþ. þau ákvæði."

Svo mörg voru þau orð. Fyrir tæpu ári kom ekki til mála að leggja byrðar á almenning með gjöldum á innflutta vöru og þjónustu í landinu til þess að aðstoða útveginn, og Karl Guðjónsson, fulltrúi Sósfl., sagði um sama efni:

„Ég tel tekjuöflun þá, sem frv. gerir ráð fyrir, fráleita. Ef sú leið yrði farin til tekjuöflunar," — og það er einmitt sú leið, sem farin er hér í aðalatriðum, þó að nokkur frávik séu frá henni, sem ég skal koma að síðar, — „mundi allt verðlag í landinu stórhækka og þá um leið kaupgjaldið, og færi þá að draga úr ávinningi útflutningsframleiðslunnar af þessum ráðstöfunum."

Í blöðum þessara manna var gert mikið úr því, að þessi ríkisstj. væri búin að vinna sér til óhelgi með þeim gífurlegu álögum, sem hún legði á þjóðina. Þá var gert ráð fyrir því að afla um 100 millj. kr. nýrra tekna til aðstoðar útveginum, og sennilega hafa verið um 50 millj. kr. um sama leyti, sem þurfti að afla ríkissjóði, eða alls 150 millj. kr. Nú er verið að biðja um nærri 100 millj. kr. meira. Og hvernig stendur á því, að nú þarf að afla 100 millj. kr. meiri tekna en á öndverðu þessu ári, þegar lögin um framleiðslusjóð voru sett? Höfuðástæðan fyrir því, að útvegurinn var þá kominn þannig, að það varð að veita honum þá aðstöðu, sem fólst í lögunum um framleiðslusjóð, var sú, hversu gífulega hafði hækkað kaupgjald og verðlag í landinu sem afleiðing af verkfallsbaráttunni á öndverðu ári 1955 og með þeim kauphækkunum, sem fylgdu í kjölfar hennar. Það var gerð grein fyrir þessu í grg. frv. um framleiðslusjóð, og hæstv. fjmrh. gerði einnig mjög ýtarlega grein fyrir því, að það væru einmitt kauphækkanirnar, sem knúðar voru fram á árinu, vorið 1955, sem væru ástæða þess, að þessar álögur þurfti að leggja á. Hæstv. fjmrh. sagði um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta, hér í eldhúsdagsumræðunum í febrúarmánuði s. l.:

„Á því leikur enginn vafi, að hækkanir á framleiðslukostnaði útflutningsframleiðslunnar í heild vegna kauphækkananna frá í vor nema á annað hundrað milljón króna, því að kauphækkun sú, sem í upphafi var 11—12%, er nú orðin milli 21 og 22% vegna víxlhækkana innanlands, sem af henni hefur leitt."

Það var, að dómi hæstv. fjmrh., vegna kauphækkana vorið 1955, sem nauðsynlegt var að leggja á þjóðina 100 millj. kr. með lögunum um framleiðslusjóð í byrjun þessa árs, og hæstv. fjmrh. komst þannig að orði, að með kauphækkununum sem afleiðing verkfallanna fyrir tilstuðlan kommúnista vorið 1955 hefði verið brotið blað í efnahags- og verðlagsmálasögu landsins. En ég spyr: Þegar það liggur fyrir, að á því ári urðu 22% kauphækkanir eftir upplýsingum hæstv. fjmrh. og þá þurfti ekki að afla nema 100 millj. kr. tekna til framleiðslusjóðs, hvernig stendur þá á því, að nú í ár, þegar ekkert blað hefur verið brotið í efnahags- og verðlagsmálunum og kaupgjaldsvísitalan aðeins hækkuð um 7 stig á móti 22 stigum árið 1955, að nú þarf að afla 150 millj. kr. tekna til aðstoðar útgerðarinnar, því að af þessu munu um 100 millj. kr. fara til ríkissjóðs. Um 150 millj. kr. þarf nú, sem ekki þurfti til nema 100 millj. kr. í byrjun þessa árs, og hafði þá vísitala á árinu 1955 hækkað um 22 stig, en 7 stig á árinu 1956, og að dómi hæstv. fjmrh. voru þessar kauphækkanir og með þeim verðhækkunum, sem af þeim leiddi, höfuðorsök vandamálsins og ástæðan fyrir því, að afla þurfti þessara tekna útveginum til handa.

Ég held, að engir mundu hafa trúað því, sem fylgzt hafa með íslenzkum stjórnmálum, ef þeir hefðu verið spurðir að því á s. l. hausti, að sennilega mundu Framsfl., Alþfl. og kommúnistaflokkurinn, sem gengu berserksgang út af því, þegar sjálfstæðismenn og Framsfl. lögðu nýjar álögur á innflutningsvörur með framleiðslugjaldinu í byrjun ársins vegna útvegsins, fara að koma fram fyrir þjóðina og leita að miklu leyti sömu úrræða, og dettur nokkrum í hug, að Framsfl., stjórnarforustuflokkurinn, að vísu minnsti flokkurinn, sem stendur að núv. ríkisstj., — dettur nokkrum í hug, að stjórnarforustuflokkurinn, sem er búinn að boða hin varanlegu úrræði og hinar nýju leiðir, fari að fara hinar gömlu, troðnu slóðir aftur? — Nei, menn hefðu ekki trúað þessu. En hver hefði líka trúað því, að kommúnistar hér í þinginu kingdu öllum sínum stóryrðum, um uppbótarþingmenn Alþýðuflokksins, og hver hefði trúað því, að hæstv. núverandi stjórnarflokkar mundu allir gleypa stóryrði sín í varnarmálunum? Og voru þessir menn þá ekki a. m. k. í því einu sjálfum sér samkvæmir í þessum málum, efnahagsmálunum eins og öðrum, að ganga í berhögg við það, sem þeir höfðu áður sagt, og éta allt ofan í sig?

Það er nú verið að útbýta nál. minni hl. fjhn. á þskj. 172, og gerum við þar, Ólafur Björnsson og ég, nokkra almenna grein fyrir afstöðu okkar til frv. þess, sem hér liggur fyrir. Ég vil taka það strax fram, að það eru ýmsar fleiri aths., sem við þurfum að koma á framfæri í sambandi við þetta frv., og munum freista þess undir meðferð málsins að reyna að fá einhverjar lagfæringar á nokkrum atriðum þess, ef það mætti takast, og bera þá fram brtt. á síðara stigi, annaðhvort undir þessari umr. eða við 3. umr. málsins. En okkur þótti rétt að reyna að hafa þann hraða á, sem við gátum, með að koma út þessu nál. Okkur var báðum ljóst, að það þurfti miklu lengri tíma og víðtækari rannsókn á þessu frv. en við höfðum átt nokkurn kost að láta fram fara, ef átti að skila ýtarlegu nál. Og það má í sjálfu sér með réttu draga í efa, að það sé rétt af okkur að taka þátt í afgreiðslu þessa máls með þeim hætti, sem nú er.

Ég hygg, að það séu fjölmörg atriði, sem hæstv. ríkisstj., sem stendur að flutningi þessa máls, eigi mjög fljótt eftir að reka sig á og hún hefur ekki áttað sig á við flutning þessa máls. Það hefur komið í ljós við meðferð málsins í fjhn. í dag, og skal ég minnast nokkuð á það, og margt fleira getur á eftir komið. Alveg á sama hátt og við munum reyna e. t. v. að fá einhverjar lagfæringar á frv. með brtt. á síðara stigi málsins, þá munum við e. t. v. fylgja einstökum atriðum, ef okkur þykir ástæða til, í frv., en við höfum, eins og nál. ber með sér, tekið afstöðu til þess, að það sé með engu móti hægt að ætlast til

þess, að alþm. á svo stuttum tíma geti tekið fullnaðarafstöðu til máls eins og þessa, og málið í heild sé svo miklum annmörkum háð, að við treystum okkur ekki til að fylgja því og munum greiða atkv. á móti málinu í heild.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira en nauðsyn krefur á þessu stigi um þetta frv., því að það gefst þá væntanlega tækifæri til þess að tala betur um það síðar, en skal nú víkja að nokkrum einstökum atriðum, sem mér finnst ástæða til að vekja athygli á.

Í 16. gr. þessa frv. eru ákvæði um það, hvaða vörur skuli undanþegnar yfirfærslugjaldi skv. 15. gr., en í 15. gr., eins og kunnugt er, er ákvæði um það, að 16% yfirfærslugjald skuli greiða af sölu á öllum erlendum gjaldeyri, sem bankarnir láta af höndum. Hvaða vörur þarna eru undanþegnar, er talið upp í tollskrárnúmerum, og okkur hefur enginn tími unnizt til að athuga um það, hvaða vörur þetta eru, hvað þá heldur að reyna að gera okkur grein fyrir því, hvort það ættu ekki einhverjar fleiri vörur að vera í þessari upptalningu. Við höfum ekki einu sinni fengið lista yfir það frá hæstv. ríkisstj., hvaða vörur þetta eru. Það vita kannske aðrir hv. þm. það betur en við og gera sér þá fyllilega grein fyrir því, hvað þeir eru að samþykkja. En þegar á að fara að framkvæma þessa 16. gr., þá skilst mér, að það sé ætlazt til þess, að bankarnir eða starfsmenn í bönkunum meti það, hvort vara er undanþegin yfirfærslugjaldinu á gjaldeyrinum eða ekki. Um þetta atriði hefur ekki verið rætt við gjaldeyrisbankana, ekki við Útvegsbankann. Og í bréfi, sem fjhn. barst frá Landsbankanum, er tekið fram, að það hafi engra samráða verið leitað við Landsbanka Íslands af hálfu ríkisstj. í sambandi við þetta mál.

Ég vakti athygli á því í n. á þeim stutta tíma, sem við höfðum til meðferðar, að ég efaðist um, að starfsmenn bankans gætu framkvæmt þetta. Það er komið með skjöl í bankann um það, að viðkomandi maður er að flytja inn þessa og þessa vöru, og eiga þá starfsmenn í bankanum að gera sér grein fyrir því eftir þessum skjölum, hvort þessi vara sé undanþegin yfirfærslugjaldinu, og sjá auðvitað allir, að aðstaða þeirra til þess er allt önnur en þeirra manna, sem starfa í tollinum af hálfu hins opinbera, því að það er mjög umfangsmikið starf einmitt fyrir þá, sem innheimta aðflutningsgjöldin, ekki aðeins að átta sig á því, um hvaða vörur er að ræða, eftir því, hvaða skjöl liggja fyrir, heldur beinlínis að kanna vöruna sjálfa og stundum efnagreina hana, ef svo ber undir, til þess að geta skorið úr um það, undir hvaða flokk í tollskrá viðkomandi vara á að falla. Nú á þessum stutta tíma hefur maður enga áheyrn fundið enn, en ég tel, að þarna væri nauðsynlegt að gera einhverja breytingu á, ef menn eiga ekki að eiga það á hættu að reka sig á fullkomin vandkvæði í framkvæmd málsins, enda þótt allir væru af vilja gerðir að framkvæma það eftir beztu getu.

Það er einnig sagt í 15. gr., að gjaldeyriseftirlit Landsbankans eigi að sjá um, að yfirfærslugjald sé greitt af þeim greiðslum til útlanda, sem eigi fara beint um hendur bankanna. Ég dreg mjög í efa, að það sé á valdi gjaldeyriseftirlits Landsbankans að taka þess konar eftirlitsstarf að sér.

Slík atriði eins og þessi eru vissulega þess eðlis, að það má varla minna vera en að hæstv. ríkisstj. ræði við þjóðbankann um framkvæmd slíkra atriða, sem bönkunum er falið að inna af hendi í þágu almennings og fyrir hönd hæstv. ríkisstjórnar. En ég sagði áðan: Við höfum ekki, nm. minni hlutans, getað áttað okkur á, hvaða vörur eru undanþegnar yfirfærslugjaldinu og hvort það væri ekki alveg eins rík ástæða til, að ýmsar aðrar vörur væru þar undanþegnar. Og ég vil nú vekja athygli hv. þingmanna á því, að undir meðferð málsins í fjhn. er byrjað að ræða um það, ja, af hverju skyldu ekki vera undanþegin yfirfærslugjaldinu ýmis skipagjöld í erlendum gjaldeyri á sama hátt og skipaleigur, því að eitt af því, sem talið er í þessari 16. gr., eru skipaleigur, en það á, að svo miklu leyti sem þær eru greiddar í erlendum gjaldeyri, ekki að greiða af þeim þetta yfirfærslugjald, 16%. Þetta mál er svo rætt við ríkisstjórnina og með þeim árangri, að það er flutt brtt. um það, að ríkisstj. geti þó undanþegið yfirfærslugjaldi nauðsynleg skipagjöld erlendis að nokkru eða öllu leyti og sett þau skilyrði um það, er þurfa þykir.

Þegar nú var rætt við hæstv. ríkisstj. um þetta, kemur í ljós, að hún viðurkennir: Jú, það var alls ekki meiningin að taka þetta yfirfærslugjald af skipaleigunum. — En ef þetta kom ekki til athugunar, þá var þarna liður upp á 50—60 millj. kr. Þarna fundust bara óvart níu millj. kr., sem ekki var meiningin að taka þetta gjald af, en hins vegar hefði samkv. lögum átt að taka gjald af, ef þessi tilviljun hefði ekki ráðið í fjhn. í dag í sambandi við þetta atriði.

Það munu vera undanþegnar gjöldum í þessum lögum flugvélar, hvort það er nú innflutningsgjaldið eða yfirfærslugjaldið skiptir ekki miklu máli í þessu sambandi, en við mig var að tala einn af framkvæmdastjórum flugfélaganna hér áðan, og hann hafði talað við starfsmann, fulltrúa hjá tollinum, um flugvélavarahlutina, og viðkomandi maður hafði fullyrt: Jú, það var alls ekki meiningin, að svo miklu leyti sem hann hafði komið að þessu máli, að taka þessi gjöld af flugvélavarahlutunum. — En hvernig er það þá í frv? Jú, það er þannig í frv., að það á að taka gjöldin af flugvélavarahlutunum. Þetta var mér að berast til eyrna nú rétt áður en ég tók hér til máls og hef ekki einu sinni haft aðstöðu til þess að athuga þetta nánar, en bendi á það sem eitt af þeim mörgu atriðum, sem koma upp á yfirborð af einskærri tilviljun.

Ég sé, að ein brtt. frá meiri hl. fjhn. er um það, að það er heimild til ríkisstj. á þskj. 169 að endurgreiða innflutningsgjald skv. þessum lögum að einhverju eða öllu leyti af pappa, er telst til nr. 10 A í 44. kafla tollskrár, ef hann er notaður í umbúðir um nauðsynjavörur. Umbúðir um nauðsynjavörur, það getur verið nokkuð erfitt að ákveða það. En hæstv. menntmrh. var með þessa brtt. á nefndarfundinum í dag. Ég sá, að það voru nokkrir menn, sem sátu hér niðri á „Kringlu“ og voru að ræða við hann vafalaust um þetta. Annar maður hafði talað um það sama við mig í dag, en hann talaði ekki um 10 A, sem

er pappi í 44. flokki, heldur líka 28 og 29 í 44. flokki, og það eru pappírspokar. Hvernig stendur nú á því, að þessir pappírspokar hafa ekki verið með þarna? Mér skilst, að við þurfum þá að athuga betur um pappírspokana, og kannske að það sé eitthvað meira, sem þarf að sæta slíkri meðferð, og að það veitti ekkert af að hafa miklu lengri tíma en — (**Gripið fram í: Þeir eru nefndir.**) Nú, er það, númerið er 28, já? Ja, þá bið ég afsökunar á því, að það getur komið margt fram í máli mínu í sambandi við þetta mál, sem þeir, sem vita betur, geta leiðrétt, og ég hygg, að það muni fara svo fyrir fleiri þm., sem fara að ræða efnishlið þessa máls. — Þetta vildi ég hafa sagt um 15. og 16. gr., og kannske vinnst tækifæri til þess, ef góðvild og skilningur er fyrir hendi hjá hæstv. ríkisstj., að athuga þetta í sambandi við 16. gr. um framkvæmd hennar og aðstæður bankanna reyndar fyrir framkvæmd á báðum greinunum, 15. og 16. gr.

Ég skal svo koma að 17. gr. Hún kveður svo á, að bankar þeir, sem selja erlendan gjaldeyri, skuli greiða 50% af gengismun og þóknun þeirri, er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta á að gefa í útflutningssjóðinn 10 millj. kr. og er fyrst og fremst ætlað til þess að styðja útgerðina.

Nú er það svo a. m. k. í ár og í fyrra, á þessum erfiðu árum útgerðarinnar, að þá hefur hlutfallið í útlánaaukningu Útvegsbankans a. m. k. aukizt stórlega varðandi útlánin til útvegsins, en minnkað til annarra greina atvinnulífsins. Og að svo miklu leyti sem tekið er af tekjum bankanna í opinbera þágu, þá leiðir það ekki til annars en að það verður minna fé til útlána og í þessu sambandi áreiðanlega til útvegsins, sem fyrst og fremst mundi njóta þess fjár. Og ég fyrir mitt leyti efast um það, að útveginum sé nokkur greiði gerður með því að njóta einhverra styrkja eða fá fé í gegnum það opinbera sem styrki á þennan hátt, ef lánsfé hans eða aðgangur að lánsfé á að minnka að sama skapi, og hitt sé miklu heilbrigðara, að lánastofnunum í almenningsþágu, eins og bankarnir eru, sé gefinn kostur á að eflast og atvinnugreinum eins og útflutningsframleiðslunni þar með sterkari aðstaða til meiri lánveitinga en ella mundi vera. Ég tel þess vegna, að þessi 17. gr. sé misráðin, ekki vegna þess, hvort teknar eru 10 millj. eða eitthvað meira eða minna af bönkunum, heldur að þetta sé enginn greiði við útveginn, sem á fyrst og fremst að njóta ávaxtanna af þessu frv., sem hér liggur fyrir. Og það vill nú svo til, að ég hef bandamenn um þessa skoðun, því að það var sagt hér eftir umræðurnar í fyrra, þegar kommúnistar vildu taka 25 millj. kr. af gróða bankanna og vildu líta á þá sem einhver gróðafyrirtæki, hættuleg almenningi í þessu landi, — að þá var það blað Framsfl., sem kvaddi sér hljóðs með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú vita allir, að bankana skortir fé til að lána til nauðsynlegustu framkvæmda. Með framangreindum framlögum hefðu möguleikar þeirra í þeim efnum verið enn stórlega skertir. Þessi ráðstöfun hefði því leitt af sér minnkandi framkvæmdir og það í mörgum tilfellum þar, sem sízt skyldi. Ráðstöfun þessi hefði því bitnað á almenningi með einum eða öðrum hætti. Það er rétt, að bankarnir hafa safnað nokkru fé á undanförnum árum. Um þessa fjársöfnun gildir hins vegar allt annað en einkagróða. Bankarnir eru almannaeign, og það fé, sem þeir safna, verður sameiginlegt veltufé þjóðarinnar til að tryggja atvinnurekstur og framkvæmdir í framtíðinni. Með því að skerða þetta fé bankanna er verið að skerða athafnamöguleika þjóðarinnar í framtíðinni."

Það mundi nú víst ekki eiga að vera tilgangur þessa frv., sem hér liggur fyrir frá hæstv. ríkisstj., að skerða athafnamöguleika þjóðarinnar í framtíðinni. En þetta er sem sagt skoðun málgagns Framsfl. á þessu atriði á fyrstu mánuðum þessa árs, þegar tillögur kommúnista um að taka af gróða bankanna fé í þessu skyni voru lagðar fram.

En svo er annað. Af hverju að miða þetta við gjaldeyrisbankana? Ef mönnum sýnist, að það sé rétt að taka til almenningsþarfa einhvern hluta af hagnaði bankanna, þá sýnist mér, að það sé engin rök hægt að færa fyrir því, að það eigi að taka það af einhverjum vissum tekjugreinum bankanna, heldur þvert á móti af hagnaði bankanna í heild, eins og hann er, og væri því eðlilegt, að greinin væri, ef hún á annað borð á að standa og stjórnin vill ekki missa af þessum 10 millj., að teknar væru þessar 10 millj. af hagnaði bankanna í landinu hlutfallslega eftir gróða hvers um sig. Ég mun á síðara stigi málsins fyrir mitt leyti gera till. um, að þessi gr. falli niður, og ég get þá látið þennan kafla úr forustugrein Tímans, blaðs Framsfl., fylgja sem grg. fyrir þeirri till., en sem varatill., að þessar 10 millj. verði teknar, og greinin þá orðuð þannig, að 10 millj. króna í útflutningssjóð verði teknar af hagnaði bankanna, ekki miðað við gjaldeyrisbankana eina, enda er það svo, að það væri eiginlega miklu réttlátara í þessu sambandi, að aðrir bankar en gjaldeyrisbankarnir legðu fram þessar 10 millj., því að gjaldeyrisbankarnir taka að sér þjónustuna fyrir ríkisstj. að innheimta yfirfærslugjaldið og ýmiss konar önnur verk og eru þess vegna búnir að leggja sitt fram í aukinni vinnu og þjónustu fyrir hæstv. ríkisstj. Þess vegna væri eiginlega rétt, að Búnaðarbankinn og Iðnaðarbankinn tækju að sér að greiða þessar 10 millj., svo að þeir hefðu einhvern hlut af þessu máli, og Framkvæmdabankinn mætti kannske vera með.

Ég kem svo að 27. gr. þessa frv., þ. e. a. s. í 26. gr. eru ákvæðin um innflutningsgjaldið, því að það eru tvær aðaltekjugreinar þessa frv., 16% yfirfærslugjaldið á gjaldeyrinum og innflutningsgjaldið. Og mér skilst, að það sé áætlað í grg., að samanlagt gefi þessir tekjustofnar um 200 millj. En í 27. gr. kemur fram frávikið frá því, sem var í fyrra með framleiðslusjóðsgjaldið, þar sem það var lagt nokkuð jafnt yfir, þó að nokkur mismunur væri á yfir allar innfluttar vörur. Og lögð hefur verið áherzla á það af hálfu stjórnarsinna nú, að nú sé allt öðru máli að gegna, vegna þess að nú séu sundurliðaðar vörurnar. Það er sagt, að á brýnustu nauðsynjavörur sé ekkert

lagt og svo lítið á þær, sem eru töluvert nauðsynlegar, og aðallega lagt á lúxusvörur. Ég skal koma að því nánar á eftir, hversu rétt þetta er. En í þessu sambandi verða menn að átta sig á, að það getur litið nokkuð vel út á yfirborðinu að segja: Ja, við leggjum ekki nýjar álögur á brýnustu nauðsynjar, og þarna sjáið þið, að við erum miklu meiri vinir almennings og alþýðunnar en Sjálfstfl. og reyndar Framsfl., sem var í félagsskap með okkur í fyrra. — En þegar málið er betur krufið til mergjar, þá eru bara í þessu kannske þau ljótustu svik við alþýðuna, sem framin hafa verið opinberlega og fyrir opnum tjöldum, því að það er bersýnilegt, að þessu er hér stillt upp í þessu frv. þannig að undanskilja þær vörunauðsynjar, sem ganga inn í vísitöluna og ákvarða vísitöluna og þar af leiðandi kaupgjald fólksins og ýmissa annarra, sem taka kaup eftir vísitölu. Og þessir menn, sem flagga með því, að þeir leggi ekki þungar byrðar á nauðsynjavörurnar, eru að svikjast aftan að fólkinu með þessum aðgerðum, sem hér hafa verið hafðar í frammi. Og hæstv. atvmrh. var þó svo heiðarlegur, að hann viðurkenndi í gærkvöld hér í umr., að þetta væri rétt. Það heyrðist að vísu einhvers staðar úr horni, að vísitalan hefði áður verið skert og blekkt með henni, en það er engin bót í máli í þessu sambandi, og að svo miklu leyti sem nauðsynjavörur hækkuðu fyrir þau gjöld, sem lögð voru á með framleiðslusjóðsgjaldinu, þá fékk almenningur það uppbætt með hækkuðu kaupgjaldi og hækkaðri vísitölu. Sjálfstæðismenn komu til dyranna eins og þeir voru klæddir, sögðu þjóðinni nauðsyn á að leggja á hana þungar byrðar, en hér er verið að fara aftan að fólki og reyna að láta það líta út, að menn séu betri við alþýðuna en þeir raunverulega eru.

Þetta er ein hlið málsins. Önnur hlið málsins er svo sú, að hér eru í fimm flokkum sundurliðaðar vörur á heilli blaðsíðu með tölum, tilvitnunum í númer og flokka tollskrár, og ég vænti, að menn geti fallizt á, að það hafi ekki verið hægt fyrir fjhn. annað en að láta þetta vera óathugað, því að hvernig á öðruvísi en með mikilli yfirlegu og ýtarlegri rannsókn að gera sér grein fyrir því, hvort ein vara á að vera í einum flokki eða hinum, þyngri tolli eða aðflutningsgjaldi eða léttara eða hvort einhverjar vörur, sem þarna eru ekki, ættu að vera þar og einhverjar, sem þarna eru, ættu að fara af þessum lista? Þessi grein er svo eitt af því í þessu frv., þar sem berast kemur fram, hversu erfitt er að átta sig á því, sem um er að ræða. Það er lagt hér á gjald, á sama tíma eru inn í þetta gjald felld tvö önnur gjöld, bátagjaldeyrir og framleiðslusjóðsgjald, og ef til vill og ef til vill ekki, því að það þarf rannsóknar við, hvort það er gert, og það er enginn stafur af grg. fyrir því, hvernig þetta er gert í einstökum atriðum, heldur er aðeins sagt almennt, að gjöldin séu þannig, að ef svo og svo mikið innflutningsgjald er lagt á vöruna, þá sé það ef til vill vegna þess, að hún hafi verið á bátagjaldeyri, eða vegna þess, að hún hafi ekki verið á bátagjaldeyri o. s. frv., og þetta er með þeim hætti, að það er óframkvæmanlegt verk á ekki lengri tíma að gera sér grein fyrir, hvaða áhrif þetta hefur, og það verður ekki hægt nema að taka hinar einstöku vörur grein fyrir grein og reikna það út eftir þessu frv., hvert verð vörunnar var og hvert það mundi vera. En ríkisstj., sem er búin að vera lengi með málið í undirbúningi, hlýtur að hafa slíka útreikninga, og af hverju er ekki þm. fengið þetta í hendur? Af hverju fáum við ekki að sjá einhvern samanburð á vöruverði, hvernig það mun verða, eins og frv. er núna, og eins og það er í dag? Við heyrðum það, að hæstv. ríkisstj. sagði í gærkvöld: Ja, við ætlum að lækka álagninguna líka. Gott og vel, það kemur þá lækkun á vöruna. En mér finnst, að þm. eigi kröfu til þess, að hæstv. ríkisstj. leggi fyrir þá, þegar slíkt frv. er lagt fram og með þeim hætti, sem hér greinir, lista yfir vörurnar og með þeim eina mælikvarða til þess að geta áttað sig á því, hvað um er að ræða, hvað varan kostar í dag eða kostaði, áður en lögin ganga í gildi, og hvað hún mundi kosta strax eftir að lögin gengju í gildi. Ég hef heyrt eitthvað tvisvar um það hér í þinghúsinu í dag, að það sé til eitthvað heilmikið af svona listum, og ef það er, þá furðar mig á því, að þeir skuli ekki hafa verið lagðir fram sem fskj. með frv., a. m. k. í nefndinni, og ég vona, að við fáum einhverjar frekari upplýsingar um þetta. Ég hef reynt að biðja menn, því að sjálfir höfum við nm. haft í öðru að standa, að reikna út nokkrar vörur fyrir okkur í dag. Það er ekki langt, sem við höfum komizt í því, og ég vil sannast að segja gjarnan láta athuga það betur, áður en ég fer með nokkrar af slíkum tölum. Þær sýna bæði mjög miklar hækkanir og litlar hækkanir og allt þar á milli. En þess vil ég mega vænta, áður en meðferð þessa máls lýkur í þinginu, að þá fái þm., og ef þess væri nokkur kostur við í þessari deild, þó a. m. k., ef ekki væri annars kostur, fengi Ed. nánari grg. fyrir þessum atriðum.

Það er t. d. sagt í grg. þessa frv., að á innflutning brýnustu nauðsynja og helztu rekstrarvörutegunda útflutningsatvinnuveganna séu engin ný gjöld lögð. Það eru engin ný gjöld lögð á brýnustu nauðsynjar. Mér hefur verið sagt í dag og verið reiknað út, að kvensokkar, silkisokkar, hækki um 51.20%. En það eru kannske ekki brýnustu nauðsynjar fyrir kvenfólkið að vera í sokkum! Ef þetta er rétt, þá fær auðvitað ekki staðizt, að á brýnustu nauðsynjar séu ekki lögð nein ný gjöld. Og það er sagt, að á rekstrarvörur útflutningsatvinnuveganna séu engin ný gjöld lögð. Ég hef þó hér lista yfir ýmsar rekstrarvörur, sem ekki eru undanþegnar gjöldum, eftir því sem næst verður komizt, og vildi ég mega nefna þær. T. d. eru það björgunarhringir, björgunarbelti og önnur björgunartæki, grastó, presenningardúkur, presenningar, akkeri, akkerisfestar, vír, þvingur og hjól í þær, stýrishjól, önnur tæki til skipa, dufl, ljósker, hraðamælir í skip, línubyssur, hvalbyssur og hlutir til þeirra. Hérna er listi yfir nokkur atriði, sem mundu teljast rekstrarvörur til útvegsins, og eins og ég segi, þetta er manni fengið í hendur núna rétt áður en fundir hefjast af mönnum, sem hafa verið að athuga þetta, og ekki einu sinni svo vel, að menn hafi komizt yfir að athuga þetta sjálfir. En mundi það ekki vera svo, að það þyrfti nokkru nánari athugunar við og rann-

sóknar, áður en lýkur, hvort það fær staðizt, að það séu engin ný gjöld lögð á brýnustu nauðsynjar né heldur rekstrarvörur útflutningsframleiðslunnar?

Ég vildi mega vænta þess, að þau ýmis atriði, sem fram kynnu að koma núna í meðferð málsins, yrðu tekin til meðferðar aftur á milli umr. og þingmönnum gefist jöfnum höndum, bara undir umr. vegna þess, hve tíminn er stuttur, aðstaða til þess að fá nánari upplýsingar frá hæstv. ríkisstj. um ýmis atriði í sambandi við þetta mál. Það er hér t. d. ein veigamikil fsp., sem mig langar til þess að leggja fyrir hæstv. ríkisstj., og hún er þessi: Er annar grunnur, sem söluskattur í heildsölu er reiknaður af nú eftir þessum lögum en áður, og ef svo er, hver er hann þá og hefur verið ráð fyrir því gert í tekjuáætluninni? Ég held, að það sé ekki neins staðar gert ráð fyrir því, að söluskattur í heildsölu hækki, en ef það er rétt, að það sé einhver annar grunnur, sem söluskattur í heildsölu mundi nú leggjast á eftir þessum lögum og eitthvað hærri en áður, þá verður það að koma fram í meðferð þessa máls, því að þá ætti það að leiðréttast, þar sem a. m. k. er ekki gerð grein fyrir því í frv., að til þess sé ætlazt.

Ég sé ekki ástæðu til á þessu stigi málsins að víkja nánar að einstökum atriðum í sambandi við brtt., sem við munum sennilega flytja hér, meðnm. minn, Ólafur Björnsson, og ég, því að þau mál eiga eftir að fá nánari athugun, en ég hef reynt að bregða nokkurri mynd upp, heildarmynd af þessu máli, hvernig það hefur borið að í þinginu, og svo, eftir því sem aðstaða okkar hefur leyft, að víkja að einstökum atriðum í efni frv. sjálfs.

Það hefur verið margsinnis sagt undir meðferð málsins, að nú hafi verið náð samkomulagi við launastéttirnar í þessu landi um meðferð þessa máls, og það sé nýtt, og hv. þm. V-Húnv. viðhafði þetta áðan. Þetta er mesti misskilningur, eins og margkom hér fram við 1. umr. málsins. Það hefur mörgum sinnum áður verið leitað samstarfs og samkomulags og verið náð samkomulagi bæði við verkalýðsstéttina, launþegasamtökin og framleiðendur fyrr og síðar af öðrum ríkisstj. og tekizt misjafnlega. Og mér þykir eiginlega furðulegt, að fulltrúar Alþfl. skuli sitja hér alltaf þegjandi undir því, að þetta sé í fyrsta skipti, sem eiginlega hafi verið talað við verkalýðinn í landinu, og minnast ekki þess, að einu sinni var þó til fyrsta stjórn Alþfl. á Íslandi. Er það virkilega svo, að hún hafi enga tilraun gert til samkomulags eða viðræðna við alþýðustéttirnar í þessu landi, meðan hún sat? Ætli hún hafi ekki staðið að bæði viðræðum, stéttarráðstefnum og samkomulögum, sem gerð voru? Mér finnst ekki, að hæstv. núv. ríkisstj. hafi af svo miklu að státa í því samkomulagi, sem hún er sí og æ að tala um að hún hafi náð við stéttirnar um þetta mál. Hvernig er samkomulagið við bændurna? Ja, það er talað um sjö menn í framleiðsluráði. Fjórir eru með þessu, tveir eru á móti þessu, einn tekur ekki afstöðu til málsins í heild, og þeir lýsa því yfir, að það var lauslega við þá talað. Þeir fengu ekki einu sinni að sjá málið. Það hefur kannske verið fegrað meira að segja fyrir þeim. Ég veit það ekki. Þetta er afstaða bændastéttarinnar í landinu. Þetta er nú ekki ómyndarlegt samkomulag við heila stétt í þjóðfélaginu. Og hvað segir svo verkalýðsstéttin? Eftir grg. frv. segir, að miðstjórn Alþýðusambands Íslands og efnahagsnefnd, sem kosin var á þingi Alþýðusambandsins, hafi ályktað, að veita beri ríkisstj. starfsfrið, þar til úr því fæst skorið, hvernig framkvæmdin tekst. Ja, það á bara að veita henni frið, þangað til hún fær ófrið. Og sjálfir lýsa þeir því í blaðinu, að þeir hafi vopnin til þess að skapa ófrið, ef svo ber undir, og ekki sýnist manni nú, að stjórn standi mjög föstum fótum um samkomulag við stéttir, sem hefur ekki meira af að státa en þetta. Ég held, að það sé sannmæli, að þeir fundir, sem haldnir hafa verið innan verkalýðsfélaga hér í vikunni sem leið, hafi yfirleitt verið fámennir og lítil hrifning af úrræðum ríkisstj. Og var nokkurs staðar leitað samþykkis á nokkrum fundi þessara stéttarsamtaka á úrræðunum? Var nokkuð meira gert en að skýra þetta fyrir fundarmönnum og fundi slitið svo, eftir að ýmsir voru búnir að láta litla ánægju í ljós yfir úrræðunum, eða það er kannske misskilningur hjá mér og það liggi fyrir, að þessir fundir hafi samþykkt þessi úrræði? Mér hefur verið skýrt frá því, að það hafi þvert á móti alls ekki verið samþykkt neitt, heldur sagt frá þessu. Þetta er náttúrlega að kunna vel til vígs og telja sig standa báðum fótum í jötu og hafa náð samkomulagi við þjóðina í heild, held ég. Það væri æskilegt, að friður fengist í þjóðfélaginu, vinnufriður og friður í efnahagsmálunum, meiri en verið hefur, en því miður finnst mér ekki, að það séu mörkuð nein ný spor í þessu efni með þessu frv., sem hér hefur verið lagt fyrir.

Ég skal svo ljúka máli mínu, um leið og ég endurtek það, að á síðara stigi málsins eigum við eftir að flytja einhverjar brtt. En allt veltur það á því, bæði þær athugasemdir, sem fram hafa verið settar, og einnig það, að brtt. eru ekki fram komnar, hversu sáralítinn tíma við höfum haft, en viljum þó reyna að standa ekki í vegi fyrir, að málið geti náð skjótlega fram að ganga.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ég flutti ásamt tveimur öðrum hv. deildarmönnum, þm. G-K. og þm. Snæf., frv., þar sem lagt var til, að dráttarvélar og vélar í fiskiskip skyldu undanþegnar öllum aðflutningsgjöldum. Ég gerði grein fyrir því þá, að innflutningsgjöld á þessum vélum væru um 30% eða rúmlega það, auk þess sem goldinn er af þeim þungaskattur. Ég gerði enn fremur grein fyrir því, að hér væri um svo þýðingarmikla hluti í búskap Íslendinga að ræða, bæði til lands og sjávar, að óeðlilegt væri að hamla kaupum manna á þessum þörfu áhöldum með svo þungum innflutningstollum, og ég gerði enn fremur grein fyrir annarri afleiðingu og öfugþróun, sem leitt hafði af þessu og í sambandi við það, að farið var að skipta um vélar í bátum erlendis, því að þegar þær voru fluttar til landsins með þeim hætti í bátunum, þurfti ekki neinn skatt af þeim að greiða.

Nú virðist mér samkv. því frv., sem nú er hér til umræðu um útflutningssjóð, að ekki horfi vænlega um framgang þessa frv., því að einn liðurinn í þessu stóra og margbrotna frv., sem mjög er erfitt að henda reiður á, eins og hér hefur komið fram, er að hækka nú enn nokkuð skatt á þessum vélum, bæði á bátavélunum og líka á dráttarvélunum. Þetta er þó ekki í stórum stíl gert, en af þessu má nokkuð ráða, hversu ástatt muni verða um afstöðu til þess frv., sem ég ásamt tveimur öðrum flutti hér á þinginu, þar sem að þessu frv. um útflutningssjóð standa þrír stjórnmálaflokkar í landinu, sem vitanlega ráða úrslitum allra mála á Alþingi.

Ég hef nú borið hér fram brtt. við þetta frv. að því er snertir bátavélar og dráttarvélar. Tilgangurinn með þeim er sá að hefta frekari skattaálagningu á þessar vélar og að láta koma fram í sambandi við þær þá skattalækkun, sem felst í niðurfellingu framleiðslusjóðsgjaldsins. Þetta er þá sá tilgangur, sem ég vildi hér hreyfa og þreifa fyrir mér um, hvort ekki væri hægt að fá samkomulag um í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

Samkv. þessu frv. um útflutningssjóð koma aðflutningsgjöld í nýju formi á dráttarvélarnar, þ. e. yfirfærslugjald, sem er 16% samkv. 15. gr. þessa frv., en bátavélarnar falla undir ákvæði E-liðar í 27. gr., en þessi 11% ákvæði þar jafngilda 15% á yfirfærslugjaldinu. Þetta hefur hagstofustjóri athugað fyrir mig og gefið mér um þetta upplýsingar. Nú er fellt niður, eins og ég gat um áður, framleiðslusjóðsgjaldið, en það er á þessum vélum 9.9%. Hækkunin verður þá frá því, sem nú er, á dráttarvélunum 6.1% og á bátavélunum 5.1%. Þessi hækkun bætist þá við þau gjöld, sem nú hvíla á þessum vélum, eftir að framleiðslusjóðsgjaldinu hefur verið aflétt. — Þá er enn fremur gert ráð fyrir því, að skattlagðar verði með 15% vélar, sem settar eru í íslenzk skip erlendis, enda sé þar ekki um nýbyggingu að ræða. Þetta er alveg nýr skattur, af því að áður hefur ekki hvílt neitt innflutningsgjald á þessum vélum, eins og kunnugt er og ég hef hér lýst. Hér er um 15% skatt að ræða, svo framarlega sem hann verður ekki endurgreiddur, en til þess er heimild í þessu frv., gagnstætt því, sem er um bátavélar, sem fluttar eru inn, því að þar er því slegið föstu, að skatturinn af þeim, þ. e. yfirfærslugjaldið, 16%, skuli verða endurgreiddur.

Sú leið, sem ég hef þá valið til þess að koma þessu fram, að standa á móti frekari hækkun á þessu og að láta falla á vélar þessar þá lækkun á skatti, sem leiðir af niðurfellingu framleiðslusjóðsgjaldsins, er eins og brtt. við 16. gr. hermir, sem fjallar um undanþágu frá yfirfærslugjaldi samkv. 15. gr. Eru þar taldar gjaldeyrisgreiðslur, sem fella á undan. Ég legg þess vegna til, að upp í þessa upptalningu á eftir 71. kafla A-liðar komi dráttarvélar, sem falli þannig undan þessum skatti, þ. e. yfirfærslugjaldinu. En að því er snertir bátavélarnar, þá hef ég lagt hér til við 27. gr., þ. e. E-liðinn, að í stað nr. 10—21 í 72. kafla kemur nr. 10—21 og bátavélar í nr. 30 í 72. kafla tollskrárinnar. Með þessum hætti falla dráttarvélarnar undan ákvæðum yfirfærslugjaldsins og bátavélarnar falla undan ákvæðum E-liðar í 27. gr.

Ég skal aðeins bæta því við í sambandi við það, sem ég hef áður sagt um þetta, að hér er um mjög þýðingarmiklar vélar og tæki að ræða fyrir útflutningsatvinnuvegina, sjávarútveg og landbúnað. Nú eru fiskveiðar allar stundaðar hér við land á vélbátum og togurum og er yfirleitt ekki neinu skipi fleytt út á fiskimið óðruvísi en að það sé vélknúið. Þetta er undirstöðuatriði í fiskófluninni í landinu og öflun þess gjaldeyris, sem við nú þurfum að nota til okkar þarfa og til þess að mæta okkar þörfum og öllu því mikla og margbrotna uppbyggingarstarfi, sem við stöndum að í þessu enn þá hvergi nærri fullnumda landi. Um dráttarvélarnar er það hins vegar að segja, að þær eru undirstöðuatriði í fyrsta lagi allra ræktunarframkvæmda í þessu landi, og þær eru nú orðið undirstöðuatriði allra vegagerða í þessu landi, auk þess eru dráttarvélarnar langsamlega stærsta aflið nú orðið, sem bóndinn beitir fyrir sér við heyöflun og yfirleitt allt, sem lýtur að framleiðslu og því að koma framleiðslunni á markað. Þetta byggist að langsamlega mestu leyti nú orðið á dráttarvélum. Það má því af þessu sjá, hve varhugavert það er að beita eins ströngum innflutningstollum og hér er gert við kaup á þessum nauðsynlegu vélum.

Við hv. 2. þm. Skagf. erum í þessum brtt. okkar ekki stórtækari en það, að við leggjum til, að aðeins ⅛ hluti allra innflutningsgjalda á þessar vélar, eins og nú er, verði felldur niður. Við stígum nú ekki stærra spor í þessum tillögum. En ég vildi þreifa og við á þessu máli þannig, hvort það væri ekki fyrir hendi skilningur hér á því að ganga ekki lengra en gert hefur verið í innflutningsgjöldum eða skattaálagningum á þessar vélar og hvort ekki væri hægt að fá nokkurn bilbug á því, að þeirri þörf yrði lítils háttar mætt að slaka nokkuð til á þessum háu innflutningsgjöldum.

Ég vil enn fremur í sambandi við þessa hækkun á bátavélum beina því til hæstv. ríkisstj. og þá sérstaklega sennilega til hæstv. fiskimálaeða sjávarútvegsmálaráðherra, hvort það væri í samræmi við þann samningsgrundvöll, sem lagður hefur verið við útvegsmenn í þessu landi, að skattur á bátavélarnar yrði hækkaður. Ég hef hér í höndum afrit af þessum grundvelli. Ég fullyrði ekki, hvort það er afrit af því, sem endanlega var fundið sem niðurstaða í þessum samningum. Þó hygg ég, að svo muni vera. Þetta mun vera bréf frá hæstv. sjútvmrh. til þeirra manna, þ. e. a. s. til samninganefndar Landssambands íslenzkra útvegsmanna, dags. 18. des. 1956. Þar stendur í 14. lið:

„Ekki er fyrirhugað að leggja ný gjöld á aðalrekstrarvörur bátanna né innfluttar fiskibátavélar og fiskiskip."

Mér skilst því, að sú hækkun, sem hér er um að ræða á skatti á bátavélarnar, sé í ósamræmi við þá yfirlýsingu, sem hér er gerð, og vildi ég þá, um leið og ég mæli fyrir brtt. okkar hv. 2. þm. Skagf., vekja athygli á þessu og þá fyrst og fremst þeirra aðila, sem að þessum samningum við samninganefnd Landssambands ísl. útvegsmanna standa.

Eins og ég tók fram, er lagður hér nýr skattur á vélar, sem settar eru í báta erlendis, en hins vegar er heimild til að fella þann skatt niður. En ef sú heimild er ekki notuð, þá er í viðbót við þá hækkun á skatti, sem ég gerði hér grein fyrir, 5.1%, skattur á bátavélar hækkaður um 15% samkv. útreikningi hagstofustjóra á því, hvernig þessi E-liður kæmi fram í sambandi við þessar vélar. Það, sem hér er talið vera 11%, samanborið við yfirfærslugjaldið, samgilti því að vera 15%, og er ekki að draga í efa, að hjá hagstofustjóra, jafnglöggum manni og ábyggilegum um alla útreikninga, muni vera rétt með farið.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál og ekki fara að ræða hér almennt um það. Það hefur verið gert, og það hafa mismunandi sjónarmið komið fram. En hitt var mér ljóst, þegar ég fór að athuga um þessar brtt., hvílíkt dæmalaust völundarhús þetta frv. er, og sá, sem hættir sér inn í moldviðri 27. gr., veit það ekki, a. m. k. ekki fyrir fram, hvenær hann kemst út aftur.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru fyrst fáein orð út af brtt. frá hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Skagf. um vélarnar. Það er einhver misskilningur í þessu máli. Þannig er mál með vexti, að landbúnaðarvélar þær, sem hér um ræðir, voru undir framleiðslusjóðsgjaldi, en eru nú í staðinn undir yfirfærslugjaldi í frv. Það er sem sé fellt niður framleiðslusjóðsgjaldið og söluskatturinn í smásölu, að því leyti sem hann kom á þær, en í staðinn kemur yfirfærslugjald. Þeir, sem bezt vita, segja, að þetta geti að vísu í vissum tilfellum munað 1% eða svo í aðflutningsgjöldum og ef til vill í mesta lagi ½% eða svo í verði, en það er praktískt talað óbreytt ástand. Það er einhver misskilningur hér, því að einmitt í þessu var ég að tala við hagstofustjóra, sem gaf mér þessar upplýsingar, enda átti þetta svona að vera í frv.

Viðvíkjandi bátavélunum er það að segja, að þær voru undir framleiðslusjóðsgjaldi áður, eru nú undir yfirfærslugjaldi. Það verður þess vegna það sama upp á teningnum með þær, að þær standa raunverulega í stað, miðað við það, sem verið hefur. Út af þessu vil ég svo segja, án þess að ég vilji nokkuð fara að munnhöggvast um þetta, að í fyrra, þegar hér voru sett gjöld vegna framleiðslunnar og í fleira skyni, þá voru sett ný gjöld bæði á bátavélar og landbúnaðarvélar. Ég vil því nú satt að segja vænta þess, að þeir menn, sem þá áttu þátt í því að hækka gjöld á vélum þessum, sætti sig nú við það, að engin ný gjöld eru lögð á þær, á sama tíma sem gjöld eru lögð á flest annað, og þýðir það, að þessar vélar fá mun betri aðstöðu, ef svo mætti segja, samanborið við aðrar vörur, en þær hafa haft. Ég skil satt að segja ekki almennilega í því, að þeir, sem voru með því í fyrra að leggja 10% ný gjöld á þessar vélar, skuli nú sjá ástæðu til að hreyfa sig, þegar sett eru á ný almenn gjöld, en þessar vélar einmitt undanþegnar þeim.

Ég kvaddi mér ekki hljóðs til þess að fara að taka hér þátt í almennum pólitískum umr., þó að það væri að sumu leyti tilefni til þess frá 5. þm. Reykv. Ég get þó ekki stillt mig um að benda á tvennt eða þrennt hjá þessum hv. þm., fyrst ég er kominn hingað. Fyrst var það, að hann og aðrir sjálfstæðismenn hafa verið að tala um hér, að verið væri að fara troðnar slóðir. Látum nú vera, að það er ekki rétt, því að í þessu er margt frábrugðið því, sem áður hefur verið. En þeir segja, að það sé verið að fara troðnar slóðir. En af hverju eru þeir þá svona reiðir, ef hér er verið að fara sömu slóðir og þeir hafa sjálfir fetað? Í þessu er mjög mikið ósamræmi hjá hv. þm. Sjálfstfl. Hér mun koma tvennt til: Annars vegar það, að þeim sviður að hafa misst völdin, og svo hitt, að þeir vita það inn á sér, að það verða ekki farnar að öllu leyti troðnar slóðir, heldur verða gerðar ýmsar ráðstafanir, sem verða nokkuð öðruvísi en áður hefur verið hægt að gera í samvinnu við þá. Þetta er nú sannleikurinn í málinu. Það er þetta tvennt, sem kemur til.

Þá sagði hv. 5. þm. Reykv., að það væri einkennilegt, að Framsfl. skyldi sjá ástæðu til þess að breyta til og taka upp samvinnu við Alþb. og Alþfl. í staðinn fyrir Sjálfstfl.

Við höfum nú svo margoft gert grein fyrir því, af hverju þetta var gert, að ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það hér. En hv. þm. sagði í þessu sambandi, að það hefði verið vegna þess, að Framsfl. hefði verið að sækjast eftir völdunum. Eitthvað skýtur þetta nú skökku við, því að eftir því, sem manni skilst, var víst enginn vandi að halda völdunum áfram í samvinnu við Sjálfstfl. (Gripið fram í.) Það mun ekki hafa staðið á því að halda völdunum með því að vera í samvinnu við Sjálfstfl., þannig að Framsfl. þurfti ekki þess vegna að breyta til. Hann gat verið áfram við völd með Sjálfstfl. Er það ekki það, sem þeir hafa alltaf verið að segja sjálfir sjálfstæðismenn, að þeir hafi endilega viljað vera áfram í stjórn með Framsfl.? Nei, Framsfl. breytti ekki til til þess að komast að völdum, sem hann áður hafði ekki, heldur vegna þess, að við fundum það, reynslan var um það ólygnust, að þessir flokkar tveir réðu ekki við efnahags- og framleiðslumálin og það þurfti að reyna aðrir leiðir. Það þurfti því að reyna samvinnu við aðra aðila, og það er verið að reyna nú með þeim árangri í fyrstu umferð, að samkomulag hefur í fyrsta skipti nú um langan tíma, víðtækt samkomulag, náðst um þær ráðstafanir, sem verið er að gera. Þetta er stórfelld nýjung, hvernig sem reynt er að draga athyglina frá því. Sjálfstæðismenn gera sér að vísu vonir um, að þetta samkomulag sé meira á yfirborðinu en raunverulegt. Reynslan á eftir að skera úr því. En hræðileg vonbrigði hljóta það að verða fyrir mennina, ef það reynist svo, að þetta samkomulag verði sæmilega haldgott.

Á hinn bóginn mun það ekki verða slæmt fyrir þjóðina, ef þetta samkomulag reynist haldgott, því að þá gæti vel farið svo, að þær ráðstafanir, sem hér er verið að gera, gætu orðið til nokkurrar frambúðar. (Gripið fram í.) Já, það væri ekki gott fyrir hv. þm., sem er að taka fram í, ef svo yrði.

Þá vil ég aðeins minnast á, að hv. 5. þm.

Reykv. var að fárast hér út af þeim hraða, sem væri á málinu, og hvað menn fengju lítinn tíma til þess að sinna því, athuga það gaumgæfilega í krók og kring. Öðruvísi mér áður brá. Þessi hv. þm. var nú ekki að tvínóna við það í fyrra og hittiðfyrra, þegar hann var að koma í gegn hliðstæðum frv. þáv. ríkisstj., áreiðanlega ekki með minni hraða en nú er á hafður. Þá lagði hann ekki fingurna á milli við hv. stjórnarandstæðinga, *taldi þá víst hafa alveg nægilegan tíma til* þess að skoða málin, þó að þeir hefðu ekki meiri tíma þá en hv. stjórnarandstæðingar hafa nú.

Sannleikurinn er sá, að meðferðin á þessu máli er alveg hliðstæð því, sem áður hefur þekkzt. Það væri auðvitað æskilegra, að þetta þyrfti ekki að ganga með svo miklum hraða. En við vitum, að þar kemur til, að undirbúningstíminn er mjög takmarkaður, ef þessum málum á að ljúka í tæka tíð. Þau eru flókin og erfið viðfangs, en jafnframt þannig vaxin, að þau mega ekki vera lengi í meðförum hv. Alþingis. Það er sannleikurinn. (Gripið fram í.) Þau verða að vera nokkuð lengi í meðförum í stjórnarráðinu, eins og þessi hv. þm. þekkir manna bezt.

Þá var hv. þm. að tala um, að það væri svo erfitt að vinna að þessu, það væru svo margar tilvísanir í frv. og það vantaði upplýsingar, sem þar að lúta. En hv. stjórnarandstæðingar fengu í gær lista til skýringar þeim tilvitnunum, sem í frv. eru, og hefði verið í lófa lagið að nota tímann til þess að kynna sér þessa lista. En svo var á hv. 5. þm. Reykv. að heyra, að hann hefði alls ekki séð listana, og það er þá vegna þess, að það er léleg verkstjórn í Sjálfstfl., en ekki er það stjórnarflokkunum að kenna, að hann hefur ekki séð listana, því að þeir fóru til flokksins í gær.

Þá sagði hv. þm., að það væri sanngjarnt, að frv. fylgdu útreikningar um það, hvaða áhrif ákvæði þess hefðu á hverja einstaka vörutegund, hversu mikið hún hækkaði í verði vegna ákvæða frv.

Þessar upplýsingar hefur stjórnin ekki á reiðum höndum, og ég fullyrði það af langri reynslu, að það hefur ekki tíðkazt, að frv. eins og þessu fylgdu slíkar upplýsingar, að það væri reiknað út um hverja vörutegund, hvaða verðbreytingum hún tæki vegna nýrra álaga. Þessu hefur aldrei orðið við komið, og raunar óframkvæmanlegt um viðtæk frv.

Loks spurði hv. þm., hvort söluskattur í heildsölu yrði reiknaður á öðrum grundvelli samkvæmt þessu frv., ef það yrði að lögum, en áður hefði verið. Þessu er hægt að svara neitandi. Hann verður reiknaður nákvæmlega á sama hátt og verið hefur.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það stórmál, sem hér er til umr., er án efa eitt alvarlegasta og þýðingarmesta mál, sem ætla má að komi fyrir það Alþingi, sem nú situr. Það er þess vegna ekki neitt undarlegt, enda þótt málið sé ekki nýtt, að það séu verulega skiptar skoðanir um afgreiðslu þess.

Sá hæstv. ráðh., sem hér var að ljúka máli sínu, hæstv. núverandi og fyrrverandi fjmrh., hefur haft meiri áhrif á það en nokkur einn maður annar í þessu landi, hvaða leiðir hafa verið farnar í fjármálum að undanförnu, og þegar hann er að tala um í ræðu sinni troðnar slóðir, þá er það sannarlega ekki út í hött, að þessi hæstv. ráðherra tali um troðnar slóðir í sambandi við þetta frv., vegna þess að það eru vissulega farnar troðnar slóðir eftir hann samkvæmt því frv., sem hér liggur fyrir, og þær troðnu slóðir liggja í þessu: það eru hærri skattar, hærri tollar, hærri dýrtíð, hækkuð laun, meiri fjármálavitleysa en nokkurn tíma hefur áður þekkzt. Þetta er áframhald af þeirri sögu, sem þessi hæstv. ráðherra á í stjórnmálum okkar lands.

Nú skal ég minnast á það, að þessi hæstv. ráðherra sagði hér í gærkvöld, að það hefði komið í ljós í hvert sinn, þegar hefðu verið gerðar nýjar ráðstafanir til bjargar framleiðslunni, að þá hefði dýrtíðarhjólið farið af stað. Þetta eru sönn orð. Þau eru byggð á reynslu og ekki hægt að gera neina athugasemd við þau. En mundi nokkrum alþm. eða yfirleitt nokkrum landsmanni detta það í hug, sem kynnir sér það frv., sem hér liggur fyrir, að það sé ekki endurtekning á þeirri sögu, sem hæstv. ráðherra var að minnast á í sambandi við þetta mál, því að hafi dýrtíðarhjólið farið oft áður á harðan gang í sambandi við ráðstafanir Alþingis í efnahagsmálum, þá er víst, að það fer kannske harðar, á harðasta gangi nú við framkvæmd þeirra laga, sem hér á að knýja í gegn þessa daga.

Annars er það sérstaklega eitt atriði einmitt í sambandi við dýrtíðarskrúfuna, sem gerði það að verkum, að ég kvaddi mér hér hljóðs, vegna þess að ég hef á undanförnum árum verið mjög á annarri línu en margir aðrir alþm., bæði andstæðingar mínir og jafnvel sumir mínir flokksmenn, og það er það, að mér hefur verið það fullkomlega ljóst, að undirstaða allra þeirra villustiga, sem við höfum lent á í fjármálum og atvinnulífi, eigi rót sína að rekja til dýrtíðarskrúfunnar, sem stofnað var til í ársbyrjun 1940 og síðan hefur alltaf verið rekin með mismunandi stökkum og mismunandi hætti.

Nú verð ég að segja það, að í því svartamyrkri óstjórnar, sem þjóðin hefur búið við undanfarna mánuði, hafa þó birzt tvö vitaljós, sem bæði eru þýðingarmikil. Annað er það, að hæstv. ríkisstj. hefur snúið frá villu síns vegar varðandi varnir landsins. Hitt er það, að það voru hér fram sett af hæstv. félmrh. bráðabirgðalög á síðasta sumri um það að stöðva dýrtíðarskrúfuna, stöðva vísitöluna með festingu kaupgjalds og verðlags.

Ég skal ekki draga af því, að ég tel hæstv. félmrh. til sóma að hafa sett þessi lög, því að hann hefur vafalaust átt í því mestan þátt og sýnt í því mestan manndóm. En það kemur í ljós í sambandi við þetta frv., að Adam var ekki lengi í Paradís, því að nú á að setja dýrtíðarskrúfuna *í fullan gang á ný*.

Ég gerði um það fyrirspurn við 2. umr. þess frv. hér í hv. deild, hver væri ætlunin með áframhald þessara bráðabirgðalaga um festingu verðlags og kaupgjalds. Það mun enginn hæstv. ráðherra hafa verið viðstaddur, og þess vegna var það, að formaður fjhn., hv. þm. V-Húnv. (SkG), varð fyrir svörum, og hans svör voru á þá leið, að það mundi ekkert samkomulag hafa

orðið um það í fjhn. að afnema það ákvæði, að þessi lög gengju úr gildi á næsta nýári, og í því fólst auðsjáanlega vísbending um það, að nú væri ætlunin, að hér ætti að breyta og taka vísitöluskrúfuna í gang aftur, enda sýnir það sig í 36. gr. þessa frv., að nú eru bráðabirgðalögin gerð að engu að öðru en því, að þau 6 vísitölustig, sem afnumin voru, eiga ekki að koma til hagnaðar fyrir launþega og framleiðendur til þess að hækka vísitöluskrúfuna áfram. Það má segja, að það sé spor í rétta átt, en hitt er aðalatriðið, að með þessu frv. er algerlega snúið frá þeirri stefnu, sem hæstv. ríkisstj. var töluvert búin að útmála og segja margt mjög réttilega um á s. l. hausti, og nú á að setja vísitöluskrúfuna í gang aftur, hvort sem það stafar af því, að hæstv. félmrh., sem hafði hér forustuna, hefur skipt um skoðun, ellegar þá að hinir hæstv. ráðherrar hafa orðið yfirsterkari og beitt hann ráðum, til þess að hér skuli gersamlega breytt frá því, sem verið hefur.

Nú skal ég segja hv. þm. það, að þrátt fyrir alla galla, sem eru stórir og miklir á þessu frv., þá hefði ég kannske skoðað huga minn um það, hvernig ég ætti að greiða atkv., ef það hefði verið alveg fastákveðið í frv. að stöðva vísitöluskrúfuna fyrir fullt og allt, því að þá var þó hægt að segja, að það væri tilgangur í þessu frv., og hann nokkur, sem ætla mætti að gæti gert gagn fyrir framtíðarvelferð okkar þjóðar.

Nú gæti skeð, að það mætti segja, að ég ætti að bera fram brtt. um þetta atriði. En ég sé, að þetta mál er bundið svo föstum böndum með samningum og krossbindingum sitt á hvað hjá hæstv. ríkisstj., hv. stjórnarflokkum og þeim samtökum, sem þeir hafa leitað til, að ég sé ekki, að það hafi neina þýðingu fyrir mig að bera fram brtt. um að gerbreyta þessari 36. gr. frv., og það verður þá að liggja ljóst fyrir þjóðinni, að það eru þessir stjórnarherrar, sem bera ábyrgð á því að snúa algerlega frá því skásta striki, sem þeir hafa þó gert, síðan þeir tóku við völdum, sem er bráðabirgðalög hæstv. félmrh.

Nú skal ég ekki fara út í mjög náin einstök atriði þessa frv., því að hv. 5. þm. Reykv., frsm. minni hl. fjhn., hefur gert því rækileg skil og á sjálfsagt eftir að fara inn á mörg atriði þar. En ég ætla að minnast á nokkur stærri atriði, sem hljóta að vera öllum hv. alþm. ljós fyrir augum í sambandi við það stórmál, sem hér liggur fyrir.

Það er áætlað, eftir því sem útlit er fyrir, að þeir tollar og skattar, sem á að innheimta samkvæmt þessu frv., séu eitthvað rúmlega 500 millj. kr. Þar af er hækkun frá því, sem verið hefur, um 240 millj. kr. Þetta er byggt á því, að það eru tekin inn framleiðslusjóðsgjöldin frá því í fyrra og bátagjaldeyririnn og nokkur atriði önnur. Samkvæmt því fjárlagafrv., sem liggur fyrir þessu Alþingi, eru gjöld þess áætluð 712 millj. kr. rúmlega. Þetta er samtals 1212 millj. kr. Nú er gert ráð fyrir, að af þeim tekjum, sem þetta frv. gefur, fari um 100 millj. kr. inn í fjárlagagreiðslur, svo að hér eiga samkvæmt áætlunum heildarútgjöld, sem falla á landslýðinn árið 1957, að verða 1112 millj. kr., með því móti þó, að það sé ekki reiknað með því, sem venjulegt er, að stórar umframgreiðslur komi fram frá fjárlögum. Þessi upphæð svarar til þess að vera tæplega 7000 kr. á hvert einasta mannsbarn á Íslandi, þar með talin börnin í vöggunni, sjúklingarnir á spítölunum og gamalmennin, sem komin eru að fótum fram.

Geta menn nú búizt við, að það sé hægt að halda svona áfram mjög lengi? En þessi áætlun svarar mjög til þess, að þetta sé þó ekki meira en 100 millj. kr. hækkun frá því, sem gera ber ráð fyrir að verði þetta ár, árið 1956. Sú áætlun er þannig: Áætlun fjárlaganna er 661 millj. kr., áætlun yfir útgjöld framleiðslusjóðs er 152 millj. kr., og það er gert ráð fyrir því, að a. m. k. sé bátagjaldeyrir 100 millj. kr., og þá er komið í 913 millj. kr. Nú veit ég það af fenginni reynslu og öllum líkum, að úr því að hæstv. núverandi fjmrh. stjórnar til ársloka, þá munu umframgreiðslurnar á fjárlögum aldrei verða innan við 100 millj. kr., svo að þá er þetta komið í 1013 millj. kr., eða 100 millj. kr. minna en gert er ráð fyrir að verði á árinu 1957, og það er þó sá fyrirvari um það, að það er byggt á því, að fjárlögin hækki ekki í meðferð þingsins meira en því svarar, sem hér hefur verið um talað, og að þar eru ekki teknar með þær væntanlegu umframgreiðslur á næsta ári.

Nú hefur verið mjög um það talað á undanförnum árum af núverandi stjórnarflokkum, sem eru höfuðsakaraðilar í því, hvernig komið er okkar hag með hlutfallið milli framleiðslu og vinnu, — það hefur verið mjög um það talað og var mjög um það talað í gærkvöld og nótt, að það væri verzlunin, sem sérstaklega þyrfti að taka í gegn. Það hefur verið útmálað og kom fram m. a. frá hæstv. menntmrh., að sá gífurlegi mismunur, sem er á verðlagi á vörum í nágrannalöndunum og hér, sé fyrst og fremst því að kenna, hvað verzlunarstéttin, þ. e. samvinnufélög og kaupmenn, leggi mikið á vörurnar. Ég held, að þetta sé að mjög miklu leyti misskilningur. Ég efast um, að við höfum nokkuð áleitnari verzlunarstétt, Íslendingar, heldur en gerist meðal annarra þjóða, enda er það svo, að hér er annað, sem villir um fyrir fólkinu og er eðlilegt að villi um fyrir því.

Það er almennt talið, að það sé svo mikill verðmunur erlendis og hér, að það borgi sig fyrir einhleypan mann að sigla til útlanda og kaupa sér föt frá því innsta til hins yzta, mismunurinn á verðinu á fatnaðinum vinni upp allan ferðakostnaðinn. Þetta er mjög almennt talið, hvað þá þegar sá fjöldi manna, sem siglir til útlanda, kaupir í ferðinni fatnað á alla sína fjölskyldu. En mundi þetta vera aðallega af álagningu verzlunarstéttarinnar? Ég segi nei. Það er fyrst og fremst ríkið, sem á þarna hlut að máli. Það eru tollarnir, sem eru aðalatriðið í þeim gífurlega verðmismun, sem hér er um að ræða, enda þegar komið er svo, að það á að taka 7000 kr. af hverju mannsbarni á landinu í tekjur til þess opinbera, og eru þó útsvörin ekki þar talin með, og þegar meginhlutinn af því er tekinn í gegnum tolla, þá er ekki furða, þó að það sé nokkuð alvarlegur mismunur á verðlagi hér í nágrannalöndunum á nauðsynjavörum við það, sem hér er.

Nú er það svo, að hér hefur verið mjög talað

um það, að þetta frv. væri fram sett með samkomulagi við stéttarfélög og það mundi þess vegna, beinlínis þess vegna, verða meira til þess að halda í skefjum dýrtíðarskrúfunni en verið hefur. Ég hef enga trú á þessu. Þó að talað hafi verið við nokkrar stjórnir stéttarfélaga, og það er út af fyrir sig virðingarvert og hefur oft verið gert áður að tala við þær, þá hefur alls ekki verið talað við allan almenning, sem ekki er hægt, enda er ég yfirleitt þeirrar skoðunar, að hver sú ríkisstj., sem hefur manndóm til þess að taka ákvörðun, sem hún telur rétta, eigi ekki að þurfa að tala við nein stéttarfélög, heldur eigi hún að berjast fyrir sínum málstað við stéttarfélögin eftir á, þegar hún er búin að taka ákvörðun um það, hvað hún álítur rétt vera.

Nú er það þess vegna alveg ljóst, a. m. k. er það ljóst fyrir mínum augum, að að svo miklu leyti sem þetta frv., sem hér liggur fyrir og vafalaust verður gert að lögum, að svo miklu leyti sem það er ekki beint gengisfall eða gengisbreyting, stefnir það óðfluga að því að koma hér á því, sem stefnt hefur verið töluvert mikið að undanfarið, sem er gengishrun, ekki gengisfall, heldur gengishrun, hrein vandræði, því að það er alveg augljóst, að það verður stærsta skrefið, sem lengi hefur verið stigið í dýrtíðarátt.

Ég skal nú ekki fara út í mikla pólitíska hluti hér að öðru leyti, en ég get þó ekki stillt mig um að minna á ein þau stórpólitísku ummæli, sem komu hér fram í gærkvöld frá hæstv. fjmrh. Hann sagði eitthvað á þá leið, að hann væri orðinn sannfærður um það, hefði komizt að þeirri niðurstöðu, að þau ráð, sem Alþýðubandalagið og verkalýðsfélögin hefðu, væru alltaf beztu ráðin. Ég vil nú leyfa mér að óska hæstv. félmrh., formanni Alþýðusambandsins, innilega til hamingju með þessi ummæli fjmrh., því að ef einhver alvara stendur á bak við þau, þá hljóta þau að leiða til þess, að það verður ekki mjög langt þess að bíða, að Framsfl. gangi í einni heild inn í Alþýðubandalagið. Hvort honum á þá að fylgja fylgifiskurinn, hv. Alþýðuflokkur, það getur verið kannske meira aukaatriði. En hvað sem því líður, þá er þó víst, að það frv., sem hér liggur fyrir, og þær yfirlýsingar, sem fram hafa komið í því sambandi, það er allt saman þannig, að það getur haft mjög veigamikla þýðingu fyrir öll okkar stjórnmál á næstkomandi tímum.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það er nú orðið upplýst, að í því frv., sem hér liggur fyrir til afgreiðslu og ætlunin er að koma í gegnum Alþ. á þremur dögum, er ráðstafað gjöldum á almenning sem svarar a. m. k. 500 millj. kr., og þar af eru nýjar álögur a. m. k. í kringum 240 millj.

Hæstv. fjmrh. hélt því fram, að það væri engin nýjung, að slík frv. hefðu áður verið drifin í gegnum Alþ. með jöfnum hraða eins og ætlað er um þetta frv., og taldi, að á okkur sjálfstæðismönnum sæti ekki að finna að slíkri meðferð, þar sem við hefðum sjálfir átt sem þátttakendur í ríkisstj. fullan hlut að þvílíku áður. Ég fullyrði, að aldrei hefur neitt sambærilegt átt sér stað. Ég fullyrði, að aldrei fyrr hefur nokkurt eitt frv. fólgið í sér neitt svipaða gjaldabyrði á Íslendinga eins og ákveðið er með þessu frv. Ég fullyrði, að það er aðeins lítið brot, ¼ eða ⅕ öllu heldur, sem í einu frv. var ákveðinn um síðustu áramót, í janúar, og þá samþ. á fáum dögum hér á Alþingi. Og ég fullyrði, að þá var ekki aðeins um miklu lægri fjárhæð að ræða, heldur var það frv. allt í sinni uppbyggingu og frágangi miklu einfaldara og ljósara en það frv. er, sem hér er til umræðu, því að það er sízt orðum aukið, sem sá þm., sem lengst hefur verið á Alþ. allra Íslendinga frá upphafi, hv. þm. Borgf., sagði hér áðan, að hver sá, sem ætlar sér inn í þótt ekki sé nema myrkviði einnar greinar, kemur þaðan seint út aftur. Og það var aðeins ein grein, sem hann talaði um. En þær greinar, sem óskiljanlegar eru mennskum mönnum, eru ekki ein, heldur margar í þessu frv., því að það er fullkomin staðreynd, að eftir frv. er ómögulegt að átta sig á, hvaða hlunnindi bátaútvegurinn á að fá.

Ég fullyrði, að þetta sé gert af ásettu ráði til þess að dylja bæði Alþ., almenning og útgerðarmennina sjálfa þess, hvað þeim er ætlað. Það er ekki mitt að segja til um, hver tilgangur þess skollaleiks er, en feluleikurinn dylst engum.

Ég hef aldrei verið hræddur við að ætla útveginum eða útgerðarmönnum það, sem þeir þurfa, til þess að atvinnurekstur þeirra sé rekinn stöðvunarlaust og þannig, að þeir, sem við hann starfa, hvar í fylking sem er, beri hæfilegt úr býtum og séu ekki verr staddir en aðrir sambærilegir menn í landinu. En ef menn eiga að greiða atkv. um tilteknar ráðstafanir tilteknum atvinnuvegi til framdráttar, þá er það minnsta, að þeir, sem eiga að rétta upp höndina því til styrktar, fái fullnægjandi grg. um, hver framlögin eru og á hvaða rökum þau framlög eða tillögurnar um þau framlög séu reist. Það hefur algerlega verið vanrækt við framlagningu þessa frv. að gera grein fyrir þessu, og hæstv. ríkisstj. hefur ekki fengizt til þess enn að svara ýtarlegum og mjög málefnalegum spurningum þess efnis, sem hv. þm. G-K. bar fram hér í gær.

Það kann að vera rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan og var búinn að segja hér áður í þingsalnum í dag, að þetta frv. hefði hlotið rækilega meðferð hjá ríkisstj. og stuðningsmönnum hennar. Vel má vera, að svo sé og að þeir viti, hvað í frv. felst. Það hefur þó komið í ljós og sannazt á nefndarfundum í fjhn., að því er þeir segja, sem þar hafa verið, að mjög hefur stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. vafizt þar tunga um tönn um það, hvað í einstökum ákvæðum frv. felist. Ef það er svo ljóst sem þessir herrar vilja nú vera láta, af hverju er þá ekki hinum einföldu og greinargóðu spurningum, sem hv. þm. G-K. bar fram í gær, skýlaust svarað? Af hverju eru svörin annaðhvort alger þögn eða ósæmilegur útúrsnúningur, eins og hæstv. sjútvmrh. lét sér sæma að viðhafa hér í gærkvöld.

Hæstv. fjmrh. var að setja ofan í við mig fyrir það hér í umræðum í dag, að ég hefði gerzt svo djarfur að hverfa héðan af þingfundi til þess að tala um þetta mál í stærsta stjórnmálafélagi landsins í gærkvöld. Hæstv. ráðh. sagði, að það færi illa saman, að við sjálfstæðismenn töluðum um það hér í Alþ., að þetta frv. væri að mörgu

leyti óljóst, en værum þó að fara til þess að skýra það fyrir öðrum. En þeim mun óljósara sem frv. er, þeim mun meira þurfa menn að leggja sig fram um skýringarnar. Og það er einnig frásagnarvert og skýringarvert, að hæstv. ríkisstj. skuli leyfa sér að bera fram annað eins moldviðri í frv. og myrkviði, óskiljanlegt, eins og gert er með því frv., sem hér er fram borið, enda mun áður en yfir lýkur þykja vert að skreppa lengra en hér út í Sjálfstæðishús til þess að tala um þetta mál. Það mun verða umræðuefni, hæstv. fjármálaráðherra, um allt land, áður en yfir lýkur. Engar ráðstafanir ríkisstj. né aðfinningar á Alþingi munu megna að hindra alþm. í framkvæmd skyldu sinnar, þeirrar að láta almenning heyra um þann óskapnað, sem hér hefur fæðzt að tilhlutun hæstv. ráðherra úr Suður-Múlasýslu, sem hingað til hafa ekki talað svo vel hvor um annan, að von væri til, að annað betra kæmi frá þeim, þegar þeir lögðu saman, en slíkt skoffín sem við hér sjáum.

Hæstv. fjmrh. talaði um það áðan, að það færi illa saman, að við segðum að hér væru farnar troðnar slóðir, og þó vildum við ekki styðja þetta frv. Sannleikurinn er sá, að auðvitað hlýtur stuðningur við slíkt frv., jafnlítið skýrt og það er af hálfu hæstv. ríkisstj. og jafnskamman tíma og við höfum til athugunar þess og þingheimur yfirleitt, að jafngilda traustsyfirlýsingu á hæstv. ríkisstjórn. Það væri óverjandi af nokkrum þm. að styðja frv. eftir þá þinglegu meðferð, sem því er ætluð, nema hann með því vildi lýsa trausti á hæstv. ríkisstj. Og ég hygg, að það gengi ærið illa að fá hina svokölluðu stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. til þess að vinna henni traust sitt, ef hugur þeirra væri skoðaður, og svo margir fyrirvarar eru gerðir nú við samþykkt þessa frv., t. d. af hálfu Alþýðusambandsins, að ekki er að búast við því, að við, sem yfirlýstir erum andstæðingar stjórnarinnar og höfum fram að þessu reynzt hafa rétt fyrir okkur í öllum okkar deilumálum við hana og hún fullkomlega rangt, — þess er ekki að vænta, að við förum að nota þetta tækifæri til þess að votta henni traust gersamlega að óverðugu.

Sannleikurinn er sá, að það er auðvitað rétt, að hér eru farnar troðnar slóðir að því leyti, að ekki örlar í þessu frv. á neinum nýjum hugmyndum til lausnar verðbólguvandans. Það má vera, sem hæstv. fjmrh. var að gefa í skyn, að eitthvað annað ætti að koma í öðrum frv., en það er ekki í þessu frv. gert. Hins vegar er í þessu frv. farið miklu lengra á þeirri braut, þar sem vegurinn hefur verið vísaður, heldur en nokkru sinni áður hefur verið gert, og þar er farið miklu lengra en hæstv. ríkisstj. hefur fært eða gert nokkra tilraun til að færa skynsamleg rök að að gera þurfti eða að gagni muni koma. Þegar af þeirri ástæðu er ómögulegt að vera með þessu frv., enda er, að svo miklu leyti sem í því felast nokkrar formbreytingar, t. d. að bátagjaldeyrir er niður lagður, en á er lagt gjald, sem honum svarar, í þessu frv., fyrir utan þær 240 milljónir, sem eru algerlega nýjar í frv., ekki gerð tilraun til þess að rökstyðja, að heppilegra sé að hverfa frá bátagjaldeyrisfyrirkomulaginu heldur en að halda því. Þegar mál er undirbúið á slíkan veg, þá er vitanlega ekki nokkur möguleiki fyrir þá, sem ekki bera gersamlega blint traust til hæstv. ríkisstj., að styðja málið.

Veilan í rökstuðningi hæstv. ríkisstj. fyrir flutningi frv. kemur berlega fram í því, þegar hæstv. ráðh. segja t. d., og ég skal aðeins víkja að því eina atriði nú, — þeir segja: Það er að vísu rétt, að vöruverð á að hækka vegna þeirra gjalda, sem hér eru á lögð, en sú vöruverðshækkun mun nást aftur og ekki bitna á almenningi, vegna þess að verðlagseftirlit verður sett, sem lækkar vöruverðið sem svarar hækkuninni. — Ef þetta er rétt, hefði þá ekki verið miklu einfaldari leið að byrja með því að koma verðlagseftirlitinu og verðlagningunni á og lækka vöruverðið nú þegar svo mikið, að ekki þyrfti að gera þær hækkanir, sem hér eru ákveðnar?

Af hverju á að hækka verðið fyrst og gefa þessum illu millilíðum, hvort sem það er Sambandið eða kaupsýslustéttin, færi á því að hækka vöruverðið og álagningu í sambandi við það, ef öllu þessu á að vera hægt að kippa aftur með verðlagningunni á eftir? Væri ekki miklu betra að ákveða vöruverðslækkunina umsvifalaust þegar í stað og komast hjá þessari 240 millj. kr. álagningu í nýjum sköttum? Það sjá allir, að hér er um gersamlega veilu í rökstuðningi ríkisstj. að ræða. Vitanlega er þessum mönnum ljóst, að þó að ef til vill verði á pappírnum einhverjar smávegis vöruverðslækkanir vegna verðlagseftirlits, þá er það ekkert, sem neina úrslitaþýðingu hefur varðandi þær 240 millj., sem hér á að leggja á allan almenning, enda hafa stjórnarflokkarnir, og þá ekki sízt Framsfl., lýst yfir því, að bezta verðlagseftirlitið væri samkeppni Sambands íslenzkra samvinnufélaga og kaupfélaganna við kaupmannastéttina. Af hverju er nú ekki treyst á þetta verðlagseftirlit?

Jú, Þjóðviljinn svaraði þessu fyrir fáum dögum og sagði: Sambandið hefur orðið aftur úr í samkeppni við kaupmennina, vegna þess að forustumenn þess eru „hreinlega ölvaðir af fjárfestingaræði“, eins og Þjóðviljinn sagði. En er þetta skýringin? Er það rétt? Ég spyr hæstv. fjmrh. sem einn af stjórnendum Sambandsins? Er það rétt, að vöruverð almennt hafi hækkað vegna þess, að í verzlunarálagningunni hjá Sambandinu sé tekið fé til hinnar miklu fjárfestingar, sem Sambandið hefur lagt í? Er þess fjár ekki aflað með öðru móti, tekið af eðlilegum sjóðum og með stórkostlegum lántökum?

Hæstv. fjmrh. ræður því, hvort hann svarar þessari spurningu eða ekki. Hún varðar ekki hans starf sem fjmrh., svo að ég hef ekki þinglega kröfu til, að hann svari henni.

En það var annað atriði, sem sker úr um haldleysi rökfærslu Þjóðviljans varðandi þetta atriði, og það er, að kommúnistar, sem Þjóðviljinn er málgagn fyrir, reka hér kaupfélag í bænum, sem stendur í harðri samkeppni við kaupmenn. Þeir ráða KRON, sem sannarlega hefur ekki varið sínu fé til æðisgenginnar fjárfestingar. En hver er niðurstaðan? Á sama tíma og kaupmannastéttin blómgast, vex óeðlilega vegna óhóflegs gróða, að því er sagt er, þá tapar KRON stórkostlegu fé. Bendir þetta til þess, að um óhæfilegan gróða hjá kaupmannastéttinni sé að ræða?

Sannar þetta ekki miklu heldur, að þessar sögur um stórkostlegan gróða hjá verzlunarstéttinni í heild eru að langmestu leyti byggðar á því, að margur hyggur auð í annars garði og verið er að reyna að koma vandræðum þjóðfélagsins yfir á herðar lítils hóps manna, sem talið er tiltölulega auðvelt að gera tortryggilegan?

Ef það væri rétt, að kaupmannastéttin í heild tæki of mikið í sinn hlut, þá væri áreiðanlega búið að jafna þau met með þeirri forréttindaaðstöðu, sem kaupfélögin hafa hér á landi. Þau hafa alla aðstöðu fram yfir kaupmannastéttina til þess að selja vörur með hagstæðu verði, og ef þau verða þar á eftir, þá er það vegna þess, að verzlunargróðinn er minni en látið er.

Það breytir svo ekki þessu, að auðvitað hafa einstakir menn hagnazt fyrr og síðar, bæði á verzlun, viðskiptum og ýmsum öðrum ráðstöfunum, af ýmsum ástæðum, hyggindum, útsjónarsemi, sumir af brasknáttúru og einhverju slíku, sem er miður æskilegt. En hafi þeir menn haft góðan jarðveg hér að undanförnu, þá mun þeirra garður fyrst blómgast, þegar fimmfalt eða tífalt gengi kemur á gjaldeyrinn og allir þeir möguleikar til þess að fara í kringum ákvæðin skapast, sem hinu margfalda gengi hljóta óhjákvæmilega að fylgja.

Við sjáum og ákaflega vel heilindin í þessu tali um, að það eigi að stöðva óhæfilegan verzlunargróða, og þegar sagt er, að það sé ein af aðalnýjungunum í sambandi við þetta mál, að strangt verðlagseftirlit eigi að koma, og það eigi að taka af þeim ríku og skipta á milli þeirra fátæku, þegar þetta er sagt af sömu mönnunum aðeins viku eftir, að þeir hafa verið að knékrjúpa Sambandi ísl. samvinnufélaga og Olíufélaginu um að láta sér nægja 14 millj. kr. gróða á hinu nýja skipi um fimm mánaða bil, — 14 millj. kr. í hreinan ágóða um fimm mánaða bil. Þessum mönnum eru ekki eins og öðrum landsmönnum settar reglurnar. Það er ekki sagt við Sambandið og Olíufélagið: Komið þið með skip ykkar og siglið þið skipi ykkar hér eins og þið eruð skyldugir til. — Það er ekki sagt við þá: Verðlagsstjóri og ríkisstj. ákveða, hvað þið eigið að borga. — Nei, við þá er samið. Þeir eru beðnir um að koma með skipið, og olíumálaráðh. að austan (LJós) segir: Ég hef verið að semja við þá um þetta, og þeir koma með skipið fyrir mín orð, en það er honum Hannibal að kenna, hvað þeir græða mikið.

Slík er frammistaðan, og það er beint sannað, að vegna óheppilegra afskipta sama ráðh. af einum skipsfarmi skaðaði hann landið um milli 3 og 4 millj. kr. Afskipti hæstv. ríkisstj. hafa hækkað olíuverðið að óþörfu um 17—18 millj. kr. nú á næsta fimm mánaða bili. Í þessu frv. er ráðgert, að það á að leggja á okkur, almenning í þessu landi, 21 eða 22 millj. í skatta til þess að borga niður hækkunina á olíunni. Hefði nú ekki verið nær að spara neytendum þessi útgjöld, spara þarna í einu lagi 18 millj. kr. á fimm mánuðum? Ætli það hefði ekki hrokkið nokkuð langt til þess, að falla hefði mátt frá því að innheimta af okkur öllum 21 millj. kr. í því skyni að leggja stjórninni fé í hendur til þess að geta gefið Sambandi ísl. samvinnufélaga og Olíufélaginu slíkt stórfé sem hér um ræðir, stórfé, sem Þjóðviljinn hefur sagt að alls ekki verði varið til þess að lækka vöruverðið í landinu eða skapa hæfilega samkeppni, heldur til þess, að Sambandið geti haldið áfram æðisgenginni fjárfestingu.

Ég er ósköp hræddur um, að að svo miklu leyti sem nýjungar eru í þeim ráðagerðum, sem nú eru uppi, og vitanlega verður að taka nýjungarnar með, um leið og við metum þetta frv., þá horfi þær ekki til góðs, ekki til aukins réttlætis og ekki til þess, að traust borgaranna á þeirri hæstv. ríkisstj., sem nú situr, aukist.

Hæstv. fjmrh. var að reyna að sýna hér fram á, að það væri ekki um tóm svik að ræða hjá hæstv. ríkisstj. Við munum eftir því, sem lofað var um varanlegu úrræðin, enda var aumingja piltum austur í Árnessýslu hóað saman fyrir skemmstu til þess að samþ., að nú yrðu þær að fara að koma, frambúðarráðstafanirnar í dýrtíðarmálunum, sem leystu þau málefni í eitt skipti fyrir öll. Þetta hefur verið prédikað, svo að það er von, að þessir saklausu unglingar tækju boðskapinn alvarlega og sendu þessa samþykkt frá sér. En ef þeir eru komnir til þess þroska, að þeir skilji mælt mál, blessaðir piltungarnir, þá er hætt við, að þeim hafi brugðið, þegar þeir heyrðu Helga Hjörvar lesa upp boðskapinn í útvarpinu um það, í hverju þessar „frambúðarráðstafanir", „varanlegu úrræðin" eru fólgin, vegna þess að meira hrófatildur, meiri bráðabirgðaráðstöfun til bráðabirgða hefur aldrei verið sett á Alþingi heldur en þessi.

Hæstv. fjmrh. var að reyna að bera í bætifláka fyrir stjórnina og vildi ekki viðurkenna, að þetta væri hrein bráðabirgðaráðstöfun. Hann sagði, að það gæti vel farið svo, að ráðstafanirnar gætu orðið til nokkurrar frambúðar. Þetta var það bezta, sem hann þorði að segja um þær, eftir öll loforðin um, að ekki dygði framvegis að afgreiða málin á sama veg og hann og aðrir hafa gert undanfarið, enda sagði hann, að hvorki við né hann hefðum ráðið við málin að undanförnu. Ætli hann hefði ekki getað orðað ósköp svipað í fyrra það, sem hann var með að samþykkja þá, eins og hann orðar þetta núna?

Ég veit raunar ekki, hverja trú hann hefur á þessum samþykktum, sem nú er verið að gera. Hann leyfði sér að segja, að við mundum fagna því, ef þær færu út um þúfur. Ég veit ekki, hvaða heimild hann hefur til þess að segja það, að við mundum fagna því, ef verðbólga mundi aukast. Það er allt annað að gera grein fyrir því, að þetta mál er illa undirbúið og á óhæfilegan hátt lagt fyrir Alþingi Íslendinga og við höfum ekki þá sömu trú á frambúðargildi málsins og hæstv. fjmrh., eða hitt, að hann skuli gera okkur getsakir um það, að við viljum, að illa fari fyrir íslenzku þjóðinni. Ég held, að honum sé sæmra að segja sinn eigin hug skýrar en hann hefur gert um sinn og láta vera getsakirnar í okkar garð. Ég veit, að hæstv. ráðh. er mjög brugðið og það er vegna óróa í hans eigin samvizku, að hann lætur leiða sig til slíkra ásakana, svo hófsamur maður og gegn sem hann að ýmsu leyti er, enda met ég hann mikils og fáa menn meira af mínum andstæðingum. Mér dettur ekki í hug

að bera honum það á brýn, að hann vilji illa með þessum till. eða trúi ekki því, sem hann er hér að segja, enda hefur hann allan fyrirvara þar á, þó að honum hafi orðið það eins og fleirum, að hver dregur dám af sínum sessunaut. Öll þekkjum við söguna um skemmda eplið. Hæstv. ráðh. hefur nú tiltölulega óspilltur lent í návist við hið skemmda epli, svo að nokkurrar varúðar þarf að gæta af vinum hans um að forða honum, áður en of langt líður, úr þeirri hættu, sem hann er í lentur.

Við skulum aðeins athuga það, hvaða trygging er fólgin í því samkomulagi, sem hér er verið að gera. Ég játa, að það er út af fyrir sig og raunar mikils virði að ná samkomulagi um það, ef það næst, sem hér er sagt að náðst hafi, að stöðva verðbólguna og hindra frekari vöxt hennar. En hefur það tekizt með þessu frv. og með þeim samtölum, sem hér hafa átt sér stað? Hefur annað gerzt nú en oft hefur verið reynt áður? Hæstv. fjmrh. var með mér í stjórn á sínum tíma, — stjórn, sem var kölluð fyrsta stjórn Alþfl. á Íslandi undir forsæti Stefáns Jóh. Stefánssonar. Við munum það áreiðanlega báðir, að þá var efnt til stéttaráðstefnu til þess að reyna að leysa verðbólguvandann. Þá var svo mikill vilji að komast að samkomulagi við stéttirnar, að þær voru kallaðar saman og haldnir með þeim fundir og margar ráðstefnur til þess að finna lausn vandans. En þetta entist skammt, og varð tiltölulega lítill árangur af viðleitninni.

Hæstv. fjmrh. man einnig ofur vel, að þegar gengislækkunarlögin voru sett 1950, þá var um einstök atriði í því frv. haft náið samstarf við Alþýðusamband Íslands, og niðurstaðan varð sú, að Alþýðusamband Íslands vildi una frv. gegn vissum breytingum, sem á því voru gerðar, og ég þori að fullyrða, að það var efnislega sízt fyrirvarameira samþykki, sem Alþýðusambandið þá raunverulega veitti gengislækkunarlögunum, heldur en Alþýðusambandið hefur veitt þessu frumvarpi.

Hæstv. ráðh. man líka, að 1951 og 1952 var haft rækilegt samstarf við Alþýðusambandið um hættuna á hækkandi verðlagi. Ég minnist þess, að hv. þm. N-Þ. (GíslG) og hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) voru á þessum árum fengnir til þess sem fulltrúar ríkisstj. að ræða þessi mál við fulltrúa Alþýðusambandsins, sem hafði þá beitt sér fyrir uppsögn samninga að vori til. Þær samningaumleitanir leiddu til þess, að samkomulag komst á um vissar ráðstafanir, sem urðu til þess, að ekki varð af kaupdeilum þá um sinn.

Afstaðan í þessu breyttist hins vegar gersamlega, eins og enginn hefur skýrar tekið fram heldur en hæstv. fjmrh., þegar núverandi hæstv. félmrh. (HV) náði yfirráðum í Alþýðusambandinu. Hæstv. fjmrh. hefur áður vakið athygli á því, að almenningur tók þeirri breytingu á stjórn Alþýðusambandsins með þeim hætti, að ljóst var, að menn skildu, hvað á ferðum var. Þá dró sem sé skyndilega úr eða stöðvaðist algerlega sparifjáraukning hjá landsmönnum um hríð. Þetta er staðreynd, sem hæstv. fjmrh. hefur vakið athygli á einu sinni eða oftar hér á Alþ., svo að ég glögglega man eftir, enda fór hann þar með rétt mál, eins og hann gerði venjulega áður fyrri.

En það er réttlát bending til hæstv. fjmrh. um það, í hvern félagsskap hann er kominn, að alveg sama fyrirbærið eins og varð, þegar hæstv. félmrh. (HV) náði yfirráðum í Alþýðusambandinu, varð nú í sumar, þegar hæstv. félmrh. Hannibal og fjmrh. Eysteinn tóku saman um stjórn landsins. Fólkið í landinu brást við þessu hvoru tveggja alveg á sama veg. Okkur hafði tekizt að yfirvinna það vantraust á gildi peninganna, sem skapaðist við valdatöku Hannibals Valdimarssonar og kommúnista í Alþýðusambandinu, þannig að sparifjáraukningin var orðin mikil og hafði aldrei orðið meiri heldur en fyrri hluta þessa árs. En þegar þessir menn tóku við ríkisstj. í sumar, þá skeði sama fyrirbærið og áður hafði orðið, að fólkið hætti að trúa á gildi peninganna, — fólkið hætti að leggja fé í sparisjóð, og í stað þess, að sparifjáreignin stórykist, þá hefur hún stórlega minnkað síðustu mánuðina. Þetta er glöggur mælikvarði. Þetta er glögg vogarskál, sem sýnir traust fólksins á þeim valdamönnum, sem nú eru komnir til áhrifa á Íslandi. Vonandi fer betur en þetta vantraust bendir til. En það er vissulega íhugunarefni fyrir ríkisstj. að athuga hina ósjálfráðu, þegjandi, en í verkinu hart dæmandi vísbendingu, sem almenningur þannig hefur gefið henni um það, til hvers hann treystir henni og við hverju hann býst af því stjórnarfari, sem nú er hafið hér á landi.

Hæstv. félmrh. (HV) sýndi hér á dögunum gersamlega vanþekkingu um áhrif þessa á fjármálaástandið og lausn þeirra mála, sem hann á sérstaklega að standa fyrir, þegar hann brást hinn reiðasti við, þegar á þessa staðreynd var bent og sagt, að hún gerði erfiðara fyrir um útvegun fjár til íbúðarhúsalána. Hann sagði, að það kæmi bara ekkert málinu við, hvort fólkið legði peninga í sparisjóð eða ekki. En ég spyr: Hvernig á að fá fé til fjárfestingar innanlands, án þess að verðbólgu leiði af, ef sparifjársöfnunin hættir? Mér dettur ekki í hug, að maðurinn í félagsmálaráðherrasætinu geti svarað þessu, en ég veit, að hæstv. fjmrh. er ekki svo lengi búinn að vera í þeim félagsskap, sem hann nú er í, að hann muni ekki enn þá hinar réttu kenningar um þetta og viti ekki þau sannindi, að ef sparifjársöfnunin hættir, þá er erfitt að halda áfram framkvæmdum innanlands með innlendu fé, nema til verðbólgu horfi.

Nei, almenningur tók strax með kvíða því, þegar Hannibal Valdimarsson og kommúnistar náðu yfirráðum í Alþýðusambandinu, enda leið þá ekki á löngu, þangað til byrjað var á stórfelldum kauphækkunarherferðum og eins og hæstv. fjmrh. stundum hefur réttilega tekið til orða: „Þeir hófu sig alveg upp af jafnsléttu," — þeir hófu herferðina án þess, að nokkurt tilefni væri til. Það er t. d. margsannað, að ástæðurnar, sem voru færðar fyrir því, að lagt var út í verkfallið mikla vorið 1955, voru falsástæður. Í það verkfall var ekki lagt af fjármálalegum ástæðum, heldur af pólitískum ástæðum. Það var verið með því að sýna íslenzka þjóðfélaginu, að ekki væri hægt að stjórna landinu nema með samþykki Alþýðusambandsins.

Það getur vel verið, að sumir trúi á, að það sé gott, að ekki sé hægt að stjórna landinu án Al-

þýðusambandsins. En gera menn sér grein fyrir, hvað felst í þeim fagnaðarboðskap, sem hæstv. fjmrh. og forsrh. leyfa sér að bera hér fram, þegar þeir segja, að það sé ánægjuefni, að leita þarf út fyrir veggi Alþingis Íslendinga til þess að ráða til lykta mikilsverðustu málefnum þjóðarinnar? Gera þeir sér ljóst, að með því eru þeir í raun og veru að segja, að lög og réttur eigi að hætta að gilda á Íslandi?

Ég geri ekki lítið úr gildi stéttasamtakanna. Þau eru vissulega mikilsverður þáttur í íslenzku nútímaþjóðlífi, eins og þau eru í öllu þjóðlífi nú á dögum. En hverjum verður að ætla sitt hlutverk, og ef við viljum halda lögbundnu, frjálsu stjórnskipulagi á Íslandi, þá verður það að vera ljóst, að úrslitayfirráðin á Íslandi séu hjá kjörnum fulltrúum þjóðarinnar á Alþingi Íslendinga, hjá löglega kjörnum forseta Íslands og hvergi annars staðar, nema auðvitað að lokum og fyrst og fremst hjá þeim, sem eru uppspretta valdsins, hjá kjósendunum. Það eru íslenzkir kjósendur, sem með því að kjósa Alþingi á lögformlegan hátt og kjósa forseta Íslands á lögformlegan hátt eiga að ráða því, hvernig málefnum þjóðarinnar er ráðið til lykta. Það er uppgjöf, það eru svik við íslenzkt sjálfstæði, við íslenzkt frelsi, við lýðræði á Íslandi, ef það er viðurkennt og ef það er farið að hæla sér af því, að úrslitavöldin séu komin frá Alþingi Íslendinga og til einhverra, hvaða stofnana sem er, utan þessara veggja, sem við erum nú staddir innan.

Til eru fleiri stofnanir og fleiri félagasamtök hér á landi, sem gætu, ef þau vildu, sýnt hnefann og sannað, að ekki væri hægt að stjórna þessu landi nema með þeirra samþykki, jafnt og Alþýðusamband Íslands, ef menn vilja innleiða þá stjórnarhætti, sem guð gefi að ekki verði. En þeir menn bera þunga ábyrgð, sem bera ábyrgð á því og hæla sér nú af því og segjast hafa það eitt nýtt til að leggja, að komið er ískyggilega langt út á þessa braut.

Með því, sem nú hefur verið gert, er staðfest, eins og hv. 5. þm. Reykv. sagði hér fyrr í kvöld, að Framsfl. hefur til þess að öðlast meiri völd en hann gat vonazt eftir í samvinnu við okkur sjálfstæðismenn gert samning við kommúnista. — Í þessu sambandi hefur fylgiféð í Alþfl. sannast sagt enga þýðingu, hvorki til né frá. — Framsfl. hefur gert samning við kommúnista um það að bjarga þeim úr einangrun, úr eymd fordæmingar fólksins, inn í stjórnarráðið til þess að halda þar höfuðstöðvum kommúnismans á Íslandi. Á sömu stundu, á sömu vikum og þessir menn verða fyrir réttmætri og réttlátri fordæmingu í öllum lýðræðisþingum hins frjálsa heims, þá er þeim leyft að slá upp tjaldbúðum sínum innan þessara gömlu, fornhelgu múra og í stjórnarráðinu til þess þannig að sleppa úr einangruninni, til þess þannig að geta haldið áfram að vera hið sundurgrafandi og niðurbrjótandi afl í íslenzku þjóðlífi. Slíkt er verðið, sem borgað er fyrir það samkomulag, sem nú hefur komizt á. Kommúnistar fara meira að segja ekki dult með það, að það er þetta verð, sem borgað er. Um þetta vitna orð Eðvarðs Sigurðssonar, sem Þjóðviljinn hermdi á þriðjudaginn var, á þá leið, að verkalýðurinn væri út af fyrir sig mjög óánægður með þær ráðstafanir, sem nú er verið að gera, en þeir vildu ekki steypa núverandi ríkisstjórn.

Það er þetta, sem um er samið í raun og veru. Kommúnistarnir segja: Í því skyni að fá að vera í ríkisstjórninni enn um sinn erum við reiðubúnir til þess að leggja á almenning þessar 240 millj. kr. og visitöluskerðingu um 6 stig. — Þeir mundu vera til með í dag að fallast á hvaða álögur sem er, bara ef þeir héldu þeim möguleika að hafa skjól í stjórnarráðinu og á Alþingi, meðan hættan gengur yfir. En þeir taka jafnframt fram, að ef þeim líkar ekki, þá eiga þeir „opna hina gömlu leið". Ef þeim líkar ekki þjónslund hæstv. fjmrh., ef hann lætur einhvern tíma verða úr hótunum, sem hann hefur verið með bak við tjöldin undanfarna daga, er hann hefur sagt, að með þessum mönnum væri ekki vinnandi, af því að engu þeirra orði væri trúandi, þá segja þeir: Leiðin er opin fyrir áframhaldandi verkföll.

Játa verður þó, að munurinn er sá, að kommúnistar hafa viðurkennt með öllum sínum málflutningi, að þegar þeir halda því fram, að vísitöluskrúfan og eilífar kauphækkanir séu verkalýðnum til góðs, þá eru þeir að tala á móti betri vitund. Þegar þeir eru að egna til pólitískra verkfalla, þá eru þeir að efla sína eigin valdaaðstöðu á móti hagsmunum almennings. Fyrir þessu hefur nú fengizt játning. Þess vegna er núverandi ófremdarástand e. t. v. nauðsynlegt í þróun íslenzkra stjórnmála, því að vá lér vits og menn læra af biturri reynslu. Kommúnistar — og fyrir framan mig situr einn þeirra eins og glottandi náhrafn — vinna nú sjálfir drýgsta verkið við að afhjúpa sjálfa sig. Almenningur á eftir en áður miklu hægara með að átta sig á, að þeir eru að berjast fyrir annarlegu málefni, að þeir eru að auka sin eigin völd, að þeir eru að efla baráttu fyrir því að kollsteypa þjóðfélaginu, þegar þeir tala um og þykjast vera að berjast fyrir hagsmunum fólksins. Þessi lærdómur hefur nú áunnizt, og hann er vissulega ómetanlegur.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Því hefur verið haldið fram af formælendum þessa frv., að með því væru fundin varanleg úrræði, sem kæmu í veg fyrir áframhaldandi vöxt verðbólgunnar. Að vísu hefur það verið viðurkennt, enda auðsætt, að verulegar verðhækkanir hlytu að eiga sér stað vegna þeirra nýju álagna, sem hér koma til sögunnar, en það hefur verið sagt, að þessar verðhækkanir lendi eingöngu á óþarfavörum, en nauðsynjavörur muni ekki hækka í verði, af því að þeim sé hlíft við öllum álögum.

Yfirleitt virðist sá hugsunarháttur ganga eins og rauður þráður í gegnum þær till., sem hér hafa verið gerðar, að það sé til einhver almennur hlutlægur mælikvarði á það, hvað séu nauðsynjavörur og hvað séu óþarfavörur, og stundum nálgast þetta jafnvel hið broslega, eins og í till. þeirri, sem meiri hl. fjhn. hefur borið fram samkvæmt ósk ríkisstj. um það að létta tollum af „umbúðum um nauðsynjavörur", eins og það er orðað. Það er gengið út frá því, að til sé einhver almennur mælikvarði á það, hvað séu nauðsynjar og hvað ekki, og eftir þessu eigi að fara,

þegar ákveðið sé, hvort umbúðirnar eigi að vera tollfrjálsar eða ekki. En ég held, að ef þetta væri nánar skoðað, þá ætti öllum að vera ljóst, að það er enginn slíkur hlutlægur mælikvarði til á það, hvað séu nauðsynjavörur og hvað séu óþarfavörur. Slíkt hlýtur alltaf að vera háð persónulegu mati.

Ég ætla að nefna eitt dæmi þessu til stuðnings, sem ég vona að sé nokkurn veginn ljóst. Það hafa undanfarin ár verið um það nokkur átök á milli hæstv. fjmrh. og nokkurra flokksbræðra minna, hvort létta skyldi tollum af innfluttum hljóðfærum. Hæstv. fjmrh. hefur ekki séð sér fært vegna fjárhags ríkissjóðs að ganga inn á það, að þessum tollum sé aflétt. Það er nú þannig með mína afstöðu til þessa máls, ef ég ætti að vera hreinskilinn, að ég mun standa nærri hæstv. fjmrh. í skoðunum, þó að það sé af annarri og óskemmtilegri ástæðu en þeirri, sem fyrir honum vakir, nefnilega þeirri, að hæfileikar mínir á sviði tónmennta eru ákaflega takmarkaðir. En er það nú ekki þannig t. d. með þessa vörutegund, að fyrir þá söngelsku eru hljóðfærin nauðsynjavara, þannig að þeir mundu neita sér um marga hluti frekar en að vera án þeirra, en við, sem höfum takmarkaða hæfileika á þessu sviði, lítum aftur á þetta sem miður þarfan varning?

En einhver mælikvarði hefur þó sennilega verið lagður því til grundvallar, þegar ákveðið var, hvað væri óþarfi og hvað nauðsynjar, og mismunandi háar álögur lagðar á vörurnar út frá þeim sjónarmiðum, og það, sem þar hefur verið lagt til grundvallar, mun fyrst og fremst vera gildi varanna í vísitölu framfærslukostnaðar. Við skulum athuga þetta dálitið nánar, þó að ég hafi að vísu áður sýnt fram á, hversu lítið sé á vísitölugrundvellinum að byggja. Það vill nú svo til, að ég mun flestum öðrum hv. þm. kunnugri því, á hverju þessi vísitölugrundvöllur var byggður, því að ég vann einmitt úr þeim búreikningum, sem safnað var fyrir 17 árum með tilliti til þess að byggja á vísitölugrundvöllinn. Þá voru einar 50 verkamannafjölskyldur hér í bæ fengnar til þess að halda reikninga yfir útgjöld heimilis síns um árs skeið. Þessir búreikningar voru í rauninni merk heimild um lífskjör verkamanna, eins og þau voru þá, eftir að svokölluð vinstri stjórn hafði verið við völd um 5 ára skeið, sú sem næst sat á undan þessari og kenndi sig við það vörumerki. Yfirleitt var það þannig, að hjá verkamannafjölskyldum þessum ríkti hin sárasta fátækt. Aðalneyzluvörurnar, að mig minnir, voru saltfiskur, smjörlíki, rúgbrauð og mjólk. Það var varla svo, að fólk þetta hefði efni á því að kaupa fatnað, og er það ef til vill skýringin á því, að hæstv. ríkisstj. virðist líta þannig á, að það sé óþarfi, að kvenfólkið gangi í sokkum.

Hæstv. sjútvmrh. komst þannig að orði, ef ég man rétt, — það má vel vera, að ég hafi misskilið orð hans, en það mun þá leiðréttast, — að þær verðhækkanir, sem ættu sér stað vegna þessara nýju álagna, væru ekki rýrnun á kaupmætti launanna, vegna þess að það, sem hækkaði í verði, væri fyrst og fremst óþarfi, eins og t. d. súkkulaði, gosdrykkir o. fl., sem hann nefndi. En er það nú ekki einmitt þannig, að það, sem gerir það að verkum, að lífskjör verkamanna hafa batnað svo sem raun er á síðan 1939, er það, að nú geta þeir keypt fleira en rúgbrauð, saltfisk o. s. frv.? Þeir geta jafnvel veitt sér þann lúxus að kaupa gosdrykki, súkkulaði handa börnum sínum o. s. frv. Ef þessi hugsunarháttur væri færður út í æsar, þá jafngilti það í rauninni því, að það ætti að vinna að því eða að það væri a. m. k. ekkert athugavert við það, þó að verkamenn væru sviptir öllum þeim kjarabótum, sem þeir hafa áunnið sér síðan 1939.

En það er líka önnur hlið á þessu máli, sem ég er ekki viss um að hafi verið athuguð nákvæmlega og getur orðið til þess að rugla nokkuð þá útreikninga, sem tekjuöflunin er byggð á. Það má kannske um það deila, hvort verkamönnum sé nauðsynlegt að kaupa gosdrykki, súkkulaði o. s. frv., en það er annað atriði í þessu sambandi, sem varla er ágreiningur um að hlýtur að snerta hagsmuni þeirra mjög verulega. En eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, — ég veit ekki, hvort á þeim er að byggja eða ekki, — þá mun gert ráð fyrir því, að gjöld af innlendum tollvörutegundum verði hækkuð úr 40% og upp í 80%, eða um helming. En er það nú víst, einmitt vegna þess að halda á kaupgjaldinu nokkurn veginn föstu, þar sem vísitalan á ekki að sýna neinar hækkanir, að það verði keypt jafnmikið af þessum vörutegundum og áður, og gæti það ekki haft nokkur áhrif á atvinnu þess fólks, sem í sælgætisverksmiðjunum vinnur? Ég efast um, að það hafi verið hugsað fyllilega út í þessa hlið á málinu.

Það hefur verið talað um, að það þyrfti ekki að óttast, að verðhækkanirnar verði eins miklar og lítur út fyrir, ef litið er á prósenturnar, af því að álagning verzlananna geti tekið á sig svo og svo mikið af þessum verðhækkunum. Það var einn hæstv. ráðherrann, sem hélt því m. a. fram í gær. Það var verið að tala um það, hvað byggingarefnið hækkaði mikið í verði, 16 eða 20% eða eitthvað þar um kring, en hann sagði, að það væri ekki víst, að nein hækkun þyrfti í rauninni að verða á byggingarefni, því að álagningin kæmi ef til vill til að lækka sem þessu næmi. Það er ófagur vitnisburður, sem kaupfélögunum er gefinn, ef þessu er haldið fram. Ég veit ekki betur en að verulegur hluti af verzlun með byggingarefnið sé einmitt í höndum kaupfélaganna, og það er ekki neitt smáræði, sem þau hafa okrað á almenningi hvað snertir viðskipti með þessa vöru, ef þau geta tekið á sig 16% hækkun á innkaupsverði vörunnar og eftir sem áður haft nægilega háa álagningu til þess að standa undir kostnaði við dreifingu vörunnar.

Og önnur spurning vaknar líka í þessu sambandi. Ef það er möguleiki á því, að milliliðirnir, eins og það er orðað, eða álagningin geti borið allt að 200 millj. kr. nýjar álögur eða a. m. k. að mestu, hvernig stóð þá á því, þegar vísitölubindingin var gerð á s. l. hausti, að það skyldi vera farin sú leið til þess að stöðva vísitöluna að banna að greiða fulla dýrtíðaruppbót? Hvers vegna var ekki hin leiðin farin, að lækka álagninguna nógu mikið og festa vísitöluna með því móti?

Það eru örfá einstök atriði í sambandi við frv.,

sem ég vildi einnig minnast á. Það er gert ráð fyrir því, að skerðing kaupgjaldsins um 6 stig verði með þessum lögum endanlega lögfest. Í haust var gert ráð fyrir því, að hér væri aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða. Ég skal ekki fara út í það atriði hér, hvort hér verður um verulega kjaraskerðingu að ræða sem afleiðingu af þessu launþegum til handa, en mig langar til að minna á önnur atriði í sambandi við þetta.

Það var upplýst á síðasta Alþýðusambandsþingi og lagðir fram útreikningar hagfræðinga því til sönnunar, að kaupmáttur launa hefði aukizt um 7%, frá því að verkfallið var háð í marz og apríl 1955. Þá var tekið tillit til skerðingarinnar. En í þessu sambandi má minna á það, að í upphafi verkfallsins buðu atvinnurekendur 7% kjarabætur. Það voru ekki 7% kauphækkanir, heldur 7% kjarabætur, sem að einhverju leyti voru hugsaðar í annarri mynd en kauphækkanir, en að því leyti sem um kauphækkanir átti að vera að ræða, þá áttu þær ekki að koma fram í hækkuðu vöruverði. Það er m. ö. o. þannig, að árangurinn af 6 vikna verkfallinu, það sem vannst með því fram yfir það, sem atvinnurekendur buðu í upphafi, er nú með þessum lögum endanlega tekið af launþegunum, ef marka má þessa útreikninga trúnaðarmanna Alþýðusambandsins. Mér finnst vert að hafa þetta í huga.

Ég vil einnig, þegar talað er um, að þessar ráðstafanir eigi að vera til einhverrar frambúðar, vekja athygli á tveim atriðum, þar sem þær hljóta að hafa mjög óheppileg áhrif.

Í þessu frv. er í miklu ríkara mæli en áður gengið inn á þá braut að greiða útflutningnum mismunandi uppbætur eftir því, hvernig afkoma hans er. Það er kannske eðlilegt, að það sé haft þannig, ef þær uppbætur, sem greiddar eru, eru hugsaðar aðeins til bráðabirgða. Hitt ætti að vera augljóst, að sé hér um frambúðarráðstöfun að ræða, þannig að hver grein útflutningframleiðslunnar fái það, sem hún þarf til þess að bera sig, eins og það er orðað, þá mundi það draga úr allri framfaraviðleitni í viðkomandi atvinnugrein, því að engin ástæða er þá til að leggja sig eftir þeirri framleiðslu, sem gefur af sér mestan arð, heldur ber þá aðeins að hækka uppbæturnar til þeirra starfsgreina, sem ekki bera sig.

Öðru atriði í þessu sambandi vildi ég einnig leyfa mér að vekja athygli á, og það er þetta, að þar sem álagið á vörurnar er gert svo mjög mismunandi eftir því, hversu nauðsynlegar þær eru taldar að dómi hæstv. ríkisstj. og ráðunauta hennar, þá þýðir það í rauninni, að tollvernd iðnaðarins í landinu er, miðað við þýðingu viðkomandi vara í vísitölugrundvellinum, þannig, að þær iðngreinar, sem framleiða vöru, sem hafa litla þýðingu í vísitölugrundvellinum og eru þess vegna taldar óþarfavörur, njóta nær ótakmarkaðrar verndar, þar sem aðrar iðngreinar, sem framleiddu nauðsynlegri vöru, nytu lítillar tollverndar eða engrar. Ég hugsa, að þess séu varla dæmi í nokkru landi, að tollvernd til handa iðnaði sé ákveðin með tilliti til þess, hvaða þýðingu vörurnar hafa í fölsuðum vísitölugrundvelli. Þar eru það önnur sjónarmið vitanlega, sem eðlilegt er að ráði.

Að öðru leyti hef ég litlu við það að bæta, sem meðnefndarmaður minn, hv. 5. þm. Reykv. (JóhH), tók fram í sinni framsöguræðu fyrir nál. okkar.

Ég vildi þó aðeins minna á það nýja snjallræði, sem hér hefur verið fundið upp, að ráðstafa gróða bankanna til þess að greiða uppbætur á útfluttar afurðir. Mér finnst það nú dálítið einkennilegt, og ef til vill felst í því skýringin á því, að tilraun okkar stjórnarandstæðinga til þess að lýsa eftir áliti dr. Polacks, hagfræðingsins frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem hér starfaði að undirbúningi þessara ráðstafana s. l. haust, hefur ekki borið nokkurn árangur. Það kæmi mér mjög einkennilega fyrir sjónir, ef einn af sérfræðingum Alþjóðabankans hefði lagt það til, að skatti, sem lagður væri á seðlabankann, væri varið til þess að bæta upp útfluttar afurðir. Bankarnir eru opinber stofnun, sem inna af höndum ákveðna þjónustu við almenning. Auðvitað er hægt að skattleggja þetta, en verður þá ekki næsta skrefið það, að sjálfur ríkissjóðurinn verði skattlagður og þeim skatti varið til þess að greiða útflutningsuppbætur? Mér finnst, að þá mætti alveg eins leggja sérstakan skatt á þjónustu, sem opinberir aðilar veita borgurunum, t. d. meðal annars með því að selja þeim áfengi, og ráðstafa til útflutningsuppbóta. Seðlabankinn og raunar allir íslenzku bankarnir, sem eru í ríkiseign, eru hér alveg hliðstæðir ríkissjóðnum.

Saga þessa máls er þannig að því leyti merkileg, að byrjað var á undirbúningi þessara ráðstafana í efnahagsmálum með því að leita til sérfræðinga Alþjóðabankans, en endar svo í, að það snjallræði er fundið upp, sem ég hugsa að sé veruleg nýjung, að skatti á seðlabankann er varið til þess að standa undir þessum uppbótum.

Það hefur verið mikið rætt um það hér, að það hafi verið talað við stéttafélögin og sum þeirra hafi gefið yfirlýsingar um, að þau muni una þeim ráðstöfunum, sem hér er um að ræða. Þó að manni finnist að vísu, að þessar yfirlýsingar séu tiltölulega veigalitlar og ekki gott að átta sig á því, hvað raunverulega er upp úr þeim að leggja, þá er sízt ástæða til þess að lasta það; það ber þvert á móti að lofa það, að við stéttasamtökin skuli hafa verið rætt út af þessum málum, þó að þar sé ekki um neina nýjung að ræða.

En úr því að hæstv. ríkisstj. er svo ánægð með þann árangur, sem náðst hefur, mundi hún þá ekki vera fús til þess að ræða þessi mál á enn almennari grundvelli, nefnilega þannig að leggja afrek sín í þessum málum og öðrum, þegar tími gefst til vegna tíðarfars og þegar almenningur hefur áttað sig á þeim hagsbótum, sem þessar ráðstafanir hafa í för með sér, fyrir dóm kjósenda og stofna til almennra kosninga í haust? Þá yrði fyrst úr því skorið, hverra vinsælda þessar ráðstafanir njóta hjá almenningi.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég ætla ekki að lengja þessar umræður, heldur segja aðeins örfáar setningar. Það væri að vísu freistandi að taka nokkurn þátt í þeim almennu pólitísku umræðum, sem eiga sér hér stað svona inn á milli, en vegna þess að höfuðatriðið er að fá málið afgreitt í nótt, mun ég ekki gera það.

Það var út af einu atriði, sem kom fram í gærkvöld hjá hv. 2. þm. Eyf. (MJ) og aftur í kvöld hjá hv. 1. þm. Reykv. (BBen), sem ég kvaddi mér hljóðs, en þetta atriði er álagning samvinnufélaganna og sérstaklega Sambandsins.

Hv. 1. þm. Reykv. spurði hér í kvöld: Er það rétt, að vöruverð hafi hækkað í landinu vegna aukaálagningar Sambands íslenzkra samvinnufélaga til fjárfestingar?

Ég ætla aðeins út af þessu að gefa þær upplýsingar hér nú, sem bráðum verða alþjóð kunnar hvort sem er, að það hefur farið fram athugun á álagningarmálunum, og það kemur í ljós, og það veit ég að muni gleðja mjög hv. 1. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Eyf., að heildsöluálagning Sambandsins er á mörgum þýðingarmestu vörutegundum þriðjungi til helmingi lægri en heildsalanna.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér kemur dálítið undarlega fyrir sjónir sá tónn, sem er í ræðum hv. Sjálfstfl.-þm. nú. Það er allt í einu eins og þeir hafi alveg umskapazt. Þeir eru farnir að bera slíka umhyggju fyrir almenningi, að þeir eru jafnvel farnir að tala um, að lífskjörin megi ekki skerðast, og þegar verið er að ræða þetta frv., þá láta þeir í ljós ótta við, að það skyldi þó aldrei vera, að lífskjörin kynnu að skerðast með þessu? Hvílík ósköp!

Sömu ræðunni, sem einn hv. þm. Sjálfstfl. áðan, hv. 1. þm. Reykv. (BBen), var að halda hérna, þegar hann byrjaði með allri umhyggjunni fyrir almenningi, lauk hann með því að segja, að almenningur hér í Reykjavík og annars staðar hefði framið aðra eins ósvífni og að leggja til verkfalls, þegar búið var að skerða lífskjör hans um 20% frá því 1947 og það hvað snertir kaup á almennustu nauðsynjavörunum eftir gömlu, vitlausu vísitölunni, sem hv. 9. landsk. (ÓB) var að tala hérna um áðan, og án þess að húsaleigan væri reiknuð þar með. Þetta er nú umhyggjan fyrir almenningi í byrjun ræðnanna og í lok ræðnanna hjá hv. þingmönnum Sjálfstfl.

Nei, ég er hræddur um, að það sé eitthvað annað, sem vakir fyrir hv. þm. Sjálfstfl., þegar þeir eru að tala um umhyggjuna fyrir almenningi og óttann um, að það kynni að verða einhver lífskjaraskerðing af þessu. Ég vil láta þá vita það, að hvað lífskjaraskerðingu snertir, þá skulu þeir treysta þeim aðila, sem hingað til hefur gætt þess eins og hann hefur getað, að hans lífskjör væru ekki skert, og það eru verkalýðssamtökin. Það þýðir ekkert fyrir þá að koma hérna núna og ætla að fara að láta eins og það væru þeir, sem hefðu afstýrt því á undanförnum árum, að lífskjörin væru skert. Þvert á móti. Það er ekki nóg með, að þeir hafi samþ. framleiðslugjaldið í fyrra. Þetta gekk svona ár eftir ár: Bátagjaldeyrir, söluskattur, gengislækkun. Fluttu þeir ekki hvert einasta ár nýjar álögur og nýja bindingu á þjóðina, nýja og nýja skerðingu lífskjara? Nei, ég er hræddur um, að það sé dálítið annað, sem vakir hérna fyrir. Og mér finnst það satt að segja, þegar þm. Sjálfstfl. eru búnir að halda þær ræður, sem þeir hér hafa haldið, og koma ekki fram með eina einustu till. í sambandi við þessi mál, ekki eina einustu till. um aðra lausn, en spyrjast fyrir um, hvort útlendingar hafi ekki látið ljós sitt skína, hvort það sé ekki einhvers staðar eitthvert álit frá einhverjum útlendingum. Ja, hvernig var það seinast, þegar við fengum álit frá útlendingum? Hvernig var seinast, þegar t. d. Alþjóðabankinn sendi álit, og Sjálfstfl. varð voðalega glaður og skellti því áliti í eitt stórt og mikið frv.? Hann fór þá einn með stjórn í landinu. Jú, ráðið var gengislækkun. Var það þess vegna, sem var verið að auglýsa eftir, hvort það væru ekki einhverjir útlendingar, sem vildu eitthvað ráðleggja núna, og hv. Sjálfstfl. langaði til þess að sjá framan í það, hvort það væri ekki hægt að fá einhverja svipaða sendingu og 1950 frá Alþjóðabankanum.

Ef sá draumur Sjálfstfl. hefði rætzt, sem þeir alltaf virðast vera að harma nú að ekki skuli hafa rætzt hjá þeim, að Sjálfstfl. hefði setið hér í ríkisstj. í stað t. d. Alþýðubandalagsins, þá er ég hræddur um, að ráð Sjálfstfl. hefðu verið þau að lækka gengið um 40—50—60%, og mikið má vera, ef það hefði ekki komið kaupbinding í viðbót. Ég held þess vegna, að Sjálfstfl. ætti alveg að gera sér ljóst, að það, sem er að gerast í dag með því frv., sem hérna er, er fyrst og fremst það, að það er verið að afstýra því, að það verði gengislækkun í landinu. Það er verið að hindra gengislækkun upp á 40—50%, sem Sjálfstfl. eftir útlendum leiðbeiningum hefði skellt yfir þjóðina, ef hann hefði staðið í þeim sporum í stjórninni, sem Alþýðubandalagið stendur í nú. Og við skulum um leið gera okkur ljóst, hvað það hefði þýtt, ef slík von Sjálfstfl. hefði rætzt. Það var gengislækkun 1950, og það hefði orðið gengislækkun núna, og það hefði orðið gengislækkun fimmta hvert ár með slíku áframhaldi, vegna þess að þá varð fyrst verðbólgubröskurum Sjálfstfl. fullnægt og þá var helzt von til þess, að það tækist smám saman að rýra þannig lífskjör almennings, að hann hefði ekki við að berjast fyrir því að bæta þau.

Ég held þess vegna, að Sjálfstfl. verði að reyna að setja sig í þau fótspor, meðan hann þorir ekki sjálfur að koma fram með neinar till. um þetta, að verkalýðurinn líti svo á, að með þeim tillögum, sem verið sé að framkvæma núna, sé þó a. m. k. verið að koma í veg fyrir gengislækkun upp á 40—50%, sem ekki hefði verið hægt að afturkalla, því að hver ný gengislækkun, sem yfir Ísland dynur, er hlutur, sem er gerður, og það verður ekki hægt að hækka það gengi á eftir.

Hitt er gefið mál, að til lausnar á þeim almennu efnahagsmálum, sem fyrir okkar þjóð liggur að leysa, þarf náttúrlega miklu meira en þetta frv., sem hér er. Það er öllum ljóst, sem um þau mál hugsa. Ef við ætlum að reyna að laga okkar þjóðlíf þannig, að það geti verið undirstaða bæði undir góðum lífskjörum og undir þeirri gífurlegu fjárfestingu, sem okkar þjóð þarf, vegna þess að hún hefur tekið við lítt numdu landi og okkar kynslóð er að byggja það upp, þá þurfum við að gera margar ráðstafanir í okkar efnahagsmálum, sem taka nokkurn tíma. Fjárfesting upp á 1200 millj. kr. á ári hjá þjóð, sem hefur 3500 millj. kr. tekjur, er svo gífurleg fjárfesting, að það eitt mundi hálfkaffæra þjóðfélagið efnahagslega, ef ekki væri hugsað um að byggja undirstöðuna

betur en gert hefur verið undanfarin ár. Það er þess vegna vitanlegt, að til þess að koma efnahagslífinu í það horf, sem það þarf að vera, þarf í fyrsta lagi að stórauka framleiðslutækin. Það þarf að fá mikla og góða undirstöðu undir öll þau lífskjör, sem við viljum byggja á, togara, verksmiðjur, fiskiðjuver, báta og annað slíkt, og það er þetta, sem hefur verið vanrækt undanfarin átta ár, sem Sjálfstfl. hefur verið í ríkisstj. Það hefur ekki verið keyptur einn einasti togari í átta ár til landsins, meðan keyptir hafa verið og fluttir inn 5000 bílar. Það er þannig, sem hefur verið vanrækt að byggja þá undirstöðu undir allt okkar efnahagslíf, sem við þurfum á að halda, ef hún á að bera þá miklu yfirbyggingu, sem við höfum hlaðið á hana. Og það þarf í öðru lagi að koma skynsömu skipulagi á framleiðsluna sjálfa, þannig að það sé ekki gegndarlaust arðrán ýmissa einokunaraðila eða sá dýri glundroði, sem við reynum ekki sízt í sambandi við verzlunina. Það þarf að koma á slíku skipulagi, að það sé hægt að útrýma braskinu, í staðinn fyrir að gera það stórkostlegra með hverju árinu sem líður. Og það þarf jafnhliða öllu þessu að koma á réttlátri skiptingu þjóðarframleiðslunnar, þannig að það fari ekki eins og verið hefur á undanförnum árum.

Í dag eru lífskjör verkalýðsins lakari en þau voru fyrir 10 árum, þrátt fyrir alla þá baráttu, sem verkalýðurinn hefur orðið að heyja, og þó að Sjálfstfl. hafi alltaf álasað honum fyrir hverja einustu tilraun, sem hann hefur gert til þess að reyna að bæta sinn hag. Við skulum gera okkur ljóst, að þessar stórfelldu ráðstafanir viðvíkjandi framleiðslunni, viðvíkjandi réttlátri skiptingu afraksturs þjóðarbúsins, viðvíkjandi skynsamlegu skipulagi, viðvíkjandi áætlunarbúskap og annað slíkt, það eru hlutir, sem þurfa að gerast, áður en við leysum okkar efnahagsmál, þannig að við fáum staðið undir góðum lífskjörum og stórkostlegri fjárfestingu hér heima. Og þó að þetta frv. feli ekki í sér slíkt og við séum stundum spurðir að því, hvort við höfum gefizt upp við þess háttar hluti, þá skulu menn vera vissir um, að því fer fjarri. Það verður haldið áfram að vinna að slíku. Það frv., sem hér liggur fyrir, er í raun og veru aðeins ráðstöfun til þess að láta ekki stórversna, eins og gert hefði, svo framarlega sem gengislækkun hefði orðið. Það er þess vegna tilraun til þess að halda í horfinu og láta ekki gera hluti, sem hefði verið ómögulegt að bæta úr á eftir.

Ef til vill muna einhverjir sjálfstæðismenn eftir því, hvað þeir gerðu sjálfir fyrir tæpum fimm árum, þegar þeir tóku við því að stjórna hér verzlunarmálunum og létu það vera eitt sitt fyrsta verk að gefa alla verðlagningu frjálsa, gefa allt braskið laust, spenna upp dýrtíðina í landinu, skapa húsnæðisokrið, sem núna er til, og hrinda þar með af stað þeirri dýrtíðarskrúfu, sem síðan hefur reynzt þjóðinni erfið. Það er spurt að því í dag: Hvað verður nú með þær álögur, sem nú koma á? Það er horfið með þeirri stefnu, sem nú er tekin, frá stefnu hinnar frjálsu verðlagningar. Það er horfið til stefnu algers verðlagseftirlits. Og í sambandi við það algera verðlagseftirlit koma verkalýðssamtökin líka til með að hafa sitt orð að segja. Það er spurt að því hérna: Er hægt að velta öllum þessum 200 milljónum, sem á eru lagðar, yfir á þá, sem núna taka gróða af verzluninni? Þjóð, sem hefur 3500 millj. kr. tekjur, og allmikill hluti af því fer áreiðanlega til auðmannastéttarinnar hér í Reykjavík, sú þjóð hefur, ef hún beitir sér, áreiðanlega allmikla möguleika til þess að velta allmiklu af þessum álögum yfir á þá, sem bezt gætu borið þær, yfir á þá, sem Sjálfstfl. alltaf hefur gefið leyfi til að græða eins og þeir bezt gætu á almenningi, og alltaf álasað verkalýðnum, ef hann hefur reynt að rétta sinn hlut. Við skulum engu spá um það núna. Við skulum ekkert gylla möguleikana á því. En við skulum bara gera okkur ljóst, að við munum berjast fyrir því. Og verkalýðssamtökin munu ekki láta sitt eftir liggja að reyna að sjá um, að það verðlagseftirlit verði sem bezt framkvæmt. Það er reynslan ein, sem þar fær skorið úr.

Það hefur stundum verið spurt um það, hvernig stæði á því, að allar þær tillögur t. d., sem þeir, sem nú eru þm. Alþýðubandalagsins, hefðu flutt í fyrra, kæmu ekki fram núna. Mér liggur nú næstum því við að spyrja: Hvernig í ósköpunum stendur á, að Sjálfstfl. tekur þær ekki upp, með þessari óskaplegu umhyggju fyrir almenningi og umhyggju fyrir því, að lífskjörin verði ekki skert, og mér liggur við að segja umhyggju fyrir því, að auðmennirnir fái helzt að bera byrðarnar, eftir því sem mér skilst? Hvernig stendur á því? Ég held, að einu mótmælin, sem hafa yfirleitt borizt á móti þeim álögum, sem lagðar eru á í þessu frv., og efast ég samt ekki um, að ýmsir kunna að vera óánægðir, — einu mótmælin, sem opinberlega hafa borizt til okkar, eru frá Landsbankanum, — Landsbankanum, sem á á þriðja hundrað milljónir í skuldlausum eignum og græðir sínar 40—50 millj. kr. á ári.

Það er hér lýst yfir af hálfu verkalýðssamtakanna, hverja afstöðu þau taka til þessara tillagna. Það er raunsæ yfirlýsing. Reynslan mun skera þar úr. Verkalýðssamtökin eru velviljuð þessari stjórn, verkalýðssamtökin vilja styðja þessa stjórn. Þetta er fyrsta stjórn um langan tíma, sem hefur sýnt verkalýðssamtökunum það, að hún vill taka tillit til þeirra, að hún vill reyna að vinna að því, að þeirra lífskjör batni. Og þá kom allt í einu fram hv. 9. landsk., sem var að tala hérna áðan, með óskaplega umhyggju fyrir því, að það geti nú farið svo, að kaupgjald verkalýðsins jafnvel lækki og lífskjörin verði skert. Mér er spurn: Hefur ekki þessi hv. 9. landsk. þm. í hvert einasta skipti, sem verkalýðurinn hefur þurft að leiðrétta sín lífskjör á undanförnum árum, gefið út langar og vísindalegar leiðbeiningar og yfirlit um, að það væri alveg ófært fyrir verkalýðinn að vera að gera slíkt, það væri alveg þýðingarlaust fyrir verkalýðinn að vera að gera slíkt? Núna allt í einu kemur þessi óskaplega umhyggja. Hann talaði um vísitöluna og hvað hún væri óskaplega fölsuð. Ég skal hugga hann með því, að verkalýðssamtökin hafa séð til þess, að það verður útbúin önnur vísitala. Það verður reiknuð út jafnhliða þessari gömlu vísitölu önnur, miðuð við lífskjörin eins og þau eru nú, þannig að við getum líka séð, hvernig breytingarnar á vöruverðinu verða eftir þeirri vísi-

tölu. Hún gildir að vísu ekki, sú vísitala, því að sú gamla gildir eftir lögunum og eftir samningunum, en við getum haft hana til hliðsjónar við þær ákvarðanir, sem teknar verða. Og við getum látið hana koma í gildi, svo framarlega sem verkalýðssamtökunum finnst það betra. Ég efast hins vegar um, að verkalýðssamtökunum mundi finnast það betra. Og það er af ástæðu, sem þau sjálf hafa rætt og þau hafa sjálf athugað.

Ég get þess vegna fullvissað hv. 9. landsk. um, að það verður fylgzt með vísitölunni eða hitamælunum, eins og hann vildi kalla það, ekki þannig, eins og hann vildi vera láta í gær, að hitamælirinn yrði brotinn, heldur hitt, að það yrðu hafðir tveir hitamælar, ef það skyldi vera þannig, að annar þeirra væri eitthvað vitlaus. Og það er meira en gert hefur verið undanfarið, þegar fjallað hefur verið um þessi mál.

Svo eru till. Sjálfstfl. Jú, það er eitt atriði, sem hefur komið fram hjá Sjálfstfl., þeim tveim fulltrúum hans í fjhn., í sambandi við umr. um þetta mál hér. Það er eitt atriði, sem þeir alvarlega hafa fundið að og alvarlega mótmælt, og það er, að Landsbankinn og Útvegsbankinn eigi að fara að greiða 10 millj. kr. Hv. 5. þm. Reykv. sagði, að það væri ekki greiði við útveginn að fara að láta bankana borga 10 millj. kr. Ég spyr: Er það þá heldur ekki greiði við almenning að láta þá borga það? En svo liggur mér nú líka við að spyrja: Væri það ekki greiði við útveginn, að þessir bankar væru ekki látnir taka alveg eins mikið og þeir gera af útveginum í vöxtum og niðurfærslufé og öðru slíku? Ætli það hefði ekki verið óhætt að lækka það eitthvað ofur lítið? (Gripið fram í.) Það er gert á vissan hátt, vegna þess að það eru teknar 10 milljónir af Landsbankanum, sem fara í þessa fúlgu. En svo framarlega sem það hefði verið eitthvað dálítið meira, og ef ég man rétt, þá lögðum við í fyrra til, að það yrðu 25 millj. kr., þá hefði ef til vill verið hægt að létta frekar ýmsu af tollunum, sem nú eru lagðir á almenning. Ég held þess vegna, að fyrst Sjálfstfl. telur eftir einu álöguna á ríkustu fyrirtækin í landinu, þá sýni hann nú ekki mikla umhyggju fyrir almenningi, þegar verulega er þó á einum litlum stað komið við þau kaun, sem honum þykja sárust.

Ég vil líka segja það með ákvæði eins og t. d. viðvíkjandi iðgjöldum af vátryggingunum, að þar er auðveldur hlutur að láta vátryggingarfélögin borga þetta, og þau væru sannarlega rétt til þess.

Þá er talað hér mikið um, hve óljósar séu margar greinarnar í þessu frv. Og það skal vissulega viðurkennt, að það er ekki heiglum hent að eiga að fást við að skilja þessar greinar til fulls og mundi þurfa allmikið verk. Og ég get vel tekið undir þá ádeilu, að margt sé það torf og jafnvel moldveður. En má ég nú spyrja: Kemur það ekki úr hörðustu átt, þegar Sjálfstfl. og hans þm. fara að deila á, að hérna sé nú verið að setja í lög ákvæði, sem þýði raunverulega að vísa bara í tollskrá, svo að menn þurfi að fletta upp í tollskrá, og það sé allmikil fyrirhöfn, til þess að sjá, hvað þau gildi, — kemur það nú ekki úr hörðustu átt að kalla það alveg óskaplegt moldviðri, kalla það jafnvel ráðstafanir til þess að vera af ásettu ráði að dylja fyrir almenningi hitt og þetta og fara í feluleik, kalla það óskapnað og skoffín og annað þess háttar, eins og hv. 5. þm. Reykv. gerði hér áðan, þegar við rennum huganum til baka og sjáum, hvað það er, sem Sjálfstfl. hefur boðið okkur hér upp á á undanförnum þingum? Það er sagt hér: Ja, það skal nú nokkuð mikið traust á ríkisstjórn til þess að samþykkja þó að setja í lög 27. gr. og annað slíkt. En hvílíkt traust var það, sem heimtað var af ríkisstjórn og öllum, sem henni komu nærri, og Sjálfstfl. heimtaði hér á árunum á Alþingi? Má ég kannske minna á, að hér var ein tvö ár í gildi reglugerð um bátagjaldeyri, sem hafði enga stoð í lögum, þar sem nokkrum mönnum úti í bæ var falið af ráðherra án heimildar í lögum að leggja ákveðinn skatt á þjóðina í landinu? Og má ég svo kannske minna á, að eftir að búið var að innheimta hundruð milljónir króna af almenningi, án þess að nokkur lagaheimild væri fyrir því, og lagaheimild var að lokum sett fyrir því, hvernig hljóðaði þá sú lagaheimild í lögunum um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, sem sett var 1953? Niðurlag 1. gr. hljóðaði þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstj. hefur heimild til að setja skilyrði um innflutning og gjaldeyrissölu, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum, svo sem til stuðnings atvinnuvegunum eða einstökum greinum þeirra.“ Þetta var heimildin, sem m. a. þáverandi hæstv. viðskmrh. útvegaði sér. (Gripið fram í.) Þetta var ljóst, já, þarna fengu ákveðin samtök úti í bæ leyfi til þess; ef þau vildu leggja 1000% á korn, ef þau vildu leggja 100% á kaffi, ef þau vildu leggja hvað sem þeim þóknaðist á hvaða vöru sem var, þá máttu þau gera það eftir þessu. Ríkisstj. útvegaði sér heimild til þess að mega leggja allt á allt, sem henni þóknaðist. Þetta var ljóst. Þetta var ekkert moldviðri. Þetta var ekki skoffín. **(Gripið fram í:** Það var nú góð stjórn, sem fékk þetta.) Já, það var nú þokkaleg stjórn, sem fékk þetta. En hvað gerðist svo nokkru eftir að þessi stjórn fékk þessa heimild? Það var ekki einu sinni svo vel, að ríkisstj. gæti sjálf haldið í að nota þessa heimild sjálf. Nei, hún lét menn úti í bæ taka þessa heimild af sér, og mennirnir úti í bæ fóru að leggja á fólkið, fóru að hækka álögurnar án þess að spyrja ríkisstj., og ríkisstj., þessi góða ríkisstj., kom þá fram hérna á Alþingi og sagði: Ja, hér stend ég, þeir hafa bætt þarna 10% á, en ég get ekkert gert. — Það var eitt ginnungagap allsherjar heimildar til að skattleggja almenning eins og ríkisstj. þóknaðist og eins og mönnum úti í bæ, sem ríkisstj. fékk valdið í hendur til að gera það, þóknaðist, sem sú ríkisstj. útvegaði sér. Það er ekki undarlegt, að þessum háu herrum finnist leiðinlegt, að þessi bátagjaldeyrir og þessi allsherjar einræðisheimild skuli hafa horfið úr lögum, að það skuli þó a. m. k. verið að setja í lög, hvað sé lagt á almenning. Þó að ýmsar greinarnar af því séu meira að segja torf, þá stendur það þó héðan af í lögum, en það geta ekki einhverjir menn úti í bæ lagt á fólkið í landinu eins og þeim þóknast í skjóli annarra eins heimilda og þarna eru. Þetta er þeim mönnum bezt að gera sér ljóst, sem eru mest að atyrða núna.

Hv. 1. þm. Reykv. lauk máli sínu með því, að ef það ætti að fara að halda þeim hætti, sem hérna væri upp tekinn, að semja við verkalýðssamtökin, þá skyldu menn gera sér ljóst, hvert væri verið að stefna, að lög og réttur færu þá að hætta að gilda á Íslandi. Já, ég er anzi hræddur um, að ef Sjálfstfl. hefði komizt upp með það að vera í ríkisstj. nú, setja á gengislækkun og setja á kaupbindingu, þá hefði verkalýðnum verið sýnt valdið á eftir. Ég er anzi hræddur um, að það hefði verið gert. Ég held hins vegar, að okkar þjóðfélagi verði betur stjórnað með því, að það verði haft samráð við þá menn í landinu, sem bera byrðarnar, sem halda þjóðfélaginu uppi með sinni vinnu, mennina, sem eiga kröfur á því, að þeirra lífskjör verði smátt og smátt bætt og að það séu skapaðar undirstöður til þess að standa undir þeim lífskjörum. Ég er hræddur um, að þjóðfélaginu verði betur stjórnað með því, að höfð séu samráð við þessa menn, heldur en að það verði aðeins sýnt valdið, eins og Sjálfstfl. virðist mest langa til.

Frsm. minni hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. (EOl), sem var að ljúka ræðu sinni, talaði um það í miklum fyrirlitningartón, að hér hafi annar fjhn.-maður Sjálfstfl. talað um það, hvað hefði verið álit erlends sérfræðings um þessi mál, og vildi gera gys að því, að við vildum vera að leita eftir áliti útlendinga um lausn á efnahagsmálum okkar eða till. Þetta er mesti misskilningur. Bæði ég og Ólafur Björnsson höfum vikið að því, að það var hæstv. ríkisstj., sem óskaði eftir því að fá útlending í þjónustu sína til þess að gefa sér álitsgerð um ástandið í efnahagsmálunum, og við inntum bara eftir því, hvernig á því stæði, að sú álitsgerð, sem ríkisstj. sjálf hefði óskað eftir að fá frá þessum útlendingi, hefði ekki verið látin koma fram í dagsljósið, sem og ekki heldur neinar álitsgerðir frá öðrum mönnum, sem hæstv. ríkisstj. hefur fengið í þjónustu sína til þess að fjalla um þessi mál, innlenda hagfræðinga einnig, og hina svokölluðu efnahagsmálanefnd stjórnarliðsins.

Hv. 3. þm. Reykv. hælist yfir því, að með þessu frv., þó að það sé, eins og hann játaði sjálfur, mesta torf og ýmislegt miður í því, hefði þó verið komið í veg fyrir gengislækkun, sem hefði verið annar kosturinn. Ja, það hefur áður hér við 1. umr. verið innt eftir því. Er það rétt, sem blað eins stjórnarflokksins hefur hermt, Þjóðviljinn, að bæði Framsfl. og Alþfl. hafi fyrir sitt leyti viljað heldur en þessi úrræði gengisfellingu? Við því hafa ekki fengizt nein svör enn þá. Ég endurtek þessa spurningu, og mér finnst, að það ætti ekki að vera ofraun fyrir umboðsmenn þessara flokka, þegar blað eins stjórnarflokksins heldur því fram og lesa má í orðum þingmanna sama stjórnarflokks hér, að tveir stjórnarflokkanna hafi heldur viljað gengisfellingu en þessi úrræði, sem hér er um að ræða, að þeir svari þá fyrir sig og geri grein fyrir sínu máli. Enn fremur var í því sambandi innt eftir því hér í gær, hvort sérfræðingarnir, bæði þeir erlendu og innlendu, sem unnið hafa á vegum ríkisstj., hafi fyrir sitt leyti gert tillögur um gengisfellingu og rökstutt þær, og þá væntanlega rökstutt þær m. a. með því, að þær væru ekki þungbærari almenningi en þessar till., sem hér eru lagðar fram, nema síður væri, og á sama tíma kannske gagnlegri og varanlegri lausn í efnahagsmálunum.

Þessar spurningar eru ítrekaðar hér í kvöld og vænti ég þess, að stjórnarliðar eða fyrirsvarsmenn stjórnarinnar reyni að leysa úr þeim.

Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) sagði og býsnaðist yfir, að ekki hefði nú fyrrv. stjórn sjálfstæðismanna — eins og er alltaf talað um, enda þótt Framsfl. hafi verið þar með á skútunni — verið góð, hún hafi enga togara flutt inn, en 5000 bíla. Ja, það var mikill bílainnflutningur. En hverjir gerðu till. um bílainnflutninginn? Ég sé ekki hæstv. atvmrh. í bili, en skyldi hann hafa verið í nefnd, sem ríkisstj. skipaði fulltrúum allra flokka, og þessi nefnd, sem skipuð var fulltrúum allra flokka, hafi lagt til við fyrrv. ríkisstj. að auka stórlega innflutning bíla, að vísu til þess að endurnýja bílakost landsmanna, en ekki aðallega vegna þess, heldur aðallega vegna hins, að leggja á þá stórkostleg gjöld, þannig að togarafloti landsmanna lægi ekki bundinn við festar og gæti haldið áfram rekstri sínum? Jú, það er sem sagt staðreynd, að þessi nefnd, sem skipuð var fulltrúum allra flokka og þ. á m. núv. hæstv. atvmrh., lagði þetta til, og það var upphafið að hinum aukna bílainnflutningi, sem fyrst og fremst hefur lagt grundvöllinn að því, að hægt hefur verið að afla fram til þessa m. a. fjár í hinn svokallaða togarasjóð, til þess að rekstur togaranna stöðvaðist ekki. Hitt er svo vitað, að sjálfstæðismenn höfðu forgöngu um það á sínum tíma að endurbyggja togaraflota landsmanna með nýsköpunartogurunum, þegar sjálfstæðismenn höfðu forsæti í ríkisstj. á árunum eftir stríðið, og enn fremur beittu þeir sér fyrir viðbót á togarakaupum í samvinnu við Frams.- og Alþfl. í tíð ríkisstj., sem Alþfl. veitti forsæti. Og það mun ekki standa á Sjálfstæðisfl. að stuðla að kaupum togara nú fremur en endranær, og hefur það greinilega komið í ljós í sambandi við þær umr., sem um þessi mál hafa orðið hér á þinginu að undanförnu.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að það hefðu ekki komið mótmæli frá neinum nema Landsbankanum gegn þessu frv. Ja, menn hafa nú ekki haft mikil tækifæri til þess að mótmæla þessu frv., sem útbýtt var í þinginu á hádegi í gær. En hitt er engan veginn óeðlilegt, að þjóðbanki landsins skrifi Alþingi eins og hann gerði og veki athygli á því, að það eru á hann og aðra banka lagðar ýmsar kvaðir, og það voru engan veginn sérstaklega þessar 10 millj. kr. í útflutningssjóðinn eða til ríkissjóðs eða hvert sem það nú fer, heldur ýmislegt annað, sem bönkunum er ætlað að inna af hendi í þessu frv. og er í hæsta máta óviðeigandi, án þess að nokkurn tíma hafi átt sér stað neinar viðræður eða samráð við — í þessu tilfelli — Landsbankann. Og það er mesti misskilningur hjá hv. 3. þm. Reykv., að það sé eina till. okkar fulltrúa Sjálfstfl. í sambandi við þessa 17. gr. frv. um framlög bankanna að breyta henni, því að við höfum gert einarðlega grein fyrir því, að við höfum aðra miklu veigameiri till. í þessu máli, og það er að fella þetta frv.

Um till. okkar sjálfstæðismanna og afstöðu í

efnahagsmálunum, hvað við leggjum þar til, þá er það vitað. Við höfum á sínum tíma, þegar nauðsyn krafði, gengið að því í samvinnu við Framsfl. að skipa efnahagsmálunum á þeim tíma með gengisbreytingu og fleiri ráðstöfunum. Við höfum á öðrum tímum verið reiðubúnir til þess að skipa efnahagsmálunum með tilfærslu í þjóðfélaginu, á svipaðan hátt og gert er í þessu frv. hér. Við höfum lagt til á yfirstandandi ári að halda niðri dýrtíðinni með niðurgreiðslum úr ríkissjóði. En hitt er algerlega út í bláinn, ef þm. ríkisstj. álíta, að það sé verkefni okkar sjálfstæðismanna nú, þegar fram kemur slíkt frv., að bera fram till. um lausn efnahagsmálanna. Það er m. a. eitt af því, sem við erum að gagnrýna hæstv. ríkisstj. fyrir, að þetta frv. er ekki nægjanlega undirbúið og undirbyggt með nákvæmri og gagnkvæmri rannsókn á efnahagsástandinu, eins og gera þarf, áður en till. eru lagðar fram, hvort sem er til varanlegrar lausnar eða bráðabirgðalausnar. Það verður að vera hægt að sýna fram á það, og það er Sjálfstfl. ekki í dag reiðubúinn að gera í þeirri aðstöðu, sem hann er, að á hverjum tíma, þegar verulegar aðgerðir eru, þá sé ein leiðin öðrum fremur ákjósanleg, bæði til þess að ná þeim tilgangi, sem að er stefnt, og fela í sér minnstar byrðar á almenning. En það er ekkert, sem fylgir þessu frv., sem sker úr um það, hvort þær formbreytingar á aðstoð við útgerðina, sem hér eru lagðar til, eru henni nokkuð gagnlegri og betri en það fyrirkomulag, sem áður var, og það er heldur ekki neinn rökstuðningur eða grg. með þessu frv. um það, að þær leiðir, sem hér eru farnar, séu almenningi léttbærari en aðrar leiðir, eins og gengisbreyting eða hver önnur leið, sem mundi verða farin í þessum málum, og það er einmitt það sem við gagnrýnum stjórnina fyrir. Okkur dettur ekki í hug, sjálfstæðismönnum, að leggja fram á líku stigi málsins eins og hér heildartill. í efnahagsmálum og höfum ekki aðstöðu til annars, þegar slíkt frv. kemur fram, heldur en að skipa okkur annaðhvort með því eða á móti eða þá að reyna að gera á því einhverjar breyt. Ég skal viðurkenna það, að við höfðum í huga, meðnefndarmaður minn og ég, að gera nokkrar breyt. á þessu frv., sem ég skal játa hispurslaust að við höfum gefizt upp á að flytja, af því að við höfum ekki komið þessum brtt. saman. Það hefur farið fyrir okkur eins og hv. þm. Borgf., að þegar hann ætlaði að flytja eina litla brtt., þá ætlaði hann varla að komast út úr völundarhúsinu aftur.

Annað er það, að ég mun sjálfur flytja hér þá brtt. við 17. gr. um greiðslu frá bönkunum, og verð ég eins og á stendur að flytja hana skriflega, að í staðinn fyrir það, að gjaldeyrisbönkunum er gert að greiða þessar umtöluðu 10 millj. af gengishagnaði sínum, þá séu þessar 10 millj., sem ætlazt er til að ná af gróða bankanna, teknar af gróða bankanna í heild og skipt á milli bankanna að greiða það í hlutfalli við gróða þeirra, að greinin m. ö. o. orðist þannig: „Bankarnir skulu greiða 10 millj. kr. af árshagnaði sínum, og skiptist upphæðin milli bankanna í hlutfalli við hagnað þeirra.“ Þó að það sé ekki verulegt atriði, þá kemur hér fram sá aumi og lágkúrulegi hugsunarháttur, að það þarf endilega að undanþiggja einhverja, — og vegna hvers er Búnaðarbankinn, sem er aðalbankinn í þessu sambandi, — Iðnaðarbankinn er ungur og veikur, — undanþeginn? Hann hefur alveg jafnmikið bolmagn til þess eins og hinir bankarnir að greiða af gróða sínum til almennings í þessu landi, eins og hv. 3. þm. Reykv. orðaði það, og það er sá banki, sem Alþingi á undanförnum árum hefur veitt langmest fjármagn til. Vegna hvers skyldi hann þá ekki eins og aðrir bankar vera þess umkominn að láta nokkuð af sínum gróða í það málefni, sem hér er um að ræða, og getur nokkur þm. fært rök að því, að það sé ástæða til þess að taka út einstaka grein úr rekstri bankanna og skattleggja hagnað af henni fremur en heildargróðann? Ég held ekki, og allra sízt gjaldeyrisgróðann, þegar einmitt vegna gjaldeyrishagnaðarins er verið að leggja sérstök störf og sérstaka þjónustu á bankana, eins og ég gerði grein fyrir áðan. Ég vildi mega leyfa mér að afhenda forseta þessa skriflegu brtt.

Svo eru nokkur atriði í sambandi við frv., sem ég taldi alveg nauðsynlegt að fjhn. fengi tækifæri til þess að halda stuttan fund um á milli umræðnanna nú. Ég geri ráð fyrir, að 3. umr. taki við að lokinni 2. umr. hér. Ég skal nefna t. d., að ég var að ræða áðan við hæstv. atvmrh. um varahluti í flugvélar. Við athugun þá sýndist mér, að á varahluti flugvéla kæmi 16% yfirfærslugjaldið. Flugvélar eru undanþegnar þessu gjaldi, og varahlutir í flugvélar hafa verið tollfrjálsir fram að þessu, og hæstv. ráðh. tjáði mér, að það hefði ekki verið meiningin að leggja á varahluti í flugvélar ný gjöld núna með þessu. Þá þyrfti að lagfæra það á milli umræðnanna, ef þetta fær staðizt við nánari athugun, — eða kannske að þetta sé einhvers staðar í frv., þannig að þetta sé ekki gjaldskylt, og þá bið ég afsökunar á því, ef það verður leiðrétt, en ég fæ ekki séð það. Við vorum í fjhn. með athugun á skipagjöldum sérstaklega, og meiri hl. flutti till. um það í samráði við ríkisstj., að ríkisstj. geti undanþegið yfirfærslugjaldi nauðsynleg skipagjöld erlendis að nokkru eða öllu leyti og sett þau skilyrði um það, er þurfa þykir. En ég er alveg sannfærður um, að það er ekki ætlazt til þess, að það sé tekið yfirfærslugjald af lendingargjöldum flugvéla erlendis. Þó er það ekki orðað hérna, og ef þetta væri samþykkt án þess að það kæmi inn í, þá er í raun og veru ekki eftir lögunum annað að gera en að innheimta slík gjöld af flugvélunum, sem ég er alveg sannfærður um að hvorki hæstv. ríkisstj. né stjórnarliðið að öðru leyti ætlast til að gert verði. Þyrfti það mál einnig að koma til athugunar.

Svo langar mig til að spyrja hæstv. ríkisstj. um það, hvað þýði 19. gr. í frv., þar sem stendur í upphafinu: „Nú á aðili eign í erlendum gjaldeyri, og má hann þá eigi nema með leyfi innflutningsskrifstofu ráðstafa henni til vörukaupa eða annarra greiðslna, sem háðar eru yfirfærslugjaldi.“ Hann má ekki nema með leyfi innflutningsskrifstofunnar ráðstafa henni til vörukaupa eða annarra greiðslna, sem háðar eru yfirfærslugjaldi, og hlutaðeigandi skal greiða 16% yfirfærslugjald af gjaldeyrisupphæð þeirri. Við skulum segja, að sjómaður eigi erlendan gjaldeyri, sem hann hefur gert grein fyrir og getur með

réttu átt, og hann langar til þess, ja, hann langar kannske bara til þess að fara niður á ölstofu og fá sér bjór og kannske eitthvað meira, kaupa stól eða smáborð eða eitthvað því um líkt. Á hann þá samkv. þessari grein að borga 16% yfirfærslugjald af þeim gjaldeyri, sem hann notar til þessara kaupa? Eftir orðanna hljóðan á hann að gera það. Er ekki full ástæða til þess að orða þetta einhvern veginn öðruvísi, því að þessi gr. segir, eins og hún er orðuð núna, að hver sá, sem eigi löglegan gjaldeyri erlendis, megi ekki nota hann erlendis öðruvísi en fá leyfi innflutningsskrifstofunnar til þess, ef hann kaupir fyrir hann eitthvað, sem er leyfisskylt, og a. m. k. borga af því 16% yfirfærslugjald.

Mig langar enn fremur til þess, af því að það hefur blandazt inn í umr., að spyrja nú beint að því, — ég þakka hæstv. fjmrh. í þessu sambandi fyrir það svar, sem hann gaf mér um álagningu söluskatts í heildsölu, sem var skýrt og skorinort, en mig langar þá til að spyrja: Hvað á hæstv. ríkisstj. við með orðunum „brýnustu nauðsynjar og helztu rekstrarvörutegundir útflutningsatvinnuveganna“ — þar sem segir í greinargerðinni, að á þetta tvennt hafi engar nýjar álögur verið lagðar? Brýnustu nauðsynjavörur, hvað er það? Og hvað eru helztu rekstrarvörutegundir útflutningsatvinnuveganna? Sennilega á hæstv. ríkisstj. auðvelt með að svara því, hvað eru brýnustu nauðsynjavörur, en það er þýðingarmikið fyrir okkur þm. að vita, hvaða skilning ríkisstj. leggur í það, hvað skuli teljast brýnustu nauðsynjavörur, og það er nauðsynlegt að fá líka skilgreiningu á því, hverjar eru helztu rekstrarvörutegundir útvegsins, þegar kemur í ljós, eins og ég sagði í minni fyrri ræðu, að fjölmargar þýðingarmiklar rekstrarvörur útflutningsins eru skattlagðar bæði með 16% yfirfærslugjaldi á gjaldeyrinum og 11% innflutningsgjaldi. Ég nefndi ýmsar vörutegundir, eins og **björgunarhringi,** akkeri og akkerisfestar, víra og sjódufl, ljósker, hraðamæla, línubyssur og ýmislegt annað áðan. Ef ekki er neitt af þessu talið með helztu rekstrarvörutegundum útflutningsatvinnuveganna, svo sem ríkisstj. gerir væntanlega ekki, þá hlýtur þetta að hafa fallið fyrir utan einhverja ákveðna skilgreiningu, sem hún hefur á því, hvað eru helztu rekstrarvörutegundir útflutningsins, og væri mjög æskilegt og nauðsynlegt fyrir okkur að fá það upplýst.

Loks langar mig til að minnast á byggingarefnið, sem eru lögð ný gjöld á í þessu frv., og það tel ég ákaflega misráðið, eins og nú standa sakir. Það hafa aldrei áður verið jafnmargar byggingar í smíðum, ekki aðeins í höfuðstað landsins, heldur um gervallt land, eins og nú er, og fólk á ákaflega erfitt með að koma þessum byggingum upp, ekki sízt vegna þess, um hversu mikla lánsfjárörðugleika hefur verið að ræða. Nýjar álögur á helztu byggingarvörutegundir, sement, timbur og járn, eru kannske, eftir því sem ég kemst næst, 8—10% eða eitthvað því um líkt, en á ýmsar aðrar þarfir til bygginga miklu hærri.

Ég vildi mjög gjarnan óska eftir því að mega ræða þetta á fundi í fjhn., sem þyrfti ekki að vera langur, og við þá fulltrúa ríkisstj., hvort ekki væri hægt að gera aðra skipan á þessum málum og einmitt með sérstakri hliðsjón af því, hvernig ástatt er og þar sem fyrir hv. Alþ. liggur, þegar það kemur saman eftir áramótin, að gera alveg sérstakar ráðstafanir í sambandi við húsnæðismálin, og er þá kannske nokkurt öfugstreymi í því að hafa rétt fyrir jólin verið búinn að leggja á þessar miklu og nauðsynlegu þarfir almennings 10% og kannske hærri aðflutnings- og yfirfærslugjöld, án þess að það sé auðvelt að átta sig á því í skjótu bragði.

Ég sagði áðan, að það væri mjög erfitt fyrir okkur að átta okkur á, hversu miklar hækkanir hér væri um að ræða. Við höfum sem sagt, meðnefndarmaður minn í fjhn. og ég, algerlega gefizt upp á því að gera neina tilraun til þess að færa nokkuð á milli flokka í 27. gr., þar sem taldar eru upp og flokkaðar niður vörur þær, sem innflutningsgjöldin falla á.

Nokkur dæmi höfum við látið reikna út fyrir okkur um hækkunina á einstökum vörum. Þær segja ekki mikið, því að það eru ekki nema örfáar vörutegundir, það hefur ekki unnizt meiri tími til þess fyrir okkur, enda höfum við verið mjög bundnir. Það kemur í ljós eftir þessum útreikningum, ef þeir eru þá réttir, — ég vil hafa um það allan fyrirvara, að það geti vel verið, að í þessu sé einhver misskilningur, og þeir menn, sem gerðu þetta fyrir okkur, verða þá leiðréttir af hæstv. ríkisstj., ef tilefni er, — en þar kemur fram, að hækkunin er gífurleg á mörgum vörum. Það reiknast til, að laukur hækki um 68.7%, að lyftiduft hækki um 59.2%. (**Gripið fram í:** Lyftiduft lyftist upp.) Já, hæstv. fjmrh. lyftist nú ekki núna. Dömusokkar lyftast um 51.2%, hækka um 51.2% og gólfteppi 64%, miðstöðvarofnar um 13.9%, pípur 13.26%, hreinlætistæki um 27.9%. Þessi fáu dæmi eru náttúrlega, eins og ég segi, mjög alvarlegar hækkanir, en þau eru hins vegar allt of fá til þess að vera mælikvarði á, hvað þessar hækkanir eru miklar. En það gefur þó hugboð um ásamt ýmsu öðru, sem fram hefur komið í meðferð málsins, að tekjuáætlunin, sem gerð er í greinargerð frv., kunni að verða þannig í framkvæmdinni, að þetta frv. skili miklu hærri tekjum en gert er ráð fyrir.

Ég skal svo ekki að þessu sinni hafa um þetta fleiri orð, en vil mælast til þess, að tóm gefist til þess að skjóta á fundi í fjhn. á milli umr.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 165 og 169, sem voru of seint fram komnar, og skrifl. brtt. (sjá þskj. 174) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 19:3 atkv.

Brtt. 169,1 samþ. án atkvgr.

2. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 169,2 samþ. með 19 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

5.—6. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 169,3 samþ. með 20 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 169,4 samþ. með 19 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

9.—14. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 169,5 samþ. með 20 shlj. atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.

Brtt. 165,1 felld með 18:10 atkv.
16. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 174 felld með 18:8 atkv.
17. gr. samþ. með 19:1 atkv.
Brtt. 169,6 samþ. með 18 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 169,7 samþ. með 20 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
20.—26. gr. samþ. með 19:1 atkv.
Brtt. 165,2 felld með 20:9 atkv.
27. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 169,8 samþ. með 19 shlj. atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
29.—32. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
33.—35. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
36.—40. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:5 atkv.

Á 40. fundi í Nd., 20. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 175).

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Fjhn. leyfir sér að flytja hér till. um breyt. á 15. gr. frv. Í síðasta málsl. 2. málsgr. þeirrar gr. segir, að ríkisstj. geti undanþegið yfirfærslugjaldi nauðsynleg skipagjöld erlendis að nokkru eða öllu leyti og sett þau skilyrði um það, er þurfa þykir. N. leggur til, að inn í þennan málslið bætist á eftir orðunum „nauðsynleg skipagjöld“ „og flugvélagjöld“, til þess að það gildi sama undanþáguheimild fyrir gjöld af flugvélum erlendis eins og skipum.

N. verður að sjálfsögðu að leggja fram skriflega þessa brtt., og vil ég fara fram á við hæstv. forseta, að afbrigða verði leitað.

Frsm. minni hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Gerð hefur verið grein fyrir till. fjhn. um að bæta inn þessari breytingu um flugvélagjöldin, en ég hafði nú viljað freista þess á milli umræðnanna, að skýrt væri ákveðið um flugvélavarahluti einnig, en að öllu athuguðu þótti það ekki fært, og ég flyt þá heldur enga brtt. um það. Það var vinsamlega í málið tekið af þeim hæstv. ráðh., sem ég ræddi við, og ég leyfi mér að vænta þess, að því muni reiða af, svo að viðunandi sé fyrir þá aðila, sem hlut eiga að máli.

Þá vék ég við 2. umr. að byggingarefni og nauðsyn þess að hækka ekki álögur á því eins og á stæði. Ég skal ekki orðlengja neitt meira um það nú, en í samræmi við það, sem ég sagði þá, leyfi ég mér að flytja hér skriflega brtt. um, að þau verði undanþegin yfirfærslugjaldinu, að sú breyt. verði gerð á 16. gr., að við a-lið bætist, þar sem taldar eru upp þær vörur, sem undanþegnar eru yfirfærslugjaldinu: nr. 17 í 21. kafla, sement, nr. 1—4 í kafla 40, plankar, bitar og borð úr furu og greni, þar með talinn hemlockviður, nr. 6 í 63. kafla, bárujárn, og nr. 57—58 í 63. kafla, miðstöðvarofnar og miðstöðvarkatlar. Það eru auðvitað miklu viðtækari breytingar, sem að mínum dómi væri æskilegt að gera þarna, en ég hef þó látið við það sitja að taka þessar meginbyggingarefnavörur, sem hér eru upp taldar, og vil beiðast þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir þessari skriflegu brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 177 og 178) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 177 samþ. með 25 shlj. atkv.

— 178 felld með 19:9 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: HS, HV, KGuðj, LJós, PÞ, PP, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, EmJ, EystJ, GíslG, GÍG, GJóh, GÞG, EOl.

nei: IngJ, JóhH, JPálm, MJ, ÓB, ÓTh, RH, BBen.

PO greiddi ekki atkv.

6 þm. (JS, KJJ, SÁ, BÓ, EirÞ, HÁ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Áki Jakobsson: Ég tel þá lausn á vandamálum sjávarútvegsins, sem felst í þessu frv., mjög ófullkomna, þar sem hún er við það miðuð að gera taprekstur sjávarútvegsins og styrkgreiðslur honum til handa að varanlegu fyrirkomulagi. Sú stórfellda skattheimta, sem hér er lögfest, mun valda truflunum, sem munu leiða til stöðnunar í atvinnu- og viðskiptalífi þjóðarinnar.

Ég harma það, að ekki skuli nú hafa náðst samkomulag um varanlegri lausn þessara mála, en með því að ég vil ekki, að til stöðnunar geti komið í sjávarútvegi á komandi ári, þá segi ég já.

Bjarni Benediktsson: Með tilliti til þess, sem fram hefur komið, síðast í grg. hv. þm. Siglf. (ÁkJ), segi ég nei.

Frv. afgr. til Ed.

Á 40 fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 179).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Eins og hv. þd. er kunnugt, er þetta mál nú komið frá hv. Nd. og hefur verið rætt þar allýtarlega og jafnframt athugað á sameiginlegum fundum fjárhagsnefnda beggja deilda. Það hefur tekið nokkrum breytingum í meðförunum, og er það ekki nema eðlilegt, þar sem þetta mál er allyfirgripsmikið og þarf því mikillar athugunar, en eins og að undanförnu kemur þetta mál fremur seint fram. Það hefur verið fundið að því og koma sjálfsagt þær raddir fram hér í þessari hv. þd., að málið sé raunverulega of seint fram komið, en við það er það að athuga, að þeir erfiðleikar, sem við hefur verið að fást núna, eru áreiðanlega stórfelldari en verið hafa áður, vegna þess að fjárhagur atvinnuveganna hefur aldrei verið verri en á þessu ári, og þeir erfiðleikar, sem þar er við að fást, eru því miklu meiri en verið hefur áður. Enn fremur hefur vegna vaxandi dýrtíðar farið svo, að tekjuþörf ríkissjóðs hefur farið vaxandi, svo sem grein er gerð fyrir í þessu frv. En undanfarið hefur það verið svo stundum, að þessi mál hafa ekki verið leyst fyrr en hefur verið komið fram í janúarmánuð, og hefur það orðið að verulegu tjóni fyrir fjármál þjóðarinnar, sem hafa liðið við það stórkostlega. En sú er þó bót í þessu máli, að jafnhliða því sem

málið hefur verið undirbúið af ríkisstj. og þeim sérfræðingum, sem unnið hafa að samningu þessa frv., hefur verið lögð í það mikil vinna og mikill tími að semja við þá aðila, sem hér eiga helzt hlut að máli. Þetta hefur kostað geysilega mikla vinnu og mikinn tíma. Það hefur verið samið við Alþýðusamband Íslands og nefnd, sem síðasta Alþýðusambandsþing skipaði til þess að semja um þessi mál. Það hefur verið samið við Stéttarsamband bænda um þetta mál. Það hefur verið samið við sjómenn á bátunum, sjómenn á togurunum, togaraeigendur, bátaeigendur og, að ég hygg, við frystihúsin eða vinnslustöðvarnar. Þetta tryggir það, að framleiðslan á að geta gengið eftir áramótin óhindrað, en það hafa stundum orðið afleiðingarnar af aðgerðum í fjárhagsmálunum, að framleiðslan hefur stöðvazt vegna ágreinings, sem út af þeim aðgerðum hefur orðið.

Það er líka með mál eins og þetta, að það getur ekki verið lengi í meðförum, og þarf ekki að skýra fyrir hv. þdm., af hvaða ástæðum það er. Ég vil því þegar í upphafi máls míns óska eftir því, að þetta mál geti fengið sem skjótasta afgreiðslu hér í þessari hv. þd.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, kemur sjálfsagt engum á óvart. Þegar ráðstafanirnar voru gerðar í byrjun þessa árs, lá ljóst fyrir, að það voru aðeins bráðabirgðaráðstafanir. Það mun hafa verið tekið fram í álitsgerð þeirra hagfræðinga, sem fjölluðu um það mál, að þær ráðstafanir gætu ekki orðið nema til bráðabirgða, grípa yrði til annarra ráðstafana um næstu áramót, þ. e. a. s. þau áramót, sem við nú erum að nálgast. Og það sýndi sig þegar, að þær ráðstafanir, sem þá voru gerðar, áttu ekki vinsældum að fagna hjá þeim stéttum, sem miklu ráða um það, hvernig þessi mál fara úr hendi. Dýrtíðin hélt áfram að vaxa, eins og hún hafði vaxið áður, og það olli vitanlega óánægju hjá þessum stéttum, auk þess sem þær höfðu það í för með sér eðlilega, að vísitalan fór hækkandi. Dýrtíðin óx, og afleiðingarnar urðu þær, að ofan á það, að of lítið hafði verið ætlað til framleiðslusjóðs til þess að standa undir þeim útgjöldum, sem þurfti til þess að halda framleiðslunni á floti, bættust við vegna vaxandi dýrtíðar á árinu geysilegar fjárhæðir, geysileg aukning á þeim framlögum, sem þurfti til framleiðslunnar, til þess að hún gæti haldið áfram.

Það var þegar á miðju ári svo, að það þurfti að greiða með norðanlandssíldinni, án þess að hefði verið gert ráð fyrir því eða ætlað fyrir því, þegar lögin voru sett í byrjun þessa árs, lögin um framleiðslusjóð. Og það komu ýmsar fleiri greiðslur til, sem oft hafa verið taldar, auk þess sem bátaflotinn og togaraflotinn fengu allt of litlar uppbætur, til þess að þeir gætu verið reknir með sæmilegu móti. Sérstaklega gilti þetta um togarana, sem voru reknir með geysilegum taprekstri allt þetta ár.

Vegna vaxandi dýrtíðar jukust útgjöld ríkissjóðs einnig, svo sem gerð er grein fyrir í grg., sem fylgir þessu frv., og meðal þeirra greiðslna eru á næsta ári 24 milljónir, sem eru niðurgreiðsla á landbúnaðarvörum vegna stöðvunar í haust. Sá kostur var valinn að greiða þá upphæð niður heldur en að láta dýrtíðina halda áfram, en eins og kunnugt er, áttu bændur skv. lögum þá þegar heimtingu á því að fá hækkað verð, sem þessum upphæðum hefur verið varið og verður varið til að greiða niður.

Þegar þessi mál voru athuguð á s. l. hausti af innlendum sérfræðingum, bar þeim ekkert á milli um, að svo væri komið framleiðslunni þrátt fyrir þessa stöðvun, sem gerð var s. l. haust, að það þyrfti að færa yfir til framleiðslunnar um 500 millj. kr. Um það er enginn ágreiningur milli erlendra og innlendra sérfræðinga. Það þarf að færa yfir til framleiðslunnar um 500 millj. kr., til þess að hún geti haldið áfram.

Þær leiðir, sem hugsanlegt er að velja til þess að framkvæma þessa yfirfærslu, eru að vísu fleiri en ein. Það hefur verið talað um svokallaða niðurfærsluleið eða verðhjöðnunarleið. Það hefur verið lítið eða ekkert talað um þá leið í þessum umræðum. Það eru margir, sem telja, að það sé sú leið, sem hefði átt að fara og væri hagkvæmast að fara, og hefur verið talsvert um það skrifað og talað. Sú skoðun virðist þess vegna vera talsvert útbreidd meðal þjóðarinnar, að eðlilegt væri og bezt væri að fara þá leið. Það er rétt að segja það strax, að það er langt síðan okkar dýrtíðar- og verðbólgumálum var þannig komið, að ég veit ekki betur en að hver einasti hagfræðingur og sérfræðingur í fjármálum telji, að verðhjöðnunarleiðin sé fyrir löngu útilokuð fyrir okkur. Geta menn séð það á því, að svo er komið, að ríkið greiðir um það bil allt kaupgjald áhafnarinnar á togurum. Við erum komnir svo langt í verðbólgunni, að þessi leið er að áliti sérfræðinga gersamlega útilokuð. Um það virðist ekki vera neinn ágreiningur, enda sjá menn það í hendi sér, þegar menn hugsa um dæmi eins og þetta, að það er meira en lítil niðurfærsla á kaupgjaldi og öðru, sem þarf, að öðru ónefndu, til þess að fara þessa leið. Þess vegna hefur niðurstaðan orðið sú, að hún sé ófær.

Þá er vitanlega hugsanlegt að fara aðrar leiðir: gengisfellingarleið til þess að flytja þannig þá fjármuni, sem þarf, yfir til framleiðslunnar, og enn fremur þá leið að greiða uppbætur á útflutning og taka þau gjöld af innflutningnum í höfuðatriðum, en leita eftir þeim að öðru leyti í þjóðfélaginu, þar sem helzt er um gróða að ræða; enn fremur að taka gjöldin af innlendri framleiðslu og þjónustu.

Um gengisfellinguna ætla ég ekki að vera margorður. Það er ýmissa skoðun, að gengisfellingu megi framkvæma með mismunandi móti, það sé raunverulega hægt að framkvæma gengisfellingu þannig, að hún komi ákaflega hart niður á tekjulágu fólki og sé þess vegna tilfinnanleg, ef ekki eru gerðar jafnhliða gengisfellingunni stórfelldar ráðstafanir til þess að draga úr þessari kjaraskerðingu fyrir láglaunafólk. Það er ýmissa skoðun, að það sé raunverulega hægt að framkvæma gengisfellinguna líka þannig, að kjaraskerðingin verði lítil, en til þess þarf geysilega sterkar ráðstafanir auk gengisfellingarinnar. Og það er nú ýmissa skoðun, að þær hafi ekki verið nægilega gerðar stundum, þegar gengisfellingarleiðin hefur verið farin.

Ég ætla ekki að ræða um þetta frekar. Sú leið,

sem valin hefur verið, er sú, sem hér liggur fyrir, og hún er í höfuðatriðum sú að færa þessa upphæð á milli á þann veg, sem ég sagði áðan, að taka þær tekjur, sem þarf að færa yfir til framleiðslunnar, af innflutningi, innlendri þjónustu, innlendri framleiðslu og með ýmsu öðru móti, svo sem talið er hér í grg. og óþarft er að lesa upp. En þessari tekjuöflun er í höfuðdráttum hagað þannig og var unnið að henni þannig að taka fyrst þær vörur, sem teljast minnst nauðsynlegar, og leggja á þær vörur innflutningsgjöld, eins há og álitið er að þær vörutegundir þoli. Þetta gjald er lagt á þær vörur, sem eru allra minnst nauðsynlegar. Síðan var tekinn út úr flokkur af vörum, rekstrarvörur útflutningsframleiðslunnar og nauðsynjar almennings, — þær eru teknar út úr og ekki hækkuð gjöld á þeim. Síðan er lagt á milliflokkinn milli þessa tvenns mismunandi mikið, og er vitanlega ákaflega vandasamt að jafna þessu niður, þannig að ekki verði um deilt, og áreiðanlega ekki hægt að gera það þannig, að það sé ekki hægt að deila um, að það hafi mátt gera það á annan veg en gert er, hver sem jafnaði því öllu saman niður. En menn verða að hafa það í huga, að þegar á að taka 500 milljónir til þess að flytja yfir til framleiðslunnar, þá er vitanlega útilokað, að það séu til einhverjar þær galdraaðferðir, að það sé hægt að gera þetta án þess, að það komi við hag margra manna. Það er t. d. talað um það ákaflega mikið, það var talað um það í hv. Nd., það var talað um það hvað eftir annað í gær, hvort ekki væru nauðsynjar t. d. sokkar, kvensokkar og þess háttar, hvort þetta eða hitt væru ekki nauðsynjar. Jú, vitanlega er orðið nauðsynjar ákaflega teygjanlegt orð, og nauðsynjar eru mismunandi fyrir fólk, eru orðnar mismunandi eftir því, úr hverju fólk hefur að spila. Ef maður tekur þessi dæmi, þá getur maður jafnframt hugsað sem svo: Það er talað um landbúnaðarvélar, það eigi að nema alla tolla af þeim, það er talað um vélar í báta, að það eigi að gera það sama o. s. frv. En menn verða að hafa það í huga, og einmitt þeir menn, sem tala þannig og tala á þann veg, að þeir bersýnilega vildu velja gengislækkunarleiðina, að ef það hefði verið framkvæmd hér gengisfelling, 50 eða 60% eða hvað það nú hefði verið, þá hefðu vitanlega allar þessar vörur hækkað í verði sem því svarar, svo að það er í sjálfu sér einkennilegt, — ja, kannske ekkert einkennilegt, menn nota ýmislegt í málfærslu, en þegar það er hægt að taka þrotlaust og endalaust vöruflokka, sem lagt er á, og segja: Hvers vegna er lagt á þetta, hvers vegna er lagt á hitt? — en jafnframt er talað á þann hátt, að það hefði verið eðlilegra að velja gengislækkunarleiðina, þá segja þeir raunverulega í sama orðinu og þeir eru að álasa fyrir það, að þessi gjöld séu lögð á þennan innflutning eða hinn: Ég vil gengisfellingu — og segja þá um leið, að þeir hafi viljað láta leggja á þessa vöru í innflutningi þá prósentu, sem gengisfellingunni hefði numið. Það er það, sem þetta þýðir.

Það, sem hefur verið reynt að gera, er, að það hefur verið reynt að jafna þessum gjöldum niður þannig, að snerti sem minnst lágtekjumenn. Við það eru þessar aðgerðir miðaðar, en eins og ég sagði áðan og þarf reyndar ekki að endurtaka, er vitanlega ekki hægt að taka 500 millj. kr. nema koma við marga.

Í sambandi við þessar ráðstafanir og í þessu frv. er gert ráð fyrir strangara verðlagseftirliti, sem komið verði á nú þegar. Ríkisstj. er sammála um, eins og högum er nú háttað í okkar þjóðfélagi og um leið og þessar ráðstafanir eru gerðar, sem hlutu að valda verulegri hættu á hækkun, hvort sem þessi leið var farin eða gengisbreyting, að ekki yrði hjá því komizt að setja á miklu strangara verðlagseftirlit en verið hefur, og einnig hefur ríkisstj. í undirbúningi, og það má gera ráð fyrir, að árangur af því verki birtist núna næstu daga, að lækka milliliðaálagningu verulega. Það mál hefur, eins og ég sagði áðan, verið undirbúið, og ég veit ekki betur en að þeim undirbúningi sé að verða lokið. Ég lýsti því jafnframt yfir í hv. Nd., að ríkisstj. hefði ákveðið að beita sér fyrir ýmsum ráðstöfunum og eiga frumkvæði að því, að frv. verði lögð fram um ráðstafanir, sem hún telur að sé réttlátt að gera samhliða þessum ráðstöfunum og styðji að því að þær megi takast. Ég gaf yfirlýsingu um þessar ráðstafanir í hv. Nd., og það hefur þegar verið birt í blöðum, hverjar þessar ráðstafanir eru, og ég sé ekki ástæðu til þess að lesa þær, en vísa til grg. á bls. 12. Þar eru þessar ráðstafanir taldar upp. Frv. um þessar ráðstafanir er sumpart næstum fullgerð, en um önnur atriði hefur farið fram athugun, án þess að frv. hafi verið samin. En þessum ráðstöfunum verður reynt að hraða. Því verki verður hraðað að fullgera nú í hléinu frv. um þessi atriði og leggja þau fram, þegar þingið kemur saman eftir þá frestun, sem ráðgerð er til 21. næsta mánaðar.

Ég vil svo leyfa mér að óska þess, að máli þessu verði vísað til 2. umr. Eins og ég sagði í upphafi máls míns, hafa fjhn. beggja deilda unnið sameiginlega að málinu undanfarið, og þótti eðlilegt að hafa þau vinnubrögð, til þess að fjhn. þessarar hv. d. gæti notað sama tíma til að rannsaka málið eins og fjhn. Nd.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég vildi gera hér nokkra grein sérstaklega fyrir þeim þáttum þessa frv., sem við koma sjávarútveginum.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, hafa vandamál sjávarútvegsins jafnan legið hér til afgreiðslu á Alþingi um hver áramót nokkur undanfarin ár, og þá hefur sífellt þurft að grípa til ráðstafana, sem þýtt hafa allverulegar nýjar álögur. Það hefur þurft að afla allmikilla nýrra tekna, til þess að hægt væri að standa undir auknum kröfum útflutningsframleiðslunnar, þar sem rekstrarkostnaður hefur sí og æ farið hækkandi á undanförnum árum. Þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, hafa jafnan reynzt þannig, að þær hafa ekki dugað nema í bezta falli út árið, vegna þess að þær hafa fólgið í sér slík ákvæði, að sá vinningur, sem af þeim varð í upphafi, hlaut að étast upp á tiltölulega skömmum tíma.

Þegar þessi mál lágu til úrlausnar í byrjun þessa árs, þá tókst svo til, að vegna ósamkomulags um lausn þessara mála stöðvaðist vélbátaflotinn nær allan janúarmánuð. Ráðstafanir þær, sem Alþingi samþykkti þá, þýddu mjög verulegar

nýjar álögur, sem komu mjög fljótlega út í öllu verðlagi í landinu og hækkuðu síðan allan framleiðslukostnað. Það fór því svo sem spáð var af ýmsum, þegar þær samþykktir voru gerðar á Alþingi, að þær mundu ekki endast út framleiðsluárið. Því var það, að svo var komið strax á miðju ári, að ríkisstj. varð að grípa til sérstakra aukaráðstafana og lofa síldveiðimönnum, sem voru að byrja síldveiðar í júnímánuði, að þeim yrðu greiddar mjög verulegar bætur til viðbótar því, sem ráðgert hafði verið í upphafi ársins. Er áætlað, að þau loforð fyrrv. ríkisstj. vegna síldveiðanna fyrir Norðurlandi hafi þýtt í útgjöldum í kringum 20 millj. kr. Þegar núv. ríkisstj. tók við, var svo ástatt, að það mátti segja, að togarafloti landsmanna væri með öllu að gefast upp, og þá varð að grípa enn til nýrra ráðstafana til aukagreiðslna með fiskverði til þess að tryggja áframhaldandi rekstur togaranna. Um svipað leyti varð einnig að semja við útvegsmenn um verulegan stuðning, til þess að þeir treystu sér til þess að halda úti bátum sínum til síldveiða hér að haustinu til, en fyrrverandi ríkisstj. hafði ekki gert neina samninga í þessum efnum, og þar af leiðandi voru ekki heldur neinar tekjur fyrir hendi til þess að greiða í þessum efnum nýjar bætur.

Þau vandamál, sem við blöstu nú um þessi áramót, voru því ekki aðeins bundin rekstri hins komandi árs, en allir sáu, að vegna þess rekstrar, þurfti vitanlega að auka allar styrkveitingar stórlega frá því, sem áður var, vegna verðlagsþróunarinnar á árinu, heldur þyrfti nú einnig að gera allfjárfrekar ráðstafanir til þess að greiða upp þær skuldir, sem safnazt höfðu vegna loforða, sem gefin voru útveginum vegna rekstrar yfirstandandi árs.

Þá hafði það jafnan verið svo, að einn megingallinn á þeim ráðstöfunum, sem voru gerðar til stuðnings framleiðslunni, var fólginn í því, að sjaldan var samið nema við einn aðila í einu og hann varð síðan að gera samninga við aðra, og fór þá jafnan svo í mörgum tilfellum, að það, sem einum hafði verið veitt til stuðnings, varð að litlu honum til handa, þegar hann þurfti síðan að semja við ýmsa aðra aðila um aukin útgjöld. Þannig var þessu t. d. háttað í sambandi við síðustu ráðstafanir ríkisstj. varðandi togaraflotann. Þá voru að vísu samþykktar bætur til togaranna, sem námu allverulegri fjárhæð, en sömu dagana og var verið að samþykkja þessar auknu bætur til togararekstrarins var lögheimiluð stórfelld hækkun á olíuverði, og þá var einnig ákveðið með samningum við ríkisstj. að lækka verð á karfa til togara, sem þýddi vitanlega stórfellda rekjurýrnun þeirra. Auk þess urðu svo togaraeigendur að semja um verulega breytingu á kaupi togaramanna, og var þá svo komið, að allar þær auknu bætur, sem togurunum voru veittar í janúarmánuði, voru þegar þurrkaðar út hálfum mánuði síðar, enda varð svo reynslan sú, að togaraflotinn var á öllu árinu rekinn með stórkostlegu tapi, og það þurfti hvað eftir annað að grípa þar inn í með auknum stuðningi, til þess að togararnir legðust ekki með öllu.

Svipað mátti nú segja um bátaflotann. Honum var að vísu veittur nokkur stuðningur, en tiltölulega lítill, í upphafi þessa árs. En eftir að ríkisstj. hafði samið við bátaútvegsmenn um þessar bætur, urðu þeir síðan að semja við sjómennina á bátaflotanum um allbreytt skiptakjör, og fór þá meginhlutinn af því, sem bátaútveginum hafði verið ætlað, í sambandi við breytt skiptaverð til sjómanna og í annan kostnað, sem á útgerðinni skall um svipað leyti. Af því hefur svo einnig stafað hallarekstur hjá verulegum hluta bátaflotans á þessu ári.

Nú hefur verið reynt að vinna að þessum málum á þá lund að ná sem allra víðtækustu samkomulagi við alla þá aðila, sem hér eiga hlut að máli í ríkustum mæli. Nú hafa tekizt samningar á milli ríkisvaldsins og bátaútvegsmanna um rekstrargrundvöll bátanna á næsta ári. Jafnframt hafa tekizt samningar við fulltrúa sjómannanna á bátaflotanum, og gengið hefur verið út frá því þegar í upphafi að taka tillit til þeirra kauphækkana, sem sjómennirnir á bátaflotanum eiga að fá. Einnig hefur nú verið gengið frá því í samkomulaginu strax í upphafi, að olíuverð skyldi ekki breytast í sambandi við rekstur fiskiskipaflotans. Nú hefur einnig verið gengið frá samkomulagi við togaraeigendur og sömuleiðis við togarasjómenn, en auk þessa hefur svo verið samið við eigendur helztu fiskvinnslustöðva um, að þeir hlíti þeim ákvæðum, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, um fiskgreiðslur og styrkveitingar aftur til þeirra, og jafnframt þessu hefur svo náðst samkomulag við launþega í landi og við bændasamtökin í landinu, að þessir aðilar uni í aðalatriðum þeim ráðstöfunum, sem hér er verið að gera, svo að nú standa fullar vonir til þess, að þær ráðstafanir, sem nú er verið að gera, geti komið að fullu gagni og geti orðið þannig, að reksturinn haldi áfram óslitið og truflanalaust yfir aðalúthaldstímann.

En í hverju liggja svo breytingarnar að öðru leyti samkv. þessu frv. varðandi stuðning við aðalþætti framleiðslunnar, sjávarútveginn?

Sú breyting er gerð frá því, sem verið hefur í sambandi við stuðning til bátaflotans, að bátagjaldeyriskerfið gamla er lagt niður, en eins og kunnugt er, fengu bátarnir í fyrsta lagi fast fiskverð frá fiskvinnslustöðvum, en í öðru lagi fengu þeir einnig nokkurt viðbótarverð á fisk sinn í gegnum hið svonefnda bátagjaldeyriskerfi. Nú hefur þetta kerfi verið lagt niður, en þess í stað fá útvegsmenn hið fasta fiskverð frá fiskkaupendum, en til viðbótar fastan hundraðshluta af fob.-verði helztu útflutningsafurða bátaútvegsins, og þessar uppbætur, sem eru miðaðar við hundraðshluta af útflutningsverði, eru greiddar úr sjóði þeim, sem ráðgert er að stofna með lögum þessum, útflutningssjóði.

Samkv. því, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. um hundraðshluta þann, sem útvegsmenn eiga að fá til viðbótar hinu fasta fiskverði, má áætla, miðað við reynslu þá, sem fengizt hefur, að viðbótargreiðslur til bátaútvegsins í heild geti samkv. þessu numið 36—38 millj. kr. frá því, sem hefur verið á þessu ári. Samkv. athugun, sem sérfræðingar af hálfu ríkisstj. gerðu á stuðningsþörf bátaútvegsins, töldu þeir, að það þyrfti að áætla bátaútveginum a. m. k. 26.3 millj. kr. meira í beinum framlögum heldur en verið hafði á þessu ári.

En hér er, eins og ég sagði, gert ráð fyrir 36—38 millj. kr., en þessi mismunur stafar fyrst og fremst af því, að nú er tekið tillit til kauphækkana, sem samið hefur verið um við sjómennina á bátunum, m. a. í formi aukins orlofs samkv. frv., sem hér hefur legið fyrir Alþingi, en aukin útgjöld bátaflotans af því frv. munu nema 4—5 millj. kr. Þá er einnig gert ráð fyrir svonefndu skiptaverði til sjómanna, en hlutur sjómanna á bátaflotanum var á þessu ári reiknaður út frá verði, sem var kr. 1.30 á kg, miðað við þorsk, en nú er gert ráð fyrir, að skipta verði miðað við verðið kr. 1.38 á kg, og hækkun af þessum sökum mun nema 5—6 millj. kr. fyrir bátaflotann í heild. Í þessum tveimur liðum er fyrst og fremst að leita þeirra hækkana, sem hér hafa verið gerðar, en auk þess er um nokkru ríflegri upphæðir að ræða en ráðgerðar höfðu verið af fulltrúum ríkisstj.

Varðandi stuðning við togaraflotann er gert ráð fyrir því, að togararnir njóti áfram fastra daggreiðslna úr hinum nýja útflutningssjóði, svipað því sem þeir nutu áður úr framleiðslusjóði, en þó er sú breyting gerð á, að nú er gert ráð fyrir því, að daggreiðslur verði nokkru hærri til skipanna, þegar þau stunda saltfisksveiðar, heldur en þegar stundaðar eru svonefndar ísfisksveiðar fyrir innanlandsmarkað, en lægstar þegar skipin stunda veiðar í ís með siglingar á erlendan markað fyrir augum. En auk þessara breytinga á dagstyrknum er svo gert ráð fyrir því, að fiskverð til togaranna hækki sem nemur 22 aurum á kg fyrir karfa. Þessar breytingar á stuðningi við togaraflotann er áætlað að muni nema í kringum 38 millj. kr. á rekstri allra togaranna yfir árið, og er það svo til sama fjárhæð og sérfræðingar ríkisstj., sem athuguðu þessi mál, komust að niðurstöðu um að þyrfti að veita togurunum, ef ætti að gera sér vonir um, að togararnir yrðu að meðaltali til reknir hallalaust og gætu einnig staðið undir eðlilegum afskriftum á árinu.

Þær breytingar, sem eru fyrirhugaðar varðandi stuðning við fiskvinnsluna í landinu, eru einnig fólgnar í því eins og hjá bátunum, að gert er ráð fyrir því, að það fé, sem fiskvinnslustöðvarnar hafa fengið frá bátagjaldeyriskerfinu, hverfi sem slíkt, með því að bátagjaldeyriskerfið er lagt niður, en þess í stað fái fiskvinnslustöðvarnar fastan hundraðshluta af útflutningsverði hverrar vöru um sig og sé hann greiddur úr útflutningssjóði til viðbótar sjálfu útflutningsverði vörunnar.

Samið hefur verið við fiskvinnslustöðvarnar á þeim grundvelli, að auknar bætur til þeirra eru tiltölulega litlar. Gert er ráð fyrir því, að þær geti numið samanlagt til allra fiskvinnslustöðva í landinu, jafnt þeirra, sem verka skreið, saltfisk, og hinna, sem frysta fisk, um 9 millj. kr. yfir árið samkv. þeim ákvæðum, sem er að finna í 8. gr. frv. Sú upphæð er að vísu lítið eitt hærri en sérfræðingar ríkisstj. höfðu gert ráð fyrir, en þeir höfðu reiknað með því að greiða fiskvinnslunni í landinu um 5.3 millj. kr. fram yfir það, sem hún hefur notið á þessu ári. Hækkunin er að nokkru leyti í því fólgin, að fallizt er á það sjónarmið að hækka nokkuð til fiskvinnslufyrirtækja stuðning vegna vinnslu á smáfiski og vegna vinnslu á ýsu, sem reynzt hefur mjög óhagstæð á árinu vegna verðfalls á erlendum mörkuðum, og einnig þegar tekið er tillit til fiskverðshækkunar í nokkrum greinum, sem kemur á fiskvinnslustöðvarnar.

Þá er einnig gert ráð fyrir í frv., að til viðbótar við þessar fjárhæðir, sem ég nú hef nefnt og nema í kringum 85 millj. kr. fram yfir það, sem þessar greinar sjávarútvegsins hafa notið á þessu ári, er gert ráð fyrir því, að vegna sjávarútvegsins þurfi að afla aukinna tekna til annarra ráðstafana, sem miða að því að tryggja rekstur inn, og er þar fyrst til að nefna um 22 millj. kr., sem ráðgert er að verja þurfi til verðlækkunar á olíu, ef tryggja á bæði togaraflotanum og bátaflotanum sama verð á olíum og þeir hafa búið við fram til þessa, en eins og kunnugt er, hefur orðið stórfelld hækkun á olíunni vegna gífurlegrar hækkunar á frögtum.

Ég vil taka það fram í sambandi við þessa fjárhæð, að þrátt fyrir það, að hún sé þetta há, er hér aðeins um nokkurn hluta af þeirri gífurlegu hækkun að ræða, sem fyrirsjáanleg er og þegar er á skollin í sambandi við olíuflutningana til landsins. Hér er beinlínis gert ráð fyrir því að velta mjög verulegum hluta af hækkuninni yfir á olíusalana í landinu. Það hefur verið gert fram til þessa nú síðustu mánuðina, því að olíuverðinu hefur verið haldið óbreyttu, þótt hins vegar hækkanir hafi orðið í sambandi við flutningsgjöld, og ég tel, að það sé ekki minna en 10—12 millj. kr., sem núna síðustu mánuðina hafa verið lagðar á olíufélögin, þar sem þeim hefur verið gert að skyldu að halda olíuverðinu óbreyttu þrátt fyrir þessar verðlagsbreytingar.

Þá er einnig gert ráð fyrir því, að vegna bátaútvegsins verði nú að afla sérstakra tekna til greiðslu á skuldum, sem safnazt hafa í gegnum bátagjaldeyriskerfið. Óhjákvæmilegt er að greiða upp þessar skuldir, þegar bátagjaldeyriskerfið var þannig, að þar myndaðist verulegur skuldahali, sem útvegsmenn þurftu að bíða eftir allt upp í heilt ár. En um leið og þetta kerfi er lagt niður, er óhjákvæmilegt að afla nú tekna til þess að greiða upp þessar gömlu skuldir, sem eru vitanlega að mestu leyti frá framleiðslu ársins 1956, en einnig að nokkru leyti frá framleiðslu ársins 1955. Einnig er svo hitt, sem ég minntist á áður, að aflað verði nú tekna vegna framleiðslunnar, sem nema a. m. k. 21 millj. kr. til beinnar skuldagreiðslu vegna þeirra loforða, sem gefin hafa verið út af framleiðslusjóði, en tekjur framleiðslusjóðs hrökkva ekki til að greiða á þessu ári. Það má því segja, að greiðslur í þessu frv., sem beinlínis er gert ráð fyrir að afla vegna útgerðarinnar á einn eða annan hátt, en vitanlega tilheyra ekki allar rekstri útgerðarinnar á næsta ári, heldur eru einnig til þess að greiða upp gamla skuldahala, nemi samtals í kringum 144 millj. kr. (Gripið fram í.) Nei, bæði vegna viðbótargreiðslna til útgerðarinnar á rekstri næsta árs og til þess að greiða upp gamla skuldahala og til verðlækkunar á olíu. Upphæðin, sem þannig má reikna beint til sjávarútvegsins, er í kringum 144 millj. kr.

Vegna þessara útgjalda, sem ég hef nú gert

grein fyrir, og fyrirkomulagsbreytinga, sem hér eru hugsaðar, og vegna ýmissa annarra útgjalda, sem hér hafa einnig verið sameinuð við og fyrirhuguð eru vegna landbúnaðar og vegna ríkissjóðs, er svo lagt til í þessu frv., eins og hér hefur verið gerð grein fyrir af öðrum, að afla allhárra fjárhæða með nýjum álögum í ýmsu formi, og ég skal ekki fara út í að rekja það sérstaklega. Það er rétt, að þær álögur eru þess eðlis, að þó að reynt hafi verið að stefna að því eins og unnt er, að þær hvíldu sem allra minnst á öllum rekstrarvörum útflutningsframleiðslunnar og á öllum brýnustu nauðsynjum almennings, þá eru þær eigi að síður slíkar, að þær hljóta að leggjast með nokkrum þunga á ýmsar þær vörur, sem teljast til almennra vörukaupa í landinu, og af því stafar auðvitað viss hætta á því, að verðlag kunni að fara hækkandi í nokkrum greinum. Aftur á móti er svo gert ráð fyrir, að sett verði á stofn verðlagseftirlit, sem á að hafa það hlutverk að reyna að þrýsta verðinu niður, þannig að ekki þurfi þrátt fyrir hinar nýju álögur, að því leyti til sem þær koma á þær vörur, sem almenningur notar verulega, að koma til teljandi verðhækkana. Einnig er gert ráð fyrir þeim ráðstöfunum að fyrirskipa mjög verulega lækkun á álagningarheimild heildsala, og ætti einnig með þeirri ráðstöfun að vera hægt að hamla gegn þeim hækkunum, sem leiðir af þeim gjöldum, sem er að finna í þessu frv.

Reynslan ein verður að skera úr um það, hvernig þetta tekst, en takist, sem ég vona að megi takast, að halda verðlaginu niðri og stöðugu, þá efast ég ekki um, að þær ráðstafanir, sem felast í þessu frv., eru til stórkostlegra bóta fyrir útflutningsframleiðsluna frá því, sem verið hefur. Og mætti þá svo verða, eftir rekstur framleiðslunnar á þessu ári, að ekki þyrfti um næstu áramót að grípa þar til neinna nýrra viðbótarráðstafana og að hinar ýmsu greinar sjávarútvegsins gætu þá vel unað hag sínum áfram með lög þessi í gildi eins og þau eru nú. En vitanlega veltur allt slíkt á því, hvernig tekst með að halda verðlaginu og þar með öllum framleiðslukostnaði í landinu í skefjum. En um leið og launþegasamtökin í landinu hafa fyrir sitt leyti viljað fallast á þær ráðstafanir, sem hér eru gerðar, hafa þau kynnt sér það, að hér hefur verið eftir föngum reynt að koma hinum nýju gjöldum þannig fyrir, að þau hvíldu með sem minnstum þunga að hægt er á hinum almenna launamanni í landinu.

Nú hefur í þessum efnum verið skipt verulega um aðferð frá því, sem áður var, t. d. í upphafi ársins, þegar álögurnar voru lagðar þannig á, að þær hvíldu með jöfnum þunga á svo að segja öllum vöruinnflutningi til landsins, og þegar þannig var haldið á málunum, að þeir, sem réðu yfir vörusölu og þjónustu, höfðu svo að segja ótakmarkaða heimild til þess að breyta sinni verðlagningu eftir vild, og þegar segja mátti, að hver hækkaði sitt verð í kapp við annan meginhluta ársins, án þess að ríkisvaldið hreyfði hönd gegn slíkum framkvæmdum. En það, sem verður þó að teljast mikilvægast fyrir framleiðsluatvinnuvegina í sambandi við þessar ráðstafanir, og þá sérstaklega það, sem snýr að sjávarútveginum, er það, að jafnhliða verulega auknum stuðningi frá því, sem verið hefur í mörg undanfarin ár, er nú samið þannig um málin, að vænta má þess, að stuðningurinn komi að fullum notum, með því að friður takist með öllum þeim, sem hér ráða mestu um það, hvernig framkvæmdin tekst í þessum efnum.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég vildi fyrst leyfa mér að lýsa þeirri skoðun minni, að það sé mjög óviðurkvæmilegt að afgr. stórmál eins og það, sem hér liggur fyrir til umr., án þess að vísa því til athugunar í n. En hæstv. forsrh. lét þau orð falla í framsöguræðu sinni fyrir málinu, að hann teldi óþarft, að það sætti athugun nefndar. Já, ég heyri, að hæstv. menntmrh. lýsir því yfir, að ríkisstj. fallist á það, að málið fari til n., og tel ég það vel farið, þar sem hér er um að ræða stærsta mál þess þings, sem nú situr, ráðstöfun gífurlegra fjármuna og aðrar þýðingarmiklar ráðstafanir.

Þegar gengið var til kosninga á s. l. sumri, lofuðu Framsfl. og Alþfl. nýrri stefnu í efnahagsmálum. Í sameiginlegri kosningastefnuskrá, sem þessir flokkar eða bandalag þeirra gaf út, var m. a. komizt að orði á þessa leið: „Nú verður að brjóta blað í íslenzkum stjórnmálum. Ef ekki verður gripið fast í taumana, mun skapast algert öngþveiti í efnahags- og fjármálalífi þjóðarinnar. Þess vegna ber nú brýna nauðsyn til þess, að tekin sé upp ný stefna í efnahagsmálum þjóðarinnar".

Þetta var þá fyrirheit tveggja hæstv. núverandi stjórnarflokka. Það var lofað nýrri og gerbreyttri stefnu í efnahagsmálum landsmanna. Áður en efndir þessa fyrirheits eru athugaðar nánar, er rétt að skyggnast nokkuð um öxl, líta á þróun efnahagsmálanna frá árinu 1949 og síðan.

Árið 1949 var svo komið, að öllum var ljóst orðið, að sú stefna, sem þá hafði um skeið verið fylgt í efnahagsmálum, styrkja- og uppbótastefnan, hafði gengið sér til húðar. Það var ekki lengur hægt að leggja á nægilega háa skatta og tolla, til þess að tryggt yrði nægilegt fjármagn til þess að halda framleiðslunni í gangi. Hallarekstur atvinnutækjanna var orðinn svo mikill, að öllum ábyrgum, hugsandi mönnum var það ljóst, að nauðsynlegt var að snúa við, freista þess að fara aðrar leiðir og ná jafnvægi í þjóðarbúskapnum.

Þrjár leiðir voru þá taldar koma til greina í þessum efnum: Í fyrsta lagi hin svokallaða niðurfærsluleið eða verðhjöðnun, í öðru lagi gengisbreyting og í þriðja lagi áframhaldandi uppbætur, sem þó var, eins og ég sagði áðan, talin ófær leið. Niðurstaðan varð sú, og þarf ég ekki að orðlengja um það, að gengisbreyting var valin og talin áhrifamest að ráði sérfróðra manna til þess að tryggja rekstur tækjanna og enn fremur talin hafa í för með sér minnsta kjaraskerðingu fyrir launþega í landinu.

Þáverandi ríkisstj., sem var minnihlutastjórn Sjálfstfl., markaði þessa jafnvægisstefnu, og það kom í hlut nýrrar ríkisstj., sem mynduð var í kjölfar hennar, samsteypustjórnar Sjálfstfl., að framkvæma hana. Enda þótt breytt viðhorf í alþjóðamálum, Kóreustyrjöldin o. fl., sköpuðu ýmsa erfiðleika á framkvæmd þeirrar jafnvægis-

stefnu, sem í þessum ráðstöfunum fólst, og nauðsynlegt yrði að gera viðbótarráðstafanir, sem m. a. fólust í bátagjaldeyrinum, má þó segja, að mjög hafi miðað í rétta átt með framkvæmd þessarar stefnu, þeirrar jafnvægisstefnu, sem mörkuð var í ársbyrjun 1950.

Verðlag hélzt nokkurn veginn stöðugt í landinu á árunum 1952—55, og liggja fyrir útreikningar um það, sem framkvæmdir hafa verið bæði af hagfræðingum hæstv. fyrrv. ríkisstj. og hagfræðingum Alþýðusambandsins, að kaupmáttur launa hélzt nokkurn veginn óbreyttur á þessu tímabili. Verðlag hélzt stöðugt, sparifjármyndun jókst mjög verulega, og unnt var að halda uppi miklum framkvæmdum í landinu. Ríkisbúskapurinn var hagstæður og greiðsluhallalaus og meira að segja mikill afgangur á rekstri ríkisbúsins á ári hverju, sem síðan var hægt að verja til nytsamlegra framkvæmda. Allt þetta eru staðreyndir, sem ekki verða hraktar.

Önnur staðreynd stendur einnig, sú, að í ársbyrjun 1955 vildi þáverandi stjórnarandstaða ekki una þessari þróun. Kommúnistar og þeir, sem þeim stóðu næstir í Alþfl., töldu nauðsyn bera til þess að sýna mátt sinn í þjóðfélaginu og áhrif, — áhrif, sem þeir ekki höfðu á löggjafarsamkomunni og ekki í stjórn landsins. Niðurstaðan varð því sú, að verkalýðssamtökin voru notuð í pólitískri refskák þessara flokka undir forustu kommúnista til þess að knýja fram stórfelldar launabreytingar, — launabreytingar, sem í upphafi voru aðeins 13—14% hækkun eftir geysilöng og áhrifamikil verkföll, en í árslok höfðu haft í för með sér 22% almenna kauphækkun. Með þessum ráðstöfunum kommúnista voru í raun og veru brotnar niður allar varnir gegn verðbólgu og dýrtíð. Jafnvægisstefnunni var sagt stríð á hendur, og með hinu mikla valdi verkalýðssamtakanna tókst í raun og veru að brjóta hana á bak aftur. Þegar á þetta er litið, verður það að teljast meira en í meðallagi mikil óskammfeilni, þegar einmitt leiðtogar þessara flokka halda því fram, að það ástand, sem nú ríkir í efnahagsmálum okkar, sé afleiðing af stefnu Sjálfstfl., sem beitti sér fyrir jafnvægisstefnunni frá 1955.

Ég mun síðar koma að því og benda á það, hversu gersamlega kommúnistar hafa étið þessa yfirlýsingu sína ofan í sig og ekki einungis kommúnistar, heldur og samstarfsmenn þeirra aðrir í ríkisstj. Í þessu sambandi vil ég einnig benda á það, sem ég hef að vísu áður gert hér í hv. þd., að við eldhúsdagsumræður 1956, snemma á þessu ári, lýsti hæstv. fjmrh. (EystJ) því yfir, að vaxandi dýrtíð og verðbólga í landinu og þyngri aðstaða fyrir atvinnurekstrinn og útflutningsframleiðsluna væri bein afleiðing af framkomu og aðgerðum þáverandi stjórnarandstöðuflokka, þ. e. a. s. kummúnista og Alþfl. Nokkrum vikum síðar lýsti svo sami hæstv. ráðh. því yfir, að þetta hefði allt saman verið misskilningur, eftir allt saman væri þetta Sjálfstfl. að kenna, það væri ekki hægt að leysa vanda efnahagsmálanna með þeim flokki og þess vegna bæri að mynda stjórn — þá var nú að vísu sagt með Alþfl., kommúnistarnir voru ekki teknir með. En síðan var mynduð stjórn með kommúnistum, — mönnunum, sem Eysteinn Jónsson, hæstv. fjmrh., lýsti yfir í janúar í fyrravetur að ættu alla sök á því með verkföllunum og stefnu sinni í verkalýðsfélögunum, hvernig komið væri í íslenzkum efnahagsmálum.

Ég vil þá þessu næst minnast lauslega á ráðstafanir hæstv. ríkisstj. í sumar, nokkru eftir að hún hafði verið mynduð. Þá var að því snúizt fyrst alls að festa vísitölu og beinlínis lækka kaupgjald. 6 vísitölustig voru tekin af launþegum. Í þessu fólst fyrsta viðurkenning hinna nýju stjórnarflokka, kommúnista og Alþfl., á því, að stefna þeirra í kaupgjaldsmálunum undanfarin ár hefði verið alröng. Með brbl. í sumar sögðu þessir hv. stjórnarflokkar, kommúnistar og Alþfl.-menn, fyrst og fremst þetta við launþegana: Kæru vinir. Við verðum að biðja ykkur afsökunar. Við höfum skrökvað að ykkur. Þið hafið ekki verið að bæta kjör ykkar undanfarin ár með kauphækkununum. Þvert á móti hafið þið stefnt afkomu ykkar í geigvænlega hættu, og nú verðið þið að drepa við fótum.

Þetta var það, sem raunverulega fólst í setningu bráðabirgðalaganna á s. l. sumri um festingu kaupgjalds og verðlags, vegna þess að þessi lög voru fyrst og fremst um festingu kaupgjalds, þar sem stjórnin hafði heimild í gildandi löggjöf til þess að stöðva hækkun verðlags. Það var því bara sett inn í brbl. til þess að sýnast, til þess að reyna að draga fjöður yfir það, að fyrsta og eina úrræði hinna nýju stjórnarflokka var ekkert annað en kaupfesting og meira að segja kauplækkun.

Ég verð nú að segja, að þessi stefnubreyting, þessi viðurkenning hinna nýju stjórnarflokka var út af fyrir sig góðra gjalda verð. Það er hins vegar rangt, að ríkisstj. hafi haft einhver viðtæk samráð við launþegasamtökin og við framleiðendasamtökin í landinu. Það hefur svo oft verið hrakið, að ég tel ekki ástæðu til þess að byrja á því enn einu sinni. Það er það, sem hefur verið gagnrýnt hjá hv. stjórnarflokkum, þetta skrum þeirra um samvinnu, sem engin var, önnur en sú, að leiðtogar kommúnista töluðu við nokkra forustumenn sína í verkalýðsfélögunum, en almenningur í félögunum var auðvitað alls ekki virtur viðtals, og sama átti sér auðvitað stað um bændur. En sjálf festing kaupgjaldsins og verðlagsins, og þó fyrst og fremst kaupgjaldsins í þessu tilfelli, vegna þess að hina heimildina hafði stjórnin, var áreiðanlega rétt spor, og því fer fjarri, að við sjálfstæðismenn höfum deilt á það. Við höfum aðeins gert samanburð á þessari framkomu hinna nýju stjórnarflokka nú og því, sem þeir áður höfðu sagt, og þeim ásökunum, sem þeir höfðu beint til okkar, meðan við bárum ábyrgð á stefnunni í þessum málum. En þó að þessar ráðstafanir væru góðra gjalda verðar, þá voru þær einungis bráðabirgðaráðstafanir. Og eftir nýju stefnunni, sem lofað var í kosningastefnuskrá Hræðslubandalagsins, og eftir hinum varanlegu úrræðum hefur síðan verið beðið og viða með allmikilli óþreyju.

Og nú liggja úrræði hæstv. ríkisstj. fyrir í því frv., sem hér liggur fyrir til umr. En stefna þess — það verður að segjast í upphafi — er hvorki ný né úrræði þess varanleg, og það viðurkenndi

m. a. hæstv. sjútvmrh., sem lauk máli sínu hér fyrir skömmu. Hann sagði, að viss hætta væri á því, að verðlag kynni að fara hækkandi, og viðurkenndi það, að með þessu frv. er hvergi sett upp í gáttir gegn nýju dýrtíðarflóði. Þetta frv. felur þess vegna aðeins í sér bráðabirgðaúrræði ein. Aðalatriði þess eru þrjú: 1) Styrkja- og uppbótastefnan er lögfest á enn þá greinilegri hátt og í stærri stíl en áður. 2) Lagðir eru á hærri skattar en nokkru sinni fyrr til þess að standa undir útflutningsuppbótum og niðurgreiðslum á verðlagi og öðrum skyldum ráðstöfunum. Í þessu skyni er ráðstafað í frv. samtals um 500 millj. kr., þar af um 300 millj. kr. í nýjum álögum á þjóðina. 3) Samkv. frv. er ákveðið að setja á stofn víðtækt og viðamikið verðlagseftirlit.

Ég vil nú leyfa mér að fara nokkrum orðum um hvert og eitt þessara þriggja atriða. Eins og ég sagði, þá örlar ekki á neinni nýrri stefnu í frv. Styrkja- og uppbótastefnan heldur áfram, og nú er gengið lengra á braut hennar en nokkru sinni fyrr. Nú eru gerðar meiri kröfur til skattþegnanna, til almennings í landinu, til þess að standa undir þessari stefnu heldur en nokkru sinni fyrr. Engin tilraun er gerð til þess með þeim till., sem hér liggja fyrir frá hæstv. ríkisstj., að koma rekstri útflutningsframleiðslunnar og atvinnuvega þjóðarinnar í heild á heilbrigðan grundvöll, þannig að t. d. útflutningsframleiðslan geti borið sig halla- og styrkjalaust. Það er viðurkennt sem staðreynd, að ekki sé hægt að reka útflutningsframleiðsluna á Íslandi án stórkostlegra opinberra styrkja og framlaga.

Nú er það fjarri mér að halda því fram, að t. d. sjávarútvegurinn þurfi ekki á þessari aðstoð að halda. Ég hygg, að allir hv. alþm. geti verið sammála um það, að sjávarútvegurinn, eins og komið er fyrir honum, þurfi á aðstoð að halda, stóraukinni aðstoð. Ég hef að vísu ekki heyrt fullnægjandi upplýsingar um það, hvernig ætlunin er að styrkja sjávarútveginn með þessu frv. Það hefur heldur enginn samanburður verið gerður á því, hvernig varið sé stuðningi ríkisvaldsins við sjávarútveginn samkvæmt þessu frv. og samkvæmt þeim leiðum öðrum, sem hæstv. ráðh. hafa m. a. lýst yfir í ræðu og riti að til greina kæmu.

Mér er t. d. kunnugt um það og hygg, að það sé rétt með farið, að hæstv. félmrh. hafi lýst því yfir á þingi Alþýðusambands Íslands, að til greina kæmu þrjár leiðir til lausnar þeim vanda, sem íslenzku efnahagsmálin væru komin í, það væri verðhjöðnunarleið, það væri gengisbreyting og það væri áframhaldandi styrkjastefna og niðurgreiðslur. Það felast engar upplýsingar um það í grg. frv., hvernig hæstv. ríkisstj. hefur komizt að þeirri niðurstöðu, sem getur að líta í þessu frv. Og það hefur ekki heldur komið fram í ræðum hæstv. ráðh., sem ég hef heyrt, hvernig þessi niðurstaða hefur verið fengin, hvernig stendur á því, að þessi leið hefur verið valin, þessi leið, sem allir viðurkenna þó að er bráðabirgðaúrræði eitt. Ég tel engu að síður nauðsynlegt að veita sjávarútveginum þann stuðning, sem lagt er til í þessu frv. hæstv. ríkisstj. Að vísu er það allt saman svo óvíst og svo margt óupplýst í sambandi við þetta mál, að það er ákaflega erfitt að taka afstöðu til þess og ekki sízt til þeirra stórfelldu nýju álagna, sem í frv. felast. Við, sem erum fulltrúar sjávarútvegsins og teljum okkur bera skyldu til þess að stuðla að því að fylgja fram og beita okkur fyrir ráðstöfunum til þess að tryggja afkomu hans, getum þess vegna naumast greitt atkv. með þessu frv. Og raunar er langsamlega eðlilegast, að við snúumst gegn því, eins og málið er í pottinn búið. En ég vil taka það alveg skýrt fram, að vitanlega getur Alþingi ekki farið svo heim fyrir þessi jól, að það gangi ekki frá einhverjum ráðstöfunum til stuðnings útgerðinni og útflutningsframleiðslunni í heild. Þannig hefur þetta líka verið á undanförnum árum. Því miður hefur stöðugt sigið á ógæfuhliðina fyrir útflutningsframleiðslunni á Íslandi, af þeirri ástæðu m. a. og fyrst og fremst, sem ég nefndi hér áðan og er frumorsök þess, að komið er eins og komið er í íslenzkum efnahagsmálum, nefnilega að öflugustu samtökum þjóðarinnar, verkalýðssamtökunum, hefur á undanförnum árum verið beitt skefjalaust og samvizkulaust fyrir pólitíska stríðsvagn ákveðins pólitísks flokks, kommúnistaflokksins, sem ekki telur sér fyrst og fremst skylt að líta á íslenzka hagsmuni, heldur erlenda. Í þessu felst hin mikla ógæfa. Og þetta er ein meginástæðan fyrir því, að við stöndum í þeim sporum, sem við stöndum nú, og hæstv. núverandi ríkisstj. hefur talið sig knúða til þess að leggja fram frv., sem felur í sér jafngífurlegar álögur á almenning og raun ber vitni.

En í sambandi við þetta vildi ég leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., hverjar hafi verið till. hinna erlendu sérfræðinga, sem ríkisstj., fékk á s. l. sumri til þess að benda sér á leiðir og helzt nýjar leiðir út úr þeim vanda, sem við erum komnir í. Ég minnist þess, að árið 1950, þegar minnihlutastjórn Sjálfstfl. fól íslenzkum hagfræðingum að rannsaka efnahagsmálin, kryfja þau til mergjar og leggja fram till. um þau, þá var grg. hagfræðinganna gerð öllum kunn, og það hefur oft verið þannig hér á landi og oftast held ég, þegar sérfróðir menn hafa verið kvaddir til að gera till. um lausn vandamála efnahagslífsins, að till. þeirra hafa verið birtar. Stundum hafa þær aðeins verið afhentar þm. sem trúnaðarmál. En í þessu tilfelli hefur ekki einu sinni þm. verið afhent álit hinna erlendu sérfræðinga sem trúnaðarmál. Það er alveg „tabú“. Það er rétt eins og hæstv. ráðherrar hafi þetta undir koddanum og það megi enginn komast í það. Það mætti nú segja mér, að þeir svæfu ekki rétt vel, ef þeir ætla að hafa það áfram undir koddanum, eftir að hafa flutt þær till., sem hér liggja fyrir, — a. m. k. ekki um jólin!

Ég kem þá að öðru meginatriði þessa frv., sem sagt hinni miklu skattheimtu. Það stendur ómótmælt, að samtals sé ráðstafað með þessu frv. um 500 millj. kr., þar af um 300 millj. kr. í nýjum sköttum og álögum. Kjarni þess, sem gert er, er í raun og veru það, að bátagjaldeyririnn er afnuminn og tekinn í nýju formi. Hann og álagning sú, er í honum fólst, er látin í aðalatriðum halda sér á þeim vörum, sem hún var lögð á skv. bátagjaldeyriskerfinu. Það er meira að segja

vitnað í lögunum beint í reglugerðina um bátagjaldeyrinn. Þetta hefur svo í för með sér stórfellda hækkun tolla, sem kemur m. a. mjög tilfinnanlega niður á ýmsum nauðsynjavörum. Bátagjaldeyrisskipulagið var framkvæmt þannig, að yfirleitt voru þær vörur ekki settar á bátagjaldeyri, sem taldar voru til brýnustu nauðsynja almennings, svokallaðar vísitöluvörur. Nú lenda aftur á móti ýmsar nauðsynjavörur undir tollaákvæðum þessa frv., t. d. bæði klæðnaður og byggingarvörur. Ég vildi gjarnan fá upplýsingar um það hjá hæstv. ríkisstj., hvaða áhrif þessi hækkun á aðflutningsgjöldum á byggingarvörum hefur á byggingarkostnaðinn í landinu. Ég tel ákaflega þýðingarmikið atriði, að það verði upplýst. Allir núverandi hæstv. stjórnarflokkar hafa lofað því hátíðlega, að greitt skyldi fyrir byggingarframkvæmdum í landinu. Ef fyrstu efndirnar á því eiga að vera sköttun byggingarefnis, þá býð ég ekki mikið í velvilja hæstv. ríkisstj. gagnvart umbótum í húsnæðismálum landsmanna.

Þá hefur hæstv. ríkisstj. boðað á næstunni stóreignaskatt á „hina ríku". Samkv. frv. um þann skatt eiga hinir ríku á næsta ári að borga 15 millj. í stóreignaskatt. En „hinir fátæku", þ. e. a. s. almenningur í landinu, svo að ég tali nú mál hv. stjórnarflokka sjálfra, á ekki að borga 15 millj. kr., nei, hann á að borga hvorki meira né minna en 300 millj. kr. Þetta gerist þrátt fyrir það, að tveir hv. stjórnarflokkar, kommúnistaflokkurinn og Alþýðuflokkurinn, hafa á undanförnum árum lýst því yfir, að hægt sé að leysa öll vandamál framleiðslunnar án álagna á almenning, það eigi að taka fé til stuðnings útflutningsframleiðslunni, hafa þessir mildu höfðingjar sagt, með því að skattleggja auðfélög, banka, skipafélög, olíufélög og vátryggingarfélög. Sem sagt, það á alls ekki að skattleggja almenninginn, bara „hina ríku". Efndirnar eru þá þessar, að á sama tíma sem hinir ríku eiga að borga 15 millj. kr. á einu ári, þá á almenningur á Íslandi að borga 300 millj. kr. Þannig framkvæma þá þessir flokkar loforð sín um það að skattleggja „hina ríku", en láta almenninginn sleppa.

Ég get ekki stillt mig um það, af því að ég nefndi olíufélögin hér áðan og fyrirheit hv. stjórnarflokka um, að það ætti sérstaklega að krukka í sjóðina hjá þeim, að minnast á, hvernig hæstv. ríkisstjórn framkvæmir þetta fyrirheit tveggja flokka sinna.

Hæstv. sjútvmrh. var í dálitlum vandræðum hér áðan, og ég lái honum það sannarlega ekki. Sú staðreynd blasir nefnilega við, að eitt af olíufélögum landsins er núna þessa dagana og þessar vikurnar að græða milljónatugi fram yfir eðlilegan hagnað á rekstri olíuskips síns í skjóli hæstv. ríkisstjórnar, í skjóli hæstv. viðskmrh., sem mér er nú að vísu sagt að vísi til félaga síns og bróður, hæstv. félmrh. En ég hafði nú haldið, að þetta heyrði undir viðskmrh. (Gripið fram í.) Já, maður verður að læra margt betur á þessum síðustu og verstu tímum. Það er margt, sem kemur almenningi á óvart, enda þótt við ýmsu *misjöfnu hafi mátt búast*.

Í þessu sambandi get ég heldur ekki setið á mér að minnast á það, að í hv. bæjarstjórn Reykjavíkur er nú svo komið, að fulltrúar tveggja stjórnarflokka treysta sér ekki lengur til þess að verja það fáheyrða hneyksli, sem hér er um að ræða. Ég veit ekki betur en að þar hafi verið samþ. í nótt tillaga, þar sem því var beint til hæstv. ríkisstj. eða einstakra ráðherra hennar að hindra þá framkvæmd, sem stjórnin hefur lýst yfir að hún ætli að hafa á í þessum efnum, og þar var þetta samþ. með öllum atkv. gegn atkvæði framsóknarmannsins eins. Sem sagt sjálfstæðismenn, kommúnistar, Alþýðuflokksmenn og þjóðvarnarmenn stóðu allir saman um að víta þetta hneyksli. Nú býst ég við, að hæstv. ráðh. standi hér upp og berji höfðinu við steininn, ef einhver steinn væri tiltækur, og segi: Engu að síður, hvað sem líður skoðunum okkar góðu flokksbræðra í bæjarstjórn Reykjavíkur, m. a. eins hv. þdm., hv. 1. landsk. þm. (AG), þá ætlum við að segja þjóðinni það, að við séum að lækka milliliðagróðann og við séum að gæta hagsmuna alþýðunnar með því að láta Olíufélagið græða *milljónatugi fram yfir eðlilegan* hagnað á nokkrum skipsförmum af olíu, sem verið er að flytja til íslenzkra sjómanna og *fiskimanna frá Rússlandi*. Ég býst við, að hæstv. ráðherrar verði sér þá bara úti um einhvern stein til þess að berja hausnum við og halda *áfram að segja þjóðinni*, að þeir séu að gæta hagsmuna almennings og berjast við „milliliðina" með því að leyfa þennan fáheyrða olíugróða *og okur*. En það er dálítil bót, að við sjálfstæðismenn höfum þó fengið bandamenn í þessu máli. Við höfum fengið flokksmenn *sjálfrar hæstv. ríkisstj.*, þ. e. a. s. verkalýðsflokkana svokölluðu í bæjarstjórn Reykjavíkur, að hliðinni á okkur í baráttu okkar gegn olíuokrinu. Og það er von, að hæstv. félmrh. brosi, þegar hlutverkum er nú orðið þannig skipt, að stærsta stórgróðafélag landsins stendur á bak við hann og hæstv. viðskmrh., en ég og aðrir sjálfstæðismenn sækjum að okrurunum í baráttu okkar fyrir hagsmunum almennings. En þetta er ekkert nýtt.

Ég fæ því ekki betur séð en hæstv. stjórnarflokkar séu komnir, — vil ég nú ekki segja á skipulagt undanhald, ég held hreinlega á dreifðan flótta í þessu máli, og sá flótti mun verða rekinn. Við, sem erum omboðsmenn sjómanna og útvegsmanna hér á hv. Alþingi, munum ekki þegja yfir þessu máli. Það mun verða haldið áfram að segja þjóðinni, hvers konar fáheyrt svindl er verið að reka hér.

Ég er þá kominn að þriðja atriði frv. Það er um hið nýja, víðtæka verðlagseftirlit, sem þar er heitið.

Mér virðast ákvæði frv. raunar fyrst og fremst fela í sér þá breytingu frá gildandi lögum, að breytt er um nafn á þeim manni, sem á að hafa yfirstjórn þessara mála. Hann mun heita verðgæzlustjóri nú, en er ætlað að heita verðlagsstjóri samkvæmt till. hæstv. ríkisstj. Það getur vel verið, að hæstv. *ríkisstj.* geti framkvæmt einhverja umbót á verðlagseftirliti með því að breyta um nafn á þessum embættismanni, láta *hann* heita verðlagsstjóra í staðinn fyrir verðgæzlustjóra. Ég dreg það samt mjög í efa.

Það er í sjálfu sér rétt og þjóðholl viðleitni

að reyna að halda verðlagi í skefjum og að tryggja sem sanngjarnasta álagningu og sanngjarnastan kostnað við vörudreifinguna í landinu. Okkur frjálshyggjumenn annars vegar og sósíalista hins vegar greinir að vísu á um það, hvaða leiðir á að fara í þessum efnum. Þeir menn, sem eru fylgjandi frjálsri verzlun og athafnafrelsi yfirleitt, telja, að bezta verðlagseftirlitið felist alltaf í samkeppni hinna ýmsu verzlunaraðila um viðskipti fólksins. Sósíalistar telja hins vegar, að alltaf sé meginatriðið og bezta tryggingin fyrir sanngjörnu verðlagi að hafa sem strangast verðlagsákvæði.

Ég vildi í þessu sambandi spyrja hæstv. ríkisstj., sem ég vænti að vilji vel í þessum efnum; hún vill lækka verðlagið og vill geta framkvæmt þá stefnu sína að koma á jafnvægi, þó að hún hafi ekki borið gæfu til þess að bera fram raunhæfar till. í þá átt, — ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstjórn, hvernig standi á því, að hún byrjaði ekki á því að lækka vöruverðið. Þá hefði hún ef til vill getað komizt hjá einhverjum skattahækkunum. Eða er það þá ef til vill þannig, að stjórnin trúi alls ekki á það, að hún geti lækkað milliliðagróðann og verðlagið, þess vegna segi hún nú, að lækkunin eigi að koma eftir á? Hún ætli sér að stinga þeirri yfirlýsingu eins og nokkurs konar snuði upp í almenning.

Mér hefði fundizt langsamlega rökréttast hjá hæstv. ríkisstj., að hún hefði byrjað á því að lækka álagninguna og lækka milliliðagróðann og sýna fólkinu þar með framan í það, hvað hún gat og hvað var framkvæmanlegt í þessum efnum, hvað var skynsamlegast og hvað var sanngjarnt. Þegar hún var búin að framkvæma þetta, gat hún sagt við fólkið: Nú þurfum við ekki að leggja á eins mikla skatta. Við erum búnir að lækka verðlagið að þessum leiðum, og um leið og við lækkum verðlagið, höfum við áhrif á kaupgjaldið, og um leið og við höfum áhrif á kaupgjaldið, höfum við áhrif á afkomu framleiðslunnar.

En þessa leið virðist hæstv. ríkisstj. ekki hafa trúað á. Við skulum sjá, hvernig henni tekst að lækka verðlagið með verðlagseftirliti og lækkun milliliðagróða, sem mikið hefur verið talað um, en minna gert í að framkvæma.

Reynslan af verðlagseftirliti og höftum frá árunum 1947—49 gefur því miður ekki bjartar vonir um, að mikill árangur verði af viðleitni núverandi hæstv. ríkisstj. í þessum efnum. Allur almenningur á Íslandi man, hvaða fylgifiskar sigldu í kjölfar hins stranga verðlagseftirlits og haftakerfis á árunum 1947—49. Það voru svartur markaður, vöruskortur, biðraðir og margs konar spilling. Og hver er sá, að hann geti haldið því fram, að almenningi sé kjarabót að því, að sett sé lágt verðlag á einhverja vöru, sem er svo ófáanleg á frjálsum markaði á því verði? Ef maður ætlar sér að ná í þessa vöru, þá verður hann að fara ótal krókaleiðir. Hann verður að þekkja einhvern, sem stendur nálægt verzlunarfyrirtæki eða rekur verzlun eða kaupfélag, og þá fær hann kannske fyrir náð með uppskrúfuðu verði, svartamarkaðsverði, þessa vöru. Hvaða gagn er almenningi að því að sjá það á pappírnum, að eitthvert heimilistæki á að kosta 1000 kr., ef hann svo ekki getur fengið það nema fyrir miklu hærra verð?

Það er þessi „kjarabótastefna“, sem við sjálfstæðismenn höfum talið yfirborðslega og heimskulega, en hins vegar hinir sósíalistisku flokkar hafa ríghaldið sér í í oftrú sinni á höft, á fræðikenningar og á heftingu frjálsræðis almennt, gagnvart almenningi. Ég vildi gjarnan mega vona, að árangurinn yrði betri, þ. e. a. s. verðlagið yrði lægra og ástandið í verzluninni betra en niðurstaðan varð á haftatímabilinu 1947—49.

Niðurstaða mín af athugunum á þessu frv. er því í fyrsta lagi sú, að það byggist á styrkja- og uppbótastefnu á hærra stigi en nokkru sinni fyrr og í því felst margfalt gengi á íslenzkri krónu og vísvitandi tilraun til þess að dylja almenning þess, að það er verið að lækka gengi krónunnar, m. a. með þeim gjaldeyrisskatti, sem á er lagður og nær til meginhluta alls gjaldeyris þjóðarinnar.

Þessar ráðstafanir munu gera það erfiðara að hverfa síðar til raunhæfra ráðstafana, sem raunverulega stuðla að því að koma rekstri íslenzkrar útflutningsframleiðslu á heilbrigðan grundvöll. Það er verið að vaða lengra út í ófæruna í staðinn fyrir að snúa við til lands. Þetta er því miður staðreynd, sem þetta frv. ber greinilega með sér. Í öðru lagi felst í þessu frv. stórfelldari skattlagning á almenning en nokkru sinni fyrr, allt að 10 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu. Allir gömlu skattarnir eru framlengdir, nema söluskatturinn, og nýjum sköttum bætt við. Í þriðja laga er stefnt út í hafta- og kyrrstöðuástand, m. a. með því að vinna gegn umbótum í húsnæðismálum með nýjum sköttum á byggingarefni.

Það, sem verst er af þessu öllu, er þó það, að í þessum till. felst engin trygging fyrir stöðvun verðbólgunnar í landinu. Það er ekki stöðvuð sú víxlhækkun kaupgjalds og verðlags, sem á undanförnum árum hefur stefnt framleiðslunni út í það öngþveiti, sem nú er komið í.

Nú hafa hv. stjórnarflokkar fundið upp „nýja leið“, sem þeir kalla, þ. e. a. s. nýtt nafn á gamla leið. Þeir kalla þessa leið „millifærsluleið“. En hvað felst í þessari „millifærsluleið“? Ekkert annað en það, að 500 millj. kr. eru „yfirfærðar“. Hæstv. forsrh. skýrði frá því, að það hefði verið álit hinna erlendu sérfræðinga, að einhvers staðar frá yrði að færa 500 millj. kr. yfir til framleiðslunnar, og með þessu frv. er þá víst verið að vinna að þessari millifærslu. Í þessu felst enn ein viðurkenning hinna nýju stjórnarflokka, hinna svokölluðu verkalýðsflokka, kommúnista- og Alþýðuflokksins, á afbrotum sínum gagnvart framleiðslunni á undanförnum árum. Þeir viðurkenna, að framleiðslan hafi verið ofkrafin um mörg hundruð millj. kr. Þeir sögðu: Nú eru launþegar látnir skila þessu fé til framleiðslunnar, en áður höfðu þessir flokkar sagt launþegum, að þeir væru sífellt að bæta kjör sín með því að krefjast hækkaðs kaupgjalds og aukinna útgjalda af hálfu framleiðslunnar. Ég álít, að þessi viðurkenning sé allmikils virði, ekki einungis í dag, heldur og á komandi tímum, því að enda þótt hæstv. sjútv-

mrh. gerði sér vonir um það í ræðu sinni hér áðan, að ekki þyrfti um næstu áramót að koma til hv. Alþingis með svipaðar ráðstafanir þessum, þá er það alveg áreiðanlegt, að þar er hann of bjartsýnn. Með þessum till. er ekki lagður grundvöllur að heilbrigðum rekstri framleiðslunnar, og engin varanleg úrræði felast í leiðum þeirra.

Það er í raun og veru aðeins eitt, sem hæstv. stjórnarflokkar hanga í í þessum umr., og það er það, að náðst hafi samkomulag allra stétta um þetta frv., um áframhaldandi styrkjastefnu í stórauknum stíl, og það tryggi, að þetta sé framkvæmanlegt, að það sé „samkomulag allra stétta". Á það hefur verið bent, að því miður fer því víðs fjarri, að þetta sé þannig. Innan framleiðsluráðs landbúnaðarins kom fram hreinn klofningur um málið, og sjálf stjórn Alþýðusambands Íslands setur hæstv. ríkisstj. í raun og veru aðeins gálgafrest. Hún kemst, með leyfi hæstv. forseta, að orði á þessa leið í plaggi, sem er prentað sem fylgiskjal með þessu frv.: „Í trausti þess, að vel takist með framkvæmd þessara ráðstafana, og með tilliti til þess höfuðmarkmiðs að tryggja næga atvinnu, telur miðstjórnin og efnahagsmálanefndin, að veita beri núverandi ríkisstj. starfsfrið, þar til úr því fæst skorið, hvernig framkvæmdin tekst."

Stjórn Alþýðusambandsins og efnahagsmálanefnd þess lýsir því m. ö. o. yfir, að hún vill veita ríkisstj. nokkurn frest til þess að sjá, hvernig þessi úrræði gefast. En segjum nú svo, að framkvæmdin tækist illa, hvað þá? Hvað tekur þá við? Hæstv. ráðh. lét að vísu ekki upplýsa það, en blað eins stærsta stjórnarflokksins hefur lýst því yfir, hvað þá taki við. Þjóðviljinn lýsti því yfir fyrir nokkrum dögum, að þá væri ekki um neitt annað að gera en að krefjast kauphækkana að nýju. Sem sagt, sverð kommúnista, sem stjórna launþegasamtökunum, vofir yfir stjórninni eftir sem áður. Hún hefur aðeins fengið stuttan gálgafrest.

Hér er þess vegna státað af litlu. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki tryggt neitt allsherjarsamkomulag og neinn Fróðafrið í landinu. Alþýðusambandið hefur lýst því yfir, að það vilji gefa henni „starfsfrið" um skeið.

Ég get ekki varizt þeirri hugsun, þegar ég les þetta frv. og lít yfir hinn stutta starfsferil núverandi hæstv. ríkisstj., að hún hafi á þeim stutta tíma, sem hún hefur setið, komizt yfir það að bregðast fjölda af fyrirheitum sínum.

Ég tel það ekki beint snerta þetta mál að minna á mörg önnur atriði, sem ríkisstj. hefur hreinlega svikið í stefnuskrá sinni, vil aðeins nefna eitt, sem er stærst og stjórnin byggir tilveru sína á og upphaf, loforðið um að láta varnarliðið fara úr landinu. Ég fæ ekki betur séð en að enda þótt samið hafi verið um óákveðinn tíma um dvöl varnarliðsins áfram í landinu, þá uni meira að segja kommúnistarnir sér alveg prýðilega í stólum sínum í hæstv. ríkisstj. Þetta var nú eitt stærsta kosningaloforðið í utanríkismálunum.

Í innanríkismálunum var það stærst, að ný stefna og varanleg úrræði skyldu verða tiltæk í efnahagsmálum. Og árangurinn er það frv., sem hér liggur fyrir og ég hef hér gert að umtalsefni.

Af tilefni þeirra orða hæstv. sjútvmrh., að nauðsynlegt hafi verið að hækka daggreiðslur til togara um 38 millj. kr. og fiskverð til þeirra einnig og enn fremur hækka mjög greiðslur til bátaútvegsins og fiskiðjuvera, vil ég aðeins segja það, að ég tel mjög líklegt og raunar vitað, að hann fer þar með rétt mál. Hins vegar hef ég ekki haft aðstöðu til þess að staðreyna það, hversu mikil fjárþörf útvegsins er, bátaútvegsins og togaranna. Mér er sagt, að sæmilega sé séð fyrir hag vélbátanna, og ég vona, að svo sé. Ég hef ekki fengið plöggin lögð á borðið um það, en það mun koma í ljós síðar, og ég vænti þá, að hæstv. sjútvmrh. láti ekki undan fallast að gera viðbótarráðstafanir, því að það er staðreynd, sem ekki verður sniðgengin, að afkoma almennings úti um allt land byggist fyrst og fremst á því, að vélbátaflotinn gangi og beri sig skaplega og tryggi hráefni til fiskvinnslustöðvanna. Hins vegar er ég hræddur um, að stuðningur frv. við togarana sé varla nægilega mikill. Mér þætti vænt um að heyra frá hæstv. sjútvmrh., hvað hann álítur um það og hvort hann hefur náð fullu samkomulagi við togaraútvegsmenn um þessar ráðstafanir. Ég hef heyrt frá einstökum togaraútgerðarmönnum, að þeir telja mjög hæpið, að þessi stuðningur dugi þeim. Það þarf hins vegar ekki að orðlengja, að síðan togararnir fóru að landa afla sínum mestmegnis innanlands, hefur það geysimikla þýðingu fyrir allt atvinnulíf í landinu og útflutningsverðmæti landsmanna, að rekstur þeirra sé sem stöðugastur.

En þó að ég telji þessar ráðstafanir til stuðnings sjávarútveginum góðra gjalda verðar, verður að líta á þær eingöngu sem bráðabirgðaráðstafanir. Það er enginn heilbrigður rekstrargrundvöllur tryggður enn þá, hvorki fyrir vélbáta né togara. Það er einungis haldið áfram á þeirri braut að auka styrk og stuðning af hálfu hins opinbera við þessar aðalframleiðslugreinar þjóðarinnar. Að vísu má segja, að þetta séu ekki styrkir, það sé einungis endurgreiðsla á því, sem framleiðslan hafi verið ofkrafin um áður, vegna þess að það er sjávarútvegurinn og útflutningsframleiðslan, sem stendur undir allri eyðslu þjóðarinnar. Það má þess vegna segja, að það sé að vissu leyti mótsögn að tala um styrki til þessara aðila.

Hæstv. forsrh. viðurkenndi það í ræðu sinni hreinlega, að með þessu frv. er verið að framkvæma gengislækkun. Hann sagði, að gengisfellingu mætti framkvæma með ýmsu móti. Það er alveg hárrétt. Og einn mátinn til þess að framkvæma gengislækkun á er sá, sem þetta frv. felur í sér, gjaldeyrisskattur, verulegur gjaldeyrisskattur á meginhluta alls gjaldeyris, sem notaður er til kaupa á vörum til landsins, og enn fremur stórfelldar skattaálögur til þess að styrkja útflutningsframleiðsluna. Í stað þess að skrá gengið opinberlega í samræmi við þarfir útflutningsframleiðslunnar er hér farin sú leið að leggja á gjaldeyrisskatt og stórkostlega nýja skatta, sem síðan ganga til stuðnings útflutningsframleiðslunni. Það er alveg rétt hjá hæstv.

forsrh. og af mikilli hreinskilni mælt, að það má framkvæma gengislækkun með ýmsu móti, og einn mátinn er, eins og ég sagði, sá, sem þetta frv. felur í sér.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta á þessu stigi málsins. Þetta mál er komið í ákveðinn farveg af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Þetta frv. verður afgreitt eins og hún vill hafa það. Við, sem í stjórnarandstöðunni erum, hljótum að lýsa okkar áliti á þeim leiðum, sem í því felast, benda á það, lýsa fylgi okkar við það, sem við teljum óhjákvæmilegt, eins og stuðninginn við sjávarútveginn, en andstöðu okkar við annað, sem okkur finnst ekki nægilega rökstutt, og andstöðu okkar við þann hátt, sem hafður er á um afgreiðslu þessa stóra máls, sem Alþ. verður nú að afgreiða á tveimur, þremur dögum eftir að hafa verið aðgerðalaust meginhluta þess tíma, sem það hefur setið.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Einu sinni mun hafa verið snarað á íslenzku útlendum reyfara, sem hlaut á vorri tungu nafnið „Hinn óttalegi leyndardómur". Bókin var mikið lesin, en að henni þótti lítill menningarauki. Ef ég ætti að gefa afstöðu Sjálfstfl. til þessa stórmáls eitthvert nafn, þá mundi ég kalla hana hinn óttalega leyndardóm. Sannleikurinn er sá, að í hv. Nd. hefur þetta mál nú verið rætt tvö kvöld og tvær nætur eða langt fram á nótt. Nú eru að hefjast umræður um það hér í hv. Ed., og við höfum heyrt aðalforsvarsmann stjórnarandstöðunnar halda hér ýtarlega ræðu. Samt sem áður er afstaða stjórnarandstöðunnar hinn óttalegi leyndardómur. Við vitum ekkert, hvað hún vill gera í málefnum framleiðslunnar. Í öllum þeim ræðum, sem fluttar hafa verið, hefur ekki fengizt um það ein setning, hvað sjálf stjórnarandstaðan leggi til um lausn á þeim vanda, sem hún þó viðurkennir að íslenzkri framleiðslu sé á höndum. Gagnrýnin er öll algerlega almenns eðlis og algerlega neikvæð. Það eina, sem er jákvætt í ummælum stjórnarandstöðunnar, er viðurkenningin á því, að sjávarútvegurinn fyrst og fremst og reyndar landbúnaðurinn einnig þurfi á næsta ári á auknum tekjum að halda frá því, sem var á liðnu ári. Þetta er játað. Síðan heyrist ekki eitt orð, ekki einn stafur um það, hvernig eigi að afla þess fjár, þeirra mörgu milljóna, sem þeir þó viðurkenna að framleiðslan þurfi að fá í auknar tekjur.

Það er enginn ágreiningur milli okkar í ríkisstj. og stjórnarandstöðunnar um það, að meginleiðirnar, sem til greina koma til úrbóta, eru tvær, annars vegar er almenn tekjutilfærsla í þjóðfélaginu og hins vegar gengisbreyting. Þeir segja ekki skýrt, hvort þeir vilji heldur. Afstaða stjórnarinnar er alveg ljós. Við höfum valið tekjutilfærsluna og höfum gert það í samráði við launþegasamtökin í landinu og í samráði við samtök helztu framleiðenda í landinu. Þeir segja ekki, að þessi leið sé rétt, segja ekki heldur, að hún sé röng. Og þeir segja ekkert um það, að þeir vilji gengisbreytingu heldur. Hví ekki að segja það, ef þeir meina það? Það væri afstaða, en ekki lengur neinn leyndardómur. Þetta getur ekki gengið, að gagnrýna með almennum og óljósum orðum án þess að segja, hvað eigi að koma í staðinn. Við vitum ekkert um það, hverju mennirnir vilja breyta. Telja þeir t. d. tekjuþörfina ofmetna? Telja þeir þær 240 millj. kr., sem gert er ráð fyrir að flytja á milli yfir til framleiðslunnar, of háa fjárhæð? Ef þeir telja fjárhæðina of háa, ber þeim skylda til að benda á, hverjir fái of mikið. Ég leyfi mér að spyrja þá, sem hér munu tala á eftir: Hverjir fá of mikið, ef kvartað er undan, að tekjuupphæðin sé of há? Fá bátarnir of mikið? Það vil ég fá að vita. Fá togarnir of mikið? Það væri gaman að fá að heyra það. Eða fá frystihúsin of mikið? Af hverjum á að taka af þeim, sem fá upphæðirnar, ef upphæðin er talin of há? Ef menn eru óánægðir með, hvernig fjárins er aflað, vil ég líka fá ábendingar eða helzt beinar tillögur um það, hvar eigi að lækka álögurnar. Ef menn telja of mikið lagt á einhverja ákveðna vörutegund, — maður hefur heyrt helzt nefnda hér silkisokka og heimilistæki, — ef menn telja álögur á þessar vörur of miklar og vilja lækka þar, á hverju á þá að hækka? Á kannske að hækka á þeim vörum, sem við lögðum ekkert á: kaffi, sykri, mjöli og þar fram eftir götunum? Svona almennt orðalag dugir ekki. Meginstaðreyndirnar eru þessar: Er heildarupphæðin of há? Ef hún er það, af hverjum á þá að taka? Er of mikið lagt á einhverja vöru? Ef svo er, á hverju á þá að hækka?

Það hefur heyrzt nokkuð í umr. um málið, einkum þó í hv. Nd., að það væri lítill munur á þessum ráðstöfunum og þeim ráðstöfunum, sem fyrrverandi stjórn gerði í fyrra og hittiðfyrra. Það er á þessum ráðstöfunum meginmunur, og ég skal segja það í örfáum orðum, hvern ég tel vera meginmuninn. Hann er í fyrsta lagi fólginn í því, að þeim gjöldum, sem nú eru á lögð, er dreift eftir allt öðrum grundvallarreglum en gjöldunum var dreift í fyrra. Þá var fylgt þeirri reglu að dreifa álögðum gjöldum sem jafnast á þær vörur, sem báru gjöldin. Nú er fylgt gerólíkri reglu. Það er fylgt þeirri reglu að dreifa gjöldunum ójafnt eftir því, hvers eðlis vörurnar eru. Það koma engin ný gjöld, ekki einn eyrir, í viðbót á helztu rekstrarvörur sjávarútvegs og landbúnaðar. Það koma engin ný gjöld, ekki einn eyrir, í viðbót á brýnustu nauðsynjavörur almennings, helztu vörurnar, sem eru í vísitölunni, kornvörur, kaffi og sykur og því um líkt. Hitt megineinkennið á þessum ráðstöfunum, borið saman við ráðstafanirnar í fyrra, er það, að nú eiga að fylgja þessari tekjutilfærslu milli stétta þjóðfélagsins víðtækar viðbótarráðstafanir. Nú á að fylgja þessum ráðstöfunum víðtækt verðlagseftirlit. Í fyrra var engin tilraun gerð til þess að hafa hemil á verðlaginu. Verðlagsmyndun var að mestu leyti frjáls. Nú á að fylgja þessum ráðstöfunum stóreignaskattur. Ekkert af því var gert í fyrra. Nú á að fylgja þessum ráðstöfunum þriðjungslækkun á tekjuskatti hinna tekjulægstu, bæði hjóna með börn og einstaklinga. Nú á að fylgja þessum ráðstöfunum gagnger endurskipulagning á fisksölumálunum. Ekkert slíkt var áformað eða gert í fyrra. Nú á að fylgja þessum ráðstöfunum endurskipulagning á bátagjaldeyriskerfinu, ekkert

slíkt var gert í fyrra. Allar þessar viðbótarráðstafanir eiga að miða að því og miða að því að dreifa byrðunum réttlátar og sanngjarnar en raun varð á í fyrra.

Reynslan hefur líka þegar sýnt, að allur almenningur í þessu landi, bæði meðal launþega og framleiðenda, lítur gerólíkum augum á þessar ráðstafanir og ráðstafanirnar í fyrra. Í hverju kemur það fram? Það kemur fram í því, að ráðstafanirnar í fyrra hlutu hvorki viðurkenningu launþegasamtaka né framleiðendasamtaka. Það vita allir hv. þm., að óánægjan með tillögur fyrrverandi ríkisstj. á s. l. ári var svo mikil í hópi útvegsmanna, að þeir neituðu að starfa samkvæmt þeim. Það var ekki róið allan janúarmánuð, fyrsti mánuður vertíðarinnar fór forgörðum. Tugir miljóna töpuðust þjóðinni í erlendum gjaldeyri, af því að útvegsmennirnir sjálfir, helztu samtök þeirra framleiðenda, sem málið snertir, voru óánægðir með aðgerðir fyrrverandi ríkisstj. Í hópi launþeganna var óánægjan ekki minni af því, hvernig byrðunum var dreift, og af því, að engar viðbótarráðstafanir fylgdu. Launþegasamtökin snerust gegn fyrrverandi ríkisstj., snerust gegn ráðstöfunum hennar, með þeim afleiðingum, sem alkunnar eru. Nú hefur það gerzt, að bæði launþegasamtökin og samtök framleiðendanna, þ. e. a. s. bæði samtök útvegsmanna og bænda, hafa lýst yfir stuðningi sínum við þessar ráðstafanir, hafa lýst yfir, að þau muni una þeirri tilraun, sem hér er gerð til þess að stöðva verðbólguhjólið, tryggja örugga atvinnu í framtíðinni og leggja heilbrigðan grundvöll undir vaxandi framleiðslu þjóðarinnar í framtíðinni. Þessar staðreyndir tala skýrara máli en nokkur ræðuorð fá gert um það, hvílíkur reginmunur er á ráðstöfunum þessarar stjórnar og ráðstöfunum fyrrverandi stjórnar. Þessi stjórn hefur fengið stuðning launþegasamtaka og framleiðendasamtaka. Fyrrverandi stjórn fékk það ekki. Þessi meginstaðreynd er einmitt höfuðgrundvöllur þess, að ráðstafanir fyrrv. stjórnar urðu ekki til frambúðar, heldur urðu bráðabirgðaráðstafanir. Það er von ríkisstj., að atbeini sá, sem tillögur hennar hafa fengið meðal launþega og meðal framleiðenda, muni verða þess valdandi, að þessar ráðstafanir reynist ekki bráðabirgðaráðstafanir, heldur varanlegt úrræði.

Hv. síðasti ræðumaður sagði, að í þessu frv. væri í raun og veru ekkert nýtt. Hvílíkur reginmisskilningur er þetta. Skyldu menn ekki eiga að taka meira mark á heildarsamtökum launþega, heildarsamtökum útvegsmanna, heildarsamtökum bænda heldur en málsvara Sjálfstfl. hér á hinu háa Alþingi? Ef ekkert nýtt var að gerast, hvers vegna snerust þá útvegsmenn á móti stjórninni í fyrra, en með henni núna, hvers vegna snerust launþegarnir á móti stjórninni í fyrra en með henni núna, eða hver er skýringin á afstöðu bændanna? Nei, sannleikurinn er sá, að hér er auðvitað um nýja stefnu að ræða, sem hefur komið fram í þeim tímamótum, sem nú hafa verið mörkuð í framleiðslu- og fjárhagsmálum þjóðarinnar á þann hátt, að víðtækara samstarf hefur tekizt með hagsmunasamtökunum og ríkisvaldinu en nokkurn tíma áður. Það er auðvitað meginstaðreynd, eins og íslenzkt þjóðfélag er nú skipulagt, að landinu verður ekki aðeins ekki vel stjórnað, heldur eiginlega alls ekki stjórnað, nema því aðeins að þar ríki samstarf á milli ríkisvaldsins annars vegar og hinna voldugu hagsmunasamtaka hins vegar. Milli þessara aðila þarf að ríkja traust, gagnkvæmt traust. Það er þetta traust, sem hefur vantað undanfarin ár og hefur verið meginundirstaða þess ófarnaðar, sem verið hefur einkenni íslenzkra efnahagsmála undanfarin ár. Það er vegna skilnings á þessu, sem ríkisstj. hefur talið það meginverkefni sitt að skapa slíkt gagnkvæmt traust milli samtaka launþega og framleiðenda annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar. Sem betur fer hefur það tekizt, og það er einlæg von ríkisstj., að á því ástandi verði áframhald, vegna þess að með því einu móti verður hagur þjóðarheildarinnar vel tryggður í framtíðinni.

Það ber mikið á því í málflutningi hv. stjórnarandstöðu að telja þá tekjuöflun, sem frv. gerir ráð fyrir, til gífurlegra byrða. Þeim 240 millj. kr. tekjuafgangi, sem frv. gerir ráð fyrir, er deilt niður á hvert mannsbarn í landinu, jafnt á ungbarnið í vöggunni og gamalmennið, og einnig fundið út, að nýjar byrðar á hvert nef í landinu séu 1500 kr., eða 7500 kr. á hverja fimm manna fjölskyldu. Hv. síðasti ræðumaður komst meira að segja upp í 10 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu. Ónákvæmt er nú reiknað, en mér sýndist, að það, sem lægi til grundvallar, væri, að ofan á þessar 240 millj. kr. bætti hann stóreignaskattinum, og er að vísu ekki nákvæmt enn, heldur jafnað mjög mikið upp á við. Í fyrsta lagi nær ekki nokkurri átt, við sjáum, hvað blekkingin er augljós, þegar menn taka að jafna fyrirhuguðum stóreignaskatti, sem er yfirlýst að eigi að innheimtast á næstu fimm árum, sem viðbótargjöldum á hvert mannsbarn, barnið í vöggunni og gamalmennið, til útgjalda á næsta ári. Slíkir útreikningar eru náttúrlega langt frá því að vera sæmandi mönnum hér á hinu háa Alþingi. Auk þess er öll hugsunin í þessum útreikningum bláber vitleysa. Þeir eru byggðir á því, að þessi 240 millj. kr. tekjutilflutningur sé allur saman tekinn af borgurunum og látinn hverfa og sé eytt. Manni skilst það helzt, að ríkisstj. ætli sér að taka í sinn vasa 240 millj. kr. og eiginlega brenna peningana eða brenna verðmætin, sem peningarnir svara til, sökkva þeim í sjó eða kveikja í þeim. Því aðeins að þetta væri rétt, væru þetta hreinar álögur á landsmenn. Allir vita auðvitað, að ríkisstj. hefur enga slíka brennu í huga og ekkert, sem jafngildir því, að hún ætlaði sér að taka skip og sökkva miklum verðmætum í sjó niður.

Hvað er hér að gerast? Skilja menn í raun og veru ekki, hvað hér er að gerast, eða er blekkingarhugurinn svo stórkostlegur, að menn látist ekki skilja jafneinfaldan hlut og hér er þó á ferðinni? Hvað er hér að gerast? Það er verið að taka 240 millj. kr. úr vasa sumra borgara þessa þjóðfélags og láta upphæðina næstum alla í vasa annarra borgara þjóðfélagsins. Það er kjarni málsins. Hverjir eru það aðallega, sem fá þessa miklu milljónatugi. Það eru framleiðendur

við sjávarsíðuna fyrst og fremst og sjómenn við sjávarsíðuna, auk þess bændur. Sá, sem gerði þennan útreikning, var maður, sem lýsti því yfir, að hann væri sérstakur fulltrúi sjómanna og útvegsmanna. Þeir eru fjölmennir í hans kjördæmi, og það er ekki nema eðlilegt, að hv. þm. telji sig sérstakan fulltrúa þeirra. En ef hann telur mönnum þessar 240 millj. kr. til útgjalda sem byrði, hví gleymir hann þá að nefna tekjuaukann, sem sjómennirnir hans, útvegsmennirnir hans fá vegna þessara álagna? Má gleyma því? Ef ég tæki, sem mér dytti að vísu aldrei í hug að gera, 100 kr. úr hægri vasa hv. þm. N-Ísf. og léti þær í vinstri vasa hans, þá þætti mér vægast sagt mjög óheiðarlegur málflutningur, ef hann hlypi hér út á Austurvöll, að ég nú ekki tali um, að hann færi með það í Morgunblaðið, að ég hefði stolið af sér 100 krónum. Nei, ég mundi auðvitað fljótlega minna hann á, að það, sem áður var í hægri vasa hans, væri núna komið í vinstri vasa hans, og ekki það einasta, hann væri nákvæmlega jafnríkur eftir sem áður. Það gæti meira að segja vel verið, að peningarnir væru betur komnir í vinstri vasanum en þeim hægri og að ég hafi gert honum greiða.

Það er þetta, sem er að gerast í þessum tillögum. Það er verið að taka 240 millj. úr vasa sumra manna og láta í vasa annarra manna. Þjóðin í heild hvorki græðir á þessu né tapar, alveg eins og hv. þm. verður hvorki ríkari né fátækari, þó að hundraðkrónuseðillinn færi úr öðrum vasa í hinn. (SB: Er þá ekki verið að færa úr einum vasa í annan á sama manni?) Núna? Sumpart, það merkilega við það er, að það eru sumpart sömu mennirnir sem fá peningana. (Gripið fram í.) Alveg rétt. Sumir útvegsmenn, sem fá auknar tekjur af þessum sökum, borga auðvitað fyrir vörurnar, sem lagt er á. (Gripið fram í.) Jú, það er alveg rétt. Það kann vel að vera, að hinir séu fleiri, en það er ég alveg handviss um, að þeir, sem borga, eru þeir menn, sem þola að borga, frekar en hinir, sem eiga að fá peningana, mundu þola að fá þá ekki. Það er það, sem er kjarni málsins. Þetta ættu alveg sérstaklega fulltrúar sjómanna og útvegsmanna að skilja, því að væri þetta ekki gert, mundi hagur þeirra stórrýrna, því að þeir fengju ekkert í sinn vasa.

Ef menn vilja tala um raunverulega byrði í sambandi við þessar álögur og ef þeir vilja tala rétt og í samræmi við kjarna málsins, í réttara skilningi á öllu málinu út frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar, þá er það eitt byrði af þessum álögum, sem notað er í nýja fjárfestingu, vegna þess að öll fjárfesting skerðir auðvitað skilyrðin til neyzlu á því ári, þegar hún er framkvæmd. Að svo miklu leyti sem hluti af þessum 240 millj. kr. fer eða er ætlað að fara í nýja fjárfestingu í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, þá má segja, að um byrði sé að ræða, sem þjóðin í heild taki á sig í sambandi við ráðstafanirnar. Þannig er málið auðvitað rétt skoðað. Hitt er engin byrði fyrir þjóðina í heild. Ef menn telja fjáröflunina of mikla, vegna þess að í sambandi við hana sé fyrirhuguð of mikil fjárfesting, þá vildi ég gjarnan fá að vita hjá hæstv. stjórnarandstöðu, hvaða fjárfestingu hún vill minnka frá því, sem verið hefur. Í sambandi við afgreiðslu fjárlaga er fyrirhugað að gera ráð fyrir myndarlegu framlagi til jafnvægissjóðs, til þess að efla jafnvægi í byggð landsins. Við skulum bíða tillagna hv. sjálfstæðismanna um það, hvort þeir telja þær upphæðir, sem ríkisstj. fyrirhugaði í þessu sambandi, of háar. Ég býst við, að þeir muni frekar telja þær of lágar, og það getur vel verið, að í því hafi þeir einmitt rétt fyrir sér, að þær þyrftu að vera hærri. Það þarf að veita verulegt fé til raforkuframkvæmda í sambandi við fjárlögin. Þetta er tveir aðalfjárfestingarliðirnir. Við skulum líka bíða tillagna hv. sjálfstæðismanna um það, hvort þeir telja þær upphæðir, sem ríkisstj. fyrirhugar í þessu sambandi, of lágar. Ég á von á hækkunartill. frá þeim, en ekki lækkunartill. Þetta eru einu byrðarnar, þjóðhagslega skoðað, sem slíkar ráðstafanir hafa í för með sér, og varðandi þær er sannleikurinn sá, að þær vill Sjálfstfl. án efa þyngja meira en við munum treysta okkur til að leggja til.

Hv. þm. spurði í ræðu sinni, og það var mjög eðlileg spurning: Hvers vegna var þessi leið, sem við höfum kallað millifærsluleiðina, valin, — og á þá auðvitað við: Hvers vegna var ekki gengisbreytingarleiðin farin? — Skýringin á þessu er ofur einföld. Það var meginatriði í stefnu allra núv. stjórnarflokka að gera þær ráðstafanir í efnahagsmálum, sem viðtækast samkomulag gæti orðið um við samtök launþega og framleiðenda. Mjög ýtarlegar athuganir og mjög ýtarlegar viðræður leiddu í ljós, að sú leið, sem ríkisstj. hefur nú lagt til, var einmitt sú leið, sem samkomulag gat fengizt um, bæði við launaþegasamtökin og við samtök framleiðenda, þ. e. a. s. útvegsmanna og bænda. Þetta er meginskýringin á því, að þessi leið var farin.

Hv. þm. spurði, hverjar hafi verið till. þeirra erlendu sérfræðinga, sem ríkisstj. kvaddi sér til ráðuneytis á sínum tíma. Álitsgerð þeirra var afhent ríkisstj. sem trúnaðarmál með sérstakri ósk hinna erlendu sérfræðinga um, að álitið yrði ekki birt nema með leyfi þeirra. Eftir þessu hefur ríkisstj. farið. (SB: Hefur hún ekki beðið um leyfi?) Það er engin nýlunda, að með álit sérfræðinga sé farið sem trúnaðarmál, og ætti hv. þm. og aðrir sjálfstæðismenn að minnast þess, hvernig farið var í fyrra með álit innlendra sérfræðinga í málinu. Þá skipaði ríkisstj. nefnd fjögurra manna, fjögurra íslenzkra hagfræðinga, til þess að gera ýmsar athuganir fyrir sig. Þessir fjórir hagfræðingar skiluðu ýtarlegu áliti. Við margbáðum um það, sem þá vorum í stjórnarandstöðu hér á hinu háa Alþingi, að fá að sjá þetta álit. Við fengum nei og aftur nei, fengum aldrei að sjá það. Hæstv. forsrh. svaraði því þá til, að ástæðan væri sú, að hinir innlendu sérfræðingar, hagfræðingarnir fjórir, hefðu sent ríkisstj., fyrrverandi ríkisstj., álit sitt með þeirri sérstöku skriflegu ósk, að álitið yrði ekki birt, ekki einu sinni þingmönnum, og af þeirri beiðni taldi ríkisstj. sig skuldbundna.

Þó að ég hefði í fyrra óskað mjög eftir því að fá að sjá tillögur þessara fjögurra hagfræðinga, sem ég þekki alla mjög vel og met mikils, verð ég að segja, að mér kom ekki alveg á

óvart afstaða þeirra í þessu máli. Sannleikurinn er nefnilega sá, að á undanförnum árum, oftar en einu sinni, hafa álitsgerðir hagfræðinga, álitsgerðir sérfræðinga, verið misnotaðar svo herfilega, að algerlega ófyrirgefanlegt er. Alls konar stjórnmálamenn hafa beitt skoðunum eða ábendingum og útreikningum hagfræðinga fyrir sig á fullkomlega villandi hátt. Segi ég þetta ekki í ádeiluskyni á neinn sérstakan flokk, heldur eiga stjórnmálaflokkarnir allir meira og minna sammerkt í þessu. Þetta er yfirleitt skoðun þeirra hagfræðinga, sem hafa verið kvaddir til ráðuneytis ríkisstjórnum hér undanfarin ár. Ég hef sjálfur margoft unnið fyrir ríkisstjórnir og opinbera aðila einmitt að slíkum álitsgerðum og útreikningum, ýmist einn eða ásamt öðrum, og einnig orðið fyrir því ásamt öðrum. Þetta er reynsla okkar hagfræðinganna allra og skoðun okkar allra, alveg án tillits til þess, í hvaða stjórnmálaflokki við erum. Hlutverk hagfræðinga í slíkum vanda eins og þeim, sem nú hvílir á höndum, er fyrst og fremst að benda á leiðir, að gera dæmin greinilega upp, um hvaða leiðir sé að velja og hvaða afleiðingar hver ráðstöfun um sig hafi. Það er ekki hlutverk hagfræðinganna sem fræðimanna að velja á milli leiðanna. Það er hlutverk stjórnmálamannanna, og því hlutverki verða þeir að gegna. Þeir verða að hafa kjark til þess að velja sjálfir þær leiðir, sem þeir telja rétt að fara, og bera ábyrgð á vali sínu, en reyna ekki að skella því yfir á herðar svokallaðra sérfræðinga, sem bókstaflega ekkert hafa með valið milli leiðanna að gera sem fræðimenn. Þar ræður stjórnmálaskoðunin eða þjóðfélagsmálaskoðunin öllu, bókstaflega öllu.

Það var þessi reynsla innlendra hagfræðinga á s. l. tíu árum, sem olli því í fyrra, að hinir fjórir ágætu hagfræðingar óskuðu eindregið eftir því, að tillögur þeirra eða útreikningar þeirra yrðu skoðaðir sem trúnaðarmál hjá ríkisstjórninni henni til athugunar, en yrðu ekki pólitískt bitbein hér á Alþingi.

Þeir erlendu hagfræðingar, sem hingað komu á s. l. hausti, kynntust mjög fljótlega ástandi mála hér að því er þetta snertir. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að meginorsök þess, að þeir vildu láta fara með sína skýrslu sem trúnaðarmál, var sú, að þeir vildu ekki láta gera hana hér að pólitísku bitbeini innanlands.

Hitt er svo annað mál, að þegar mesti bardagahamurinn er runninn af mönnum, teldi ég persónulega mjög æskilegt og eðlilegt, að báðar skýrslurnar yrðu birtar, bæði rannsókn innlendu hagfræðinganna frá því í fyrra og rannsókn hinna tveggja erlendu hagfræðinga frá því í haust. Til lengdar og sérstaklega eftir að ákvarðanir eru teknar eiga náttúrlega ekki slík plögg að vera neitt leyndarmál.

Hv. þm. N-Ísf. sagði, að almenningi væri ætlað að borga 220 millj. kr. skv. till. ríkisstjórnarinnar, en hinum ríku aðeins 15 milljónir. Hér er mjög hallað réttu máli. Hinir ríku koma til með að borga mjög verulegan þátt af 240 milljónunum, en hinir tekjulægstu bókstaflega ekki neitt, vegna þess, hvernig álagningunni er hagað, að öllum helztu nauðsynjavörum og rekstrarvörum útflutningsatvinnuveganna er algerlega hlíft við öllum nýjum gjöldum, en þeim mun hærri gjöld lögð á þær vörur, sem einmitt hinir ríku nota. Hins vegar kom mér það á óvart að heyra málsvara Sjálfstfl. kvarta undan því, að of lítið sé lagt á hina ríku. Ég mun hafa tillögurétt hér í hv. Ed., þó að ég hafi hér ekki atkvæðisrétt, og ég býð hv. þm. hér með að flytja með honum till. um að hækka stóreignaskattinn. Mér skyldi verða sérstök ánægja að hafa hann sem meðflutningsmann að till. um að hækka hann, t. d. þótt ekki væri nema um 10—20 milljónir, svo að hann þurfi ekki að kvarta mikið undan því, að við viljum hlífa hinum ríku.

Þá fjölyrti hv. þm. mjög um gróða hins nýja skips Sambandsins og Olíufélagsins, Hamrafells, og taldi hann mjög óeðlilegan. Ég ætla ekki að ræða þetta mál ýtarlega, því að bráðlega þarf að gera fundarhlé. Ég vildi aðeins benda á það, að olía hefur ávallt verið flutt hingað til landsins fyrir farmgjöld, sem hafa ákvarðazt af heimsmarkaðsverði á farmgjöldum. Hingað hefur aldrei áður komið olíufarmur, ekki einn olíufarmur fyrir lægra farmgjald en svarað hefur til hinna skráð farmgjalda á olíu á heimsmarkaðnum. Flutningar Hamrafellsins núna eru fyrstu olíuflutningar til landsins, þar sem landsmenn fá olíu undir skráðu heimsmarkaðsverði á farmgjöldum fyrir olíu, fyrstu flutningar í Íslandssögunni, þar sem olía kemur til landsins undir skráðu heimsmarkaðsverði. Þá ætlar viss hópur manna hér í landinu alveg að ærast. Þessi lækkun niður fyrir heimsmarkaðsverð, sem eigendur Hamrafellsins buðu fram af frjálsum og fúsum vilja, nemur hvorki meira né minna en 10 millj. kr. á fjórum ferðum, 2½ milljón í hverri ferð. Ég verð að segja, að fyrir þetta fyndist mér meiri ástæða til þess að þakka eigendum Hamrafellsins heldur en ausa þá óhróðri fyrir það, að þessi farmgjöld, sem þó eru 2½ millj. kr. lægri á ferð heldur en markaðsfarmgjöldin, skuli færa þeim gróða miðað við bókfært kaupverð skipsins, þegar það var keypt. Þeim mun undarlegri er þessi afstaða hv. sjálfstæðismanna, afstaða þeirra til verðlagsmála í olíuflutningunum, þegar það hefur verið afstaða þeirra í farmgjaldamálum Eimskipafélagsins, að það væri eðlilegt að láta flutningsgjöld Eimskipafélagsins fara að meira eða minna leyti eftir hinu almenna verðlagi á flutningsgjöldum, en ekki eftir hinu gamla kostnaðarverði skipanna, þegar þeirra var aflað. Allir, sem til þekkja, vita, að sá gífurlegi gróði, sem Eimskipafélagið safnaði á stríðsárunum, átti einmitt rót sína að rekja til þess, að Eimskipafélagið fékk að njóta þess, að á stríðsárunum hækkuðu farmgjöld í heiminum almennt mjög verulega. Ef þá hefði verið framfylgt þeirri stefnu, sem Morgunblaðið núna telur sig höfuðmálsvara fyrir, þá hefði ekki átt að leyfa Eimskip neina hækkun á farmgjöldum sínum í styrjöldinni. Reikningarnir hefðu getað jafnazt algerlega, vegna þess að eigin skip þess voru keypt fyrir stríð og leiguskipin fengust fyrir sérstaka milligöngu ríkisstj. og velvild Bandaríkjastjórnar fyrir mjög hagstætt verð, miklu lægra verð en svaraði til farmgjaldanna á heimsmarkaðnum yfirleitt. Þetta var ekki gert. Eimskip sigldi að vísu fyrir taxta, sem að mörgu leyti voru miklu

lægri en markaðstaxtarnir, en í heild voru samt miklu hærri en svaraði til sams konar kostnaðarverðsútreiknings og Morgunblaðið og Sjálfstfl. krefst nú að bitni á Hamrafellinu. Og á því byggðist sá mörg hundruð millj. kr. gróði, sem Eimskipafélagið safnaði í styrjöldinni. Tiltölulega mjög lítill ágreiningur var um það, að eðlilegt væri, að Eimskipafélagið fengi á þennan hátt að safna sér nokkrum sjóðum til endurnýjunar á skipaflota sínum. Um nákvæmlega sama er að ræða núna. Það er talið eðlilegt, að þessi nýja grein íslenzkra siglinga fái aðstöðu til þess að efla hag sinn og safna nokkrum sjóðum í skjóli þess ástands, sem skapazt hefur á heimsmarkaðnum í flutningamálum, sérstaklega þegar þess er gætt, að félagið hefur reynzt fúst til þess af frjálsum vilja að sigla til landsins fyrir gjöld, sem eru miklu lægri en við þyrftum að borga erlendum aðilum, ef við hefðum ekki átt skipið. Þetta er auðvitað mergurinn málsins.

Það er vægast sagt ósmekklegt að kalla þessar ráðstafanir fáheyrt svindl, eins og hv. þm. N-Ísf. gerði í ræðu sinni.

Sjálfstfl. hefur frjálsa samkeppni á stefnuskrá sinni og segir: Samkeppnin lifi, — a. m. k. þegar hann vill tala fallega og hátíðlega. En nú vildi ég spyrja og biðja þessa hv. þm. um að athuga vandlega, hvað spurningin raunverulega þýðir: Hvað mundu þeir sjálfir og þeir, sem standa hjarta þeirra næst, segja, ef samkeppnin væri látin lifa í olíumálunum varðandi flutning á olíu til landsins? Hvað mundu þeir segja og olíufélögin B. P. og Shell, ef eigendur Hamrafellsins segðu: Við skulum flytja olíu fyrir sjálfa okkur, sjáið þið um ykkar eigin olíu og olíuflutninga. Flytjið hana sjálfir?

Allir vita, hvað þetta mundi þýða. Þetta mundi þýða á skömmum tíma gjaldþrot B. P. og Shell, nema því aðeins að útlendingar, sem þar hafa mikinn áhuga á, að ekki fari neitt illa, hlypu undir baggann og hjálpuðu íslenzkum vinum sínum. Það væri augljóst mál, að hin tvö stóru olíufélögin, B. P. og Shell, geta alls ekki keppt við Sambandið eða Olíufélagið á frjálsum markaði um flutninga til landsins. Sú olía, sem þau flyttu hingað, yrði miklu dýrari en sú olía, sem kæmi með Hamrafellinu, ef hún yrði seld fyrir kostnaðarverð reiknað á þann hátt, sem Morgunblaðið heimtar að það sé reiknað.

Það, sem málsvarar Sjálfstfl. eru því í raun og veru að heimta með afstöðu sinni til þessara olíumála og með því að bæta við, að samkeppnin eigi að lifa, er það, að svo yrði saumað að B. P. og Shell, að þau ættu sér ekki viðreisnar von nema með dulinni hjálp erlendra vina sinna.

Ég tel mjög vel farið, að ekki hefur orðið sú niðurstaða á þessu máli, að þessi leið hafi verið farin. Ég tel það mjög gott, réttmætt og æskilegt, að samkeppnin hefur ekki verið látin lifa í þessu tilfelli, því að það hefði getað orðið þjóðinni í heild dýrt spaug. En svona er það. Það er stundum munur á því, sem menn segja, af því að menn telja það hljóma fallega, og hinu, sem menn raunverulega óska sér, ef menn skoða málið ofan í kjölinn.

Þá sagði hv. ræðumaður í sambandi við þetta mál, að það væri orðið næstum því spaugilegt ástand, að Sjálfstfl. sækti nú að milliliðunum, en stjórnarflokkarnir snerust til varnar. — Það væru sannarlega spaugilegir atburðir, ef þetta væri í raun og veru að gerast. Ef það væri þetta, sem væri að gerast, að Sjálfstfl. brygði brandi gegn milliliðunum í þjóðfélaginu, gegn okrurunum, en núverandi stjórnarflokkar skytu fyrir þá skildi, þá væru það óneitanlega kostulegir atburðir. Það er ekki heldur þetta, sem hefur verið að gerast. En af því að hv. þm. talaði jafnfagurlega og hann talaði, þannig að það mátti vel skilja mál hans þannig, að hann væri enginn sérstakur vinur milliliða og vildi gjarnan færa milliliðakostnaðinn niður, — hv. þm. talar venjulega mjög frjálslyndislega, þegar hann heldur ræður eins og þessar, — þá finnst mér nú rétt að benda honum á örfáar staðreyndir, sem veita honum mikinn kost á því og góðan kost á því að sýna í verki þennan hug sinn um andstöðu gegn óhóflegum milliliðakostnaði. Ég ætla að nefna honum örfáar tölur. Ég skal ekki þreyta hvorki hann né aðra hv. þm. með miklum tölum um þetta efni, ég ætla að benda honum á örfáar tölur um álagningu á fjórar vörutegundir og ætla að bera það undir hann og aðra hv. þdm., hvernig mönnum þykja tölurnar, hvort mönnum þykir líklegt, að milliliðirnir hafi þar borið skarðan hlut frá borði eða mikinn.

Þeir ávextir og þær niðursuðuvörur, sem fluttar voru til landsins 1955, kostuðu í innkaupsverði erlendis 5 millj. kr. Skv. þeim reglum, sem íslenzkir heildsalar beita nú, nemur álagning á þessa ávexti og niðursuðuvörur 52 millj. kr., helmingi hærri upphæð en innkaupsverðið erlendis, og söluverðið út úr búð hjá smákaupmanninum nemur 137 millj. kr. Álagning heildsala og smásala á ávexti og niðursuðuvörur er hér innanlands með öðrum orðum helmingi hærri en fob.-verðið erlendis.

Hliðstæðar tölur um bómullarefni, mjög algenga vefnaðarvöru, eru eftirfarandi: fob.-verð erlendis — af innflutningnum 1955 — nemur 22 millj. kr., álagningin innanlands 23, einni millj. kr. meira, og útsöluverðið er 66 millj. kr. Ég nefni ekki tölur um flutningsgjöld og tolla og það, sem hið opinbera tekur í gjöld af þessum vörum, til að flækja málið ekki of mikið.

Tvö dæmi enn: Innflutningur bifreiðavarahluta nam á fob.-verði 14 millj. kr., álagning 16 — enn er hún hærri — og útsöluverðið 50. Og síðasta dæmið: Innflutningur hreinlætistækja 2.6 millj., álagningin 2.7 — alltaf tekst þeim að hafa álagninguna örlítið hærri en sjálft inkaupsverðið erlendis — og útsöluverð 9.7.

Ég rek ekki fleiri dæmi, þó að hægt væri að nefna þau. Ég orðlengi ekki heldur um það, að þessar tölur bera þess greinilega vott, að álagningin er of há. Af þessu vil ég ekki láta menn draga þá ályktun, að hér þurfi endilega að vera um mikinn gróða að ræða. Þetta gæti alveg eins þýtt það, að allt skipulagið væri meira og minna ófullkomið. Ég er ekki þeirrar skoðunar, að gróði í sjálfu sér þurfi að vera mikið þjóðfélagsmein, ef hann á rót sína að rekja til dugnaðar og hagsýni þess, sem er að græða. En ef gróðinn á rót sína að rekja til þess, að aðilinn hefur einhvers konar einokunaraðstöðu, einhvers konar sérstöðu

eða stundar einhvers konar vafasama verzlunarhætti, þá er hann óheilbrigður. Álagningin getur verið há, þó að lítið græðist, ef skipulagið er óheilbrigt. Ég er hræddur um, að það sé meginástæða þess, hve álagningin hér er óeðlilega há.

Herra forseti. Ég biðst nú afsökunar á því, að ég hef dregið fundinn nokkuð fram yfir venjulegan þinghléstíma, og skal nú ljúka máli mínu með því að andmæla síðustu staðhæfingu hv. þm. N-Ísf., sem var um það, að ríkisstj. hafi brugðizt helztu fyrirheitum sínum. Hvert var helzta fyrirheit ríkisstj., þegar hún var mynduð? Hvert var helzta fyrirheit allra stjórnarflokkanna í kosningabaráttunni í sumar? Það var að brjóta blað í íslenzkri stjórnmálasögu síðari ára, að því leyti að efna til víðtæks samstarfs milli ríkisvaldsins annars vegar og samtaka launþega og framleiðenda hins vegar. Þetta var meginfyrirheit ríkisstjórnarinnar, og við þetta fyrirheit hefur hún staðið að fullu og öllu.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Mér þætti betra, ef einhver ráðherranna hefði tíma til að vera viðstaddur þessar umræður, af því að telja má, að hér sé um nokkurt stórmál að ræða, og ekki sízt hæstv. menntmrh., sem flutti hér síðustu ræðuna. (**Forseti:** Hæstv. forsrh. og félmrh. munu nú heyra mál hv. þm.) Af því að ég ætlaði nú einkum að svara hv. síðasta ræðumanni, þá vildi ég spyrja, hvort hann muni hér nærstaddur eða nokkur þá að flytja honum boð. (**Gripið fram í:** Hann er kominn.)

Herra forseti. Ég held, að ég verði nú að taka að mér það verkefni í tilefni af ræðu hæstv. menntmrh. að byrja á því að hera blak af hagfræðingunum, því að mér virtist á ræðu hans eins og hagfræðingar væru skoðanalausar lífverur, sem hefðu það hlutverk eitt að benda á, hvaða leiðir séu beztar eða hverjar leiðir beri að fara til úrlausnar málunum.

Ég held, að þetta sé reginmisskilningur hjá þeim ágæta hagfræðingi og hæstv. ráðh. Ég veit hins vegar, að hinir beztu og þekktustu hagfræðingar hafa yfirleitt ekkert verið myrkir í máli um sínar skoðanir. Þeir hafa ekki aðeins bent á, hvaða leiðir væru til og færar, heldur einnig, hverjar leiðir væri æskilegast og heppilegast að fara, og það er misskilningur hjá hæstv. ráðh., að maður hætti að vera hagfræðingur, ef hann leyfir sér að hafa skoðun, og verði þá stjórnmálamaður, eins og mér skildist á honum, því að hinir beztu hagfræðingar víðs vegar í heiminum hafa einmitt haft ákveðnar skoðanir um lausnir hagfræðilegra efna.

Annars er það einkenni þessa máls, hversu tregt er um að fá allar upplýsingar og skýringar, sem um er beðið, bæði í nefndum og hjá aðstandendum frv. yfirleitt.

Í gær voru sameiginlegir fundir fjhn. beggja deilda. Þá var spurt um skýringar og skilning á mörgum atriðum og greinum frv. vegna þess, hve margt er á huldu. Það var spurt um, hvað fælist í þessu ákvæði, hvað í þessu, en stjórnarliðum var mjög þungt um svör, og síðan ég kom á þing, hef ég aldrei tekið þátt í meðferð máls, þar sem flm. og aðstandendur hafa verið jafnófróðir og óvissir um skilning á einstökum ákvæðum máls eins og þessa. Það var m. a. spurt um, hversu þungar væru álögur á vissar vörutegundir samkv. þessu, af hvaða verði skyldi reikna þessar nýju álögur o. s. frv. Svör fengust lítil sem engin.

Hæstv. menntmrh. hefur stundum verið orðheppinn maður, og hann komst ákaflega vel að orði nú í ræðu sinni, þegar hann talaði um hinn „óttalega leyndardóm“, því að aldrei hef ég vitað frv., stórmál, flutt í þingi, sem hefur jafnmikið svipað til hins „óttalega leyndardóms“ eins og þessu. Og vegna þess að manni er illa við, að mál sé lögfest og það stórmál, sem þingheimur skilur ekki í verulegum atriðum, eftir því sem fram er komið í nefndum og á þingi, þá vildi ég aðeins á þessu stigi freista þess að fá örfáar upplýsingar um nokkur meginatriði.

Í fyrsta lagi vil ég spyrja hæstv. ríkisstj.: Hver áhrif mun samþykkt þessa frv. hafa á vísitöluna? Er það rétt, sem haft er eftir hæstv. menntmrh., að við samþykkt frv. muni vísitalan annaðhvort hækka ekkert eða í mesta lagi um 2 stig? Mér hefur verið tjáð af mönnum, sem kvaddir voru á hans fund til að leita álits þeirra á þessu máli, að hann hafi látið þessi orð falla.

Og ef svo er, þá verð ég að varpa fram þeirri spurningu: Hvernig má það vera, að við skulum segja 240 millj. kr. nýjar álögur; við skulum sleppa stóreignaskattinum svokallaða, sem hefur nú ekki verið útskýrt, í hverju á að vera fólginn eða hvernig verður á lagður; við skulum líka sleppa því, að þessar álögur verða vafalaust miklu hærri en 240 millj., eins og ríkisstj. gefur í skyn, — en þó að við höldum okkur við þessar 240 millj., hversu má það vera, að slíkar nýjar álögur á landslýðinn hafi engin eða sáralítil áhrif á vísitöluna? Ég spyr ekki að tilefnislausu, því að hæstv. menntmrh. komst svo að orði í ræðu sinni áðan, að með þessu frv., með þessum nýju álögum væri ekki lagður einn einasti eyrir til viðbótar á helztu rekstrarvörur útgerðar og landbúnaðar. Þetta er nú rangt, eins og þeir vita allir, sem hafa kynnt sér frv. rækilega. Enn fremur sagði hann: Það er ekki einn einasti eyrir samkv. þessu frv. lagður til viðbótar á brýnustu nauðsynjavörur almennings, — en síðan bætti hann við orðrétt, og það skýrir málið nokkuð: brýnustu nauðsynjavörur almennings, þ. e. helztu meginvörur, sem eru í vísitölunni. — Þar kom útskýringin.

Frv. þetta virðist af stjórnarinnar hendi samið fræðilega og vísindalega með það fyrir augum að falsa vísitöluna. Það hefur oft verið sakazt um það á undanförnum árum, að vísitalan sé röng, að hún hafi verið fölsuð, en allt, sem í þeim efnum hefur verið á undanförnum árum, er þó vafalaust barnaleikur einn á móti þeim ósköpum, sem hér eru að gerast.

Þess vegna spyr ég: Hefur hæstv. ríkisstj. gert sér grein fyrir því, hvort þessar nýju álögur hækka vísitöluna eða hækka hana ekki? Ef svo er, að hæstv. ríkisstj. hafi samið þetta frv. með það fyrir augum, að þessar þungbæru álögur á allan landslýðinn muni ekki hækka vísitöluna, þá er hæstv. ríkisstj. að bæta hér enn einum vænum pinkli ofan á svikabagga sinn, sem hún rogast með og er þó orðinn ærið þungur fyrir.

Í öðru lagi eru það byggingarmálin, sem eru ein stærstu viðfangsefni og erfiðustu viðfangsefni þessarar þjóðar í dag. Nú spyr ég: Mun þetta frv. hafa í för með sér hækkun gjalda á byggingarvörum eða ekki? Þetta stórmál er eitt af þeim, sem ómögulegt hefur verið að fá svarað. Það fengust engin svör við þessu í fjárhagsnefndum. Það hafa ekki fengizt skýr svör við þessu í umr. í Nd. Hins vegar hafa fullyrðingar stjórnarliða verið sitt á hvað. Einn háttsettur maður í stjórnarliðinu taldi, að yfirleitt mundi byggingarefni hækka um 16%, þ. e. a. s. sem næmi yfirfærslugjaldinu, en þó mundu einhverjar undantekningar vera frá því. Annar liðsmaður stj. lýsti því yfir á fundi bæjarstj. Reykjavíkur í nótt, að byggingarefni mundi ekki hækka um einn einasta eyri fyrir þessar álögur; þessar álögur næðu alls ekki til byggingarefnis. Hvað er sannleikurinn í þessu? Þær upplýsingar, sem ég hef fengið, eru svo mismunandi, að þær eru ýmist þannig, að þetta frv. hækki alls ekki gjöld á byggingarefnum, upp í það, að það hækki um 20%. Ef síðari talan er rétt, að byggingarefni hækki um 20%, þá þýðir það, að allur byggingarkostnaður í landinu hækkar upp undir 10%, því að nú í dag munu byggingarvörurnar vera tæpur helmingur af byggingarkostnaði íbúðarhúsa a. m. k. Ef reiknað er með, að venjuleg 3 herbergja íbúð kosti nú um 250 þús. kr. fullgerð, þá mundi 20% hækkun á gjöldunum þýða 25 þús. kr. hækkun á byggingarkostnaði hverrar íbúðar. Ef við reiknum með, að nú séu hér í Reykjavík og nágrenni einu saman um 2000 íbúðir í smíðum, þá er þetta nýr skattur á þá, sem eru að byggja, sem nemur 50 millj. kr.

Nú skulum við segja, að það rétta sé einhver millivegur milli 0 og 20%, t. d. 10%, þá er, miðað við þessar tölur, alltaf a. m. k. 25 millj. kr. nýr skattur.

Ég skal ekkert fullyrða um, hvað er það rétta, en mér finnst það furðulegt, að í jafnmiklu stórmáli eins og hér er um að ræða skuli ekki fást skýr og glögg svör frá hæstv. ríkisstj. um þetta atriði. Um leið og hér er vafalaust verið að leggja talsverðar nýjar álögur á byggingarefni, gefur ríkisstj. rausnarleg fyrirheit, hún ætlar að verja hvorki meira né minna en 15 millj. kr. til lánastarfsemi vegna bygginganna. Ég býst við, að þessar 15 millj. séu kannske svipuð upphæð, kannske hluti af því, sem hún ætlar að leggja á byggingarefnið með þessu nýja frv. Um þetta óska ég upplýsinga.

Í þriðja lagi er það varðandi verðlagseftirlitið, sem er í munni stjórnarliða eitt meginatriðið í þessu máli. Hæstv. menntmrh. ræddi hér ýtarlega um olíumálið svokallaða. Ég skal nú ekki koma inn á ummæli hæstv. menntmrh. um það, en þau ummæli hans báru sorglegan vott um sorglegan „móral" í verðlagsmálunum. Megininntakið í hans ræðu um það efni var þetta: Af því að Eimskipafélagið græddi á stríðsárunum og af því að Shell og B. P. eru auðhringar og af því að Hamrafell flytur undir heimsmarkaðsverði, þá má þessi milliliður, — ég segi ekki óþarfi milliliður, þvert á móti þarfur milliliður, en milliliður er það eftir skilningi og orðalagi stjórnarflokkanna, — þá á þessi milliliður, sem við fögnum allir að hingað hefur komið, þetta ágæta og stóra skip að geta hagnazt um nokkra tugi milljóna á kostnað almennings. Ég veit ekki og get ekkert fullyrt um, hversu þessi hagnaður er mikill, en hæstv. menntmrh. gaf nokkrar upplýsingar um það. Hann sagði: Það hefur verið samið við þetta skip um, að það flytji undir heimsmarkaðsverði, og sá mismunur, sem er á því farmgjaldi, sem hefur verið samið um við það, og heimsmarkaðsverði, nemur, ef ég hef tekið rétt eftir, 2½ millj. kr. í ferð. Ef nú samið hefði verið um farmgjöld, sem upplýst er og játað að var eðlilegt og sanngjarnt miðað við kostnaðarverð og annað, þá hefði eftir þessum tölum ráðherrans mátt spara 5—6 millj. í hverri ferð, eða réttara sagt: félagið hagnast um 5—6 millj. kr. í hverri ferð.

Ég ætla ekki að fara út í þetta atriði frekar. En ég vil endurtaka það, þar sem hæstv. ráðh. er hér nú mættur, að mér fundust ummæli hans um olíumálið, sem hann talaði hér langt mál um, bera sorglegan vott um sorglegan „móral" í verðlagsmálunum. En hann sagði: Nú ætla vissir hópar að ærast út af þeim samningum, sem ríkisstj. hefur gert við Hamrafell um olíuflutningana. — Ja, hverjir eru þessir hópar, sem ætla að ærast? Einn þessara hópa voru nokkrir stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. í bæjarstj. Reykjavíkur. Á fundi bæjarstj. í gærkvöld fluttu bæjarfulltrúi Þjóðvfl., bæjarfulltrúi Alþb., Alfreð Gíslason, hv. 1. landsk., Óskar Hallgrímsson, bæjarfulltrúi Alþfl., og Ingi R. Helgason, bæjarfulltrúi Sósfl. sameiginlega svo hljóðandi till.:

„Þar sem upplýst er, að fyrirhuguð farmgjöld hjá hinu nýja olíuskipi eru meira en helmingi hærri en nauðsyn krefur, og vitanlegt, að slíkt hefur í för með sér milljónaútgjöld fyrir Reykvíkinga, þá skorar bæjarstjórnin á félagsmálaráðherra að beita áhrifum sínum til þess sem æðsti yfirmaður verðlagsmála að hindra slíkt okur."

Þessi till. var samþ. með 14 atkv. bæjarfulltrúa gegn einu, þ. e. a. s. fulltrúa Framsfl. og Hamrafells. Hæstv. menntmrh. segir, að þessir hópar séu að ærast. Vill hann ekki athuga fulltrúa þá, sem stjórnarliðið á í bæjarstj. Reykjavíkur, í höfuðborginni, og ræða við þá nánar um það mál?

En vegna þess að verðlagsmálin eru einn stærsti liðurinn í þessu máli öllu eftir ummælum hæstv. ríkisstj. að dæma, þá vil ég spyrja: Eru þessir samningar um olíuflutningana og þá milljónatugi, sem leggjast á almenning vegna þessara samninga, fyrsta sýnishornið af því verðlagseftirliti, sem á að koma? Á verðlagseftirlitið að framkvæmast í þessum anda? Er það „olíuandinn", sem á að ráða í hinu væntanlega verðlagseftirliti?

Ég vil enn fremur spyrja, vegna þess að það er eitt annað höfuðatriði hæstv. ríkisstj. í þessu máli. Þeir segja: Það er reginmunur á þessu og því, sem áður hefur gerzt, að nú er samið við fulltrúa launþega, fulltrúa bænda, verkamanna, launþega. Það er mál, sem ég skal ekki ræða um hér, hvernig þeim samningum er háttað. Við vitum, að t. d. meðal fulltrúa bænda, sem til voru kvaddir, var mikill ágreiningur um þetta mál og engan veginn einhugur. Ég ætla einnig, að annað

fjölmennasta launþegasamband hér á landi, samband opinberra starfsmanna, hafi ekki lýst samþykki sínu á þessum ráðstöfunum þrátt fyrir tilraunir hæstv. ríkisstj. til að fá stjórn þess til þess. Látum það liggja milli hluta. En ég vil spyrja: Til hve langs tíma er samið við verkalýðssamtökin og aðra aðila um þetta? Er samið um eins árs starfsfrið? Er samið um tveggja ára frið? Er samið kannske út kjörtímabilið — eða til hve langs tíma? Eða skyldi hitt vera sönnu nær, að það sé alls ekki samið til neins ákveðins tíma, það sé ekki einu sinni samið í einn mánuð, ekki eina viku, ekki einn dag; það sé allt saman óráðið um það, hversu lengi þessir samningar geta staðið. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það, til hve langs tíma hefur verið samið við þessa aðila, sem ríkisstj. talar um.

Loks vil ég spyrja um eitt. Hæstv. menntmrh. ræddi hér lítils háttar um gengislækkunarleið og sagði, að sú leiðin hefði verið valin, sem víðtækast samstarf náðist um, og þá er mér spurn: Þýðir þessi yfirlýsing það, að ef kommúnistarnir í stj. Alþýðusambandsins hefðu leyft gengislækkun, þá hefði ríkisstj. viljað fara þá leið? Því hefur verið lýst yfir af einu málgagni ríkisstj. og það málgagni stærsta stjórnarflokksins, Þjóðviljanum, að Framsfl. og Alþfl. hafi viljað fara gengislækkunarleiðina, en Alþb. hafi stöðvað það, og þess vegna spyr ég enn: Ef kommúnistarnir í stj. Alþýðusambandsins hefðu leyft gengislækkun, hefði ríkisstj. þá farið þá leið? — vegna þess að ráðh. hafði út af fyrir sig ekkert á móti gengislækkun að segja, hann segir bara: Sú leið var valin, sem víðtækast samstarf náðist um.

Þessi eru þau atriði, sem mér finnst rétt að spyrja um á þessu stigi, og ég vil ítreka það, að mér finnst ekki sæmandi fyrir hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokka að afgreiða slíkt stórmál út úr þingi, meðan jafnveigamiklum atriðum og grundvallaratriðum eins og þeim, sem ég hef gert hér fsp. um, er ósvarað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 179, n. 183).

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Eins og kunnugt er, þá er ekki langt síðan þetta mál fór í n., og ég sem frsm. minni hl. hef verið að vinna allan tímann og er nú búinn að sleppa handritinu við skrifstofuna, sem ætlar að láta vélrita það í nokkrum eintökum og síðan fara til prentunar. Með tilliti til þess hraða, sem hafður hefur verið á þessu öllu saman, vildi ég mælast til þess við hæstv. forseta, að fundi yrði frestað, þangað til nál. minni hl. getur legið fyrir. (Gripið fram í.) Nei, ég vil ekki flytja ræðu, fyrr en álit minni hl. liggur fyrir. Þetta eru mín tilmæli til hæstv. forseta, og hann verður að ráða sínum ráðum. Ég get ekki annað en farið fram á þetta. Ég hef verið við undirbúning nál. síðan fundi var síðast frestað fyrir um 4 stundum.

Forseti (BSt): Út af tilmælum hv. þm. Vestm. skal ég verða við þeim að því leyti, að liggi hans nál. og minni hl. ekki fyrir vélritað og útbýtt, þegar að honum kemur að mæla fyrir því, þá skal ég fresta fundi. En ég sé ekki, að það skaði neitt hans málstað, þótt mælt sé nú þegar fyrir nál. meiri hl.

ATKVGR.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Það er ekki hægt að segja, að þessari hv. d. sé ætlaður mikill tími til meðferðar þessa máls, þar sem frv. verður að afgr. nú í dag, ef jólafrí þm. á að geta hafizt á þeim tíma, að nokkur möguleiki sé fyrir því, að þm., sem í fjarlægð búa, geti komizt heim til sín fyrir jólin. Þetta er að vísu ekki neitt nýtt, því að það hefur gengið svo ár eftir ár, að þau mál, sem snerta efnahagslífið og ráðstafanir til þess sérstaklega, að útgerðin geti haldið áfram, hafa verið hér á ferðinni rétt fyrir jólin og komið til þessarar hv. d. eftir að Nd. hefur afgr. það og þess vegna verið mjög takmarkaður tími fyrir Ed. að kynna sér málin nægilega og takmarkað ráðrúm til þess að breyta til, þó að vilji kynni að vera fyrir hendi um það í deildinni.

Það er ekki heldur hægt að segja, að fjhn. deildarinnar hafi haft langan tíma til athugunar málinu, síðan frv. var til hennar vísað, en bót í máli er það, að n. athugaði málið, áður en því var vísað til hennar. Það varð að samkomulagi, að fjhn. deildanna ynnu saman að athugun málsins, og fjhn. þessarar hv. d. var á tveim fundum með fjhn. Nd. Nefndirnar fóru í sameiningu yfir frv. á fyrri fundinum, sem var alllangur, og á síðari fundinum fengu nefndirnar svo ýmsar upplýsingar, bæði hjá einstökum ráðh., sem n. fengu til viðtals, og fleiri aðilum, sem höfðu haft afskipti af undirbúningi þessa máls.

Árangur þessa samstarfs nefndanna varð svo í höfuðatriðum þær breytingar, sem gerðar voru á frv. í hv. Nd. og liggja hér fyrir sem sérstakt þskj., því að tími hefur ekki unnizt til að prenta frv. upp í heild sinni.

N. hélt svo fundi í dag og ræddi málið og hafði m. a. á fundi hjá sér sjútvmrh., sem gaf n. ýmsar upplýsingar viðvíkjandi því.

Ég þarf ekki að rekja efni frv. þess, sem hér liggur fyrir, eða skýra það. Um það efni nægir að vísa í fyrsta lagi til grg. þeirrar, sem fylgdi frv. í upphafi, og í öðru lagi til þeirra skýringa, sem hæstv. ráðh., bæði hæstv. forsrh. og aðrir ráðh., hafa gefið í þinginu, ekki einasta hér í hv. d. í dag, þegar frv. var til 1. umr., heldur og í Nd., því að ég varð þess var, að mjög margir af þm. þessarar hv. d. voru við umr. í hv. Nd. Ég var það sjálfur við 1. umr. alllengi og sá, að meðdeildarmenn mínir voru þar einnig margir.

Ég hygg því, að allir hv. þm. d. séu orðnir frv. allvel kunnugir. Það skal að vísu játað, að það er meira verk en hægt hefur verið að inna af höndum á svo stuttum tíma að bera frv. rækilega saman við tollskrána, og má segja, að einhverjum kunni að vera þau atriði frv. óljós. En að því

er varðar stuðning við atvinnuvegina og ráðstafanir þeirra vegna, þá held ég, að öllum séu ljós ákvæði frv. þar um.

Nú er 21. desember, og að eðlilegum hætti þarf því þessi dagur að verða síðasti starfsdagurinn í d. nú fyrir jólin, eins og ég vék að áðan.

Þegar fjhn. á fundi sínum í dag varð að ákveða, hvað hún legði til í málinu, virtist vera um þrjár leiðir að velja:

Í fyrsta lagi að leggja út í gagngerða endurskoðun á frv. Til þess að inna slíkt af hendi hefði ekki einasta þurft marga klukkutíma eða allan þennan dag, heldur fleiri daga, ef sú endurskoðun hefði átt að vera ýtarleg. Með því var alveg loku fyrir það skotið, að meðferð málsins gæti verið lokið í þinginu fyrir jól. En af því að draga afgreiðslu málsins fram yfir áramót, sem þá hlaut að verða, hefði að sjálfsögðu leitt, að það hefði eitthvað dregizt eftir áramótin, að útgerðin hæfist handa.

Annar kosturinn var sá að leggja til að fella frv. Ef n. hefði lagt það til og d. fallizt á þá till., er enginn vafi á því, að af því hefði leitt stöðvun útgerðarinnar, sjálfsagt um langan tíma, því að ég tel engar líkur til, að það samkomulag, sem fengizt hefur um þetta mál, eins og það liggur fyrir, mundi fást um aðrar leiðir, t. d. eins og *gengislækkun, á skömmum tíma*. Ef þetta frv. væri fellt og hugsað til að fara aðrar leiðir, þá veit ég ekki um aðra leið, sem ég get hugsað mér að geti verið fær og framkvæmanleg, heldur en gengislækkun. Það hefur að vísu verið nefnd þriðja leiðin, verðhjöðnunarleiðin. Ég hygg, að slíkt sé aðeins nefnt, án þess að nokkur meini það í alvöru, að slík leið sé framkvæmanleg eins og nú er komið.

Þriðji vegurinn, sem fyrir hendi var, var að samþ. frv., a. m. k. að mestu óbreytt og helzt alveg óbreytt, sökum þess að mér virðist, að hv. Nd. muni vera hætt störfum nú fyrir jólin og það mundi þýða stöðvun málsins í bili að breyta frv. Að vísu mun hæstv. forseti Nd. hafa kvatt deildina með þeim fyrirvara, að það gæti skeð, að hún yrði kölluð saman aftur, en samt sem áður veit ég til þess, að það eru margir Nd.-þingmenn farnir úr bænum og á förum, a. m. k. hafa þeir allmargir kvatt mig og sagzt vera á förum úr bænum.

Því miður gat fjhn. ekki orðið alls kostar sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n., hv. 8. landsk., hv. þm. Ak. og ég, leggur til, að frv. sé samþ. óbreytt, en minni hl. n. lagði ekki á móti frv. á þeim fundi, sem við héldum, en kvaðst mundu skila séráliti. Þó geri ég ráð fyrir, að hv. minni hl. ætli að bera fram einhverjar brtt. hér. Hefði meiri tími verið til stefnu, þá finnst mér, að það kynni vel að vera, að einnig við í meiri hl. hefðum viljað vera með í því að gera einhverjar breyt. á frv.

Í sambandi við þetta skal ég geta þess, að n. barst bréf frá stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, þar sem hún fór fram á, að gerðar yrðu breyt. á frv. Bréfið er dagsett í dag. Þetta bréf var tekið til athugunar og borið undir hæstv. sjútvmrh., og við athugun kom í ljós, að um þau atriði, sem stjórn hraðfrystihúsanna kvartaði um, hefur ríkisstj. fulla heimild skv. frv. til þess að verða við óskum þeirra, án þess að frv. sé breytt, nema aðeins um eitt atriði. Annars eru það sjö liðir, sem þeir óska eftir breytingum á, en hvað sex af þessum liðum snertir mun vera alveg óþarft, jafnvel þótt menn vildu verða við óskum þeirra, að breyta frv. þeirra hluta vegna. Það er aðeins einn liður, sem mundi þurfa að breyta, þótt menn vildu algerlega verða við óskum stjórnar hraðfrystihúsanna.

Hér hefur verið ýmislegt rætt á víð og dreif um efnahagsmálin, sem vænta má í sambandi við þetta mál. Það er talað um tollahækkanir í sambandi við þetta og álögur á þjóðina. Rétt er það, að hér er gert ráð fyrir auknum gjöldum. En þetta er það, sem skeð hefur held ég á hverju einasta ári, þegar þessi mál hafa verið til meðferðar í þinginu, og það var svo sem auðséð, þegar gengið var inn á þá braut fyrir 10 árum að taka ábyrgð á fiskverði, að slíkt mundi halda áfram. Kröfurnar hafa vaxið, og undan þessu hefur ekki verið hægt að komast nema þá með aðgerðum, sem menn hafa ekki viljað fallast á. Stundum hafa verið reyndar aðgerðir, sem ekki beinlínis kölluðu á aukin framlög frá ríkisins hálfu, heldur tekjutilflutning í þjóðfélaginu á annan hátt. Sérstaklega var það einu sinni, eftir að gengið var inn á ábyrgð á fiskverði, sem þetta var gert. Það var með *gengislækkunarlögunum* frá 1950. En það sýndi sig, að gengislækkunarlögin komu ekki að gagni nema fyrst í stað, vegna þess að tilgangur þeirra og takmark var brotið niður af aðilum, sem voru það sterkir í þjóðfélaginu, að þeir gátu gert það.

Hér hefur verið rætt um þessa leið og gengislækkun einnig, þótt enginn hafi beinlínis haldið gengislækkun fram hér í þessum umr. En sú skoðun hefur verið látin í ljós, að þetta væri gengislækkun, dulbúin gengislækkun. Hvað sem segja má um það fræðilega, þá er þó eitt víst, að það er einn reginmunur á almennri gengislækkun og þeim úrræðum, sem hér er lagt til að gera, að gengislækkunin kemur jafnt niður á allar aðfluttar vörur, hvort sem þær eru þarfar eða óþarfar, hvort sem það eru almennar neyzluvörur eða miður þarfar vörur, en í þessu frv. og samkvæmt þessari leið, sem hér er lagt til að fara, eru mestu nauðsynjavörurnar ýmist undanþegnar hinum nýju gjöldum eða að á þær eru lagðar mjög litlar greiðslur, og auðvitað er það vegna þess arna, þessa munar á beinni gengislækkun og þessum úrræðum, að launþegar og jafnvel flestir þjóðfélagsþegnar, sem verr eru settir, kjósa frekar þessa leið en gengislækkunina.

Því hefur verið haldið fram, að í þessu frv. væri engin nýjung á ferðinni og hæstv. ríkisstj. hefði svikið loforð sín um að koma með ný úrræði og varanleg. Eins og bent hefur verið á af öðrum, er hér alger nýjung á ferðinni að því leyti, að það er samið við aðalatvinnustéttir landsins, bæði framleiðendur og launþega, um málið, og það er með samkomulagi stéttanna, sem þessar ráðstafanir verða gerðar. Þetta er nýjung, því að þetta hefur aldrei verið gert áður. Það var bent á það hér um daginn undir umræðum um allt annað mál, að það hefði verið samið við Alþýðusambandið jafnvel þegar gengislækkunin var gerð. Ég man vel eftir þessu og veit, hvað við er

átt, því að ég var í þeirri aðstöðu þá eins og nú að fjalla sérstaklega um það mál, því að ég var þá eins og nú í fjhn. þessarar hv. deildar, og ég vil upplýsa, að það var ekki samið við Alþýðusamband Íslands eða yfirleitt við neinar atvinnustéttir, nema hafi það verið útgerðarmenn. Um gengislækkunina, þegar frv. var lagt fram, hafði ekkert verið samið við neinn. Hitt er rétt, að þegar frv. var komið fram og farið að fjalla um það í Alþ., þá komu mótmæli og þá komu bréf og sendinefndir til þess að mótmæla ýmsum atriðum og farið fram á breytingar, og það eina, sem samið var þá, var um nokkrar tilslakanir á frv. frá því, sem það hafði verið lagt fram, tilslakanir, sem ef til vill hefði ekki átt að gera, ég skal ekki segja um það. Ég verð því að halda því fram eindregið, að að þessu leyti er hér um algera nýjung að ræða.

Það hefur verið bent á það, að þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum, hafi ekki komið að gagni nema aðeins stutta stund, og er það rétt, því að alltaf hefur þurft að bæta við um hver áramót. Að fullyrða beinlínis um það, hvort svo verði enn, er vitanlega óvarlegt, því að enginn veit, hvað framtíðin ber í skauti sér. Það geta komið meira að segja fyrir atvik í heimsmálunum, sem gerbreyta öllu viðhorfi hér á Íslandi. En hinu verð ég þó að halda fram, að það séu meiri líkur til þess, að þetta, sem nú stendur til að gera, verði varanleg úrræði, einmitt vegna þess, að úrræðin byggjast á svo víðtæku samkomulagi sem raun ber vitni um.

Það er ekki annað en mannlegt eðli að una betur því, sem menn hafa sjálfir samþykkt, heldur en valdboði. Með því er ég ekki að segja, að valdboð geti ekki verið nauðsynlegt, ef svo stendur á. En ef það tekst að semja við þá, sem við einhver ákvæði og einhverjar ráðstafanir eiga að búa, þá er það a. m. k. töluverð trygging fyrir því, að slíkar ráðstafanir geti orðið varanlegar.

Ég ætla ekki að blanda mér í þær umr., sem orðið hafa hér áður í sambandi við þetta mál og sumpart um atriði, sem ekki koma málinu beinlínis við. En ég get þó ekki annað en aðeins minnzt á eitt atriði, sem hv. þm. N-Ísf. (SB) innleiddi hér í umr., og það er um olíuverðið og olíuskipið íslenzka, sem nú er komið. Hæstv. menntmrh. benti á það, sem ég þarf ekki að endurtaka, að þetta skip flytur olíu fyrir miklu lægra verð en yfirleitt er hægt að fá hjá útlendum olíuskipum. Þess vegna er það óumdeilanlegt, að þetta skip lækkar olíuverðið frá því, sem annars hefði verið. En hinu er haldið fram, að útgerðarfélag þess skips græði óeðlilega á olíuflutningunum. Út af þessu verð ég að segja það, að það er nú ekki útséð um það, hver gróðinn verður. Hvernig stendur á því, að olían hefur hækkað? Hráefnið á vinnslustað hefur ekki hækkað, svo að ég viti. Það eru flutningarnir, sem um allan heim hafa hækkað, og sökin er öllum kunn, þ. e. lokun Súezskurðarins og í öðru lagi ófriðarhætta, sem talið er að hafi verið mikil undanfarið og sé enn, og skip hafa hreint og beint ekki fengizt til þess að sækja olíu inn í Svartahafið af ótta við það, að ef stríð skylli á, þá yrðu þau þar föst. Það kann að vera, að flutningsgjaldið hjá íslenzka olíuskipinu sé hærra en það hefði verið, ef þessar ástæður hefðu ekki verið fyrir hendi. En er það ekki töluvert venjulegt, að ef menn leggja í einhverja sérstaka áhættu, þá vilja þeir hafa fyrir það einhverja þóknun, og ef svo hörmulega færi nú, að ófriður breiddist út og Hamrafell festist í Svartahafinu um lengri tíma eða kæmi kannske aldrei þaðan, ætli gróðinn hyrfi þá ekki, sem talið er að það hafi af hverri ferð? Ég er hræddur um, að það yrði og meira til, og án þess að vilja gera nokkrum getsakir, þá verð ég að segja það, að mig grunar, að ef t. d. Eimskip hefði átt þetta olíuskip, sem nú er talað um að reki okurstarfsemi, þá hefðu ekki sömu aðilar a. m. k. talað um okur í Eimskipafélaginu, þó að það hefði tekið sömu flutningsgjöld fyrir olíu og þetta nýja skip gerir. Og það er meira en mig gruni þetta, ég er alveg sannfærður um þetta, og ég hugsa, að hvað sem menn kunna að segja hér, þá séu allir þeir, sem orð mín heyra, sannfærðir um það, að þeir aðilar, sem hafa verið með ádeilur á Olíufélagið og Sambandið, hefðu ekki verið með ádeilur á Eimskip, ef það hefði átt skipið, eða þá einhverjir aðrir, sem þeim eru þóknanlegri en Samband ísl. samvinnufélaga og Olíufélagið.

Ég geri svo ekki ráð fyrir, að ég ræði þetta mál öllu frekar, nema alveg sérstakt tilefni gefist til. Hér eru hæstv. ráðh. staddir einir þrír, kannske fleiri, og ég geri ráð fyrir, þó að frv. verði eitthvað gagnrýnt, þá verði þeir fyrir svörum.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt nál. um frv. til laga um útflutningssjóð o. fl. frá minni hl. fjhn. Álitið er skriflegt, og mun ég því lesa það: [Sjá þskj. 184].

Þetta nál. frá minni hl. fjhn. er skriflegt, og þarf því að leita afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. nál. (sjá þskj. 184) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég tók eftir því í ræðu hv. 1. þm. Eyf., að hann rakti nokkuð ástæður fyrir því, hversu erfitt hafi verið að fá athugun á þessu stóra máli framkvæmda á þann hátt, sem sæma mundi virðingu Alþ. Get ég tekið undir flest, ef ekki allt af því, sem hann sagði um málið eða réttara sagt meðferð þess og möguleikana á meðferð þess, og fyrir hönd minni hl. get ég sagt það, að við höfum ekki við hv. formann fjhn. neitt að sakast í þessu máli, þó að okkur af eðlilegum ástæðum, eins og raunar þinginu í heild, hafi ekki unnizt tími til að gera á þessu máli þær athuganir, sem þm. væri í rauninni skylt að gera, ef tök væru á. Ljósasti vottur þess er það, að núna í dag verður að halda fjárhagsnefndarfund svo seint, að þeir, sem þurftu að gera grein fyrir afstöðu sinni í n., höfðu ekki til þess svo rúman tíma, að skjöl gætu hér legið fyrir prentuð, eins og vera ætti, þegar fundur hófst.

Það hafa, eins og hv. form. fjhn. tók fram, farið fram um þetta allmiklar umr. í báðum deildum þingsins, þó ekki raunar mikið í þessari hv. deild, því að hér hafa talað af hálfu stjórnarandstöðunnar 2 menn, að ég hygg, en 3 ráðh. Og

margt af því, sem mætti segja um þetta mál, er sagt þegar og þó kannske fleira ósagt.

Síðan sá háttur komst á, að Alþ. hefur tekið að sér að skipta sér af framleiðslunni á þann hátt, sem hér liggur fyrir og fyrir fleiri þingum hefur legið áður, hafa þessi mál eiginlega sífellt orðið stærri í vöfunum og því miður erfiðari viðfangs, eftir því sem fram í hefur sótt. Það eru ekkert mörg ár síðan, það var í tíð fyrstu stjórnar Alþfl., sem kölluð var, í ráðuneyti Stefáns Jóh. Stefánssonar, að fyrst varð að ganga út á þá braut að veita sjávarútveginum sérstakan stuðning eða uppbót á afurðir sínar með löggjöf frá Alþ. Þó var það ekki sú stjórn, sem átti upptökin að því að stíga þetta spor, heldur varð hún á þeim tíma að leysa af hólmi fyrirheit, sem Alþ. var búið að gefa, áður en sú stjórn varð til, en það féll í hennar skaut að uppfylla gefið loforð, standa við fyrirheit fyrirrennara sinna í ríkisstjórninni.

Við þetta var reynt að standa, og þá var sá háttur á hafður, að stuðningurinn var veittur með beinni peningagreiðslu á hvert kg af fiski, fyrir fram ákveðinni, áður en veiðar hófust, og aflað til þess tekna með sérstökum álögum. En þetta var í þá tíð tengt við sjálfa fjárlagaafgreiðsluna, og fyrir því varð fjárlagaafgreiðslan fyrir skakkaföllum að því er það snerti, að fjárlögum var ekki hægt að skila eins fljótt og ella hefði orðið, vegna þess að í hvert sinn þurfti samkomulags að leita innan ríkisstj. og við Alþ. um það, hversu þessi greiðsla væri há og á hvern hátt henni yrði að mæta.

Þegar fram í sótti, ég held 1949, þótti mörgum, að þessi háttur væri gersamlega óhæfur, og einkum veittist Framsfl. mjög, þó að hann ætti menn í ríkisstj. á *því tímabili*, að *þeim hætti*, sem þarna var upp tekinn.

Svo kom að því, að þessi stjórn, sem ég nefndi, fór frá og önnur stjórn tók við, og þá voru raddir uppi um það, sérstaklega frá Framsfl. og raunar öðrum, að með framhaldandi þeirri aðferð, sem ráðuneyti Stefáns Jóh. Stefánssonar hafði haft, þeirri að afgreiða stuðninginn til sjávarútvegsins í sambandi við sjálf fjárlögin, væri stefnt í strand með fjárhag ríkisins. Það yrðu óbærilegar byrðar í framtíðinni, sögðu þessir menn, og framsóknarmenn voru alls ekki einir um það.

Það, sem svo skeði næst því, var það, að farið var út á aðra braut, þá að breyta gengi peninganna þannig, að vegna gengisbreytingarinnar gætu framleiðendur bæði til sjávar og aðrir framleiðendur flutt út og fengið hærri krónutölu fyrir sinn afla, og ég held, að ég fari rétt með það, að Framsfl. hafi verið mjög andvígur þeirri ráðstöfun á tímabili, á meðan ráðuneyti Ólafs Thors stóð fyrir svörum í því efni, en það leið ekki langur tími þangað til sá hv. stjórnmálaflokkur sameinaðist við sjálfstæðismenn í því að koma þessari gengisfellingu í gegn, sem hann var áður búinn að telja dauðasynd annars stjórnmálaflokks.

Við sjálfstæðismenn fylgdum þessu þjóðráði þeirra hv. stjórnmálaforingja, sem fyrir gengisfellingunni stóðu, foringja Sjálfstfl. og Framsfl., og þeir, sem höfðu reynt að fara aðrar leiðir í tíð Stefáns Jóhanns-stjórnarinnar, fengu í blöðum og ræðum að heyra það, að þeirra aðferð mundi hafa leitt til glötunar í þeim efnum.

Nú var nýr háttur upp tekinn. Það leið ekki mjög langur tími, þar til gengisfellingin sýndi sig að vera ófær um það einsömul að standa undir því hlutverki að halda sjávarútveginum gangandi, og þá varð enn að grípa til nýrra ráða, sem fram komu á sínum tíma, ég held undir forsæti Steingríms Steinþórssonar, með bátagjaldeyriskerfinu. Það hefur verið núna um hríð og allt til þessa dags raunar, að þessum vandkvæðum á framleiðslu helztu útflutningsvöru landsmanna hefur verið reynt að afstýra bæði með því breytta gengi, sem lögleitt hafði verið, og jafnframt með bátagjaldeyrisstyrkjunum.

Áður en allt þetta skeði, voru margar raddir sjávarútvegsmannafulltrúa hér á Alþingi komnar fram, en lítt heyrðar af þáverandi valdhöfum, þar sem við sýndum fram á það ár eftir ár, að gjaldeyrir sjávarútvegsins væri vanmetinn, rangt skráður, og að þessi gjaldeyrir, sem fátækir sjávarútvegsmenn í þá daga, er óhætt að segja, öfluðu með súrum sveita og oft stórkostlegri skuldasöfnun í bönkunum, var af þeim tekinn og látinn í hendur þeirra manna í landi hér, sem aldrei hafa nálægt sjávarútvegi komið, sérstaklega meðan haftakerfið var ríkjandi og haldið uppi af Framsfl. og Alþfl. Þessum mönnum var gerður greiður aðgangur að því að raka saman fé á því andvirði, sem fátækir útvegsmenn höfðu fengið fyrir sinn fisk, og sá aðili, sem fékk í gegnum haftakerfið og leyfisveitingar, hlutdrægar og vitlausar, eins og þær voru oft og tíðum, að ráðskast með þennan gjaldeyri, fleytti rjómann ofan af, en þeir, sem höfðu aflað þessa dýrmæta gjaldeyris, höfðu í flestum tilfellum, ef *ekki öllum, sum árin skaðann einan að bera frá borði*.

Það má sjálfsagt um það deila, hversu rétt það hafi verið í upphafi vega sinna að ljá því eyra fyrir Alþingi og ríkisstjórn að fara inn á þessa braut, ábyrgð á atvinnuframdrætti sjávarútvegsins. Margt hefur getað mælt með því í upphafi og margt á móti. En ég held, að frumorsökina hafi verið að finna í ýmsum þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru af ríkisstjórn í síðasta ófriði og fyrst leiddu Alþingi og ríkisstj. út á þá braut að hafa þessi afskipti af framleiðslunni til sjávarins, sem síðan hafa vaxið. En hvað sem um það má segja, hvort rétt eða rangt hafi verið í upphafi að *ganga þessa braut*, þá er það *víst*, að hvorki þær ríkisstjórnir, er setið hafa nú síðustu árin, né heldur núverandi ríkisstjórn eiga þess kost í einu vetfangi að breyta til í þessum efnum og hverfa frá því fyrirkomulagi, sem á hefur verið haft í þessum málum.

Það var hæst um þörfina á nýjum leiðum talað við myndun núverandi ríkisstj., og eftir ýmsar þær heitstrengingar, sem hlusta mátti á á s. l. sumri og raunar lengur af hálfu þeirra manna, sem nú fara með stjórnarvöldin í landi hér, var svo eðlilegt, að búast mætti við, að nú yrðu feta*ðar nýjar leiðir* og nú yrði horfið af þeirri eyðimerkurgöngu, sem núverandi hæstv. forsrh. taldi þjóðina vera á fyrir og eftir síðustu kosningar, ekki sízt fyrir það, að í veðri hefur verið látið vaka og það hefur raunar líka sýnt sig í verki,

að núverandi ríkisstj. hefði valið sér þá vígstöðu í þessu máli að hafa breiðari og sterkari grundvöll undir sinni starfsemi með samtökum og bakábyrgðum Alþýðusambands Íslands og stéttarfélaga landsins yfirleitt, hefur mér skilizt. Þess vegna leit það ekkert ótrúlega út, að nú yrðu stokkuð upp spilin fyrir alvöru og reynd hollari úrræði en hinir höfðu haft á takteinum, er fyrr höfðu stjórnað þessum málum. Þegar svo það fréttist, að útlendir sérfræðingar hefðu verið kvaddir til skrafs og ráðuneytis við hæstv. ríkisstj. og innlendir sérfræðingar að auki og allt væri þannig í garðinn búið, að undirstaða hinna fróðustu manna, útlendra og innlendra, væri fengin undir hin nýju viðreisnaráform í efnahagsmálum þjóðarinnar, sem þessi hæstv. ríkisstj. ætlaði að beita sér fyrir, þá virtist leikmönnum í landi hér líkurnar fyrir árangri og fyrir því, að fundnar yrðu hagkvæmari leiðir til þess að glíma við þá erfiðleika, sem verðbólgan hefur valdið í atvinnumálunum, vaxa mjög. Þingið hefur nú setið yfir tvo mánuði, að ég held, og það er fyrst núna fyrir örfáum dögum, að fyrsti og kannske stærsti árangurinn af öllum þessum íhugunum og útlendu og innlendu sérfræðingastörfum liggur nú fyrir, og það er í því frv., sem nú liggur fyrir þessari hv. d. Eftir hinar miklu fyrirætlanir, sem sagt var að lægju í loftinu eftir pislargöngu hæstv. forsrh. í eyðimörkinni, sem hann lýsti að hann og þjóðin væru að feta, virðist það nú koma í ljós með þessu frv., sem hér liggur fyrir, að þau úrræði, sem hæstv. stjórn hefur á takteinum til þess að buga erfiðleikana, séu í eðli sínu ekkert annað en endurtekning á því, sem aðrar ríkisstjórnir hafa gert, en þó í miklu stærra mæli, með miklu meiri fórnum af hálfu gjaldendanna í landinu, en að vísu með góðum stuðningi handa þeim atvinnuvegi, sem þær eiga að koma að gagni, það skal játað, ef hægt er að ráða svo fram úr hinu torskilda frv., sem hér liggur fyrir, að sá stuðningur verði að veruleika.

Hæstv. ríkisstj. hefur, eins og sagt var í hv. Nd., með þessu sínu frv. ekki farið inn á neinar nýjar brautir, heldur fetað þær gömlu, troðið sömu göturnar sem margir af hennar stuðningsmönnum og sumir a. m. k. af hæstv. ráðh., sem nú eru, höfðu talað um með lítilsvirðingu fyrr á tímum og fordæmt í einu og öllu. Þetta sýnir það m. a., að upphrópanir í kosningum og fyrirheit út í bláinn verða haldlítil, þegar að því er komið fyrir þá, sem eiga að bera þunga ábyrgðarinnar, að standa við orð sín. Svo virðist mér einkum og sér í lagi hafi farið fyrir hv. Framsfl. í þessu máli. Þegar svo þetta mál er lagt fyrir Alþingi, sem hefur setið tiltölulega aðgerðalítið í tvo mánuði, þá er það gert með svo stuttum fyrirvara og svo mikið hert á að fá málið í gegnum þingið, að það er ekki hægt að ætlast til þess, að málið geti af alþm. fengið þá gaumgæfilegu athugun, sem — eins og ég sagði áður — skylt væri og þinginu sæmandi. Það m. a. er orsök þess, eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, að brtt. þótt sanngjarnar væru, geta hvorki orðið ræddar, tæpast stílaðar og því síður samþykktar vegna tímaleysis.

Ég hef heyrt því haldið fram sem áheyrandi í hv. Nd., og það þyrfti raunar ekki að binda sig við hana eina, því var held ég haldið fram af hæstv. menntmrh. hér í dag í þessari hv. d., að hér væri einhver stórnýjung á ferðinni hvað þetta frv. snerti, og aðrir hæstv. ráðh. hafa notað um það eitthvað í þá átt, að það væri meginkjarninn og þungamiðja málsins, og nýjungin er að þeirra dómi þau samtök eða samvinna við stéttasamtökin, sem haft er á orði að liggi á bak við þetta frv. Það er að vísu vel, ef þessi samtök við stéttarfélögin í landinu geta leitt til þess, að betur takist að ráða fram úr þessum málum en áður hefur til tekizt. En þó er þess að gæta, að þó að stéttarfélögin séu máttugt vopn í þessu landi, þó að stéttasamtökin séu sterkt afl og eigi fullan rétt á sér, þá er það þó þjóðin í heild sinni og hinn einstaki borgari, sem á líka sinn rétt í þessu. Og þeir, sem hælast mest í dag um það, að þeir hafi stéttasamtökin á sínu bandi, mega ekki í ofurgleði sinni gleyma því, að það er líka til þjóð í þessu landi. Það er fólkið allt, sem verður að búa við þessi lög. Og ánægja stéttasamtakanna yfir þessum lögum eða hvaða lögum sem er, á meðan sett eru, er ekki nægilegur slagbrandur til að girða fyrir óánægjuöldu þjóðarinnar yfir löggjöf, sem hefur í sér nægilegar bakteríur til að vekja í landinu ókyrrð, truflun og allt annað, sem fylgir of mikilli ríkisíhlutun um atvinnumál, framleiðslumál, verzlunarmál og önnur mál, iðnaðarins t. d., líkt og orðið var sérstaklega á valdatímum Framsóknar- og Alþýðuflokks áður fyrr í þessu landi.

Og hvað er svo djúptækur sá stuðningur, sem hæstv. ríkisstj. hefur fengið hjá stéttarfélögunum? Það er búið að lýsa því hér í mörgum ræðum áður, að Stéttarsamband bænda var klofið um sinn stuðning við þetta mál hæstv. ríkisstj., að Alþýðusambandið hefur samþykkt eitthvað um að gefa stjórninni vinnufrið, á meðan það sæist, hver áhrif af þessu yrðu, svo að það er ekki alveg óskoraður stuðningur, sem hæstv. ríkisstj. hefur hjá þessum stéttarfélögum og hún státar þó mest af og telur vera meginkjarna málsins. Ég er sannfærður um, að hún mælir þar af fullu hjarta, af einlægu hjarta, með því líka að hún hefur sýnt það í verkinu, að þetta mál, þetta stórmál, sem fyrir liggur í frv., sem hér er til umr., er búið að liggja hjá Alþýðusambandi Íslands í 10 daga til athugunar og hver veit hvað lengi hjá öðrum hópum og nefndum utan Alþingis, en það er ekki sýnt alþm. fyrr en svo seint, að það er eins og hv. frsm. meiri hl. fjhn. tók fram, að tími vinnst ekki til að athuga málið gaumgæfilega né til þess að sinna sanngjörnum brtt., þó að vilji væri fyrir hendi. Það á kannske ekki við um þessa ríkisstj. eina, þó að það hafi komið fram í einna sterkustum mæli við meðferð þessa máls hjá núverandi hæstv. ríkisstj., að tilhneiging virðist vera orðin mikil hjá þeim, sem stjórna í þessu landi, til þess að sniðganga í lengstu lög löggjafarsamkomu þjóðarinnar, en leita út fyrir hana til annarra áhrifahópa til þess að undirbúa stórmál, sem síðan er heimtað að lögfest séu „í hvelli“, ef ég mætti svo að orði komast.

Nei, það er fjarri því, að hér sé neinn „voltakross“ á ferðinni. Það er nú kannske hugtak, sem ýmsir eru farnir að gleyma, en ég man eftir því,

að þegar ég var unglingur, þá var mikið auglýstur „voltakrossinn“ í blöðunum. Hann var að sögn þeirra, er selja vildu og selja gerðu í stórum stíl, allsherjarlækningatæki eða meðal við öllum sjúkdómum. Ef menn báru hann á brjóstinu, þá var heilsan alveg örugg og í lagi. Mér datt „voltakrossinn“ í hug, þegar hæstv. félmrh. var að tala hér um það, hversu hér væri algerlega ný regla á ferðinni og það væri nú eitthvað ólíkt því, sem verið hefði, vinnubrögðin hjá þessari hæstv. ríkisstj., því að hún væri varin öðrum megin af Alþýðusambandinu og hinum megin af stéttarfélögum bænda og launþegasamtökum utan Alþingis, svo að ekki þyrfti neitt að óttast.

Ég er því miður hræddur við, að það nýja í þessu máli muni reynast eitthvað svipað útlits, þegar dagsbirta veruleikans fellur á það og við komum fram á næsta ár, þeir sem þá lifa, eins og var á nýju fötunum keisarans í gamla daga. Nýju fötin keisarans voru mjög lofuð og rómuð af öllum, sem frá þeim kunnu að segja. Þau voru sá skrúði, sem allur almenningur átti að dást að, og fólkið lifði í mikilli eftirvæntingu eftir því að sjá þessi nýju föt keisarans. Þegar svo keisarinn kom í sínum nýju fötum fram á torgið, þá var búið að berja það svo inn í höfuðið á öllum almenningi, að hann væri í nýjum og skrautlegum fötum, að það var ekki fyrr en lítið barn í hópnum sagði og benti: Nú, hann er nakinn, maðurinn, hann er ber, — þá fyrst fékk fólkið augun opin fyrir því, að nýju fötin keisarans voru ekki annað en skvaldur. Og mér segir svo hugur um, því miður, að nýju fötin, sem hæstv. menntmrh. var hér að lýsa í sambandi við þetta frv., nýja reglan, nýju völdin og nýja tryggingin verði svona, þegar fram í sækir, enn ein bráðabirgðaráðstöfunin, sem menn hafa orðið að sætta sig við núna í mörg undanfarin ár til að leysa eða gera tilraun til að leysa þessi erfiðleikamál atvinnulífsins.

Við tökum það fram í minnihlutanál., eins og sjálfsagt er, að sá stuðningur, sem í þessu frv. er ætlaður útvegsmönnum og iðnaði í sambandi við útveginn, er sízt of mikill, eftir því sem nú er komið í þeim efnum, og það er von, að hans sé þörf, eftir það, sem gert hefur verið til þess að gera aðstöðu útvegsins örðuga nú um mörg undanfarin ár. Þeir menn, sem nú eru stjórnarherrar hér í landi sumir hverjir, hafa sannarlega líka skyldu til þess, þegar þeir hafa valdaaðstöðu slíka sem raun ber vitni um, að gera myndarlegt átak til þess að rétta við hag sjávarútvegsins, ekki sízt fyrir það, að sumir þessara manna hafa gengið í fararbroddi yfir lengri tíma og þó hraðast á síðustu árum til þess að íþyngja sjávarútveginum með því að æsa menn upp til þess að gera æ vaxandi kröfur í garð þessa atvinnuvegar.

Þeir, sem hafa fellt niður varnargarðinn eða rofið í hann skörð, eiga ekki hvað sízt að reyna úr því að bæta, og það hefur verið hlutverk sumra þeirra flokka, sem nú eru í stjórnaraðstöðu hér í landinu, að koma sér til vegs hjá fjöldanum með því að vega sí og æ í hinn sama knérunn, þ. e. að gera kröfur á hendur atvinnurekendum í landinu. Og afleiðingin blasir ekki einvörðungu við í dag. Hún hefur sýnt sig fyrr árum saman. Afleiðingin er sú, að ríkisvaldið hefur orðið að hlaupa undir bagga til að rétta við hlut atvinnurekendanna við sjóinn og ekki haft til þess önnur úrræði en að leggja gjöld á almenning í landinu.

Þessar 500 millj., sem hæstv. forsrh. sagði að væru álögur í þessu frv. og ábyggilega helmingurinn er alveg nýjar álögur, eru inngangseyrir sumra valdhafanna í landi hér til þess að komast í stjórnarráðið og sitja í ráðherrastól. Það er dýrt „bílæti“, sem kommúnistarnir í landi hér hafa fengið til þess að komast í það að vera meðal stjórnenda landsins, en þeir eru nú stærsti og valdamesti stjórnmálaflokkurinn, og Framsfl., sem hefur hafið þá til vegs og virðingar með sér í þessu landi, leggur blessun sína yfir og verður að leggja blessun sína yfir að láta skattborgara í þessu landi, smáa og stóra, borga aðgöngumiðann. Af hálfu fyrirsvarsmanna þess flokks hefur því raunar fyrr verið haldið fram, að hagsmunir þjóðarinnar og hagsmunir kommúnista á landi hér færu aldrei saman. Ég held, að það hafi verið hæstv. núverandi fjmrh.. sem lét sér það um munn fara og mörg önnur svipuð ummæli um þann flokk og áhrif hans, en þessi ummæli hæstv. fjmrh. eru lögð á hilluna nú í bili, vegna þess að hann þarf á að halda stuðningi þessara skaðræðisgripa, sem hann áður hefur lýst, til að halda sér og sínum flokki við völd og til þess að geta skammtað sér og sínum flokki og Sambandi ísl. samvinnufélaga og þess öngum og álmum gróðaaðstöðu, eins og lýst hefur verið í oliumálinu, sem hv. form. fjhn. minntist á í ræðu sinni áðan.

Hæstv. forsrh. talaði nú fyrstur fyrir þessu frv. og minntist á nefnd sérfræðinganna, en álit þeirra hefur vitaskuld ekki verið lagt fyrir þm., það heyrir ekki til, að sagt er, og hann minntist á, að athugaðar hefðu verið gengisfellingarleið og verðhjöðnunarleið og svo að síðustu, að sú leið, sem fyrir lægi hér í þessu frv., hefði verið valin. En hann var þó hreinskilinn, eins og einn af hv. þm. hefur sagt hér í sinni ræðu, svo hreinskilinn, að hann játaði, að þetta frv. og ákvæði þess, er snertu álögur á fólkið eða skattaaukningu, tollaaukningu, væri í raun og veru gengisfelling, og það er vitaskuld vitað af öllum þeim, sem sjá og hafa lesið frv. og vilja kannast við, hvers eðlis eru þær tekjuöflunarleiðir, sem þar eru greindar.

Því er svo haldið fram af ýmsum, þó mest af hæstv. ráðh., að þau gjöld, sem þarna er rætt um, komi svo sem ekki á almenning, því að bráðnauðsynlegustu neyzluvörurnar séu undanþegnar. Hitt er þó vitað, að það er fjöldinn allur af vörutegundum, sem of langt yrði upp að telja, ef maður ætti ekki að taka svo að segja nóttina til þess að telja upp úr tollskránni, — fjöldinn allur af vörutegundum, sem skattarnir nýju ná til og ýmist eru útgerðarvörur, framleiðsluvörur, neyzluvörur eða klæðavörur, sem svo að segja hvert einasta mannsbarn í landinu brúkar.

Því hefur verið haldið fram af hæstv. menntmrh., að það væri allveruleg gagnráðstöfun gegn vaxandi dýrtíð í þessu frv., þar sem væri gert ráð fyrir að lækka hina svokölluðu milliliðaálagningu. Það er mikið búið um hana að tala, og ég skal ekki eyða mörgum orðum að því, því að hún

er slíkt hugtak, að það er ekki bara millilíðaálagning á einum stað. Það má kalla millilið svo að segja í hverju einasta verki, einhvern aðila, sem framkvæmir það, en mér er ekki ljóst, hversu þeir geta dregið úr dýrtíðaráhrifunum, svo að nokkru nemi, með lækkun á millilíðaálagningu. Hitt er ljóst, að eins og önnur ákvæði þessa frv. hníga í þá átt að hafa stjórnarfskipti með alls konar eftirliti, sem kallað er, o. s. frv., þá erum við að sigla inn í gamla haftakerfið, og þetta er góð leið til þess að innleiða svartamarkaðsbrask og annan þann óþverra, sem fylgdi verzlunarstefnumálum Alþfl. og Framsfl. hér fyrr meir.

Það er víst flestum enn þá hugstætt það ástand, sem komið var á í slíkum málum hér, þegar búðirnar voru svo að segja tómar, ef maður leit inn í þær að framan, en fyrir góð orð og peninga gátu menn fengið stundum út um bakdyrnar eitthvað afgreitt af þeirri vöru, sem viðkomandi taldi sig ekki geta látið eftir öðrum leiðum, en þurftu þá að borga svartamarkaðsverð fyrir. Það er ein af þeim bakteríum, sem ég minntist á áðan og felast í þessu frv. ásamt öðru fleiru, sem til ógagns horfir, þó að sumt kunni þar að horfa í rétta átt.

Hæstv. menntmrh. hélt hér mikinn olíufyrirlestur. Ég hef heyrt hæstv. ráðh. halda marga fyrirlestra hér í þinginu, því að hann er náttúrlega vel til þess fær og vanur að standa eða sitja í kennarastól og fræða menn, og þessi olíufyrirlestur af hans hálfu varð mér talsverð nýjung. Ég hefði átt von á því frá öðrum hæstv. ráðh., sem vanur er að tala hér um olíu bæði sýknt og heilagt, þegar atvinnumál eru til umr., og það er starfsbróðir hans í ríkisstj., hæstv. sjútvmrh.

Hæstv. ráðh. var mjög vel talandi og eyddi í það nokkuð löngum tíma að færa mönnum heim sanninn um, hvaða velgerningur það væri við þjóðina, olíuprísarnir, sem hið íslenzka olíufélag hefði fallizt á að láta borga nú fyrir olíuna. Mér hefur skilizt, að þeir hafi samið við Olíufélagsforstjórana um það verð, sem þeir fái fyrir olíuna. Ég skal engan dóm á það leggja, hvort það er hagstæður samningur eða óhagstæður fyrir þessa þjóð, en ég tel allar upplýsingar vanta um það, hvort það verð, sem hæstv. ríkisstj. hefur samið um við olíuflutningafélagið, sé réttlátt fyrir hönd íslenzku þjóðarinnar, miðað við þá greiðslu fyrir olíuflutninginn, sem Olíufélagið þarf. Ég býst við, að hjá öðrum aðilum í þessu landi, sem flytja eitthvað til landsins og komast undir verðlagseftirlit, sem kallað er, skv. þessu frv., verði metin í hverju einu tilfelli þörfin fyrir álagninguna, hvað þurfi til þess að geta sér að skaðlausu flutt inn þessa og þessa vöruna, en ég hef ekki heyrt neitt frá opinberri hálfu um það, ekki svo mikið sem áætlun um, hvað væri réttlátt í þessu efni gagnvart þeim, sem olíuflutningana annast.

Eitthvað hljóta samt sem áður að hafa stungið hv. flokksbræður sumra hæstv. ráðh., þá sem eiga sæti í bæjarstjórn Reykjavíkur, þessir samningar, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert út af olíunni, ef maður lítur á þá samþykkt, sem gerð var í bæjarstjórn Reykjavíkur og þessir menn, einmitt flokksbræður hæstv. ráðh., stóðu að.

Annars er það, eins og ég sagði áður, hæstv. sjútvmrh., sem á undanförnum þingum hefur verið skeleggastur í því að útmála það okur, sem haft væri á olíu hér á landi, og að ég hygg samkvæmt hans till. er það gefið í skyn hér í þessu frv., að það sé heimild fyrir ríkisstj. að greiða niður olíuna fyrir bátaútvegsmenn, skilst mér, og það eins og annað á svo að greiðast með sköttum, sem teknir eru af þjóðinni á þann hátt, sem í frv. er lýst.

Það er mikill styrkur vissulega, eins og hv. frsm. fjhn. minntist á, að setja löggjöf, ef menn hafa fyrir fram vissu um, að þeir, sem við hana eiga að búa, ætli að sætta sig við hana. Mér skildist, að hann teldi sig „hafa bréf“ upp á það, og mundu þá ekki vera í hans huga þær yfirlýsingar um samþykktir stéttarfélaganna, sem ég áður minntist á og fleiri þm. hafa minnzt á og eru engan veginn brotalamalausar. En í sambandi við þetta vildi ég beina nokkurri fyrirspurn að hæstv. sjútvmrh., ef hann má mitt mál heyra, og það stendur í beinu sambandi við þá samninga, sem hann hefur lýst yfir að hann hafi gert við Landssamband ísl. útvegsmanna eða fyrirsvarsmenn sjávarútvegsins. En hæstv. ráðh. er kannske ekki við látinn, og ég get þá beðið með þá fsp. þangað til síðar, en við þessar umr. vildi ég ekki skiljast, fyrr en ég hefði átt kost á að heyra glögg svör hans við henni. — Hæstv. ráðh. er víst ekki við látinn, og get ég þá horfið frá því efni í bili og minnzt á aðra hluti, er þetta mál varða.

Ég sagði áðan, að í þessu máli væru sóttkveikjur til þess að auka hér verðbólguna og hrinda verðhækkunarhjólinu af stað á hraðari ferð en það hefur undanfarið verið. Þegar hæstv. ríkisstj. s. l. sumar, held ég hafi verið, eða nokkru eftir að hún settist að völdum tók sig til og batt sem kallað var kaupgjald og verðlag, sem þá var talið gert með samþykki stéttarfélaganna, þá fannst mér, að hún væri þar á réttri leið, og ég var alls ekki einn um þá skoðun. Ég heyrði það á mörgum, að þeir töldu þarna rétt farið af stað. Um það mátti svo deila, hvort það samþykki, sem hæstv. ríkisstj. þóttist hafa í höndum frá stéttarfélögunum, væri fullkomið eða haldgott eða ekki. En það kom ekki að sök, að því er virtist, því að þann tíma, sem þetta ákvæði gilti, var ekki hafin nein uppreisn á móti því. En í þessu frv. virðist vera alveg horfið frá þeirri braut, sem virtist vera holl í þessum málum, og nú með þessu frv. er ekki annað að sjá en að stjórnin hafi ekki þorað að halda lengur áfram á þeirri vísitölubindingarbraut, sem hún byrjaði sinn feril á, heldur horfir nú allt þannig, að verðbólgunni er með frv. boðið heim upp á nýtt, og það getur farið svo, þótt óskandi væri, að það færi ekki svo, að það frv., sem hæstv. ráðherrar hafa verið að tala um að væri nokkurs konar lokatakmark í baráttunni við dýrtíðina, verði það ekki, einkum og sér í lagi vegna þessarar stefnubreytingar hjá hæstv. ríkisstj. að því er það snertir að halda kaupgjaldi og verðlagi í skefjum.

Hæstv. sjútvmrh. er nú kominn hér inn, og ég var einmitt að óska eftir því að mega leggja fyrir hann spurningar í sambandi við það, að allir hæstv. ráðh. halda því fram, að þessi löggjöf sé sett í samráði við stéttarfélögin, og meðal stétt-

arfélaganna verð ég þá að telja Landssamband ísl. útvegsmanna.

Mér er kunnugt um það og það er raunar eðlilegur hlutur, því að bæði er því haldið fram í grg. frv., að ein af þeim hliðarráðstöfunum, sem hæstv. ríkisstj. hefur á prjónunum og virðist eiga að vera fylgifiskur þessa frv., er sú að koma nýju skipulagi á sölu afurðanna, og hæstv. menntmrh. fylltist nærri því eldmóði áðan í sinni ræðu, þegar hann fullyrti, að þar yrði komið nýju skipulagi á í þessum málum, og mér skildist á hans framsetningu á þessu, að það væri nú eitt bjargráðið, sem hæstv. ríkisstj. hefði með höndum eða ætlaði að hafa með höndum.

Nú veit ég, að hæstv. sjútvmrh. fer rétt með það, að átt hafa sér stað bréfaskipti eða samningar í bréfaskiptaformi milli hans og Landssambands ísl. útvegsmanna, þar sem þeir hafa fellt sig við, að mér skilst, það verð eða þær verðuppbætur, sem fyrir liggja í frv. á hinum ýmsu tegundum fisks, sem að vísu eru nefndar þar í hundraðshlutum og töluvert erfitt á þeim sig að átta, en hann lýsti líka heildarupphæðinni og nefndi hana í krónum, svo að það var næg skýring.

Þessir samningar hafa þá farið fram, og þeir, sem þar eiga forsvar fyrir útvegsmönnum, virðast hafa sætt sig við það, sem hæstv. ráðh. og þeir hafa komizt niður á. En í sambandi við þetta mál hafa útvegsmenn eða landssambandið beinlínis gert það að skilyrði fyrir sínu samþykki, að ekki yrði hróflað við þeim sölusamtökum útvegsmanna, sem eiga sér nú stað. Ég hef vitneskju um, að þann 20. des. er hæstv. sjútvmrh. skrifað bréf frá þessum félagsskap, frá landssambandinu, þar sem segir: „Við undirritaðir, sem höfum f. h. vélbátadeildar L. Í. Ú. starfað að samningsumleitunum við sjávarútvegsmálaráðherra um starfsgrundvöll fyrir vélbátaútveginn á árinu 1957, mælum með því við fulltrúaráðsfund L. Í. Ú., sem haldinn er í Reykjavík 17.—18. des. 1956, að samkomulag það, er náðst hefur og lýst er í bréfi atvinnumálaráðuneytisins, dags. 18. des. 1956, verði samþykkt á fulltrúaráðsfundinum. Meðmæli okkar eru fram komin í fullu trausti þess, að starfsskilyrði vélbátaútvegsins verði í engu rýrð frá því, er í bréfinu greinir og munnlegt samkomulag hefur orðið um."

Í öðru bréfi, stíluðu til hæstv. ráðh. og sendu af sama félagsskap, landssambandinu, segir svo: „Fulltrúafundur L. Í. Ú. felur stjórn L. Í. Ú. að staðfesta bréflega viðtöl þau, sem fram hafa farið milli fulltrúa L. Í. Ú. og sjávarútvegsmálaráðherra varðandi sölufyrirkomulag sjávarafurða, þar sem ráðherrann tók fram, að hann teldi heppilegast, að sala og útflutningur sjávarafurðanna yrði í höndum félagssamtaka framleiðenda sjálfra, svo sem verið hefur. Telur fundurinn það skipta höfuðmáli fyrir afkomu útvegsmanna, að salan verði áfram í höndum félagssamtaka framleiðenda sjálfra, og treystir því, að sjávarútvegsmálaráðherra geri ekki breytingar í þessu efni, og í trausti þessa samþykkir fundurinn bréf ráðherrans, dagsett í dag."

Bréf ráðh., sem þeir samþykkja í þessu trausti, er bréfið um þann verðlagsgrundvöll eða uppbótagrundvöll á sjávarafurðunum, sem hæstv. ráðh. hafði sent þeim og fyrir liggur í frv. því, er hér er til umr.

Nú vil ég fyrir mitt leyti spyrja hæstv. ráðh. að því, og það er eiginlega von ég spyrji, þegar starfsbróðir hans í ráðherrastóli, hæstv. menntmrh., fullyrti það í ræðu sinni hér í dag, að nýtt skipulag ætti að taka upp á sölu sjávarafurðanna, sem þýðir það, að starfsemi sölusamtakanna yrði vitaskuld með því raskað, — nú vil ég spyrja hæstv. ráðh. um það: Er það rétt, sem Landssamband ísl. útvegsmanna hefur eftir honum, að hann hafi í viðtali lofað því, að þessi samtök yrðu látin í friði, eða er það ekki? Ég vil benda á það, að fulltrúaráðsfundur L. Í. Ú. leggur svo mikið upp úr þessu atriði, að hann telur það skipta höfuðmáli, og hann segir enn fremur, að hann samþykki till. ráðh., sem komu fram í hans bréfi, í fullu trausti þess, að loforð hæstv. ráðh., sem þeir herma upp á hann í þessum bréfum, verði haldin. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. ráðh. að þessu: Er það rétt, sem Landssamband ísl. útvegsmanna heldur fram í þessum sínum bréfum, og er það rétt, að hann hafi lofað því, að sölusamtök sjávarútvegsmanna yrðu látin starfa óhreyfð, eða er það ekki? Ég vona, að það, sem landssambandið leggur hér fram skriflega í bréfum sínum, sé rétt og að hæstv. ráðh. hafi lofað því, sem þeir segjast setja traust sitt á. En þá væri mér spurn: Hvernig er það samstarf í hæstv. ríkisstj., þegar annar ráðh. finnur ástæðu til þess að taka það sérstaklega fram, að sölusamtökin verði sett undir eitthvert annað skipulag í þessu atriði, m. ö. o., að þau verði ekki látin hafa þann starfsfrið, sem hæstv. sjútvmrh. hefur lofað?

Ég hef persónulega fullan áhuga á því, fyrir utan það, að ég tel mér skylt sem þm. að fá að vita sannleikann í þessu efni, af því að ég hef í áratugi starfað í þessum sölusamtökum og veit af eigin reynslu, hvað mikið gagn þau hafa á ýmsum tímum unnið þjóðinni í heild og þó sérstaklega umbjóðendum sínum, sjávarútvegsmönnum víðs vegar um land.

Ég er nú búinn að taka hér svo mikinn tíma í umr. um þetta mál, að ég sé, að hæstv. ráðh. gá mjög á klukkuna, sem vonlegt er. En þó er hætt við, að ýmis atriði séu enn órædd, því að málið er svo stórt og það er hespað af í svo miklum flýti, að það geta orðið mörg atriði, sem manni sést yfir, en þó þyrfti að minnast á. Ég hef til dæmis alls ekki minnzt á það atriði, sem hv. formaður fjhn. drap á í sinni ræðu, að hann sagðist eiga von á því, að það kæmu kannske fram brtt. Ég vil minnast á það, að ég hafði hug á því og hef hug á því, ef tími vinnst til, að bera hér fram brtt. við frv. Þær eru ekki stórar eða margar, en þær eru að minni hyggju nokkuð veigamiklar, og skal ég minnast á, hvað það er, sem fyrir mér vakir í því efni.

Það er vitað, að það er sérstakri fríðindagreiðslu heitið í 8. gr. þessa frv. til handa fiskvinnslustöðvum, hraðfrystihúsum, framleiðendum saltfisks og skreiðar, niðursuðuverksmiðjum og fiskimjölsverksmiðjum fyrir að taka á móti smáum fiski af bátum. Það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Greiða skal bætur úr framleiðslusjóði á allan

smáfisk af bátum, sem tekinn er til vinnslu til útflutnings, þorsk, ýsu og steinbít, undir 57 cm að stærð. Verðbætur þessar skulu nema 34 aurum á hvert kg, miðað við slægðan fisk með haus. Skilyrði fyrir þessari greiðslu er það, að vinnslustöðvarnar greiði sama verð fyrir smáfisk og stórfisk."

Þetta atriði var í gömlu lögunum um framleiðslusjóð, en uppbótargreiðslan ekki eins há og hefur þar sennilega verið líka bundin við fisk af bátum, eins og er hér, þó að ég geti ekki fullyrt það með vissu, því að ég hef ekki þau lög fyrir framan mig. En í þessu sambandi vil ég stuttlega minnast á framleiðslu á skreið, sem er ung verkunargrein hér í landi, og útflutningur á henni nemur þó nokkrum tugum milljóna króna, jafnvel nær 100 millj. á s. l. ári, og að þessi vara kemur ekki einungis frá bátum, heldur líka frá togurum. Þar sem þessi 34 aura greiðsla er nú miðuð við það og styðst við þau rök, að það er erfiðara fyrir móttakendur fisksins og dýrara að vinna smáfiskinn heldur en stærri fiskinn, þá hlýtur það eftir réttri hugsun að eiga að gilda eins fyrir smáan fisk úr togurum og fyrir smáan fisk úr bátum og raunar ekki síður úr togurum, því að úr bátum kemur fiskurinn allajafna óskemmdur, en það kemur fyrir iðulega hjá þeim vinnslustöðvum, sem kaupa smáan fisk af togurum, að það er eitthvað af honum dálítið gallað og verður að fleygja eða senda í fiskimjöl. Ég hef haft viðræður við verkunarstöðvar um þetta, og þar er því haldið fram, að ef þessi smái togarafiskur sé ekki verðbættur á sama hátt og bátafiskur, þá muni mjög draga úr skreiðarframleiðslunni, byggðri á togaraafla, en hún er nú í landinu töluverður meginþáttur í skreiðarframleiðslunni, þar sem togararnir bæði norðanlands, vestanlands og hér syðra herða mikið af sínum afla og selja mikið af sínum afla til verkunarstöðva og til upphengingar. Ég álít, að það væri skakkt, ef með sérstökum lagaákvæðum væri dregið úr þessari framleiðslu, og tel, að það megi síður gera fyrir þá sök, að allur meginskreiðaraflinn er seldur fyrir „harða valútu", sem kallað er, og hverfandi hluta af honum þarf að selja í svokölluðum vöruskiptum eða „clearing". Um þetta vildi ég flytja brtt.

Aðra brtt. vildi ég flytja við 22. gr., þar sem eru taldir upp þeir útgjaldaliðir, sem undanþegnir skulu vera 10% álagi af vátryggingargjaldagreiðslu, og eru þar taldar upp líftryggingar, brunatryggingar á húsum, tryggingar á skipum og flugvélum ásamt búnaði, munum skipverja og afla, fiskiskipa og búfjártryggingar. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hafði skrifað fjhn. um þetta sérstakt bréf og farið þess á leit, að tryggingar á framleiðsluvörum sjávarútvegsins, t. d. fiski og öðru, fiskafurðum, sem liggja eða eru sendar og þurfa vitaskuld að vera tryggðar, séu líka undanþegnar því að borga þetta 10% gjald af iðgjöldum og líka vélar og áhöld í hraðfrystihúsum og öðru slíku.

Þetta vildi ég minnast á, áður en ég lyki við að ræða málið.

En það eru margar fleiri breytingar, sem væru mjög æskilegar á þessu frv., en eins og hv. form. fjhn. minntist á, þá hefur ekki unnizt tími til þess að athuga málið sem skyldi og því síður tími til þess að búa til skynsamlegar og réttmætar brtt. við ýmsa liði. Við höfum gert fyrir því grein í nál. okkar, hv. meðnm. minn í minni hl., 6. þm. Reykv., og ég, hvers vegna við treystumst ekki til þess að fylgja þessu máli í heild, þrátt fyrir það að við teljum réttmætt og ekki of hart í sakirnar farið, það sem gera á til stuðnings fyrir sjávarútveginn, og ástæður minni hl. eru teknar fram hér í nál., þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta.

„Mjög hefur verið um það deilt að vonum, hversu réttlátt þær álögur koma niður á landsfólkið, sem í frv. felast, en sökum þess, hve naumur tími þinginu er ætlaður til þess að athuga þetta stórmál, hefur langt frá því nokkur kostur verið til þess fyrir þm. að athuga frv. svo sem skyldi með breytingar fyrir augum.

Eins og áður segir, er minni hl. samþykkur því, að útvegurinn þurfi ekki minni stuðnings við en frv. gerir ráð fyrir, en þar sem frv. er mjög gallað að öðru leyti og býður nýrri verðbólguöldu heim, jafnframt því sem er lýst yfir í grg. þess fyrirætlunum um ný ríkisafskipti af sölusamtökum útvegsmanna, sem þeim eru mjög andstæð, getur minni hl. ekki fallizt á frv. eins og það liggur fyrir og mun greiða atkv. samkv. því."

Ég hefði að vísu löngun til að leggja fleiri spurningar fyrir hæstv. sjútvmrh. en ég hef þegar gert, en verð sennilega að bíða í bili að leggja þær fram. En að lokum vildi ég vísa til þess um þetta mál í heild sinni, sem einn af fylgismönnum hæstv. ríkisstj. sagði við atkvgr. um málið í hv. Nd., hv. þm. Siglf. Hann sagði um þetta mál:

„Ég tel þá lausn á vandamálum sjávarútvegsins, sem felst í þessu frv., mjög ófullkomna, þar sem hún er við það miðuð að gera taprekstur sjávarútvegsins og styrkgreiðslur honum til handa að varanlegu fyrirkomulagi. Sú stórfellda skattheimta, sem hér er lögfest, mun valda truflunum, sem munu leiða til stöðnunar í atvinnu- og viðskiptalífi þjóðarinnar."

Ég held, að það verði ekki sagt um ummæli þessa hv. þm., að þar sé stjórnarandstæðingur að tala, því að þetta er sem vitað er einn af stuðningsmönnum hæstv. stjórnar, en í þessum rökstuðningi fyrir atkvgr. hv. þm., sem hann þó lýkur með því að fylgja frv., vegna þess að það megi til, til þess að atvinnurekstrinn stöðvist ekki, tel ég að sé samandregið talsvert af því, sem mætti vænta að andstæðingar málsins héldu fram, og í öðru lagi, að þetta sé vitnisburður, sem stjórnin þurfi ekki að ganga fram hjá, af því að það sé stjórnarandstæðingur, sem beri hann fram.

Ég vænti svo, að ég fái skýr og skelegg svör við því, hvort það er áformað að standa við þau loforð, er hæstv. ráðh. virðist hafa gefið þessum félagsskap samkv. því, er þeir segja í sínu bréfi, og bið átekta í bili.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það voru nokkur atriði, sem fram komu í ræðu hv. þm. Vestm., sem gefa sérstaklega tilefni til þess, að ég taki hér til máls.

Það er þá fyrst, að hann lýsti hér tveimur till., sem hann mundi flytja til breytinga á frv. Sú

fyrri var um það, að ætla þyrfti þann smáfisksstyrk, sem frv. gerir ráð fyrir, einnig fyrir smáfisk af togurum, en binda hann ekki aðeins við smáfisk upp úr fiskibátum, eins og gert er ráð fyrir í frv. Í sambandi við þessa till. hv. þm. gat hann þess, að hætta væri á því, að skreiðarframleiðslan gæti dregizt eitthvað saman, ef ekki yrði orðið við till. hans um að hækka bæturnar út á smáfisk úr togurum. Eins og kunnugt er, hefur skipulagið í þessum efnum verið þannig á þessu ári, að veittur hefur verið stuðningur, sem nemur 26 aurum á kg á smáfisk, sem veiddur er af bát. Þessi smáfisksuppbót hefur því eingöngu verið bundin við bátafisk. Þannig hefur þetta verið á þessu ári, og þannig var þetta í þeirri lagasetningu, sem hv. þm. Vestm. og sú stjórn, sem hann studdi, lögleiddi í upphafi ársins. Nú er hins vegar gert ráð fyrir í þessu frv. að hækka nokkuð þennan vinnslustyrk á smáfiski frá bátum, en það er haldið áfram sömu reglu og áður að greiða ekki þennan styrk á togarafisk. Það er að vísu rétt hjá honum, að vissulega þyrftu fiskvinnslustöðvarnar alveg eins að fá stuðning til þess að vinna smáfiskinn af bátum eins og af togurum. En nú eru það mestmegnis sömu aðilarnir, sem vinna hvoru tveggja aflann, og skiptir þá ekki höfuðmáli, hvort uppbæturnar eru miðaðar við fiskinn úr öðrum veiðiskipunum eða stuðningurinn væri þeim mun minni og veittur yfir hvort tveggja. Það, sem gert hefur, að ekki hefur verið tekin upp sérstök uppbótargreiðsla á smáfisk úr togurum, er það, að mjög er erfitt að koma því við, svo að fullnægjandi geti talizt, að segja til um, hvað fellur undir smáfisk af fiski þeim, sem togararnir landa hér til vinnslu. Það er talið, að það mundi kosta mikla fyrirhöfn og allmikla peninga að þurfa við uppskipun á togaraafla að mæla þar út fiskinn og aðgreina hann í stóran og smáan fisk í fiskilestunum við sjálfa uppskipunina, en vigtun á þessum afla fer fram, eins og kunnugt er, á bílavogum og í miklu stærri hlössum en á sér stað með bátafiskinn, þar sem hinn smái bátafiskur er mestmegnis veiddur að sumarlagi af smábátum víðs vegar um landið.

Af þessum ástæðum var talið, að það væri mjög erfitt, eins og var í upphafi ársins, þegar þessar uppbætur voru fyrst ákveðnar, að ætla að koma þessu einnig við um togarafisk. Þá hefur einnig verið á það bent, að ef horfið yrði að því að bæta upp sérstaklega smáfisk togara, þá væri á óbeinan hátt verið að ýta undir það, að togararnir legðu sig meira eftir smáfiski eða veiddu hér uppi við ströndina, en talið er almennt óæskilegt að stefna okkar togurum þangað. Menn hafa því viljað varast að hækka vinnslustyrkinn á smáfisk úr togurum einnig af þeim ástæðum.

Ég er alveg fullviss um það, að með þessu frv. er ekki raskað þeim hlutföllum, sem gilt hafa í þessum efnum, á neinn hátt. Það er engin ástæða til þess að búast við því, að það verði eitthvað erfiðara fyrir skreiðarframleiðendur að reka sína starfsemi samkv. þessu frv. heldur en þeim reglum, sem áður voru, nema síður sé.

Ég hygg, að það sé enginn vafi á því, að það prósentufyrirkomulag, sem reiknað er með í þessu frv., þar sem verðbæturnar til fiskvinnslunnar eru miðaðar við hundraðstölu af útflutningsverðmæti, muni einmitt vera hagstæðast skreiðarverkuninni, eins og reyndar allri verkun, þar sem mikið er unnið að aflanum innanlands.

Hitt er svo anað mál, að það er ekkert nýtt, að fiskvinnslustöðvarnar, jafnt frystihús sem skreiðarverkunaraðilar, vilja gjarnan fá nokkru meiri stuðning en þeim er ætlaður, bæði í þessu frv. og áður. Það er engin launung, að frystihúsaeigendur og aðrir fiskverkarar fóru fram á miklu meiri aðstoð sér til handa heldur en orðið er við í þessu frv., en hins vegar var þar stuðzt við athugun, sem fram var látin fara á afkomu þessara aðila, þegar uppbætur þeim til handa voru ákveðnar nú.

Ég tel því, að það sé ekki ástæða til þess að samþykkja þessa till. hv. þm. Vestm. um sérstaka uppbót á smáfisk úr togurum og jafnt skreiðarframleiðendur sem aðrir séu sæmilega settir með þær uppbætur, sem þeim eru ætlaðar í þessu frv.

Þá er síðari till. Hún er í sambandi við það, að gert er ráð fyrir í frv. að leggja 10% gjald á vátryggingariðgjöld, og mundi þetta gjald einnig falla á þau vátryggingariðgjöld, sem fiskframleiðendur verða að greiða í sambandi við vátryggingar af frystum fiski, saltfiski og skreið, sem hér liggur í geymslu og er vátryggt. Mér var ljóst, að þessi gjöld féllu á þessa framleiðslu, hafði gert mér það fyllilega ljóst áður, og sömuleiðis er það, að þessi nýju gjöld, 10% gjöld, falla einnig á vátryggingar í sambandi við afurðir bænda og allra annarra. En hér er um sáralitið gjald að ræða, svo lítið, að ég fyrir mitt leyti taldi ekki ástæðu til þess að berjast fyrir því að undanþiggja þetta. Ég kynnti mér það nokkuð, að það er talið, að vátryggingariðgjöld þau, sem frystihúsin öll í landinu verða að greiða af fiskbirgðum sínum, mundu nema 500—600 þús. kr. á ári. Gjaldið af þessum brunatryggingum á birgðum hér heima yrði þá 50—60 þús. kr. á ári fyrir alla þessa framleiðslu. Til viðbótar því kemur svo að vísu trygging í sambandi við útflutning á þessum afurðum, því að tryggja verður vöruna á leiðinni yfir hafið, en þar er um heldur lægri upphæð að ræða og gæti því verið í sambandi við frosna fiskinn í kringum 100 þús. kr. eða rétt þar um bil að ræða á ársframleiðsluna fyrir öll frystihúsin í landinu, og skiptir þetta gjald því ekki neinu teljandi máli. Að vísu mundi þarna koma til viðbótar gjald af saltfiski og af skreið, en ég hygg, að þar sé síður en svo um hærri upphæðir að ræða, því að hæstu tryggingagjöldin munu einmitt vera af frystihúsunum, þar sem brunahættan hefur verið talin mest.

Ég tel því ekki ástæðu til þess að samþ. þessa till. heldur, þar sem hún hefur sáralitla þýðingu í sjálfu sér, borið saman við þær ráðstafanir, sem þetta frv. felur í sér til stuðnings og tryggingar útgerðinni á næsta ári.

Þá var það atriði, sem var höfuðatriðið hjá hv. þm. Vestm. að minnast hér á, spurning, sem hann lagði fyrir mig varðandi samninga mína við Landssamband ísl. útvegsmanna eða fulltrúa þeirra og skilyrði þau, sem þeir hefðu sett í sambandi við þessa samninga. Hann spurði um það, hvort það væri ekki rétt, að þeir fulltrúar út-

gerðarmanna hefðu sett þau skilyrði fyrir samþykki sínu, að ekki yrði hróflað við sölusamtökum útvegsmanna. Nei, það er ekki rétt; þeir hafa ekki sett þessi skilyrði. Þeir hafa skrifað rn. ekki minna en 4 bréf með fjölmörgum atriðum í, sem þeir óskuðu eftir að fá afgreiðslu á og settu sem skilyrði fyrir samkomulagi. Ekkert af öllum þessum mörgu atriðum, sem liggja fyrir í þessum bréfum, var varðandi fisksölumálin, ekki eitt einasta. En þegar samkomulag hafði tekizt við útvegsmenn, sem fengið var á grundvelli þessa frv. og bréfs, sem ég skrifaði þeim, að því leyti til sem gengið var til samkomulags við þá, og þeir höfðu gert samþykkt um að lýsa yfir starfsgrundvelli hjá útgerðinni á þeim grundvelli, þá var eins og ónotalegur kippur hefði komið í suma menn víðs vegar hér úti í bæ og hér uppi í Alþ., og þá var farið að kippa í einstaka menn og reyna að setja fram viðbótarskilyrði við það, sem búið var að semja um, og þá jafnvel stóð á því að fá á eðlilegan hátt afhent þau bréf, sem búið var að ganga frá, og þær samþykktir, sem búið var að gera, með tilraun um að reyna að koma hér inn viðbótarákvæðum varðandi fisksölumál og reyna að fá fram loforð um það, að þar skyldi engin breyting á gerð. Um þetta hefur svo staðið hörð barátta eins og gengur í þessum samtökum, sem hefur svo komið fram í því, að til viðbótar við sjálfa staðfestinguna á samkomulaginu, sem skilyrðislaust liggur fyrir, hefur mér verið sent viðbótarbréf með margvíslegum ábendingum og óskum og enn fremur um það, að í trausti þessa og hins séu ýmsir samþykkir því samkomulagi, sem gert hefur verið um rekstrargrundvöll útvegsins.

Við mig hafa fulltrúar útvegsmanna ekki rætt um sölumál sjávarútvegsins á neinn hátt í sambandi við þau skilyrði, sem þeir hafa annars sett fyrir lausn þessara mála. Hins vegar hafa einstakir fulltrúar þeirra minnzt á það við mig, hvað fyrirhugað væri í sambandi við breytingar í fisksölumálunum, og ég hef ekki dregið neina dul á það við þá, hvað þar væri fyrirhugað af minni hálfu, og hafa ýmsir þeirra aðalforustumenn beinlínis séð það frv., sem samið hefur verið og ákveðið að leggja fram.

Ég hef lýst því yfir, sem rétt er og koma mun skýrt í ljós innan tíðar, að meginefni þess frv. felst í því, að sett verður á stofn sérstök útflutningsnefnd, sem hefur á hendi yfirstjórn fisksölumálanna. Þegar ég hef verið spurður um það, hvort áformað væri að leggja niður þau sölusamtök, sem framleiðendur hefðu með sér, þá hef ég svarað því neitandi. Ekkert slíkt er í þessu frv., og ekkert liggur fyrir um að banna framleiðendum að hafa sín samtök til sölumeðferðar á sínum afurðum. En hitt er líka jafnljóst, að þrátt fyrir tilraunir, sem gerðar kunna að vera um einhver aukaskilyrði, þá er ekkert til í þá átt, að þeir fái frá mér einhverja yfirlýsingu um það, að í sambandi við skipulag afurðasölumálanna eða fisksölumálanna skuli ekki gera neitt til breytinga frá því, sem nú er. Allt, sem haft er eftir mér í sambandi við deilumál, sem upp hafa komið í samtökum þeirra um það, hvað felist í ráðstöfunum, sem fyrirhugaðar eru í sambandi við fisksölumálin, og er fram yfir það, sem ég hef nú greint, er ekki sannleikanum samkvæmt og hefur ekkert gildi.

Það er svo ekkert nýtt, ég hef oft lýst því yfir áður, að ég tel það aðeins heilbrigt og sjálfsagt og mun ekki af minni hálfu reyna að setja þar á neinn hátt fótinn fyrir, að framleiðendur jafnt til sjávar sem til sveita geti haft með sér framleiðenda- og sölusamtök og vinni þar á eðlilegum grundvelli.

Ég vænti, að það, sem ég nú hef sagt í þessum efnum, sé fullnægjandi fyrir hv. þm. Vestm. og alla þá aðra, sem hafa haft áhuga á þessu máli. Það er sem sagt ljóst, að frá hálfu útvegsmanna hafa ekki verið sett við mig skilyrði varðandi samkomulag um rekstrargrundvöll bátanna í sambandi við þetta mál, og ég hef ekki lofað þeim einu eða neinu fram yfir það, sem ég hef hér greint. Mun það líka sýna sig, að það er í fullu samræmi við undirbúning þessa máls, sem verður lagt fyrir Alþingi síðar.

Hitt er ég svo líka alveg sannfærður um, að það er með öllu tilgangslaust að reyna að hafa nokkur áhrif á það, úr því sem komið er, að samkomulag mitt við útvegsmenn mun standa, því að þeir telja, að það hafi verið unnið að þeim samningum á eðlilegan hátt og það sé gengið þannig frá rekstrargrundvelli bátanna á komandi ári samkv. þessu frv. og samkv. því samkomulagi, sem við rn. hefur verið gert, að þeir geti búið við miklu betri og hagstæðari rekstrarskilyrði en þeir hafa búið við á undanförnum árum. Það mun því ekki takast af neinum að raska því samkomulagi, og ég efast ekkert um, að bátaflotinn mun hefja veiðar af fullum krafti strax upp úr áramótum.

Ég skal svo ekki orðlengja hér frekar um það, sem hér hefur fram komið. Ég hafði hugsað mér fyrr í sambandi við þessar umræður að ræða hér nokkur atriði, en ég sé, að þeir kappar, sem þá töluðu hér hæst og vildu efna til mikilla umræðna bæði um olíusölumál og fleira, hafa runnið hér af hólminum gersamlega og ekki látið sjá sig í kvöld, eftir að þeir fluttu sínar upphaflegu ræður, og þykir mér þá ekki ástæða til þess að vera að lesa þeim lesturinn frekar en orðið er.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 186) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég mun ekki blanda mér í deilur manna hér um þetta frv., en margt kemur mér nú þar kynduglega fyrir sjónir, án þess að ég sé að fara nánar út í það. En ég finn ástæðu til þess að gera grein fyrir afstöðu minni til þeirra ráðstafana, sem gert er ráð fyrir í frv. að gerðar verði.

Ég sagði minum kjósendum það í vor á framboðsfundum, að ég teldi höfuðmálið, sem lægi fyrir þeim mönnum, sem kosningu næðu, að reyna að finna heilbrigðan fjárhagsgrundvöll fyrir atvinnulífinu í landinu. Ég sagði þeim, að þeir flokkar, sem þá buðu fram saman, Framsfl. og Alþfl., vildu reyna að vinna að þessu. Ef þeir ekki næðu meiri hluta, þá sagði ég þeim líka, að ég teldi sjálfsagt að reyna að ná samkomulagi við Alþýðubandalagið um að mynda stjórn til að

vinna að þessu. Ég benti á, að það væru fleiri leiðir til að ná því að mynda heilbrigðan fjárhagsgrundvöll, en hvaða leið yrði valin, yrði algerlega að fara eftir því, hvaða samkomulag næðist við hinar vinnandi stéttir, bæði til sjós og lands, um það, og sú stjórn, sem myndaðist, ef hún á annað borð myndaðist, yrði að leggja sig fram um það að reyna að hafa með sér verkalýðinn til sjós og lands og framleiðendurna, og einungis sú leið væri fær, sem næðist fullkomin eining um milli ríkisstj. annars vegar og þeirra manna, sem stæðu í framleiðslunni bæði beint og óbeint í þjóðfélaginu. Ég sagði þeim líka, að þetta mundi verða erfitt og ég teldi, að málum væri komið þannig, að það mundi ekki verða hægt að ná þessu í einum áfanga; þess vegna væri líklegt, að þetta væri mál, sem þyrfti að stríða við allt næsta kjörtímabil og yrði að reyna að ná lausninni í fleiri áföngum.

Ég álít, að áfanginn, sem næst með þessu frv., sé of lítill og nái of skammt. En ég mun þó fylgja því, því að það er áfangi á þeirri leið eða að því marki, sem ég tel að þurfi að nást til að skapa atvinnulífinu heilbrigðan starfsgrundvöll, svo að það þurfi ekki meðgjöf frá því opinbera, ekki tilfærslu frá einum hluta þjóðarinnar til annars, af því að fjárhagsgrundvöllurinn allur er rammskakkur og vitlaus. Þess vegna mun ég fylgja þessu frv., þó að ég telji það ná allt of skammt til að ná þeim áfanga, sem á og þarf að nást á næstu árum.

Frsm. minni hl. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvmrh. fyrir þau svör, er *hann gaf viðvíkjandi þeirri fsp., er ég til hans* beindi að gefnu tilefni, vitandi um það traust, sem Landssamband ísl. útvegsmanna hefur staðfest til hans í bréfum, dags. 20. des.

Mér virtist nú að nokkru leyti hæstv. ráðherra jafnvel ekki vilja viðurkenna framan af sinni ræðu, að neinar málaleitanir hefðu til hans borizt um það atriði, sem ég spurði um. En í síðari hluta ræðunnar varð ljóst, að þær hafa verið fram settar, og hef ég það bréflega staðfest að öllu leyti, og það traust, sem Landssambandið greinir hæstv. ráðh. frá í sínu bréfi 20. des., byggist á viðtölum, þeim orðum, eftir því sem þeir halda fram, sem hann hafi haft á þeirra fundum eða í þau skipti, sem þeir hafa rætt þessi mál.

Ég las nú að vísu upp nokkurn kafla úr bréfi, öðru bréfinu frá 20. des., og þetta virðist hafa allt skeð á líkum tíma, því að bréf hæstv. ráðh. til Landssambandsins er dags. 18. des., svo að það hefur ekki liðið neinn langur tími frá því að það kom og þangað til þeir skrifa, enda vísa þeir til viðtala, og í viðbót við það, sem ég áðan las hér upp, vildi ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa þessa viðbótarbókun í bréfinu 20. des., er segir svo:

„Þá leyfum vér oss einnig að staðfesta samtöl fulltrúa vorra, sem átt hafa viðræður við yður, hæstv. ráðherra, þar sem þér skýrðuð frá því, að breyting á fyrirkomulagi yfirstjórnar útflutningsmála, sem ráðgert er að gera og rætt hefur verið um, væri aðeins í því fólgin, að sett yrðu lög að tilhlutan ríkisstjórnarinnar, þar sem kveðið yrði á um, að skipuð yrði útflutningsnefnd, sem tæki við störfum forstöðumanns viðskiptadeildar utanrrn. Enn fremur leyfum vér oss að staðfesta þau orð yðar, að yðar ætlun, hæstv. ráðherra, væri, að engar meiri háttar breytingar yrðu gerðar á því fyrirkomulagi, sem nú er á skipan sölumála útflutningsafurða sjávarútvegsins.“

Það sýnir sig bezt hér, að Landssambandið tekur þarna beinlínis orð hæstv. ráðh. sjálfs og endurtekur þau í þessu bréfi til hans.

Mér var ekki vel ljós öll framsetning hæstv. ráðh. í þessu máli, en þó virtist mér mega ráða það sérstaklega af síðari hluta ræðu hans um þetta atriði, að hann væri þeirrar skoðunar, að engar meiri háttar breytingar yrðu gerðar á því fyrirkomulagi, sem nú er á skipun sölumála útflutningsafurða sjávarútvegsins. Ef ég hef misskilið hæstv. ráðh., þá ætla ég að biðja hann um nú í heyranda hljóði að leiðrétta þann misskilning minn, ef hann er fyrir hendi. Að öðrum kosti verð ég að líta svo á, að svo framarlega sem hæstv. ráðh. vill ekki lýsa Landssambandsstjórninna, sem skrifar undir þetta bréf, ósannindamenn, þá sé það rétt, sem þeir segja í sínu bréfi, að hæstv. ráðh. hafi sagt þeim, að sín ætlun væri, að engar meiri háttar breytingar yrðu gerðar á því fyrirkomulagi. sem nú er á skipan sölumála útflutningsafurða sjávarútvegsins. Ég tel nauðsynlegt, að það sé upplýst í sambandi við það mál, sem hér stendur til að afgreiða, hvort svo merkur félagsskapur sem stendur að þessu bréfi fer með rétt mál eða ekki, og eins það, hvort hæstv. ráðh. vill bera brigður á, að þeir hafi rétt eftir honum það, sem þeir segja að hann hafi við sig talað.

Ég tel ekki þörf á þessu stigi málsins að ræða um þessi atriði frekar en ég hef hér gert, nema tilefni gefist til. En þetta atriði, sem ég nú gerði að umræðuefni, tel ég mikla nauðsyn á að liggi skýrt fyrir, einkum og sér í lagi vegna þeirrar áherzlu, sem mér virtist hæstv. menntmrh. leggja á skipulagsbreytingu þá, er hann nefndi á söluaðferðum sjávarútvegsins, og líka vegna þess, að grg. frv. telur þetta sem einn lið af hliðarráðstöfununum, og virðist það þá vera eitthvert sérstakt áhugamál þeirra, sem samið hafa þetta frv. En hvort sem deildarstjóri viðskiptadeildar utanrrn. er látinn vera með því embættisheiti, sem nú er, eða hvort einhver önnur yfirstjórn er sett á þá deild, tel ég ekki vera neitt þýðingarmikið atriði gagnvart sölusamtökum útvegsmanna, heldur er það breyting á skipulaginu, sem ég tel að mundi leiða til ófarnaðar, og á það atriði hafa Landssambandsmennirnir lagt höfuðáherzlu í sínum bréfum til hæstv. ráðh. Mér þykir ekki líklegt, að hæstv. ráðh. vilji halda því fram, að Landssambandsstjórnin eða Landssambandsfulltrúarnir, sem fyrir þessum bréfaskriftum hafa staðið, fari með hans orð öðruvísi en þau hafa verið sögð, og læt ráðh. um það, hvort hann vill samþykkja þau með þögninni eða á annan veg. En sé rangt farið með hans orð, þá vildi ég gjarnan heyra það, því að það má ekki liggja í þagnargildi, ef hæstv. ráðh. vildi gera þá að ósannindamönnum, sem bera það fram, að hann hafi viðhaft þessi orð á þeirra fundi, um það leyti er samið var um þessi mál.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Það var aðeins í tilefni af því, sem hér kom fram í ræðu hv. þm. Vestm. (JJós), þar sem hann endurtekur hér hið sama og áður, sem ég hélt að ég hefði talað alveg skýrt um. Hann spyr nú enn einu sinni, hvort ég hafi ekki lýst því yfir í samtölum við útvegsmenn, að engar meiri háttar breytingar yrðu gerðar á sölumálum sjávarútvegsins. Slíkt sem þetta er með öllu rangt, eins og ég hafði lýst hér yfir áður. Ég hef ekki gefið neinar yfirlýsingar í þá átt. Ég hafði sagt það eitt um þessi mál, að aðalefni þeirra breytinga, sem fyrir lægju, væri fólgið í því að setja á stofn sérstaka útflutningsnefnd, sem hefði yfirstjórn útflutningsmálanna með höndum; þegar ég hefði verið spurður að því sérstaklega, hvort í ráði væri að leggja niður sölusamtök framleiðenda, þá hefði ég svarað því neitandi. Það, sem er fram yfir þetta, eins og ég hafði lýst yfir áður, er úr lausu lofti gripið. Það er rangt. Ég vil einnig geta þess til viðbótar, að fulltrúar útvegsmanna, sem við mig hafa átt samninga, voru einmitt hér í þinghúsinu og hlustuðu á ummæli mín, sem ég sagði hér um þetta fyrr í kvöld, og vegna þess að þessi hv. þm. og reyndar fleiri hér hafa sí og æ verið að endurtaka það, að samkomulag mitt við útvegsmenn væri bundið einhverjum skilyrðum frá þeirra hálfu, þá lét ég þá enn einu sinni staðfesta samþykki sitt skilorðslaust með því að skrifa undir á nýjan leik það samkomulag, sem við höfðum áður gert, með öllu skilorðslaust, og að þeir væru fullkomlega samþykkir því, sem ég hefði hér sagt nú varðandi þessi afurðasölumál, og það í viðurvist skrifstofustjórans í mínu ráðuneyti, svo að það fer vonandi ekkert á milli mála um það, hvað er samkomulag á milli mín og útvegsmanna, þó að, eins og ég sagði áður, gerðar hafi verið allverulegar tilraunir til þess að reyna að skekkja það samkomulag.

Það er rétt, það er eins og ég sagði, að það hefur verið nokkur togstreita, eins og vill verða í svona samtökum, meðal útvegsmanna um það, hvort ætti að fara að prjóna upp á einhverjum nýjum skilyrðum, en slíkt hefur nú orðið undir, þó að gerðar hafi verið tilraunir í þá átt. Það liggur að vísu gleggst fyrir, að í öllum þeim bréfum, sem farið hafa á milli ráðuneytisins og útvegsmanna, sem eru fjöldamörg bréf í fjöldamörgum liðum, hafa þeir aldrei sett fram skriflega eitt einasta atriði sem skilyrði varðandi breytingar á afurðasölulögunum.

Ég vænti nú, að þessi mál liggi þannig fyrir, bæði eftir yfirlýsingu mína hér fyrr í þessum umr. og einnig nú síðar, að samkomulagið, sem gert hefur verið við útvegsmenn, stendur alveg á traustum fótum, og það er ekki bundið neinum skilyrðum um það, hvað gert verður í þessum afurðasölumálum. — Hins vegar er það líka ljóst í aðalatriðum, hvað ég hef þar sagt þeim og hvað þar stendur til að gera.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
3.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 186,1 felld með 11:3 atkv.
8.—14. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
15.—21. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 186,2 (e-liður) felld með 11:3 atkv.
— 186,2 (f-liður) felld með 11:2 atkv.
22.—32. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
33.—35. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
36.—40 gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:6 atkv.

Á 42. fundi í Ed., 22. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 187).

---

13. Atvinnuleysistryggingar.

Á 11. fundi í Sþ., 21. nóv., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar** [57. mál] (stjfrv., A. 71).

Á 16. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta mál þarf ekki langra útskýringa við. Í þessu frv. felst aðeins ein breyting á lögunum um atvinnuleysistryggingar, og sú breyting er í því fólgin, að í stjórn atvinnuleysistrygginganna skuli Alþýðusamband Íslands skipa tvo menn af sjö, í stað þess að nú hefur Alþýðusambandið rétt til þess að kjósa eða skipa einn mann af sjö, sem stjórnina skipa. Tala stjórnarmanna er því óbreytt skv. þessu frv. Af þessari breytingu leiðir svo það, að Alþ. skal kjósa fjóra menn hlutfallskosningu á Alþingi í stjórn trygginganna í stað þess, að skv. lögunum, eins og þau eru nú, kýs Alþ. fimm.

Á það má benda, að lögin um atvinnuleysistryggingar voru sett með þeim hætti, að fulltrúar verkamanna felldu niður allverulegan hluta af kaupkröfum sínum við lausn vinnudeilu gegn því, að myndaðir yrðu með iðgjaldagreiðslum atvinnuleysistryggingasjóðir, sem kæmu verkamönnum til öryggis, ef atvinnuleysi bæri að höndum. Þegar menn líta á þetta, munu flestir fallast á, að það væri raunar sanngjarnt, að verkalýðssamtökin ættu fleiri en tvo af sjö stjórnarmönnum atvinnuleysistrygginganna, en þó ekki farið fram á meira í þessu frumvarpi.

Ég legg til, að þetta frv. fari að lokinni umr. til hv. heilbr.- og félmn.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Skv. lögum um atvinnuleysistryggingar eru það þrír aðilar, sem greiða framlag til atvinnuleysistryggingasjóðs. Það er ríkissjóður, sveitarsjóðir og atvinnurekendur. Ríkissjóður greiðir 2% af vinnu-

launum, bæjar- og sveitarfélög 1%. Ef miðað er við þær áætlanir, sem nú eru gerðar um þessi útgjöld, þá er reiknað með, að framlag ríkissjóðs á næsta ári verði um það bil 19 millj. kr. og framlag hinna aðilanna hvors um sig því um það bil 9½ milljón. Í þessum lögum er svo gert ráð fyrir, að Alþ. kjósi fimm menn í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðsins, Vinnuveitendasambandið einn, og Alþýðusamband Íslands einn. Hins vegar hefur alveg verið fram hjá bæjar- og sveitarfélögunum gengið um tilnefningu í stjórn sjóðsins.

Mér finnst rétt, þegar hæstv. ríkisstj. flytur nú frv. um breytingu á þessum lögum, breytingu um skipun stjórnar sjóðsins, að þá sé einnig gerð sú breyting, að Samband íslenzkra sveitarfélaga fái fulltrúa í sjóðsstjórnina, og ætla ég, að engum geti blandazt um það hugur, að það sé fullkomið sanngirnismál. Ég mun því flytja till. á síðara stigi þessa máls um það, að Samband íslenzkra sveitarfélaga fái að tilnefna einn í þessa sjö manna stjórn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 71, n. 160 og 163, 83).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur fjallað um lagafrv. það, sem hér liggur fyrir um breyt. á l. nr. 29 1956, um atvinnuleysistryggingar. Gat n. ekki orðið á eitt sátt. Meiri hl. hennar leggur til, að frv. sé samþ. óbreytt, en minni hl. er andvígur því og skilar séráliti.

Þetta frv. felur í sér þá einu breytingu á umræddum lögum, að í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs, sem skipuð er 7 mönnum, skuli 2 tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands í stað 1 áður og sem afleiðing af þeirri breytingu skuli 4 menn kosnir af sameinuðu þingi í stað 5 manna eins og lögin mæla nú fyrir. Um aðra breytingu á lögunum er ekki að ræða í þessu frv.

Í sambandi við lausn verkfallsins mikla í apríl 1955 hét ríkisstj. að beita sér fyrir því, að lög yrðu sett um atvinnuleysistryggingar. Við það loforð var staðið og lögin samþ. á Alþingi 26. marz 1956.

Í 1. gr. l. er ákveðið, að stofna skuli atvinnuleysistryggingasjóð, og er þar tilgreint, hverjar árlegar tekjur hans séu.

Í 2. gr. er rætt um stjórn sjóðsins, að hún skuli skipuð 7 mönnum, 1 tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands, 1 af Vinnuveitendasambandi Íslands og 5 kosnum af sameinuðu Alþingi.

Lögin áttu að vera og voru samin á grundvelli nokkurra tiltekinna samkomulagsatriða, er aðilar vinnudeilunnar höfðu orðið ásáttir um við lausn hennar. Þessi atriði eru prentuð á fskj. 1 með frv. til l. um atvinnuleysistryggingar. Er eitt þeirra um það, að sjóðurinn skuli geymdur hjá Landsbanka Íslands eða Tryggingastofnun ríkisins og þá undir sérstakri stjórn, er verkalýðssamtökin eigi fulltrúa í. Annað en þetta er ekki tilgreint um skipan sjóðsstjórnar í þessu skjali deiluaðila. Það er sem sé aðeins tekið fram, að verkalýðssamtökin skuli eiga sæti í henni, en hinu sleppt, hverjir aðrir skuli þar vera.

Hitt fer ekki á milli mála, að frá upphafi var ráð fyrir því gert, að vinnuveitendur ættu fulltrúa í þessari sjóðsstjórn, þótt það samkomulag hafi hvergi verið skjalfest af deiluaðilum. Mun samninganefnd þeirra í upphafi hafa gert ráð fyrir, að stjórn sjóðsins yrði skipuð 3 mönnum, einum frá Alþýðusambandinu, öðrum frá Vinnuveitendasambandinu og hinum þriðja skipuðum af ráðherra. Síðar var rætt um 5 manna stjórn, og niðurstaðan varð, að 7 menn skipuðu hana.

Mér finnst eðlilegt, að Alþýðusambandið, sem átti skýlausan rétt til eins manns í 3 manna stjórn, telji hlut sinn skertan, ef það fær aðeins 1 mann í 7 manna stjórn. Við fjölgunina mátti ætlast til, að hlutur verkalýðssamtakanna yrði ekki gerður minni, að fulltrúatala þeirra yrði hlutfallslega aukin, en það varð ekki. Á þessu óskar Alþýðusambandið leiðréttingar, og hefur það orðið að samkomulagi milli þeirra, er að hæstv. ríkisstj. standa, að gera þessa leiðréttingu.

Atvinnuleysistryggingasjóður er ein af kjarabótum verkalýðsins og hans mikla öryggismál. Til þess að koma fram löggjöf um atvinnuleysistryggingar varð verkalýðurinn að slá af öðrum kröfum sínum í verkfallinu mikla 1955. Hann á að njóta ávaxtanna, enda unnið til þeirra. Það er því ekki nema eðlilegt, að verkalýðssamtökin óski þeirrar leiðréttingar, sem hér er um að ræða. Það er sanngirniskrafa frá þeirra hendi. Hvaða réttlæti er það t. d., að stjórnmálafl. atvinnurekenda, Sjálfstfl., hafi fleiri fulltrúa í sjóðsstjórninni en verkalýðssamtökin sjálf? Sjálfstfl. hefur þar nú 2 fulltrúa auk fulltrúa atvinnurekenda. Það liti óneitanlega betur út og eðlilegar, að Alþýðusambandið tilnefndi 2 menn og að Sjálfstfl. fengi þá aðeins 1. Fram á aðra breytingu né stærri er ekki farið.

Vinnuveitendasamband Íslands hefur í bréfi til heilbr.- og félmn. krafizt þess, að verði l. um atvinnuleysistryggingar breytt, þá fái það áfram að tilnefna a. m. k. jafnmarga fulltrúa í sjóðsstjórnina og Alþýðusamband Íslands. Í þessu bréfi er fullyrt, að í samningaviðræðunum hafi því verið slegið föstu, að ef sérstök stjórn yrði sett fyrir sjóðina, skyldu stéttarfélögin fá fulltrúa í hana og vinnuveitendur a. m. k. jafnmarga.

Heilbr.- og félmn. athugaði sérstaklega sanngildi þessarar fullyrðingar, án þess að fá það staðfest. Átti hún í því sambandi viðtöl við sáttasemjara ríkisins, formann þeirrar nefndar, er falið var að semja lögin, og fulltrúa Vinnuveitendasambandsins, en staðfesting fékkst ekki á fyrrgreindri fullyrðingu. Hins vegar kom það fram í þessum viðtölum, að því hafði verið heitið frá upphafi, að hlutur vinnuveitenda skyldi ekki fyrir borð borinn og að þeir skyldu fá fulltrúa í sjóðsstjórnina, en á það hefur enginn mér vitanlega borið brigður. Við þann munnlega sáttmála, að vinnuveitendur skyldu endilega hafa jafnmarga fulltrúa og Alþýðusambandið, virtist enginn kannast nema Björgvin Sigurðsson, erindreki Vinnuveitendasambandsins.

Fram komnar brtt. frá hv. 6. þm. Reykv. um einn mann tilnefndan af sambandi sveitarstjórnanna og 3 menn kosna af Alþingi gat meiri hl. n. ekki fallizt á að svo stöddu. Ef til vill á það samband ekki síður rétt á fulltrúa þar en Vinnuveitendasambandið og þá af sömu ástæðu. Það mál mun þó rétt að athuga betur og þá í sambandi við endurskoðun laganna í heild, en sú endurskoðun skal fara fram eftir rúmt ár.

Að lokum legg ég til, að frv. því, sem liggur fyrir, verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Eins og frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn., hv. 1. landsk. þm. (AG), tók fram, varð n. ekki sammála um afgreiðslu þessa frv. Hann rakti nokkuð gang þessa máls í ræðu sinni og skýrði aðdraganda að setningu þessara laga, sem hér er um að ræða, þ. e. a. s. laga um atvinnuleysistryggingar, svo að ég þarf ekki miklu þar við að bæta.

Það, sem farið er fram á í þessu frv., sem hér er til umr., er það, að raskað sé því samkomulagi, sem sett var, um leið og l. voru sett, að Vinnuveitendasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands hefðu sinn manninn hvort í sjóðsstjórninni og fimm væru kosnir af sameinuðu Alþingi. Þessu hlutfalli er raskað með því, að nú er gert ráð fyrir í þessu frv., að Alþýðusamband Íslands tilnefni tvo menn, en sameinað Alþingi kjósi fjóra. Má segja, að með þessu sé rýrður réttur Alþingis til áhrifa í stjórn sjóðsins, en áhrif Alþýðusambands Íslands aukin.

Í bréfi því, sem hv. frsm. minntist á að Vinnuveitendasamband Íslands hafi skrifað heilbr.- og félmn. og lá fyrir nefndinni, er það tekið fram og segir svo orðrétt í því, með leyfi hæstv. forseta: „Í samningaviðræðum var því slegið föstu, að ef sérstök stjórn yrði sett fyrir sjóðina, skyldu stéttarfélögin fá fulltrúa í hana og vinnuveitendur a. m. k. jafnmarga.“ Enn fremur segir: „Það er því brot á forsendum samkomulagsins, sem kynni að hafa hinar alvarlegustu afleiðingar, ef fyrrgreint stjórnarfrv. yrði samþ. óbreytt.“ Til þess að fá skýringar m. a. á þessu atriði í bréfi Vinnveitendasambands Íslands voru kvaddir á fund n. framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins, Björgvin Sigurðsson, og einnig þeir menn, sem áttu mestan þáttinn í að koma þessum l. á og viðræður um það og undirbúning undir það, Hjálmar Vilhjálmsson skrifstofustjóri og Torfi Hjartarson sáttasemjari. Við þessa menn átti nefndin tal, en eins og gefur að skilja, er ekki neitt eða a. m. k. ekki nærri allt, sem talað er á þessum undirbúningsfundum, skrásett eða skjalfest, og vitanlega segja þessir menn ekki og geta ekki sagt um hvert smáatriði, sem um er rætt, þegar um svona er að ræða. En hafi nú þetta verið svo, að um þetta hafi verið rætt og samið, án þess að það sé skjalfest, þá virðist vera ástæðulaust að breyta þessu nú, einkum með tilliti til þess, að gert er ráð fyrir því í lögunum sjálfum, að þau skuli vera í heild endurskoðuð eftir tvö ár frá gildistöku þeirra. Minni hl. heilbr.- og félmn. lítur svo á, að þetta sé ekki svo langur tími, sem þarna er um að ræða, að það taki því að vera að samþ. breytingu á lögunum fyrr en sá tími er liðinn, sem þarna er tiltekinn. Það er ákveðið, eins og segir í 22. gr. l., að lög þessi skuli endurskoðuð eftir tvö ár í samráði við verkalýðssamtökin og samtök atvinnurekenda, og þetta yrði þá gert á árinu 1958. Minni hl. leit svo á, að þar sem þetta væri ekki lengri tími, sem hér væri um að ræða, þá væri rétt að breyta lögunum ekki fyrr en sú endurskoðun hefði farið fram og hún hefði leitt það í ljós, að nauðsynlegar væru breytingar á lögunum yfirleitt, því að nú má búast við því og er víst alveg gefið, að þessi lög þurfa einhverra breytinga við, því að eins og hv. alþm. muna, sem hér áttu sæti á síðasta Alþingi, kom þetta mál fram nokkuð seint á þingi og var samþykkt í nokkru flaustri, svo að ekki sé of mikið sagt, án þess að neinar breytingar væru gerðar á því, eins og það var lagt fyrir í upphafi.

Án þess að fjölyrða meira um þetta vil ég lýsa því, eins og segir í nál. á þskj. 163, að með skírskotun til þess, sem þar segir, leggur minni hl. til, að frv. verði afgr. með rökstuddri dagskrá, sem hljóðar svo:

„Þar sem endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar á árinu 1958 er ákveðin í lögunum sjálfum, sér deildin ekki ástæðu til að samþ. breytingu á þeim nú og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Fyrir liggur brtt. frá hv. 6. þm. Reykv. um það, að Samband íslenzkra sveitarfélaga fái rétt til þess að tilnefna einn mann í sjóðsstjórnina. Þegar miðað er við það, hverjir greiða í sjóðinn, en það eru vinnuveitendur og sveitarfélög landsins, sem greiða jafnmikið hvort um sig, og ríkissjóður annað eins og þessir aðilar báðir, og þegar miðað er við það, að Vinnuveitendasamband Íslands hefur einn mann í sjóðsstjórninni og Alþýðusamband Íslands einn og Alþingi kýs fimm, þá er ekki óeðlilegt, þó að samband sveitarfélaganna krefjist þess að fá að tilnefna einn mann í stjórnina. Og ef breyting verður gerð á lögunum, þá leggjum við í minni hl. til, að brtt. hv. 6. þm. Reykv. verði samþykkt.

En við leggjum enn fremur til, til vara við rökstuddu dagskrána, skyldi hún verða felld, að þá verði frv. samþykkt með eftirfarandi breytingum:

1. Við 1. gr. Fyrir orðin „einn tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands“ komi: tveir tilnefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands.

2. Við brtt. á þskj. 83. Fyrir orðin „þrír kosnir af sameinuðu Alþingi“ komi: tveir kosnir af sameinuðu Alþingi.

Þessi brtt. við brtt. á þskj. 83 er afleiðing af því, að þar segir, að þrír skuli kosnir af sameinuðu Alþingi, og er þá miðað við það, að sveitarstjórnasamböndin fái að tilnefna einn mann, og þá eru ekki eftir nema þrír af þeim, sem kosnir verða af Alþingi. En verði þetta sjónarmið tekið til greina, að Vinnuveitendasambandið hafi jafnmarga menn í sjóðsstjórninni og Alþýðusamband Íslands, sem sagt tvo hvort og sveitarstjórnirnar eða samband ísl. sveitarstjórna einn mann, þá eru ekki eftir nema tveir, sem Alþingi kýs. Og ef á annað borð á að breyta þessu og viðurkenna það sjónarmið, að Vinnu-

veitendasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands skuli vera jafnrétthátt, eins og nú er og slegið var föstu með lagasetningunni sjálfri, þá leggjum við til, að þessar breytingar séu samþykktar, en að þeim felldum leggjum við enn til, að samþ. verði brtt. á þskj. 83 um það, að samband sveitarstjórnanna fái að tilnefna einn mann.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. meiri hl. með fyrirvara og tel rétt að gera með fáum orðum grein fyrir fyrirvara mínum og afstöðu til frv.

Frv. er stjórnarfrv., og að því leyti er það í samræmi við stjórnarmyndunarsamning frá í sumar sem leið, að í honum var tekið fram, að aukin skyldu áhrif verkalýðsins í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs. Vitanlega skiptir það meira máli fyrir þá, sem tryggðir eru, en alla aðra landsmenn, hvernig sjóði þessum er stjórnað, svo að eðlilegt verður að teljast, að þeir fái að hafa þar sterka hönd í bagga um framkvæmdir. Eftir lögunum, eins og þau eru nú, þá er þeim ætlaður jafn réttur í stjórninni og atvinnuveitendum, þ. e. einn maður af sjö.

Atvinnuveitendasambandið hefur gert athugasemdir við þetta frv. og talið, að lögin hafi verið byggð upp á því samkomulagi, að jafn yrði réttur þessara tveggja aðila í stjórn sjóðsins. Ekki hefur fundizt nein sönnun fyrir því í þeim gögnum, sem leitað hefur verið eftir og fyrir liggja um samningu frv. að lögunum, og ekki hefur heldur komið fram í þeim viðræðum, sem heilbr.- og félmn. hefur átt við aðilana, nein sönnun fyrir því, að á þessum grundvelli hafi lögin verið sett. En ég tel rétt rök mæla með því, að hinir tryggðu hafi meiri rétt til áhrifa en vinnuveitendur, og á því er frv. líka byggt, sem nú liggur fyrir.

Hins vegar verð ég að segja það, að ég hefði líka talið rétt, að hinir tryggðu greiddu þá einnig beint tillag í sjóðinn. Mér finnst óviðfelldið og fremur líklegt til að leiða af sér skakkar hugmyndir, að þeir, sem njóta réttar, beri ekki jafnhliða beinar skyldur. Mér hefur líka skilizt, að það þekkist hvergi, þar sem atvinnuleysistryggingar eru, nema hér, að hinir tryggðu greiði ekki sjálfir eitthvert iðgjald til tryggingarinnar.

Annars er það margt, sem þarf að laga í lögunum um atvinnuleysistryggingar að mínu áliti, enda eru þau frumsmíð og voru sett með takmörkuðum ráðrúmstíma, eins og hv. frsm. minni hl. skýrði frá. Það var vitað mál, þegar lögin voru sett í fyrra, að á þeim voru gallar, í þeim voru gölluð ákvæði, sem þá fékkst ekki samkomulag um breytingar á. En í þess stað var sett inn í lögin, að þau skuli endurskoðuð eftir tvö ár í samráði við verkalýðssamtökin og samtök atvinnurekenda, og nú er því ekki nema eitt ár, þangað til þau verða tekin til endurskoðunar í heild. Þess vegna tel ég raunar, að ekki stórfelldari breyting en frv. felur í sér hefði mátt bíða endurskoðunarinnar. En ég nenni samt ekki að vera á móti henni, af því að hún er borin fram af stjórn, sem ég styð, og lögð er mikil áherzla á það innan stjórnarinnar, að hún nái fram að ganga.

En af því að svo stutt er til endurskoðunar laganna, þá flyt ég engar brttt. um það, sem mér finnst að öðru leyti að lögunum; tel betri vinnubrögð að láta það bíða heildarendurskoðunar að koma fram með slíkar till.

Höfuðgalla laganna tel ég, að atvinnuleysistryggingasjóðurinn er ekki sameignarsjóður fyrir allt landið, heldur er hann séreignasjóðir fyrir byggðirnar. Þeir eiga sínar sérstöku eignir, sem þeir sjálfir mynda. Verkalýðsfélög hvers sveitarfélags fá í sína sjóðreikninga tekjur af vinnu sinna félaga, og tryggingarnar í hverju félagi fara því eftir ríkidæmi þess sveitarfélags í sjóðnum eða þess verkalýðsfélags. M. ö. o. þar, sem atvinnan er að jafnaði mest, hafa menn sterkastan bakhjarl í sjóðnum, í raun og veru í öfugu hlutfalli við það, sem þörfin er. Atvinnuleysistryggingarnar efla þess vegna ekki jafnvægið í aðstöðu manna í landinu svo sem vera ætti, og þó leggur ríkið árlega til helming tekna sjóðsins.

Annað, sem ég tel fráleitt, er það, að sveitarfélögin, sem leggja til fjórða part af árlegum tekjum sjóðsins, hafa enga hlutdeild í ráðstöfunarrétti sjóðsins. Þeim er ekki ætluð þar nein hlutdeild, eins og lögin eru. Ættu sveitarfélögin þó að eiga sama rétt til áhrifa og atvinnurekendur, af því að framlagið til sjóðsins er nákvæmlega hið sama hjá sveitarfélögunum og atvinnurekendunum í hverri byggð, en auk þess hafa sveitarfélögin fram yfir atvinnurekendurna ríka ástæðu til að fylgjast með úthlutun úr sjóðnum, af því að úthlutunin kemur inn á svið fátækramálanna, sem sveitarfélögin eiga að annast.

Hv. 6. þm. Reykv. (GTh) flytur till. á þskj. 83 um, að Samband íslenzkra sveitarfélaga fái einn mann af sjö í yfirstjórn atvinnuleysistryggingasjóðs. Ef það næði fram að ganga, væri í því lítils háttar réttarbót, en aðallega þó á yfirborðinu, af því að atvinnuleysistryggingarnar eru að mestu sérmál hverrar byggðar. Það, sem þarf að verða, er, að sveitarstjórnirnar fái fulltrúa í úthlutunarnefndirnar heima fyrir. Þær nefndir eru hinar raunverulegu stjórnir á hverjum stað. Í þeim hafa nú verkalýðsfélögin þrjá fulltrúa og vinnuveitendur tvo, en sveitarfélagið engan. Þetta tel ég fjarstæðu og mjög óskynsamlegt fyrirkomulag. Leiðrétting á þessu verður samt að bíða að mínu áliti heildarendurskoðunarinnar. Ég held, að hv. 6. þm. Reykv. ætti líka að láta sína till. bíða, þangað til lögin verða í heild tekin til endurskoðunar. Hún felur í sér of litla réttarbót fyrir sveitarfélögin. Ég mun af þeirri ástæðu ekki greiða henni atkvæði núna. Ég vil gera hærri kröfur f. h. sveitarfélaganna en í henni felst, enda er praktískara, að sú krafa og aðrar slíkar kröfur komi fram, þegar lögin verða tekin til endurskoðunar í heild, úr því að ekki er nema eitt ár þangað til.

Vill nú ekki hv. 6. þm. Reykv. taka till aftur, geyma hana og gera hana viðtækari, þegar endurskoðunin kemur fram? Þá skal ekki standa á því, að ég gerist liðsmaður í kröfum f. h. sveitarfélaganna um eðlilega þátttöku í stjórn þessara mála. Að þessu sinni sé ég ekki, að þýðingu hafi að hefja sókn þeim efnum. Ég mun þess vegna, eins og nál. ber með sér, fylgja frv. óbreyttu. Sem stjórnarstuðningsmaður nenni ég ekki að bregða fæti fyrir það.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég flyt brtt. á þskj. 83 um það, að Samband íslenzkra sveitarfélaga fái að tilnefna einn mann af sjö í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég mælti fyrir þeirri till. við 1. umr. þessa máls og hirði ekki eða nenni ekki, svo að ég noti orð síðasta ræðumanns, að endurtaka þær röksemdir. Hv. þm. S-Þ. (KK) viðurkenndi, að sú till. væri sanngjörn, en hann kvaðst ekki geta fylgt henni vegna þess, að hún væri of lítil réttarbót fyrir sveitarfélögin. Það, sem skipti meira máli, væri, að í stjórnunum í héraði væru fulltrúar frá sveitarfélögunum.

Ég verð nú að segja, að harla léttvægar eru þessar röksemdir. Ef þetta ætti að vera meginástæðan fyrir andstöðu hv. þm. við brtt. mína, hví í ósköpunum flytur hann þá ekki bara viðaukatill. um þá breytingu, að sveitarfélögin skuli fá fulltrúa, einn eða tvo t. d., í stjórnirnar heima í héraði? Og ég skal lýsa yfir, að ég mundi með ánægju styðja og jafnvel gerast meðflutningsmaður hans að þeirri till. nú þegar við þessa umr. eða þriðju, og vænti þess, að hann láti þá ekki sitja við orðin tóm, heldur styðji málið, þar sem það virðist í hans augum vera meiri réttarbót. En meginástæðan fyrir því, að hann getur ekki fylgt málstað sveitarfélaganna nú, er sú, að hann telur mína till. of litla réttarbót. Við skulum því leggja saman og flytja hina meiri réttarbót, annaðhvort nú við þessa umr. eða þá þriðju.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Mig undrar, að hæstv. ráðh. skyldi flytja þetta mál inn í þingið. Þessi lög um atvinnuleysistryggingar hafa sérstöðu. Þau eru í raun og veru samningur, löggiltur samningur; það vitum við, sem vorum á síðasta Alþ. Ég tel, að það sé rangt að breyta lögunum, þar til kemur að því, að á að endurskoða þau, sem er 1958. Mig undrar þess vegna dálítið, að hæstv. ráðh. skuli fara inn á þessa braut. Hún er mjög vafasöm að mínum dómi. Þetta er samkomulag, sem gert var. Það má vel vera, að ekkert sé bókað hjá samninganefndinni um þetta. Það er fæst bókað hjá sáttanefndinni, og sáttanefndin má ekki bera vitni í þessu máli. Ég vildi óska, að hæstv. ráðh. vildi fallast á að lofa þessu máli að bíða þennan stutta tíma, þar til endurskoða á lögin.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Mér heyrðist á ræðu hv. þm. V-Sk. (JK), að með frv. þessu væri í raun og veru gengið á samkomulag, sem gert hefði verið í lok verkfallsins 1955. Ég held, að þetta byggist á algerum misskilningi.

Það er alveg rétt, að þetta mál var einn þáttur í því, að sú deila leystist. En allt það, sem máli skipti um samkomulag í sambandi við setningu atvinnuleysistrygginga, er skráð skilmerkilega í inngangskafla að samningsgerðinni allri saman. Þar var ekki undanskilið neitt af því, sem aðilum fannst máli skipta sem samkomulagsatriði, og í þessu efni er það alveg víst, — ég fylgdist það vel með þessari samningagerð allri saman, — að um skipun stjórnarinnar var ekki samkomulag, því að hún var svona skipuð eins og hún er nú samkvæmt lögunum í algerri óþökk Alþýðusambands Íslands og í fullkomnu ósamkomulagi við það. Það er sannleikur, að Alþýðusambandið mundi hafa sætt sig við að eiga einn mann í stjórn atvinnuleysistrygginganna af þremur, en féllst aldrei á það, að það væri réttlæti í því, að verkalýðssamtökin ættu aðeins einn mann af sjö. Það er því alveg augljóst, að þetta var ekki samkomulagsatriði. Stjórnin var skipuð eins og hún er algerlega móti vilja Alþýðusambandsins frá öndverðu.

Þetta frv. er því ekkert annað en það, að alþýðusamtökin nú gera þær sömu kröfur og þau gerðu, þegar lögin voru sett, en fengu þá ekki fram komið, því að stjórnarflokkarnir, sem stóðu að þáverandi stjórn, ákváðu, að ég hygg á eigið eindæmi, að stjórnin skyldi skipuð á þann veg, sem nú er, þannig að verkalýðssamtökin fengju aðeins einn mann af sjö. Ég veit, að það var skoðun ýmissa, að það væru fleiri aðilar, sem þyrftu að koma að fulltrúum í stjórn atvinnuleysistrygginganna, þ. á m. sveitarfélögin og þ. á m. hitt vinnuveitendasambandið í landinu, Vinnumálasamband samvinnufélaganna, en þegar það var komin þarna sjö manna stjórn og Alþýðusambandið hafði aðeins einn, þá hefði orðið a. m. k. að verða níu manna stjórn, og það hygg ég að mönnum hefði fundizt of fjölmenn stjórn yfir sjóðinn. Þá eru Vinnumálasamband samvinnufélaganna og sveitarfélögin alveg utan garðs um þátttöku í stjórninni og alþýðusamtökin með einn.

Það er alveg áreiðanlegt, að Alþingi það, sem nú situr, er því algerlega með óbundnar hendur um það, að það er ekki verið að rjúfa gert samkomulag á neinum.

Hér er aðeins um það að ræða, hvort rétt sé, eins og að var vikið hér áðan, að rýra áhrif Alþingis á skipun stjórnarinnar. Það er rétt, að með samþykkt þessa frv. rýrast áhrif Alþingis á þann veg, að það fær að kjósa fjóra, meiri hluta stjórnarinnar, samkvæmt frv., en hefur fram að þessu haft rétt til þess að kjósa fimm. Ég sé ekki annað en allir stjórnmálaflokkarnir megi vel við það una að fá að kjósa hér á Alþingi sinn manninn hver, einskis flokks réttur fyrir borð borinn með því. Ég sé ekki, að það sé nein höfuðnauðsyn fyrir neinn stjórnmálaflokk að hafa ævinlega tvo menn í stjórn þessa sjóðs.

Þetta er svar mitt við því, hvort rétt sé að rýra áhrif Alþingis að því er snertir skipun þessarar stjórnar.

Þá er það hitt atriðið um jafnrétti atvinnuveitenda og verkalýðssamtaka, vinnuveitendasambands og verkalýðssamtaka. Ég tel, að þetta mál sé svo greinilega réttlætis- og öryggismál verkalýðsstéttarinnar sjálfrar, að þar hljóti menn að viðurkenna, að það er mjög eðlilegt, að þessi stétt manna, sem á öryggi sitt svo mikið undir þessum tryggingum öllum saman, og samtök hennar eigi fyllri rétt á sterkri „representation“ í sjóðsstjórninni en samtök vinnuveitendanna. Þó teldi ég alveg fráleitt að útiloka það, að vinnuveitendasamtökin í landinu gætu komið sínum sjónarmiðum fram í þessari stjórn; ég tel þau eiga rétt á því, og það er líka alveg tryggt.

Um þetta er í raun og veru að ræða. Verkalýðssamtökin mundu þá eiga tvo menn í stjórn þessa

sjóðs af sjö, stjórnmálaflokkarnir allir hver sinn fulltrúa, og sé ég þá ekki annað en að sjónarmið allra geti komið þarna fram í gegnum svo skipaða stjórn nema sveitarfélaganna. Það skal játað, að þeirra hlutur er þarna raunar fyrir borð borinn á þann hátt, að það er ekki tryggt, að sjónarmið sveitarfélaganna komi fram innan sjóðsstjórnarinnar, og ég get fallizt á það sjónarmið. Það á rétt á sér, og það er miður farið. Bæri þó sérstaklega að tryggja rétt þeirra betur en nú er gert með þátttöku þeirri í stjórnunum á hinum einstöku svæðum tryggginganna, og jafnvel ættu þau rétt á því vitanlega að eiga fulltrúa til þess að túlka sín sjónarmið í sjóðsstjórninni sjálfri, heildarsjóðsstjórninni.

Ég tel ástæðulaust að fjölyrða um þetta mál. Þetta er það, sem skoðanirnar eru skiptar um, og mín afstaða er alveg ákveðin á þá lund, að hér sé verið að fullnægja réttlæti eða að stefnt sé í réttlætisátt með því, að verkalýðssamtökin fái tvo í staðinn fyrir einn mann í sjö manna stjórn þessara trygginga.

Það er rétt, sem hv. þm. S-Þ. (KK) tók fram, að það er beint um það samið í stjórnarsáttmálanum, að verkalýðssamtökin skuli fá aukna hlutdeild í stjórn atvinnuleysistryggginganna, og þetta frv. er því í beinu samræmi við það atriði í stjórnarsáttmálanum. Að auka þátttöku verkalýðssamtakanna til áhrifa í stjórn sjóðsins er ekki hægt að gera með smærra skrefi en að auka við einum fulltrúa af þeirra hendi í sjóðsstjórnina. Um það getur því ekki verið að ræða, að hægt sé að finna neina aðra leið til þess að fullnægja þessu samningsákvæði en að bæta við einum fulltrúa verkalýðssamtakanna í sjóðsstjórnina.

Ég vona því, að þetta mál, sem búið er að liggja alllengi fyrir hv. þd., verði nú afgr., svo að hægt sé að tryggja málinu afgreiðslu fyrir jól.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Í ræðu frsm. meiri hl. n., hv. 1. landsk. þm. (AG), voru færð fram þau rök fyrir þessu frv., að það væri fráleitt, að Sjálfstfl. hefði fleiri fulltrúa í þessari stjórn en verkalýðssamtökin. Átti hann þá við það, að eftir núgildandi lögum, þar sem kosnir eru fimm í Alþingi, hefði Sjálfstfl. tvo, og auk þess væri fulltrúi Vinnuveitendasambandsins hlynntur Sjálfstfl., en Sjálfstfl. væri flokkur atvinnurekendanna, eins og hv. þm. orðaði það.

Nú er það að vísu, sem allir vita og þessi hv. þm. einnig, að af kjósendum Sjálfstfl. eru miklu fleiri verkamenn en atvinnurekendur, ef á að telja þá eftir höfðatölu. En látum það liggja á milli hluta. Mér virðist hins vegar, að þessi röksemd sé harla einkennileg, og spyrst fyrir um það, hvort hún sé fram sögð fyrir hönd allra stjórnarflokkanna.

Hv. þm. virðist byggja á því, að fulltrúi Alþýðubandalagsins eins sé fulltrúi fyrir verkalýðinn og svo fulltrúi Alþýðusambands Íslands. Hann virðist þannig ganga út frá því, og á því byggist afstaða meiri hl. n. að verulegu leyti, að þeir fulltrúar, sem Framsfl. og Alþfl. eiga í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs, séu alls ekki fyrir verkalýðinn í landinu. Ég spyr nú fulltrúa Alþfl. hér í þessari hv. d.: Er þetta talað með þeirra samþykki og fyrir þeirra munn, að sá fulltrúi, sem þeir eiga í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs, sé alls ekki fyrir verkalýðinn, heldur fyrir eitthvað allt annað?

Þetta var út af þessari höfuðröksemd hv. 1. landsk. þm. En ég vil til viðbótar því, sem ég sagði hér út af ræðu hv. þm. S-Þ. (KK), þar sem hann andmælti minni till. um, að sveitarfélögin fengju einn mann í stjórn, aðeins bæta þessu við: Ég hafði þá ekki við höndina lögin um atvinnuleysistryggingar, en vildi nú vitna í þau. Ég tel nefnilega, að röksemdir hans fái alls ekki staðizt um það, að þessi brtt. um, að sveitarfélögin fái mann í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs, sé harla lítils virði. Það er sú stjórn, sem á að ávaxta fé sjóðsins. Nú veit hv. þm. S-Þ. það manna bezt, að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, sem hann hefur lengi átt sæti í, hefur hvað eftir annað lagt á það megináherzlu, að sveitarfélögin fengju einhvern aðgang að lánsfé til sinna framkvæmda, og margar samþykktir hljóða um það frá þingum Sambands ísl. sveitarfélaga. Ég hefði því búizt við, að það mætti vera m. a. hlutverk þessa hv. þm. sem ágæts fulltrúa sveitarfélaganna að stuðla að þessu áhugamáli þeirra.

Nú er það víst, að atvinnuleysistryggingasjóðurinn kemur til með að hafa þegar á þessu ári og á næsta ári og jafnan, meðan full atvinna eða allt að því full atvinna er í landinu, milljónatugi til ráðstöfunar. Nú er það stefna hæstv. núverandi ríkisstj. að tryggja fulla atvinnu í landinu, og við skulum því ætla, að hv. núverandi stjórnarflokkar geri ráð fyrir því, að meðan þessi hæstv. ríkisstj. situr að völdum, verði hér næg atvinna, væntanlega næstu ár, kannske út þetta kjörtímabil. Ég býst við, að stjórnin vænti þess að geta lifað eitthvað, a. m. k. nokkur ár enn. Það er því augljóst mál, að stórkostlegar fjárfúlgur verða í atvinnuleysistryggingasjóði. Till. mín um það, að sveitarfélögin fái einn mann af sjö í þessa stjórn, er m. a. byggð á því, að eitthvert tillit yrði tekið til þessara óska sambands sveitarfélaganna, m. a. um ávöxtun þessa fjár, til þess að sveitarfélögin, sem mjög hefur skort lánsfé til margvíslegra framkvæmda víðs vegar um land, gætu þó haft einhverja von um að fá eitthvað af lánum úr þessum sjóðum og að tillit yrði til þeirra tekið. Þess vegna tel ég það stórmál fyrir öll sveitarfélög á landinu, að þessi brtt. mín yrði samþykkt.

Hv. þm. S-Þ., sem tók að sér að andmæla henni, vegna þess að hún gengi allt of skammt, virðist hafa gleymt þessum áskorunum, þessu mikla áhugamáli sambands sveitarfélaga og þinga þeirra. Ég vil nú skora á hann að endurskoða sína afstöðu.

Í 13. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar segir svo, að ef handbært fé verður meira en ætla má nauðsynlegt til greiðslu bóta samkvæmt lögum þessum, er stjórn sjóðsins, — ekki nefndunum heima í héraði, heldur stjórn sjóðsins, heimilt að ávaxta þann hluta fjárins í útlánum eða vaxtabréfum gegn ábyrgð ríkissjóðs eða annarri öruggri tryggingu.

Ég skal ekki fara út í þær deilur, sem hér hafa orðið að öðru leyti um hlutfallið milli Alþýðusambands og Vinnuveitendasambands. Það hefur komið fram hér frá tveim hv. þm., að þeir

telja, að samið hafi verið á þeim grundvelli, að þessir aðilar hefðu jafnmarga fulltrúa. Ég skal ekki fara út í það. En ég vil undirstrika það, að ég tel fullkomið sanngirnismál og nauðsyn, að sveitarfélögin fái hér sinn fulltrúa, sérstaklega þegar þess er gætt, að sveitarfélögin munu á næsta ári greiða milli 9 og 10 millj. kr. í þennan sjóð, jafnmikið og atvinnurekendur og helmingurinn af því, sem ríkissjóður greiðir í þennan sjóð, en ríkissjóður hefur samkvæmt gildandi lögum 5 fulltrúa, eftir frv. 4, sveitarfélögin engan.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 163 felld með 9:6 atkv.

Brtt. 163,1 felld með 10:6 atkv.

— 163,2 kom ekki til atkv.

— 83 felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FÞ, GTh, JJós, JK, SB, SÓÓ.

nei: FS, HermJ, PZ, SE, AG, BjörgJ, BjörnJ, FRV, BSt.

KK greiddi ekki atkv.

1 þm. (HG) fjarstaddur.

1. gr. samþ. með 9:6 atkv.

2. gr. samþ. með 9:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ef um það væri að ræða í sambandi við þetta mál að auka áhrif verkalýðsins raunverulega á stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs, þá teldi ég það horfa nokkuð öðruvísi við heldur en það gerir nú. Af hálfu hv. frsm. meiri hl. við 2. umr. og af hálfu hæstv. félmrh. hefur að vísu verið lögð áherzla á, að málið væri flutt til þess að auka áhrif verkalýðsins á stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég dreg mjög í efa, að þessu sé í raun og veru þannig farið. Sá flokkur, sem fyrst og fremst hefur beitt sér fyrir þessu máli hér á hv. Alþ., kommúnistaflokkurinn, telur sig að vísu ekki aðeins verkalýðsflokk, heldur hinn eina sanna verkalýðsflokk. Þetta kom ákaflega greinilega fram í framsöguræðu hv. 1. landsk. fyrir þessu máli við 2. umr. hér í þessari hv. þd. Hv. þm. sagði um flokk atvinnurekenda, er hann kallaði svo, Sjálfstfl., að það væri mjög óviðkunnanlegt, að hann hefði fleiri fulltrúa í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs heldur en sjálfur verkalýðurinn. Hv. 6. þm. Reykv. benti mjög greinilega á það, hvernig þessi hv. þm. fékk þetta út. Hann fékk það út með því að telja fulltrúa atvinnurekenda í sjóðsstjórninni jafnframt fulltrúa Sjálfstfl. og enn fremur með því að telja hvorki fulltrúa Framsfl. né fulltrúa Alþfl. í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs til fulltrúa verkalýðsins. Sem sagt: Eini fulltrúi verkalýðsins í stjórninni er þá kommúnisti frá stjórn Alþýðusambands Íslands.

Það má hver sem vill lá okkur sjálfstæðismönnum, þótt við lítum með nokkurri tortryggni til máls, sem slíkan rökstuðning hlýtur, ekki aðeins frá frsm. n., heldur og frá þeim hæstv. ráðh., sem að málinu stendur. Ég lýsi því hiklaust yfir, eins og hv. þm. S-Þ. (KK) gerði, að ég tel, að verkalýðurinn eigi að hafa mjög rík áhrif á stjórn slíks sjóðs. Hins vegar er það rétt, sem hv. þm. V-Sk. (JK) einnig benti á, að þessi löggjöf, lögin um atvinnuleysistryggingar, byggist á samningi, sem gerður var milli ríkisvaldsins annars vegar og launþega og vinnuveitenda hins vegar. Það er þess vegna mjög hæpið að breyta þessum samningi svo fljótt, ekki sízt þegar ráð er fyrir því gert í sjálfum lögunum um atvinnuleysistryggingar, að þau skuli endurskoðuð innan tveggja ára.

En ég segi: Enda þótt ég telji, að áhrif verkalýðsins eigi að vera mjög rík á stjórn slíks sjóðs sem atvinnuleysistryggingasjóðs, og enda þótt ég væri jafnvel viðmælandi um það og þá í samvinnu við aðra aðila, sem að þessu máli standa, að auka áhrif verkalýðsins á stjórn sjóðsins, þá tel ég mig ekki ganga raunverulega erinda verkalýðshreyfingar og þess vinnandi fólks í landinu með því að gera það með þeim hætti, sem í þessu frv. er lagt til, vegna þess að á allt þetta verður að líta í ljósi ummæla hv. 1. landsk. og hæstv. félmrh., að það sé ekki til nema einn verkalýðsflokkur í landinu, einn raunverulegur verkalýðsflokkur, að þeirra áliti, þ. e. kommúnistaflokkurinn. Og ég segi hér á hv. Alþ.: Ég vil ekki auka vald þess flokks yfir málefnum verkalýðsins, og ég tel mig ekki vera að ganga erinda verkalýðsins með því að auka vald hans. Þess vegna er ég á móti þessu frv., og þess vegna er það ekkert nema yfirvarp eitt, sem haldið er fram af hv. 1. landsk. og hæstv. félmrh., að hér sé verið að auka raunverulegt vald verkalýðsins. Það er verið að auka vald og áhrif kommúnistaflokksins.

Hv. 1. landsk. sagði, að Sjálfstfl. væri flokkur atvinnurekenda. Hverra flokkur er þá kommúnistaflokkurinn? Er hann flokkur verkalýðsins? Hefur það t. d. komið fram í sambandi við þá atburði, sem hafa verið að gerast mestir og hryggilegastir í heiminum í dag? Hefur það sýnt sig, að allsherjarsamtök verkalýðsins á Íslandi, sem eru í höndum kommúnista, hafi sýnt skilning sinn og samúð sína gagnvart þeim harmleik, sem er að gerast meðal verkalýðs eins lítils lands í heiminum í dag?

Ég segi nei. Alþýðusamband Íslands undir stjórn kommúnista og hæstv. félmrh. hefur eitt allsherjarverkalýðssambanda frjálsra lýðræðisríkja skorið sig út úr, þegar til þess hefur verið leitað til þess að sýna samúð með verkalýð Ungverjalands, sem daglega færir blóðfórnir.

Ég segi: Ég vil ekki hér á hv. Alþ. eiga þátt í því að auka vald samtaka, sem stjórnað er af kommúnistaflokki, sem þannig kemur fram og þannig sannar eins greinilega og hægt er, að það eru ekki hagsmunir og heiður íslenzks verkalýðs, sem liggur honum þyngst á hjarta, heldur stuðningurinn við erlenda ofbeldisstefnu.

Það var ákaflega athyglisvert að heyra ummæli hv. þm. S-Þ. hér áðan. Hann lýsti yfir andstöðu sinni við þetta frv., en sagði síðan: Sem stjórn-

arstuðningsmaður nenni ég ekki að bregða fæti fyrir það. Ég skil hv. þm. S-Þ. mætavel. Undir niðri hjá honum hrærast alveg greinilega sömu hugsanir og hjá mér, að hann finnur, hvaða skollaleik hér er verið að leika.

Því miður hefur hæstv. félmrh. flutt hér inn á Alþ. mál, sem er algerlega pólitískt brellumál. Þetta er engin tilviljun. Hann hefur flutt fleiri slík mál hér inn á hv. Alþ. þann stutta tíma, sem það hefur staðið á þessu hausti.

Ég vildi ekki láta þetta mál fara þannig út úr hv. þd., að mín rödd kæmi ekki til viðbótar við þær, sem áður hafa heyrzt, til þess að túlka skilninginn á þessu. Það, sem er að gerast, er ekkert annað en það, að kommúnistaflokkurinn, sem stjórnar Alþýðusambandi Íslands og notar það í sína pólitísku flokksþágu, er með þessu frv. að gera tilraun, sem heppnast með aðstoð hinna stjórnarflokkanna, til þess að ná einum fulltrúa undir sig, fulltrúa, sem nú er kosinn af Sjálfstfl. á Alþ., og með þessu auðvitað að rýra áhrif Alþingis á stjórn þessa sjóðs.

Í sambandi við það, að Sjálfstfl. sé flokkur atvinnurekenda, þá held ég, að það hnigi öll rök til þess, að það séu fleiri verkamenn á Íslandi, sem kjósa Sjálfstfl. heldur en jafnvel sjálfan hinn eina „sanna“ verkalýðsflokk, kommúnistaflokkinn. Ég hugsa, að það muni a. m. k. ekki miklu. En engu að síður er Sjálfstfl. ekki verkalýðsflokkur, en hins vegar flokkur atvinnurekenda að áliti kommúnista og þeirra málsvara.

Ég álít, að það sé mjög miður farið, að hv. stjórnarflokkar, þ. e. a. s. lýðræðisflokkarnir í ríkisstj., skuli hafa látið kommúnistaflokkinn komast upp með það, að slíkt mál eins og þetta skuli gert að stjórnarfrv., og það mun einhvern tíma síðar koma í ljós, að það er ekki hyggilegt og það er ekki raunverulega í þágu verkalýðsins í landinu að vera að auka áhrif kommúnista og styrkja aðstöðu þeirra eins og gert er með þessu frv.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það var áreiðanlega gert meira af vilja en af mætti hjá hv. þm. N-Ísf. (SB) að mæla gegn þessu frv., því að hann gat ekki komið nálægt málinu á nokkurn hátt, sem það liggur fyrir hv. þd. Hér er ekkert um það að ræða að veita neinum kommúnistaflokki neinn fulltrúa í stjórn þessa sjóðs. Það er um það að ræða, hvort á að færa til fulltrúa frá Sjálfstfl. og til Alþýðusambands Íslands, og ég skil ósköp vel, að hann vilji, að Sjálfstfl., einn allra stjórnmálaflokka, hafi tvo menn í stjórn þessa sjóðs. Ég tel það hins vegar enga nauðsyn og sízt af öllu nauðsyn verkalýðsins. Ég tel það miklu meiri nauðsyn, að Alþýðusamband Íslands hafi tvo fulltrúa í þessari sjóðsstjórn, og tel, að allir muni skilja það nema kannske hv. þm. N-Ísf. Hann talar um kommúnista. Sjálfur er hann fyrrverandi kommúnisti. Hvað djúpt kann að vera orðið á kommúnistanum í honum nú, veit ég ekki, ég hef engin tæki til að mæla það, en kommúnisti var hann og gerir sér þess vegna mjög tíðrætt um kommúnista.

Það er honum enginn stuðningur í sambandi við þetta mál að brigzla Alþýðusambandi Íslands um, að það hafi ekki sýnt Ungverjum samúð, en þá sést bezt, hvað maðurinn er kominn langt frá málefninu. Ég efast um það, að Sigurður Bjarnason hafi í orði eða verki sýnt Ungverjum meiri samúð en Alþýðusamband Íslands, og það er bezt, að hann leiði einhverjar líkur að því, áður en hann fleiprar hér á hv. Alþingi um samúð sína og samúðarskort annarra í þeim efnum.

Hann fór hér með bein ósannindi, þegar hann sagði, að Alþýðusamband Íslands eitt allra sambanda frjálsra verkalýðsfélaga hefði haft sig undan því að stofna til vinnustöðvunar þann 8. nóv., þegar alþjóðasamband frjálsra verkalýðsfélaga hefði farið fram á það. Það er rétt, að Alþýðusamband Íslands gat ekki orðið við þeim tilmælum, þegar af þeirri ástæðu, að beiðnin um þetta kom síðari hluta dags þann 7. nóv. í hendur Alþýðusambandsstjórnar og þessi ráðstöfun átti að vera komin til framkvæmda fyrir hádegi daginn eftir. En þá nokkuð mörgum dögum áður hafði miðstjórn Alþýðusambands Íslands ótilkvödd utan frá gert samþykkt um það einróma að veita 15 þús. kr. úr sjóðum sínum til Ungverjalandssöfnunarinnar, sem þá var að hefjast undir merkjum Rauða krossins, og veit ég ekki til, að nein önnur félagasamtök á Íslandi hafi verið búin að sýna Ungverjum samúð í verki á undan Alþýðusambandi Íslands. Ég gæti bezt trúað, að hv. þm. N-Ísf. hafi ekki verið búinn að opna sína pyngju, ef ég þekki hann rétt.

Ég hef hérna fyrir framan mig tímarit Alþýðusambands Svíþjóðar, hefti frá 16. nóv. Þar byrjar forsíðugreinin á þessa leið: „Fria Fagföreningsinternasjonalen har riktat en maning til de anslutna medlemsorganisasjonarna i olika länder att vid 12-tiden torsdagen den 8. november företa en 5-minuter lång proteststrejk mot det ryska övervåld Ungern utsatts för. LO's styrelse behandlade denna fremställningen den 7. november, men slöt att ersätta den föreslagna formen för protest med ett mer reelt stöd. I stället för en 5-minutestrejk sätter LO i gång med en insamling av ekonomiska resurser till hjälp åt det ungerska folket.“ M. ö. o.: Það er verið að saka Alþýðusamband Íslands um hér, að það hafi, vegna þess að það séu kommúnistar, sem ráða í Alþýðusambandi Íslands, ekki sett í gang 5 mínútna verkfall fyrir hádegi þann 8. nóvember, en hér er það upplýst af aðalmálgagni sænska alþýðusambandsins, að það varð ekki heldur við beiðni alþjóðasambands frjálsra verkalýðsfélaga, en ákvað eins og Alþýðusamband Íslands að svara þessum tilmælum — það höfðum við þá þegar gert — með raunhæfari aðgerðum, þ. e. a. s. með fjársöfnun og fjárframlögum, og við höfðum þá beint því til blaðanna að flytja félögum innan Alþýðusambands Íslands þau boð, að Alþýðusambandið óskaði, að verkalýðsfélögin innan Alþýðusambandsins beittu sér fyrir fjársöfnun. Nákvæmlega það sama gerir sænska verkalýðshreyfingin, og við fáum fyrst vitneskju um það, eftir að búið er að skamma okkur og svívirða í margar vikur, að þetta var svona.

Annaðhvort hefur hv. þm. N-Ísf. ekki vitað um þetta ellegar hann hefur sagt ósatt vísvitandi í

þessu máli, þegar hann sagði, að Alþýðusamband Íslands, eitt allra fagsambanda innan frjálsa alþjóðasambandsins, hefði ekki orðið við tilmælum í þessu formi, því að sænska sambandið hefur sannarlega hagað sér þarna nákvæmlega á sama hátt, og stend ég í þeirri meiningu, að á raunhæfari hátt sé tjáð samúð með Ungverjum á þennan hátt heldur með samþykktri yfirlýsingu. Auk þess hefur Alþýðusamband Íslands á sínu þingi samþykkt samúðaryfirlýsingu vegna Ungverjalandsmálanna, þeirra hörmunga, sem þar hafa dunið yfir þá þjóð, í einu hljóði, ekki eitt einasta mótatkvæði.

Mér þykir það því næsta furðulegt, að enn þá skuli reynt að koma upp með það í sambandi við þetta mál, að Alþýðusamband Íslands hafi ekki sýnt ungversku þjóðinni samúð í raunum hennar.

Ég tel ástæðulaust að fjölyrða um þetta mál. Efni þess er, að það er hér um það að ræða, að stjórnmálaflokkarnir allir eigi áfram sinn fulltrúann hver í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs. Sjálfstfl. missir að vísu einn fulltrúa við þessa breytingu. Hann einn stjórnmálaflokkanna átti þar tvo. Hins vegar er breytingin sú, að Alþýðusamband Íslands fær aftur tvo fulltrúa í stjórn þessa sjóðs og skiptir þannig hlutverkum við Sjálfstfl., og ég spyr, hvort nokkur telji Sjálfstfl. sem slíkan réttbornari til þess að eiga tvo fulltrúa í þessari 7 manna stjórn heldur en verkalýðssamtökin sjálf. Ef hægt er að leiða rök að því, þá gæti ég trúað, að það hefði áhrif á afstöðu þingmanna.

Í dag var aðallega talað um, að það bæri að harma, að sveitarfélögin hefðu ekki fulltrúa í þessari stjórn, þar sem þau legðu fram fé til sjóðsins. Undir þetta var tekið, m. a. af mér, að það væri þó miklu nær sanni, að sveitarfélögin hefðu þar fulltrúa. En það hefur ekki alltaf verið hugsað um þetta. Ég veit ekki annað en að sveitarfélögin borgi miklar upphæðir í almannatryggingarnar. Ég hef aldrei heyrt talað um af neinum, að það væri talin nauðsyn, að það væru beinir fulltrúar frá sveitarstjórnum í tryggingaráði.

Það var hv. 6. þm. Reykv. (GTh), sem bar sérstaklega sveitarfélögin fyrir brjósti, en það er nú staðreynd, að hann kannske einn allra sveitarstjórnarmanna var einmitt til kvaddur í sambandi við lausn verkfallsins. Þegar þessar tryggingar voru stofnaðar og þáverandi ríkisstj. ákvað, hvernig stjórnin skyldi skipuð, hafði hann engan áhuga á því, að sveitarstjórnirnar hefðu þar fulltrúa. Nú er áhuginn vaknaður. Hann einn hefði þá haft einmitt aðstöðu til sem einn af leiðandi mönnum Sjálfstfl., sem þá var í stjórnaraðstöðu, að koma hagsmunum sveitarfélaganna að. En eins og fyrri daginn, þegar Sjálfstfl. er ekki lengur í stjórn, þá fer hann að sjá það, sem hann hefði kannske talið sig eiga að gera; eins og flokkurinn, sem hafði ekki rænu á því, vilja á því eða áhuga fyrir því að kaupa nokkurn togara til landsins í 8 ár, meðan hann var í stjórn, fær allt í einu brennandi áhuga á því að kaupa tuttugu, — þá voru það ekki fimmtán, heldur tuttugu, þegar hann er ekki lengur í stjórn. Svona er samhengið hjá þessum flokki, og ég vissi, að það mátti einmitt vænta þess af hv. þm. N-Ísf., að hann yrði í einu og öllu málsvari þess að spila plötu tvöfeldninnar, eins og hann hefur gert hér.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Það fór nú hálfilla fyrir hæstv. félmrh. í þessari ræðu sinni. Hann ætlaði sér að afsanna snarlega þá fullyrðingu mína, að undirtónn þessa frv. væri pólitísks eðlis, sem sagt, að hann væri ekki fyrst og fremst að hugsa um áhrif verkalýðsins, heldur hagsmuni kommúnista. Hæstv. ráðh. sagði í upphafi máls síns, að með þessu frv. væri ekki verið að gera nema ákaflega einfaldan hlut, það væri verið að færa til fulltrúa frá Sjálfstfl. til Alþýðusambands Íslands. Þarna er þó a. m. k. verið að taka fulltrúa af pólitískum flokki, Sjálfstfl., og fá í hendur Alþýðusambandi Íslands, segir hæstv. ráðh., — ég segi: pólitískum samtökum, sem notuð eru af kommúnistaflokknum á harðsvíraðri pólitískan hátt en nokkur önnur samtök í landinu.

Hæstv. ráðh. hefði þess vegna getað orðað þetta enn greinilegar með því að segja, að með þessu frv. væri ekki verið að gera neitt annað en að færa til fulltrúa frá Sjálfstfl. til kommúnistaflokksins. Þá hefði hann sagt sannleikann allan.

Hann á alltaf dálítið erfitt með sannleikann, þeim kemur aldrei verulega vel saman, sannleikanum og hæstv. ráðh. Hæstv. ráðh. á vanalega erfitt með það, þó að hann jafnvel langi til þess að segja sannleikann allan, þá kemst hann aldrei meira en upp í svona helming, kannske 75%, og hann hefur, held ég, í þessu tilfelli komizt upp í 75%. En það þýðir það, að sannleikurinn er sá, sem ég hef haldið hér fram, að það er ekki verið að gera neitt með þessu frv. annað en það, að lýðræðisflokkar ríkisstj. eru að hjálpa kommúnistaflokknum til þess að taka einn fulltrúa af Sjálfstfl. í stjórn þessa sjóðs. Það er þetta, sem ég harmaði og taldi að þessir flokkar mundu einhvern tíma einnig fá ástæðu til að sjá eftir að hafa gert.

Hæstv. ráðh. spurði, hvort Sjálfstfl. ætti einhvern sérstakan rétt á því að eiga einn allra stjórnmálaflokka 2 fulltrúa í sjö manna stjórn, sem Alþ. kýs fimm menn af. Hvers vegna á Sjálfstfl. sérstakan rétt á 2 fulltrúum, eða átti, þegar kosið var, og á enn? Vegna þess að hann er langsamlega stærsti stjórnmálaflokkurinn í þjóðfélaginu. Það stendur meira en helmingi fleira fólk á bak við Sjálfstfl. heldur en flokk hæstv. félmrh. Engu að síður er lýðræðisþroski hæstv. ráðh. ekki meiri en svo, að hann kemur og segir: Ég vil ekki fá jafnmarga fulltrúa og Sjálfstfl., heldur fleiri. Hann vill fá einn kosinn af Alþ., eins og hann hefur, og hann vill fá tvo kosna hjá Alþýðusambandi Íslands, því að auðvitað ætlar hæstv. ráðh. kommúnistaflokknum þessi áhrif. Það getur vel verið, að þessi ummæli mín hér og ábendingar um, hvað hæstv. ráðh. hafi í huga, verði til þess, að Alþfl. fái annan fulltrúann. En ég gæti bezt trúað, að vesalings Alþfl. ætti mér það upp að unna, vegna þess að ég hef vakið athygli á þeim slæma tilgangi hæstv. ráðh. með frv. Ég er ekki að segja, að ég sé neinn hjartnanna og nýrnanna rannsakari, þó að ég sjái þetta. Við hittumst ekki hér í fyrsta skipti í dag, ég og hæstv. félmrh., við þurfum ekkert að

gegnumlýsa hvor annan, býst ég við. Ég þarf ekki gegnumlýsingartæki til þess að vita, hvað fyrir hæstv. ráðh. vakir. Ég sé það á honum, og ég finn það á till. hans. Þær eru nefnilega skýrar í þessu tilfelli. Það getur engum dulizt.

Það er náttúrlega utan við þetta mál, sem ég þó minntist á í ræðu minni hér áðan, að Alþýðusamband Íslands undir forustu kommúnista og hæstv. félmrh. hefði gert sér mjög til minnkunar og farið allt öðruvísi að en verkalýðssamtök í öðrum frjálsum lýðræðislöndum í sambandi við Ungverjalandsmálin. Það vita allir hv. þm. a. m. k., að það er yfirvarp eitt hjá hæstv. ráðh., þegar hann segir, að beiðnin um samúðaryfirlýsingu við Ungverja hafi borizt of seint til þess, að þetta væri framkvæmanlegt. Vinnustöðvunarbeiðnin barst ekkert seinna til Alþýðusambands Íslands en til almennings og til fjölda annarra samtaka í landinu, sem tóku þátt í því hléi, sem gert var á störfum. Alþýðusambandið hafði betri aðstöðu til þess en flestir aðrir með sínu stóra trúnaðarmannakerfi og sínu sambandi við verkalýðsfélögin í landinu og starfsliði sínu og stórri skrifstofu hér í Reykjavík. Þetta er ekkert nema fyrirsláttur hjá hæstv. ráðh., vegna þess að hann vill breiða yfir það, að hann var að ganga erinda kommúnistaflokksins, hins alþjóðlega kommúnisma, sem er að murka lífið úr ungversku þjóðinni í dag. Ég skil, að hæstv. ráðh þyki það leiðinlegt, að allir skuli vita þetta, en það er ekki hægt að breiða yfir það.

Svo ætlar hann að fara að slá sig til riddara á því, að sænska alþýðusambandið hafi haft sama hátt á. Þetta leyfir hæstv. ráðh. sér að segja, vitandi það, að a. m. k. margir hv. þm. hafa lesið sænsk blöð og fylgzt með sænskum málum og vita, að verkalýðssamtök um gervalla Svíþjóð efndu til mótmælaaðgerða og vinnustöðvana, hvert í sínum byggðarlögum, að vísu ekki öll á sama tíma, til þess að mótmæla gerræði og blóðfórnum kommúnismans í Ungverjalandi. Svo stendur hæstv. ráðh. hér upp og ætlar með einhverju gömlu blaði að sanna það, að verkalýðssamtökin í Svíþjóð hafi haft sama hátt á og Alþýðusamband Íslands undir forustu kommúnista. Ég segi, að mér þykir nú skörin færast upp í bekkinn, þegar slíkum rökum er beitt. Nei, verkalýðssamtökin sænsku höfðu sannarlega allt annan hátt á heldur en Alþýðusamband Íslands undir forustu kommúnista. Það getur hver og einn einasti maður sannfært sig um, sem lítur í blöðin frá þeim dögum.

Það þarf ekki heldur að fara neitt í grafgötur um það, með hverjum aðalmálgagn þessa hæstv. ráðh. hefur staðið. Ég veit ekki betur en það hafi verið ræður og bréf kvislingsins, sem nú stjórnar Ungverjalandi fyrir hönd Rússa og stjórnar aftökunum og blóðfórnunum þar, sem hafa verið birt um skeið daglega í blaði hæstv. ráðh., Þjóðviljanum. Það taldi sér skylt að túlka málstað morðingjans. Það þýðir ekkert að vera að breiða yfir svona hluti. Þetta eru staðreyndir, sem blasa við allri íslenzku þjóðinni. Vitanlega eru kommúnistar hér dauðhræddir við þetta og vita, að það er að hrynja af þeim fylgi vegna þessara hryllilegu atburða og vegna þess að grímán hefur fallið af smetti alheimskommúnismans, og sé hún ekki endanlega fallin af hæstv. félmrh., þá á hún eftir að gera það innan skamms, þannig að það villist enginn á því, hvers konar andlit hann og flokksmenn hans bera.

Hitt skil ég svo mætavel, að mínum gamla félaga og andstæðingi, hæstv. félmrh., finnst allmikill heiður að því að geta a. m. k. sagt frá því, þó að það sé alveg ósatt, að ég hafi einhvern tíma verið kommúnisti. (Gripið fram í.) Það er ósköp eðlilegt, að hæstv. ráðh. vilji toga einstaka heiðarlegan mann yfir á snæri kommúnista. Ég fyrirgef honum það alveg, enda þótt ég segi hv. þd. það, að hann hafi þarna „forgripið“ sig á sannleikanum, eins og stundum hefur hent hann fyrr.

Varðandi svo hitt, sem hæstv. ráðh. klykkti nú út með, að Sjálfstfl. hefði ekki haft áhuga fyrir að kaupa togara fyrir Íslendinga og þá náttúrlega sérstaklega ekki fyrir fólk úti um land, en nú allt í einu fengi hann þennan áhuga, þegar hann væri kominn í stjórnarandstöðu, vil ég segja þetta:

Ég álít, að hæstv. ráðh. ætti seinastur af öllum mönnum að fara að tala um togara. Ég segi það alveg eins og er. Við komum báðir úr sama byggðarlagi. Við höfum báðir verið þar bæjarfulltrúar, báðir haft þann heiður að vera forsetar bæjarstjórnar þar, á Ísafirði, báðir haft þann heiður að vera viðriðnir togaramál. Hæstv. ráðh. hefur verið riðinn við þau á þá lund, að hann hafði forustu um það, þegar hann réð í bæjarstjórn þessa litla byggðarlags, að selja burt eina togarann, sem byggðarlagið átti, og selja hann hvert? Til Reykjavíkur. (**Félmrh.**: Og hver seldi Reykjavík hann?) Útgerðarmenn í Reykjavík áttu hann hér lengi vel, allt stríðið, og græddu á honum. Hæstv. ráðh. lofaði sjómönnum á Ísafirði því, þegar þessi togari var seldur, að fyrir andvirði hans skyldu keyptir annað hvort 20 bátar á stærð við samvinnufélagsbátana, sem voru 40 tonna bátar, eða 40 bátar á stærð við „Dísirnar“, sem voru 15—20 tonna bátar. Hæstv. ráðh. seldi togarann burt frá Ísafirði, frá fólki, sem vantaði atvinnu, til Rvíkur, til manna, sem þar notuðu hann allt stríðið og græddu á honum. Þetta var á hápunkti stríðsgróðatímabilsins. Þetta var ekki á því tímabili, þegar menn voru farnir að tapa á togurum. Umhyggja hæstv. ráðh. fyrir fólkinu í sínu plássi, sínu kjördæmi síðar, var þá ekki meiri en þetta, að hann seldi skipið burt. Hvers vegna er svo hæstv. ráðh. að minnast á togara og það við mig, sem hann veit að átti þó nokkurn þátt í því að útvega þessu sama byggðarlagi tvo nýtízku togara, að vísu eftir að menn voru farnir að tapa á togaraútgerð?

Ég álít, að hæstv. ráðh. hafi eins og stundum áður nefnt snöru í hengds manns húsi, en það er nú hans yfirsjón, hans eilífa yfirsjón, að nefna það helzt sem sízt skyldi.

Ég skal ekki fara að rifja upp þær umr., sem hafa farið hér fram undanfarið um togarakaup og hæstv. ráðh. hefur ekki heyrt hér í hv. þd., vegna þess að hann hefur ekki verið hér viðstaddur. En í þeim umr. var það sannað eins rækilega og á verður kosið, að Sjálfstfl. hefur haft forustu um kaup þeirra togara, sem nú eru í landinu, svo að segja allra. Það var þess vegna ekki í neinu

ósamræmi við fyrri stefnu Sjálfstfl., að ég og hv. þm. Vestm. fluttum brtt. um það við frv. ríkisstj. um togarakaup o. fl., að togurunum skyldi fjölgað úr 15 í 20. Við færðum rök að því, að það hefði verið skynsamlegra að veita ríkisstj. þessa heimild, því að þetta er þó einu sinni ekki nema heimild. Ef ríkisstj. fannst of mikið að fá heimild til þess að kaupa 20 skip, þá gat hún bara látið smíða 15. Hún var ekkert skyldug til þess. En hæstv. ríkisstj. vildi ekki einu sinni hafa heimildina til þess að láta smíða 20 skip. Ég býst við, að hæstv. ráðh. hafi átt sinn þátt í því að móta þá afstöðu ríkisstj., að heimildin mátti ómögulega ná til nema 15 skipa, þó að það væri ekkert verið að skylda ríkisstj. með minni brtt. og okkar hv. þm. Vestm. til þess að kaupa 20 skip. Það var bara verið að veita henni heimild. Það var verið að rýmka heimild hennar til þess að láta endurnýja togaraflotann og leysa atvinnuþörf þess fólks, sem vantar atvinnutæki víðs vegar um land.

Ég endurtek svo það, að þetta frv., sem hér liggur fyrir til umræðu, er ekki flutt sem réttlætismál fyrir verkalýðshreyfinguna, eins og hæstv. ráðh. vill vera láta. Hann hefur nú lýst því yfir, að það sé flutt til þess að færa fulltrúa frá Sjálfstfl. yfir til kommúnistaflokksins. Þessi yfirlýsing stendur og þar með mín rök gegn þessu máli.

Forseti (BSt): Mér þykja nú umræðurnar vera farnar að ganga nokkuð á víð og dreif. Það er hvorki togarakaup né striðið í Ungverjalandi hér til umræðu, heldur frv. um atvinnuleysistryggingar.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er enginn vafi á því, að þessar umr. hefur borið fyrst til Ungverjalands og svo vestur á Ísafjörð, af því að rök í málinu sjálfu voru ekki nærtæk. Það dylst vafalaust engum. Hins vegar fannst mér ekki rétt annað en að leiða hér fram óyggjandi vitni um það, sem hv. þm. N-Ísf. hafði sagt ósatt varðandi Alþýðusamband Íslands í sambandi við Ungverjalandsmálið, og þótt hann kalli það hér gamalt blað sem ómerkilega sönnun í þessu máli, þá er þetta, eins og ég áðan sagði, tímarit sænska alþýðusambandsins, útgefið núna þann 16. nóv., og þar er þessi afstaða sænska alþýðusambandsins rædd. Ég hefði vænzt þess, að ef hv. þm. N-Ísf. væri maður, sem ætti samleið með sannleikanum, þá hefði hann eftir að hann hafði fengið vitneskju um þetta, beðið afsökunar á þeim ósannindum, sem hann hafði borið á Alþýðusamband Íslands, en þau voru þessi, að Alþýðusambandið eitt allra fagsambanda innan hins frjálsa alþjóðasambands verkalýðsfélaganna hefði ekki beitt sér fyrir fimm mínútna vinnustöðvun. En hv. þm. N-Ísf. lét það rétt vera að biðja afsökunar á þessum ósannindum sínum, þó að hann talaði hér áðan, og sannaði það, að hann er svo sem ekki alltaf meðreiðarmaður sannleikans. Undantekning var a. m. k. gerð núna frá því.

En þegar Ungverjaland hafði ekki gefizt vel sem þáttur í umr. um þetta litla frv. hér, þá vék hann sér í Viðeyjarklaustur, þá vék hann sér vestur á Ísafjörð og fór að segja sögur af því, að ég hefði ráðstafað í burtu togara, sem þar hefði verið, vitanlega jafnfjarstætt þessu máli. Sannleikurinn var sá, að Ísafjarðarkaupstaður og ýmsir borgarar þar höfðu keypt gamlan togara, og þegar hann hafði verið rekinn þar um skeið, þótti sýnt, að þetta skip væri ekki til frambúðar, og hann var seldur til Reykjavíkur, og frá Reykjavík var hann seldur til Englands. Þá segir þessi hv. þm., meðreiðarmaður sannleikans, að ég hafi lofað í staðinn að kaupa allt upp í 40 vélbáta til bæjarins í staðinn, — alger uppspuni, sem þessi hv. þm. er búinn að margendurtaka og kannske farinn að trúa að sé sannleikur. En þegar hann var að skrökva þessu í Vesturlandi í nokkur ár í röð, meðan hann var ritstjóri þess blaðs, þá sagði hann alltaf, að Guðmundur Hagalín hefði lofað 40 bátum í bæinn. Nú er það orðið ég. Það er nýjasta útgáfan af sannleikanum hjá honum. En það var jafnósatt um Guðmund Hagalín eins og mig, að við hefðum lofað 40 vélbátum í bæinn í staðinn fyrir gamla togarann, sem var seldur í burt. Það næsta, sem við gerðum þar á eftir, var að beita bæjarstjórn Ísafjarðar fyrir því máli, að Ísafjarðarkaupstaður gerðist kaupandi að tveimur nýjum togurum, og það bera gerðarbækur bæjarstjórnar Ísafjarðar með sér, að það er undir meiri hl. Alþýðuflokksins, sem gerðar eru samþykktirnar um, að Ísafjarðarbær reyni að fá tvo nýja togara. Við fengum ekki nema einn í fyrstu lotu, og það var fyrst miklu síðar, að við fáum annan, en það er hvort tveggja á grundvelli þeirrar samþykktar, sem við gerðum um að fá tvo nýja togara í staðinn fyrir þann gamla, sem seldur var.

Hv. þm. N-Ísf. þarf ekkert að státa, hvorki í sambandi við togarakaup né bátakaup til Ísafjarðar, því að hann hefur í engu líku tekið þátt. Íhaldið stóð lengst af bak við búðarborð á Ísafirði og lét það vera að láta hendur standa fram úr ermum í sambandi við atvinnulífið í þeim bæ. Jú, það var svo, að einn óvenjulega dugandi íhaldsmaður tók sig til og beitti sér fyrir stofnun togarafélags, hlutafélags um vélbátaútgerð, en hver varð endirinn á þeirri útgerð. Það er landsfrægt, það ætti skilið að verða heimsfrægt. Útgerðarmaðurinn fór til Grænlands með sína báta, af Grænlandsmiðum strauk hann til Newfoundland með alla bátana, og bátarnir voru seldir þar. Það varð endirinn á útgerðarsögu íhaldsins, og þetta var einmitt um þær mundir, þegar hv. þm. N-Ísf. státaði sem forseti bæjarstjórnar Ísafjarðar. Þetta er útgerðarsagan hans og flokksins hans. Nei, það voru engir 40 bátar, sem þeir keyptu. Þeir ráðstöfuðu þeim bátum, sem þeir áttu, til annarra landa og struku úr landi.

Ekki er þetta betri reisa, þessi Vestfjarðareisa hv. þm. N-Ísf., heldur en Ungverjalandsförin hans áðan, en ég er alveg sannfærður um það, að þessi meðreiðarmaður sannleikans hefur ekki mannlund í sér til þess að biðja afsökunar á þessum ósannindum sínum, sem hann er afhjúpaður af nú, frekar en þeim fyrri.

Ég get ekki gert að því, þó að hann geti ekki gert greinarmun á kommúnistaflokki og Alþýðusambandi Íslands og tali svo um kjósendatölu

Alþýðubandalagsins í sömu andránni sem hann er að tala um Alþýðusambandið og einhvern kommúnistaflokk. En ég kemst þó ekki hjá að leiðrétta þarna enn eitt: Alþýðusamband Íslands hefur nú rétt um 29 þúsund félagsmenn, og það er í umboði þeirra, sem Alþýðusambandið fer fram á að eiga tvo menn í sjö manna stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs, og ég tel, að sú krafa sé mjög réttilega rökstudd með þessari háu félagatölu Alþýðusambands Íslands.

Ég hélt nú einmitt, að hv. þm. N-Ísf. hefði góðar taugar til Alþýðusambands Íslands, en það virðist eins og hann megi ekki heyra það nefnt. Einu sinni var hann þó í stéttarfélagi. Hann var einu sinni í Sjómannafélagi Ísfirðinga, en var rekinn þaðan.

Það, sem hér stendur þá eftir og nær væri, einmitt að ósk forseta, að tala um, er þetta: Hvort er réttmætara, að Sjálfstfl. einn allra stjórnmálaflokka eigi tvo fulltrúa í sjö manna stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs, eða er það eins sanngjarnt eða jafnvel sanngjarnara, að Alþýðusamband Íslands með sína 29 þús. meðlimi eigi tvo menn í stjórn atvinnuleysistryggginganna? Ég tel það síðarnefnda réttmætara, og á því byggist það, að það er ekki neitt brellumál, heldur réttlætismál, sem hér er flutt. Og ég vænti þess, að þegar hv. þm. N-Ísf. athugar sinn gang betur, kemur heim frá Ungverjalandi og heim úr þessari seinustu Vestfjarðaför, þá styðji hann einmitt réttlætismálið og geri sér ljóst, að það er ekkert brellumál hér á ferðinni.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég skil vel, að hæstv. forseta finnist nokkuð farið út fyrir efnið í þessum umr., en hæstv. félmrh. hefur í sinni síðustu ræðu gefið mér tilefni til þess að gera örstutta athugasemd. Vænti ég, að hæstv. forseti virði mér til vorkunnar, þó að ég fari þar nokkuð út fyrir efnið að gefnu tilefni.

Hæstv. ráðh. bar nú fyrir sig í fyrsta skipti 29 þús. félagsmenn í Alþýðusambandi Íslands. Nú hefur hæstv. ráðh. bersýnilega áttað sig á því, að hann hljóp á sig í fyrri ræðu sinni, þar sem hann lýsti því yfir, að með þessu frv. væri hreinlega um það að ræða að flytja einn fulltrúa í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs frá Sjálfstfl. yfir til kommúnistaflokksins, en að nafninu til yfir til Alþýðusambandsins. Nú kemur hann hér og hampar 29 þús. félagsmönnum í Alþýðusambandi Íslands.

Ég tók það fram í minni fyrstu ræðu hér, að ég ynni verkalýðssamtökunum og verkalýðnum í landinu vissulega ríkra áhrifa á stjórn þessa sjóðs, en ég tel það skaðlegt, að kommúnistaflokkurinn hafi þar mikil áhrif, og ég treysti ekki núv. stjórn Alþýðusambands Íslands og hæstv. félmrh., sem skipar þar forsæti. Það vil ég láta koma alveg tvímælalaust fram, að til þeirrar stjórnar ber ég ekkert traust.

Hæstv. ráðh. klykkir nú út með því að skýra frá því, að ég hefði verði rekinn úr Sjómannafélagi Ísfirðinga. Þetta er alveg rétt, eitt af því fáa rétta, sem hann hefur sagt í þessum ræðum. En hvernig skyldi nú hafa staðið á því? Ég vil segja hv. þd. frá því. Það er að vísu spaugilegt mál, það stóðu yfir umræður hér á Alþingi nokkru fyrir páska, m. a. um Grænlandsútgerð eins ísfirzks útgerðarmanns. Það var farið þannig með staðreyndir í sambandi við það mál, að ég taldi mér skylt að taka þar til máls og segja söguna eins og ég vissi hana sannasta og réttasta. Hæstv. núv. félmrh. og flokksmenn hans voru svo reiðir við mig út af þessum ummælum mínum, að þeir flýttu sér vestur í páskafrí. Ég veit ekki, hvort þeir hafa gert það á morgni upprisunnar eða einhverjum öðrum morgni, að þeir boðuðu til fundar í Sjómannafélaginu til þess fyrst og fremst að fá Sigurð Bjarnason rekinn úr Sjómannafélaginu. Þar var flutt till. um það og samþ. með — held ég — innan við 10 atkv., og ef mér hefur verið rétt sagt frá, þá sátu 20 hjá og einhverjir greiddu atkv. á móti.

Þetta er frægasti sigur, sem hæstv. félmrh. hefur unnið á Ísafirði lengi vel, og ég óska honum til hamingju með hann. En slík ógn stóð hæstv. félmrh. af þátttöku minni í verkalýðsfélagi, að hann tók sér far á morgni upprisunnar vestur til Ísafjarðar til þess að fá mig rekinn úr félaginu. Ég hafði borgað árgjald mitt til þessa verkalýðsfélags, vegna þess að ég hafði þurft að vera í því og með glöðu geði gengið í það sem ungur maður, þegar ég stundaði sjó á námsárum mínum, eins og ég vænti að hæstv. félmrh. hafi einhvern tíma gert. En mér hefur aldrei staðið slík ógn af honum, að ég hafi talið það ómaksins vert að brjótast inn í þau verkalýðsfélög, sem hann hefur átt innangengt í, og leggja fram till. um það, að hann yrði rekinn þaðan. Það er fjarri því. **(Félmrh.:** Ég átti engan hlut að því.) Hæstv. ráðh. má ekki vera að gera sannleikanum meiri skráveifur en hann þegar hefur gert í þessum umræðum. Hæstv. ráðh. veit það, að hann fór beinlínis þeirra erinda til Ísafjarðar að fá mig rekinn úr þessu stéttarfélagi.

Það er svo alveg dæmalaus óskammfeilni hjá hæstv. ráðh., þegar hann ætlar að halda því fram, að hann hafi engan hlut átt að því, að togarinn Skutull var seldur burt frá Ísafirði. Hann var sjálfur í bæjarstjórn. Að vísu var Guðmundur vinur minn Hagalín þá forseti bæjarstjórnar. Ég veit ekki betur en að Alþýðuflokkurinn hafi staðið óklofinn að því, og ég veit ekki betur en það hafi verið blað, sem hæstv. félmrh. var ritstjóri að, sem hélt því einmitt fram, að í staðinn fyrir þennan eina togara ætti svo sem ekki að verða skarð fyrir skildi, því að þaðan ættu annaðhvort að koma 40 15—20 tonna bátar eða 20 40 tonna bátar. Ef hæstv. ráðh. vill fletta upp í sínu gamla blaði, Skutli, árið 1942, ef ég man rétt, þá stendur þetta í blaðinu alveg skýrum stöfum, og einn góðan veðurdag er ég til með að koma með þessa postillu til hans og lesa þetta yfir hæstv. ráðh., ef hann er búinn að gleyma því, sem ég veit að hann er nú ekki, því að hann er hýsna minnugur á þá hluti, sem hann þarf að muna, þó að honum finnist einstaka sinnum, að hann verði að gleyma þeim. Eftir að hæstv. ráðh. og flokkur hans höfðu selt þennan eina togara úr bænum til Faxaflóasvæðisins, sem hv. stjórnarliðar hafa verið að tönnlast á að ekki þyrfti á togurum að halda núna, — eftir að þeir höfðu selt þennan togara til Faxaflóasvæðisins og eftir að togaraútgerðarmenn í Reykjavík höfðu í mörg ár grætt

á honum mikið, þá voru það sjálfstæðismenn, sem keyptu togara til Ísafjarðar, og það var undir forustu okkar sjálfstæðismanna, sem tvö skip voru keypt til Ísafjarðar. Svo kemur hæstv. ráðh. núna og ætlar að stinga þessari fjöður í sinn hatt.

Ég get ekki stillt mig um að segja hv. þd. frá því, áður en ég lýk máli mínu, að þegar hæstv. félmrh. seldi þennan togara, þá seldi hann ekki bara togara. Hvað haldið þið að hann hafi selt með? Hann seldi peninga með. Hann seldi stórkostlega sjóði með. Það var svo sem ekki verið að gera illa við togaraútgerðarmenn í Reykjavík, sem fengu togarann frá alþýðunni á Ísafirði, sem vantaði útgerðartæki. Togaraútgerðarmönnum í Reykjavík, sem fengu togarann, voru seldir peningar með; ég man ekki, hvort það var yfir 300 þúsund, en það var á þriðja hundrað þúsund krónur, sem var bundið í byggingarsjóði skipsins. Og svo er látið líta út nú, að þetta hafi verið einhver ónýtur ryðkláfur, sem helzt hefði ekki verið hægt að fara á sjó á. Þeir sögðu meira að segja, flokksmenn hæstv. ráðh., að þeir seldu nú eiginlega skipið vegna þess, að það væri orðið svo illa sjófært, að þeir vildu ekki bera ábyrgð á því að láta það ganga frá Ísafirði. En hvað haldið þið að þeir hafi gert? Þeir gerðu það að skilyrði fyrir sölunni, að a. m. k. í eitt ár mættu ísfirzkir sjómenn vera á skipinu. Samt létu þeir liggja að því, að það væri orðinn fúadallur, sem mundi sökkva. Hvaða heil brú er nú í þessu öllu saman?

Ég hygg þess vegna, að hæstv. ráðh. hefði ekki átt að innleiða umræður um togara hér á hv. Alþ., og ég endurtek: Þessi hæstv. ráðh. hefur sjálfur sannað mín rök gegn þessu frv., þau rök, að málið er ekki flutt til þess að tryggja áhrif verkalýðsins, heldur til þess að tryggja aukin áhrif kommúnistaflokksins.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Mér þykir nú leitt, að hv. þm. N-Ísf. (SB) skuli hafa talað sig dauðan í Ungverjalandsreisunni og Vestfjarðaförinni, því að mér fannst hann nú vera eiginlega kominn mjög nálægt því að ljá máls á því að fylgja frv. En mér fannst honum farast mjög óhöndulega með frásögnina af því, að við hefðum ekki aðeins selt gamlan togara, heldur líka sjóð með honum, og þó að við hefðum talið skipið gamalt, þá hefðum við samt ráðstafað ísfirzkum sjómönnum á skipið í heilt ár. Þetta sjá nú allir hv. þdm. að getur ekki staðizt, því að ein bæjarstjórn getur auðvitað engar samþykktir um það gert, hvort menn skuli vera á einhverju ákveðnu skipi eða ekki.

Það sanna er, að þetta skip var nýlega klassað vel og vandlega, á meðan það var í eign Ísafjarðarkaupstaðar, og þá spurði fulltrúi bæjarstjórnarinnar skipaskoðunarmanninn: Verður nú ekki skipið traust og gott og vandað skip eftir þessa miklu og dýru klössun? Þá sagði skipaskoðunarmaðurinn: Ég tel viðgerðina vera góða og vandaða, en það er aldrei hægt að vita með þessi gömlu járnskip, hvenær dettur á þau gatið. — Ég játa það, að eftir þessar upplýsingar minnkaði áhugi bæjarstj. Ísafjarðar mjög mikið fyrir að eiga skipið og vildi heldur stefna að því að eignast nýtt skip í ísfirzka flotann.

En það vantar einn þátt í þessu máli, og hann skal ég nú segja. Auðvitað voru bæði sjálfstæðismenn og Alþfl.-menn í bæjarstj. Ísafjarðar, þegar þetta gerðist. Og hófu nú ekki sjálfstæðismennirnir baráttu á móti togarasölunni? Börðust þeir ekki mikið á móti togarasölunni? Voru það bara ólukku Alþfl.-mennirnir, sem börðust fyrir að selja gamla skipið? Nei, einn ágætur maður var þá í bæjarstj. Ísafjarðar fyrir Sjálfstfl., heitir Torfi Hjartarson, núverandi tollstjóri í Reykjavík, hann greiddi atkv. með skipssölunni. Annar bæjarfulltrúi Sjálfstfl., sem þá átti sæti í bæjarstj., sat hjá; það var hans frammistaða. Skipið var þannig selt með öllum greiddum atkv., en annar íhaldsfulltrúinn sat hjá. Er þetta ekki frækileg barátta á móti skipssölunni, eitthvað fyrir forseta bæjarstj. að státa af? Nei, skipið var selt af báðum bæjarstjórnarflokkunum, og getur hvorugur við hinn sakazt út af því.

Svona er sannleikurinn, þegar meðreiðarmaður sannleikans nr. 1 ber hann fram.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FS, HermJ, KK, PZ, SE, BjörgJ, BjörnJ, FRV, BSt.

nei: FÞ, JJós, JK, SB, SÓÓ.

3 þm. (GTh, HG, AG) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Nd.

Á 39. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 40. fundi í Nd., 21. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Mér skilst, að þetta mál sé um breytingu á stjórn atvinnuleysistryggingasjóðsins. Það er kunnugt, að þetta mál var deilumál í Ed., og því er haldið fram, að sú breyting á sjóðsstjórninni, sem ætlunin er að gera, brjóti í bága við það samkomulag, sem gert var milli aðila, þegar atvinnuleysistryggingarnar voru ákveðnar í sambandi við lausn verkfallsins 1955.

Nú er sennilega meiri hluti fyrir þessari breytingu hér á Alþingi, og mér hefur skilizt, að ætlunin væri að koma þessu máli áfram fyrir áramót eða áður en þingi er frestað. Ég vil nú benda á, hvort ástæða er til að knýja svo fast á um þetta. Ekki mundi heimurinn farast, þótt dregið væri að kjósa í þessa stjórn, þangað til þingið kemur saman í janúar, og eru raunar mörg dæmi þess, að þó að ákveðið sé, að kjósa eigi stjórn fyrir áramót eða annað slíkt, þá hefur það dregizt og ekki gert skaða.

Þar sem hér er um nokkuð viðkvæmt mál að ræða og því haldið fram af einum aðila, að beint sé brotið á móti þeim forsendum, sem ráðgerðar voru, þá tel ég, að það þurfi að athugast betur. Með því segi ég ekki endanlega um afstöðu mína til málsins, en ég vil mjög eindregið fara þess á leit, að hætt verði við að knýja málið fram fyrir áramót, og bendi til þess, að Sjálfstfl. hefur ekki hagað sínum umr. í sambandi við efnahagsmálin þannig, að tafir yrðu á, eða á

nokkurn hátt reynt að beita málþófi eða hindra það, að málið næði fram að ganga á þeim stutta tíma, sem þinginu er ætlaður til meðferðar þess. Hefði þó verið í lófa lagið að ræða málið málefnalega miklu lengur en gert hefur verið. En mér finnst ástæðulaust að níðast svo á þolinmæði manna, sem hér er ætlazt til að gert sé, og tekið sé upp lítilvægt deilumál, sem þetta er að vissu leyti, og það knúið fram með afbrigðum, úr því að það er þannig til komið, að það er beint talið, að það brjóti á móti þeim forsendum, sem fyrir hendi voru, þegar þessir samningar voru gerðir.

Ég vildi því í allri vinsemd á þessu stigi málsins fara þess á leit, að málinu yrði frestað, — það er ekkert á móti því, að það gangi til n. nú þegar, — en að fyrirætlanirnar um, að það yrði knúið fram, yrðu látnar bíða eða frá þeim yrði horfið. Ég tel, að enginn skaði sé skeður, þó að það dragist fram yfir áramót, þá er vafalaust þinglegur meiri hluti til þess að koma því fram, en þá gefst okkur hinum færi á því að athuga málið betur og koma sjónarmiðum okkar að á málefnalegri hátt en við eigum kost á nú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Á 44. og 45. fundi í Nd., 24. og 25. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., 28. jan., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 71, n. 190 og 195).

Frsm. meiri hl. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. Nd. hefur athugað frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar. Frv. er flutt af hæstv. félmrh. í Ed. Hv. deild afgreiddi frv. óbreytt síðustu dagana fyrir jól, og gafst heilbr.- og félmn. Nd. ekki tími til þess að afgreiða málið frá sér, áður en Alþ. tók sér frí frá störfum.

N. hefur nú tekið málið til afgreiðslu. Meiri hl. n. leggur til, sbr. nál. á þskj. 190, að frv. verði samþ. óbreytt. Hv. þm. Ísaf. gat ekki mætt á fundi n., þegar málið var afgreitt, vegna fjarveru úr bænum, en 8. þm. Reykv. var ósamþykkur frv., eins og það nú er. En í dag hefur verið útbýtt nál. minni hl., sem er á þskj. 195 og frsm. minni hlutans mun gera frekari grein fyrir.

Frv. gerir ráð fyrir þeirri einni breytingu frá gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar, að Alþýðusamband Íslands skuli eiga tvo af sjö stjórnarfulltrúum atvinnuleysistrygginganna og að stjórnmálaflokkarnir fái með hlutfallskosningu á Alþingi fjóra fulltrúa kosna í stað fimm áður og Vinnuveitendasamband Íslands einn.

Það virðist svo sem ekki þyrftu að verða deilur hér á hv. Alþ. um þetta mál, svo sjálfsagt og augljóst réttlætismál sem það er. Vissulega er atvinnuleysistryggingamálið almennt stórmál, sem þjóðina varðar að meira eða minna leyti. Flestar menningarþjóðir líta þannig á, að atvinnuleysistryggingar séu jafnnauðsynlegar og sjálfsagðar og t. d. sjúkratryggingar. Þær þjóðir, sem taldar eru standa okkur næstar í menningu og lífsháttum, hafa fyrir löngu komið á hjá sér atvinnuleysistryggingum, og vel að merkja án þess að verkalýðshreyfingin í þeim löndum hafi þurft að knýja þetta réttlætismál fram með eða í langvarandi verkföllum. Íslenzka verkalýðshreyfingin varð hins vegar að beita verkfallsvopninu í langan tíma til þess að knýja málið fram og varð að fella niður verulegan hluta af sanngjörnum kaupkröfum sínum gegn því, að myndaður yrði með iðgjaldagreiðslum atvinnuleysistryggingasjóður, eins og bent er réttilega á í athugasemdum við frv.

Rétt er líka að geta þess, að á undanförnum þingum hefur verið flutt af þingmönnum Sósfl. frv. um atvinnuleysistryggingar, sem hlaut ekki á þeim tíma samþykki meiri hluta Alþingis og var svæft í nefnd undanfarin ár.

Þrátt fyrir það, þó að það sé rétt, að þetta mál sé mál, sem snertir að meira eða minna leyti flesta þjóðfélagsborgara beint og óbeint, er það samt sem áður alveg óumdeilanlegt, að atvinnuleysistryggingarnar eru fyrst og fremst mál, sem varðar verkalýðshreyfinguna og hvern einasta meðlim verkalýðsfélaganna. Þetta er stórkostlegt hagsmunamál verkafólksins, sem það knúði fram, eins og ég hef bent þegar á, í harðri og langvarandi baráttu við atvinnurekendur og ríkisvald. Það er því ekki nema sjálfsagt og í alla staði eðlilegt, að verkalýðssamtökin hafi krafizt og krefjist þess að fá aukin áhrif í stjórn atvinnuleysistrygginganna frá því, sem nú er, enda marglýst yfir af fulltrúum verkalýðssamtakanna á byrjunarstigi málsins og sömuleiðis við umr. hér á Alþingi um sjálft frv. um atvinnuleysistryggingarnar, að verkalýðssamtökin mundu á engan hátt una því til lengdar, að áhrif þeirra í stjórn atvinnuleysistrygginganna yrðu ekki meiri en lögin gerðu ráð fyrir í upphafi. Það er því í fullu samræmi og beinlínis eftir óskum verkalýðssamtakanna í þessu máli. Ég fullyrði, að það er ekkert deilumál innan verkalýðshreyfingarinnar um að fara fram á að krefjast frekari áhrifa af hendi verkalýðsfélaganna í stjórnum þessara sjóða eða atvinnuleysistrygginganna heldur en verið hefur, og að þetta frv. er beinlínis flutt hér eftir óskum verkalýðsfélaganna víðs vegar um allt land.

Í aths. við frv. er bent á, að samkv. eðli málsins væri sanngjarnt, að verkalýðssamtökin fengju meiri hluta í stjórn atvinnuleysistrygginganna. Hér sé þó aðeins farið fram á, að þau eigi tvo í sjö manna stjórn. Ég leyfi mér alveg sérstaklega að benda á þetta hér, og sýnir það, svo að ekki verður um deilt með neinum rökum, að verkalýðssamtökin sýna mikla hógværð og ég vil segja fullmikla tilhliðrunarsemi í þessu máli.

Verkalýðssamtökin hafa sannarlega sýnt það frá fyrstu hendi, að þeim, sem eru ein stærstu fjöldasamtök hér á þessu landi, er vel trúandi fyrir fjármunum og að þau muni ekki misnota vald sitt, þó að þeim væri veittur óskoraður réttur yfir atvinnuleysistryggingunum. En eins og frv. þetta ber með sér og ég hef þegar bent á, er hér ekki verið að fara fram á, að verkalýðssamtökin fái meiri hluta í stjórn atvinnuleysistrygginganna, síður en svo. Hér er aðeins

farið fram á, að þau fái tvo menn í sjö manna stjórn, Alþ. skal kjósa fjóra menn og Vinnuveitendasamband Íslands einn.

Ég hef á engan hátt skilið þá hv. alþm., sem eru andvígir þeirri breytingu, sem frv. gerir ráð fyrir. Margir hv. alþm. í stjórnarandstöðu hafa nú að undanförnu talað af miklum fjálgleik um verkalýðinn, verkalýðssamtök og launastéttir og að hlutur þessa fólks hafi verið fyrir borð borinn af núverandi ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar hér á Alþingi. Það mætti því ætla, að frv. það, sem hér liggur fyrir til umr. og atkvgr., væri þeim kærkomið tækifæri til þess að sýna í verki vinsemd sína í garð verkalýðssamtakanna. Þetta frv., þó að það sé ekki mikið að vöxtum, er örlítill prófsteinn á einlægni þeirra hv. alþm. í garð verkalýðssamtakanna, prófraun, sem meðlimir verkalýðsfélaganna munu um allt land fylgjast vel með, hvernig leyst verður.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða á þessu stigi frekar um þetta mál, en legg til við hæstv. forseta, að að umr. lokinni verði málinu vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Í nál. minni hl., sem lagt hefur verið fram í þessu máli, hefur verið prentuð slæm villa, svo að ég vil leyfa mér að lesa nál. eins og það væri rétt prentað:

„Nefndin er ósammála um frumvarpið. Meiri hlutinn mælir með frumvarpinu, en undirrituð geta hins vegar ekki fallizt á það.

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, mun auka vald Alþýðusambandsins á kostnað Alþingis, en Alþýðusambandið á skv. frv. að fá tvo fulltrúa í stað eins áður í stjórn sjóðsins. Vinnuveitendasamband Íslands á einn fulltrúa í stjórn sjóðsins, og gerir frv. ekki ráð fyrir breytingu þar á.

Minni hluti nefndarinnar telur breytinguna, sem í frumvarpinu felst, rangláta og til þess eins gerða að fá þeim pólitíska flokki, sem hefur á hendi stjórn Alþýðusambandsins, frekari völd.

Auk þess skal á það bent, að í sjálfum lögunum um atvinnuleysistryggingar er kveðið á um endurskoðun þeirra árið 1958. Þess vegna teljum við breytinguna ótímabæra, andmælum efni hennar og leggjum til, að frv. verði fellt."

Þetta frv. fjallar um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar frá 7. apríl 1956, sem fela í sér ákvæði um endurskoðun tveim árum eftir gildistöku þeirra. Það gegnir því nokkurri furðu, að ástæða skuli þykja til að breyta þeim nú, eins og sakir standa. Nú mun ekki hafa verið sýnt fram á, að breytinga sé þörf á skipan stjórnarinnar, en breytingin, sem felst í þessu frv., er fyrst og fremst pólitísk. Hún er við það miðuð, að í stað fulltrúa Sjálfstfl. bætist einn kommúnisti í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs.

Það er sjálfsagt og var umsamið í upphafi, að Alþýðusambandið ætti aðild að stjórn sjóðsins. Alþ. hefur kosið fimm menn, Alþýðusambandið einn og Vinnuveitendasambandið einn, enda greiða vinnuveitendur ¼ af tekjum sjóðsins og var frá byrjun ætlað sæti í stjórninni. Breytingin í frv. mundi raska hlutfallinu milli Vinnuveitendasambandsins og Alþýðusambandsins, og það sem er enn þyngra á metunum, hún mundi færa út vald kommúnista.

Hæstv. ríkisstj. lætur sér sæma að fá kommúnistum ýmis þýðingarmikil störf í hendur, eins og nú síðast formennska útflutningssjóðs er dæmi um. Og þetta frv. er spor í þá sömu átt. Þegar af þeirri ástæðu mælir minni hluti heilbr.- og félmn. gegn breytingunni í frv. og þykir hún ótímabær, þar eð aðeins eitt ár er til þess tíma, er endurskoða á lögin um atvinnuleysistryggingar.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Eins og komið hefur fram hér í umr., eru lög þessi um atvinnuleysistryggingar alveg ný, — þau voru sett á s. l. þingi, — og hér var þar að auki um algert nýmæli að ræða hér á landi, en málið að mörgu leyti flókið og margþætt, a. m. k. eins og lögin eru nú. Þetta var þeim aðilum, sem stóðu að setningu laganna, ljóst þegar í upphafi, og þess vegna var gert ráð fyrir því í samkomulagi, sem gert var milli ríkisstjórnarinnar, atvinnurekenda og alþýðusamtakanna, að lögin skyldu endurskoðuð að tveim árum liðnum, frá því að þau tóku gildi. Vitanlega var samkomulag um stjórn atvinnuleysistryggingasjóðsins alveg eins fólgið í þessu samkomulagi, sem gert var áður en lögin voru sett. Það var lagður svo nákvæmur rammi um það, hvernig þessi lög ættu að vera, að það var mjög lítið svigrúm fyrir Alþ., þegar þau voru hér til meðferðar, að breyta þar einu eða neinu. Þar að auki voru lögin, eins og við vissum, sett í lok sex vikna verkfalls. Margir af þeim samningamönnum, sem stóðu að því að setja þessi grundvallaratriði laganna, voru örþreyttir eftir mikla vinnu, sem lögð hafði verið í að leysa verkfallið, og þess vegna eðlilegt, að á því kunni að vera annmarkar. Þó var ekki talið fært, þegar lögin voru sett, að breyta þar neinu verulegu, til þess að gefa ekki undir fótinn neinum orðrómi um það, að verið væri að svíkja það samkomulag, sem þarna hafði verið gert.

Nú kynni einhver að ætla, þar sem rokið er nú til og flutt frv. um að fara að breyta lögunum svo skömmu eftir að þau tóku gildi og líka svo skömmu áður en ákveðið var, að endurskoðunin skyldi fara fram, að mjög mikið ósamkomulag hefði verið í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs, eins og hún hefur verið skipuð. En ég vil upplýsa það hér, að svo hefur alls ekki verið. Þar hefur verið hin bezta samvinna, og stj. hefur verið einhuga um að reyna að haga framkvæmd málsins þannig, að lögin og sjóðirnir kæmu að sem mestu gagni.

Það er hins vegar ýmislegt annað, sem komið hefur í ljós, þegar farið var að hugsa til framkvæmdar laganna, sem þörf væri á að lagfæra. En stjórn sjóðsins hefur þó ekki talið ástæðu til að fara fram á það við hv. Alþ., að þessu væri breytt, vegna þess að svo skammt er til þess tíma, sem endurskoðun á að fara fram hvort sem er, enda getur varla heitið, að nokkur reynsla sé komin á lögin enn þá í framkvæmdinni. Það er þó eitt atriði, sem stjórninni og sérstaklega þeim starfsmönnum, sem hún hefur

ráðið til þess að framkvæma lögin, er þegar ljóst, og það er, að skiptingin á sjóðunum eða einingin, sem sjóðunum er skipt niður í, þ. e. a. s. sérsjóður fyrir hvert verkalýðsfélag, er óheppileg. Sú eining er allt of lítil. Verkalýðsfélög með allt niður í 10 meðlimi hafa jafnvel farið fram á það að fá skipt út í sérsjóð úr sjóðnum. Það er ljóst öllum, sem eitthvað hafa fengizt við tryggingamál, að slík eining er allt of lítil til þess, að um verulega tryggingu geti verið að ræða.

Enn fremur er að mínu áliti og ég held margra annarra, sem um þessi lög hafa eitthvað hugsað og fjallað, ekki heldur skynsamlegt, eins og gert er ráð fyrir í lögunum, af öðrum ástæðum að skipta sjóðunum svona mjög niður. Það hefur komið í ljós t. d. í Noregi, þar sem svipuð lög eru búin að standa lengur en hér og nokkur reynsla komin á þau, að stærsti gallinn og það, sem þeir eiga erfiðast með þar í sambandi við framkvæmd laganna, er það, að þar er sjóðunum skipt niður í þrjú fylki og í rauninni starfseminni allri. Og það hefur komið í ljós þar, að tvö þessara fylkja og sérstaklega þó eitt, norðurfylkið, sem hefur Norður-Noreg, á ákaflega erfitt með að reka sinn sjóð. Þar er atvinnuástandið stopulast, og þar kemur minnst í sjóðinn. Ég held, að þegar við förum að endurskoða lögin um atvinnuleysistryggingar hér, þá sé það þetta atriði fyrst og fremst, sem við þurfum að taka til athugunar, því að a. m. k. við, sem höfum verið í stjórn sjóðsins hér, erum allir sammála um það, að fyrst og fremst verður markmið sjóðsins að vera að reyna að koma í veg fyrir atvinnuleysi, ekki eingöngu að bæta úr sárustu neyðinni, þegar atvinnuleysið er komið á, heldur fyrst og fremst að stefna að því að koma í veg fyrir, að atvinnuleysi verði. Til þess að það megi takast, þá held ég, að öllum hljóti að vera það ljóst, að það verður að vera heimild til að færa sem allra mest á milli. Þar að auki hafa þeir, sem eiga að sjá um innheimtuna, kvartað mjög yfir þessari skiptingu, og sömuleiðis þeir, sem sjá um eftirlit með sjóðunum hér syðra, aðallega sá forstjóri, sem hefur verið ráðinn til þess að sjá um aðalframkvæmdina, kvartað mjög um það, hvað þetta geri alla endurskoðun og eftirlit erfitt. Það hefur raunar komið þegar í ljós, að það mun varla framkvæmanlegt að gera þetta nema einu sinni á ári, að skipta niður í alla þessa smásjóði, og verður það þannig sjálfsagt í framkvæmdinni. Hins vegar mun vera leitazt við, að innheimtumenn geri skil til sjóðsstjórnarinnar mánaðarlega hið minnsta. Af þeim ástæðum, sem ég nú hef rakið, hygg ég, að það muni vera þessi atriði, sem fyrst og fremst muni þurfa endurskoðunar við, þegar farið verður að huga að endurskoðun laganna.

Það hefur að vísu komið í ljós líka, að það muni erfitt með annað atriði í framkvæmd, sem raunar allir vissu, þegar þau voru sett, að það mundi ganga nokkuð erfiðlega með innheimtu á gjöldunum hjá bláfátækum sveitarfélögum, sem mikið var ásett á fyrir. En það er raunar ekki annað eða meira en vitað var, þegar lögin voru sett. Og það hefur jafnvel hent, að framlag ríkisins hefur komið nokkru seinna en ráð var fyrir gert.

Hv. 6. landsk. sagði, að talað hefði verið um, að hlutur launastéttanna hafi verið fyrir borð borinn með bjargráðum ríkisstjórnarinnar. Ég skal nú ekki gera það að umræðuefni hér. En það skyldi þó ekki vera, að þetta ætti að vera borgun til Alþýðusambandsins fyrir að fallast að lokum á bjargráðin? Eins og Alþýðusambandsstjórnin er nú skipuð, ráða kommúnistar henni, og ég tel, að það sé ekki rétt að auka áhrif þeirra í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs umfram það, sem fylgi þeirra með þjóðinni og hér á Alþ. og í Alþýðusambandinu gefur tilefni til. Legg ég því til, að þetta frv. verði fellt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:10 atkv.
2. gr. samþ. með 17:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:8 atkv.

Á 47. fundi í Nd., 29. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:8 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 202).

---

14. Húsnæðismál.

Á 1. fundi í Sþ., 10. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða [3. mál] (stjfrv., A. 3).

Á 3. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. er um breytingu á skipun húsnæðismálastjórnar. Húsnæðismálastjórn var áður skipuð fimm mönnum, og var húsnæðismálastjórninni síðan skipt í tvær deildir. Tveir menn úr hennar hópi voru nefndir til þess að annast framkvæmdastjórn af hendi húsnæðismálastjórnarinnar, en hinir þrír höfðu með höndum stjórn tæknideildar húsnæðismálastjórnar.

Eftir stjórnarskiptin varð ég þess var, að svo mátti heita, að húsnæðismálastjórnin væri óstarfhæf, og það var vel skiljanlegt. Þá var úr gildi gengin helmingaskiptaregla fyrrverandi ríkisstjórnar og það, sem hafði þótt fara með eðlilegum hætti nokkurn veginn, þegar hvor þessara tveggja, sem önnuðust lánveitingarnar, annaðist sinn helming. Þegar þetta þótti ekki lengur vera í gildi, kom upp margs konar ósamlyndi milli þessara tveggja aðila, og það var togazt á um nærri hvert atriði og stóð margt fast. Þá kom til úrskurðar félmrn. um skilning á ýmsum atriðum hvað ofan í annað, og þetta sá ég að gat

ekki gengið svo. Auk þess höfðu svo bætzt ýmis ný störf á húsnæðismálastjórnina, m. a. að sjá um framkvæmd á brbl. um afnot íbúðarhúsnæðis í kaupstöðum og fleiri störf, sem nú kölluðu að.

Það varð því að ráði, að það yrði að breyta skipun húsnæðismálastjórnarinnar, og var það gert á þann hátt, að skipuð skyldi þriggja manna framkvæmdastjórn úr sjö manna húsnæðismálastjórn. Allir þessir fimm menn, sem í húsnæðismálastjórninni voru áður, eru þannig í henni nú, en verkum er þannig skipt milli húsnæðismálastjórnarmanna, að þrír skulu í stað tveggja áður fara með framkvæmdastjórn húsnæðismálastjórnarinnar, en hinum þremur er ætlað að taka þátt í störfum húsnæðismálastjórnar að öðru leyti. Formaður nefndarinnar er eins og áður tilnefndur af Landsbanka Íslands og varamaður í hans stað. Það er nú Jóhannes Nordal hagfræðingur Landsbankans, og gegnir hann formannsstörfum eins og áður og verksvið hans hið sama.

Þetta er einasta breytingin, sem í þessum lögum felst.

Ég heyrði í gær, að það var vikið að því, að þessi breyting á skipun húsnæðismálastjórnar mundi verða kostnaðarsamari en hinn fyrri háttur. En það er á misskilningi byggt. Þessum mönnum fimm hafði verið ákveðin þóknun, 32800 kr. á ári hverjum um sig þessara fimm, og í lögunum stendur, að ráðh. geti ákveðið þóknun húsnæðismálastjórnarinnar. Þessi ákvörðun um launin var felld niður með bréfi og miðast við 1. okt. Síðan verður hinni nýju húsnæðismálastjórn ákveðin þóknun með tilliti til starfa hennar. Ég fullyrði, að það verður ekki til útgjaldaauka fyrir ríkissjóð, að þrír menn í stað tveggja áður fara með meginhlutann af störfum húsnæðismálastjórnarinnar, því að hinir, sem aðeins eiga að mæta þarna á fundum, líklega einu sinni í mánuði eða svo, hljóta auðvitað að fá ákveðna tiltölulega lága þóknun, og það fé, sem áður fór þess vegna til greiðslu húsnæðismálastjórnarinnar, mun sízt verða meira við þessa breytingu.

Breytingarnar í frv. eru sem sé eingöngu þær, að stjórnin er nú skipuð sjö mönnum í stað fimm áður og að þrír fara með framkvæmdanefndarstörf innan stjórnarinnar í stað tveggja áður.

Ég legg til, að þetta frv. fari að lokinni þessari umr. til heilbr.- og félmn.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Hér er á dagskrá svo mikilvægt mál, sem verið hefur og er eitt af vandasömustu og viðkvæmustu félagsmálum okkar, að mér þykir hlýða, þegar það nú kemur á dagskrá þingsins, að fara um það nokkrum orðum, þ. e. a. s. húsnæðismálin og þau löggjafaratriði, sem hér um ræðir í sambandi við þau.

Það hefði að vísu mátt ætla, að hin nýja vinstri sinnaða umbótastjórn kæmi fram fyrir Alþ. af meiri alvöru í húsnæðismálunum en þetta frv. ber vitni um, og séu það nokkur mál, sem þörf krefur að séu tekin á hverjum tíma verulega sterkum og alvarlegum tökum, þá eru það þessi mál. En það sýnist nú, að a. m. k. sé ekki hæstv. ríkisstj. enn í dag viðbúin að leggja neitt nýtt til í þessum málum, sem efnislega skiptir neinu máli, og fyrsta ræða hæstv. félmrh. í húsnæðismálunum hér á hv. Alþ., eftir að hann tekur við þessu virðulega embætti, má kallast sannkallaður kattarþvottur, því að í raun og veru kom mál hans húsnæðismálunum í sjálfu sér lítið eða ekkert við. Hæstv. ráðh. er að reyna að verja þá ráðstöfun sína og ríkisstjórnarinnar að gefa út brbl. þvert ofan í ákvæði stjórnarskrárinnar nokkrum dögum áður en þing kemur saman og reyna að finna því stað, að einhver nauðsyn hafi rekið til að gefa út þessi brbl. og í þeim felist nokkuð annað en það eitt, sem allir vita, að hér er verið að reyna að styrkja pólitíska aðstöðu samflokksmanna þessa hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstjórnar. Í sjálfu sér væri miklu mannlegra að vera ekki að reyna að fela þennan ásetning á bak við einhver tyllirök og tylliástæður.

Ef við fyrst lítum á formshlið þessa máls, sjálf brbl. og lögin, sem fyrir voru um húsnæðismálastjórn, þá er það þannig, að eldri lögin segja, að í húsnæðismálastjórn skuli vera fimm menn. Það er ekki eitt einasta ákvæði í lögunum um húsnæðismálastjórn um, að tveir menn hafi framkvæmdastjórn þessara mála á hendi. *Þar stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:*

„Verkefni húsnæðismálastjórnar er að beita sér fyrir umbótum í byggingarmálum og að hafa yfirumsjón lánsfjáröflunar og lánveitinga til íbúðabygginga í landinu."

Þetta eru lagaákvæðin um húsnæðismálastjórn. Það er hún, fimm menn, sem á eftir lögunum að sinna þessu verkefni. Hafi einhver önnur skipan verið á þessum málum, þá er það ekki gert með lagabreytingu. Þá hefur hæstv. fyrrverandi félmrh. væntanlega gert það með reglugerðarákvæðum, sem þurfti ekki brbl. til þess að breyta, ef hæstv. ráðh. þótti ástæða til. Það er sem sagt alveg nýmæli í þessum brbl., sem er kannske nokkuð einstakt í sinni röð, að það er sett í lögin, að af sjö manna húsnæðismálastjórn skuli þrír menn hafa á hendi stjórn allra framkvæmda á vegum hennar og eftir nánari fyrirmælum í reglugerð.

Ég vil minna á það, að þegar húsnæðislagafrv. á sínum tíma var lagt hér fyrir á Alþ., var gert ráð fyrir þriggja manna húsnæðismálastjórn. Síðar var í meðferð þingsins aukin tala stjórnarmeðlima upp í fimm, og í sjálfum lögunum er, eins og ég sagði áðan, ekkert, sem ráðgerir þessa verkaskiptingu, sem hæstv. ráðh. er að tala um. Hitt er svo alkunnugt, að fyrrverandi ríkisstj. og þá væntanlega félmrh. mun hafa falið — ég geri ráð fyrir skv. reglugerð — tveimur mönnum að *annast sérstaklega einn þátt þeirra mála, sem* húsnæðismálastjórn var falið að fjalla um, þ. e. a. s. að taka á móti lánbeiðnum og hafa viðtöl við þá, sem óskuðu eftir lánum, og hafa með höndum úthlutun lánanna. En fyrir mér og mörgum öðrum er það sannarlega ekki veigaminni þáttur, sem húsnæðismálastjórninni var falinn í hinum eldri lögum, að beita sér fyrir umbótum í byggingarmálum og hafa yfirumsjón lánsfjáröflunar, en ekki aðeins það, hvernig hægt væri að úthluta lánsfé, sem þá væntanlega einhverjir aðrir menn reyndu að afla til þessara þarfa, en

átti þó að vera verkefni húsnæðismálastjórnar samkv. lögunum að hafa yfirumsjón með.

Það er mönnum kunnugt, að sá háttur hefur verið á hafður, að tveimur mönnum í húsnæðismálastjórninni, sem var skipuð fimm mönnum, hefur verið falinn þessi eini þáttur málanna, úthlutun lánanna. Og mig furðar ekkert á því og er ekki neitt undrandi, þó að hæstv. ríkisstj. vildi að einhverju leyti breyta þessu. Sjálfur hef ég aldrei verið hrifinn af þessari meðferð málanna, og það hefur ætíð verið mín skoðun, að húsnæðismálastjórnin í heild hefði átt að leggja síðustu hönd á verkið við lánveitingarnar, þó að eðlilegt væri, að einstakir menn úr húsnæðismálastjórninni, hvort sem það voru tveir eða fleiri, ynnu að því að hafa viðtöl við menn, beita sér fyrir tillögugerð til húsnæðismálastjórnarinnar um það, hverjir skyldu hverju sinni verða lánanna aðnjótandi. Þar sem ekki hefur tekizt að afla nægjanlegs lánsfjár til þessara mála, er þetta í sjálfu sér miklu veigameira en ella hefði verið, þar sem á hverjum tíma hefur verið mikill þorri manna, sem hefur bæði haft þörf og ástæðu fyrir þessi lán, án þess að hægt hafi verið að veita það nema a. m. k. eftir langa og kostnaðarsama bið hjá viðkomandi aðilum. En enda þótt sá háttur hafi verið hafður á þessu, þá er það líka einnig sannast, að innan fyrrverandi ríkisstj. var engan veginn samkomulag um það, hvernig framkvæmd þessara mála var, vegna þess að sjálfstæðismenn — eða ráðherrarnir — höfðu innan þessarar ríkisstj. aldrei gert annað samkomulag við Framsfl. en það að fela tveimur mönnum framkvæmd þessara mála, eins og vænta mátti, eins og hverjum öðrum valinkunnum sæmdarmönnum eða embættismönnum, sem áttu að vinna sitt verk í líku sem umboðsmenn báðir, einn fyrir báða og báðir fyrir annan fyrir hönd ríkisstj. Mér er kunnugt um það, að hæstv. fyrrverandi félmrh. leit líka hiklaust þannig á þetta mál. Hafi framkvæmdin verið með öðrum hætti, þá mun það vera runnið undan rótum annarra en fyrrverandi hæstv. félmrh. Þetta segi ég að gefnu tilefni vegna umræðna, sem um þetta mál urðu ekki alls fyrir löngu — eða um s. l. áramót — innan þáverandi hæstv. ríkisstj. og mér var kunnugt um.

Ég skal nú í sjálfu sér láta þessi orð nægja um formshlið málsins. Ég bendi á, að það er gersamlega að tilefnislausu, sem slík brbl. eru sett, nokkru áður en þing kemur saman, og rökstuðningurinn fyrir brbl. er sá, að verkefni stjórnarinnar séu svo mikil, að það þurfi að fjölga í húsnæðismálastjórn úr fimm og upp í sjö, og um leið er ákveðið, að þrír af þessum sjö skuli vinna öll verkin.

Ég held þess vegna, að hæstv. félmrh. hefði getað haft viðkunnanlegri hátt á þeirri breytingu einni á framkvæmd þessara mála og löggjöf en hér hefur verið hafður, að bera fram þessi brbl., og í sjálfu sér hefði hann getað með reglugerðarákvæðum vafalaust komið þessum málum að einhverju leyti öðruvísi fyrir. Hins vegar brestur enn þá rökstuðning fyrir því, að það hafi þurft með lögum að gera þessa breytingu, og allra sízt, að það hafi borið svo bráðan að, að sá háttur sé hafður, eins og ég sagði, að bera þau fram nokkru áður en þing kemur saman. En eins og mönnum er kunnugt, þá hefur ekki ríkisstjórn á hverjum tíma vald til þess að gefa út brbl., nema brýna nauðsyn beri til og almenningsheill krefji á milli þinga.

En það er svo önnur hlið á þessum málum, sem er miklu veigameiri, og það er efnishlið málsins í heild, sem ég vil fara um nokkrum orðum. Mig undrar á því, nú þegar Alþ. kemur saman, að hæstv. félmrh. skuli engan boðskap hafa að flytja þinginu og alþjóð í því sambandi.

Fyrrverandi hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir nýrri löggjöf á sviði þessara mála, og var um það samið, þegar ríkisstj. undir forsæti Sjálfstfl. tók við eftir alþingiskosningarnar 1953, að gera ráðstafanir til varanlegra úrbóta í lánsfjármálunum varðandi íbúðabyggingar. Þau veigamestu atriði, sem fyrrverandi ríkisstj. beitti sér fyrir, voru að auka íbúðafrelsið, afnema fjárfestingarhömlurnar, sem á því voru, að menn gætu byggt sér eigin hagkvæmar íbúðir, og jafnframt að útvega lánsfé, áður en lögð var fyrir þingið heildarlöggjöfin um veðlánastarfsemina. Var það fyrsta verk stjórnarinnar sem sagt að auka athafnafrelsið og síðan að útvega 20 millj. kr. á fyrsta þinginu, eftir að stjórnin tók við, til smáíbúðalána til viðbótar þeirri lánveitingu til smáíbúða, sem þá hafði farið fram. Síðan var það, að ríkisstj. skipaði n. til þess að undirbúa þetta mál, og hún vann alllangan tíma að undirbúningi málsins, og sett voru svo, eins og kunnugt er, lögin um húsnæðismálastjórn og veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða 1955.

Með þessum lögum var lagður grundvöllurinn að nýrri útlánastarfsemi í þessu þjóðfélagi til íbúðabygginga, að létta mönnum að koma upp íbúðum yfir sjálfa sig og sína, en fram til þess tíma höfðu þessi lánsfjármál verið í fullkominni óreiðu, að því er segja má.

Það mátti öllum vera ljóst, að hér var fyrsta skrefið aðeins stigið og vísir lagður að nýrri löggjöf og nýjum leiðum í þessu vandasama máli, sem miklu skipti að haldið yrði áfram með einurð og festu, og ef unnið væri að þeim málum skaplega, þá er enginn vafi á því, að í framtíðinni hefur hið nýja veðlánakerfi möguleika til þess að bæta úr margvíslegum erfiðleikum og þörf manna fyrir lánsfé, að mínum dómi ekki aðeins til íbúðabygginga, þegar fram í sækir, heldur margvíslegra annarra þarfa í þjóðfélaginu.

Ég held, að þessi skilningur hafi verið nokkuð almennur, þegar frv. var lagt fram hér á Alþingi. Hins vegar var það mjög áberandi, að þáverandi hæstv. stjórnarandstæðingar töldu, að málið væri lítils virði, vegna þess að það væri allt of skammt gengið í lánsfjáröflun, bæði væru allt of veigalitlar ráðstafanir gerðar til þess að afla nýs fjár til íbúðalánabygginga og auk þess væru lánin til of skamms tíma og vaxtakjör allt of óhagstæð fyrir almenning í þessu landi.

Það var m. ö. o. flest, og skal ég víkja nánar að því síðar, fundið þessu frv. til foráttu, og skyldi því mega vænta, þegar þessir aðilar nú eru komnir í stjórnaraðstöðu og leggja till. í húsnæðismálunum fyrir Alþingi, að úr einhverju af því, sem þeir fundu mest að þá, mundi nú vera bætt og áréttað, og þá fyrst og fremst,

að gerðar væru ráðstafanir til að afla meira lánsfjár og með hagstæðum kjörum, sem voru höfuðásakanirnar í þessu efni.

Mig langar til þess að bregða upp dálítilli mynd af húsnæðismálunum og þeirri brýnu þörf fyrir gagngerðar aðgerðir á þessu sviði og þá einkum að reyna að binda hugann við það, sem ég tel mest aðkallandi og hverri ríkisstj. hefði borið skylda til að leggja megináherzlu á til frekari aðgerða í þessum málum nú. Það er að mínum dómi enginn vafi á því, að ef hægt væri að tryggja framhald íbúðabygginga með svipuðum hætti og fyrrv. hæstv. ríkisstj. lagði grundvöll að, þá mundi vera hægt að leysa úr húsnæðisvandræðunum á næstu tveimur til þremur árum. Sumt af því, sem ég kann að segja hér til rökstuðnings í þessu máli, á öðru fremur við um höfuðstaðinn, en þó er það svo, að margt, sem um byggingarmálin hér er sagt, er sama eðlis annars staðar á landinu.

Ég vil vekja athygli á því, að það er mjög athyglisvert, að á tímabilinu frá 1945 og til 1954 eru byggðar samtals 4357 íbúðir í Rvík, en fólksfjölgunin á sama tíma er um 17300 manns. Það koma þannig um fjórir manns á hverja nýja íbúð af fólksfjölguninni, og má því segja, að miðað við fólksfjölgunina sjálfa hafi húsnæðisþörfinni verið fullnægt á þessu tímabili, árunum 1945—1954. En hér koma að sjálfsögðu mörg fleiri vandamál til úrlausnar og þ. á m. samansafnað lélegt húsnæði og ónothæft um lengri ára bil, sem vissulega þurfti að gera sérstakar ráðstafanir til þess að bæta úr. Einnig vil ég vekja athygli á því, að rannsókn, sem hagfræðingur Reykjavíkurbæjar hafði gert árið 1954, leiddi í ljós, að í sumum eldri götum hér í Rvík hafði fólki fækkað allt upp í 25%. Hér er fyrst og fremst orsakanna að leita til hins bætta efnahags fólksins á þessum árum eftir stríðið, sem leiddi til þess, að menn búa í stærra húsnæði en áður eða auka við sig afnotin af eldra húsnæðinu. Ég held, að því fari mjög fjarri, að menn hafi almennt gert sér grein fyrir því, hversu áhrifamikill þessi þáttur og þessar staðreyndir hafa verið í húsnæðiseklunni á undanförnum árum. En áður en gerðar voru þær ráðstafanir, sem fyrrverandi stjórn beitti sér fyrir með setningu laganna um húsnæðismálastjórn, má í raun og veru segja, að fjárhagslega hafi byggingarframkvæmdir, bæði hér í Rvík og annars staðar á landinu, grundvallazt fyrst og fremst á peningaflóði stríðsáranna, meðan það entist, en í öðru lagi á þeirri heillavænlegu sparifjáraukningu, sem var ávöxtur þeirrar stefnubreytingar í efnahagsmálunum, sem sjálfstæðismenn mörkuðu við stjórnarmyndunina eftir alþingiskosningarnar 1949 og mótuð var í gengisbreytingarlögunum frá 1950.

Þetta tvennt vil ég nokkuð frekar árétta. Á árunum eftir stríðið voru geysilega miklar íbúðabyggingar hér í Rvík og þó þannig, að það var engin sérstök veðlánastarfsemi í sambandi við þessar byggingar. Veðdeild Landsbankans, hin gamla fasteignalánastofnun, var meira og minna óvirk á þessum tíma. Samt sem áður bar yfirleitt ekki á fjárskorti til byggingarframkvæmda. Menn áttu sjálfir eftir stríðsárin nægilegt sparifé, og nægilegt fé var í bönkum og öðrum peningastofnunum, til þess að menn gætu þá fengið fasteignalán, þó að það væri hjá peningastofnunum, sem annars hefðu það höfuðmarkmið að lána fé til rekstrar atvinnuveganna, en ekki fasteignalán.

Þegar þetta þraut, þá vitum við það, að við mikla erfiðleika var að etja í þessum efnum, og þá var það, eins og ég sagði, að það eina, sem úr gat bætt á þessu sviði, og það eina, sem bætti úr, var hin athyglisverða og mikla aukning sparifjárins á árunum eftir gengisbreytinguna. Ég vek athygli á því, að árið 1950 var sparifjármyndunin í landinu 16.9 millj. kr. og 1951 15.8 millj. kr., og ef farið er lengra aftur í tímann, þá sést, að hér er um svipaða þróun að ræða. En árið 1952 fer sparifjármyndunin upp í 94.5 millj. kr., 1953 177.1 millj. kr., 1954 170.9 millj. kr. og á s. l. ári 106 millj. kr., og ég get bætt því við, að á fyrra hluta þessa árs eða fram til júníloka hefur átt sér stað mjög veruleg sparifjáraukning í þessu landi, eða um 136.2 millj. kr., enda þótt þá hafi orðið í því þáttaskil og töluvert verulega hafi minnkað sparifjármyndunin frá þeim tíma.

Það er ekki aðeins, að þessi mikla sparifjármyndun, sem nemur á örfáum árum 500—600 millj. kr., hafi verið grundvöllurinn undir byggingarframkvæmdum á þessu árabili, heldur einnig m. a. öðrum framkvæmdum, eins og t. d. raforkuframkvæmdunum, en lánveitingar innlendra banka til þeirra mála voru fyrst og fremst grundvallaðar á sparifjáraukningunni, og forsenda fyrir áframhaldandi lánveitingum af þeirra hálfu hlaut að vera áframhaldandi sparifjáraukning í landinu, enda kom það skýrt fram í viðræðum þáverandi hæstv. ríkisstj. við bankana. Að sjálfsögðu skildi ríkisstj. það fullvel, að forsendan fyrir því, að áframhald gæti orðið á þeim lánveitingum, sem þar væri um að ræða, og í vaxandi mæli, miðað við vaxandi þörf, væri vissulega áframhaldandi sparifjármyndun í landinu. Þetta eru einfaldar efnahagslegar staðreyndir, sem í sjálfu sér öllum mega vera ljósar.

Ég vil í sambandi við þetta vekja athygli á því, að árið 1952, sennilega, eða 1951, held ég hafi verið lágmark íbúðaframkvæmda hér í höfuðstað landsins og hafi verið svipuð þróun annars staðar í þjóðfélaginu, en þá var ekki lokið við nema 282 íbúðir í Reykjavík á einu ári. Síðan hefur þróunin orðið sú, að á árinu 1952 var hér lokið við 329 íbúðir, 349 árið 1953, 487 1954, 564 íbúðir árið 1955, eða m. ö. o.: þróunin í húsbyggingarmálunum á undanförnum árum — og vil ég leyfa mér að leggja áherzlu á það — hefur verið sú, að aukningin, miðað við árin á undan, er þessi: Á s. l. ári, miðað við 1954, er aukningin 16%, 61% miðað við 1953, 70% miðað við 1952 og 100% miðað við 1951.

Af þessu mega menn sjá, um hversu athyglisverða þróun hér er að ræða, og ég vek athygli á þessu til þess að undirbyggja þá staðhæfingu mína, sem ég sagði áðan, að ef takast mætti að halda þessum málum í svipuðu horfi og hæstv. fyrrv. ríkisstj. tókst, þótt ekki væri nema um 2—3 ára skeið enn þá, þá hygg ég, að mestu vandræði, sem af húsnæðiseklunni stafa, væru leyst.

Það er m. a. í Reykjavík vegna þess, að á árunum eftir 1950 er fólksfjölgunin verulega miklu

minni en áður eða að meðaltali á árunum 1950—54 ekki nema 1300 manns á ári, en var 2800 manns á árunum frá 1945 og fram til 1950. Þetta hefur auðvitað verulega mikið að segja, sérstaklega í sambandi við lausn húsnæðismála hér í Rvík, en skapar svo að vísu hlutfallslega meiri erfiðleika annars staðar og þá í nágrenni Rvíkur, eins og okkur er kunnugt um, bæði í Kópavogi og suður með sjó, kringum Keflavík og annars staðar. En ef litið er á ástand málanna um s. l. áramót hér í höfuðstaðnum, þá er það samkv. skýrslum byggingarfulltrúa þannig, að þá voru 1808 íbúðir í smíðum í Rvík og þar af voru 835 íbúðir taldar fokheldar eða meira. Nú hafði aldrei komizt eins hátt tala þeirra íbúða, sem lokið var við að byggja í höfuðstaðnum, eins og 1955, eða upp í tæpar 600. En um s. l. áramót er ástandið þannig, að það eru rúmlega 800 fokheldar íbúðir, og vissulega er ekki of mikið að gera ráð fyrir, að þessum íbúðum verði a. m. k. öllum lokið á árinu, 835 íbúðum, og ég vildi mega ætla, að ýmsum íbúðum, sem ekki voru fokheldar um s. l. áramót, verði lokið fyrir n. k. áramót og verði þess vegna tala þeirra íbúða, sem lokið verður að byggja hér í Rvík, mörgum sinnum hærri en nokkru sinni undanfarandi. Með hliðsjón af þessu, sem ég nú hef sagt, hef ég reynt að gera mér grein fyrir því, eins og ég sagði áðan, að á næstu tveimur til þremur árum mundu hér mestu vandræði verða leyst, ef svo héldi áfram sem verið hefur. Það má reikna þetta dæmi þannig, að þó að ekki bættust við nema 300 íbúðir á næstu þremur árum til nýbygginga, sem byrjað væri á frá s. l. áramótum, þá mundi þetta samtals nema 2100 íbúðum á árunum 1955—57. Ef reiknað er með 4—5 manna íbúðum, þá skapast hér nýtt íbúðarhúsnæði fyrir 9450 manns, og ef fólksfjölgunin á sama tíma yrði söm og síðustu ár, þá mundi hún nema á þessum árum 3900 manns. Ætti þá að vera til ráðstöfunar nýtt húsnæði fyrir 5550 manns fyrir utan fólksfjölgunina af því fólki, sem nú er búsett hér og býr í ófullnægjandi íbúðum. Þetta samsvarar sem sagt um 1200 íbúðum, miðað við 4—5 manns í hverri, til útrýmingar á herskálum og endurnýjunar á öðru lélegu húsnæði í bænum á næstu 2—3 árum. Hef ég þá aðeins gert ráð fyrir, að við bættust til nýbyggingar 300 íbúðir á 2—3 árum frá síðustu áramótum, sem sjálfsagt er þegar byrjað á og verða auðvitað miklu fleiri á næstu tveimur árum. En menn sjá, að ef framhaldið yrði eins og hér, að það fengjust bara til ráðstöfunar fram yfir þörf fólksfjölgunarinnar 1200 íbúðir á næstu 2—3 árum, og þegar haft er í huga, að herskálaíbúðir í Rvík eru um 500, þá er ekki óvarlegt það, sem ég er að gera ráð fyrir, að menn gætu horft fram á, að hér mætti gera verulegt átak til þess að leysa húsnæðisvandræðin, ef okkur rekur ekki í strand í þeirri þróun, sem átt hefur sér stað undanförnu.

Mér sýnist þess vegna, að það sé alveg augljóst, að það, sem mesta þýðingu hafi nú í þessum málum, sé ekki, hvort það séu fimm eða sjö menn í húsnæðismálastjórn og hvort það þurfi að setja inn í lög, að þrír af þessum sjö skuli hafa alla framkvæmdarstjórnina á hendi, eða hvort það hefði verið gert með reglugerðarákvæði eins og áður, — það sé ekki aðalatriðið, heldur hitt, að ljúka sem fyrst því húsnæði og skapa mönnum aðstöðu til þess að ljúka því húsnæði, sem nú er í smíðum, og við það ætti öðru fremur að miða aðgerðir og ráðstafanir opinberra aðila, bæjar og ríkis og lánastofnana, á næstunni. Það er sorglegt til þess að vita, að þessi hæstv. ríkisstj. skuli svo koma fram hér á Alþ. með ekki veigameira innlegg í lausn húsnæðismálanna en þetta vesala brbl.-frumvarp er.

Reykjavíkurbær hefur fyrir sitt leyti viljað freista þess að stuðla svo sem verða má að lausn húsnæðismálanna. Forráðamönnum Reykjavíkur, sjálfstæðismönnum, sem eru þar í meiri hluta, er að vísu oft borið á brýn, að þeir séu of aðgerðalitlir í húsnæðismálunum, því að við heyrum það alltaf fyrir hverjar bæjarstjórnarkosningar. En á milli kosninga, eins og t. d. fyrir alþingiskosningarnar í sumar, heyrði maður það helzt til oft í Tímanum, að það væri allt að fara hér um koll í efnahagsmálunum, vegna þess að það væri svo mikið byggt, fjárfestingin væri svo mikil. Þetta mátti maður lesa í sama blaði og þá fyrir rúmu ári eða í ársbyrjun 1954 hafði haldið því fram, að það yrði að leggja alla áherzlu á að auka íbúðabyggingar, ekki aðeins í Reykjavík, heldur annars staðar á landinu. En enda þótt við þurfum þannig að hlusta á nokkurn tvískinnung í þessu máli, stundum sé of mikið byggt og stundum of lítið, þá er það sannast og það má öllum vera ljóst, að aðgerðir bæjaryfirvaldanna í höfuðstaðnum hlutu að takmarkast að verulegu leyti við aðgerðir hv. Alþ. í þessum málum.

Ýmsir af forráðamönnum sjálfstæðismanna í bæjarstjórninni beittu sér fyrir því á þingi og innan ríkisstj., hjá samflokksmönnum sínum í stjórninni, að gerðar yrðu ráðstafanir til að auðvelda íbúðabyggingar í Reykjavík, bæði með því að veita fleiri fjárfestingarleyfi þangað en raun varð nú á, og mætti það oft andstöðu annarra manna í þessum efnum, og eins með því að gefa frjálsari fjárfestinguna en áður hafði verið og þá fyrst og fremst til bygginga smáíbúða, eins og gert var á sínum tíma. Jafnhliða þessu gerðu forráðamenn Reykjavíkurbæjar sér grein fyrir því, að ef takast mætti að leggja drög að varanlegri lausn lánsfjármálanna, þá væri skapaður sá grundvöllur, sem þurfti að vera fyrir hendi til stóraðgerða af hálfu bæjaryfirvaldanna í þessu máli. Þess vegna voru strax hafnar undirbúningsaðgerðir af hálfu bæjarstjórnar Reykjavíkur til stóraukinna íbúðabygginga fyrir almenning í þessu bæjarfélagi, áður en lögin um húsnæðismálastjórn voru lögfest á Alþ., en eftir að þau komu til framkvæmda, hefur verið samþykkt fyrir frumkvæði bæjarstjórnarmeirihluta sjálfstæðismanna í höfuðstaðnum að byggja á næstu árum 600 íbúðir til þess að útrýma herskálum og öðru heilsuspillandi húsnæði í þessum bæ. Og það er sannast, að þessar aðgerðir eru í fyrsta lagi undirbúnar í trausti þess, að það megi lánast að koma á nýju veðlánakerfi til íbúðabygginga, og í trausti þess, þegar það var komið á og til framkvæmda, að þá mundu a. m. k. þeir, sem Reykjavíkurbær beitti sér fyrir að byggja þannig yfir, ekki njóta verri aðstöðu til lána en aðrir. Ég vil leyfa mér að vænta, að

framkvæmd málanna verði líka sú, að slíkt komi ekki til greina. Mér er að vísu kunnugt um, að það hefur gengið erfiðlega fyrir Reykjavíkurbæ eða þá aðila, sem hann hefur afhent húsnæði, sem byggt er til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum, að fá lán frá húsnæðismálastjórn, en ég vil ætla, a. m. k. að óreyndu, að það stafi í fyrsta lagi af einhverjum bráðabirgðaörðugleikum, og öll áætlun og fjárhagsgrundvöllur þessara mikilvægu byggingarframkvæmda Reykjavíkurbæjar er á því byggð, að þessir aðilar eigi fullan aðgang að hámarki þeirra lána, sem veitt eru á hverjum tíma, þeirra A-lána, og auk þess eigi þeir kost á að fá lán eftir II. kafla laganna til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, eins og þeim hefur verið gefinn kostur á.

Þessar framkvæmdir Reykjavíkurbæjar, og vafalaust annarra bæjarfélaga, sem ég geri ráð fyrir að svipað sé ástatt um, þó að ég tali mest um það, sem mér er kunnugast, geta að sjálfsögðu ekki haldið áfram og hljóta að stranda, ef ekki er hægt að tryggja áfram nægjanlegt fjármagn til hins almenna veðlánakerfis.

Ég held, að það hafi verið haldið á þessum málum af hálfu Reykjavíkur og af forráðamönnum þess bæjarfélags þannig, að það hafi verið hafður eins mikill hraði á þessum byggingarframkvæmdum og aðstæður leyfa, bæði varðandi vinnuafl og fjáraflanir fram að þessu. Reykjavíkurbær á þannig nú í byggingu af þessari 600 íbúða áætlun, sem sett var í nóvembermánuði s. l., 240 íbúðir, þar af 144 í raðhúsum og 96 íbúðir í fjölbýlishúsum, og það hefur verið ráðstafað alls 115 íbúðum í raðhúsahverfi við Réttarholtsveg, og verið er að afhenda nú 45, en 70 verða afhentar kaupendum íbúðanna skömmu eftir áramót. Þá hafa verið boðnar út til hugmyndasamkeppni teikningar að 220 íbúðum, þar af 120 í raðhúsum, smáum íbúðum, tveggja herbergja, með 55 m² gólffleti, og ca. 100 í fjölbýlishúsum, tveggja og þriggja herbergja. Þessari samkeppni á að vera lokið fyrir áramót, og gert er ráð fyrir að hefja byggingu á þessum minnstu íbúðum á næsta ári. Það er skoðun þeirra, sem um þessi mál hafa fjallað af hálfu bæjarfélagsins, að hér sé um einn nauðsynlegasta lið þessara mála að ræða til þess að geta leyst þau vandkvæði að útrýma bröggum eða herskálum og öðrum heilsuspillandi íbúðum í bænum, því að við getum ekki lokað augunum fyrir þeirri staðreynd, að margir, sem hér eiga hlut að máli, eru því miður litlum efnum búnir, og verður því að freista þess að koma upp sem allra hagkvæmustum og ódýrustum og þá líka sem minnstum íbúðum til þess að leysa þarfir og vanda þessa fólks, íbúðum, sem aðrir mundu kannske ekki telja fullnægjandi, aðallega sökum stærðar, en eiga að vera um allan frágang sambærilegar við hverjar aðrar íbúðir, sem borgarar þessa bæjarfélags búa í.

Ég minni á þessar byggingarframkvæmdir höfuðstaðarins til þess að leggja áherzlu á þá miklu nauðsyn, að allar ráðstafanir séu gerðar í þessum málum og þá sérstaklega varðandi lánsfjármálin til þess að tryggja framhald þeirrar þróunar, ég vil segja heillavænlegu þróunar, sem átt hefur sér stað undanfarin ár, þó að mér sé fullkunnugt um þá gífurlega miklu örðugleika, sem bæði menn hér og um gervallt land hafa átt við að etja í sambandi við þessi mál. Og ég vil láta það koma fram hér, að það má heita furðulegt, hversu fjölskyldumenn hafa haft mikla atorku til þess að brjótast í því að koma sér upp myndarlegu húsnæði, bæði hér og annars staðar, miðað þó við þá erfiðu aðstöðu, sem menn hafa átt við að búa.

Þetta vil ég segja um þetta mál almennt, að það eru núna veigamestu aðgerðirnar, sem gera þarf í húsnæðismálunum, að skapa mönnum áframhaldandi og bætta aðstöðu til þess fyrst og fremst að ljúka þeim mörgu byggingum, sem eru í smíðum bæði hér í Reykjavík og annars staðar. Ég geri ráð fyrir því, að við sjálfstæðismenn hér á þingi munum undir meðferð þessa máls freista þess annaðhvort að ná samkomulagi við hæstv. stjórnarsinna innan nefndar, sem fer með þetta mál, eða að flytja brtt., sem miða að því, nú þegar þetta mál er inn í þingið flutt, að gera þær nauðsynlegustu umbætur á þessu sviði, sem gera þarf.

Þegar hæstv. fyrrv. ríkisstj. undirbjó lögin um húsnæðismálastjórn, leitaði hún m. a. samráðs við bankana hér og náði samkomulagi við þá um tilteknar lánsfjárveitingar til þessara mála, en eins og hv. þm. er kunnugt um, var það samkomulag miðað við tvö ár og rennur út um áramótin, sem nú fara í hönd. Mér hefði sannarlega ekki komið það á óvart, þó að hæstv. núverandi ríkisstj. hefði verið farin að hugsa fyrir framhaldi þeirra mála, og kann að vera svo, þó að það komi ekki fram í ræðu hæstv. félmrh., að það leyni sér þar einhver undirbúningur og ráðagerðir. En svo mikið er víst a. m. k., að mér er ekki kunnugt um, að nýjar umræður hafi verið hafnar við banka og peningastofnanir um framhald þessara mála.

Sjálfur hef ég verið þeirrar skoðunar, að það mundi verða erfitt að leysa einmitt þessi húsnæðisvandræði á svo skömmum tíma sem til var stofnað, nema með því að takast mætti að hagnýta þá heimild, sem sett var inn í lögin um húsnæðismálastjórn, að taka erlent lán til þessara framkvæmda. Ég var ásamt fleiri sjálfstæðismönnum flm. að því hér á þingi fyrir nokkrum árum, að veðdeild Landsbankans væri heimilað að taka erlend lán til íbúðabygginga og fara þar í kjölfarið á fyrri aðgerðum, sem Jón heitinn Þorlákssson beitti sér fyrir á sínum tíma, að taka erlend lán til veðdeildarinnar, sem vissulega urðu fjölda manna í þessu bæjarfélagi og annars staðar til stórkostlegra hagsbóta á sínum tíma, á árunum fyrir 1930, og íslenzkt þjóðfélag hefur ekki á neinn hátt verið í erfiðleikum með að standa skil á. Þegar um er að ræða að gera á mjög takmörkuðum tíma vegna húsnæðiseklunnar verulega stórar aðgerðir, þá er auðvitað þeim mun meiri þörf á gjaldeyrisláni til þess að greiða í bili erlenda kostnaðinn af byggingarefni og öðru, sem til íbúðanna þarf. En fasteignalán hér á landi hafa verið ein öruggustu lán, sem veitt hafa verið, og veit ég, að það muni vera sameiginlegt mál fasteignalánastofnana, sem til slíkra þarfa hafa lánað fé. Við megum ekki hafa þá vantrú á íslenzku þjóðfélagi, að við séum ekki

þess umkomnir í þessu sambandi, ef við ættum þess kost, að taka nokkurra tuga milljóna króna erlend lán til þess að leysa yfirstandandi vandkvæði.

Ég vil svo aðeins að lokum árétta það, sem ég sagði í upphafi, að þegar þessi mál voru flutt á sínum tíma, voru það þáverandi hv. stjórnarandstæðingar, sem nú eru stuðningsmenn ríkisstj., sem töldu, að féð væri af allt of skornum skammti, eins og þeir komust að orði, til þess að þetta mál hefði nokkra þýðingu. Þá var sagt sem svo í grg. minni hl. fjhn., sem Haraldur Guðmundsson undirritaði í Ed. og þeir gáfu út í Nd. hæstv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, og Karl Guðjónsson, — minni hlutinn í Ed. komst þannig að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Til þess er það fjármagn, sem frv. gerir ráð fyrir, ónógt, lánstíminn of stuttur, vextir of háir og fyrirhuguð lánsupphæð til hverrar íbúðar ófullnægjandi fyrir aðra en þá, sem eru mjög vel efnum búnir."

Í Nd. sagði minni hlutinn, að höfuðeinkenni frv. væru, að „í því er ekkert stórátak gert til þess að útrýma heilsuspillandi húsnæði. Þessu húsnæði verður ekki útrýmt nema með myndarlegu átaki af hálfu ríkis og bæjarfélags, og til þess þarf rausnarleg fjárframlög."

Undir allt þetta vildi ég leyfa mér að taka og tók á sínum tíma og vildi mega treysta því fyrir hönd þeirra mörgu, sem hér eiga hlut að máli, að núverandi hæstv. ríkisstj. beri gæfu til þess að sjá þessu máli áfram farborða, og mun áreiðanlega ekki standa á stuðningi okkar sjálfstæðismanna, eftir því sem við getum til lagt í sambandi við áframhaldandi lausn málsins.

Ég geri svo ráð fyrir, að undir meðferð málsins muni ég flytja brtt. við þetta bráðabirgðalagafrv., sem ég skal ekki fara verulega út í. En það voru ýmsar athyglisverðar till., sem fluttar voru á sínum tíma um meðferð og skipulag málanna og ýmsir hv. þm., sem nú eiga sæti á þingi, beittu sér fyrir og töldu eðlilegra, fluttu tillögur um, að það væri eðlilegra, að lánveitingarnar væru í höndum peningastofnananna, ýmist þannig, að þeir bankar og peningastofnanir, sem legðu fé til framkvæmdanna, veldu fulltrúa í eina n. til þess að hafa lánveitingarnar með höndum, eða þá hitt, eins og stungið var upp á og ég fyrir mitt leyti í sjálfu sér gat alltaf fellt mig vel við, að veðdeild Landsbankans hefði með höndum lánveitingarnar, en lánsféð rennur í gegnum veðdeildina, eins og fyrirkomulag málanna er nú. Þó er það svo, að samkv. lögunum getur hver peningastofnun, sem fyrrverandi ríkisstj. gerði samkomulag við, eða bankar veitt þetta fé sjálf, án þess að það fari í gegnum veðdeildina eða húsnæðismálastjórn. En ég held, að það hafi verið samkomulag frá upphafi við alla bankana hér í Reykjavík, sem um þetta mál var rætt við og tóku þátt í þessari uppbyggingu, að þeir að öðru jöfnu felldu sig vel við það og gætu sætt sig við, að sami aðilinn hefði með höndum lánveitingarnar, en í því felst þá einnig að hafa bæði mat á húsnæðinu, sem verið er að byggja, og setja þær almennu og algildu reglur, sem um þetta eiga að fjalla. Þess vegna er t. d. svo um þann banka, sem ég á sæti í, að það, sem hann hefur lagt af mörkum fram að þessu, hefur hann eingöngu gert með því að kaupa bréf af húsnæðismálastjórninni eða veðdeildinni, og það mundi sjálfsagt haldast þannig áfram, ef þannig framkvæmd verður á þessum málum, sem við fram til þessa höfum ekki haft við að athuga. En ég vil þó taka það fram, að í viðskiptum okkar við húsnæðismálastjórn hefur auðvitað beinlinis verið áréttað þetta atriði, að bankinn geti sjálfur, ef honum sýnist, veitt þessi lán og síðan sent grg. um það til húsnæðismálastjórnar, eins og lögin gera ráð fyrir, að svo og svo mikið af fé bankans hafi farið til þessara framkvæmda. Þetta eru atriði, sem ekki skipta aðalmáli í þessu sambandi, og sérstaklega, eins og ég sagði áðan, standa nú vafalaust fyrir dyrum einhverjar ráðagerðir af hálfu núverandi hæstv. ríkisstj. til þess að afla nýs fjár, þegar kemur fram yfir áramót, til þessara mikilvægu framkvæmda.

Ég minntist á yfirstjórn þessara mála, sem væri fullkomlega athyglisvert að gera brtt. um, og ég vil minna á annað atriði, og það er í II. kaflanum, um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, að í 13. gr. laganna er svo ákveðið, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú leggur sveitarfélag fram fé til íbúðabygginga í því skyni að útrýma heilsuspillandi íbúðum, annaðhvort sem óafturkræft framlag eða lán, og skal ríkissjóður þá leggja fram jafnháa fjárhæð á móti, allt að 3 millj. kr. á ári næstu fimm árin."

Hér tel ég, eins og margir aðrir töldu á sínum tíma í þinginu, of skammt farið, og ég lét bæði í ljós skoðun mína um það hér í þingi og annars staðar opinberlega, en vil einnig minna á það, að fyrrverandi hæstv. ríkisstj. gerði líka mikla bragarbót í sambandi við þetta mál, þegar ákveðið var, að 13 millj. kr. skyldu ganga til þessara mála af tekjuafgangi ársins 1954. Hér þarf þess vegna áreiðanlega að bæta stórlega við framlög ríkissjóðs til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, og munum við sjálfstæðismenn vissulega freista þess að fá því framgengt undir meðferð málsins, enda veit ég, að við munum eiga þar marga góða og ötula stuðningsmenn í öllum núverandi hv. stjórnarflokkum, a. m. k. miðað við fyrri orð og till. þeirra í þessu máli.

Ég skal svo að þessu sinni, við 1. umr. þessa máls, ekki hafa fleiri orð, en vildi þó láta það koma hér fram, að þegar svo veigamikið mál sem hér um ræðir er flutt inn á dagskrá þingsins, þá er það ekki að ófyrirsynju, að þingmenn hefðu mátt vænta einhvers veigameiri boðskapar í þessu máli en fluttur var af hæstv. félmrh. En úr því sem komið er, þá er það þó aðalatriðið, að þeirri n., sem fær þetta mál til meðferðar, takist að gera verulega bragarbót á þessu máli, bæta úr í sambandi við þau atriði, sem ég hef áður vikið að í máli mínu, og á öðrum sviðum, sem gefast mun tækifæri til að athuga nánar undir meðferð málsins.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Þess var nú fyllilega að vænta, að hin harða stjórnarandstaða sæti ekki þegjandi og klumsa allan fundinn út, og kom mér það því ekkert á óvart, að hv. síðasti ræðumaður lét til sín heyra. Það var

auðvitað það, sem mátti búast við. Hins vegar skal ég segja honum það strax, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er eingöngu um breytingu á húsnæðismálastjórninni sjálfri og ekki um aðrar almennar breytingar á húsnæðismálalöggjöfinni. Ég taldi því ekki ástæðu til að fara að þenja mig hér um hið mikla og víðtæka og margþætta vandamál, húsbyggingamálin almennt, því að frv., sem til umr. var, fjallaði alls ekki um annað en stjórn þessara mála. Ég hélt mér því í framsöguræðu minni fyrir frv. eingöngu við efni frv. En breytingin er sú, að stjórnin skuli skipuð sjö mönnum í staðinn fyrir fimm áður, að í staðinn fyrir að tveir fóru með framkvæmdavaldið áður, fara núna þrír með það.

Hv. þm. talaði um, að þessi brbl. séu gefin út þvert ofan í ákvæði stjórnarskrár. Stjórnarskráin segir, að brbl. skuli gefa út, þegar brýn nauðsyn krefji, og sú brýna nauðsyn var fyrir hendi. Gamla húsnæðismálastjórnin var orðin óstarfhæf, kom sér ekki saman um eitt eða neitt og það um úrskurð á úrskurð ofan. Þess vegna voru sett um þetta brbl. Ég vænti þó a. m. k., að það standi hvergi skráð í stjórnarskránni, að íhaldsmaður verði að fara með framkvæmdavald húsnæðismálastjórnar. Ef svo væri, þá væri ég vitanlega að brjóta stjórnarskrána með setningu þessara brbl.

Hann kvartaði undan skorti á alvöru í sambandi við þetta mál. En alvaran er þessi ein í þessu frv., að núverandi stjórn ætlaði ekki að fela íhaldsmanni að hafa framkvæmdastjórn þessara mála fyrir sig. Hins vegar hefði legið vel við að taka upp hætti fráfarandi ríkisstj. og segja: Stjórnarandstaðan skal engan fulltrúa eiga í þessari stjórn. — Þannig var lýðræðisástin, þannig var það í framkvæmdinni áður. Það hefði verið hægt að setja hér lög um, að það skyldu vera þrír í húsnæðismálastjórn og enginn úr stjórnarandstöðunni. Það var eftir þeirra kokkabókum.

Ekki vildi ég hafa þann háttinn á, sýndi meiri mildi. Og þetta er gert á þann hátt, að þeir fulltrúar, sem núverandi stjórnarandstaða átti áður í stjórn húsnæðismálanna, eru þar enn þá. Þeir hafa ekki þann trúnað stjórnarinnar hins vegar að vera í framkvæmdastjórninni. Undan þessu er kannske ástæða til að kvarta, en þá á bara að gera það ódulbúið og segja: Það er þetta, sem við höfum að athuga við þetta frv.

Ég held, að það sé rétt, úr því að hv. þm. fór að ræða húsnæðismálin almennt, að ég skýri frá því, að í sumar óskaði ég eftir því, að húsnæðismálastjórn gæfi skýrslu um það, hvernig þessi mál stæðu, framkvæmdin á lögunum í heild. Formaður húsnæðismálastjórnar var á förum úr landinu, en gaf þó út bráðabirgðaskýrslu, áður en hann fór. Ég hefði gjarnan viljað ræða einstök atriði þeirrar skýrslu við hann, en þess hefur ekki verið kostur, því að hann hefur verið utanlands þangað til nú fyrir örfáum dögum. Ég taldi því áðan ekki rétt að gera þessa skýrslu að umræðuefni, fyrr en kostur hefði gefizt á að ræða nánar við formann húsnæðismálastjórnarinnar, en eftir ræðu hv. þm. tel ég þó rétt að víkja að nokkrum atriðum, sem upplýst eru í þessari skýrslu.

Hv. þm. talaði um, að það hefðu verið gerðar varanlegar umbætur á húsnæðismálaástandinu með setningu löggjafarinnar 1954, og því er ekki að neita, að hún er mjög til bóta. En hann sagði, að fram til þess tíma, að þau lög hefðu verið sett, hefði allt verið í óreiðu í þessum málum. Ég fullyrði, að þrátt fyrir það góða áform, sem vakti fyrir mönnum með setningu þessarar löggjafar, er allt í óreiðu í þessum málum enn þá, og sú varanlega bót er ekki fengin í dag. T. d. nú, þegar hin nýja húsnæðismálastjórn tekur við, eru skýrslur um það, að það eru milli 800 og 900 fokheldar íbúðir í Reykjavík einni, sem óskað hefur verið eftir að fengju lán úr hinu almenna lánakerfi, en ekki hefur verið hægt að veita neitt lán. Það voru 840 nákvæmlega þann 20. ágúst s. l., sem þá voru orðnar fokheldar, og er því líklegt, að þær séu komnar yfir 900 nú. Það eru 132 fokheldar þá á miðju sumri í Kópavogskaupstað, 59 í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 52 í Hafnarfjarðarkaupstað, en alls á miðju sumri núna 1293 íbúðir fokheldar og áttu þá rétt á lánum. Hvað er svo til af fé, þegar gamla húsnæðismálastjórnin fer frá, t. d. til þess að fullnægja lánaþörfinni í Reykjavík? 1.1 millj. króna. Það gæti verið úrlausn fyrir 30—40 íbúðaeigendur. Haldið þið, að vandinn sé leystur, eins og hv. þm. var að gefa í skyn? Haldið þið, að hann sé ekki laglega leystur? Nei, það er enn þá allt í sama ófremdarástandinu í húsnæðismálunum, bæði í Reykjavík og annars staðar á landinu.

Hvaða fyrirheit voru gefin, þegar löggjöfin var sett, um fjármagn til íbúðarhúsabygginga? Það kemur, eins og hv. þm. vék að, fram í bréfi Landsbankans þann 18. marz 1954, en þar skuldbindur Landsbankinn sig til að tryggja sölu bankavaxtabréfa fyrir 44 millj. kr. Verðbréfakaup opinberra tryggingafélaga, sem ríkisstj. hlutast til um, nema ca. 4 millj. kr.; útlán sparisjóða, sem væntanlega verða að nokkru leyti lánveitingar beint til lántakenda, en að einhverju leyti með bankavaxtabréfum, 20 millj.; íbúðalán lífeyrissjóða, sem væntanlega verða með svipuðum hætti og útlán sparisjóðanna, aðrar 20 millj.; í fimmta lagi í byggingarsjóð verkamanna 4 millj.; í sjötta lagi lán til útrýmingar heilsuspillandi íbúða, að hálfu frá ríki og að hálfu frá hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélagi, 6 millj.; í byggingarsjóði sveitanna 2.5 millj. Samtals er þetta 100.5 millj. kr. hvort árið um sig, 1955 og 1956.

Hefur nú verið staðið við þetta? Er þetta raunveruleikinn, eða er þetta pappírsgagn? Einn af bankastjórunum var hérna að tala áðan. Hann má vita um það.

Úr A-flokki voru veitt á árinu 1955 388 lán, alls að fjárhæð 20 millj. 220 þús. kr.; úr B-flokki 290 lán, alls að upphæð 7 millj. 214 þús. kr. Þetta eru 27 millj. og 400 þús. kr. á árinu 1955.

En skýrslan frá húsnæðismálastjórn gefur upplýsingar auk þessa fram til 22. ág. þessa árs, og þar segir, að það sé búið að veita alls þann 22. ágúst 1113 lán og að öllu meðtöldu, byggingarsjóðsframlagi og sparisjóðalánum, 76 millj. 674 þús. kr., en hvort árið um sig átti að skila

100.5 millj. kr., og þá er komið langt fram á síðara árið.

Auðvitað verður að ganga hart eftir því, að sú áætlun, sem gerð var um þetta og frv. byggðist á og alþm. miðuðu við, þegar þeir tóku þátt í að afgreiða þessa löggjöf, verði framkvæmd. Þar er mjög mikið komið undir velvilja og brennandi áhuga þeirra manna, sem í senn sitja á Alþingi og skipa bankastjórastöður. Og það er gott til þess að vita og ánægjulegt að heyra það, að einmitt þessir menn hér á þingi eru brennandi í andanum í þessum málum í því að leysa þau og trúaðir á, að með fullnægingu þessarar löggjafar sé aðalvandinn leystur. Það eru núna á miðju sumri 2023 lánbeiðnir óafgreiddar. Núna fyrir nokkrum dögum voru þær komnar upp í 2200 óafgreiddar. Lánsupphæðirnar, sem hafa verið veittar, eru að meðaltali, þegar lögð eru saman A- og B-lán, meðaltal yfir allt landið, 55390 kr. Að meðaltali hefur íbúðareigandi, sem er að stríða við að koma yfir sig þaki, fengið 55390 kr. sem lán. Meðaltalið í Rvík er þó 59974 kr. Þetta eru ekki háar upphæðir. En samt sem áður, þó að hafi verið leitazt við að hluta þetta svona niður, vantar samt fé til að fullnægja yfir 2000 lánbeiðendum.

Það er því rétt, sem hv. þm. segir, að það er full ástæða til í fyrsta lagi að sjá um hina fyllstu framkvæmd á þeirri áætlun, sem gerð var um fjáröflun samkv. löggjöfinni, sem nú er í gildi, og í annan stað að leita eftir auknu lánsfé, og þar er ég honum sammála, að til þess að leysa þetta stórkostlega vandamál, húsnæðismálin, verði jafnvel að leita eftir erlendum lánum. Mér þykir ánægjulegt að heyra, að það er hans bjargfasta skoðun, að það sé engin frágangssök. Ég er alveg sannfærður um það eins og hann, að fáist sæmilega hagfellt lán til nægilega langs tíma, erlent lán, þá sé ekki mjög áhættusamt að taka slíkt lán til þess að gera stórátak í húsnæðismálum þjóðarinnar.

Það er ekki einasta holdsveikisárið, sem blasir við augum Íslendinga, braggarnir í Rvík. Kofarnir í sjóþorpunum úti um landið eru ekki skárri, og það er þess vegna ekki eingöngu hér um það að ræða að útvega lánsfé handa Reykjavíkurbæ, heldur handa kaupstöðunum úti um land og sjóþorpunum úti um land og til sveitanna sömuleiðis, til þess að þjóðin búi við mannsæmandi húsnæði. Það er sýnilegt, að þó að allir standi vel við gefin loforð, þá vantar aukið fé í þetta, og það verður að gerast. Og það er gott til þess að vita, að stjórnin stendur ekki ein að því verki. Stjórnarandstaðan ætlar þar að leggja sitt lið, en þau mál öll koma til umr. á Alþ., áður en langt um líður, og það verður miklu víðtækara mál en þetta frv. um breytingu á húsnæðismálastjórninni einni saman.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég ætlaði ekki með minni ræðu áðan að verða til þess, að eitt af fyrstu verkum þessa hæstv. félmrh. væri að byrja á því að hlaupa á sig hér í ræðustólnum, en það var bara rétt eins og maðurinn væri búinn að gleyma því, að hann er sjálfur félmrh. og hefur meðferð þessara mála og framkvæmd með höndum. Þm. eiga rétt á því að heyra eitthvað, hvað hann hugsi sér og hvað sé fram undan hjá ríkisstj., en ekki bara, að hann hafi einhvern tíma í sumar talað við form. húsnæðismálastjórnar og aldrei haft tíma til að hugsa meira um málið.

Nei, það mun áreiðanlega vera heillavænlegra fyrir þennan hæstv. ráðh. að gera sér fyrr en seinna grein fyrir því, að hann getur ekki leikið hér sama hlutverkið og hann hefur á undanförnum árum leikið, hvorki í ræðustólnum né meðferð mála hér á þingi. Ég sagði áðan í minni ræðu: Af hverju að vera með þennan feluleik í sambandi við þetta frv., koma hér, eins og hæstv. ráðh. gerði, með kattarþvott og reyna að skrökva því að sjálfum sér og þm., að eitthvað allt annað sé meint með frv. en hann raunverulega meinar? Og hver sannaði svo betur mál mitt en hæstv. ráðh. sjálfur?

Alvaran í þessu frv. er þessi ein, sagði hann, að núv. stjórn ætlar ekki að fela íhaldsmanni framkvæmd þessara mála. Ja, ef ráðh. hefði bara verið nógu hreinskilinn til þess að segja þetta strax, þá hefði ég ekki þurft að þessu leyti að vera með mínar aðfinnslur um það, hversu ómerkilegt frv. væri og lítilfjörlegur kattarþvottur ráðherrans.

En þessi hæstv. ráðh. er nú búinn að segja hv. þingi og alþjóð, að alvaran hafi verið þessi ein í þessu máli, og þá veit maður það frá honum sjálfum, þó að aðrir hafi vitað það fyrir, hvað fyrir þessum mönnum vakti. En það lagði ég einmitt áherzlu á, að menn hefðu mátt búast við alvarlegri aðgerðum í þessum málum en þeim, sem hér er um að ræða, og að málið í heild verðskuldaði það, að hv. þm. fengju eitthvað að vita um boðskap og ráðagerðir núv. hæstv. ríkisstj. í þessu máli. Annars er það nú svo, að ég verð líka að vekja athygli á því, að ef mönnum er svo afskaplega brátt, nýorðnum ráðamönnum, að skipta um embættismenn eða starfsmenn og eingöngu af pólitískum ástæðum, hefur það samkv. venju í íslenzku þjóðfélagi ekki verið gert fram til þessa, öðruvísi en þá að einhver rökstuðningur fylgdi máli. Hér er bara sagt raunverulega, að einum manni, sem átti sæti í húsnæðismálastjórn, væri ekki trúandi til þess að fara ásamt með öðrum manni með úthlutun lánanna. Við höfum hins vegar ekki heyrt neinar rökstuddar ásakanir á misgerðir þessa manns í þessu máli, hvorki fyrr né síðar, og ef menn eiga að taka það hátíðlega eða trúanlegt, að þessi húsnæðismálastjórn hafi allt í einu verið orðin óstarfhæf, eftir að Hannibal Valdimarsson varð félmrh., þá verða menn að skírskota til fyrrv. hæstv. félmrh. og spyrja, hvort hann hafi aldrei orðið var við neitt óstarfhæfi í fari þessara manna og þetta hafi komið svona skyndilega fram, eftir að hæstv. núv. félmrh. tók við embætti sínu.

Þessi hæstv. ráðh. segir, að allt sé í óreiðu enn í húsnæðismálunum, allt saman í sömu óreiðunni. Ég reyndi að gera grein fyrir því í minni ræðu, að í staðinn fyrir það, að hér var orðin stöðvun fyrir fimm árum í húsbyggingamálum, bæði hér í Rvík og nágrenni og annars staðar á landinu, hefur átt sér stað svo ör og heillavænleg þróun í þessum málum á s. l. ár-

um, að það hefur aldrei verið neitt viðlíka af íbúðarhúsnæði í byggingu, hvorki hér eða í nágrenni né annars staðar á landinu, og nú, og ef takast má að halda áfram þróuninni með svipuðum hraða og verið hefur, þá væru mestu vandkvæði þessara mála leyst á næstu 2—3 árum að mínum dómi.

Þetta er það, sem ég hélt fram og lagði einmitt áherzlu á, að það væri það, sem bæði hæstv. núv. ríkisstj., Alþingi, opinberir aðilar, eins og bæjarstjórnir og sveitarstjórnir, þyrftu að horfast í augu við, að einbeita núna aðgerðum sínum og kröftum að því að ljúka þeim mörgu byggingum, sem svo víðs vegar eru í framkvæmd. Hitt gefur auga leið, að einmitt vegna þess mikla áræðis, samhliða hinu nýja og aukna frelsi í þessum málum, hefur til þess leitt, að miklu fleiri íbúðir eru í byggingu en svo, að þeir, sem í því standa, hafi getað fengið nægjanlegt fjármagn að láni til þessara framkvæmda.

Ég vil svo að lokum aðeins segja það, að þegar hæstv. ráðh. var að tala um, að það yrði að leggja höfuðáherzlu á, að sú áætlun, sem gerð hafi verið í lögunum um húsnæðismálastjórn, — eða frv. og grg. þess, — næði fram að ganga, þá geri ég ráð fyrir því, að hæstv. ríkisstj. hafi fyrir sitt leyti fylgzt með því á sínum tíma, og að sjálfsögðu er rétt af þessum hæstv. ráðh. að fylgjast með því, að að svo miklu leyti sem hann vísaði til mín sem eins af bankastjórum hér í þessu landi, þá vil ég segja það, að samningurinn við bankann, sem ég á hlut í, og aðra banka, aðra en Landsbankann, byggðist á tilteknum lánveitingum, 20 millj. kr. samanlagt frá bönkunum, á þessum 2 árum og rennur út um næstu áramót, og við okkur hefur ekkert meira um það mál verið talað. Við höfum lánað til þessara mála eins og tilskilið var s. l. ár, 1955, og munum vissulega á þessu ári standa við þær skuldbindingar, sem við gáfum fyrrverandi ríkisstj. í þeim banka, sem ég á sæti í, og okkur hefur aldrei dottið annað í hug. Að þessu leyti held ég að sé alveg sama að segja um hina viðskiptabankana í landinu. Hins vegar er það auðvitað öðru fremur þjóðbankinn, Landsbankinn, sem tók að sér að hafa forgöngu í þessu máli, og um hans viðskipti við fyrrverandi eða núverandi ríkisstj. get ég ekkert sagt. En að svo miklu leyti sem mig snertir og aðra, sem ég veit að hafa hliðstæða aðstöðu, hefur vissulega allt verið efnt, sem lofað var.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég held, að það hafi verið algerlega rangt hjá hv. síðasta ræðumanni, að ég hafi látið í ljós, að ég hefði ekki tíma til að tala um húsnæðismálin. Ég skal lýsa því yfir, að ég er reiðubúinn til þess að ræða við hann og aðra hv. þm. um húsnæðismálin, hvenær sem er, og einkanlega þá í sambandi við till., sem fram verða lagðar um lausn þeirra mála almennt. Það er líka ranghermi — og alveg frá rótum, að ég hafi sagt hér, að einum manni hafi ekki verið trúandi til að vinna sín störf. Þetta eru ósannindi og þau vísvitandi. Að þessu vék ég ekki, að maðurinn hefði á nokkurn hátt verið ótrúverðugur í starfi, og ég mótmæli því.

Ég veit það fyrir víst um þá skýrslu um byggingarstarfsemi Reykjavíkurbæjar, sem hv. þm. flutti hér, að ámóta skýrslu hefðu fjöldamargir þm. aðrir getað flutt um byggingarstarfsemi í þeirra bæjar- og sveitarfélögum, því að það er vissulega ekki Rvík ein, sem er að byggja. En það held ég að sé sannarlega að fara út fyrir umræðuefni hér, frv. um breyt. á stjórn húsnæðismálanna, þegar farið er að gefa skýrslu um byggingarstarfsemi Reykjavíkurbæjar. Ég skal því alveg láta því atriði ræðunnar ósvarað, að öðru leyti en því, að mér er nú tjáð, að því fólki, sem hefur fengið vilyrði fyrir íbúðum í raðhúsum Rvíkurbæjar, muni verða gert að skyldu, að þegar það fái lán úr hinu almenna húsnæðismálakerfi, þá eigi þetta fólk að borga 39 þús. kr. til Rvíkurbæjar af því væntanlega láni. Ekki eru miklar líkur til þess, að þetta lán gæti orðið hærra en meðallánin hjá öðrum, og skilst mér þá, að þetta fólk eigi að skila meginhluta af væntanlegu láni úr húsnæðismálakerfinu til Rvíkurbæjar aftur. Ég vil láta í ljós, að það er ákaflega hætt við því, að sumt af þessu fólki missi sínar íbúðir, ef möguleikar þess til þess að halda þeim miðast við það að fá lán og endurgreiða það aftur til Rvíkurbæjar. Ég held, að Rvíkurbær, ef hann hugsar sér að bæta úr húsnæðisneyð þess fólks, sem hefur nú fengið vonir um að flytja úr bröggunum og í þetta húsnæði, þurfi að gera við það betur, svo að það geti haldið þessu húsnæði, en ekki veita því vilyrði upp á þessa 1.1 millj. kr., sem er nú til, þegar fráfarandi húsnæðismálastjórn skilur við, til lánveitinga til íbúðarhúsnæðis í Reykjavík fyrir þessi áramót.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 116).

Frsm. meiri hl. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða, liggur hér fyrir til 2. umr. Frv. hefur verið rætt í heilbr.- og félmn., og varð nefndin ekki sammála um afgreiðslu þess, eins og nál. á þskj. 116 ber með sér.

Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl., hv. þm. Ísaf. og hv. 8. þm. Reykv., eru frv. mótfallnir. Frv. er stjórnarfrv. og flutt sem staðfesting á brbl., útgefnum 21. sept. s. l. af hæstv. félmrh.

Þegar þetta frv. var til 1. umr. hér í þessari hv. deild, var málið allmikið rætt og því fylgt úr hlaði með grg. og greinargóðri framsögu af hendi hæstv. félmrh. Ég sé því ekki ástæðu til á þessu stigi málsins að hafa um það fleiri orð, en legg til við hæstv. forseta, að frv. að lokinni þessari umræðu verði vísað til 3. umr.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Eins og fram kom raunar í framsöguræðu frsm. meiri hlutans, gátum við hv. 8. þm. Reykv. ekki orðið

sammála meiri hl. um að samþykkja þetta frv. Við teljum, að það, sem á hafi vantað um húsnæðismálastjórn, hafi ekki verið það að fjölga mönnum í stjórninni, þó að við höfum út af fyrir sig ekki kannske beint við það að athuga, þó að mönnum sé fjölgað; það, sem aðallega hafi legið á, hafi verið að útvega fé, til þess að hægt væri að auka framkvæmdir og stuðla betur að húsbyggingum en gert hefur verið. Við leggjum því til, að þetta frv. sé fellt.

Það er ekki séð a. m. k., að það eitt að fjölga í stjórninni verði til þess, að fjárframlögin komi greiðar, og við teljum sem sagt, eins og ég sagði áðan, að það séu aðallega þau, sem stendur á; það standi stjórn sjóðsins og framkvæmdum, sem hann á að stuðla að, fyrir þrifum, að enn hafi ekki tekizt að útvega nægilegt fé. Það var að vísu farið allmyndarlega af stað, og hann er búinn að gera mikið gagn nú þegar, og það er vonandi, að betur gangi með fjárútvegun til hans en útlit er fyrir nú í svipinn.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er ekki meiningin að fara að hafa mörg orð um þetta frv., sem hér er til 2. umr. Eins og fram kemur, hafa sjálfstæðismenn í hv. heilbr.- og félmn. ekki séð ástæðu til þess að mæla með því, að þetta frv. yrði samþykkt, og finnst mér það mjög eðlilegt.

Hvað er það, sem þetta frv. hefur að færa? Það hefur það að færa að fjölga í stjórn húslánasjóðs úr fimm upp í sjö menn. Það framlag, sem hæstv. núv. ríkisstj. hefur haft til þessa fram að bera í því máli að útvega fé og gera mönnum léttara að byggja og koma yfir sig nauðsynlegu húsnæði, er að fjölga í stjórn sjóðsins. Það bólar ekki á því, að hæstv. stjórn hafi útvegað nokkurt fé til húslánasjóðs, og nú er svo komið, að margir menn, sem byrjuðu á því að byggja smáíbúð yfir sig, bæði hér í Rvík og víðs vegar úti um land, standa uppi ráðþrota, vegna þess að þeir fá hvergi lán. Fátækir menn, sem vonuðu, að það væri að skapast möguleiki til þess, að þeir gætu eignazt þak yfir höfuðið, byrjuðu fullir bjartsýni á þessu ári og sumir á s. l. ári í þeirri trú, að þeir fengju þó a. m. k. 70 þús. kr. að láni úr húslánasjóði til þess að koma íbúðinni upp. En seinni hluta þessa árs hefur ekkert verið lánað úr húslánasjóði. Mér er kunnugt um það, að nokkrir menn austan af Rangárvöllum gerðu sér erindi til þess að ræða við húslánastjórn fyrir nokkrum dögum um það, hverjar vonir stæðu til, að þeir fengju lán úr sjóðnum út á þau hús, sem þeir eru nú að byggja. Og þeir fengu svör. Húslánastjórn má eiga það, hún gaf nokkuð ýtarleg svör, þau, að þeir þyrftu ekki að vonast eftir neinu láni á þessu ári og sennilega ekki fyrri hluta næsta árs. Og nú standa þessir menn uppi ráðalausir, vegna þess að það fé, sem þeir höfðu ástæðu til að ætla að yrði fyrir hendi, fæst ekki. En þetta er táknrænt um það ástand, sem ríkir nú um landið allt.

Hæstv. ríkisstj. segir: Þegar fráfarandi stjórn fór frá völdum, skildi hún ekki eftir sjóði handa okkur til þess að ráðstafa, og þess vegna höfum við ekki fé.

Þetta hefur maður heyrt hér í þingsölunum. En hæstv. stjórn gleymir því, að hún á sök á því, að bankarnir eru tómir, að vegna ráðdeildarleysis hennar, vegna þess, að fólkið í landinu vantreystir henni, hefur sparifjármyndunin í landinu algerlega orðið að engu. Menn minnast þess, að fyrstu sjö mánuði þessa árs safnaðist nýtt sparifé í bankana, 136 millj. kr., hefði orðið 230 millj. um áramót, ef stjórn hefði verið í landi, sem fólkið treysti, og þá hefðu bankarnir getað látið fé í húslánasjóð eins og s. l. ár.

Þetta er aðeins eitt dæmi um það, að það verður dýrt fyrir þjóðina að hafa stjórn í landinu, sem þjóðin ekki treystir.

Þetta er eitt dæmi um það, hversu núv. ríkisstj. hefur lagt mikla áherzlu á það að skipa nefndir og ráð, — þar sem hún, áður en hún sér nokkra möguleika til þess að leggja fé í húslánasjóð, kemur með frv. um að fjölga stjórnendum sjóðsins.

Það hefur verið aðalverkefni núv. stjórnar að skipa nefndir, skipa ráð, fjölga í stjórnum, útvega skjólstæðingum sínum launaðar stöður.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Stundum er hægt að fyrirgefa mönnum, þegar þeir segja eitthvað, af því að þeir vita ekki betur. En þeim, sem vita betur, er ekki hægt að fyrirgefa, þegar þeir vita, að þeir eru að fara með ósatt mál, — og hér er hægt að fullyrða þetta um þennan hv. ræðumann, sem hér var að enda við að tala, því að hann er fyrrv. ráðh. úr fyrrverandi ríkisstj., og það getur þess vegna alls ekki hafa farið fram hjá honum, að hans stjórn, sem hann átti sjálfur sæti í, ákvað, með hvaða reglum, hvaða hætti skyldi afla fjár til húsnæðismálakerfisins, almenna veðlánakerfisins. Það er skammturinn, sem hann gekk frá, sem hefur ekki hrokkið til þess að fullnægja í húsnæðismálunum. Við erum ekki enn þá komnir fram að 1. jan. 1957, og það er tómt þetta kerfi, af því að þörfin var meiri en það fé, sem fyrrverandi ríkisstj., þ. á m. þessi hv. þm., ákvað til þessara hluta. Það hefur ekki gerzt neitt annað en það, að húsnæðisþörfin er slík, að féð, sem hv. fyrrv. ríkisstj. ákvað til þessara hluta, er langtum of lítið. Það var gerður samningur við Landsbankann og aðra banka um fjáröflun til þessa veðlánakerfis, og bankarnir halda því fram, að þeir hafi staðið að öllu leyti við sitt, og það verður varla sagt annað. Þessi stjórn hefur því hvorki rýrt þetta fé né aukið. Þetta samkomulag var lögbundið og gildandi til 1. jan. 1957, og á því tímabili erum við enn.

Þeirri leið, sem hann vildi lýsa, og þeim sökum, sem hann vill lýsa á hendur stjórnendum landsins, er hann að lýsa á hendur sjálfum sér, og er það vel.

Það kemur fyrst til kasta þessarar núv. ríkisstj. að afla fjár til hins almenna veðlánakerfis með nýjum hætti, þegar útrunnið er það tímabil, sem fyrrverandi ríkisstj. samdi um og lögbatt fjáröflunina fyrir. Og þá ætti hv. þm. að taka til máls og ásaka núv. ríkisstj., en fyrr ekki. Þangað til er hann að ásaka sjálfan sig og sína meðráðherra.

Hér er ekki um að ræða, að það hafi verið sett nefnd, þar sem ekki var fyrir nefnd áður. Það var til húsnæðismálastjórn, og það er til húsnæðismálastjórn. Skipun hennar hefur aðeins verið breytt á þann hátt, að núv. stjórn hefði ekki íhaldsmann sem sinn aðaltrúnaðarmann, og það hefði fyrrv. stjórn ekki heldur gert, hefði ekki heldur haft mann úr stjórnarandstöðunni sem sinn aðaltrúnaðarmann. Samt er þessi sjálfstæðismaður ekki tekinn út úr stjórninni, en hann er ekki hafður með í framkvæmdastjórn. Það er það einasta, sem Sjálfstfl. hefur undan að kvarta í þessu máli, en það hefur engin áhrif haft á fjáröflunina, eins og hver maður hlýtur að skilja.

Húsnæðismálastjórnin er nú skipuð sjö mönnum í staðinn fyrir fimm áður, og þrír af þessum mönnum eru í framkvæmdastjórn og hafa auðvitað einungis það hlutverk að annast úthlutun á því lánsfé, sem fyrrv. ríkisstj. ákvað inn í þetta kerfi. Það hafa þeir vitanlega gert.

Hv. 1. þm. Rang. sagði líka, að það hefði engin úthlutun lána farið fram á síðari hluta þessa árs. Þetta er líka rangt hjá honum. Hann komst varla frá nokkurri málsgrein án þess að skrökva, og er leiðinlegt til þess að vita, því að þarna vissi maðurinn betur. Það er búið að úthluta lánum um meginhluta landsbyggðarinnar, um Vestfirði, Norðurland, Austurland. Og Landsbankinn sagði í gær aðspurður, að það væri búið að senda öll þessi lán út. Það er nokkuð langt síðan þessum lánum var úthlutað, en þau lágu nokkurn tíma í Landsbankanum. En Landsbankinn tilkynnir nú, bæði hagfræðingur og bankastjóri, að það sé búið að senda þessi lán núna út og afgreiða þau frá bankanum. Þetta er því algerlega ósatt hjá hv. ræðumanni.

Svo á að binda þetta við sparifjársöfnunina og segja: Það er nú hægt að lána minna gegnum hið almenna veðlánakerfi, af því að það hefur dregið úr sparifjársöfnun landsmanna. — Þetta er í engu samhengi við sparifjársöfnunina, því að það voru ákveðnir hlutir, sem áttu að renna í þetta kerfi og hafa runnið í það, alveg óháð því, hver sparifjársöfnunin yrði.

Það hefur verið upplýst af hagfræðingi Landsbankans, að til íbúðarhúsalána hafi verið veittar um 120—130 millj. kr. á þessu ári, eða verði það fyrirsjáanlega, og það sé nokkru meira en gert hafi verið ráð fyrir í áætluninni, sem fylgdi þeirri lagasetningu, sem gilt hefur s. l. tvö ár.

Og hvað um sparifjársöfnunina? Sparifjársöfnunin, segja bankarnir, að hafi verið heldur meiri en næsta ár á undan, — en alltaf hafi dregið mjög úr sparifjársöfnuninni síðustu mánuði ársins, mörg undanfarin ár, líklega að öllum jafnaði; þetta sé því ekkert nýtt, að það dragi úr sparifjársöfnuninni í nóvember- og desembermánuðum, en það er það út af fyrir sig, sem hv. 1. þm. Rang. er alltaf að klifa á til þess að reyna að villa um fyrir þingheimi. En hér eru bara engin börn í þessum efnum, þetta vita allir. Þeir, sem ekki hafa verið ráðherrar, vita það líka.

Ég skil raunar ekki, hvað vakir fyrir hv. þm., þegar hann tekur undir þá afstöðu síns flokks, að þetta frv. skuli ekki samþykkt, heldur skuli það fellt. Þetta eru hin gildandi lagaákvæði nú um húsnæðismálastjórn, og sennilega vakir ekki fyrir þessum mönnum, að engin húsnæðismálastjórn sé til, engin löggjöf sé til um þetta lánveitingafyrirkomulag til íbúðarhúsa. Það væri að skiljast ærlega við málið. Ég hefði þó búizt við því, að þeir, sem voru hér á móti, hefðu komið með brtt. við frv., t. d. á þann veg að færa skipun stjórnarinnar í sama horf og áður, þannig að framkvæmdin væri í höndum þeirra tveggja manna, sem voru tilvaldir út frá flokkspólitískum sjónarmiðum á sínum tíma, eins og allir vita, og áttu að framkvæma hina alkunnu helmingaskiptareglu fyrrv. ríkisstj. Ég hefði skilið það, og það hefði verið hreinskilnislega rétt til gengið, ef það hefði verið lagt til. En það er bara engin till. frá þeim um annað en að fella þessa löggjöf niður.

Það er ástæðulaust að fara fleiri orðum um þetta. Því miður hefur hv. 1. þm. Rang. orðið ber að því að fara rangt með, hvernig stæði um fjáröflun til þessarar lánastarfsemi. Hún hefur ekki verið ákveðin af núverandi ríkisstj., heldur af þeirri ríkisstj., sem hann átti sjálfur sæti í, og það kerfi á að gilda til 1. janúar n. k., er nú í framkvæmd, og því fé, sem það kerfi átti að veita, hefur verið ráðstafað til lána. Það atriði er þannig einnig ósatt, að það hafi engin lán verið veitt á síðari hluta þessa árs. Öll lán hafa verið veitt, sem nokkurt fé var til samkvæmt fjármálaráðstöfunum fyrrverandi ríkisstjórnar.

Hitt er annað mál, að það er auðséð, að það verður að ákveða með einhverjum hætti meiri fjármagnsöflun til þess að ráða bót á húsnæðisvandræðunum heldur en fyrrverandi stjórn taldi ástæðu til eða sá sér fært að gera — og það stórkostlega mikið, því að það eru þúsundir fjölskyldna, sem búa við húsnæðisneyð í landinu þrátt fyrir fulla framkvæmd á þessu veðlánakerfi. En núverandi ríkisstj. er ekki að saka í þessu máli fyrr en á næsta ári og þá því aðeins, að ekki takist að tryggja jafnmikið fé eða meira til þessarar lánastarfsemi í framtíðinni en útvegað hefur verið síðastliðin tvö ár af fyrrverandi ríkisstj. Takist það hins vegar ekki, þá játa ég, að þá væri nokkur ástæða til fyrir hv. 1. þm. Rang. að koma hér og hælast um og gera sig og sína meðráðh. góða á kostnað núverandi ráðh. En fyrr hefur hann ekki efni á því heldur.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég gerði þetta mál að umtalsefni við 1. umr. og reyndi að færa rök að því þar, að það væri með nokkuð annarlegum hætti, sem þetta mál væri fram komið, og ríkisstj. virtist ekki sinna því þýðingarmikla vandamáli, sem hér væri um að ræða, eins og vera skyldi. Hæstv. félmrh. segir hér áðan, að hér séu engin börn í deildinni og það sé ekki hægt að tala við menn í slíkum tón að gera ráð fyrir því. En hvað mega menn ætla, þegar sjálfur hæstv. félmrh. í sömu andránni segir, að fulltrúar Sjálfstfl. í félmn. komi ekki með neinar till. og ekki með neina aðra skipan um húsnæðismálastjórn, og ef farið væri að þeirra till., þá væri engin húsnæðismálastjórn til? Þetta mundi nú einhver telja barnalegt, því að að sjálfsögðu sjá allir, sem vilja um þessi mál hugsa, að ef orðið er að till. sjálfstæðismanna, þá fellur bara niður bráða-

birgðalöggjöfin og sú húsnæðismálastjórn, sem áður var, verður óbreytt. Það er efnislega till. sjálfstæðismanna í n., að þessi bráðabirgðalög falli niður, vegna þess að þau hafi að tilefnislausu verið fram borin og bæti ekkert um í þessu máli.

Það er furðulegt að heyra það af hæstv. félmrh., að það sé ekki þessa ríkisstj. um að saka, ef ekki sé nægilegt fé til íbúðabygginga núna, vegna þess að fyrrv. ríkisstj. hafi sett þann ramma, sem átt hafi að fara eftir. Sannleikurinn er sá, að bæði í þessum málum og öðrum geta þau eftir atvikum krafizt endurskoðunar á hverjum tíma, og ég held, að hv. þingmönnum sé kunnugt um, ef við tökum annað mál hér til samanburðar, að þegar hæstv. fyrrv. ríkisstj. lagði fram till. sínar um 10 ára áætlun um rafvæðingu landsins, þá leið ekki á löngu, þangað til sú áætlun var endurskoðuð, og í framkvæmdinni hefur verið farið miklu hraðar en upphaflega var ráðgert. Þess vegna hefur einnig raforkumálaráðh. hæstv. átt viðræður um það við banka þessa lands að auka fjárframlög til raforkuframkvæmdanna. Og hvað var eðlilegra, þegar fólkið er í neyð sinni í húsnæðisvandræðunum, heldur en að hæstv. ríkisstj., sem nú er búin að sitja í marga mánuði, *hefði beitt sér fyrir því, eins og hv. 1. þm. Rang.* benti réttilega á, að gera það eina, sem þurfti, til þess að rétta þeim hjálparhönd, sem í vandræðum voru, að afla meira fjár til veðlánakerfisins en fram til þessa hafði verið ráðgert. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. félmrh.: Hefur ríkisstj. raunverulega ekkert gert í því, á þeim tíma sem hún hefur setið, að afla meira fjár til veðlánakerfisins? Og ég vildi mega spyrja beinlínis: Hvað hefur hæstv. ríkisstj. gert til að afla erlendra lána, eins og þó er gert ráð fyrir í lögunum um húsnæðismálastjórn, í 5. gr. þeirra? Þar segir svo, að til útlána á vegum hins almenna veðlánakerfis komi m. a. erlend lán, sem veðdeild Landsbanka Íslands kann að taka til íbúðabygginga. Það er ástæða til að spyrja: Hefur ríkisstj. farið þess á leit eða beitt sér fyrir því við veðdeild Landsbanka Íslands, að hún tæki erlent lán einmitt í þessu skyni og á þeim tíma, sem erlend lántaka er bæði mjög nauðsynleg og í alla staði fullkomlega verjanleg til þess að létta húsnæðisvandræðin, eins og ég benti á við 1. umr. þessa máls og færði þar óyggjandi rök fyrir? Eins og ástandið er í húsnæðismálunum nú, þá er langliklegasta og eina úrræðið, sem um munaði, að sérstakar ráðstafanir — og þær verða tæpast gerðar með öðru en erlendri lántöku — verði gerðar til þess að flýta fyrir því, að við þær mörgu íbúðir, sem nú eru í smíðum, verði lokið.

Nei, ég ásaka hæstv. ríkisstj., ef hún hefur á þeim tíma, sem hún hefur setið, ekkert gert til þess að afla meira fjár í hið almenna veðlánakerfi til íbúðabygginga eða gert neina tilraun til þess að afla erlendra lána í þessu skyni.

Það verður ekki heldur fallizt á þá skoðun hjá hæstv. félmrh., að lánin til íbúðabygginga standi í engu sambandi við sparifjársöfnun landsmanna. Að sjálfsögðu, ef ekki er um að ræða erlenda lántöku til þessara eða annarra framkvæmda, þá er ekkert, sem stendur undir áframhaldandi og auknum framkvæmdum í landinu annað en aukin sparifjársöfnun landsmanna. Þetta eru of einfaldar staðreyndir og sannindi til þess, að hæstv. félmrh. geti leyft sér að viðhafa annað eins og það, að sparifjármyndun landsmanna sé í engu sambandi við möguleikana til lánsfjáröflunar til íbúðabygginga. Það er vitað, að þegar hæstv. fyrrv. ríkisstj. beitti sér fyrir því við banka þessa lands, að þeir legðu fram ákveðið fé til raforkuframkvæmda á næstu árum og til íbúðabygginga, þá var það allt saman gert í skjóli mikillar sparifjáraukningar, loforðin voru veitt í skjóli mikillar sparifjáraukningar, sem átt hafði sér stað, og af hálfu a. m. k. sumra bankanna var það beinlínis sett sem skilyrði fyrir þeirra þátttöku í lánveitingum til þessara framkvæmda, að sparifjáraukning landsmanna héldi áfram. Og þá var það viðurkennt af þeim hæstv. ráðh., fyrrv. hæstv. raforkumrh. og bankamálarh., sem töluðu við bankastjóra um þessi mál m. a. og ég minnist, að að sjálfsögðu yrði að fallast á, að forsendan fyrir möguleikum bankanna til þess að leggja fé til slíkra framkvæmda væri aukin sparifjármyndun landsmanna.

Því miður fær það ekki staðizt, sem hæstv. félmrh. sagði, að rýrnun sparifjárins væri nú með engum öðrum hætti en á undanförnum árum 2—3 *síðustu mánuði ársins*. Hún er því miður miklu meiri en hún hefur verið undanfarin ár, og í sumum bönkunum a. m. k. hefur engin sparifjáraukning átt sér stað, þegar árið er tekið í heild, miðað við það, sem var í nóvember og desember 1955. M. ö. o.: Rýrnunin hefur orðið það mikil síðari hluta ársins, að sú sparifjáraukning, sem myndazt hafði fyrri hluta ársins, hefur öll orðið uppurin.

Ég skal ekki á þessu stigi málsins hafa fleiri orð um það, hvaða orsakir til þess liggja. En hér er auðvitað um miklu alvarlegra vandamál að ræða en á undanförnum árum, í sambandi við síðustu mánuði ársins, því enda þótt það sé rétt, að það sé venju samkvæmt, að sparifé bankanna minnki að jafnaði síðustu mánuðina, hefur þó niðurstaðan alltaf orðið sú allt fram til þessa, að í heild hefur stórkostleg sparifjáraukning átt sér stað á undanförnum árum og hefur, eins og ég sagði áðan, verið auðvitað fyrst og fremst grundvöllurinn undir mörgum þeim miklu og hraðskreiðu framkvæmdum, sem átt hafa sér stað *í þjóðfélaginu, bæði í húsnæðismálunum og raforkumálunum*.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þess var að vænta, að hv. 5. þm. Reykv., sem seinast talaði, viðurkenndi það rétt vera, að það væri ekkert neitt nýtt fyrirbæri, að sparifjársöfnunin minnkaði seinni hluta árs. Það játaði hann að vera staðreynd. En hvað verður þá úr talnadæmi hv. 1. þm. Rang., sem segir, hvað sparifjársöfnunin hafi verið fyrstu 7 mánuði ársins, og reiknar svo út í réttu hlutfalli við það, hvað hún hefði átt að vera yfir allt árið. Þá er hann búinn að hnekkja þessu dæmi hv. 1. þm. Rang., — og það er vel.

Hv. 5. þm. Reykv. vék að því, að það væri visst samband milli sparifjársöfnunarinnar og þess fjármagns, sem hægt væri að veita til íbúðarhúsnæðislána. Undir venjulegum kringumstæðum er

þetta auðvitað rétt. En þegar bankarnir hafa tekið á sig ákveðnar skuldbindingar til þess að leysa þetta verkefni, þá gera þeir hvorki að auka né minnka fjárveitingar til þessa. Ef þeir standa við sínar skuldbindingar, eru í fjárþröng, eins og allir vita, vegna annarra verkefna, þá fara þeir ekki yfir sínar skuldbindingar. Hvað sem sparifjársöfnuninni hefði því liðið, hefðu þeir ekki fengizt til að leggja meira fé í hið almenna veðlánakerfi heldur en fyrrv. ríkisstj. hafði samið við bankana um, og það hefur staðizt.

Á samningsbundnu tímabili er því alveg tilgangslaust að fjasa um það, hvað sparifjársöfnuninni líður í sambandi við þetta mál.

Það er dálítið spaugilegt, að samkvæmt ýtrustu áætlun ætlaði fyrrverandi stjórn 100 millj. kr. að duga til að leysa þetta stóra þjóðfélagsvandamál, íbúðarhúsnæðisvandann. En núna fyrir nokkrum vikum, þegar sjálfstæðismenn voru komnir úr ríkisstj., en þó ekki liðinn sá tími, sem þeirra fjáröflunarkerfi átti að ná yfir, þá bar Sjálfstæðisflokksmaður í húsnæðismálastjórn fram till. um, að það yrði ekki minna en 250 millj. kr. á ári, sem varið yrði til þess að ráða fram úr húsnæðisvandamálunum. Þá þurftu það að vera 250 millj.; en 100 millj. hið ýtrasta sem áætlunarupphæð átti að duga, meðan Sjálfstfl. tók þátt í ríkisstj.

Nú skal fyllilega játað, að eftir því sem viðskilnaðurinn er núna, þegar þúsundir fjölskyldna bíða húsnæðislausar og með hálfgerð hús, þá horfumst við í augu við það, að það þyrfti að útvega slíkt fjármagn. En það var bara ekki sú krafa, sem fyrrverandi ríkisstj. gerði til sjálfrar sín. Hún getur gert það til annarra og þeirra flokksmenn, en ekki til sjálfrar sín; það er staðreynd.

Því verður ekki haggað, að það var fyrrv. ríkisstj., sem setti þennan ramma, sem á að fara eftir til næstu áramóta. Og hún gerði meira. Hún úthlutaði nálega öllu því, sem átti að koma inn í þetta veðlánakerfi til næstu áramóta, á síðastliðnu vori og sumri, af því að það voru kosningar, — það var kosningavopn, — og þess vegna var enginn eyrir til í þessu veðlánakerfi, þegar þeir skildu við, þegar síðasta ársfjórðungsúthlutun átti að koma til. Búnaðarbankinn átti að fá ákveðnar upphæðir. Hann hafði ekki fengið þær. Og þegar gengið var eftir greiðslu á þeim, þá var ekkert eftir.

Hv. 5. þm. Reykv. sagði, að hæstv. raforkumálaráðh. hefði hafið samninga við banka um aukið fjármagn til þeirra málaflokka, þegar sýnt hefði verið, að það þurfti meira fé. Það er nefnilega nákvæmlega það, sem ég hef gert. Ég hef líka hafið viðræður við þjóðbankann um meira fé til þessara mála með ýmsum hætti, m. a. farið fram á það, að B-lánahlutfallið yrði aukið, sem er núna 2 á móti 5, t. d. að vera að jöfnu, eða 50 á móti 50. Þessar viðræður hafa að vísu ekki borið árangur, og verður þá fljótlega að fást úr því skorið, hvort hægt sé að byggja löggjöf fyrir framtíðina á samkomulagsleiðum við Landsbankann og aðra banka, líkt og gildandi löggjöf var byggð á slíkum samkomulagsgrundvelli, eða hvort Alþ. og ríkisstj. verða að ákveða, hvaða fjáröflunarleiðir skuli farnar og hversu miklu fjármagni skuli varið til þessara mála. Og þá þykir mér vænt um, ef það skyldi koma í ljós, að það standi hér ekki á sjálfstæðismönnum, ábyrgum á Alþ., að greiða atkv. með jafnvel að það yrðu veittar allt að 250 millj., eins og flokksbróðir þeirra í húsnæðismálastjórn hefur núna mjög ábyrgðarlítið lagt til, án þess að gera þó nokkra grein fyrir því, hvernig hann teldi fært að afla þess fjár.

Þá sagði hv. 5. þm. Reykv.: Hefur núverandi ríkisstj. notað þá heimild laganna að útvega erlend lán? — Nei, það hefur ekki enn þá verið notuð sú heimild. En þegar við ræddum um þetta mál við 1. umr. þessa máls og hv. 5. þm. Reykv. einmitt lét í ljós, að hann og hans flokkur mundu styðja, að það yrði útvegað erlent lánsfé til þessara mála, ef ekki tækist með öðrum hætti að útvega nægilegt lánsfé, þá tók ég undir það á þann hátt, að ég var honum þakklátur fyrir þann væntanlega stuðning, sem væri heitinn við þá hugsanlegu úrlausn málsins. Ég endurtek það, að ég er alls ekki viss um, nema ég þurfi mjög að halda á stuðningi þessara manna, til þess að sú heimild laganna, sem er í núgildandi lögum, verði kannske notuð. En svo mikið er víst, að þau tvö ár, sem nú eru bráðum liðin, síðan gildandi löggjöf var lögleidd af fráfarandi ríkisstj. með þessari heimild, var hún ekki notuð, og voru þeir þó áreiðanlega búnir að kynnast því, hver þörfin væri. Hún var ekki notuð. En ég segi: Það má vel vera, að það komi til þess, að við verðum einmitt að nota hana eða sams konar heimild í væntanlegri löggjöf. Þessi löggjöf, sem nú gildir, fellur niður sem sé við næstkomandi áramót, og Alþingi verður að ganga frá nýrri löggjöf um þessi mál öðru hvorum megin við áramótin.

Ég hjó eftir því, að í ræðu sinni áðan talaði hv. 1. þm. Rang. um það, að nú væri svo komið, að menn stæðu uppi ráðþrota vegna húsnæðisástandsins. Þetta er ekki rétt orðalag á því. Það er ekki nú fyrst komið svo, að menn standi ráðþrota í húsnæðisvandamálunum. Allan þann tíma, sem hann sat í ríkisstj., stóðu menn ráðþrota í þessum málum og miklu lengur. Það hefur verið húsnæðisneyð hér í Reykjavík um langa hríð, og það eru húsnæðisvandræði í kauptúnum og bæjum úti um allt land, sem ekki hefur tekizt að ráða bót á, og því miður sýna skýrslur, að það fækkar lítið því fólki, sem við heilsuspillandi húsnæði býr, og þeim börnum fjölgar stöðugt í Reykjavík, sem búa í óhæfu braggahúsnæði.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, enda ekki ástæða til að svara mörgu því, sem hæstv. félmrh. hefur talað hér, og því síður fyrir það, að hv. 5. þm. Reykv. tók hann orði til orðs, svo að ekkert stóð eftir af því, sem hann hafði sagt.

Hæstv. félmrh. var enn að tala um sparifjársöfnunina, að reynsla undanfarandi ára hefði sýnt, að hún hefði alltaf minnkað í nóvember og desember. Þetta kann nú rétt að vera. En staðreyndin er eigi að síður sú, að undanfarin ár hefur alltaf verið nokkur sparifjársöfnun og að fyrstu 7 mánuði þessa árs var hún meiri en hún hefur verið nokkru sinni fyrstu 7 mánuði á undanförnum árum. Það eitt út af fyrir sig sannar,

að ef viðhorf fólks í landinu hefði verið óbreytt til ríkisstj., þá hefði sparifjársöfnunin á þessu ári orðið meiri en nokkru sinni fyrr, enda þótt hún hefði orðið eitthvað hægari síðustu mánuði ársins en hina fyrri. Þetta hygg ég að sé þýðingarlaust fyrir hæstv. félmrh. að reyna að hrekja, og ætti hann þá að vera minnugur þess, sem hann sagði hér áðan, að það væru engin börn hér í deildinni. Sem betur fer, er það ekki. Það eru skynsamir menn, sem eiga létt með að gera sér grein fyrir þessu. Og þegar hæstv. félmrh. talar um, að það sé ekki samhengi á milli sparifjársöfnunarinnar og fjáröflunar til húslánasjóðs og annarra framkvæmda, þá er engu líkara en að hann sé að ræða við börn. Jafnvel þótt á þessu ári sé búið að lána úr húslánasjóði eins og gert hefur verið ráð fyrir samkvæmt lögum, þá hefur reynslan sýnt, að þetta er ekki nóg. Fyrrv. ríkisstj. gerði ráðstafanir til, á meðan hún sat að völdum, að það væri til fé til útlána, og menn fengu á þeim tímum úrlausn sinna mála. Ef stjórn hefði verið í þessu landi seinni hluta ársins, sem hefði einkennzt af öðru en úrræðaleysi, þá hefði hún vitanlega reynt að afla sér heimildar og möguleika til þess að gera þeim mönnum, sem hafa byrjað á byggingum í góðri trú, fært að halda áfram. Það hlýtur að vera verkefni hverrar ríkisstj. að bregðast við aðstæðunum, eftir því sem við á. Og þegar nú reynslan sýndi, að það fé, sem veðlánakerfið í upphafi gerði ráð fyrir, var ekki nóg, þá var það vitanlega verkefni ríkisstj. og þá fyrst og fremst núverandi hæstv. félmrh. að beita sér fyrir því, að þetta fátæka fólk, sem nú er að byggja íbúð yfir sig um landið allt, standi ekki uppi ráðþrota.

Hæstv. félmrh. hefði kannske komizt hjá því, að þetta væri mikið rætt hér í Alþingi, ef hann með þessu fáránlega frv., sem hér er til umr. nú, hefði ekki gefið tilefni til þess. En þegar hæstv. félmrh. í stað þess að gera eitthvað raunhæft og eitthvað til gagns, gefur út brbl. um að fjölga í stjórn húslánasjóðs á þeim tíma, sem hann hefur ekkert fé til umráða, þá er ekki nema eðlilegt, að að því sé fundið við hann, að hann hefur verið úrræðalaus og aðgerðalaus í þessum málum. Það er þó eitt gott við hæstv. félmrh., og það er það, að hann hefur viðurkennt, að hann hafi ekki getað gert neitt í þessu. Og ég skal taka undir það, að það er af úrræðaleysi hans og getuleysi, en ekki af viljaleysi. Ég hef enga ástæðu til þess að ætla, að hann innst inni vilji ekki bæta úr þessu, ef hann sæi á því nokkur ráð.

Ég sé ekki, að það sé ástæða til að ræða þetta öllu meira. Ég vil mótmæla því, að það, sem ég sagði hér áðan, í þeim fáu orðum, sem ég viðhafði þá, hafi verið að nokkru leyti rangt. Og ég vil enn segja: Það var til of mikils mælzt af núverandi ríkisstj. að ætlast til þess, að fyrrverandi ríkisstj. skildi eftir sjóði handa komandi ríkisstj. til ráðstöfunar. Fráfarandi ríkisstj. sá um það, á meðan hún sat að völdum, að það væri unnið samkvæmt áætlun að öllum framkvæmdum. Það var unnið samkvæmt áætlun og hraðar en upphafleg áætlun að raforkumálunum. Það var samkvæmt áætlun útvegað fé handa Búnaðarbankanum, til þess að hann gæti lánað til landbúnaðarins. Og það var samkv. áætlun útvegað fé til húslánasjóðsins, til þess að það væri hægt að gera mönnum úrlausn.

En ég spyr: Það er kannske á fleiri sviðum en hvað húslánasjóðinn snertir, sem hæstv. ríkisstj. er úrræðalaus? Sennilega er ekki enn búið að útvega fé til þess, að hægt sé að halda áfram raforkumálunum. Og vitað er, að það er gert ráð fyrir að verja minna fé í dreifingu rafmagnsins út um sveitir landsins á næsta ári heldur en á yfirstandandi ári, vegna þess að málsvarar hæstv. ríkisstj. hafa talið, að ríkisstj. gæti ekki útvegað fjármagn. Og vitað er, að enn hafa ekki verið veitt lán úr Búnaðarbankanum, úr ræktunarsjóði og byggingarsjóði. En ég vil vona, að úr því rætist.

Ég held, að það fari bezt á því fyrir hæstv. félmrh., þegar hann kemur hér upp í ræðustólinn, að forðast að brigzla fyrrv. ríkisstj. um, að hún hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar. Og ég held, að hæstv. félmrh. mætti verða stoltur, ef hann gæti í sinni ráðherratíð séð fram á það, að núverandi hæstv. ríkisstj. gæti haldið áfram því uppbyggingarstarfi, sem fyrrv. ríkisstj. hóf og vann að, á meðan henni entist tími til.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég skal ekki efast um það, að hún hafi unnið allt fram í andlátið, fráfarandi ríkisstj., eins og henni entist aldur til. En svo mikið er víst, að hún var búin að vinna svo mikið að framkvæmd lánveitinga samkvæmt lánakerfinu, sem hún hafði sjálf búið út, að þar var skilið við tóman sjóð. Og þótt henni hefði enzt lengri aldur, þá hefði hún setið yfir þessum tóma sjóði, það sem eftir var ársins, því að það var ekki hægt að breyta, áður en Alþingi kom saman, með brbl. þessari löggjöf, sem var byggð á samkomulagsgrundvelli við bankana. Það varð að sitja út þetta ár og hugsa síðan til þess, hvernig hægt væri að afla meira fjár frá því tímabili, sem ný löggjöf tæki við.

Hv. 1. þm. Rang. segir, að það sé aðaláðeiluefnið, að hér hafi verið gerð breyting með brbl. á stjórn húsnæðismálanna. Ég held, að það hefði verið full ástæða til fyrir hv. þm. að þakka núverandi ríkisstj. fyrir að hafa leyst fulltrúa Sjálfstfl. frá lánveitingastarfseminni, þegar hann var búinn að tæma sjóðinn og úthluta öllu fénu, láta hann ekki sitja yfir tóma kassanum sínum, sem hefði verið maklegast.

Að síðustu skal ég svo aðeins þakka hv. 1. þm. Rang. fyrir það, að hann kom hér núna í ræðustólinn áðan til að viðurkenna það, að dæmið, sem hann hafði sett fram tvívegis í tölum um ákveðnar upphæðir sparifjármagnsins yfir árið, miðað við tölurnar, sem hann hafði frá fyrri helmingi ársins, væri rangt hjá sér, því að það væri viðurkennt af honum og öðrum, að sparifjársöfnunin minnkaði seinustu mánuði ársins. Þar með er hans dæmi rangt, og hann er búinn að viðurkenna það. Þetta talnadæmi ætti hann því ekki að koma með í þriðja sinn fyrir þingheim.

Hann gat þess, hvað það væri mikill munur á fyrrverandi ríkisstj. og þeirri núverandi. Þá hefði verið unnið hraðar að ýmsum framkvæmdaráætlunum, m. a. rafvæðingaráætluninni, — og það

kom nú ekki til af góðu. Það er af því, að raunveruleikinn átti ekki samleið með áætlunum fyrrv. ríkisstj. Það máttu þeir þó vita, að fyrstu árin, meðan væri verið að byggja aflstöðvarnar austanlands og vestan, legðust rafveituframkvæmdirnar þyngra á en að meðaltali yfir allt áribilið, en þessu reiknuðu þeir ekki með. Og það var engri dyggð fráfarandi ríkisstj. að þakka, að þetta kom svona út, að rafveituframkvæmdirnar heimtuðu meira fé fyrstu árin, heldur einmitt af misreikningi í áætluninni hjá fyrrverandi hæstv. ríkisstjórn.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Rang. taldi, að ekkert hefði verið gert í þessum málum nema fjölgað í stjórn húsnæðismálastjórnarinnar, ekkert fé væri til úthlutana úr sjóðnum, hæstv. ríkisstj. hefði ekkert gert til að útvega fé o. s. frv. Heldur hv. 1. þm. Rang., að með setningu þessara laga út af fyrir sig hafi myndazt eitthvert sérstakt ástand til hins verra í þessum málum? Ég held, að það sé mesti misskilningur. Ég vil benda þessum hv. þm. á það, að verkefni húsnæðismálastjórnarinnar er ekki að útvega fé í sjóðinn. Lögin taka þar alveg skýra afstöðu. 3. og 4. gr. laganna, með leyfi hæstv. forseta, segja m. a.:

„Komið skal á fót almennu veðlánakerfi til húsbygginga undir yfirstjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands, og skulu lánveitingar innan þess vera í samræmi við hinar almennu útlánareglur húsnæðismálastjórnar (sbr. 6. gr.).

Í þessu skyni skal veðdeild Landsbanka Íslands vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf, samtals allt að 200 millj. kr. Vaxtabréf þessi skulu vera þannig, að annar hlutinn, A-flokkar, verði með föstum vöxtum og afborgunum, en hinn hlutinn, B-flokkar, þó eigi yfir 40 millj. kr., verði með vísitölukjörum, þannig að binda má greiðslur afborgana og vaxta vísitölu framfærslukostnaðar."

Svo segir hér í 4. gr.:

„Í varasjóð hins almenna lánakerfis rennur:

a) Afborganir og vextir lána, sem veitt hafa verið eða veitt verða af framlögum ríkisins til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum.

b) Eignir lánadeildar smáíbúða, þegar greiddar hafa verið skuldir hennar.

c) Lántökugjald af lánum veðdeildarinnar samkvæmt lögum þessum.

d) Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga, sbr. 18. gr. laga 55/1945.

Varasjóður þessi skal vera í vörzlu veðdeildar Landsbanka Íslands."

Það er sem sagt ekki í lögunum ætlazt til þess, að sjálf sjóðsstjórnin útvegi fé.

Ástandið í þessum málum, áður en þessi lög voru sett, var langt frá því að vera viðunandi. Ég skal fyllilega viðurkenna það, að með setningu þessara laga var nokkur bót ráðin á því ástandi, sem áður var, þótt hins vegar verði ekki hægt að segja, að þetta væri nein endanleg bót á því ófremdarástandi, sem áður hafði ríkt.

Hv. 1. þm. Rang. taldi, að hæstv. ríkisstj. hefði ekkert gert í því að útvega fé til þessarar lánastofnunar. Ég ætla ekki að gerast hér talsmaður fyrir hæstv. ríkisstj. Til þess eru ráðherrarnir sjálfsagt einfærir. En ég vil þó fullyrða, að á sínum tíma muni hæstv. ríkisstj. gera það, sem í hennar valdi stendur, til að útvega aukið fjármagn til þessarar útlánastarfsemi, en til þess þarf náttúrlega lengri tíma en hæstv. ríkisstj. hefur haft yfir að ráða fram að þessu. Ég vil segja það til hv. alþm. Sjálfstfl., að þeir hafa ekki a. m. k. fram á þennan dag lagt það mikið af mörkum til þess að styðja ríkisstj. í þessu máli eða öðru, heldur þveröfugt, þannig að henni hefur ekki gefizt a. m. k. fyrir þeirra atbeina sérstaklega mikill starfsfriður.

Hv. sjálfstæðismenn eru fyrst og fremst á móti þessari breytingu brbl. fyrir það eitt, að fjölgað var mönnum í stjórninni. Það hefur komið greinilega fram. Það mætti kannske segja, að það væri mannlegt út af fyrir sig af þessum hv. alþm. að verja þau réttindi, sem sjálfstæðismenn hafa hrifsað til sín undanfarin ár í skjóli hinnar illræmdu helmingastaðareglu, sem kom mjög skýrt fram í lögunum um húsnæðismálastjórn.

Hinu þurfa þessir hv. alþm. ekki að vera neitt sérstaklega hissa yfir, þó að þeir þingflokkar, sem nú standa að hæstv. ríkisstj., krefjist yfirráða bæði yfir þessum málum og öðrum til jafns við aðra.

Það væri mjög freistandi að ræða úthlutun lána úr húsnæðismálasjóði undir stjórn m. a. fulltrúa Sjálfstfl. Ég er ekki frá því, að þá mundi koma ýmislegt í dagsljósið, sem almenningur mundi hafa mjög gott af að kynnast.

Ég hef ekki átt kost á því að sjá öll gögn þessu máli viðkomandi, á máske ekki rétt á því. En ef sérstakt tækifæri gefst þar til, má vel vera, að það verði á öðrum stað en hér eitthvað um þessi mál birt, og færi þá betur, að hlutur sjálfstæðismanna í þessu máli væri eins glæsilegur og þeir vilja vera láta.

Ég veit ekki, hvort það hefur verið og sé algild regla hjá hv. sjálfstæðismönnum, þegar þeir hafa yfir fjárveitingum að ráða, að þar sé farið fyrst og fremst eftir því, hvort maðurinn er góður flokksmaður eða ekki eða góður stuðningsmaður þess flokks, sem útvegar lánið. Máske geta hv. alþm., m. a. hv. 1. þm. Rang., upplýst mig og aðra hv. þm. um það, hvort hafi verið fylgt þeirri reglu við úthlutun lána úr þessum sjóði það tímabil, sem þeir voru mestu ráðandi í stjórn. Ég held, að helmingaskiptareglunni hafi verið fylgt alveg út í yztu æsar, og mun geta fært orðum mínum betur stað síðar meir, ef þess verður óskað. Ég endurtek það, að það var þessi regla, sem farið var eftir við framkvæmd nefndra laga. Út fyrir helmingastaðaregluna var ekki farið. Það var fyrst og fremst látið ráða, í hvaða flokki var þessi eða hinn, sem lánið fékk. Eftir því var lánunum úthlutað.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Hv. 6. landsk. þm. (GJóh) lauk hér ræðu sinni með aðdróttunum í garð þeirra manna, sem hafa annazt

úthlutun úr húslánasjóði að undanförnu, að þeir hefðu misnotað þar sína aðstöðu og úthlutað ranglega úr sjóðnum. Ég hef að sjálfsögðu ekki neinar upplýsingar um það, hverjir hafa fengið lán úr þessum sjóði, og eigi heldur um pólitíska afstöðu þeirra manna. Ég vil jafnframt vekja athygli á því, að þessi hv. þm. sagði, að hann hefði ekki átt aðgang að úthlutunarplöggunum. Mér finnst það því nánast sagt furðu djarft að bera fram slíkar sakir sem hann gerði á þá menn, sem úthlutað hafa þessum lánum, jafnhliða því sem hann upplýsir, að hann hafi alls ekki haft aðstöðu til þess að kanna til hlítar, hvort þetta hefði við nokkur rök að styðjast. Þetta tel ég fulla ástæðu til að vita.

Það hefur verið á það minnzt hér áður við þessa umr., hversu einkennilega þetta mál er hér til komið og hversu nánast sagt það auglýsir vandræði og úrræðaleysi hæstv. núverandi ríkisstj. Ríkisstj. fór mjög geyst af stað, eins og allir vita, lýsti því yfir, að hún ætlaði að gera marga hluti, uppfylla helzt allra þarfir, eftir orðunum að dæma, og að það mundi þar rösklega verða tekið til höndum.

Eitt af þeim vandamálum, sem við var að stríða, voru húsnæðismálin, og það hefði mátt ætla, að þar hefðu skjótt komið í ljós hin skörpu og djarfmannlegu átök ríkisstj. En það má segja, að upp úr öllu þessu hafi, eins og segir í máltækinu, fæðzt lítil mús, og það var þetta frv., sem hér liggur fyrir. (Gripið fram í.) Ja, við skulum vona, að fjöllin fari að fæðast, en það er nú ekki farið að sjá neitt bóla á þeim enn, ekki einu sinni smáþúfum, og það mætti þess vegna kannske ætla, að það yrði einhver bið á því. En við skulum sem sagt vona, að það verði nú tekið rösklega til höndunum og hæstv. ríkisstj. sé nú búin að safna svo miklum kröftum, að hún geti farið að taka til við stóru átökin. Við getum alveg látið það liggja á milli hluta að dæma um það, þangað til þau sýna sig. En endalaust er að sjálfsögðu ekki hægt að lifa á því hjá hæstv. ríkisstj. að segja: Þetta kemur bráðum. — Einhvern tíma verður það að koma.

Það má vel finna rök fyrir því, að hæstv. félmrh. hafi gjarnan viljað breyta þessum svokölluðu helmingaskiptum, sem hann kallar, í þriðjungaskipti. (Gripið fram í.) Já, vafalaust, ég skal ekkert um það efast, að það hefur verið reynt a. m. k. Það er út af fyrir sig röksemd. En ég vil bara vekja athygli á því, sem ég tel vægast sagt mjög ósæmilegt, að þegar þessi brbl. eru sett, þá er það vitanlega gert með ákveðnum forsendum, og þær forsendur er að finna í upphafi laganna, og þar segir forseti Íslands, að félmrh. hafi tjáð sér, að störf húsnæðismálastjórnar hafi reynzt miklu umfangsmeiri en gert hafi verið ráð fyrir í upphafi. Þetta eru rökin, og á þessum rökum setur forseti brbl. Og ég sé ekki betur eftir þær upplýsingar, sem eru fram komnar í þinginu, en að forseti Íslands hafi blátt áfram verið blekktur til þess að setja þessi lög á allt öðrum forsendum en þau raunverulega byggjast. Eftir að það er upplýst hjá hæstv. ráðh., að ekkert fé hafi verið til úthlutunar, og það er enn fremur upplýst af frsm. meiri hl. þeirrar n., sem hafði með málið að gera hér í þinginu, að húsnæðismálastjórninni sé alls ekki ætlað að afla neins fjár, þá sé ég ekki, hvernig þessi störf hafa getað vaxið. Uxu þau svona óskaplega mikið við það að hafa ekkert fé til ráðstöfunar? Ég held þess vegna, að sannleikurinn sé sá, að þetta sé hrein hringavitleysa og það hefði verið miklu eðlilegra að segja bara í forsendum laganna: Stjórnarflokkarnir telja svo miklu varða, að þeir fái úthlutunarrétt úr þessum sjóði yfir því fé, sem þar verður til ráðstöfunar, að þeir vilja koma strax sínum fulltrúum til valda við þá úthlutun. Það eru hin raunverulegu rök.

Hitt liggur svo auðvitað í augum uppi, að hér er um að ræða, ja, a. m. k. óhætt að segja, að það er teflt mjög tæpt varðandi þá stjórnarskrárheimild, sem heimilar setningu brbl., að halda því fram, að það hafi alls ekki mátt bíða þings í örfáa mánuði með þessa lagasetningu, heldur hafi þurft að ákveða þetta með brbl. Það er þó önnur saga.

Hv. 6. landsk. sagði hér áðan og bar sig mjög illa yfir því, að m. a. ætti það nú þátt í erfiðleikum stjórnarinnar að útvega lánsfé, að ríkisstj. fengi engan starfsfrið. Ég spyr: Hvaða starfsfrið þarf ríkisstj. að fá til þess að hún geti unnið að þessum málum sínum? Það má helzt ekki tala hér í þingi, þá er verið að tefja tíma þingsins, enda þótt ríkisstj. leggi engin mál fyrir þingið. Og ég veit nú sannast sagt ekki, ef stjórnarandstaðan hefði ekki lagt fram nein mál hér á þinginu og hefði alls ekki tekið hér til máls, að það hefðu verið nokkur tök á því að halda hér fundi, — og það er kannske það, sem stjórnin vill, að þingið fari bara heim, til þess að hún fái nógan starfsfrið. Ég hef hingað til haldið, að það gæti engin ríkisstj. ætlazt til þess, að hún fengi að sitja án þess að fá einhverja gagnrýni. Ég vil benda þessum hv. þm. á það, að þegar hann er að tala um starfsfrið ríkisstj., þá mætti hann og hans flokksbræður gjarnan íhuga, hvaða starfsfrið þeir hafa veitt fyrrverandi stjórn og fyrrverandi stjórnum, þar sem þeir hafa æ ofan í æ misnotað aðstöðu sína í fjöldasamtökum í landinu til þess blátt áfram að eyðileggja, eftir því sem þeir hafa komið höndum undir, ýmsar viðreisnarráðstafanir þeirra ríkisstjórna, sem setið hafa. Það er nú allur sá starfsfriður, sem þær hafa átt við að búa. Ég held, að a. m. k. enn sem komið er hafi ekki núverandi ríkisstj. við þá erfiðleika að stríða.

Annars kom fram frá hv. 6. landsk. ákaflega mikill misskilningur á því, hvað raunverulega var verið að deila hér á. Ádeilurnar á þetta frv. byggðust alls ekki á því, að verið væri að halda því fram, að húsnæðismálastjórnin ætti að útvega fé, heldur byggðust ádeilurnar á því, að hæstv. ríkisstj. skyldi ekki, úr því að hún leggur fram og sér ástæðu til að setja brbl. varðandi húsnæðismálin, láta þá löggjöf varða neitt fjármálahlið þessa vandamáls, sem er vissulega stærsta hliðin. Það er það, sem deilt var á, en ekki verið að halda því fram, að húsnæðismálastjórnin hefði þá skyldu, sem ekki hvílir á henni.

Ég man eftir, að þegar voru rædd hér húsnæðismál við 1. umr., þá var uppistaðan í ræðu hæstv. félmrh. sú, að það hefði ekki verið staðið við það, sem fyrrv. ríkisstj. hefði gert ráð fyrir. Nú skilst mér hins vegar af hans ræðu, að það sé viðurkennt, að við það hafi allt verið staðið. En hins vegar virðist þessi hæstv. ráðh. telja, að það hafi alls ekki verið heimilt að fara lengra og að þessari ríkisstj., sem nú situr, séu algerlega bundnar hendur til áramóta um það, hvað megi verja miklu fé til húsnæðismála.

Þessi kenning er náttúrlega fráleit með öllu. Það mátti þá alveg eins segja, að það hefði ekki verið hægt að breyta húsnæðismálastjórninni, úr því að löggjöf var til um það áður, að hún ætti að vera svo sem þar segir. Þessum ákvæðum er vitanlega hægt að breyta á sama hátt.

Hæstv. ráðh. segir, að af því að fyrrv. stjórn hafi verið búin að eyða meginhluta þess fjár, sem hafi verið til ráðstöfunar á þessu ári, hafi ekki verið um annað að ræða en sitja yfir tómum sjóði, því að ekki hafi verið hægt að breyta löggjöfinni. Það var náttúrlega hægt á nákvæmlega sama hátt að breyta löggjöfinni varðandi þetta atriði eins og stjórn sjóðsins. Það er alveg rétt hjá ráðh. að vísu, að það voru ákveðnir samningar við bankana um, hvaða fé yrði varið til þessara þarfa. En það var auðvitað ekkert, sem hindraði, að það væri hægt af hæstv. ríkisstj., sem vill eða hefur viljað telja sig líklegri til allra umbóta og framfara heldur en fyrrv. stjórnir, að gera sérstakar ráðstafanir umfram það til fjáröflunar. Það lá ekkert bann við því, ekki á nokkurn hátt.

Varðandi það atriði, að fyrrv. ríkisstj. hafi talið, að þetta fé, sem áætlað var þessi tvö ár, sem samið var við bankana, mundi nægja til að leysa úr þörfinni, þá er því til að svara, að sú áætlun er gerð miðað við vissar framkvæmdir, og framkvæmdir í húsnæðismálum hafa orðið á þessu ári miklu meiri en gert var ráð fyrir. Þessu verður auðvitað að mæta á nákvæmlega sama hátt og varðandi raforkumálin, sem hv. 1. þm. Rang. upplýsti hér um, og það er að auka þá það fé, sem til ráðstöfunar er, til þess að hægt sé að standa við þær lánveitingar, sem gert er ráð fyrir. Þetta er auðvitað vandamál, sem sérhver ríkisstj. verður að búa sig undir að standa andspænis. Það er á öllum sviðum þjóðfélagsins svo og hefur verið undanfarin ár, að það hefur orðið meiri þörf fjármagns og ýmissa ráðstafana en gert hefur verið ráð fyrir, vegna þess að breytingarnar hafa orðið stórstígari. Og þetta hefur gerzt með löggjöf, sem hefur verið mjög vel undirbúin á margan hátt. Ég skal nefna t. d. tryggingalögin. Það var gert ráð fyrir þar, að hægt væri með vissum fjárframlögum að leysa þarfir, sem þar var um að ræða, og þar var byggt á vissri áætlun. Sú áætlun raskaðist af ýmsum atvikum, sem þá voru ekki fyrirsjáanleg. Það hefur leitt það af sér, að það varð að gera sérstakar ráðstafanir til þess að hlaupa undir bagga með tryggingunum, þannig að þær gætu sinnt sínu skyldustarfi. Þetta var auðvitað viðfangsefni, sem þáverandi ríkisstj. og Alþingi varð að horfast í augu við. Þetta er svona á ótalmörgum sviðum, og þýðir ekki um að sakast. Þegar áætlun er gerð, þá er miðað við þær aðstæður, sem líklegastar eru þá taldar að muni verða, og það var tekið fram, þegar húsnæðismálalöggjöfin var sett, að það væri ekki gert ráð fyrir, að þar væri um endanlega eða nægilega fjáröflun að ræða, enda var ekki samningur um þetta fé, sem þar greinir frá, miðaður við lengri tíma en tvö ár, og gert ráð fyrir, að þetta þyrfti að endurskoðast. Af því leiðir, að það er auðvitað ekki með nokkru móti hægt að koma sér undan því fyrir neina ríkisstj., að hún þurfi ekki að mæta vissum þörfum, sem skapast, vegna þess að stjórn, sem áður hafi setið, hafi ekki séð þessar þarfir fyrir og séð fyrir nægilegu fé til þess að mæta þeim. Ríkisstj., sem þannig hugsar, skilur alls ekki hlutverk sitt sem ríkisstjórn. Og það er kannske einmitt þess vegna, sem hún hefur svo lítið traust sem raun ber vitni um.

Það var svo eitt atriði, sem kom fram í ræðu hæstv. félmrh., sem ég hygg að hafi vakið nokkra athygli hér í deildinni, en það voru ummæli hans um, að það mundi þurfa e. t. v. á aðstoð Sjálfstfl. að halda til þess að koma fram þeim umbótum, sem hann teldi nauðsynlegar í sambandi við húsnæðismálin. Þetta lítur nú nokkuð kynlega út. Eða er það virkilega svo, og hefur hæstv. félmrh. rökstudda ástæðu til þess að álíta, að þessir ágætu flokkar, sem hann hefur samvinnu við í ríkisstj., hafi alls ekki áhuga á að leysa þessi mál, a. m. k. ekki á þann hátt, sem hann telur viðunandi? Það er naumast hægt að skilja orð hans á annan veg. Við náttúrlega sjáum hvað setur um það, reynslan sker úr því eins og öðru. Og það verður vitanlega að metast, þegar að því kemur, að slík mál verði lögð fram. Ég tel mig hins vegar geta fullvissað hann um það, að Sjálfstfl. er jafnan reiðubúinn til þess að styðja sérhver skynsamleg úrræði til þess að leysa þennan vanda. Það hefur hann gert á undanförnum árum og mun ekki breyta um stefnu í því efni.

Ég vil svo að lokum aðeins láta í ljós þá von, að það verði ekki langt að bíða, að við fáum að sjá það fjall stórra úrræða í þessum málum, sem hæstv. félmrh. boðaði að brátt mundi bera fyrir sjónir þingmanna, og að þar verði þá það myndarlega á málum tekið, að þetta vandamál verði leyst með öðru betra og skynsamlegra móti en því einu að leggja til, að fjölgað verði um tvo menn í stjórn þeirrar stofnunar, sem á að úthluta fé til húsnæðismála.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég get vel skilið, að hv. 2. þm. Eyf. leiðist að halda langar ræður um lítil mál. En það er kannske óhætt að hugga hann við það, að hann þurfi e. t. v. ekki mjög lengi að bíða þess að fá hér tækifæri til þess að ræða um stærri mál. Vona ég, að þetta sé honum heldur til gleði og huggunar en til raunar, eftir því sem hann lét orð falla að minnsta kosti.

Þetta, að það hafi fæðzt mýs, en ekki fjöll, — ég skil það vel, að ef honum finnst hér vera of mikill músagangur, þá vilji hann, að þeirri plágu létti og það verði heldur einhverjar stærri fæð-

ingar, sem hann hafi fréttir af. Og það er alls ekki vonlaust mál.

Viðvíkjandi því, að ég hef fagnað því tvívegis að eiga von á styrkum stuðningi hins stóra stjórnarandstöðuflokks, Sjálfstfl., ef á þyrfti að halda, um að standa að því, að tekin yrðu erlend lán til íbúðarhúsnæðis, þá hef ég áður tvívegis látið í ljós fögnuð yfir því og ég geri það enn. Við góð mál ber alltaf að fagna góðum stuðningi, og það munar um mannsliðið, eftir því sem Grettir sagði og reynslan hefur staðfest.

Því atriði, að forseti Íslands hafi verið blekktur með forsendum þessa frv., mótmæli ég alveg. Það stafar einungis af misskilningi hv. 2. þm. Eyf., þar sem hann heldur, að því minna sé að gera hjá húsnæðismálastjórn sem minna fé sé fyrir höndum. Ég gæti einmitt ímyndað mér, að það væri reynsla bankastjóra, að því fyllri hendur fjár sem þeir hefðu, því fljótari væru þeir að afgreiða sína viðskiptavini og bjóða þeim næsta inn. En þegar fjárþröng er, hlaðast verkefnin upp og vandinn eykst, og það gengur áreiðanlega erfiðar og seinlegar að afgreiða sama fjölda manna. Auk þess var svo það, að þegar ekki skyldi unnið lengur á sama grundvelli og fyrrv. stjórn ætlaðist til, þá urðu deilumálin mörg milli þeirra tveggja, sem áður höfðu farið þarna með framkvæmdavaldið. Auk þess veit ég, að hv. 2. þm. Eyf. er svo sanngjarn maður í eðli sínu, — ég er búinn að kynnast honum í mörg ár í fjvn. meðal annars, — að hann telur enga sanngirni í því, að núverandi stjórn hefði mann úr stjórnarandstöðunni til að fara með helming framkvæmdavaldsins um þessi mál, og veit ég því vel, að hann telur ákaflega eðlilegt og sanngjarnt, að þetta mál væri borið fram í bráðabirgðalagaformi. Það er ég sannfærður um, að hann veit, að hans flokkur hefði gert, ef hann hefði verið í okkar sporum.

Ég held, að ég hafi með þessu svarað því, sem ég taldi ástæðu til þess að svara úr ræðu hv. 2. þm. Eyf., og hef þar ekki fleiru við að bæta. En ég vona sem sé, að hann verði ekki fyrir vonbrigðum um það, að hann fái innan mjög langs tíma að tala um stærri mál hér í þinginu heldur en svona smámál eins og þetta.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. sagði: Kerfið er tómt. — En eina ráðið hjá honum var að fjölga í húsnæðismálastjórninni til þess að sitja yfir tómu kössunum, eins og hann orðaði það.

Það var einmitt þetta, sem ég gat um hér að hefði valdið því, að við gátum ekki verið samferða meiri hlutanum um að mæla með að samþykkja frv., að við töldum ríða meira á öðrum úrbótum en þeim.

Hann sagði, að búið hefði verið að semja um fjáröflun, sem hefði átt að duga, en hefði ekki dugað. Hæstv. ráðh. hafði þó ekki leitað til Landsbankans um erlenda lánsútvegun, sem heimiluð er skv. e-lið 5. greinar laganna um húsnæðismálastjórn, fyrr en eftir ábendingu frá hv. 5. þm. Reykv. Við teljum, að á meðan það var ekki gert, hafi ekki verið gert allt, sem unnt var, til fjáröflunar, — fjáröflunar, sem hæstv. ráðh. viðurkenndi þó að full þörf hefði verið á.

Viðvíkjandi húsnæðismálastjórninni eða fjöldanum í stjórninni er mér það ekki aðalatriði, hvort það eru 3, 5 eða 7 í stjórninni, ef nægilegt fé fæst, svo að allir, sem rétt eiga á lánum til íbúðabygginga, fái þau. Þó að þeir fái kannske ekki fulla upphæð, sem æskileg væri fyrir þá, fái þeir a. m. k. úrlausn.

Ummælin um það, að hæstvirt ríkisstj. sé „stikkfrí“ þangað til á næsta ári, eru svo barnaleg, að þau eru ekki svaraverð að mínu áliti, því að auðvitað á hver ríkisstj. að leitast við að leysa þau vandamál, sem óleyst eru hverju sinni.

Þegar lögin voru sett, var vonazt til, að það fjármagn, sem um leið var tryggt, mundi nægja til að bæta verulega úr lánsfjárskortinum. Það hefur líka hjálpað verulega, en þó verið mikils til of lítið. Þegar það kom í ljós, að það var of lítið, bar ríkisstj. að leita eftir því — og alveg sérstaklega hæstv. félmrh. — að bæta úr því.

Áætlunin var, sagði hæstv. ráðh., að 100 millj. áttu að duga, en nú eftir þeirri reynslu, sem fengizt hefur, síðan lögin voru sett, hafa sjálfstæðismennirnir í stjórn sjóðsins lagt til, að leitazt verði við að afla 250 millj. kr. á ári. Hæstv. ráðh. telur það ábyrgðarlítið að leggja slíkt til, en viðurkennir þó um leið, að ekki muni af því veita.

Um sparifjársöfnunina er nú upplýst, að fyrri hluta ársins varð hún meiri en nokkru sinni áður á sama tíma árs. Ef ekki hefði skipt um stjórn til hins verra, var ástæða til að ætla, að áframhald hefði orðið á sparifjársöfnuninni. En það hefur ekki orðið. Sparifjársöfnunin hefur stöðvazt og jafnvel verið tekið út meira en lagt hefur verið inn í sumum sparisjóðum. Undanfarin ár hefur sparifjársöfnunin haldið áfram, líka síðari hluta ársins, þó að hún hafi ekki verið eins mikil og á fyrri árshelmingi. Hér er því sýnilegt, að sparifjáreigendur hafa ekki treyst sparisjóðunum fyrir fjármunum sínum í svipuðum mæli og undanfarin ár.

Hæstv. 6. landsk. talaði um helmingaskiptaregluna. Ég hef ekki séð úthlutunarlista húsnæðismálastjórnar frekar en hv. þm., en þar sem ég þekki til, er þetta alls ekki rétt. Þar hefur ekki verið farið eftir stjórnmálaskoðunum umsækjenda. Þeir, sem úrlausn hafa fengið, hafa verið af öllum þeim stjórnmálaflokkum, sem um var að ræða.

Viðvíkjandi beiðni hæstv. ráðh. um stuðning við þetta mál, þá er það ábyggilegt, að það stendur ekki á sjálfstæðismönnum, hvorki í húsnæðismálastjórninni né öðrum, að veita því stuðning, að nægilegt fé fáist til þessara mála.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14:4 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PÞ, PP, SkG, SvbH, ÁÞ, ÁkJ, BG, EirÞ, EmJ, GíslG, GJóh, HS, HV, EOl.
nei: JóhH, MJ, ÓTh, PO, RH, IngJ.
KJJ, BBen greiddu ekki atkv.
13 þm. (JPálm, JS, KGuðj, LJós, ÓB, SÁ, StgrSt, ÁB, BÓ, EystJ, GÍG, GÞG, HÁ) fjarstaddir.

Á 28. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:6 atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 26. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 166).

Frsm. meiri hl. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 1955, um húsnæðismálastjórn o. fl., er samhljóða brbl., er sett voru skv. ósk félmrh. 21. sept. s. l. Breytingin er í því fólgin, að fjölgað er um tvo menn í húsnæðismálastjórn, þannig að þar eru nú sjö menn í stað fimm, og að ráðh. tilnefni sérstaklega þrjá menn úr stjórninni til þess að annast allar framkvæmdir á vegum hennar.
Ástæður fyrir þessari breytingu eru tilgreindar þær, að störf húsnæðismálastjórnar hafi reynzt umfangsmeiri en gert var ráð fyrir í upphafi og að nýjum verkefnum hafi verið bætt á hana síðar, er henni var falið að hafa eftirlit með framkvæmd laga nr. 62 21. ágúst 1956, um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum. Því hafi setning brbl. reynzt nauðsynleg. En frv. það, sem fyrir liggur, er staðfesting á þeim.
Heilbr.- og félmn. hefur haft frv. til athugunar, en ekki getað orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess. Mun minni hl. nefndarinnar síðar gera grein fyrir sinni afstöðu, en meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Vegna þess að ekki liggur enn fyrir nál. frá minni hl. heilbr.- og félmn. í þessu máli, sem stafar m. a. af því, að hv. 11. landsk. er ekki enn mættur á þinginu eftir jólaleyfið, leyfi ég mér að fara fram á það við hæstv. forseta, að þessari umr. um málið verði frestað.

Forseti (BSt): Mér þykir sanngjarnt að verða við þessari ósk í þetta sinn, en ef það dregst lengi, að hv. 11. landsk. komi til þings, getur það ekki gilt um mjög langan tíma, að málið verði ekki tekið á dagskrá, enda er hv. 2. þm. Árn. auðvitað fært að gefa út nál., ef hv. 11. landsk. verður ekki kominn næstu daga til þings. Málið er þá tekið út af dagskrá skv. ósk hv. 2. þm. Árn.

Umr. frestað.
Á 46. fundi í Ed., 28. jan., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 3, n. 166 og 194).

Frsm. minni hl. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er til staðfestingar á brbl. um breyt. á lögum nr. 55 1955, um húsnæðismálastjórn og veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða, en þau lög setti hæstv. fyrrv. ríkisstj. í samræmi við samkomulag þeirra flokka, er að henni stóðu. Ekki er vafi á því, að veðlánakerfi það, sem myndað var með þessum lögum, og önnur ákvæði, sem þessi lög höfðu að geyma, bættu mjög úr aðkallandi þörf þeirra bæjarfélaga og einstaklinga, sem stóðu í því að byggja íbúðarhúsnæði, því að segja mátti, að lánastarfsemi eða lánastofnanir væru lokaðar fyrir þessum aðilum. Aðeins þeim, sem höfðu aðgang að lánum úr lífeyrissjóðum eða studdust að einhverju við einhvers konar byggingarfélagssamtök, var mögulegt að byggja, en það var lítill hluti allra þeirra, sem húsnæðislausir voru eða bjuggu í heilsuspillandi húsnæði, en einmitt II. kafli þessara laga hljóðar um útrýmingu slíkra íbúða. Mér þykir rétt að fara nokkrum orðum um þessi lög í sambandi við frv. þetta, sem hér liggur fyrir.
Í 6. gr. l. er svo ákveðið í b-lið, að lánaupphæð úr veðlánakerfinu nemi samtals allt að ⅔ hlutum verðmætis íbúðar samkvæmt sérstöku mati, en fari þó ekki yfir 100 þús. kr. á hverja íbúð.
Samkvæmt c-lið sömu greinar er lágmarksupphæð hinna svonefndu A-lána 50 þús. kr. og B-lána 20 þús. kr., eða samtals 70 þús. kr. á íbúð.
Lánin, sem veitt voru, náðu þó í ýmsum tilfellum ekki þessari upphæð, a. m. k. ekki á smærri stöðum úti um land, þar sem ég þekki til. Þar námu lánin yfirleitt ekki nema um 50 þús. kr. Þrátt fyrir það var þetta mikil hjálp til þeirra, sem lánin fengu, og ólíkt betra ástand en áður var, þegar ekkert lán var að fá til þessara hluta. En þrátt fyrir það að lánin voru skorin niður og lækkuð, reyndist fjármagn ekki fyrir hendi í veðlánakerfinu til að fullnægja eftirspurn eftir lánunum. Svo mikil var eftirspurnin. Tugir, ef ekki hundruð íbúða standa nú hálfgerðar um allt land og framkvæmdir við þær stöðvaðar að meira eða minna leyti, vegna þess að eigendur þeirra hafa reitt sig á að fá lánin og byrjað framkvæmdirnar í þeirri von, en sú von hefur brugðizt enn sem komið er. Geta allir gert sér í hugarlund, hver vandræði og erfiðleikar stafa af þessu ástandi fyrir hlutaðeigandi einstaklinga og bæjarfélög.
Ég drep á þessar staðreyndir í sambandi við frv. það, sem hér liggur fyrir til staðfestingar á brbl. um breyt. á umræddum lögum um húsnæðismálastjórn o. fl.
Menn skyldu nú ætla, að þegar núv. hæstv. félmrh. tekur sig til að breyta þessum lögum, fari breytingar a. m. k. að einhverju leyti í þá átt að fá aukið fé í veðlánakerfið, svo að fullnægt verði eftirspurninni eftir lánunum og vandræði þeirra manna, sem hér eiga hlut að máli, yrðu leyst. En það reyndist ekki svo, hverju sem um er að kenna, en breytingin fór í þá einu átt að fjölga um tvo menn í húsnæðismálastjórn, að því er virðist til að sitja yfir tómum sjóðum.
Þegar fyrrv. ríkisstj. lagði frv. um húsnæðismálastjórn o. fl. fyrir Alþingi, voru ákvæði í 1. gr. um það, að 3 menn skyldu sitja í húsnæðismálastjórninni. Í meðferð þingsins breyttist

þetta svo, að stjórnina skyldu skipa fimm menn og aðrir fimm til vara. Í framkvæmd var þetta síðan svo, að tveir menn úr stjórninni önnuðust úthlutun lánanna, skipuðu nokkurs konar framkvæmdarstjórn, án þess að minnzt væri á þá tilhögun í lögunum sjálfum, og hélzt sú skipan, þar til gefin voru út brbl. hinn 21. sept. 1956 að tilhlutun hæstv. núv. félmrh., og þau voru um það, að fjölga skyldi um tvo menn í stjórninni, úr fimm og í sjö, og nú skyldi ráðh. tilnefna þrjá menn úr stjórninni til þess að hafa á hendi stjórn allra framkvæmda á vegum hennar, eins og segir í frv. Í rökstuðningi fyrir brbl. segir m. a., að störf húsnæðismálastjórnar hafi reynzt miklu umfangsmeiri en gert hafi verið ráð fyrir í upphafi. Þá er minnt á, að störfin hafi aukizt enn vegna þess, að stjórninni hafi verið falið að hafa eftirlit með framkvæmd laga um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum.

Rök fyrir því, að hin eiginlegu störf húsnæðismálastjórnar hafi aukizt, vantar alveg, enda ekki fyrir hendi. Ástæðan fyrir útgáfu þessara brbl. virðist því hafa verið einhver önnur en þetta. Og það er ekki langt að leita. Með úthlutun lánanna fóru, eins og ég hef áður sagt, tveir menn, og höfðu gert frá byrjun. Eftir að núv. stjórn var mynduð, varð að breyta þessu, og það var líka gert hreinlega með brbl. og framkvæmd þeirra. Þessum ráðh. var með sérstöku ákvæði falið að skipa þrjá menn úr stjórninni í nokkurs konar framkvæmdarstjórn, m. a. og aðallega til að úthluta lánunum, að því er virðist, hvað hann og strax gerði. Þar með virðist hinum eiginlega tilgangi brbl. vera náð. En hví ekki að viðurkenna þennan tilgang í upphafi, í stað þess að gefa brbl. út, vægast sagt með mjög hæpnum, ef ekki röngum forsendum?

Frv. þetta, sem er 3. mál hv. Nd., var mikið rætt þar, en að lokum afgreitt til þessarar hv. d. og afgreitt í heilbr.- og félmn. 20. des., eða tveim dögum fyrir þinghlé.

N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en við hv. 11. landsk. erum á móti frv. Eins og segir í nál. okkar á þskj. 194 lítum við svo á, að engin nauðsyn hafi verið á að fjölga mönnum í húsnæðismálastjórn, eins og á stóð, en það er aðalatriði frv.

Við leggjum því til, að frv. verði fellt. En verði frv. samþykkt, munum við bera fram brtt. við það eða fylgja brtt., ef fram skyldu koma.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er nú kannske alveg ástæðulaust að taka til máls um þetta þrátt fyrir ræðu hv. frsm. minni hl. Það er þó rétt að mótmæla því, að það séu neinar rangar forsendur fyrir setningu þessara brbl. Það var greinilegt, að húsnæðismálastjórnin, eins og hún var áður skipuð, var orðin óstarfhæf eftir stjórnarskiptin. Það var dottinn burt sá grundvöllur, sem þessir tveir menn áttu að starfa eftir og hafði ráðið þeirra grundvallarafstöðu til mála, og afleiðingin varð einfaldlega sú, að málin hlóðust upp óafgreidd, sem bezt kemur í ljós af þeirri skýrslu, sem þeir þá gáfu um, að það væri ekki, eins og hv. 2. þm. Árn. sagði hér áðan, tugir eða hundruð af óafgreiddum lánabeiðnum frá fólki, sem hafði verið búið að koma húsum sínum undir þak, heldur voru það þúsundir. Það var hátt á þriðja þúsund, sem lá óafgreitt hjá þeim, og bættist sífellt við. Þannig gat það ekki gengið. Þar við bættist svo, að um þau mál, sem þessir tveir menn ætluðu svo að taka til afgreiðslu eftir stjórnarskiptin, var ekki samkomulag. Þeir skírskotuðu til ráðuneytis eða annars um úrskurði, og það var sýnilegt, að það var ekki hægt að afgreiða þessi mál með eintómum úrskurðum frá ráðuneytinu.

Þetta ástand kallaði fram nauðsyn á breytingu, og þar sem Alþingi sat þá ekki að störfum, var ekki hægt að gera það öðruvísi en með brbl. Hins vegar var þetta gert á eins mildilegan hátt og unnt var, þar sem enginn af þeim, sem áður voru í húsnæðismálastjórn, var látinn víkja þaðan, heldur látnir vera áfram í stjórninni og aðeins bætt við tveimur mönnum og síðan ákveðin framkvæmdarstjórn úr þessari 7 manna stjórn. Þeir menn, sem stjórnarandstaðan átti áður í húsnæðismálastjórn, eru þar enn og taka þátt í störfum húsnæðismálastjórnarinnar á fundum hennar fullskipaðrar, en að vísu hvorugur þeirra í framkvæmdarstjórninni.

Það bættust svo við ný verkefni á húsnæðismálastjórnina með setningu laganna um bann við notkun íbúðarhúsnæðis til annarra nota en til íbúðar, og var það ærið viðbótarverkefni fyrir húsnæðismálastjórnina. Var sýnilegt, að sú stjórn, sem fyrir var og hafði ekki haft bolmagn til þess að afgreiða málin, eins og þau áður lágu fyrir henni, var ekki til þess bær að bæta við sig nýjum verkefnum.

Það var farið hér nokkrum orðum um lánakerfið, hversu mjög það hefði bætt úr þörf. Ég hygg nú, að hver sá, sem kynnir sér það, komist að þeirri niðurstöðu, að lánakerfið hafði komizt í þrot. Það höfðu á þessum tveimur árum, sem sú löggjöf hafði staðið, einmitt hrúgazt upp óafgreiddar lánabeiðnir, svo að skýrslurnar hermdu, að þær væru á þriðja þúsund. Það hafði verið lofað gulli og grænum skógum, sagt, að hver maður ætti að fá lán, sem færi í bygginguna, og þetta hafði vakið slíkar vonir, að það fjármagn, sem í áætlunum húsnæðismálakerfisins eða veðlánakerfisins var gert ráð fyrir, hrökk ekki til, allra helzt þegar það vildi ekki heldur skila sér nema að tiltölulega litlum hluta. Það var brostinn fjárhagsgrundvöllurinn fyrir þessu, byggingarþörfin rak fast á eftir, og hin gullnu loforð um, að þetta kerfi ætti að leysa hvers manns þörf, sem á annað borð ætlaði að byggja og þyrfti að byggja, hver einasti maður skyldi fá 70 þús. kr. lán, — það hafði alveg brostið, og það eina, sem var í raun og veru ljósi punkturinn í þessu, var það, að löggjöfin hafði upphaflega aðeins verið miðuð við tvö ár og átti að ganga úr gildi núna um áramótin 1956—57. Það blasti því við, að það yrði að undirbúa nýja löggjöf, sem tæki öðruvísi, á allt annan hátt á þessu mikla vandamáli, húsnæðisvandamálinu, heldur en gert hafði verið ráð fyrir með setningu laganna um hið almenna veðlánakerfi. Slík löggjöf hefur verið í undirbúningi núna undanfarnar vikur og kemur fyrir Alþingi innan mjög langs tíma, — ég get fullyrt meira að segja:

innan mjög skamms tíma. Og það er sú löggjöf, sem verður að taka á þessu vandamáli í heild. Með brbl. var ekki ætlunin að ná öllu fram, heldur því, að það myndaðist starfhæf stjórn á grundvelli laganna, sem áttu að gilda fram til áramótanna.

Að því er svo snertir þann fjárhagsgrundvöll, sem sú löggjöf byggðist á, þá var hann sem sé svona brostinn, að á þriðja þúsund húseigendur, sem voru komnir með hús sín undir þak, höfðu ekki fengið neitt lán, og því fé, sem lánakerfið réð yfir fram til síðustu áramóta, var úthlutað til lánveitinga út um land og hér í Rvík og nágrenni, þó að meiri hluta úti um land, vegna þess að fráfarandi stjórnarmenn viðurkenndu, að þeir hefðu heldur látið landsbyggðina sitja á hakanum við tvær seinustu úthlutanir, þar sem þeir gerðu ráð fyrir, að það væri frekar hægt að fá einhverja fjárhagslega aðstoð úti um land fram undir haustið. En þegar svo allt var í þrotum þar, þá var útveguð til bráðabirgða 5 millj. kr. upphæð núna í desembermánuði í viðbót við það, sem lánakerfið hafði gert ráð fyrir, til þess að auka svolítið við þær lánveitingar, sem annars var hægt að veita á seinasta ársfjórðungnum.

Ég hygg því, að menn geri sér það ljóst, að hið stóra viðhorf til byggingarmálsins sem vandamáls blasi við þessari hv. d. og við Alþingi, þegar hin nýju frv. um byggingarmálin koma fyrir þingið. Hér er aðeins um að ræða staðfestingu á brbl., sem nauðsyn var að setja, til þess að húsnæðismálastjórnin í því öngþveiti, sem hún sat, væri starfhæf fram til síðustu áramóta.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Mig langar til í sambandi við þetta mál að beina þeirri fsp. til hæstv. ráðh., hvaða vonir standi til þess, að hægt sé að auka verulega fjármagn til húsbygginga. Hann lýsti réttilega þörfinni, og við vitum það allir, að hún er geipilega mikil. Hann lýsti þessu, hæstv. ráðh., að það biðu á þriðja þúsund íbúðir, sem ekkert lán gætu fengið, og að lánakerfið, sem sett var, hefði komizt í þrot. Ég skal nú ekkert um það segja, en hitt fullyrði ég, að þetta kerfi, þó að ekki væri stórt skref, gerði mikið gagn. En ég vildi gjarnan vita, hvað ríkisstj. hefur hugsað sér til þess að leysa þetta mál, svo að verulegu gagni komi, því að það er engin lausn á málinu að fjölga mönnum í stjórn fyrirtækisins, ef sú stjórn hefur ekkert að gera, ef hún hefur ekkert fé til þess að lána. Það er vitaskuld engin lausn á málinu. Þess vegna langar mig til þess að vita, hvernig hugsað er að leysa þetta mál til frambúðar.

Frsm. minni hl. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Ég þarf nú ef til vill ekki að hafa mörg orð um þetta. En það, sem kemur fram hjá hæstv. ráðh., er, eins og hv. þm. V-Sk. minntist á, að von væri á nýrri löggjöf um þessi mál og að þetta kerfi, sem sett var 1955, hið almenna veðlánakerfi, hafi bókstaflega komizt í þrot. Ja, að hverju leyti er það? Er það vegna þess, að fé hafi brostið, fé, sem gert var ráð fyrir að bankar lánuðu í þetta? Neituðu þeir að lána í þetta kerfi, eða vilja þeir heldur lána til íbúðabygginga, ef forsendurnar verða einhverjar aðrar en þessi lög fjalla um?

Þetta er töluvert atriði, því að ég hygg, að mörgum lítist ekki blómlega á framtíðina, mörgum af þeim, sem eiga þessi á þriðja þús. hús í byggingu úti um allt land og hafa einmitt vænzt sérstaks stuðnings af þessu lánakerfi. Nú fá þeir að heyra það allt í einu frá hæstv. félmrh., að þetta kerfi hafi komizt í þrot, og verður ekki annað skilið en að það verði lagt niður og gert upp eins og hvert annað gjaldþrota fyrirtæki.

En við skulum vona, ef svo fer, að eitthvað annað betra komi í staðinn. Eftir því verðum við að bíða, — bíða þangað til frv. það, sem hæstv. ráðh. boðaði, kemur í dagsins ljós, og þá lagast það, sem fundið hefur verið að áður í þessu máli, að ekkert hafi komið fram í þessu frv. annað en að fjölga í stjórninni. Þá trúlega hefur það verið komið á stað hjá hæstv. ríkisstj., að það yrði að taka þetta kerfi allt saman í gegn og koma því á betri rekspöl en nú var komið. En eitt er það, sem mér þykir einnig undarlegt í þessu sambandi og hæstv. ráðh. talaði um, og það er það, að strax eftir stjórnarskiptin lendir úthlutun eða starf húsnæðismálastjórnar í tómum vandræðum. Þá koma þeir engu máli fram, koma sér ekki saman um neitt og verða að fá úrskurði hæstv. ráðh. um allt, sem þeir áttu sjálfir að ráða fram úr.

Þetta kemur manni nokkuð undarlega fyrir sjónir, og væri gott að geta fengið upplýsingar um það, hvernig á því stendur.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Hv. þm. V-Sk. bar fram eina fsp., um það, hvaða vonir stæðu til um útvegun fjár. Ég verð nú að segja það, að meðan ekki er að fullu gengið frá hinu frv. um fjáröflunarleiðirnar, þá er ekki rétt að skýra Alþingi frá því, hvað komið hefur helzt þar til greina. Þó get ég aðeins sagt það, að í viðræðum, sem fram fóru á s. l. hausti við Landsbanka Íslands, var sérstaklega eftir því gengið við hann, hvort bankinn væri því meðmæltur eða mótmæltur, að lengra væri gengið á þeirri braut, sem hafin var með hinu almenna veðlánakerfi um sölu vísitölutryggðra verðbréfa. Landsbankinn gaf á því viðræðustigi þær upplýsingar, að sala þeirra verðbréfa hefði gengið greiðlega og það væri ekki útilokað, að hægt væri að heimila hærri hundraðshluta af heildarlánunum með slíkum vísitölutryggðum bréfum, t. d. til helminga, en núna hafði það aðeins verið tveir á móti 7, og ekki staðið á því, að slík bréf seldust. Þetta er ein af þeim leiðum, sem ég nú þegar get sagt frá að horft er á og Landsbankinn hefur látið í ljós að hann teldi ráðlegt að fara frekar en farið hefði verið samkvæmt gildandi löggjöf. Að öðru leyti held ég, að það verði að fara þarna ýmsar leiðir til þess að útvega nægilegt fé til byggingarmálanna, af því að hlutverkið er ekki bara að svara eðlilegri íbúðaaukningarþörf augnabliksins, heldur líka að hreinsa þann óhreina grunn, sem skapazt hefur, að útvega fjármagn til þeirra nokkuð á þriðja þúsund húseigenda, sem ekki hafa fengið neitt.

Ég tel þá rétt, að ég geri aðeins nánar grein fyrir því, sem ég áðan kallaði, að þetta húslánakerfi hefði komizt í þrot. Það liggur í því, að með setningu laganna og þeim gífurlegu gullnu loforðum, sem þá voru gefin um, að þeir, sem réðust í að byggja sér íbúðarhús án tillits til stærðar, án tillits til efnahags, ættu rétt á, þegar húsið væri orðið fokhelt, að fá 70—100 þús. kr., var slíku eiginlega lofað, þó að í framkvæmdinni væri aldrei tekið í mál að hafa hærra en 70—100 þús. kr. lán vegna slíkra húsbygginga. Þessi lagasetning vakti svo miklar vonir, að hún spanaði af stað slíkt byggingaflóð, að lánakerfið réð ekki við neitt. Það er rétt að segja frá því sem dæmi. Þá sjá allir, hversu óforsvaranlegt þetta var orðið. Þegar þessir tveir menn, sem önnuðust lánveitingarnar, höfðu afgr. lánin fyrstu mánuðina, þá var komin svo margföld tala umsækjenda um lán, sem áttu fullan rétt samkv. l., að viðtölin ein hjá þessum tveimur mönnum voru ekki fram á kl. 5 eða 6 á kvöldin, ekki fram á kl. 10 og 11 á kvöldin, ekki fram á miðnættið, þau voru stundum fram á kl. 4 og 5 að morgni, og fólkið, sem átti samkv. lögum landsins rétt á að fá lán, hékk þarna í forstofu og stigum og út undir götu í viðtalsbiðröð fram undir kl. 4 og 5 að morgni. Svona var þetta bara eftir nokkra mánuði, eftir að þessir menn höfðu starfað í nokkra mánuði, og það er þessi hali, sem liggur núna óafgreiddur enn í dag, og verður með fjáröflun væntanlegrar löggjafar að reyna að hjálpa til að ljúka hinu hálfgerða húsnæði, sem fólkið er nú að baslast með og sumt að örmagnast undir, og gera það að nothæfu íbúðarhúsnæði í viðbót við það, sem „normalt“ þarf að bæta við á ári hverju hér í bænum og annars staðar, þar sem húsnæðisskorturinn er mestur. Þetta ætti að nægja til að sýna mönnum, að það er ekki ofsgat, að þetta húsnæðismála- eða veðlánakerfi hafi komizt í þrot. Það er ekki hægt að „púkka“ upp á það í sömu mynd með því að framlengja löggjöfina um veðlánakerfið. Það verður að verulegu leyti, ég vil segja nálega að öllu leyti að byggja á nýjum grunni. En arfurinn, óreiðuarfurinn, sem skapaðist á tímabili veðlánakerfisins, á þessum tveimur árum, hin ófullnægða lánaþörf, sem þá var ýtt undir, en ekki fullnægt, bíður og verður að leysast með nýrri löggjöf.

Það er þetta, sem ég vildi segja í tilefni af ræðum þeirra tveggja hv. þm., sem hér töluðu núna á undan mér.

Jón Kjartansson: Ég hef ekki miklu við að bæta, en ég efast ekkert um það, að lýsing hæstv. ráðh. á ástandinu er rétt, þörfin er svo gífurleg. Þarf enginn að halda, að þetta litla lánakerfi, sem sett var upp með þessum lögum, nægi til þess að fullnægja þörfinni.

Mér þótti miður, að ráðh. gat ekki gefið neinar vonir um, hvernig hæstv. ríkisstj. hugsar sér að útvega fjármagn í þetta, því að það þarf vissulega meira fjármagn en við höfum yfir að ráða hér heima fyrir í fjármagnslausu landi.

Ég skal ekki orðlengja um þetta á þessu stigi. Ráðh. getur haft sínar ástæður til þess að skýra þetta ekki nánar. Ég treysti því, að hæstv. ríkisstj. finni lausn á þessu máli, lausn, sem fullnægi þörfinni til frambúðar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:3 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 8:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 8:2 atkv.

Á 47. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., 31. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 3, 213).

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er um breytingu á lögunum frá 1955 um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga o. fl. Það felur í sér fjölgun á meðlimum húsnæðismálastjórnar úr 5 upp í 7. Umr. hafa átt sér stað á fyrra stigi um það atriði, sem ég skal ekki gera hér að umtalsefni. En þar sem hér er á ferðinni breyting á lögunum um húsnæðismálastjórn o. fl., þykir mér rétt að hreyfa hér atriði, sem ég tel brýna nauðsyn að breyta í þessum lögum og miklu brýnni nauðsyn en að fjölga í stjórninni. Ég flyt því brtt. á þskj. 213, sem nú mun hafa verið útbýtt.

Í lögunum um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða, sem samþ. voru og staðfest á árinu 1955, fjallar II. kaflinn um útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Þar segir m. a., að húsnæðismálastjórn skuli af hálfu ríkisvaldsins vera aðili að ráðstöfunum til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, þar með taldir herskálar, og hafa um það samvinnu við bæjar- og hreppsfélög, er beita sér fyrir slíkum framkvæmdum. Þá er rætt um, að bæjar- og hreppsfélög, sem hafa ákveðið að gera ráðstafanir til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, skuli senda húsnæðismálastjórn áætlanir sínar og rökstuddar greinargerðir. Síðan kemur 13. gr. þessara laga, þar sem segir svo:

„Nú leggur sveitarfélag fram fé til íbúðabygginga í því skyni að útrýma heilsuspillandi íbúðum, annaðhvort sem ófafturkræft framlag eða lán, og skal ríkissjóður þá leggja fram jafnháa fjárhæð á móti, allt að 3 millj. kr. á ári næstu fimm árin, að því tilskildu, að sveitarfélagið sjái um, að hið ónothæfa húsnæði verði tekið úr notkun, enda greiði ríkissjóður ekki framlag sitt fyrr en því ákvæði er fullnægt.“

Samkvæmt ákvæðum þessa II. kafla laganna munu nokkur sveitarfélög hafa hafizt handa í stærri stíl en áður til útrýmingar lélegum íbúðum. Stærsti aðilinn í þessu efni var að sjálfsögðu höfuðborgin, og bæjarstjórn Rvíkur ákvað að gera áætlun um útrýmingu allra herskálaíbúða í bænum, auk annarra heilsuspillandi íbúða.

Þessi áætlun var gerð fyrst í apríl 1954, áður en lögin voru samþykkt, ári áður, og var síðan endurskoðuð seint á árinu 1955, þegar þessi lög voru komin til framkvæmda. Þessi áætlun var

í stuttu máli á þá leið, að Reykjavíkurbær skyldi byggja 600 íbúðir á næstu 4 árum til að útrýma herskálaíbúðum, sem taldar voru um 450 að tölu, en auk þess skyldu 150 íbúðir vera til ráðstöfunar fyrir aðra í heilsuspillandi húsnæði en þá, sem í herskálum búa.

Þessari áætlun hefur svo verið framfylgt þannig, að nokkur hluti þessara íbúða er þegar fokheldur, en svo var ráð fyrir gert, að nokkur hluti skyldi látinn af hendi fokheldur, en annar hluti ýmist fullgerður eða fullbúinn undir málningu.

Nú er nokkur hluti þessara íbúða þegar fokheldur og hefur verið úthlutað til herskálabúa aðallega, en á þessu ári er gert ráð fyrir, að hér í Rvík verði um 300 þessara íbúða tilbúnar.

Nú hefur húsnæðismálastjórn ákveðið að veita samkv. II. kafla laganna 70 þús. kr. á hverja íbúð, gegn jafnháu framlagi frá Reykjavíkurbæ. Reykjavíkurbær hefur fyrir sitt leyti samþykkt það. En þetta þýðir, að af hálfu ríkisins þurfa að koma allstórar fjárhæðir á þessu ári, þannig að það má gera ráð fyrir, að það verði í kringum 20 millj. kr.

Það er því ljóst, bæði vegna þess, að framkvæmdir hafa orðið meiri í þessum efnum og hraðari en gert hafði verið ráð fyrir, þegar lögin voru sett, og enn fremur, að lánsupphæð hefur verið ákveðin 70 þús. eða nokkru hærri en upphaflega mun hafa verið gert ráð fyrir, að þessi takmörkun í lögunum um 3 millj. framlag á hverju ári í fimm ár stenzt ekki. Það verður frá ríkisins hálfu, sem hefur gefið fyrirheit um að standa undir þessu til jafns við sveitarfélögin, að leggja fram miklu meira fé en þarna er ráð fyrir gert.

Til þessara hluta samkv. II. kafla laganna var veitt fyrst í fjárlögum fyrir árið 1955 3 millj. kr., í fjárlögum fyrir 1956 aftur 3 millj., eða samtals 6 millj. kr. Auk þess mun af greiðsluafgangi ársins 1955 hafa verið varið 1.7 millj. í þessu skyni, þannig að húsnæðismálastjórn hefur til ráðstöfunar 7.7 millj. kr. nú. Af því mun hún hafa ráðstafað rúmum 4 millj. til þeirra sveitarfélaga, sem hafa hafizt handa, og er þá óeytt 3½ millj. Þó að við bætist í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár 3 millj., samtals 6½ millj., þá er sýnt, hversu mjög skortir á, að ríkissjóður eða húsnæðismálastjórn geti staðið að óbreyttum lögum og framlögum undir þeim fyrirheitum, sem ríkið hefur tekið á sig í þessu skyni.

Vegna þessara raka, sem ég hér hef talið, tel ég sjálfsagt að afnema þetta hámarksákvæði, sem í lögin var sett, að leggja skuli fram allt að 3 millj. á ári næstu fimm ár. Þá yrði, ef þessi till. yrði samþykkt, skipan mála sú, að húsnæðismálastjórn f. h. ríkisvaldsins yrði að sjá um, að lagt yrði af ríkisins hálfu jafnan fram jafnhátt framlag og sveitarfélögin leggja til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, og tel ég, að það sé engin ofrausn fyrir ríkið.

Í því sambandi má geta þess, að árið 1946 voru samþykkt lög um opinbera aðstoð við íbúðabyggingar í kaupstöðum og kauptúnum. Í þeim lögum var svo ákveðið, að ríkissjóður skyldi lána í þessu skyni, þ. e. a. s. til bæjar- og sveitarfélaga, sem vildu útrýma heilsuspillandi íbúðum, allt að 85% af byggingarkostnaði til langs tíma með mjög vægum kjörum, þannig að 75% af láninu áttu að vera til 50 ára með 3% vöxtum, en 10% að auki, einnig til 50 ára, þó afborgunarlaust fyrstu 15 árin, en vaxtalaus lán.

Tvö bæjarfélög hér á landi hófust handa samkvæmt þeim ákvæðum og byggðu allmargar íbúðir, það voru Ísafjarðarkaupstaður og Rvík. En að nokkrum tíma liðnum var ákveðið af Alþingi að fresta framkvæmd þessara laga. Nú var sú stefna tekin upp aftur með lögunum frá 1955, að ríkisvaldið ætti að veita sinn atbeina til útrýmingar lélegum íbúðum og leggja fram fé til jafns við sveitarfélögin, þ. e. a. s. 50% á móti 75—85% samkv. l. frá 1946.

Ég skal ekki fara frekar út í þetta mál að sinni, en vænti þess, að þessar athugasemdir og upplýsingar, sem að vísu hafa eingöngu snert Rvík, vegna þess að ég hef ekki tölur við höndina frá öðrum sveitarfélögum, sem vinna að útrýmingu heilsuspillandi íbúða, geti sýnt hv. þdm. fram á, að það sé réttmætt að afnema þetta hámark og að ríkisvaldið geri gangskör að því að útvega og lána það fé á móti sveitarfélögunum, sem lögin gera ráð fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 213, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á skipun húsnæðismálastjórnar er frv. til staðfestingar á brbl. um það atriði eitt. Út af till. hv. 6. þm. Reykv. vil ég aðeins segja það, að það mun í fyrsta lagi vera mjög óvenjulegt, að brtt. séu bornar fram við brbl. eða á það fallizt, að breytingar séu á þeim gerðar. Eðlilegast er, að Alþingi taki afstöðu til brbl. eins og þau liggja fyrir, annaðhvort með því að samþ. þau óbreytt eða fella þau.

Hér er nú borin fram efnisleg till. við lögin um húsnæðismálastjórn og er algerlega fjarskyld því, sem felst í brbl. Ég mundi af þessari ástæðu vilja fara fram á það við hv. þm., að hann taki brtt. sína aftur. Þetta ætti ekki að vera honum á nokkurn hátt til baga, sökum þess að sú löggjöf, sem gilt hefur s. l. tvö ár um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, er tímabundin löggjöf, sem nú er að falla úr gildi, og er vitað, — ég get a. m. k. upplýst það nú, — að sett verður á þessu þingi löggjöf um þessi efni öll í stað þeirrar löggjafar, sem nú er úr gildi að falla. Þar með koma auðvitað í hinni nýju löggjöf ákvæði um, hversu miklu fé skuli varið til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, og þá finnst mér, að till. um það efni eigi heima í sambandi við þá löggjöf, en sé heldur framandi böggull með þessu frv. um staðfestingu á brbl.

Þá er þess enn fremur að geta, eins og hv. 6. þm. Reykv. reyndar gerði alveg réttilega grein fyrir, að sá eini liður í núv. húsnæðismálalöggjöf, liðurinn um fjárveitingu til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, er sá einasti liður, sem

hefur staðizt og fé verið fyrir hendi fyllilega til þess að svara nauðsyninni og eftirspurninni. Það var, eins og hann upplýsti, ákveðið, að á fjárlögum væru 3 millj. kr. á ári hverju, 1955 og 1956, og svo hefur það verið, og þarna er um afgang að ræða. Þetta fé, eins og það var ákveðið í lögunum, hefur nægt, og er afgangur af því, sem nemur nú sem stendur, eins og hv. þm. upplýsti, um 3.7 millj. kr. Á árinu 1957 ættu að óbreyttum lagaákvæðum um þetta að falla til a. m. k. 6 millj. og þá að vera 9—10 millj. kr. til ráðstöfunar í þessu skyni að óbreyttri löggjöf.

En það er enginn kominn til með að segja, að svo verði, þar sem þessi löggjöf, eins og ég áður tók fram, er tímabundin, og stendur fyrir dyrum, að Alþingi taki til afgreiðslu nýja löggjöf um öll húsnæðismál. Og þá er það, sem ég tel, að till. um þetta atriði sé á sínum stað að koma fram, eftir þeim rökstuðningi, sem þá er hægt að færa fram fyrir nauðsyn meira fjár en í því frv. kynni að vera lagt til.

Ég sem sé vil af þessum tveimur ástæðum láta í ljós þá skoðun mína, að það sé eðlilegt, að till., sem hér liggur fyrir frá hv. 6. þm. Reykv., verði tekin aftur í sambandi við þetta frv. og að hún verði aftur borin fram, ef þá finnst ástæða til, í sambandi við þá húsnæðislöggjöf, sem lögð verður fyrir þetta þing innan skamms.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Hæstv. félmrh. færir þau rök fyrir áskorun sinni til mín um að taka till. aftur, að það sé óvenjulegt, að brbl. sé breytt í meðförum þingsins. Þetta er misskilningur hjá hæstv. ráðh. Það hefur iðulega verið gert. En þó að þessi brtt. verði samþ., er það engin breyting efnislega á brbl., því að ákvæði brbl. stendur alveg óbreytt þrátt fyrir mína till.

Hann segir, að sett verði á þessu þingi ný lög um húsnæðismálin og sé það því önnur ástæða til þess, að ég ætti að taka till. aftur. En ég vil spyrja hæstv. ráðh., fyrst hann hefur haft í undirbúningi nýja löggjöf um þessi efni: Hvers vegna lét hann þá ekki efni sjálfra brbl., fjölgunina í húsnæðismálastjórn, heldur bíða þeirrar heildarlöggjafar? Var sem sagt í húsnæðismálunum eina atriðið, sem alveg var bráðaðkallandi, að fjölga um tvo menn í húsnæðismálastjórn? Það virðist eftir upplýsingum hæstv. ráðh.

Hæstv. ráðh. telur vafalaust, að efni þessara brbl. sé mjög þýðingarmikið, en hann talar heldur óvirðulega um þessa brtt. mína um að gera sveitarfélögunum kleift að útrýma heilsuspillandi íbúðum. Hann talar heldur óvirðulega um hana sem framandi böggul. Ég veit nú ekki betur en efnislega sé þó brtt. mín stórum þýðingarmeiri um lausn húsnæðisvandræðanna heldur en bráðabirgðalög hæstv. ráðh. um að fjölga um tvo í húsnæðismálastjórn. Ég hef því ekki getað sannfærzt af þeim rökum, ef rök skyldi kalla, frá hæstv. ráðh. að taka till. aftur og mun því ekki gera svo.

Hins vegar náttúrlega getur ráðh. kannske losnað við till. með því að taka frv. aftur, því að þá náttúrlega fellur brtt. við það af sjálfu sér niður, a. m. k. við þetta mál.

Ég vil í sambandi við þetta upplýsa, að á fundi bæjarstjórnar Rvíkur 17. jan. s. l. var samþykkt með atkvæðum allra bæjarfulltrúanna, þ. á m. fulltrúa flokksbræðra hæstv. félmrh., að bæjarstjórnin telji sérstaklega óhjákvæmilegt að auka stórlega framlög ríkissjóðs til útrýmingar heilsuspillandi íbúða samkv. II. kafla laga nr. 55 frá 1955, þannig að þessi brtt. er að sjálfsögðu flutt í sambandi við og í framhaldi af ályktun, sem einnig hans samherjar hafa samþykkt í bæjarstjórninni.

Nú er það að vísu svo, að hæstv. ráðh. boðar hér frv. um lausn húsnæðismálanna eða byggingarmálanna. En ekki taldi hann þó ástæðu til að gera að neinu leyti grein fyrir efni þess frv. eða þeim úrræðum, sem hann hyggst benda á og ætlar að fá lögfest, því að hann lýsir því hér yfir, að þessi lög muni verða samþykkt á þessu þingi. Það er náttúrlega ákaflega gott að vera voldugur ráðherra, en ég hefði þó haldið, að Alþingi sjálft réði þar mestu um, og finnst harla mikill einræðisbragur á því, að alþm. fái tilkynningu um það, áður en þeir hafa séð einu sinni framan í frv.: Þetta skal verða lögfest. Alþingi á að lögfesta þetta frv., sem ég ætla einhvern tíma seinna að leggja fyrir þingið. — Það getur verið, að þessi háttur sé að verða ríkjandi í hv. stjórnarflokkum, en þeir um það.

En í sambandi við þetta góða frv. er vissulega ástæða til að staldra við og hugleiða, hvað mundi vera efni þess og hver er stefna hæstv. núv. ríkisstj. í þessum málum.

Það er svo, að við sjálfstæðismenn teljum, að íbúðabyggingar séu sízt of miklar í landinu, heldur þurfi fremur að auka þær. En það er yfirlýst stefna eins af stjórnarflokkunum og þess flokksins, sem hefur bæði forsæti og fjármál, að draga eigi úr verklegum framkvæmdum og fjárfestingu. Ég hef hér t. d. fyrir framan mig, svo að maður taki nú ekki neitt úr Tímanum, sem farið er að slá í, heldur hef ég fyrir *framan mig Tímann frá því í dag, og þar ræðir* um þá breytingu, sem gerð var á fjárfestingunni með nýju lögunum frá 1953, þar sem nokkuð var rýmkað um byggingu íbúða. Þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Framsóknarmenn gengu nauðugir til þess leiks að afnema fjárfestingarhömlurnar í jafnstórum stíl og gert var."

Og síðar segir:

„Nú blasa við afleiðingar þess, að fjárfestingunni var sleppt lausri 1953."

Á hvern hátt var nú fjárfestingunni sleppt lausri? Sú lagabreyting, sem þá var gerð, var efnislega varðandi byggingarnar eingöngu sú, að gefið var frjálst að byggja íbúðir, sem væru allt að 520 *rúmmetrum* að stærð. Nú má vera, að hæstv. ráðh. telji, að íbúðir allt að 520 rúmmetrum séu skrauthýsi og lúxusíbúðir. En ég vil benda á í því sambandi, að samvinnubyggingarfélögin hafa hámarksákvæði svo að segja alveg það sama, eða um 500 rúmmetra, og býst ég ekki við, að hv. stjórnarflokkar telji, að íbúðir samvinnubyggingarfélaganna séu lúxusíbúðir.

Auk þess, að þessar íbúðir voru gerðar frjálsar 1953, var ákveðið, að menn mættu einnig byggja peningshús og verbúðir án leyfis.

Nú er mér spurn: Fyrst þessar breytingar hafa valdið þeim ósköpum og mér skilst steypt fjárhagskerfi þjóðarinnar í voða, er það þá ætlun núverandi ríkisstj. og er það kannske eitt af efnisatriðum frumvarps hæstv. félmrh. að draga úr þessu, að draga úr því frelsi, sem menn nú njóta til þess að byggja íbúðir við hæfi, eða því frelsi, sem menn hafa til þess að byggja peningshús eða verbúðir? Eftir upplýsingum Tímans er það einmitt þetta frelsi, sem ég nú hef lýst, sem er aðalorsök vandræðanna, og blasa nú við afleiðingar þess. Mér er þess vegna spurn: Er það stefna hæstv. núverandi ríkisstj., sem fram kemur í blaði forsætis- og fjármálaráðherrans í dag?

Þetta er vissulega ekki að ófyrirsynju spurt, vegna þess að allar þær þúsundir landsmanna, sem bíða eftir því að eignast heilsusamlegar og góðar íbúðir, spyrja vitanlega um það og mæna til þess með nokkurri eftirvæntingu, hvort þær eiga að hafa það byggingarfrelsi, sem þær hafa haft nú um undanfarin þrjú ár, eða hvort það eigi nú að vera stefna núverandi ríkisstj. og stjórnarflokka að draga úr þessum möguleikum.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri að sinni. En mér virðist, að þau formsatriði, sem hæstv. ráðh. talaði hér um, séu að sjálfsögðu ekki því til fyrirstöðu að samþykkja þessa brtt. mína, því að hin mikla hugsjón hæstv. félmrh., sem fram kom í brbl. um að fjölga í húsnæðismálastjórninni úr fimm upp í sjö, nær fram að ganga og verður að veruleika, þó að mín brtt. yrði samþykkt.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. taldi, að það væri ástæðulaust að óska þess, að þessi brtt. yrði tekin aftur, því að það væri rangt hjá mér, að það væri óvenjulegt, að brbl., sem lögð væru fyrir þingið til staðfestingar, tækju þar breytingum.

Ég verð að endurtaka það, að þetta er rangt hjá hv. þm. Það er ákaflega sjaldgæft, að brbl. sé breytt efnislega í meðferð þingsins, ef það hefur nokkurn tíma komið fyrir. Gæti hann kannske nefnt mér dæmi þess, ef þau eru mörg? — En látum útrætt um það atriði. Það skiptir ekki miklu máli. Hann synjaði því sem sé að taka þessa brtt. aftur í sambandi við frv. um staðfestingu brbl., og er ekkert við því að segja. Það er hans afstaða.

Hér er þó um það að ræða, að hann tekur eitt efnisatriði úr löggjöfinni um húsnæðismálastjórn og vill fá því hnýtt hér saman við bráðabirgðalagafrumvarpið. Ég fullyrði, að það er ekki meiri þörf á að taka þetta efnisatriði út úr hinni almennu húsnæðismálalöggjöf og fá það tengt saman við þetta bráðabirgðalagafrumvarp heldur en mýmörg önnur meiri háttar efnisatriði úr löggjöfinni, þ. á m. alla fjáröflunina til annarra hluta en útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Það er einmitt sú almenna fjáröflun í gildandi löggjöf, sem hefur reynzt ófullnægjandi með öllu. En þetta er einasti liðurinn í löggjöfinni, þar sem hefur orðið afgangur af fé, fjárveitingin, sem fyrir hendi var, gert meira en að svara eftirspurninni. Hvorki Reykjavík né aðrir kaupstaðir hafa torgað. Þau voru ekki myndarlegri í framkvæmdunum við að útrýma heilsuspillandi húsnæði á liðnum tveimur árum heldur en það, að þau torguðu ekki þessu. En af 100 milljónunum, sem voru áætlaðar á pappírnum til húsbygginga almennt, skilaði sér ekki nema brothluti, og það er ástæða til þess að koma með brtt. um það, um fjáröflunina almennt til húsnæðismálanna, ef við ætlum að fara yfirleitt að hrófla við efni þeirra laga almennt. Þessi till. er því furðulega tilefnislítil, af því að hún tekur einmitt á því efnisatriði gildandi löggjafar, sem bezt var séð fyrir, og þetta er hv. þm. alveg áreiðanlega ljóst.

Hann kvartaði undan því, að ég hefði talað óvirðulega um þetta merkilega tillögufóstur hans. Ég mótmæli því alveg. Ég fór engum óvirðingarorðum um hana. En mér finnst till. vera í litlu efnislegu samhengi við þetta frv., sem hér liggur fyrir hv. deild, og benti á, að það mundi eiga fremur heima í væntanlegri húsnæðismálalöggjöf, sem lögð verður fyrir þetta þing.

Hann fullyrti nú, að ég hefði sagt, að sú löggjöf yrði samþykkt hér á Alþingi. Ég held, að það hafi verið hártogun hjá þessum virðulega þingmanni. En svo mikið er víst, að ég hygg, að allir séu sammála um það, að þar sem um tímabundna löggjöf er að ræða um húsnæðismálin nú, verði ekki hjá því komizt, að nýja löggjöf verður að setja um hana. Húsnæðismálaástandið, eins og fráfarandi stjórn skilaði því af sér, er slíkt, að það dugir ekki framlenging á þeirri löggjöf óbreyttri, og verður að bæta þar um, og verður áreiðanlega ekki hjá því komizt að setja nýja löggjöf um það. Frv., sem ég kynni að leggja fram um það, gæti vissulega tekið breytingum, en ég þykist hins vegar sannfærður um, að löggjöf um það efni verður samþykkt hér frá þinginu, — með breytingum hv. þingmanns og annarra þingmanna ef til vill og vafalaust. Það er því enginn einræðisbragur á því að fullyrða, að slík löggjöf muni verða afgreidd frá Alþingi. Það vita allir um þá nauðsyn, sem til þess liggur, og þeirri nauðsyn yrði að svara með nýrri löggjöf, ef öngþveiti það, sem hefur skapazt í þessum málum á liðnum tveimur árum, á ekki að halda áfram óbreytt eða versna.

Það má vel vera, að það standi nú fyrir dyrum hjá Reykjavíkurbæ að gera átak í að útrýma heilsuspillandi húsnæði. En það er þá alveg nýtt, það er þá einhver endurfæðing lífsins hjá bæjarstjórn Reykjavíkur, því að allar skýrslur sýna, að heilsuspillandi húsnæði hefur aukizt í Reykjavíkurborg á undanförnum árum og áratugum og aldrei verið fleiri börn í bröggum í Reykjavík en nú. Væri mjög ánægjulegt, ef þeir væru að endurfæðast í þessum efnum.

En það er svo sem ekki á eina bókina lært hjá Reykjavíkurbæ. Hvernig hefur verið með framkvæmd Reykjavíkurbæjar á meira en 20 ára gamalli löggjöf um íbúðir í kjöllurum? Í þeirri löggjöf átti að banna íbúðarhúsnæði í kjöllurum,

sem ekki svöruðu alveg sérstökum heilbrigðiskröfum. Þetta átti bæjarstjórnin að sjá um, hún mátti taka upp á skýrslu 1/20 af ólöglegum íbúðum í kjöllurum á ári hverju og veita bráðabirgðaheimild til þess að búa í þeim. En 1/20 hlutann átti síðan að taka á ári hverju á skrá. Þessa skrá átti að gera í janúarmánuði ár hvert og skila þeirri skrá í ársbyrjun, og síðan átti að útrýma þeim. Þessum íbúðum átti að útrýma á 20 árum. Nú vil ég spyrja: Hvað er Reykjavíkurborg komin langt nú með að útrýma ólöglegum íbúðum í kjöllurum? Hafa skrárnar verið gerðar frá ári til árs í janúarmánuði ár hvert? Er hægt að fá þær í félmrn.? Eða er þetta allt saman svikið? Hefur þessi löggjöf legið dauð og ómerk hjá garði undir þessari áhugasömu bæjarstjórn Reykjavíkur í húsnæðismálum? Ég vona, að hv. 6. þm. Reykv., sem er hér að þenja sig um ágæti Reykjavíkurbæjarstjórnarinnar í húsnæðismálum, svari þessu um framkvæmdina á liðnum 20 árum um útrýmingu íbúða í kjöllurum og gefi skýrslu um það. Ég hef áður óskað eftir því að fá skýrslu um þetta. Það hefur farið fram viðræða um þetta mál við fulltrúa frá bæjarstjórn Reykjavíkur, og upplýsingarnar, sem við höfum fengið um það, eru þær, að lögin hafi ekki verið framkvæmd að neinu, engin skýrsla sé til um þessar íbúðir, engin tilraun gerð til þess að útrýma 1/20 þeirra á hverju ári, og þær eru í notkun eftir sem áður. En að fenginni þessari reynslu af bæjarstjórn Reykjavíkur í því viðfangsefni að útrýma heilsuspillandi húsnæði væri mér næst skapi að setja löggjöf um það, að bæjarstjórn Reykjavíkur skyldi ekkert með þau mál hafa að gera, af því að hún hafi brugðizt þeim gersamlega og ekki hlýtt gildandi lögum um þessi verkefni, og að það væri betur komið í höndum annarra aðila en bæjarstjórnar Reykjavíkur að fást við það.

Ég held, að það sé þess vegna alveg réttmætt af mér að óska eftir því, að hv. 6. þm. Reykv. taki þessa till. sína, ef hann er eins áhugasamur um þessi mál og hann lætur nú vera, og láti þessa till. sína koma fram í sambandi við væntanlegt frv. um húsnæðismálin í heild, þar sem verða sérstaklega auðvitað tillögur um fjáröflunina til húsnæðismálanna og þ. á m. auðvitað ákvæði um, hversu mikið fé skuli ætla til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis í kaupstöðum.

En framkvæmdina á gildandi lögum um íbúðir í kjöllurum bið ég hv. 6. þm. Reykv. að taka nú til athugunar, til þess að ekki verði áframhaldandi vanefndir á framkvæmd þeirra laga.

Hann spurði um frelsið til að byggja, hvort það eigi nú að fara að afnema það kannske, og tekur upp Tímann til þess að styðja þá fsp. sína við. Ég spyr: Hversu notadrjúgt hefur frelsið í byggingarmálum verið á undanförnum tveimur árum, þegar fólki voru gefnar vonir um það, að hver maður, sem færi af stað með að byggja íbúð yfir sjálfan sig, skyldi fá 100 þús. kr. lán? Upp á þá von og lagasetningu, sem byggð var á loforðum um þetta, fóru menn á stað, ekki hundruðum, heldur þúsundum saman, og byggðu, stofnuðu sér í fjárhagslegar ógöngur, sem þeir sitja nú og brjótast um í. Er það ekki dásamlegt frelsi? Ég hefði haldið það. Þeir eru eins fjötraðir núna og þeir geta verið, þessir menn, sem voru gabbaðir út í byggingar, þegar fjármagnið var svo ekki fyrir hendi til þess að svara þörf þeirra, eftir að þeir voru komnir á stað með byggingarnar. Þetta er frelsið, sem fráfarandi stjórn veitti þessu fólki. Slíkt frelsi er lítils virði, það verð ég að segja. Það eina, sem getur gert menn frjálsa í húsnæðismálunum, sérstaklega það fólk, sem er að brjótast í að byggja, er, ef sæmilega vel er um hnútana búið um það, að menn geti fengið að eðlilegum leiðum í gegnum lánastarfsemina eðlilega aðstoð í byggingarstarfseminni og að hægt verði að standa við það, sem lögfest er hverju sinni í þeim efnum. Þá væri betra meira að segja að draga eitthvað úr því, að menn gætu farið á stað með byggingar, ef svo væri hægt að tryggja þeim með löggjöfinni, að við það, sem hefði verið lofað, væri hægt að standa.

Ég er alveg reiðubúinn til þess að ræða húsnæðismálin almennt við fulltrúa Reykjavíkurborgar, hv. 6. þm. Reykv., því að þeir hafa á engan hátt tekið svo myndarlega á lausn þeirra mála, að það sé þar af neinu að státa. Og það mætti fyllilega draga upp þá mynd af því, að hv. þm. hefði enga ástæðu til að vera ánægður með sjálfan sig eða höfuðborg landsins fyrir frammistöðuna.

En ég vík aftur að því, að ég legg algerlega á móti því, að þessi brtt. hv. þm. sé tekin inn í þetta frv., mun hins vegar taka með sanngirni á henni, ef hún kemur fram í sambandi við væntanlega heildarlöggjöf um lausn húsnæðismálanna, sem þetta þing hlýtur að fjalla um. Og ég er sannfærður um, að bæði hv. 6. þm. Reykv. og ég erum sammála um það, að slíka löggjöf verði að setja, eins og ástandið í húsnæðismálunum er nú, eftir að búið er að framkvæma húsnæðismálalöggjöfina, eins og hún var sett fyrir tveimur árum, fram til síðustu áramóta, því að hún komst alveg í þrot, eins og ég gerði grein fyrir að nokkru hér fyrir skömmu í þessari hv. deild.

Frsm. meiri hl. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Ég vil með fáum orðum gera grein fyrir minni persónulegu afstöðu til fram kominnar till. hv. 6. þm. Reykv. Ég er henni efnislega samþykkur, en tel, að hún sé ekki tímabær nú. Eins og hæstv. félmrh. hefur skýrt frá, mun á prjónunum endurskoðun laganna um húsnæðismálastjórn í heild, og verður frv. að líkindum lagt fyrir þetta þing. Af þeirri ástæðu einni teldi ég, að brtt. væri betur geymd til þess tíma. Þetta vildi ég sérstaklega taka fram varðandi afstöðu mína í atkvgr. á eftir, að ég er ekki ósamþykkur því, sem í till. felst, heldur ósamþykkur því, að hún komi fram á þessu stigi málsins.

Lögin um húsnæðismálastjórn geta ekki talizt virk, eins og nú standa sakir. Veigamesti þátturinn í þeim, ákvæðin um fjáröflun, mun ekki hafa gildi lengur nema þá að litlu leyti, og því er það skilyrðislaust nauðsynlegt, að þessi lög verði tekin til meðferðar á þessu þingi.

Varðandi það, sem hv. 6. þm. Reykv. drap á áðan, að innan ríkisstjórnarinnar mundi gæta vilja í þá átt að minnka fjárfestingu og draga

úr íbúðabyggingum, skal ég ekkert fullyrða. En þar, sem húsnæðisleysi ríkir, eins og hér í Reykjavík, má ekki draga úr íbúðabyggingum. En það má gera annað ef til vill, það má draga úr byggingu óhófsíbúða, það má byggja betur og af meiri forsjá og meiri sparsemi en gert hefur verið og fá út úr öllu saman jafnmargar eða fleiri íbúðir en byggðar hafa verið árlega að undanförnu og þó kannske með minni fjárveitingu.

Ég vænti þess og treysti því, að núverandi hæstv. ríkisstj. hafi það mál allt til athugunar og muni á sínum tíma leggja fram tillögur í þeim efnum, þannig að ekki verði dregið úr íbúðabyggingum, en þó jafnvel eitthvað dregið úr fjárfestingu til húsabygginga.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Efnislega er ákaflega litlu að svara úr ræðu hæstv. félmrh. En út af fsp. hans um framkvæmd laganna frá 1929 um kjallaraíbúðir og viðhorf bæjarstjórnar Reykjavíkur í því efni vil ég taka það fram, sem allir hv. þm. hafa vitað um langa hríð, að þau lög, þessi frá 1929, hafa frá upphafi verið pappírslög, sem engri bæjarstjórn hefur dottið í hug að framkvæma. M. a. hefur hæstv. félmrh., sem um langa hríð hefur verið mikill og mestur valdamaður á Ísafirði, sjálfum aldrei komið til hugar að taka þau lög alvarlega. Ég býst við, að hann eins og aðrir viti, að það eru til kjallaraíbúðir á Ísafirði og hafa verið til í hans valdatíð. Honum hefur aldrei dottið í hug að krefjast þess eða beita sér fyrir því, að þessum lögum yrði framfylgt. Þessi pappírslög, sem nú eru orðin nærri 30 ára gömul, rekst hann allt í einu á núna og heldur, að hann geti í pólitísku ofstæki sínu notað þau til að ná sér niðri á bæjarstjórn Reykjavíkur. Ég er hræddur um, að hæstv. ráðh. verði ekki kápan úr því klæðinu.

Ég spurðist fyrir um það, hver væri stefna ríkisstj. varðandi íbúðabyggingafrelsið, og hæstv. ráðh. vafðist þar tunga um tönn. En helzt var þó á honum að heyra, að þetta byggingarfrelsi, sem lögleitt var 1953, hafi orðið til bölvunar og hafi orðið fjölda manna fjötur um fót. Ef til vill ber þó að skilja þessi orð hæstv. ráðh. þannig, að hann sé sammála Tímanum í morgun um, að einmitt frelsið fyrir fólkið til að byggja íbúðir yfir sig sé höfuðmeinsemdin í íslenzku efnahagskerfi, þannig að hann muni þá beita sér fyrir því, að dregið verði stórlega úr þessum möguleikum og úr þessu frelsi. Hins vegar vildi hv. 1. landsk. ekki viðurkenna það og taldi, að það væri þörf á því að byggja jafnvel meira hér í Reykjavík.

En út af einmitt þessu máli og hinum fyrirlitlegu orðum hæstv. ráðh. um byggingarfrelsið vil ég taka það fram, sem raunar allir vita, að eftir að þessi nýju lög voru sett 1953 um frelsi manna til að byggja íbúðir, reis hér ný byggingaralda í Reykjavík og víðar, þannig að á þeim árum, sem síðan eru liðin, á s. l. við skulum segja 2—3 árum, hefur verið byggt meira í Reykjavík en nokkru sinni áður, hvort sem tekin er tala íbúða eða hlutfallstala íbúða miðað við fólksfjölda. Þessi nýju lög verkuðu þannig, að fjöldi manna réðst í byggingu, og fjöldi þeirra hefur þegar komið upp yfir sig íbúð, þó að það sé að vísu rétt, að fjárskortur hefur hamlað mörgum.

Ég held, að það væri hið mesta ólán, ef stefna Framsfl., sem fram kemur í Tímanum í morgun, ætti nú að verða ofan á, og vona, að sú ógæfa hendi ekki Alþ. að binda nú að nýju hendur manna eins og gert var um hríð áður.

Hæstv. ráðh. segir: Það er ekki þörf á þessari brtt. minni um það að afnema hámarkið, sem ríkissjóður eða húsnæðismálasjóður á að leggja til útrýmingar heilsuspillandi íbúða. Það er meiri þörf á öðru, og hitt er alvarlegra, að hin almenna fjáröflun til veðlánakerfisins hefur mistekizt. Hví flytur þm. ekki brtt. um það?

Það er af þeirri einföldu ástæðu, að fyrra atriðið, varðandi framlögin til heilsuspillandi íbúða, er takmarkað hámarksákvæði í lögunum, og þarf því að breyta lögunum. Hitt atriðið er eingöngu framkvæmdaratriði. Ramminn er þar ákveðinn og gefinn í sjálfum lögunum, en það er framkvæmdin, sem hefur mistekizt síðasta hálfa ár, meðan illu heilli þessi hæstv. félmrh. hefur farið með þessi mál, og það þarf vissulega nokkra dirfsku til fyrir hann að viðhafa stór orð og ásakanir í garð höfuðborgarinnar um aðgerðaleysi í þessu, þegar það er vitað, að þessi hæstv. ráðh. hefur þá sex mánuði, sem hann hefur setið að völdum, bókstaflega ekki framkvæmt eitt einasta atriði, ekki rétt upp hönd eða fót í þessum málum eða til þess að létta mönnum byggingarstarfsemina, til þess að útvega mönnum lán eða afla nauðsynlegs fjár í veðlánakerfið. Hann hefur ekkert gert, síðan hann tók við völdum í þessum húsnæðismálum, annað en að fjölga í húsnæðismálastjórn úr fimm upp í sjö.

Varðandi bæjarstjórn Reykjavíkur, þá verða, eins og ég tók fram, á þessu ári tilbúnar um 300 íbúðir til að afhenda fólkinu, og eins og ég gat um, þá er það liður í þeirri áætlun að byggja 600 íbúðir til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum, fyrst og fremst herskálunum. Það er búið að verja miklu fé til þess á síðustu tveim árum, en í fjárhagsáætlun Reykjavíkur fyrir árið 1957 eru veittar 10 millj. í þessu skyni. Ég spyr hæstv. ráðh.: Hvað er veitt í þessu skyni í því fjárlfrv., sem hann og hans ríkisstj. hefur lagt fyrir þetta þing? Ég veit ekki til, að í því fjárlfrv. sé einn einasti eyrir til þessara mála. En hæstv. ráðh. kemur svo hér og boðar, að hann muni leggja fram till. um að svipta höfuðborg landsins sjálfsforræði í þessum málum. Þó að þar búi 40% landsmanna, þá á að taka völdin af Reykjavíkurbæ í þessum málum, til þess að þessi hæstv. ráðh., sem ekki hefur rétt hönd eða fót til umbóta í þessu máli í hálft ár og hefur sýnt í raun inni meiri ræfildóm en jafnvel var búizt við af honum í þessum málum, til þess að hann taki þessi mál í sínar hendur. Það þarf vissulega brjóstheilindi og dirfsku til að láta sér slík ummæli um munn fara.

Hæstv. ráðh. sagði, að lögin um veðlánakerfið og húsnæðismálastjórnina hefðu komizt í þrot. Lögin hafa ekki komizt í þrot, það er hann sjálfur, sem hefur komizt í þrot með aðgerðaleysi sínu, með því að hafa haldið að sér hönd-

um og engar tilraunir gert til þess að afla fjár til þess að halda áfram þeirri starfsemi, sem fyrrv. ríkisstj. var byrjuð á.

Að fyrrv. ríkisstj. hafi átt að hafa í sjóði nokkra tugi eða hundruð milljóna handa honum, til þess að hann gæti spilað úr því, það er furðulegt að bera slíkt á borð fyrir hæstv. Alþ. Hver ríkisstj. á auðvitað að afla fjár til þeirra framkvæmda, sem hún hefur með höndum.

Nei, það kerfi, sem ákveðið var með lögunum frá 1955, stendur, og það getur staðizt, bara ef menn væru þá til í þeim sætum eða hans ráðherrasæti, sem á að framkvæma þetta, sem hefðu manndóm og dugnað til þess.

Það eina, sem mér er kunnugt um að hæstv. ráðh. hafi gert, er það, að eftir að hann hafði einu sinni fengið hér allharða ádrepu í þingi, labbaði hann niður í Landsbanka og átti þar stutt viðtal við bankastjórnina um þessi mál, annað ekki.

Það er svo vissulega athugunarefni fyrir bæði Alþ. og fyrir þjóðina alla, að í þeim tveim ræðum, sem hæstv. ráðh. hefur haldið hér í dag, kemur það fram í fyrra skiptið, að hann hafi ákveðið, að Alþingi skuli samþykkja lög, sem ekki er farið að sýna Alþingi enn þá, hvað sem þm. segja um það, og í annarri ræðunni boðar hann það, að hann vilji svipta höfuðborgina sjálfsforræði í einum af hinum þýðingarmestu málum borgarinnar.

Ég vil segja, að það er vissulega tilefni til þess að athuga, hvort slíkur maður er fær um að gegna lengur ráðherradómi í lýðræðislandi, eins og Ísland á að vera.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég finn mig dálítið vanmáttugan til að geta greitt atkvæði um þessa till., af því að mér er málið ekki það kunnugt sem skyldi til þess að geta tekið að öllu leyti afstöðu til þess.

Till. fer fram á, að það hámark, sem sett er á framlag ríkissjóðs til þess að mæta framlagi frá bæjar- og sveitarfélögum til að útrýma heilsuspillandi íbúðarhúsnæði, sem í lögunum er 3 millj. á ári, falli niður, og ætti þá að verða til þess, að ríkissjóður væri skyldur til að leggja fram helminginn á móti þeirri upphæð, sem sveitarfélögin legðu fram.

Nú er mér spurn: Hvernig hefur þetta verið? Hefur vantað mikið á, að þessar 3 millj., sem í fjárlögum eru til þessa veittar, hafi nægt til þess að borga framlagið á móti ríkissjóði? Hafa þær ekki verið nægilega háar til þessa? Hefur ekki verið afgangur af þeim bæði þau ár, sem liðin eru síðan lögin voru samþykkt? Mér er þetta ekki fullkunnugt, og þess vegna vildi ég óska þess, að hæstv. forseti frestaði þessum umr. og n. rannsakaði þetta. Hér er komið fram nýtt viðhorf. Það er komið það viðhorf, að borgarstjórinn í Reykjavík, sem á sæti hér á Alþ., vill fá þetta hámark burt, til þess, að mér skilst, að ríkissjóður leggi fram hærri upphæð, gerir ráð fyrir því, að bærinn muni líka leggja fram hærri upphæð.

Ef reynslan hins vegar sýnir það, sem ég ekki veit, að bærinn hafi aldrei lagt fram það háa upphæð, að þetta hafi ekki verið nóg á móti, hvað þá? Hvaða þörf er þá að vera að ýfa þetta upp, bara til þess að gera um það deilur hér á Alþingi milli hæstv. ráðh. og borgarstjóra?

Þetta langaði mig til þess að vita. Og þó að einhverju væri slegið fram í hita umr. hér á Alþ., þá er ég ekkert viss um, hvort þær tölur væru það nákvæmar, að ég muni taka nokkurt tillit til þeirra og mynda mér skoðun eftir þeim. Ég vil fá að sjá og heyra frá n., eftir að hún hefur fengið þessa reikninga til meðferðar og séð þá, hvernig málin standa og hvort það er þörf á þessu eða ekki.

Þess vegna vil ég biðja forseta að athuga það og spyrja n., hvort hún vilji ekki, að umr. um málið sé frestað núna. Það liður enga nauð. Það kemur dagur eftir þennan dag. Nefndin taki málið til athugunar og gái að í því sambandi, hver þörf er á þessari till. eftir reynslunni, sem verið hefur.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. N-M. fór fram á það, að umr. væri frestað, af því að veigamikið atriði í þessum umr. væri ekki upplýst, sem sé þetta, hvort fjárveiting sú, sem verið hefur á fjárl. s. l. tvö ár vegna útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, 3 millj. kr. hvort árið, hafi nægt til þess að svara þeim mótframlögum, sem bæjarfélögin áttu að leggja á móti, Reykjavík og önnur bæjarfélög. Það þarf ekki að fresta málinu til þess að fá úr þessu skorið, því að það hefur verið upplýst, ekki aðeins af mér, heldur einnig af hv. 6. þm. Reykv. (GTh), að það sé afgangur af þessu fé, sem nemur milljónum, af því að Reykjavík og önnur bæjarfélög landsins lögðu ekki fram fé á móti þessari fjárveitingu á s. l. tveimur árum til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Hins vegar er núna verið að segja frá því, hvað Reykjavíkurborg ætli að gera. Ég hygg, að þetta sé rétt með farið, að þetta fari ekki á milli mála. Hv. 6. þm. Reykv., er þetta ekki rétt, að þessi upphæð hefur skilað afgangi? Það er örugglega rétt.

Viðvíkjandi lögunum frá 1929 um kjallaraíbúðir, sem ég minntist hér á áðan í leiðinni til þess að vita, hvort hv. 6. þm. Reykv. yrði mjög borubrattur, þegar hann færi að skýra hv. Alþingi frá því, hversu myndarleg framkvæmdin á þeim lögum hefði verið, var það svo, að hann viðurkenndi, að þau lög, sem nú eru 28 ára gömul, hefðu orðið pappírslög. Af hverju urðu þau pappírslög? Af því að kaupstaður, sem hafði mörg hundruð af kjallaraíbúðum, sveikst um að framkvæma þau. Það er allt og sumt. Lög verða pappírslög, þegar þau eru ekki framkvæmd, og það var þessi yfirlætismikli borgarstjóri í Reykjavík, hv. 6. þm. Reykv., sem varð að staðfesta það hér, að þessi lög hefðu orðið pappírslög, af því að Reykjavík með kjallaraíbúðirnar sínar hafði ekki framkvæmt þau, ekki að neinu leyti. **(GTh:** Ná þau ekki út fyrir Reykjavík?) Jú, þau ná út yfir Reykjavík. En nú vitnaði hv. þm. t. d. til Ísafjarðarkaupstaðar. Þar er nú þannig, að það hefur verið ákaflega lítið um húsnæðisskort, og ég held, að þær séu mjög fáar kjallaraíbúðirnar í Ísafjarðarkaupstað. A. m. k. ef maður færi að bera saman kjallaraíbúðirnar

í Ísafjarðarkaupstað og í Reykjavík, þá er hlutfallið allt annað, miðað við höfðatölu.

Það var einmitt til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, einmitt kjallaraíbúðunum, sem þá voru til í bænum, sem við byggðum 24 íbúðir, þegar fyrsta löggjöfin var sett um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis og kostur var á 75% lánum og 10% viðbótarláni, ef bæjarfélagið legði svo fram 15%, einmitt til þess að hjálpa því fólki, sem byggi í kjöllurum og gæti enga fjárhagslega aðstoð lagt fram sjálft. Þá byggði Reykjavíkurbær eitthvað svipaða tölu íbúða líka, en ég veit ekki, hversu mikið af fólki úr kjallaraíbúðunum hér hefur farið þangað, því að skýrslurnar, sem átti að gera í janúarmánuði hvert ár, hafa aldrei verið gerðar hjá Reykjavíkurborg.

Pappírslög eru þessi lög orðin, af því að Reykjavík sveikst um að framkvæma lögin, og ég er alveg hissa, að hv. 6. þm. Reykv. skuli vera jafnborubrattur eftir þessa játningu. Hitt var annað mál, að „pólitúrinn" fór af honum við það að verða að horfast í augu við þessa staðreynd, því að hann fór að tala um ræfildóm ráðh. og þar fram eftir götunum, sem einhvern tíma hefði ekki verið talið þinglegt orðbragð af þessum hefðarmanni. En það sýndi, að það var komið við kaunið, þegar var komið að svikum Reykjavíkurborgar á framkvæmdinni á lögunum um íbúðir í kjöllurum, þegar jafnvel „pólitúrinn" var farinn af hv. 6. þm. Reykv.

Að ræða um innihald í væntanlegri löggjöf um húsnæðismál tel ég ekki tímabært. Hann vill fara að ræða hér um einhverja draumóra um, að það eigi að ganga af frelsi manna til bygginga dauðu. Um það atriði er bezt að ræða, þegar frv. liggur fyrir Alþingi. Þá gefst tími til þess. Hv. þm. lætur sér svo brátt, bæði um þessa merkilegu till. sína og eins um það að hafa hér í frammi heimspekilegar hugleiðingar um byggingarfrelsi, sem í reyndinni hefur ekkert frelsi orðið, ekkert orðið annað en fjötrar á það fólk, sem voru gefnar miklar vonir um fyrirgreiðslu peningalega, en fékk ekkert nema vanefndir í staðinn.

Þá segir hann: Ja, það er vegna þess, að núverandi félmrh. hefur ekki framkvæmt lögin. — Nei, þetta á sér lengri aldur. Það voru á þriðja þúsund íbúðaeigendur, sem höfðu komið húsnæði sínu undir þak í byrjun þessa sumars, þegar ég kom í stól félmrh., og sýnir það bezt, hversu fyrrverandi ríkisstjórn gekk illa að framkvæma lögin. Hvað var þá til af fé til lána? Lán áttu að fara fram ársfjórðungslega. Það var á pappírnum lofað 100 millj. kr. á ári, rúmlega þó, þ. e. a. s., það áttu að vera til 25 millj. kr. fyrir hvern ársfjórðung. Voru til 25 millj. kr. til lánveitinga fyrir síðasta ársfjórðung, þegar fyrrverandi húsnæðismálastjórn stóð upp úr sínum stólum? Nei, það var búið að ráðstafa hverjum einasta eyri, af því, að það voru kosningar. Þau eru dýr kosningaárin. Það var búið að veita öll lánin. Hafa þá engar lánveitingar farið fram síðan? Ja, þær hafa ekki getað það út á þá fjáröflun, sem löggjöfinni hafði verið tryggð. Það var ekki hægt að gera það út á það fé, sem var til hjá húsnæðismálastjórn, þegar stjórnarskiptin urðu, því að það var ekkert. Samt segir hv. 6. þm. Reykv., að ég hafi ekkert gert síðan. Það er sannleikur, að það hefði þurft að gera margfalt meira en ég hef getað gert enn þá, en það hafa þó verið útvegaðar nokkrar milljónir króna að auki, utan við löggjöfina, til lánveitinga á síðasta ársfjórðungi ársins 1956, sem löggjöfin átti að ná yfir, en hafði ekkert fé til þess að lána út. Það eru að vísu ekki nema um 7 millj. kr., sem hafa verið útvegaðar til lánveitinga, að miklu leyti hér í Reykjavík og nágrenni, á síðasta ársfjórðungi, en löggjöfin gat ekki séð fyrir. Þær 25 millj. kr., sem áttu að vera samkvæmt hinum gullnu loforðum fyrir hvern ársfjórðung, voru ekki til.

Ég hirði ekki um að svara þeirri fullyrðingu hv. 6. þm. Reykv., hvort ég sé fær um að vera ráðherra, en því fór hann að velta fyrir sér m. a. út af deilu okkar um, hversu þeysin frammistaða Reykjavíkurborgar hefði verið í húsnæðismálunum. Ég get alveg eins, einmitt með sérstakri skírskotun til öngþveitisástandsins í húsnæðismálunum í Rvík, sem er verra en nokkurs staðar annars staðar á landinu, varpað fram þeirri fsp., hvort hv. 6. þm. Reykv. muni vera æskilegur borgarstjóri í Rvík. Húsnæðismálin hér í borg bera honum ekki það vitni. Það verður að koma eitthvað annað til, sem rétti hans hlut í því efni.

En ég vík aftur að ósk hv. 1. þm. N-M. um frestun á málinu, af því að það sé ekki upplýst, hvort upphæðin á fjárlögum hafi verið nógu há til þess að svara framlögum bæjarfélaganna, sem áttu að leggja fé á móti til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Það fer ekkert á milli mála, það er staðreynd, að þetta framlag dugði og meira en það. Bæjarfélögin að Rvík meðtalinni lögðu ekki fram eins mikið fé og á fjárlögunum var, og það var einasti liðurinn samkv. þessari löggjöf, þar sem fjáröflunin skilaði afgangi. Þess vegna sagði ég það í minni fyrri ræðu, að það væri einmitt sízt ástæða til að taka það efnisatriði hinnar almennu húsnæðismálalöggjafar út úr og bera fram brtt. út af því, því að þar væri sízt úrbóta þörf. Úrbótanna væri aðallega þörf um hina almennu fjáröflun til þess að mæta því öngþveiti, sem skapazt hefur í húsnæðismálum Suðvesturlandsins og sérstaklega Rvíkur, og það þyrfti sérstaklega fyrir því að sjá í þeirri væntanlegu löggjöf, sem Alþingi hlýtur að minu áliti að ganga frá, áður en þessu þingi lýkur.

Jóhann Jósefsson: Hér hefur af hálfu þess hæstv. ráðh., sem fer með húsnæðismálalöggjöfina, verið haldið fram, að það hafi ekki verið nægilegt fé fyrir hendi samkv. þeirri löggjöf, er nú gildir um útvegun á fé til lána til bygginga frá 1955. Nú er það vitað, að samkv. þeim lögum kom feikimikill skriður á það, bæði í höfuðstað landsins og annars staðar á landi hér, að byggja, koma upp húsum yfir fólk, og þá mest, að menn hafa verið að byggja fyrir sjálfa sig. Og í viðræðum við menn, sem ég átti núna fyrir nokkrum dögum í minu kjördæmi, var því haldið fram við mig, að samkv. þessum lögum og raunar byrjað áður á því

tímabili, síðan frelsi manna til að byggja yfir sig var fengið, mundi hafa verið byggt tiltölulega miklu meira í Vestmannaeyjum en jafnvel í Rvík. Þessu var haldið fram við mig. Ég segi það ekki sem mína skoðun, en því var haldið fram þar. Svo mjög hefur þörfin á því að koma yfir sig þaki sagt til sín, bæði í Rvík og ekki síður úti um land, og ég vitna sérstaklega til *míns kjördæmis í því efni, vegna þess að mér* er það kunnast. Og þó að ég hafi nú ekki fyrir hendi fullkomna rannsókn á því, hvort þessi staðhæfing manna þar er rétt, að byggingar í Vestmannaeyjum hafi jafnvel farið hlutfallslega fram úr byggingum höfuðstaðarins, þá er eitt víst, og það sér hver maður, sem þar kemur og hefur komið þar nokkur ár á undan, að í þeim efnum hefur orðið stórkostleg breyting í sambandi við það frelsi í byggingarframkvæmdum, sem fengið var.

Á síðustu árum fjárhagsráðsins held ég mér sé óhætt að fullyrða að ég hafi hafið fyrstur upp mína rödd hér á Alþingi og kvatt hljóðs fyrir þeirri skoðun, að menn fengju frelsi til þess að byggja yfir sjálfa sig. Þetta ófrelsi í þeim málum var orðið svo grómtekið, að jafnvel fyrir að byggja tröppur við hús sín máttu menn eiga von á lögsókn og þvílíku, svo að það eitt er víst, að frjálsræði manna í þessum efnum hefur hrundið af stað stórmiklum framkvæmdum og stórmiklum úrbótum á húsnæðismálaástandinu yfirleitt.

Þetta ætla ég raunar ekki að fara að gera að umtalsefni. En ég hjó eftir því, að hæstv. ráðh. sagðist hafa útvegað 7 millj. kr., skildist mér, síðan hann tók við embætti, og ég skildi það þannig, að þessar 7 millj. kr. hefðu verið til útlána. En ég skildi hann á hinn bóginn þannig, að hann hefði ekki útvegað þær á grundvelli þessarar löggjafar, sem er frá 1955, eða innan þess ramma. Ég vildi þá gjarnan fá upplýst í þessu máli, á hvaða vegum, ef hann hefur ekki getað notazt við þann grundvöll, sem sú löggjöf lagði, hafi þá verið útvegaðar þessar 7 millj. kr. og eftir reglum hvaða laga þær hafa verið lánaðar út, ef ekki samkv. þeim reglum, er skapazt hafa, síðan þessi áminnzta löggjöf var sett. Það er fyrir mig og aðra, sem ekki eru kunnugir þessum málum, fróðlegt að vita um þetta og vita sem gleggst, þó að maður í raun og veru hafi ekki bein afskipti öðruvísi en ef til vill með atkvæði sínu hér á hinu háa Alþingi, af þeirri ástæðu einkum, að maður gengur varla svo fótmál innan um það fólk, sem á að eiga greiðan aðgang að hjálp síns þm. í þessum efnum, að fyrir mann sé ekki lögð sú spurning, hvort ekki sé unnt að fá fyrirgreiðslu á lánbeiðni, sem liggi hjá húsnæðismálastjórninni og hafi legið svo og svo, eins og gerist og gengur. Ég veit, að hv. þm. hljóta að kannast við þetta. Þess vegna, ef hæstv. ráðh. hefur þarna fundið nýja leið og nýja aðferð til þess að útvega, þó að ekki hafi verið nema í bili, 7 millj. kr., þá leikur mér forvitni á að vita það, af því að ég hef fyrir mitt leyti sem þingmaður áhuga á að greiða fyrir lánbeiðnum þeirra manna, sem eiga skylt, að ég bregðist ekki þeirra trausti í þessum efnum.

Ég skal að öðru leyti láta þessar deilur mér óviðkomandi, að öðru leyti en því, að ég er sannfærður um, að frelsið í byggingarmálunum, sem ef til vill þykir einhverjum óþarflega mikið verið hafa, hefur reynzt sú máttug vogarstöng, sem hefur lyft stórkostlegu Grettistaki í byggingarmálunum á undanförnum árum, ekki einasta í Reykjavík, heldur víðs vegar á landi hér. Og *ég teldi fyrir mitt leyti mjög illa farið*, ef svo færi í þeim efnum, að þessi driffjöður á framtak hvers einstaks manns í landi hér, sem þarf að koma þaki yfir sig og sitt fólk, yrði á einhvern hátt veikt eða tekin úr starfi. (PZ: Er frv. um það?) Frv. er ekki um það, en það hefur komið fullt tilefni í þessum umr. til þess að minnast á þetta og ekki sízt sú upplýsing, sem ég hef ekki heyrt vefengda, að flokksblað hv. 1. þm. N-M. er farið að harma það og telja það hafa verið óhappastig, að þetta frelsi var veitt í löggjöf landsfólkinu. Og það er mjög trúlegt, að einmitt innan vébanda Framsfl. sé sú skoðun ríkjandi, að frelsi í bygingarmálum handa almenningi sé til óheilla, því að þar hefur aldrei annars gætt í þessum efnum en hneigðar til ófrelsis, heftingar og rangsleitni.

Ég vonast svo til, að hæstv. ráðh. upplýsi *mig í þessu efni*, og ég spyr bara út af því, að ég vildi gjarnan hafa fræðslu í þessum efnum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er af því, að forsetinn er ungur sem forseti, að hann líður það, að menn standi hér í ræðustól, þegar verið er að tala um ákveðið frv. á Alþingi, og spjalli um daginn og veginn, um sitthvað, sem hafi staðið í blöðunum um allt annað efni, o. s. frv., og þetta gamlir þm. Og svo eru þeir miður sín, hv. sjálfstæðismenn, að jafnvel fyrrverandi forsetinn, Sigurður Bjarnason, gerði þetta í Sþ. í gær. Þeir vita ekkert, hvað þeir gera, þeir gleyma þingsköpum, gleyma sjálfum sér og tala eins og þeir haldi, að þeir séu staddir á kjósendafundi. Þetta á ekki að eiga sér stað á Alþingi.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hv. þm. Vestm. bar hér fram fsp. til mín um það, hvar þessar 7 millj. kr. hefðu verið útvegaðar.

Því er fljótsvarað. Meginhluti þeirra var útvegaður með viðbótarláni, sérstaklega hjá Landsbankanum, eftir ítrekaðar tilraunir til þess. Fyrst hafði maður fengið neitun; menn þurfa ekki að kippa sér upp við það. (**JJós:** Það var eftir ramma laganna.) Nei, utan við ramma laganna. Það var allt þrotið. Bankinn taldi sig vera búinn að gera það, sem honum var skylt samkv. lögunum, og ég hygg, að það hefði ekki verið hægt að sækja neitt meira fé í hendur honum samkv. þeim. En þetta fékkst þó, þegar hægt var að leggja það fram, að viss aðili mundi taka þetta fé út í Landsbankanum og lána það húsnæðisveðlánakerfinu, ef það ekki fengizt afgreitt heldur sem lán í Landsbankanum, og þá gerði hann það. Þessari upphæð var síðan úthlutað á síðasta ársfjórðungi, í desembermánuði, og ég hygg, að nokkurt lán hafi farið til Vestmannaeyja einmitt af því fé. Það er búið að ráðstafa því, og var

einmitt gert til þess, að hægt væri að ráðstafa lánveitingum út um land og hér í Reykjavík sérstaklega í desembermánuði, á síðasta ársfjórðungi.

Fjáröflun sjóðsins barst eiginlega mjög að því, að það voru viss hlutföll í löggjöfinni milli vísitölutryggðra bréfa og beinna peningaframlaga, sem skyldu koma frá bönkum landsins, frá almannatryggingunum, frá lífeyrissjóðunum og frá sparisjóðum. En þetta hlutfall var það lágt af vísitölutryggðu bréfunum, að menn héldu, að sá markaður mundi hafa þolað meira og að það hefði verið hægt að tryggja sölu á meira af vísitölutryggðum bréfum. Landsbankinn var eiginlega þeirrar skoðunar, að það mundi kannske hafa tekizt, en hann var ófáanlegur til að breyta löggjöfinni að því er þetta efnisatriði snerti, þegar svo langt væri liðið á það tímabil, sem lögin ættu að gilda fyrir.

Hins vegar er það, eins og ég hef áður skýrt hér frá, ekki óhugsandi, að sala vísitölutryggðra bréfa geti í nýrri löggjöf tryggt meiri möguleika til fjáröflunar, og á það verður gengið og um það hefur verið rætt við Landsbankann og hann tekið vel í það. En fyrir áramót vildi hann ekki gera breytingu á því.

Ég held, að með þessu sé svarað fsp. hv. þm. Vestm., og er mér ljúft að gera það, sem sé að upplýsa allt um framkvæmd þessara mála. En satt er það hjá hv. 1. þm. N-M., að allar þessar umr. eru langt utan við frv., m. a. vegna þess, að till., sem hér var lögð fram í sambandi við þetta frv., var nokkuð fjarskyld því í sjálfu sér og efni þess.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég kann ekki við það, að ekki heyrist rödd frá þm., sem mótmælir þeirri aðfinnslu, sem hv. 1. þm. N-M. kom með í garð forseta. Ég tel, að forseti hafi í engu brotið þingsköp, þó að hann leyfi þessar umr., sem allar snerta í raun og veru málið í heild, þó að þær snerti ekki beinlínis þetta frv. að öllu leyti. Ég tel, að hæstv. ráðh. hafi gefið fullkomið tilefni til þess í sínum ræðum, að það væri farið það út fyrir, sem gert var, og ég mótmæli því, að forseti sé víttur fyrir þetta. Þótt ungur sé, þá má hann njóta sannmælis.

ATKVGR.

Brtt. 213 felld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÓÓ, FÞ, GTh, JJós, JK.

nei: SE, AG, BjörgJ, BjörnJ, FRV, KK, PZ, FS.

4 þm. (BSt, HG, HermJ, SB) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Alfreð Gíslason: Með þeim fyrirvara, sem ég gat um áðan, segi ég nei.

Páll Zóphóníasson: Það hefur verið upplýst í umræðunum, að það fé, sem ætlað er eftir lögunum, sem hér er lagt til að breyta með þessari till., 3 millj. kr. á ári, virðist nóg, og af því hefur verið afgangur undanfarandi ár. Hins vegar upplýsir borgarstjórinn, að nú ætli bæjarstjórn Reykjavíkur meira fé til þess arna en undanfarin ár. Það er reynsla fyrir því, að sú áætlun, sem bæjarstjórn Reykjavíkur gerir venjulega, er gerð út í loftið, og stenzt fæst, sem í henni er. Þess vegna legg ég ekkert upp úr því, sem borgarstjórinn segir hér um, en segi að undanfarinni reynslu nei við tillögunni.

Frv. samþ. með 8:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 215).

15. Orlof.

Á 9. fundi í Nd., 1. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 16 26. febr. 1943, um orlof [32. mál] (stjfrv., A. 32).

Á 13. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Með frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til, að ákvæðum gildandi laga um orlof verði breytt varðandi þrjú atriði. Í fyrsta lagi, að orlofstíminn verði lengdur úr 12 virkum dögum í 18 virka daga á ári og að í samræmi við þetta hækki orlofsfé úr 4% í 6%. Annað atriði er það í frv., að sérregla sú, sem gilt hefur um orlof starfsmanna á fiskiskipum, verði afnumin og að sömu ákvæði gildi um þá, sem taka laun sín í hluta af verðmæti, eins og um þá, sem taka laun sín í peningum, þ. e. a. s., að hlutarsjómenn fái fullt orlof. Þriðja breytingin, sem í frv. felst, er um það, að fyrning orlofskrafna verði með sama hætti og fyrning kaupkrafna, þ. e. a. s., að fyrningarfresturinn verði 4 ár, en samkv. gildandi lögum falla orlofskröfur nú úr gildi vegna fyrningar, ef þær hafa ekki verið viðurkenndar eða lögsókn verið hafin innan loka næsta orlofsárs frá því að kröfurnar voru stofnaðar.

Ég vil fara örfáum orðum um hverja þessara breytinga um sig.

Þá er um fyrstu breytinguna þetta að segja: Í desemberverkfallinu 1952 var orlofsfé hækkað með samningum úr 4% í 5%, og í verkfallinu 1955 var það aftur hækkað úr 5% í 6%, en í lögum er enn þá ákveðið, að orlof skuli vera 4%. Samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og einnig reglugerð samkv. þeim lögum er ákveðið, að orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins skuli vera 15 virkir dagar. Þegar sérstaklega stendur á, má orlof þó vera allt að 18 virkum dögum, en með reglugerð er ákveðið, að 18 daga orlof skuli gilda fyrir alla þá, sem eiga að baki sér 10—15 ára þjónustualdur. Starfsmönnum, sem verið hafa í þjónustu ríkisins lengur en 15 ár, ber orlof í 24 virka daga. Á síðasta sumri var opinberum starfsmönnum þó veitt orlof í 18 virka daga þrátt fyrir 15 daga ákvæði laganna, og þeim, sem höfðu verið í þjónustu ríkisins í 10—15 ár, var veitt 24 daga orlof þrátt fyrir lagaákvæðið um 21 dags orlof. Nú liggur fyrir Alþingi frv. til l. um breyt. á l. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, sem felur í sér þá breytingu á ákvæðunum um orlof, að í stað 15 daga komi 18 dagar hjá opin-



þetta, [illegible]
að málinu verði að lokinni þessa
til 3. umr.

[illegible] ákvæði hafa þótt vera [illegible], og hefur það hvað eftir annað valdið ágreiningi, hvernig eigi að skilja þessi lagaákvæði. Hefur hvað eftir annað komið til kasta félagsdóms að úrskurða og dæma um slíkan ágreining.

Mér finnst, að það beri að líta svo á, að hlutaskiptafyrirkomulag sé ekkert annað en ákveðin aðferð, sem höfð sé um ákvörðun og útreikning launa þessara starfsmanna á fiskiskipunum, og sá skilningur staðfestist raunar af hæstaréttardómi, sem fallið hefur um slíkt málsatriði. Það verður ekki séð, að það skipti verulegu máli varðandi greiðslu orlofsins, hvort laun starfsmannsins eru ákveðin með þessum sérstaka hætti eða á annan hátt, hvort það er eftir hlutaskiptareglu eða beinni peningagreiðslu fyrir unna klukkustund. Þetta ákvæði, ef að lögum verður, veitir þess vegna sjómönnum fiskiskipa, sem ráðnir eru upp á hlut, sama rétt til orlofs og öðrum launþegum, og fæ ég ekki betur séð en að það sé í alla staði sanngjarnt. Við þurfum fyrst og fremst að nema úr gildi þau lagaákvæði, sem gefa sjómönnum okkar skarðan hlut, og miklu fremur að innleiða ný lagaákvæði, sem veiti þeim fyllri rétt en öðrum í þjóðfélaginu, til þess að tryggja, að við fáum fólk til þess að starfa við undirstöðuatvinnuveg okkar, sjávarútveginn.

Þriðja atriðið, sem felst í þessu frv., er svo ákvæði um fyrningu orlofsins. Orlofið er, eins og kunnugt er, ákveðið sem hundraðshluti af kaupgjaldi og er í raun og veru aðeins hluti af kaupgjaldinu, enda fær sú skoðun stuðning af því, að samkv. lögum á að greiða skatt af orlofsfé alveg eins og um kaupgjald væri að ræða. Þess vegna virðist eðlilegt, að lagaákvæði um fyrningu þessa hluta kaupgjaldsins séu þau sömu og fyrningarákvæðin um kaupgjaldið sjálft. Kaupkröfur fyrnast á fjórum árum, og því tel ég vera rétt, að orlofsrétturinn fyrnist ekki heldur á

[illegible] útbytt enn. En með því að málið hefur þrátt fyrir þetta verið sett á dagskrá, vil ég engu að síður lýsa hér munnlegu áliti n., sem væntanlega kemur fram mjög fljótlega á þskj. Heilbr.- og félmn. er óklofin um málið og mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt. Þó hafa tveir nm., hv. þm. Ísaf. og hv. 8. þm. Reykv., áskilið sér rétt til þess að flytja brtt. eða styðja tillögur, sem fram kunna að koma.

N. hefur sent þetta mál til umsagnar tveggja aðila, annars vegar Landssambands íslenzkra útvegsmanna og hins vegar Sjómannafélags Reykjavíkur. Landssamband ísl. útvegsmanna hefur svarað og sent umsögn. Í stuttu máli sagt mælir Landssambandið eindregið gegn því, að þetta frv. verði samþykkt. Ég ætla ekki að lesa það álit allt saman, get að sjálfsögðu gert það, ef einhver æskir þess, en Landssambandið ber fyrst og fremst fyrir sig kostnaðarhlið málsins og bendir á, að það muni hafa í för með sér allmikinn aukinn rekstrarkostnað fyrir útgerðina.

Sjómannafélag Reykjavíkur hefur ekki svarað þessu máli skriflega, en ég hef leitað eftir því munnlega, hver afstaða þess sé, og fengið þau svör, að vegna anna í sambandi við kosningar, sem standa yfir í félaginu, hafi ekki unnizt tími til að taka það fyrir í stjórn þar, en stjórnarmeðlimir muni vera einhuga fylgjandi því, að þetta frv. nái fram að ganga. Ég get því tekið mér það bessaleyfi að lýsa því hér sem áliti þess félags, að það telji, að frv. eigi fram að ganga.

Þetta frv. mun hafa komið fram á tveim þingum áður, að því er mér er tjáð, og felur í sér stórkostlega mikilvæga kjarabót fyrir alla launþega í þessu landi. Kjarabótin, sem í þessu felst, er í raun og veru tvíþætt. Fyrst er sú beina aukning á orlofi, sem fram kemur í 2. gr. í þessu breytingarfrv. og 3. gr. þessa frv., sem sé hækkunin úr 4% í 6% á orlofsfé og samsvarandi lenging á orlofinu sjálfu.



Í sambandi við þetta er í raun og veru aðeins [illegible] það að ræða að Alþingi staðfesti með lög-

verið háð undanfarin ár. Að því leyti er þessi breyting þegar orðin. Engu að síður er sjálfsagt, að Alþingi viðurkenni þessa breytingu og geri það með því að lögfesta nú orlofið, eins og það þegar er orðið í samningum, og orlofsféð sömuleiðis. Lögfestingin er viðurkenning löggjafans á þessu máli og mundi því verða mikill sigur fyrir vinnandi fólk í landinu í kjarabaráttu þess.

Seinna atriðið, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, er ekki gengið í gildi og er því ný, mjög merk og mikilsverð kjarabót, ekki fyrir alla launþega, heldur einn flokk þeirra. Þetta er breytingin, sem gerð er á orlofi hlutarsjómanna.

Það hefur verið regla um orlof hlutarsjómanna í orlofslögunum, sem hér er lagt til að verði breytt, að litið er á hlutarsjómenn sem framleiðendur að nokkru leyti. Þeir fá því aðeins hálft orlof frá eigendum þeirra skipa, sem þeir vinna við, en eiga að leggja hinn helminginn til sjálfir. Má að sjálfsögðu deila um það, hvort líta ber þannig á þessi mál, að hlutarsjómaður sé að einhverju leyti framleiðandi, eða hvort líta ber á hlut hans hreinlega sem laun og hlutarsjómanninn að öllu leyti sem launþega.

Ég hygg, að í ýmsum öðrum lögum, t. d. almannatryggingalögunum, sé litið svo á, að hlutur sé laun, og þannig með hann farið. Þetta ákvæði hefur reynzt erfitt í framkvæmd. Hafa hlotizt af þessu ýmiss konar vandkvæði, jafnvel málaferli. Það er því bæði til að forðast slíkt í framtíðinni og veita hlutarsjómönnum þá réttarbót að líta á þá sem launþega, ef þeim er veitt fullt orlof. Þetta er nýtt og mjög mikilvægt kjaraatriði fyrir þá, sem það nær til, og ber að fagna því, að það skuli nú koma hér fram í stjórnarfrv. Ég vænti þess, að það muni, eins og frv. í heild, ná fram að ganga.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Eins og fram kom í áliti n., er n. sammála um að afgreiða málið. Það, sem gerði fyrirvara minn og hv. 8. þm. Reykv., var það, að þessu máli var flýtt svo mikið, að það gafst ekki fullt tóm til þess að athuga einstök atriði, sem við hefðum viljað spyrja um, og það er leitt, að það skuli enginn úr hæstv. ríkisstj. vera hér við.

Mér er kunnugt um, að þrátt fyrir það þó að 1. gr. þessara laga eins og hinna fyrri hljóði þannig, að lögin skuli gilda um allt fólk, sem starfar í þjónustu annarra, hvort heldur einstaklinga eða hins opinbera, þá er mér kunnugt um, að ein stétt, sem að vísu er ekki fjölmenn, hefur ekki fengið orlof greitt og ekki heldur fengið frí. Þetta eru héraðslæknar, sem hafa hingað til, ef þeir hafa farið í orlof, þurft að sjá sér fyrir staðgengli á eigin kostnað. Það hefur að vísu komið fyrir, að þeir hafa fengið leyfi til þess að fara burt úr héruðum sínum án þess að hafa eða geta bent á annan staðgengil en nágrannalækna, en annaðhvort hefur það þá verið samkomulagsatriði milli þessara lækna, að þeir gegndu hvor fyrir annan á víxl, en það hefur verið án allrar greiðslu af hálfu laungreiðanda, sem í þessu tilfelli er hið opinbera.

Ég hefði gjarnan viljað hafa tækifæri til þess að spyrja hæstv. ráðherra um það, hvort meiningin væri nú, þegar þetta á fortakslaust að taka til allra, sem laun þiggja, hvort heldur af hinu opinbera eða eru í þjónustu einstaklinga, hvort það væri meiningin að bæta úr þessu misrétti, sem héraðslæknar hafa til þessa verið beittir, án þess að til málshöfðunar þurfi að koma á hendur ríkinu af þeirra hálfu. Væntanlega mundu þeir vinna slíkt mál, en það er nú alltaf hálfleiðinlegt fyrir opinbera starfsmenn að þurfa að vera í málastappi við ríkið.

Um bréf Landssambands íslenzkra útvegsmanna vil ég aðeins segja það, að ég get fallizt á eða hef fallizt á, að þessi krafa um lágmarksorlof nái fram að ganga. En vitanlega verður hæstv. ríkisstj., þegar hún leysir vanda útvegsins, að taka tillit til þessa aukna kostnaðar, sem þarna lendir á útgerðarmönnum, sem er, að mér skilst, 3% hækkun á kaupi sjómanna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 31. fundi í Nd., 13. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 32, n. 131).

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 30. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur nú farið í gegnum Nd., og ef ég man rétt, þá var það afgr. ágreiningslaust úr nefnd þar. Efni frv. er það, að orlof skuli lengjast úr 12 dögum í 18 virka daga. Breytingin er þó ekki í rauninni eins mikil og þessar tölur benda til, því að samkv. samningum atvinnurekenda og stéttasamtakanna hefur orlof í framkvæmd um nokkurt skeið verið 5%, og í síðustu samningum var ákveðið, að það yrði 6% eða 18 dagar, og er í raun og veru að því leyti verið að færa löggjöfina til samræmis við það, sem gilt hefur í framkvæmdinni.

Annað atriði frv. er það, að hlutarsjómenn skuli fá fullt orlof eins og það starfsfólk, sem tekur laun sín að öllu leyti í peningum, en hingað til hafa hlutarsjómenn aðeins fengið hálft orlof eða 3%. Þetta getur síðar nú en áður orðið deiluefni, þar sem mér er kunnugt um, að nú þegar er gengið út frá þessari breytingu á orlofslögunum í samkomulagi því, sem verið er að ljúka við útgerðarmenn.

Þriðja atriðið, sem í þessu frv. felst, er það, að

orlofskröfur skuli fyrnast með sama hætti og almennar kaupkröfur. En hingað til hefur það verið svo, að orlofsréttur hefur getað fyrnzt á einu ári, en hins vegar er fyrningarfresturinn 4 ár, eins og kunnugt er, að því er snertir almennar kaupkröfur.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv., býst ekki við, að það sé neitt ágreiningsmál, neitt sem í þessu frv. felst, og þar að auki eru nánari skýringar á þessu í athugasemdum með frv.

Ég legg til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 10 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 1. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 32, n. 203).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hv. d. hefur haft til meðferðar frv. það, sem hér er til umr. um breyting á orlofslögunum. Allir nm. voru sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt, tveir þeirra þó með fyrirvara, þ. e. hv. 2. þm. Árn. og hv. 11. landsk.

Hér gerist ekki þörf á að fara mörgum orðum um efni frv. Hæstv. félmrh. skýrði það í framsöguræðu hér í hv. d. á sínum tíma.

Breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir á gildandi lögum, eru þríþættar.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að lögin nái jafnt til þeirra, sem taka laun sín í hluta af verðmæti, sem hinna, er taka laun sín í peningum. Þetta þýðir það í framkvæmd, að fiskimenn, sem ráðnir eru eftir reglunum um hrein hlutaskipti, og hlutarmaður tekur þátt í útgerðarkostnaði, eiga nú að fá orlof til jafns við aðra, en hafa hingað til einungis haft rétt til hálfs orlofsfjár. Þetta þykir ósanngjarnt, eins og nú er komið, því að eðlilegt er að líta á þessa fiskimenn sem launþega. Hlutur þeirra er kaupgreiðsla, sem þeim er áskilin með samningi, og þeir teljast ekki heldur útgerðarmenn.

Önnur breyt., sem felst í 2. gr. frv. og 3. gr. þess, er lögfesting á hækkun orlofsfjár og lengingu orlofstíma, sem þegar hefur gerzt með kjarasamningum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda, og þarf ekki að útskýra það nánar en gert er í grg. frv. og hæstv. félmrh. gerði í framsöguræðu við 1. umr.

Þriðja breyt. er um fyrningarfrest orlofsfjár í 4. gr. frv. Orlofsfé fyrnist nú innan loka næsta orlofsárs, eftir að krafan stofnaðist. Óánægju hefur gætt með þetta ákvæði, og fresturinn hefur þótt of skammur, og þess vegna er lagt til í þessu frv., að um þetta verði hin almenna regla fyrningarlaganna frá 1905 látin gilda, þ. e., að kröfur þessar fyrnist eins og aðrar kaupkröfur á fjórum árum.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um efni frv. Ég hef gert grein fyrir því, sem í því felst, og legg til, að frv. verði vísað til 2. umr.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á lögum nr. 16 frá 26. febr. 1943, um orlof, sem hér er til umr., hefur heilbr.- og félmn. haft til meðferðar. Gáfu nm. út sameiginlegt álit á þskj. 203, sem hv. 2. þm. Árn. og ég höfum þó undirskrifað með fyrirvara. Fyrirvari okkar byggðist á því, að við óskuðum að afla okkur, sérstaklega um eitt atriði frv., nánari upplýsinga en fyrir lágu á þeim eina fundi n., er fjallaði um þetta mál.

Eftir að við höfum nú kynnt okkur betur nefnt atriði frv., getum við fallið frá fyrirvara okkar og mælt með samþykkt frv. eins og það er.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 216).

---

16. Afnot íbúðarhúsa.

Á 1. fundi í Sþ., 10. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum** [2. mál] (stjfrv., A. 2).

Á 3. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til að fjölyrða mikið um þetta frv. Þetta eru brbl., sem voru gefin út 21. ágúst í sumar og leggja bann við því, að húsnæði, sem annaðhvort var í notkun sem íbúðarhúsnæði, þegar lögin voru sett, eða var skv. teikningum af hlutaðeigandi húsi ætlað til íbúðarhúsnæðis, verði tekið til annarra nota. Einnig er lagt bann við því, að íbúðarhúsnæði sé haldið ónotuðu, ef kostur er að leigja það.

Í þessu frv. er auk þessara bannákvæða heimild til bæjarfélaga að óska eftir undanþágu frá því, að þessi lög taki til þeirra, ef um það berst ósk frá bæjarstjórn og lögð eru fram skilríki fyrir því, að í viðkomandi bæjarfélagi sé ekki skortur á íbúðarhúsnæði.

Það var vitað, að það hafði viðgengizt alllengi hér í þessum bæ húsnæðisleysisins, að húsnæði, sem hafði fengið öll leyfi miðað við það, að það væri íbúðarhúsnæði, var síðan á ýmsum stigum byggingarframkvæmdanna tekið til annarra nota án heimilda, t. d. íbúðarhúsnæði tekið til verzlunarhúsnæðis eða sem skrifstofuhúsnæði eða sem iðnaðarhúsnæði.

Ég leit þannig á, að það bæri að koma í veg fyrir, eins og hægt var, að aðrar eins hörm-

ungar eru hér ríkjandi í húsnæðismálunum og staðreynd er. Hins vegar tel ég, að það verði að taka upp þá stefnu, að rétt yfirvöld taki um það ákvarðanir, hvaða húsnæði til verzlunar- og skrifstofunota eða til atvinnurekstrar sé nauðsynlegt að veita, og þá séu öll nauðsynleg skilríki veitt til þess, að byggt sé húsnæði til þeirra nota, en menn ekki neyddir til þess að stela af íbúðarhúsnæði bæjarbúa.

Ég varð þess áskynja, að það voru margir tugir íbúða, ef til vill nokkur hundruð íbúða í þessum bæ, sem verið var að breyta frá sínu upphaflega hlutverki, að verða íbúðarhúsnæði, í það að taka það til verzlunarnota eða skrifstofunota eða sem sé til annars hlutverks en þess, sem hafði verið sótt leyfi til réttra byggingaryfirvalda um að nota húsnæðið. Þess vegna voru sett brbl. um þetta, og þar sem vitað var, að í sumum tilfellum voru margar íbúðir, jafnvel tugir íbúða, á hendi eins og sama aðila, sem fullkomlega leit út fyrir að ekki ætti að halda áfram að innrétta sem íbúðarhúsnæði, þá þótti ekki annað fært en að hafa allhá sektarviðurlög við brotum á þessum lögum, og eru sektarákvæðin ákveðin í 4. gr. laganna frá 10 þús. til einnar millj. kr. Þetta eru að vísu allóvenjulega há sektarákvæði, en þau urðu þó að vera það há, að það væri ekki gróðavegur að því að breyta íbúðarhúsnæði til annarra nota með því að borga sektina. Einhverjum varð svo mikið um þessi háu sektarákvæði þarna, að þeir fóru að skrifa um það í blöðin, að nú væri hæstv. ríkisstj. og forsrh. eiginlega sama sem búin að innleiða líflátsrefsingar á Íslandi, og varð ekki um sel, sem vænta mátti. En yfirleitt virðist mér samt, að almenningsálitið sé einróma á þá lund, að um það húsnæði, sem menn sækja um leyfi til þess að byggja og ganga frá íbúðarhúsnæði, eigi að sjá um það af hendi löggjafans, að það sé notað og verði notað sem íbúðarhúsnæði, en hins vegar að rétt stjórnarvöld veiti öll nauðsynleg leyfi, sem óumflýjanlegt þykir að veita, til verzlunarhúsnæðis og skrifstofuhúsnæðis og til annars atvinnurekstrar frá upphafi, svo að menn geti komizt hjá að vera lögbrjótar af þeim sökum. Vitanlega verður að viðurkennast, að verzlunarhúsnæði og húsnæði til atvinnurekstrar getur verið alveg jafnnauðsynlegt og íbúðarhúsnæði og á að njóta þess réttar að vera leyft, þegar nauðsynin heimtar slíkt húsnæði.

Ég legg til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Á 29., 30. og 31. fundi í Nd., 10., 11. og 13. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Nd., 14. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 2, n. 139, 136).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 136. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum, á þskj. 2, liggur hér fyrir til umr. ásamt nál., sem útbýtt hefur verið í dag.

N. hefur rætt þetta frv. allýtarlega á nokkrum fundum fram og til baka og ekki orðið að öllu leyti sammála um frv. Það er rétt að geta þess, að þetta frumvarp er staðfesting á brbl., sem útgefin voru 21. ágúst 1956 af hæstv. félmrh. Fjórir af nm. hafa skrifað undir með fyrirvara, eins og nál. ber með sér. Tveir af þeim, hv. þm. Ísaf. og hv. 8. þm. Reykv., munu gera a. m. k. grein fyrir sinni afstöðu, og ég held, að það sé þegar komin fram brtt. frá þeim við frv. Ég var að koma núna, svo að mér hefur ekki gefizt tími til að athuga það, hvort hún er komin fram. Brtt. þessi er við 3. gr. Hinir tveir nm., þ. e. hv. 1. þm. Skagf. og hv. 5. landsk., hafa enn fremur skrifað undir með fyrirvara, sem mér er ekki að fullu leyti kunnugt um, í hverju er fólginn. Það hefur reyndar komið fram á nefndarfundum, að þar sem væri von á lögum um húsnæði, þá teldu þeir, að það væri ekki mikil þörf á að staðfesta bráðabirgðalögin. Ég er aðeins einn, sem hef skrifað undir frv. án nokkurs fyrirvara, og legg til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Það má vel vera, að til séu fordæmi fyrir því, að lögð hafi verið fram frv. um staðfestingu á brbl., án þess að þau væru staðfest af þinginu. En ég tel það í alla staði óeðlilegt, og það heggur mjög nálægt því, svo að maður ekki segi meira, að það sé óvirðing við þann ráðherra, sem flytur frv. Af þeim ástæðum kom mér það mjög á óvart, þegar þessir tveir hv. alþm., sem ég hef hér talað um, skrifuðu undir frv. með fyrirvara, þ. e. a. s. ef fyrirvarinn er byggður á þessu. En ég veit ekki til þess, að hann geti verið byggður á öðru en þessu, sem ég hef þegar lýst.

Um sjálft frv. get ég orðið mjög stuttorður. Hæstv. félmrh. fylgdi því úr hlaði með ýtarlegri ræðu, þegar málið var flutt í þessari hv. d., við 1. umr., og menn hafa sjálfsagt kynnt sér það mjög rækilega, efni þess og anda. Ég mun ekki að svo stöddu, þ. e. a. s. nema alveg sérstakar ástæður gefist þar til, fjölyrða meira um málið.

Ég vil svo að lokinni þessari umr. leyfa mér að leggja til við hæstv. forseta, að málinu verði vísað til 3. umr.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Hv. frsm. talaði svo lágt, þegar hann var að mæla fyrir frv., að ég heyrði ekki nema nokkuð af því, sem hann sagði. Ég skil vel, að hann hafi verið mjög feiminn að mæla með frv. af hendi nefndarinnar, enda er þetta nál. eitthvert það merkilegasta plagg, sem lengi hefur verið lagt fyrir Alþ. frá þingnefnd, þar sem allir nm. nema einn skrifa undir álitið með fyrirvara. Það er sýnilegt, að hv. þm., sem fyrir frv. mælti og er að líkindum formaður nefndarinnar, hefur verið sá eini, sem vildi leggja því lið. En ég skil vel, á hverju fyrirvari hinna nefndarmannanna byggist, þó að skýringin hafi ekki komið fram enn þá. Hann byggist auðvitað á því, hvað

frv. er stórgallað, svo að jafnvel þeir menn, sem telja sig fylgja hæstv. félmrh. að málum, hafa ekki treyst sér til að standa með honum í þessu máli. Ég get vel skilið það. Og ég vil eindregið beina því til hv. deildarmanna, að frv. verði fellt við þessa umr., því að frv. á sýnilega engu fylgi að fagna með nefndinni.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er að vonum, að þingmönnum þyki nál. þetta vera merkilegt, og sannleikurinn er sá, að fyrir stjórnvizku 1. þm. Skagf. tókst að fá alla nefndina á eitt álit, enda þótt hún væri í raun og veru aðeins sammála um að vera ósammála. Hins vegar er sundurlyndi þriggja nm. ekki eins alvarlegt og hv. 2. þm. Reykv. virðist hafa gert sér vonir um. Ég skrifa undir þetta nál. með fyrirvara einungis til þess að geta lýst því yfir, að ég mun fylgja frv. óbreyttu í trausti þess, að fram komi á þessu þingi heildarfrumvarp um ný lög um húsnæðismál. Hef ég orð hæstv. ráðh. fyrir því, að sterkar vonir séu um, að svo muni verða.

Þetta er allt og sumt, sem í mínum fyrirvara felst. Ég vil aðeins láta það koma fram, að ég fagna því, að von er á slíku heildarfrumvarpi, þar sem hægt verður að taka þessi mál til ýtarlegri endurskoðunar en gert hefur verið að svo komnu máli.

Ég get ekki talað fyrir 1. þm. Skagf., en hygg þó, eftir því sem fram kom í n., að hans afstaða sé ákaflega lík minni.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Það hafa nú orðið nokkrar umr. hér um þann ágreining, sem uppi hafi verið í n., og menn hafa talið, að hann hafi verið mikill. Það var þó í rauninni ekki. Í rauninni virtust nm. allir, og þar ekki undanskilinn hv. frsm. n., sammála um það, að æskilegt væri að gera nokkrar breytingar á frv. í líka átt og brtt. mín og hv. 8. þm. Reykv. fer. Og það, að ekki varð samkomulag um þá brtt. meðal n. allrar, hygg ég að hafi verið eingöngu af tillitssemi við hæstv. ráðherra. Það kom í ljós, og hv. frsm. lýsti því meira að segja yfir, að 2. gr., eins fortakslaus og hún er hér, væri illframkvæmanleg. Og ég get vel skilið þennan fyrirvara hv. 5. landsk. og 1. þm. Skagf., þar sem þeir tjá sig fylgjandi þessu frv. eingöngu með loforð frá hæstv. ráðh. upp á vasann um, að fram komi nýtt frv., þar sem betur verði frá þessum málum gengið en hér er. Ég man eftir, að það barst í tal í n., að þessi ákvæði 2. gr. væru svo einstrengingsleg og fortakslaus, að þó að læknir flytjist búferlum í einhvern þeirra kaupstaða, sem lögin ná til, og taki á leigu íbúðarhúsnæði, og eins og venja er í kaupstöðum úti á landi, ætli að hafa lækningastofu sína í hluta af húsnæðinu, þá væri ekki einu sinni heimilt fyrir ráðherra að veita undanþágu í þessu efni. Hv. frsm. n. taldi, að slíkt næði náttúrlega engri átt, að ekki væri hægt að veita slíka heimild. En ég spurði hæstv. ráðh. að því í gær, og hann sagði, að það væri alveg fortakslaust, hann gæti ekki einu sinni, þó að hann vildi, veitt slíka heimild, svo að það yrði að hafa það, þó að nauðsyn bæjarbúa krefðist þess í rauninni, að undanþága væri veitt, þá væri það ekki hægt. Það varð til þess, að þrátt fyrir orðróm um það, að fram kæmi nýtt frv. á þessu þingi, sem yrði betur úr garði gert en þetta, lagði ég og hv. 8. þm. Reykv. fram brtt., sem hér liggur fyrir á þskj. 136.

Þó að því hafi nú verið lofað, að fram komi á þessu þingi nýtt frv. um betri skipan þessara mála, þá vil ég mælast til þess við hv. d., að hún samþ. þessa brtt. Jafnvel þó að frumvarpið komi fram, eigum við ekki víst, að það verði samþ., og ekki, hvenær það verður samþ., og er því tryggara að koma þessari brtt. strax inn í þessi lög.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Samkv. því, sem nú er komið, virðist það ljóst, að frsm. hafi einnig meint stuðning sinn með frv. með fyrirvara, þannig að þá áritun vanti einungis á þskj., en hún liggi fyrir að efni til.

Mér virðist það ljóst, að þetta mál sé ekki tímabært til afgreiðslu úr deildinni, enda er það kunnugt, að þingnefnd ætlaði sér ekki að afgreiða málið að svo stöddu, heldur var það einungis fyrir þrákelknislegar hótanir hæstv. forseta d., sem hún loksins nú hefur látið þetta mjög svo einkennilega nál. frá sér fara. Mér virðist því augljóst, að málinu beri að vísa aftur til hv. nefndar og hún fái tíma til þess að athuga málið gaumgæfilega og skila frá sér efnislegu nál. Eins væri það mjög óviðeigandi að afgreiða málið nú, þegar hæstv. fyrrverandi félmrh., 1. þm. Skagf., er fjarstaddur, og gefa honum ekki færi á því að gera deildinni grein fyrir efni síns fyrirvara.

Frá sjónarmiði hæstv. ríkisstj. getur ekki heldur verið neitt því til fyrirstöðu, að málið verði látið vera til áframhaldandi meðferðar í þingnefndinni, því að brbl. halda gildi sínu, meðan Alþ. stendur, ef frv. er ekki fellt. Þess vegna er eina rökrétta afleiðingin af því, sem hv. 5 landsk. þm. sagði, að geyma þetta frv., þangað til sýnt er, hvort aðalfrumvarpið er þess efnis, að hann eða aðrir geti fellt sig við framhúðarskipan málsins. Nú er það ekki mitt að leiðbeina honum eða öðrum hér um atkvgr., en þetta er sú afleiðing, sem opið liggur fyrir að draga af hans ummælum. Málið er jafntryggt í gildi, ef þessi aðferð er höfð, eins og þótt frv. sé nú með öllum þeim fyrirvörum, sem gerðir hafa verið, afgreitt áfram til 3. umr. og síðan út úr deildinni. En d. hefur í hendi sér að láta ekki mjög gallað frv. fara héðan, fyrr en hún sér, hvað efnislega á að koma í staðinn. Þess vegna leyfi ég mér að leggja til, að þessu máli sé aftur vísað til nefndarinnar.

Frsm. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. skoraði hér beinlínis á menn að fella frv. Ég veit, að það er vissum mönnum hér í bænum og vissum félögum illa við þetta frv., m. a. vegna þess, að þessi hópur manna, sem ég skal ekkert tilnefna hér frekar, hefur byggt hús og þau kannske ekki svo fá, þannig, að þeir hafa fengið leyfi fyrir byggingunni sem íbúðarhúsi að nokkrum hluta, en þessir sömu aðilar hafa svo alls ekki notað þetta húsnæði til þeirra hluta,

sem þeir voru búnir að tilkynna um í upphafi, heldur notað það allt til annarra þarfa, t. d. skrifstofuhúsnæðis. Mér kemur það því ekkert á óvart, þó að hv. 2. þm. Reykv. vilji beita sér á móti þessu frv. Ég vissi það fyrir fram. En það breytir sjálfsagt engu um það, að frv. fer í gegn þrátt fyrir þessa frómu ósk hv. 2. þm. Reykv. og flokksmanna hans. — Ég geri ráð fyrir, að þeir muni greiða þessu frv. mótatkvæði.

Hv. 1. þm. Reykv. tók undir þessi orð hv. 2. þm. Reykv. Hann talar um, að þetta væri knúið í gegn í nefndinni. Ja, af hverjum? Það er alveg rétt, að hæstv. forseti setti það hér einu sinni á dagskrá, án þess að við værum búnir endanlega að ganga frá okkar áliti. Nefndin er búin að ræða þetta á mörgum fundum, og mér var ekki kunnugt um neinn efnislegan ágreining á milli þriggja manna í nefndinni. Annar þeirra, sem hefur skrifað undir nál. frv. með fyrirvara, 5. landsk., hefur gert skýrt og skilmerkilega grein fyrir, af hverju hann skrifaði undir með fyrirvara. Og ég sé ekki, að það ætti að verða til þess að torvelda það, að frv. af þeim ástæðum nái fram að ganga.

Mér er kunnugt um það, að hv. 1. þm. Skagf. hefur líka skoðun á þessum málum og fram kom hjá hv. 5. landsk., þó að hann sé ekki mættur hér. Ég held það hafi verið afgreidd æði mörg mál hér í d., án þess að allir hafi verið mættir, og það jafnvel þó að þeir hafi verið undir nál., svo að það væri dálítið skrýtið, ef það út af fyrir sig væri einhver móðgun við viðkomandi mann, sem hefur skrifað undir eitt nál., jafnvel þó að viðkomandi hafi skrifað undir það með fyrirvara, að fresta málinu þess vegna, þar sem ekki liggur fyrir ósk frá hv. þm., sem sé 1. þm. Skagf., um það, að hann hafi óskað eftir því, að málinu væri frestað. Ef beiðni hans lægi fyrir, mundi ég vera því meðmæltur, að málinu væri frestað, að öðrum kosti ekki.

Ég skal ekki frekar ræða frv. sjálft. Eins og ég tók fram áðan, hefur málið verið rætt áður. Ég heyri það líka af þeim mönnum, sem hér hafa talað, að þeir hafa kynnt sér frv., þó að þær ályktanir, sem þeir hafa af því dregið, séu alrangar. Ég vil leyfa mér að fullyrða, að ályktun hv. 1. þm. Reykv., að frv. sé svo gallað, að það sé ekki hægt að samþykkja það, sé alröng ályktun, sem hann hefur dregið, eða réttara sagt myndað sér við að lesa frv. Ég tel frv. yfirleitt hafa verið sjálfsagt, eins og málum er komið hér í Reykjavík. Það þarf að setja miklu strangari löggjöf en þá, sem þessi lög mæla á um, og viðkomandi húsnæði, og hv. þm. mega alveg vera vissir um, að slík löggjöf verður sett. Menn geta því beðið rólegir, þangað til slíkt frv. kemur fram, og tekið þá þessi mál til frekari umræðna og endurskoðunar.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Þó að ýmsar skoðanir hafi að vísu komið fram hér í hv. þingdeild við meðferð þessa máls, þá býst ég við, að um það sé ekki ágreiningur, vegna þess, hvað húsnæðisvandamálið er alvarlegt í mörgum kaupstöðum og kauptúnum landsins, að vinna beri að því eftir föngum, að notkun húsnæðis til íbúðar sé látin sitja fyrir öðrum afnotum húsnæðisins. Hins vegar er það annað mál, hvort hægt er að vænta mikils árangurs af þessu frv. í því efni, og mér virðist satt að segja, að margt sé vanhugsað í sambandi við þessi brbl., þannig að ég hygg, að engu væri spillt með því, þó að till., sem komið hefði hér fram frá hv. 1. þm. Reykv. um, að málið fengi nánari athugun, áður en það verður endanlega afgreitt frá d., verði samþykkt.

En það er eitt atriði, sem ég vildi benda á í þessu sambandi, af því að það hefur ekki komið áður fram í umræðum um þetta mál. Hér er um það að ræða, að gífurlegar sektir eru lagðar við því, að húsnæði, sem notað hefur verið til íbúðar eða teiknað sem íbúðarhúsnæði, verði tekið til annarra nota. Þar sem um svo ströng viðurlög er að ræða, lít ég svo á, að þá kröfu beri að gera, að einhver möguleiki sé á því að hafa eftirlit með framkvæmd þessara laga, þannig að hún verði ekki algert handahóf. En ég fæ ekki betur séð en að slíkt eftirlit hljóti að ýmsu leyti að verða mjög erfitt í framkvæmd.

Nú hefur það ævinlega verið þannig um allmörg undanfarin ár, að leitazt hefur verið við að greiða eftir föngum fyrir byggingu íbúðarhúsnæðis, og hvað leyfaveitingar og aðrar fyrirgreiðslur af hálfu stjórnarvaldanna snertir, hefur íbúðarhúsnæði verið látið sitja þar fyrir. Afleiðing af þessu hefur óneitanlega verið sú, að tilraunir hafa verið gerðar til þess að fara í kringum þetta með ýmsu móti. Þar sem auðvelt var um langt skeið, einkum meðan fjárhagsráð starfaði, að fá leyfi til íbúðarhúsabygginga, en torveldara að fá slík leyfi, ef nota átti húsnæðið til atvinnurekstrar, verzlunar eða annars slíks, var það gjarnan látið líta þannig út, að um íbúðarhúsnæði væri að ræða, þó að ætlunin væri að nota viðkomandi húsnæði fyrir skrifstofur eða atvinnurekstur. En þá er spurningin þessi: Hvernig á að skera úr um það, hvort ákveðið húsnæði sé notað fyrir atvinnurekstur eða íbúð, þar sem húsnæði er kannske notað fyrir hvort tveggja? Ja, hugsum okkur t. d., að iðnrekandi, handverksmaður eða kaupmaður telji sig þurfa á húsnæði að halda fyrir sinn atvinnurekstur. Hann lætur teikna þetta og byggja þetta sem íbúð. En til þess að hægt sé að segja, að þetta sé notað sem íbúðarhúsnæði, þá kannske sefur hann sjálfur þarna á nóttunni eða lætur einhvern fjölskyldumeðlim sinn sofa þarna. Þá er spurningin sú: Hvað langan tíma af árinu þarf viðkomandi að hafa sofið í þessu húsnæði eða hvað margir fjölskyldumenn þurfa að hafa sofið þar, til þess að þannig beri að líta á, að þarna sé um íbúðarhúsnæði að ræða? Þetta er atriði, sem ég tel að sú hv. n., sem málið hefur til meðferðar, þurfi að gera sér nokkra grein fyrir, áður en samþykkja á slíkt frv., hvaða möguleikar séu á því að hafa eftirlit með framkvæmd þess. Ef þeir möguleikar eru ekki fyrir hendi, þannig að eftirlitið hljóti að verða að hreinu handahófi, þá þarf að búa betur um hnútana en gert er í þessu frv., til þess að hv. þingdeild geti verið þekkt fyrir að samþykkja það.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. er eingöngu um það, að íbúðar-

húsnæði, þ. e. a. s. húsnæði, sem var notað til íbúðar, þegar lögin voru sett, og annað húsnæði, sem ætlað er til íbúðar samkv. teikningu hlutaðeigandi húss, staðfestri af byggingaryfirvöldum, skuli nota til íbúðar. Þetta er efni frv.

Ég hafði sannast að segja ekki látið mér detta í hug, að nokkur maður léti þá skoðun í ljós, að hann væri á móti því um það húsnæði, sem notað hefur verið til íbúðar og teiknað er og fengnar heimildir til að byggja eingöngu til íbúðarafnota, að bannað væri að nota það til annars. Ég tel svo sjálfsagt að binda þetta með lögum, þegar maður hefur horft upp á það í þessum bæ húsnæðisleysisins, að húsnæði, sem teiknað hefur verið til íbúðar, hefur í stórum stíl verið tekið til annarra nota frá húsnæðisleysingjunum, að það bæri að stöðva. Og það er einmitt það, að þetta frv. hefur stöðvað, að tekið væri af íbúðarhúsnæðinu í bænum handa verzlunarrekstri og skrifstofurekstri, sem gerir það að verkum, að ýmsir menn risa hér nú upp og lýsa því yfir, að þeir séu andvígir frv. Þeir vilja fá að halda áfram að taka af íbúðarhúsnæðinu í bænum handa verzlunarrekstri og skrifstofurekstri, eins og þeir hafa gert á undanförnum árum. En það þýðir lítið að byggja íbúðarhúsnæði og teikna eldhúsinnréttingar í húsnæði til þess að koma sér hjá að þurfa að fá fjárfestingarleyfi, ef svo á að vera hægt að taka það og gera það að verzlunar- og skrifstofuhúsnæði, áður en húsin eru fullgerð, og það er þessi leikur, sem hefur verið stöðvaður með þessum lögum. Og það er þessi málstaður, — ég hélt nú, að hv. 1. þm. Reykv. (BBen) væri í stólnum sínum enn þá, en stóllinn er nú orðinn auður, hann varð ekki staðfastari við málstaðinn en svo, að hann er hlaupinn á burt úr deildinni, — en prófessorinn, sem hér er fyrir framan mig, gerði sig að talsmanni fyrir því, að löggjöfin, sem hér er um að ræða, fengi ekki framgang nema með breytingum, sem gera það mögulegt, að þessari iðju yrði hægt að halda áfram.

Till., sem hér liggur fyrir, uppáskrifuð af hv. þm. Ísaf. og hv. 8. þm. Reykv., er um það, að það sé hægt að fá víðtækari undanþáguheimildir í þetta lagafrv., til þess að hægt sé að taka af íbúðarhúsnæði til annarra nota. Það er alveg ágætt, að það skuli vera komið í ljós hér í þinginu, að þessi sjónarmið eiga sér talsmenn í Sjálfstfl. En ég vona, að það komi í ljós líka, að þessi sjónarmið eigi sér hvergi annars staðar talsmenn en í Sjálfstfl. Það er hér í brtt. farið fram á það, að félmrh. sé heimilt að veita undanþágu frá lögum þessum um húsnæði, sem hagkvæmara þyki að nota sem atvinnuhúsnæði en til íbúðar, ef fyrir liggi umsókn eigenda og meðmæli hlutaðeigandi bæjarstjórnar.

Halda menn, að það mundi standa mikið á bæjarstjórn Rvíkur að veita eigendum vissra stórhýsa hér í bænum meðmæli, húsa, sem sluppu fram hjá öllum fjárfestingarleyfum, af því að það voru teiknaðar eldhúsinnréttingar í hverja hæðina á fætur annarri í þessum húsum, til þess að hægt væri, eins og þá stóðu sakir, að taka þær á eftir til verzlunar- og skrifstofurekstrar, — haldið þið, að það mundi standa á samþykki bæjarstjórnar Rvíkur fyrir þessu þrátt fyrir allt húsnæðisleysið í bænum? Ég hugsa ekki, að meiri hlutinn léti sér brenna það fyrir brjósti. Ég er líka viss um það, að eigendurnir, sem létu teikna eldhúsinnréttingarnar í sviksamlegum tilgangi til þess að komast fram hjá lögum um, að það þyrfti fjárfestingarleyfi, létu sér ekki heldur brenna það fyrir brjósti að sækja um að mega nú breyta því á eftir í verzlunarhúsnæði. Þetta hvort tveggja mundi því verða til þess, að þeir, sem voru að byggja húsnæði í þeim tilgangi að nota það til verzlunar- og skrifstofurekstrar, en þóttust, meðan þeir voru að fá teikningarnar samþykktar, ætla að byggja þarna íbúðarhúsnæði, mundu vera búnir að fá þær smugur í löggjöfina, sem þeir þurfa til þess að geta haldið sinni fyrri iðju áfram, ef þessi brtt. yrði samþykkt. Og þeir, sem væru að samþ. slíka brtt., væru að viðurkenna það, að íbúðarhúsnæði mætti nokkurn veginn eftir vild manna nota til annars en íbúðar þrátt fyrir allan íbúðarhúsnæðisskort í þessari borg.

Mig minnir, að það væri hv. þm. Ísaf., sem segði, að hann teldi, að þessi löggjöf væri illframkvæmanleg. Hún hefur einmitt reynzt prýðilega framkvæmanleg.

Það hefur ekkert undanþágufargan verið í gangi, síðan lögin voru sett, og það hefur ekki heldur verið breytt neinu húsnæði, sem var íbúðarhúsnæði eða teiknað sem íbúðarhúsnæði, í verzlunar- eða skrifstofurekstur síðan. En þangað til var þessi þróun í fullum gangi.

Framkvæmd laganna hefur verið undir eftirliti húsnæðismálastjórnar, og hver sá, sem hefði orðið brotlegur við lögin, hefði orðið að greiða í hið almenna veðlánakerfi frá 100 þús. kr. að einni milljón. Og þá kom að því, að einn af talsmönnum Sjálfstfl. hér áðan kveinkaði sér undan því, hversu gífurlegar sektir lægju við að brjóta þessi lög.

Það var alveg nauðsynlegt að hafa sektirnar háar, til þess að það væri ekki auðvelt fyrir þá, sem höfðu innréttað margar hæðir í stórhýsum til þess að breyta í verzlunarhúsnæði, þegar húsið væri tilbúið, að gera það upp á að borga einhverja smásekt. Það dugði ekkert minna en milljónin til þess að aftra þeim frá því, en það hefur líka dugað til þessa.

Sektirnar urðu að vera gífurlegar, af því að brotamennskan í þessu efni var svo stórkostleg. Það var verið að gera tilraunir, jafnvel af einum aðila, að stela tugum íbúða undan notkun íbúðarhúsnæðis, en var stöðvaður mitt í verkinu með þessari löggjöf.

Þá sagði hv. 9. landsk. þm. áðan, að hann héldi, að það hlyti að vera mjög erfitt að hafa eftirlit með framkvæmd þessara laga. Nei, það er einmitt ekki erfitt, meðan löggjöfin er undanþágulaus. Það er ákaflega auðvelt, af því að það er hægt að ganga hér að einum manni í Rvík og í hverjum kaupstað, athuga, hvaða húsnæði hefur verið leyft á árinu, hvaða menn hafa heimildir með fjárfestingarleyfum. Og teikning liggur fyrir að hverju smáhýsi, sem byggt er, hjá byggingarnefnd og byggingarfulltrúa, og þar með, til hvaða nota húsið er ætlað. Öll leyfi viðkomandi slíku

húsi eru bundin við teikninguna. Það er þetta, sem húsnæðismálastjórnin var látin gera, að athuga teikningar þessara húsa, fylgjast með því, hvort notkun húsanna yrði svo í samræmi við teikninguna, og þetta hefur verið afar auðvelt í framkvæmd og er það, og þeir, sem brytu, yrðu svo sektaðir samkv. þessum sektarákvæðum, sem í lögunum eru, sem urðu að vera svona há, til þess að þeir, sem væru með það í verki að ná kannske tugum íbúða til annarra nota, léku sér ekki að því.

Ég hef nú heyrt, að a. m. k. sumir þeirra, sem höfðu skrifað undir þetta nál. með fyrirvara, hafi ekki gert það af því, að þeir hefðu neitt efnislega við frv. að athuga, og gera það með tilliti til þess, að þeim er kunnugt um, að það verður sett löggjöf, væntanlega á þessu þingi, um íbúðarhúsnæði og notkun þess og öll viðskipti húseigenda og leigjenda. Inn í þá löggjöf koma að sjálfsögðu ákvæði um notkun íbúðarhúsnæðis, og það verður sú yfirgripsmikla löggjöf, sem nær yfir mýmörg önnur atriði en þetta að tryggja, að íbúðarhúsnæði sé eingöngu notað sem íbúðarhúsnæði. En það er svo sjálfsagt atriði, að auðvitað verður það líka í frambúðarlöggjöfinni og reynt að búa vel um það atriði, að ekki verði fram hjá því komizt. Það virðist vera alveg sjálfsagður hlutur um það húsnæði, sem er teiknað sem íbúðarhúsnæði og öll leyfi fengin til sem íbúðarhúsnæðis, að það eigi að vera tryggt, að það sé áfram notað til íbúðar og ekki annars.

Ég vil segja, að fyrir þá, sem vilja hafa þessa löggjöf með alls konar undanþágum, er ekki nema sjálfsagt, að þeir beri sínar till. fram um það. Slík till. liggur fyrir, og þeir, sem vilja gera löggjöfina að engu með alls konar undanþáguheimildum, standa náttúrlega að slíkum till. og greiða þeim atkvæði. Þeir menn, sem telja sektarákvæðin allt of há í þessum lögum, ættu að koma með brtt. um að lækka sektirnar. Þá væri maður ekkert í vafa um, hvað fyrir þeim vekti, að einstakir aðilar gætu haft hag af því að kaupa sig frá þeirri skyldu að nota íbúðarhúsnæði til íbúðar. Á þeirri skoðun örlaði einmitt hjá hv. 9. landsk. þm. Því þá ekki koma með brtt. um að lækka sektarákvæðin? Það mundi sýna bara hug hans sem umboðsmanns fyrir þá menn, sem hafa þörf fyrir að kaupa sig frá þeirri skyldu, sem þeir hafa lagt sjálfum sér á herðar með teikningu eldhússinnréttinganna í viss stórhýsi hér í bænum. (Gripið fram í.) Það kostar a. m. k. milljón, og það þykir of dýrt. (Gripið fram í.) Það má hindra breytinguna. Já, vafalaust. Það er vafalaust líka. — Þið, sem þurfið að breyta frv., svo að það komi ekki að neinu gagni, komið þið bara með brtt. Það sýnir hug ykkar til málsins. Þið eigið ekki að vera feimnir við það, þó að þið hálfpartinn skammizt ykkar fyrir þann málstað, sem þið hafið tekið ykkur. Látið hann bara sjást skjallega með brtt. Það er alveg prýðilegt. Hér er bara um það að ræða. Menn skiptast hér með og móti þessu frv. eftir því, hvort þeir vilja, að íbúðarhúsnæði skuli örugglega notað til íbúðar, en þeir, sem snúast á móti málinu, eru sýnilega að berjast fyrir sjónarmiðum þeirra, sem vilja fá heimildir til þess, vera frjálsir að því að taka íbúðarhúsnæði bæjarbúa til annarra nota og fá — eins og þeir hafa getað sloppið með hingað til — að sleppa svo ódýrt að teikna bara eldhúsinnréttingar í verzlunarstórhýsi til þess að komast fram hjá að þurfa að biðja um fjárfestingarleyfi. En ég er alveg sannfærður um það, að þeir, sem vilja fyrirbyggja það, vilja, að löggjöfin fái staðfestingu.

Ég sem sé bíð nú eftir því, að hv. andmælendur frv. komi t. d. með brtt. um það, að þeir vilji lækka sektarákvæðin, komi með brtt. um fleiri atriði, sem þeir kunna að vera ósamþykkir í þessu frv., eins og hv. 1. þm. Reykv. hefur látið í ljós. En þeim hefur sannarlega gefizt nægur tími til þess, því að þetta frv. er eitt af fyrstu málum þingsins. Það er eitt af allra fyrstu málum þingsins, og þeir, sem hafa verið áhugamenn í þessu, hafa haft þannig nægan tíma fyrir sér. Till. frá hv. 1. þm. Reykv. um að fresta afgreiðslu þessa máls og vísa málinu nú aftur til n. hygg ég að sé þess vegna alveg óþörf, því að bæði hefur hv. nefnd og allir hv. þm. haft ærinn tíma fyrir sér til þess að hugleiða þetta mál og undirbúa sínar till., og þeim er því engin vorkunn með að hafa þær til nú. Og um afstöðuna er ég alveg viss um, að menn eru löngu búnir að gera það upp við sig, hvort þeir vilja, að íbúðarhúsnæði í Reykjavíkurbæ og annars staðar, þar sem húsnæðisleysi ríkir, skuli notað eingöngu til íbúðar eða hvort það skuli vera heimilt með einhverjum ódýrum hætti, eins og t. d. með því að láta teikna eldhúsinnréttingar í verzlunarhúsnæði, að taka það til annarra nota en íbúðar.

Ég veit það, að menn eru búnir að gera þetta alveg upp við sig. Þetta frv. er eingöngu um það, að það skuli vera lagt bann við því, að íbúðarhúsnæði sé tekið til annarra nota. Þeir, sem vilja það ekki, greiða auðvitað atkvæði á móti þessu frv., og ég vil fá að sjá það í dag. Ég skírskota til hæstv. forseta um það, að ég vil fá að sjá það í dag, hverjir rétta upp höndina á móti því, að íbúðarhúsnæði í Rvík skuli hafa til íbúðarafnota.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. skaut því að mér, um leið og ég gekk fram hjá honum, að ég væri „ófeimnastur". — Ég veit ekki, hvað hann átti við með því, eða hvort það átti að vera mér til háðungar eða lofs. Hæstv. ráðh. sagði, að „leikur hefði verið stöðvaður" með þessu frv. Hann var ekkert myrkur í máli, hvað það var, sem hann átti við. Það leikur nú ekki lengur á tveim tungum, sem hefur verið haldið fram opinberlega, að þetta frv. er sett fram gegn einu fyrirtæki hér í bænum, Morgunblaðshúsinu. Það var Morgunblaðshúsið, sem hæstv. ráðh. vildi ná til með því að setja fram þessi lög. En ég vil nú spyrja: Er ekki hús eitt í Tjarnargötunni, sem upphaflega var byggt sem íbúðarhús og hefur til skamms tíma verið íbúðarhús, en er það nú ekki lengur? Mér er nær að halda, að þessi lög verði framkvæmd eftir því, hver í hlut á. Ég á enn eftir að sjá, að þeir, sem hafa nú aðsetur í þessu húsi í Tjarnargötu, verði reknir út úr því í krafti þessara laga. Ef til vill er ástæða til fyrir hæstv. ráðh., áður en hann gerist mjög kokhraustur í þessu máli, að athuga afstöðu sína með húsið í Tjarnargötunni.

Hv. 6. landsk., frsm. málsins, sagðist vel skilja,

hvers vegna ég vildi láta fella frv., það væri ekki nema af einni ástæðu. Til væru menn, sem hefðu byggt hér hús í stórum stíl undir því yfirskini, að þau ættu að vera íbúðarhús, en svo ætti að breyta þeim síðar í skrifstofur. Mér skilst, að ég ætti fjölda af þessum húsum, sem hv. frsm. hafði augastað á. Ég verð því miður að hryggja hann með því, að ég á ekki eitt einasta hús í smíðum og hef ekki átt og hef ekki reynt þess vegna að fara á bak við lög í þessu efni. Hans skeyti í þessu máli geta því ekki beinzt að mér.

Það er öllum mönnum ljóst, að þetta frv. er stórgallað. Menn furðar þó varla á slíku, þegar það kemur frá hendi hæstv. félmrh. En hvers vegna skrifa fjórir af fimm nefndarmönnum með fyrirvara undir nál.? Vegna þess að þeir álíta það stórgallað. Og einn af þessum nm. hefur staðið hér upp og lýst yfir því, að hann muni því aðeins greiða atkv. með frv., að hann fengi loforð hjá hæstv. ráðh. um, að nýtt frv. um þessi mál sé lagt fyrir þingið og samþykkt, áður en þingi verður slitið. Bendir þetta til, að menn séu ánægðir með frv.? Bendir það til, að þeir líti á frv., sem algerlega ógallað, þegar þeir setja það skilyrði fyrir atkv. sínu, að nýtt frv., betra en þetta, verði lagt fyrir þingið, áður en því lýkur? Mér sýnist nú ekki, að ástæða sé fyrir hæstv. ráðh. til að vera mjög stoltur af fylginu, sem hann hefur með þessu frv., jafnvel í sínum eigin stuðningsflokkum. Þess vegna er það eðlileg krafa, sem hv. 1. þm. Reykv. bar fram, að frv. væri látið bíða, þangað til betra frv. væri lagt fyrir þingið. Hvað er unnið við að samþ. þetta, ef — eins og hæstv. ráðh. lýsti yfir í lok ræðu sinnar — lagt yrði fram annað betra frv. á þessu þingi? Hvers vegna eigum við þá að vera að samþ. þetta? Frv. þetta heldur sínu gildi þangað til. Hann getur byrjað að sekta menn, jafnvel um 1 millj. kr., ef hann langar til, þá, sem hafa brotið af sér. Ég vil að auki mjög eindregið taka undir það, sem hv. 1. þm. Reykv. gat um í sinni ræðu, að alls ekki sé rétt, að hv. 1. þm. Skagf. fái ekki að láta álit sitt í ljós um þetta mál, sem hann skrifar undir með fyrirvara. Hann er þó fyrrv. félmrh. og sá maður í sínum flokki, sem mest hefur um þessi mál fjallað á undanförnum árum. Og úr því að hann skrifar undir nál. með fyrirvara, þá finnst mér mjög eðlileg krafa, að hann fái að skýra afstöðu sína, áður en frv. er afgr. út úr deildinni. Ef á að afgr. heildarlöggjöf um þessi mál á þessu þingi, eins og hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni, þá er hvorki ástæða til að flýta þessu máli né samþykkja það.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. var með hnýfilyrði til mín um, að ég væri flúinn af fundi og þyrði ekki að taka þátt í þessum umr. Ég held, að efni til þeirra orða hafi verið það, að ég þurfti að skreppa hér fram á ganginn og biðja þingsvein um að skreppa með símskeyti fyrir mig. Að öðru leyti hef ég verið við þessar umr. og tel, að hæstv. félmrh. farist sízt að ásaka mig um það að hafa ekki sótt hér þingfundi. Ég hygg, að ég hafi verið hér á fundum í Nd. sennilega lengur einn en öll ríkisstj. í heild samanlagt, það sem af er þessu þingi, svo lítið sem við höfum fengið af henni að sjá og allra minnst, þegar hin merkustu mál hafa verið til umræðu.

Annars vil ég þakka hæstv. félmrh. fyrir það, að hann skyldi þó mæta á þessum fundi og taka þátt í umr., vegna þess að það er okkur stjórnarandstæðingum sérstakt gagn og mikil nytsemi, þegar þessi hæstv. ráðh. talar. Hann talar svo skelegglega á móti þeim málstað, sem hann ætlar að halda fram, að það jafnast á við margar ræður okkar andstæðinga hans. Ástæðan til þess, að ég stend hér upp nú, er eingöngu sú, að ég vonast til þess, að mín ræða gefi honum tilefni til nokkurra ræðna í viðbót, og þá verður víst ekki mikið eftir af hans málstað.

Hæstv. ráðh. hélt því fram, að ég hefði gerzt talsmaður þess að verja ólöglega notkun húsnæðis eða taka íbúðarhúsnæði og breyta í verzlunar- og viðskiptahúsnæði. Ég ræddi alls ekki um þá efnishlið málsins. Ég ræddi eingöngu um nál. og þær ályktanir, sem yrði að draga af röksemdum og fyrirvörum einstakra nm., og sýndi fram á, að eina afleiðingin, sem hægt væri að taka af þeim rökstuðningi, væri sú að vísa málinu aftur til n. Ég takmarkaði minn málflutning eingöngu við þetta og benti á, að hæstv. félmrh. gæti mjög vel við unað þá afgreiðslu, vegna þess að brbl. héldu gildi sínu, meðan Alþingi stæði og frv. er ekki fellt. Þess vegna, ef hann hefur í undirbúningi annað víðtækara frv. um þetta efni, þá er málið fyllilega tryggt frá hans sjónarmiði, þangað til Alþingi fær að kveða á um þetta nýja frv. Svona liggur efni málsins fyrir, og ég sagði þetta gersamlega áreitnislaust í garð ráðh., og það var ástæðulaust fyrir hann að umvendast eða taka sínar venjulegu kollhúfur, sem hann gerir hér, af tilefni þeirrar meinlausu till. minnar. En ég verð að segja, að það er því frekar óviðeigandi að afgr. þetta mál nú, meðan hv. 1. þm. Skagf., hæstv. fyrrv. félmrh., Steingrímur Steinþórsson, er fjarverandi, þar sem hann hefur gert fyrirvara í málinu, og það verður að segjast eins og er, að með þessu frv. er ekki verið að gera neitt ólöglegt, að því er mér hefur skilizt, annað en það, sem ólöglegt var áður, — eða það er meginefni frv., — og það er þá eingöngu verið að herða á framkvæmd, vegna þess að fyrrv. hæstv. ríkisstj. hafi verið of lin í því að fylgja eftir gildandi lagaboðum. Um það skal ég ekki ræða. Það má vel vera, að þar hafi eitthvað á skort, og ekki skal ég af minni hálfu skorast þar undan ábyrgð, ef málið er skoðað og það kemur í ljós. En vitanlega var það fyrst og fremst hæstv. þáv. félmrh., 1. þm. Skagf., sem átti að annast um það, að ekki væri ólöglega skert húsnæði, þannig að íbúðarlausu fólki yrði til tjóns. Þess vegna tel ég það vera beina lítilsvirðingu og móðgun við hæstv. fyrrv. félmrh., núv. stjórnarstuðningsmann, Steingrím Steinþórsson, ef málið er afgreitt að honum fjarstöddum, eftir að hann hefur gert fyrirvara í þessu máli.

Mér stendur á sama, hvort hæstv. félmrh. trúir því eða ekki, — ég legg yfirleitt ákaflega lítið upp úr hans skoðunum, svo að ég segi eins og er, — en það er engu að síður svo, að ég hef

verið því mjög mótsnúinn og lét það uppi í fyrrv. ríkisstj. og annars staðar, þar sem ég hef átt um það að fjalla, að þolað yrði, að farið yrði í kringum fjárfestingarleyfin á þann veg, sem gert hefur verið af sumum aðilum. Það er ekkert launungarmál, að ég tel, að það hafi verið mjög miður farið og sú misnotkun, sem í þessu hefur átt sér stað af hálfu einstakra aðila, sé ekki afsakanleg, og eðlilegt, að gegn því sé staðið, og stjórnarvöldin hefðu átt að gera þar rösklegri ráðstafanir en gerðar hafa verið og gerðar eru jafnvel eftir þessu frv., þar sem hæstv. félmrh. kemur og segir: Ja, menn geta keypt sig undan þessu. Bara ef menn hafa nógu mikla peninga, þá geta þeir keypt sig undan því. — Þetta þurftu menn að hlusta á. Svona er réttlætistilfinning mannsins, að ef menn hafa nógu mikla peninga til þess að losa sig undan lagaskyldunni og græða nógu mikið til þess, að þeir vilji fórna þessum miklu fjárhæðum, þá sá hæstv. félmrh. ekkert ráð til að koma í veg fyrir þetta, fyrr en hv. þm. Siglf. og ég skutum því fram, að það væri nú e. t. v. möguleiki að ráða við þetta með öðrum hætti. Og ég segi eins og er, að ég tel, að sá möguleiki hafi verið fyrir hendi og það megi ásaka þá stjórn, sem ég sat í, og hæstv. núverandi stjórn fyrir að hafa ekki fylgt um þetta gildandi ákvæðum, en sá bægslagangur, sem er með þessu frv., og látalæti sé miklu frekar gerður í auglýsingaskyni heldur en af málefnalegri þörf. En ég segi hins vegar: Ég er fyllilega fús til að athuga og vera því meðmæltur, ef ég sannfærist um, að nauðsyn sé á herðingu lagaboða frá því, sem verið hefur. Einmitt þess vegna lagði ég til, að frv. fengi efnislega meðferð hjá n. En vitanlega sjá allir, að það er ekki efnisleg meðferð, heldur ósæmileg og nánast lítilsvirðing við þingdeild, þegar lagt er til, að frv. verði afgreitt með þeim hætti, sem hér er fram borið, að fjórir nm. af fimm skrifa undir nál. með fyrirvara. Hvenær muna menn eftir því í þingsögunni áður, að þannig hafi verið farið með mál, og hvenær hefur nokkur ráðh. sætt sig við, að mál yrði afgreitt af hans eigin stuðningsmönnum með slíkri fyrirvaragerð og með loforðum um það: Bara gerið nú fyrir mig, samþykkið þetta frv., ég skal bæta úr þessu öllu með nýju frv. síðar á þinginu? Langt getur metnaður ráðh. gengið um það að fá frv. sín samþykkt að nafninu til. En meira er þó um það vert, að málin séu efnislega athuguð og skynsamlega frá þeim gengið. Og segja verður alveg eins og er, og ég segi það sem eindregna skoðun mína, að það er ekki hægt að þola það, ef menn fá byggingarleyfi til þess að byggja íbúðarhús, að þá sé því tafarlaust breytt í skrifstofu- eða verzlunarhúsnæði. Ég tel, að það sé ekki hægt að þola það og horfa á það aðgerðalaust af hálfu stjórnarvaldanna.

Aftur á móti verður að játa hitt, að það er auðvitað alveg óframbærilegt og óframkvæmanlegt, að ekki megi undir neinum kringumstæðum breyta gömlu íbúðarhúsnæði í skrifstofu- eða verzlunar- eða athafnahúsnæði. Það er lífsins ómögulegt að framkvæma það. Það er hægt að setja eins mörg lagaboð um það og menn vilja. Fram hjá slíku lagaboði verður alltaf farið. Og því miður er það svo, að þannig var haldið á fjárfestingarleyfunum hér í Reykjavík undanfarið. Það er ein af afsökunum fyrir því, að ýmsir leiddust út á þá krókaleið, sem hér er verið að tala um, að það var allt of lítið leyft af byggingu atvinnuhúsnæðis, bæði skrifstofuhúsnæði, verzlunarhúsnæði, en ekki sízt vinnu- og iðnaðarhúsnæði. Þetta er staðreynd, sem er óhagganleg, að miðað við fólksfjölgun í bænum og miðað við rétt hlutfall á milli íbúðarhúsnæðis og athafnahúsnæðis var þarna rangt að farið. Og þetta brýzt svo fram í því, að atvinnurekendur verða að útvega sér pláss með einhverju móti, og þá er ekki annað að gera en að taka það húsnæði, sem hægt er að fá á helztu athafnaslóðunum hér í miðbænum og annars staðar í ýmsum hverfum, sem af öðrum ástæðum þykja ekki heppileg til íbúðarhúsnæðis. Þetta er lífsins gangur, og fram hjá þessu verður því miður ekki komizt. Ráðið til þess að bæta hér úr sem annars staðar er ekki lagaþvinganir. Kúgunarráðstafanir, sem að engu gagni koma, geta orðið nytsamlegar í pólitísku ofsóknarskyni, í þeim tilgangi að gera einstaka menn tortryggilega og annað slíkt, en leysa ekki úr þörfinni. Það, sem hér þarf, er, að þess verði gætt betur en áður hefur verið, að hæfilegt hlutfall verði í stækkun bæjarins í því, sem leyft er af íbúðarhúsnæði og svo aftur til atvinnuhúsnæðis.

Ég játa, að hér er ég í raun og veru að skamma sjálfan mig, og ég skammast mín ekkert fyrir það að sjá, í hverju okkur yfirsést. Um sumt segi ég, að í þessu yfirsást mér ekki, vegna þess að ég hvað eftir annað benti á og krafðist þess, að úr þessu yrði bætt, þó að mínar skoðanir um það næðu ekki fram að ganga. En aðalatriðið er, að þannig má ekki áfram til ganga. Löggjöf hjálpar hér ekki. Það eru aðeins framkvæmdir, sem hér verða að gagni, og það, að fólkið, sem kemur til bæjarins, fái einhverja staði til þess að vinna í að þeim störfum, sem það á að lifa við. Það er sannast sagt ekki síður nauðsynlegt en að það fái íbúðarhúsnæðið, þó að ég sízt af öllu geri lítið úr því.

Hitt að vera að tala um, eins og hæstv. félmrh. lét sér sæma, að við værum hér að verja sérstaka hagsmuni Sjálfstfl., þá er sannast bezt að segja, að hér eiga allir pólitískir flokkar hlut að, þannig að ég held, að það taki því ekki fyrir okkur að vera að brigzla hver öðrum um annarra syndir. Það er rétt, að fyrirtæki það, sem ég starfa nú við, Morgunblaðið, á hús, sem mjög hefur verið um rætt í þessu sambandi. Ég er ekki að hafa neina sök af Morgunblaðinu í þessu sambandi. En það einkennilega er, að þessi löggjöf bitnar alls ekki á Morgunblaðinu sjálfu, heldur öðrum eigendum þessa húss. Ef ætlunin hefur verið sú að gera Morgunblaðinu bölvun, þá fyrirhittir það aðra. Það er jafngott, að menn viti það. Með því er ég sem sagt ekki að hafa neina sök af Morgunblaðinu, hafi það af sér brotið. Hitt vitum við, að sá flokkur, sem hæstv. félmrh. þessa dagana enn telst til, hefur ekki síður en aðrir gerzt sekur í þessum efnum. Það má minna á Skólavörðustíg 19 á sínum tíma, sem Alþfl. a. m. k. hélt fram og Alþýðublaðið um margra ára bil hélt fram að hefði verið breytt

með ólöglegu móti og tekinn undir starfsemi Sósfl. og Þjóðviljans með mjög hæpnu eða algerlega ólöglegu móti. Það má minna á Tjarnargötu-breytinguna hér nú fyrir skemmstu. Það má minna á gamla Geirs Thorsteinssonar-húsið efst á Skólavörðustíg, sem annaðhvort beint eða óbeint er komið undir starfsemi, sem er mjög nátengd kommúnistaflokknum, bæði hér innanlands og utan. Það má minna á húsnæði, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú í haust átt mjög ríkan þátt í að breytt væri úr íbúðarhúsnæði í annaðhvort skrifstofur eða starfshýsi fyrir einhverja þjónustu ríkisins. Og við bætum málið ekkert með því að vera að reyna að kenna hver öðrum um sakir, sem að svo miklu leyti sem um sakir er að ræða lenda á öllum, vegna þess að löggjöfin, eins og hún hefur verið, hefur verið of þröng. Það er alger misskilningur hjá hæstv. félmrh., að það sé framkvæmanlegt að ætla að standa á því, að ekki undir neinum kringumstæðum megi breyta íbúðarhúsnæði í starfshúsnæði. Það er ekki mögulegt, og ef slíkt á að gera með löggjöf, þá er verið að gera leik að því, að löggjöfin verði brotin og virðingin fyrir ríkisvaldinu og þess heiðarleika verði niður brotin, og trúi ég raunar hæstv. félmrh. mjög vel til þess að vinna að því, ekki af illvilja, heldur af skammsýni.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Út af seinustu orðum hv. 1. þm. Reykv. vil ég segja það, að ég gæti hins vegar trúað honum til þess að snúast á móti góðum málum af illvilja fremur en af skammsýni.

Hv. 2. þm. Reykv. reið hér á vaðið áðan með aðra ræðu til þess að lýsa andstöðu sinni við þetta frv., og þá var honum það helzt í hug að skýra þingheimi frá því, að þessi löggjöf væri til þess sett að koma höggi á Morgunblaðshúsið. Það er upplýsing út af fyrir sig hjá hv. þm. En ég get fullyrt það, að ef þessi löggjöf hefur að einhverju leyti komið við Morgunblaðshúsið, þá er það víst, að henni var ætlað að hitta hvern þann aðila, sem gerðist sekur um að breyta íbúðarhúsnæði, sem hefði verið teiknað sem íbúðarhúsnæði, í verzlunarhús eða skrifstofuhús eða til annarra nota. Og það er alveg áreiðanlegt, að þessi löggjöf hefur verið látin koma fram alveg án nokkurra undantekninga gagnvart öllum aðilum, sem á þessari braut voru, hvort sem þeir voru Morgunblaðsmenn eða ekki. Það hefur engin undanþága verið frá þeim veitt. Og hitt skal ég upplýsa, þó að það sé nú játað, að Morgunblaðshúsið hafi orðið fyrir barðinu á þessum lögum, að þá eru það margir fleiri aðilar, sem hafa orðið fyrir barðinu á þeim, sem voru einmitt á þessari braut. Og það sannar, að það var full þörf á að setja þessa löggjöf. Það var mjög mannmargt í félmrn. dagana eftir að þessi lög voru sett, — menn, sem voru að kveina og kvarta undan því, að nú kæmi þessi löggjöf illa við sig, þeir væru með þetta og þetta hús í breytingu eða byggingu og það kæmi mjög við hagsmuni þeirra, ef þeir fengju ekki að halda áfram með það. *Það hefur engin undanþága verið veitt,* hvorki einum né neinum.

Auk þessarar upplýstrunar um Morgunblaðshúsið gat hv. 2. þm. Reykv. þess, að hann væri á móti þessu frv. af því, að það væri gallað, stórgallað, en þó hefur hann enga brtt. flutt við það. Sjálfur kvaðst hann ekki hafa brotið þessi lög, bara af því að hann hefði ekki breytt neinu líku húsi, hann hefði ekki átt neitt slíkt hús til að breyta. Eftir þessu virðist ekki hafa staðið á viljanum, og a. m. k. var það, að hann vildi gera málstað þeirra manna, sem þessi löggjöf kemur illa við, að sínum málstað.

Ég skil ekki, hver er tilgangurinn með því hjá hv. 1. þm. Reykv. og öðrum samherjum hans í þessu máli að álasa mér fyrir það, að ég hafi ekki komið í veg fyrir, að húsum væri breytt hér áður fyrr í stjórnartíð hv. 1. þm. Reykv., eins og Tjarnargötu 20 og Skólavörðustíg 19 o. s. frv. Það var í hans stjórnartíð. Ég þarf ekkert annað en að ganga meðfram Laugaveginum. Ég hef séð hús breytast úr íbúðarhúsnæði í verzlunarhúsnæði frá ári til árs. Hv. 1. þm. Reykv. hefur horft upp á þetta og hans stjórn. Og honum duga ekki fingurnir á báðum höndum til þess að telja upp þá brotlegu eða þá, sem hafa framkvæmt þetta og voru að því á s. l. sumri. Þeir skipta mörgum tugum. Hér er um að ræða sennilega hundruð íbúða, mörg hundruð íbúða. Og það að koma í veg fyrir, að þeim sé breytt á þennan hátt, jafngildir því, að það séu byggð jafnmörg hundruð íbúða.

Það fór líka svo, að hv. 1. þm. Reykv. fann það, *þegar hann hafði talað hér um stund.* Þá varð hann að játa, að hann væri í raun og veru mest að skamma sjálfan sig. Og það er ákaflega nýstárleg iðja hjá þingmönnum að fara hér upp í ræðustólinn til að skamma sjálfa sig. Venjulega skammast menn hér við aðra. Nei, hann varð núna að skamma sjálfan sig og játaði, að hann væri að gera það. Og svo sagði hann viðvíkjandi þessu frv., sem hefur eitt megininntak, sem er það að leggja bann við, að íbúðarhúsnæði, sem ætlað er til íbúðar samkv. teikningu hlutaðeigandi húss, sé tekið til annarra nota: Þetta er þess eðlis, að upp á þetta geta stjórnarvöldin ekki horft án aðgerða, að íbúðarhúsnæði sé tekið til annarra nota. — Það var einmitt þetta, sem ég gerði. Ég gat ekki upp á þetta horft í þessum bæ húsnæðisleysisins og setti lög, sem bönnuðu það. Allt og sumt. Þetta er nákvæmlega það, sem hv. 1. þm. Reykv. segir að stjórnarvöld geti ekki upp á horft. Hann horfði upp á það aðgerðalaus. Ég gerði það ekki. En svo ætlar hann að snúast á móti þeirri löggjöf, sem er einmitt túlkun þess, að nú vilja stjórnarvöldin ekki lengur upp á þetta horfa. Þar hljóta einhver annarleg sjónarmið að vera að verki, það verð ég að segja.

Hv. 1. þm. Reykv. sagðist ekki hafa rætt um efnishlið málsins, hann hefði bara rætt um meðferð n. á málinu. Það má furðulegt vera, ef þessi andstaða, sem hér hefur komið fram við frv., er ekki efnisleg. Mér virðist hún fyllilega vera það, þó að hún stangist hins vegar alveg við þessar yfirlýsingar hv. 1. þm. Reykv. í öðru orðinu um, að það sé ekki hægt að horfa upp á þessa þróun, *sem hér hefur átt sér stað.*

Eftir að hv. 1. þm. Reykv. hefur lýst viðhorfi sínu til efnis frv. á þennan hátt, sem hann

hefur gert, að aðgerðaleysi undanfarinna ára sé skammir um hann og hann hafi sjálfur tekið þátt í að skamma sig hér, af því að þetta var látið viðgangast, og svo liggur fyrir frv., sem á að banna það, að íbúðarhúsnæði sé tekið til annarra nota, og þá segir hann, að það sé einmitt það, sem stjórnarvöldin hafi ekki getað horft upp á og megi ekki horfa upp á, að sé ekki bannað, en samt snýst hann á móti málinu. Ég finn enga heila brú í þessu. Og ég hygg, að þannig sé um fleiri.

Ég býst við, að hv. þm. efist ekki um, að hann hafi hér meiri hluta í d. til þess að fella þetta mál, þegar hann hefur notið mín við hér tvisvar til þess að mæla með frv., því að það segir hann að verki bezt til þess að snúa mönnum á móti máli. Ég er alveg viss um það, að hafi hann rétt fyrir sér um það, þá bregzt mér ekki fylgisauki hins vegar við málið, vegna þess að þegar hv. 1. þm. Reykv. fer að bolast hér á móti máli, þá snýr það mönnum auðvitað unnvörpum til fylgis við málið. Síðan hann kom í stjórnarandstöðu, hefur hann bolazt svo myndarlega á móti flestum góðum málum, að það hefur auðvitað þjappað fólki saman um hin góðu málin og mun gera það alltaf. Ég get því verið honum ákaflega þakklátur fyrir það, að hann skyldi einmitt gerast „general" fyrir því liði, sem bolast á móti þessu máli.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. talaði um það áðan í sinni ræðu, að ég hefði verið að kvarta undan hinum háu sektum, sem frv. þetta ákveði. Hér er um að ræða algeran misskilning á því, sem ég sagði, eða útúrsnúning, ég veit ekki hvort heldur og skiptir e. t. v. ekki máli. En það, sem ég sagði, var þetta, að ef leggja ætti svo háar sektir við því framferði, sem hér er um að ræða, þá þyrfti að gera sér einhverja grein fyrir því, hvaða eftirlit væri hægt að hafa með því, að slíkum lögum væri framfylgt. En einmitt hvað þetta atriði snertir álít ég, að grg. hæstv. félmrh. hafi verið algerlega ófullnægjandi og bezta sönnun þess, að þær athugasemdir, sem ég hreyfði í minni fyrri ræðu, hafi verið réttmætar, því að hann talaði um það, að framkvæmd þessa máls væri í höndum húsnæðismálastjórnar, og hún hefði, að mér skildist, sent mann um bæinn, sem hefði gert samanburð á teikningum fyrir húsnæði og hvernig það væri notað.

Það, sem er aðalatriði í þessu sambandi, er það, að nú er það þannig með margt húsnæði, að það er notað bæði til íbúðar og einnig til annars, og má einmitt gera ráð fyrir því, að þessi löggjöf og önnur, sem í gildi hefur verið undanfarið og bannað hefur breytingu íbúðarhúsnæðis í atvinnuhúsnæði, ýti undir það, að farið verði í kringum löggjöfina með því að nota húsnæðið bæði til íbúða og einnig til skrifstofu- eða atvinnuhúsnæðis eða á annan hátt. Það er í þessu, sem vandinn liggur við það að hafa fullnægjandi eftirlit með framkvæmd þessara laga, og get ég þá einmitt vikið að sams konar dæmi og ég tók áðan, að kaupmaður eða iðnrekandi eða handiðnarmaður, er vantar húsnæði fyrir sína atvinnustarfsemi, lætur teikna húsnæði, sem hann ætlar að byggja sem íbúðarhúsnæði, og kemur því upp, en til þess að það sé að einhverju leyti notað sem íbúðarhúsnæði, þá annaðhvort sefur hann þarna sjálfur eða lætur einhvern starfsmann sinn, sem er í húsnæðisvandræðum, sofa þarna eða einhver fjölskyldumeðlim sinn. Það er með þessu móti, sem hægt er að fara í kringum ákvæðin, og þá kemur spurningin um þetta: Hvað lengi og hvað mikið á húsnæðið að hafa verið notað á þennan hátt, til þess að hægt sé að tala um það að fara í kringum lögin? Það er einmitt þetta atriði, hvort lögin séu framkvæmanleg, sem ég álít að hefði í fyrsta lagi þurft að athuga nánar af félmrn. á sínum tíma, þegar brbl. voru sett, og þurfi nánari athugun af þeirri hv. þingnefnd, sem með málið fer, áður en það verður afgr. héðan úr deildinni.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af næstseinustu ræðu hæstv. félmrh. Af henni kom fram, að efni þeirrar brtt., sem við fulltrúar Sjálfstfl. í heilbr.- og félmn. höfum lagt hér fram, væri honum ekki fyllilega ljóst, en þessi brtt. felur í sér rýmkun á undanþáguheimild frv. 3. gr. þess óbreytt virðist veita undanþáguheimild til heilla kaupstaða í eitt skipti fyrir öll, þ. e. a. s. kaupstaða, þar sem frv. samkv. eðli sínu getur ekki átt við.

3. gr. veitir undanþáguheimild aðeins kaupstöðum, þar sem ekki er um íbúðarhúsnæðisskort að ræða. Lögin munu vera sett til að reyna að ráða bót á íbúðarhúsnæðisskorti og ættu því ekki að koma til álita, hvort eð er, þar sem hann er ekki fyrir hendi.

Brbl., eins og þau eru nú, leggja í rauninni bann við því, að fólk stundi atvinnu sína í sinni eigin íbúð. T. d. mætti skósmiður ekki setja upp verkstæði í einu herbergi af þremur í íbúð sinni. En við verðum að játa, að í einhverju þarf fólk í þéttbýlum bæjum að mega vinna, og þess vegna flytjum við þessa brtt.

Í brtt. er talað um atvinnuhúsnæði, en hæstv. félmrh. virtist telja, að hér væri aðeins átt við verzlunarhúsnæði eða skrifstofuhúsnæði. Við erum hins vegar þeirrar skoðunar, að fleiri atvinnugreinar þurfi húsaskjól en þessar.

Hæstv. ráðh. lét í ljós, að gildi þessa frv. yrði að engu, ef undanþáguheimild yrði í því. Ekki kvað hann mundi á meðmælum bæjarstjórnar Reykjavíkur standa, en ég leyfi mér að leggja áherzlu á það, að samkv. brtt. okkar hefði hæstv. félmrh. sjálfur lokaorð um undanþágurnar. Annars fylgjum við að sjálfsögðu efni frv., að því leyti sem það kann að koma í veg fyrir íbúðarhúsnæðisskort. En ég þykist þess fullviss, að heilbr.- og félmn. hafi í rauninni öll verið sammála um réttmæti þessarar sanngjörnu brtt., og vænti þess, að ef frv. verður afgreitt núna, verði það með þessari breytingu.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. sagði, að það, sem einu sinni er ákveðið að byggja sem íbúð, ætti að vera íbúð áfram um aldur og ævi. Þetta er vitanlega fásinna, sem er í ætt við það, að af því að einu sinni voru fiskreitir við miðbæinn, þá mætti aldrei framar taka lóðirnar til neins annars, hvernig sem aðstæður breytast. Hæstv. ráðh. þótti orðalag brtt. okkar of rúmt orðað. Við því vil ég segja það, að við

gáfum meðnm. okkar kost á því að athuga hana og koma með till. um orðalag, er tryggði, eins og auðið væri, gegn misnotkun.

Hæstv. ráðh. sagði, að engar undanþágur hefðu verið veittar. Hv. 6. landsk. þm. sagði okkur þó í n., að Siglufjarðarkaupstaður mundi sækja um að vera algerlega undanþeginn lögunum. Ég veit þó ekki, hvort það er ástæðan fyrir því, að hann einn af nm. leggur til, að lögin séu samþ. óbreytt.

Dæmið, sem ég tók í fyrri ræðu minni um lækninn, sem tæki á leigu íbúð í kaupstað úti á landi, því að frv. gildir ekki bara í Rvík, a. m. k. ekki enn þá, og í því tilfelli, sem ég talaði um, minnkar oft ekki íbúðarhúsnæði, því að oft er því þannig varið, að sá læknir, er áður var í kaupstaðnum og notaði hluta af sinni íbúð til lækningastarfsemi sinnar, hefur annaðhvort selt eða leigt öðrum húsnæðið, þegar hann fluttist í burtu, sem þá tekur aftur þann hluta húsnæðisins, sem notað var til atvinnu, til íbúðar. Það er því aðeins eðlileg og sjálfsögð tilfærsla, sem ég vildi gera mögulega. Viðvíkjandi till. hv. 1. þm. Reykv. get ég upplýst það, að hv. 1. þm. Skagf. lét þau orð falla í n., þegar við afgr. þetta mál á þennan sögulega hátt, að sennilega yrði þessu máli, brbl. og brtt. okkar hv. 8. þm. Reykv., vísað aftur til n., ekki sízt ef fram kæmi yfirlýsing hæstv. félmrh. um það, að von væri á því, að nýtt frv. um þetta mál yrði lagt fyrir þingið. Það er því enn ein ástæða til þess að verða við till. hv. 1. þm. Reykv. um að vísa þessu máli aftur til n., af því að svo stendur á, að hv. 1. þm. Skagf. er fjarstaddur þennan fund.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Hv. 9. landsk. sagði núna í seinustu ræðu sinni, að hann héldi, að það væri afar erfitt að framfylgja þessum lögum, bar aðallega kvíðboga fyrir því, — því að þetta blandaðist nú saman, — að menn mættu ekki hafa atvinnurekstur í íbúðarhúsnæði sínu. Ég held, að þetta fari nú afar sjaldan saman. Það er venjulega þannig, að annaðhvort heil hús eða hluti af húsi er tekinn úr íbúðarnotkun og til verzlunarrekstrar eða skrifstofuhalds eða einhverrar iðngreinar, og venjulega fer þetta illa saman í einu og sama húsi, en slík breyting væri óheimil. Að það sé vafi á því, hvort það sé notað til atvinnurekstrar eða íbúðar, það held ég að komi afar sjaldan fyrir.

Þá kom 8. þm. Reykv. inn á þetta sama og nefndi það sem dæmi til skýringar máli sínu, að skósmiður hefði t. d. ekki heimild til þess að hafa skósmíðaverkstæði sitt í íbúð sinni. Ég held nú, að í fyrsta lagi skósmíðavinnustofa og íbúð fari illa saman. En það væri ekki heimilt að taka íbúð til iðnrekstrar samkv. þessu. Það er alveg greinilegt. En hvernig á þá að bæta úr því? Ég gat þess einmitt, þegar ég lagði þetta frv. hér fyrir í byrjun þings, að ég teldi það hafa verið ranga stefnu að neita undir öllum kringumstæðum um fjárfestingarleyfi til verzlunarhúsnæðis og skrifstofuhúsnæðis og til atvinnurekstrar. Þegar þetta bann væri komið á, þýddi það, að taka yrði upp breytta stefnu í þeim efnum, það yrði að veita fjárfestingarleyfi til atvinnuhúsnæðis, þegar fjárfestingaryfirvöldunum sýndist, að nauðsyn krefði, algert bann á því sviði eða mjög mikil tregða á að afgr. slík fjárfestingarleyfi hefði einmitt leitt til þess, að íbúðarhúsnæði hefði unnvörpum verið tekið til þessara nota. En þegar löggjöfin var sett, var ástandið þannig, að það var vitað um, að það voru ekki aðeins teknar einstakar íbúðir og húshæðir, heldur voru byggð stórhýsi, ekki eitt, heldur mörg í bænum með það beint fyrir augum að taka hverja hæðina á fætur annarri til annarra nota en íbúðarhúsnæðis. Þetta var ekki hægt að láta ganga. Það var á miðju sumri, sem ég sá þetta, og þá var ekki hægt að gera þetta öðruvísi en með brbl., og þessi brbl. hafa mér vitanlega ekki orðið fyrir árásum úr neinni átt. En það er mín afstaða, að slíku banni fylgi það, að fjárfestingaryfirvöldin verði að veita fjárfestingarleyfi til atvinnuhúsnæðis, þegar þau meta það, að nauðsyn beri til, að slíks húsnæðis sé aflað. Þeir, sem ætla sér að byggja húsnæði til atvinnurekstrar, fara þá ekkert í kringum það, af því að þeir búist við neitun, heldur sækja um slík leyfi, fá sér fullar heimildir til þess að byggja atvinnuhúsnæði og þurfa þannig ekki að taka ófrjálsri hendi af íbúðarhúsnæði bæjarbúa. Þetta er auðvitað — það verða allir að viðurkenna — til bóta og í raun og veru alveg sjálfsagður hlutur. En ef við förum inn á undanþágurnar, sem hér hefur verið líka minnzt á, þá er þetta komið úr böndunum. Um það skal ég segja þetta, að það er í frv. heimild fyrir bæjarfélög, þar sem ekki ríkir íbúðarhúsnæðisskortur, að sækja um það að vera undanþegin þessum lögum. En ekki eitt einasta bæjarfélag hefur enn þá sótt um það. Og undanþágubeiðnunum, sem dundu á mér, fyrst eftir að lögin voru sett, frá þeim mörgu aðilum, sem voru annaðhvort byrjaðir eða langt komnir með að breyta íbúðarhúsnæði í húsnæði til annarra nota, var neitað strax, og síðan hefur ekki örlað á neinum slíkum undanþágum. Ef nú yrði samþ. till. um að leyfa undanþágur, þá veit ég, að það yrði regn af slíkum undanþágubeiðnum og það yrði stormað á félmrn. til þess að fá að breyta hverri húshæðinni og hverju stórhýsinu á fætur öðru úr því að vera íbúðarhúsnæði og til þess að vera tekið til atvinnurekstrar í einhverri mynd, verzlunar eða annarra hluta. Það væri ekki hægt að leyfa sér slíkt núna, þegar slíkt ástand er í húsnæðismálum Reykvíkinga eins og er nú. Heimildirnar yrðu því að engu, það yrði að neita þeim öllum. Ef einhver væri veitt, þá væri skriðan komin af stað, og þess vegna er alveg tilgangslaust að bera slíkar undanþágubeiðnir fram, og það þjónar illum málstað frá mínu sjónarmiði séð að gera tilraun til þess að fá slíkar undanþáguheimildir samþykktar inn í lögin.

Forseti (EOl): Út af þeim ummælum, sem fram hafa komið viðvíkjandi forseta í þessum umr., vil ég taka það fram, að ég skoða það verkefni forseta að sjá um, að hv. d. fái tækifæri til þess að afgreiða mál. Það er auðvitað hv. deildar að ákveða, á hvern hátt hún afgreiðir þau mál. Þetta mál, sem hér um ræðir, var sent til hv. heilbr.- og félmn. 23. okt. og er 2. mál þingsins. Ég ætla, að það sé nokkur tími.

Út af þeirri umhyggju, sem fram kom frá hv. formanni stjórnarandstöðunnar, að eigi sé beitt

þrákelkni af hálfu forseta við að fá mál úr nefndum, þá mun þeirrar umhyggju minnzt.

Út af því, sem hér hefur komið fram, að hv. 1. þm. Skagf. væri næstum meinað að taka hér til máls, skal þess getið, að hann hefur hvorki tilkynnt veikindaforföll né hefur fjarvistarleyfi. Umr. um málið er lokið. Hv. 1. þm. Reykv. gerir stutta athugasemd.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég minnist ekki slíks skörungsskapar í forsetastól og umhyggju um afgreiðslu þingmála hjá neinum forseta nema mínum ágæta flokksbróður, Gísla Jónssyni. Ég get helzt líkt þessum forseta varðandi umhyggju og skörungsskap við þann ágæta mann, og segi ég það honum til verðugs lofs.

Ég vil sem sagt, vegna þess að hæstv. forseti var að svara ádeilu frá mér, ef svo mætti segja. a. m. k. orðum, hvort sem þau voru ádeila eða ekki, þá vil ég segja, að út af fyrir sig hef ég ekkert við það að athuga, ef hér er um almenna reglu að ræða, sem forseti ætlar sér að fylgja, þannig að hann fylgist þá með því, hversu lengi mál hafa verið í nefndum, og láti eitt yfir alla ganga. En hinu verður mjög að finna að, ef hann ætlar að taka þau mál sérstaklega, sem honum er umhugað, og knýja þau á dagskrá, en láta formönnum nefnda líðast hitt, sem of mjög hefur borið á á þessu þingi, að þeir legðust á þau mál, sem þeim er lítið um gefið, í stað þess, — og það er rétt, sem hæstv. forseti sagði, — að Alþingi á auðvitað rétt á að skera úr um málin, en nefndir ekki að svæfa þau. En ég vil treysta hæstv. forseta til þess, að hann láti eitt yfir alla ganga um þá reglu, sem hann nú hefur tekið upp, og ef hann gerir það, þá skal ég ekki víta hann fyrir það, en að öðru leyti áskil ég mér rétt til allrar gagnrýni.

Forseti (EOl): Út af ummælum hv. 1. þm. Reykv. vil ég aðeins, af því að hann hefur ekki áður átt sæti í þessari deild, segja honum frá því, að sá síðasti forseti, sem við höfðum í þessari hv. deild, tók meira að segja mál frá nefnd, sem hún hafði ekki afgreitt, mál, sem flutt var af stjórnarandstöðunni, og lét afgreiða það við 2. umr.

Þetta er 2. mál þingsins, sem hér er, og vona ég, að mér verði fyrirgefið, ef ég reyni að ganga eitthvað á röðina og taki samt tillit til allrar þeirrar umhyggju, sem hér hefur fram komið, um það, að ekki verði of mikilli þrákelkni beitt.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu aftur til heilbr.- og félmn. felld með 12:8 atkv.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, PP, RH, SkG, ÁB, BG, EirÞ, EmJ, GJóh, GÞG, HÁ, HS, HV, JPálm, KGuðj, KJJ, EOl.

ÁkJ, MJ, ÓB greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÓTh, PO, SÁ, StgrSt, SvbH, ÁÞ, BBen, BÓ, EystJ, GíslG, GÍG, IngJ, JóhH, JS, LJós) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RH, SkG, ÁB, BG, EirÞ, EmJ, GJóh, GÞG, HÁ, HS, HV, JPálm, KGuðj, KJJ, PÞ, PP, EOl.

MJ, ÓB greiddu ekki atkv.

16 þm. (SÁ, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁkJ, BBen, BÓ, EystJ, GíslG, GÍG, IngJ, JóhH, JS, LJós, ÓTh, PO) fjarstaddir.

Brtt. 136 felld með 13:7 atkv.

3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KGuðj, ÓB, PÞ, PP, RH, SkG, ÁB, BG, EirÞ, EmJ, GíslG, GJóh, GÞG, HÁ, HS, HV, EOl.

MJ greiddi ekki atkv.

17 þm. (IngJ, JóhH, JPálm, JS, KJJ, LJós, ÓTh, PO, SÁ, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁkJ, BBen, BÓ, EystJ, GÍG) fjarstaddir.

4.—6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁB, BG, EirÞ, EmJ, GíslG, GJóh, GÞG, HÁ, HS, HV, KGuðj, PÞ, PP, SkG, EOl.

MJ, ÓB, RH greiddu ekki atkv.

17 þm. (StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁkJ, BBen, BÓ, EystJ, GÍG, IngJ, JóhH, JPálm, JS, KJJ, LJós, ÓTh, PO, SÁ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, ÁB, BG, EirÞ, EmJ, GíslG, GJóh, GÞG, HÁ, HS, HV, KGuðj, PÞ, PP, EOl.

nei: RH.

MJ, ÓB greiddu ekki atkv.

17 þm. (SÁ, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁkJ, BBen, BÓ, EystJ, GÍG, IngJ, JóhH, JPálm, JS, KJJ, LJós, ÓTh, PO) fjarstaddir.

Á 33. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, PP, SkG, SvbH, ÁÞ, ÁB, BG, EirÞ, EmJ, EystJ, GíslG, GJóh, GÞG, HS, HV, KGuðj, KJJ, EOl.

MJ, ÓB, PO, RH, BBen, BÓ, JS greiddu ekki atkv.

10 þm. (LJós, ÓTh, SÁ, StgrSt, ÁkJ, GÍG, HÁ, IngJ, JóhH, JPálm) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 32. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 33., 34. og 36. fundi í Ed., 18., 19. og 20. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Ed., 24. jan., var frv. enn tekið til 1. umr.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég vildi beina þeirri fsp. til hæstv. forseta, hvort hann teldi ekki fara betur á því, að sá hæstv. ráðh., sem þetta mál heyrir undir, legði það fyrir þessa hv. þingdeild, eins og hann mun hafa gert, þegar það kom til umr. í hv. Nd. Ef hæstv. ráðh. er ekki reiðubúinn til þess að gera það nú, mundi þá ekki

hæstv forseti telja eðlilegast að taka málið út af dagskrá að þessu sinni?

Forseti (BSt): Að vísu teldi ég það æskilegra að sá hæstv. ráðh., sem málið heyrir undir, væri hér viðstaddur og segði nokkur orð því til skýringar. En vitanlega hef ég ekki tök á því að ráða við það, hvort hæstv. ráðherrar mæta hér eða ekki. Kannske einhver vilji gera svo vel og athuga, hvort hann er í Nd. og geti komið hér.

Ja, hæstv. ráðh. er víst ekki staddur í húsinu eða a. m. k. ekki hér í grenndinni. Ég get orðið við þeirri ósk nú í þetta sinn að taka málið út af dagskrá, en vitanlega verður að afgreiða það og koma því til nefndar eða þá fella það frá 2. umræðu. — Hæstv. ráðh. er kominn hér.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Á nýliðnu sumri var það augljóst mál, að mikill skortur íbúðarhúsnæðis var hér í Reykjavík og í nokkrum öðrum kaupstöðum, og það var enn fremur vitað, að þrátt fyrir þennan skort íbúðarhúsnæðis var sýnt, að allmargir aðilar í Reykjavík voru á leið með að taka til annarra nota húsnæði, sem hafði verið teiknað sem íbúðarhúsnæði og ekki verið sótt um fjárfestingarleyfi fyrir, af því að í þessu húsnæði höfðu verið teiknaðar eldhúsinnréttingar og teiknaðar smáar íbúðir, og húsunum unnvörpum verið komið upp á þann hátt, en sýnt, þegar innréttingu hélt áfram, að það var ætlunin að taka þetta húsnæði til annarra nota en íbúðarhúsnæðis. Þá þótti alveg óhjákvæmilegt um slíkt húsnæði, sem byggt hafði verið, bundinn í gjaldeyrir og byggingarefni og fjármagn sem væntanlegu íbúðarhúsnæði, að það yrði lagt bann við því, að hægt yrði að taka það til annarra nota. Þess vegna voru brbl. sett um þetta efni.

Í 1. gr. er það skýrt fram tekið, að húsnæði, sem hafi verið teiknað sem íbúðarhúsnæði og fengið staðfestingu af byggingaryfirvöldum sem slíkt, megi ekki taka til annarra afnota. Til þess að fyrirbyggja, að þetta bann sé brotið, eru sektarákvæði í 4. gr. frv. Þau eru allhá. Þau eru frá 10 þús. kr. upp í milljón, og eiga þær sektir að renna í varasjóð hins almenna veðlánakerfis.

Því hefur verið haldið fram, að þessi lög hafi verið sett gagnvart einum aðila. Það er hinn mesti misskilningur. Ég hafði fulla vissu um það, áður en brbl. voru sett, að hér voru margir aðilar á þessari leið, og fékk enn þá betur að kynnast því næstu daga, eftir að brbl. voru sett, því að þá fékk ég heimsókn af mjög mörgum aðilum, sem vildu biðja um undanþágu frá lögunum, þannig að þeir mættu taka húsnæði, sem hafði verið teiknað sem íbúðarhúsnæði, til annarra nota.

Ég þarf ekki að fjölyrða um það, en það leiðir af sjálfu sér, að ég hef ekki veitt eina einustu undanþágu, frá því að lögin voru sett, og tel, að hér hafi verið um marga tugi íbúða, e. t. v. nokkur hundruð íbúða að ræða, sem voru á þeirri leið, að það væri verið að taka þær frá notkun til íbúðar og til verzlunar- og skrifstofuhúsnæðis og annars atvinnuhúsnæðis.

Ég skal hins vegar fyllilega fallast á það, að sá háttur, sem hafður hefur verið að undanförnu, að neita nálega undantekningarlaust um fjárfestingarleyfi fyrir verzlunar- og atvinnuhúsnæði, gengur ekki til frambúðar, þegar komið er í veg fyrir, sem ég tel eðlilegt, að tekið sé sífellt af íbúðarhúsnæði til þessara nota. Vitanlega getur verzlunarhúsnæði og skrifstofuhúsnæði verið nálega alveg eins nauðsynlegt og íbúðarhúsnæði. En það þarf að gerast á þann hátt, að þeir, sem sanna óumdeilanlega almenningsþörf fyrir slíkt húsnæði, fái til þess nauðsynleg og eðlileg leyfi og framkvæmi byggingu á slíku húsnæði á fyllilega löglegan hátt, en taki það ekki í atvinnuhúsnæði, sem látið er í veðri vaka að eigi að koma til þess að bæta úr skorti íbúðarhúsnæðis hér í borg eða annars staðar.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta. Efni frv. er þetta eitt, að bann var lagt við því að taka nothæft íbúðarhúsnæði eða íbúðarhúsnæði, sem hafði verið teiknað sem íbúðarhúsnæði, til annarra nota en íbúðar. Sektarákvæðin voru höfð það há, að ekki þætti líklegt, að neinn vildi vinna það til að fá slík viðurlög fyrir að brjóta lögin, og hef ég ekki heldur orðið var við, að brot hafi átt sér stað, en húsnæðismálastjórn var þegar í stað falið að fylgjast með þessu og ganga úr skugga um, að lögin yrðu framkvæmd.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að þetta frv. verði að umr. lokinni látið fara til hv. heilbr.- og félmn., og hef ekki meira um málið að segja að sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 10 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 1. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 198 og 211, 212).

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Stjórnarfrv. þetta á þskj. 2, um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum, hefur verið svo umtalað, síðan sett voru brbl., sem það er lagt fram til staðfestingar, að ég tel enga ástæðu til að hafa um það langa framsögu hér við þessa umr. Heilbr.- og félmn. klofnaði, eins og hæstv. forseti gat um áðan, og eðlilega klofnaði hún um þá línu, sem n. eru kleyfastar í á þessu þingi. Við, sem meiri hlutann skipum, teljum rétt að samþykkja frv. og staðfesta með því brbl. og leggjum því til, að það verði gert.

Aðalefni laganna og eiginlega eina efni þeirra, hið stranga bann við, að hús, sem notuð hafa verið til íbúðar eða ætluð eru til íbúðar við byggingarframkvæmdir, séu tekin til annarra afnota, var ekki aðeins réttmætt, heldur nauðsynlegt fyrst og fremst hér í Reykjavík og sums staðar annars staðar. Svo mikil eru vandræði fólks með hús yfir höfuðið, en hins vegar sterk viðleitni ýmissa til að sniðganga þá brýnu þörf og taka húsnæði í þjónustu ýmiss konar starfsemi, er ekki má sitja fyrir, þegar um fjárfestingar þjóðfélagsins er að ræða.

Minni hluti heilbr.- og félmn. vill breyta frv. og flytur brtt. á þskj. 212. Vel hefðu breytingar vitanlega komið til mála og ekki síst viðaukar til útfærslu löggjafarinnar, ef ekki hefði svo á

staðið, að lagt verður fyrir þetta þing bráðlega frv. til heildarlöggjafar um húsnæðismálin. Þessu hefur verið yfirlýst hvað eftir annað í þinginu og m. a. hér í þessari hv. d. af hæstv. félmrh. í gær. Og ætlast er til, að það frv. til heildarlöggjafar verði afgreitt, áður en þessu þingi lýkur. Það frv. eiga þm. að laga, ef með þarf, svo að löggjöfin verði sem fullkomnust. En þetta litla stjórnarfrv., sem hér liggur fyrir, er ástæðulaust að eyða tíma í að umskapa. Það á ekki fyrir sér að gilda sem lög nema stutta stund. Ef þessi hv. d. gerði á því breytingar, leiddi það til þess, að það þyrfti aftur til hv. Nd., sem búin er fyrir sitt leyti að staðfesta það óbreytt.

Þingið hefur annað þarfara að gera nú en að velta á milli deilda stjórnarfrv., sem er staðfesting á brbl., er víkja eiga fyrir heildarlöggjöf um sama efni svo að segja næstu daga. Með tilliti til þessa er það, sem meiri hl. heilbr.- og félmn. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Frsm. minni hl. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. (KK) virtist ekki hafa mikið á móti því, að brtt. minni hl. væri samþykkt, ef það yrði ekki til þess að tefja málið, og þá mundu þessi lög verða svo stuttan tíma í gildi, að það tæki því ekki að vera að breyta þeim neitt. Við í minni hl. erum ekki á sama máli og hv. frsm. meiri hl. um þetta.

Ég álít rétt að fara nokkrum orðum um þetta í heild. Þó að þetta frv. eigi að gilda í mjög stuttan tíma, eftir því sem hv. frsm. sagði, eru þetta þó brbl., sem sett voru nokkrum dögum áður en þing átti að koma saman, og það er ekki hægt að draga aðra ályktun af því en að það hafi verið mjög áríðandi að koma lögunum á. Annars hefði verið mögulegt og ekki óeðlilegt, að þessi brbl. hefðu beðið eftir hinum boðuðu lögum um húsnæðismál, sem von er á bráðlega, eftir því sem búið er margsinnis að skýra frá.

Frv. það, sem hér er til umr, er flutt til staðfestingar á brbl. sem sett voru að tilhlutun hæstv. félmrh. 21. ágúst 1956 um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum. Í aths., sem fylgja frv., segir, „að það sé nú alltítt í sumum kaupstöðum landsins, að íbúðarhúsnæði sé notað til annarra þarfa en íbúðar, þótt þar sé enn ekki mikill skortur íbúðarhúsnæðis, svo að brýna nauðsyn beri til þess að setja nú þegar brbl. um afnot íbúðarhúsa, sem leggi bann við því, að íbúðarhúsnæði sé tekið til annarra afnota en íbúðar.“ Á þessum grundvelli eru brbl. sett.

Eins og nál. okkar á þskj. 211 ber með sér, var heilbr.- og félmn. ekki sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. vill samþ. það óbreytt, en við, sem erum í minni hl., getum ekki fallizt á það og flytjum brtt. við frv.

Í 1. gr. frv. er skýrgreint, hvað skuli teljast íbúðarhúsnæði, og um það segir svo:

„Íbúðarhúsnæði telst samkvæmt lögum þessum húsnæði, sem við gildistöku laganna er notað til íbúðar og er íbúðarhæft án verulegra endurbóta samkvæmt vottorði heilbrigðisnefndar, og enn fremur húsnæði, sem ætlað er til íbúðar samkvæmt teikningu hlutaðeigandi húss, staðfestri af byggingaryfirvöldum, og hefur við gildistöku laga þessara ekki verið tekið til annarra afnota.“

Ákvæði 1. gr. frv. eru tvíþætt. Í fyrsta lagi fjalla þau um íbúðarhúsnæði, sem er í notkun, og í öðru lagi um hús í smíðum, sem teiknuð eru sem íbúðarhús.

Í 2. gr. frv. segir:

„Íbúðarhúsnæði, sbr. 1. gr., má aðeins nota til íbúðar. Önnur afnot slíks húsnæðis varða húseiganda sektum samkvæmt 4. gr. laga þessara. Sömu viðurlögum varðar einnig að halda ónotuðu íbúðarhúsnæði, sem kostur er á að leigja.“

Þetta er aðalefni frv., sem felst í 1. og 2. gr.

Undanfarin ár hefur ríkt nokkurt frelsi um byggingar íbúðarhúsa af vissri stærð. Hefur ekki þurft fjárfestingarleyfi til byggingarinnar, ef stærð húsanna, miðað við íbúð, hefur ekki farið fram úr 520 m^3. Það hefur verið mikið byggt af íbúðarhúsnæði á vegum einstaklinga, bæjarfélaga og byggingarfélaga undanfarin ár, þótt ekki hafi tekizt enn að fullnægja þörfinni á þessu sviði.

En á sama tíma sem þetta frelsi hefur ríkt um íbúðarhúsabyggingar, hefur verið mjög erfitt, ef ekki ómögulegt að fá fjárfestingarleyfi fyrir skrifstofu- eða iðnaðarbyggingum. Við þetta hefur skapazt misræmi, sem leitt hefur til þess, að íbúðarhúsnæði hefur í nokkrum tilfellum verið tekið til annarra nota en íbúðar. Hefur slíkt helzt átt sér stað, þar sem um eldri hús er að ræða, sem að sumu leyti eru óhentug til íbúðar hvað gerð og staðsetningu snertir. Sjá má þess mörg dæmi við hinar eldri fjölförnu götur hér í borg, þar sem verzlun, skrifstofur og iðnaður er í hverju húsi, þar sem íbúðir voru áður. Þetta er ekki óeðlileg og ekki óæskileg þróun, að verzlanir, skrifstofur ýmsar og smærri iðnaður séu við aðalgötur, þar sem umferð er mest, en íbúðarhúsnæði flutt lengra frá, þar sem umferð og hávaði, sem henni fylgir, er ekki eins mikill. Það er því í alla staði óeðlilegt og getur í mörgum tilfellum verið skaðlegt að lögbinda það, að hús, sem að einhverju leyti eru mjög óhentug til íbúðar, t. d. af þeim ástæðum, sem ég hef nefnt, eða einhverjum öðrum, skuli, séu þau notuð til íbúðar nú, aldrei verða tekin til annarra nota, hvernig sem á stendur, jafnvel þótt engin vöntun sé á húsnæði á viðkomandi stað, því að svo er frv. undantekningarlaust um nokkur frávik frá ákvæðum sínum.

Öðru máli gegnir um húsnæði, sem ætlað er til íbúðar samkvæmt teikningu hlutaðeigandi húss, eins og segir í 1. gr. frv. Þar er átt við hús í byggingu, teiknuð sem íbúðarhús og byggð sem slík, en tekin til annarra afnota að byggingu lokinni. Það er ekki óeðlilegt, þótt hamlað sé upp á móti þessari þróun og þá með lagasetningu. En að þetta á sér stað, stafar, eins og ég áður drap á, vafalaust af því ástandi, sem skapazt hefur við það, að bann hefur verið á skrifstofu- og iðnaðarbyggingum að miklu leyti undanfarin ár. Og það er víst, að þetta ástand læknast ekki með þeirri lagasetningu, sem hér er á ferð. Það verður að leyfa þessar byggingar jöfnum höndum og samhliða íbúðabyggingum og fólksfjölgun á hverjum stað.

Eins og ég hef bent á, leggur frv. algert bann við því, að íbúðarhúsnæði, sem er í notkun, verði tekið til annarra nota, og sé brotið á móti þessu ákvæði, varðar það viðurlögum samkvæmt 4. gr.

Og hver eru nú þessi viðurlög 4. gr.? Jú, 10 þús. kr. minnst og getur farið upp í milljón krónur mest. Ég hygg, að þetta séu hæstu viðurlög, sem um getur í íslenzkum lögum.

Til þess að geta áttað sig á, hvernig lög þessi verða í framkvæmd, er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir framkvæmd þeirra í einstökum atriðum. Ég vil leyfa mér þessu til skýringar að setja upp eitt dæmi um það, ef húsnæði, sem notað er til íbúðar, er tekið til annarra nota.

Við skulum segja, að húseigandi býr í eigin íbúð, sem er 3 herbergi og eldhús á hæð, í kjallara er miðstöðvar- og geymsluherbergi og eitt herbergi, sem leigt er til íbúðar. Það er leigt einhleypum manni, enda gott og bjart herbergi og ágætlega íbúðarhæft, enda í nýlegu húsi. Nú verður herbergi þetta laust, sá, sem í því bjó, flyzt á brott. Við skulum halda áfram og segja, að umræddur húseigandi sé iðnaðarmaður, t. d. bókbindari, svo að maður segi eitthvað, og nú vilji hann stunda iðn sína heima í húsi sínu. Hann flytur því áhöld sín í áðurgreint kjallaraherbergi, tekur það m. ö. o. til annarra nota en íbúðar og hefur þar með gerzt brotlegur við lögin. Ég vil minna á ákvæði 2. gr.: „íbúðarhúsnæði, sbr. 1. gr., má aðeins nota til íbúðar. Önnur afnot slíks húsnæðis varða húseiganda sektum samkvæmt 4. gr. laga þessara.“ Ég hef áður bent á, hver viðurlögin eru. Það eru minnst 10 þús. kr. og getur farið upp í milljón krónur. Svo að maður haldi þessu dæmi áfram, þá verður það næsta, sem gert verður í þessu máli, að húsnæðismálastjórn heimsækir þennan húseiganda, tilkynnir honum, að hann hafi gerzt brotlegur við þessi lög, lögin um notkun íbúðarhúsa, og viðurlög fyrir minnsta brot séu 10 þús. kr.

Ég vil taka annað dæmi um það ákvæði frv., að það skuli sæta viðurlögum að halda ónotuðu íbúðarhúsnæði, sem kostur er að leigja. Í sumum tilfellum getur þetta verið nauðsynlegt ákvæði, en í sumum tilfellum getur þetta komið afskaplega einkennilega út og harkalega.

Við skulum segja t. d., að maður á íbúð, sem hann býr í, og skiptir ekki máli, hversu stór sú íbúð er, en hann er ásamt fjölskyldu sinni vegna atvinnu sinnar eða einhverra annarra orsaka fjarverandi frá heimili sínu í 5 mánuði af árinu. Hann vill ekki leigja íbúð sína þennan tíma, og hún stendur því auð. Möguleikar eru á því að leigja þessa auðu íbúð, ekki er nokkur vafi á því, en maðurinn, sem á hana og ætlar að koma í hana aftur eftir 5 mánuði, veigrar sér við að leigja hana.

Ég vil minna á ákvæði laganna, sem við þetta atriði eiga. Þar segir svo: „Sömu viðurlögum varðar einnig að halda ónotuðu íbúðarhúsnæði, sem kostur er að leigja.“ Þessi maður er brotlegur við lögin, og viðurlögin eru þau sömu og áður, 10 þús. kr. til milljón.

Ég leyfi mér nú að víkja þeirri spurningu til hæstv. félmrh.: Álítur hann, að þessir menn í þessum tveimur dæmum, sem ég hef nefnt, verði brotlegir við þessi lög, ef þeir haga sér svona eins og ég hef lýst? Ef það verður álitið, að þessir menn verði brotlegir við lögin, er þá sæmandi að setja svona lög?

Við, sem erum í minni hl. heilbr.- og félmn., hv. 11. landsk. (FÞ) og ég, sjáum ekki annað en að lögin séu ótvíræð, svo ótvíræð, að í báðum þessum nefndu tilfellum og öðrum slíkum sé um ótvíræð brot á lögunum að ræða, og við álítum einnig, að hér sé um verknað að ræða, sem ekki beri að refsa fyrir, og lög, sem ákveða refsingu fyrir slíkan verknað, séu ekki samboðin siðuðu þjóðfélagi.

Í nál. okkar á þskj. 211 segir, að við viljum ekki samþ. frv. óbreytt. Það eru ákvæði í því, sem ég hef áður minnzt á, sem við viljum ekki standa á móti eða greiða atkvæði á móti, en við viljum freista þess að flytja brtt., sem prentuð er á þskj. 212, þar sem félmrh. er heimilt að veita undanþágu frá lögunum, ef sérstaklega stendur á og ef vissum formsatriðum er fullnægt. Ef brtt. okkar verður samþ., er það vissulega mikil bót á frv. Þá hefur félmrh. heimild til þess að veita undanþágur, ef um óveruleg atvik er að ræða, eins og ég hef sýnt fram á í þessum tveimur dæmum, sem ég hef tekið. Og ég vænti nú, að hæstv. félmrh. geti viðurkennt þetta og fallizt á að mæla með því, að þessi brtt. okkar verði samþ.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hér liggur fyrir brtt. við 3. gr. frv. um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum.

Í 3. gr. er kveðið svo á, að félmrh. sé heimilt að undanþiggja kaupstaði ákvæðum þessara laga, ef fyrir liggi ósk um það frá hlutaðeigandi bæjarstjórn og ekki sé þar um skort á íbúðarhúsnæði að ræða.

Um þessa gr. vil ég segja það, að ekkert bæjarfélag gat orðið þessarar undanþágu aðnjótandi, nema þar væri enginn skortur á íbúðarhúsnæði, og ekkert bæjarfélag hefur farið fram á það að vera undanþegið lögunum.

Nú er hér brtt. um það, að aftan við þessa gr. bætist þetta efnislega, að einnig sé félmrh. heimilt að veita undanþágur frá þessum lögum um það húsnæði, sem hagkvæmara þyki að nota sem atvinnuhúsnæði en til íbúðar, ef fyrir liggi tvennt: umsókn eigandans og meðmæli hlutaðeigandi bæjarstjórnar.

Til þess að taka afstöðu til þessarar till. þarf maður að leggja fyrir sig þá spurningu: Var það rétt að gera tilraun til þess að hindra það, að íbúðarhúsnæði væri í húsnæðislausum bæjum tekið úr notkun sem íbúðarhúsnæði og til verzlunar- eða skrifstofuhalds eða annarra nota, og húsnæði, — og á það legg ég öllu þyngri áherzlu, — sem hefði verið teiknað sem íbúðarhúsnæði, en síðan ætlunin að nota til allt annarra hluta og fara þannig þessa leið að láta teikna eldhúsinnréttingar í íbúðir í slíkum húsum, nota það bara sem skálkaskjól til þess að þykjast vera að byggja íbúðarhúsnæði, en vera að byggja í allt annarra manna þágu en húsnæðisleysingjanna? Var það rétt að stöðva þetta, eða átti löggjafinn að horfa á í bæjum, þar sem húsnæðisneyð var ríkjandi, að þetta héldi áfram sífellt í vaxandi mæli? Ég held, að það hafi verið rétt að leggja alveg bann við þessu hvoru tveggja í bæjum, þar sem húsnæðisneyð er ríkjandi, og að það sé ekkert þjóðfélagshneyksli, ekkert nálægt því, heldur sjálfsagður hlutur. Enda get ég skýrt hér frá því,

að hv. 1. þm. Reykv. (BBen) sagði í umr. um þetta mál í annarri deild, að það hefði verið stórvansi fyrir löggjafarvaldið, ef það hefði látið þetta afskiptalaust, og ég held, að hann hafi kveðið miklu fastar að orði um það meira að segja.

Hvað yrði nú eftir af lögunum, ef þessi brtt. væri samþykkt? Ég sé ekki, að það stæði nokkur hlutur eftir. Fyrra skilyrðið er, að það liggi fyrir umsókn frá eiganda. Ég efast ekkert um það, að umsóknirnar muni drífa að, og hitt, að það fengjust meðmæli viðkomandi bæjarstjórnar. Ég er því miður afskaplega hræddur um það, að bæjarstjórn Reykjavíkur léti ekki á sér standa í flestum þeim tilfellum, sem hér yrði um að ræða, og mælti með, og ef Alþingi væri svo búið að láta í ljós vilja sinn um að víkja frá ákvæðum laganna um bann við annarri notkun íbúðarhúsnæðis en einmitt til íbúðar, þá þætti félmrh. nokkurn veginn skylt að gefa undanþágu, ef þessi skilyrði væru fyrir hendi, að umsókn lægi fyrir og bæjarstjórn hefði mælt með. Lögin væru hrunin og hér væri hægt að fara greiða götu með það íbúðarhúsnæði, sem hefði verið teiknað sem íbúðarhúsnæði, en ætlað til allt annarra hluta, setja það í verzlunar- og skrifstofuhúsnæði, og húsnæðisleysingjarnir stæðu á köldum klaka eftir sem áður. En hér er um hundruð íbúða að ræða bara í Reykjavíkurborg einni og hinir ólíklegustu aðilar, sem eiga hlut að máli.

Það er alveg vitað, að það eru nokkur brögð að því eða voru nokkur brögð að því, að haldið væri hér auðu húsnæði. Ég segi: Það var rétt að láta sömu viðurlög varða, þegar menn hafa hér ónotað íbúðarhúsnæði, en þjóðfélagið er í nauðum statt og þúsundir einstaklinga bókstaflega í nauðum staddir vegna húsnæðisskorts, og við þessu liggur allt að einnar milljón króna sekt.

Það er m. a. í þjónustu okursins, sem það hefur gerzt, að íbúðum hefur verið haldið kannske árum saman auðum hérna í bænum, af því að viðkomandi íbúðir hafa verið í sölumeðferð hjá fasteignasölu. Fasteignasalinn hefur sagt við eigandann: Ég hef enga möguleika til þess að selja þessa íbúð á hinu uppsprengda verði, sem ætlunin er að selja hana, nema því aðeins að hún standi auð. — Og sölumeðferðin hefur í sumum tilfellum staðið meira en eitt ár, stundum tvö ár. Þetta varð að taka fyrir. Þessar íbúðir urðu að takast í notkun aftur sem íbúðarhúsnæði, og það hefur í mörgum tilfellum orðið, síðan lögin voru sett. Það hefði ekki verið samboðið siðuðu þjóðfélagi að láta þetta viðgangast, og það er ekki samboðið siðuðu þjóðfélagi að samþykkja brtt. við þessa nauðsynlegu löggjöf, sem færi í þá átt, að refjamenn kæmust fram með þann verknað, sem hér var framkvæmdur, áður en bráðabirgðalögin voru sett. Ég mæli því eindregið á móti till.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er bæði til að andmæla þeirri hugsun og staðhæfingu, sem virtist koma fram hjá frsm. minni hl., og eins til að leita mér upplýsinga, að ég kvaddi mér hljóðs.

Frsm. minni hl. taldi, að það væri stöðvuð eðlileg þróun með því að geta ekki látið verzlunarhúsnæði fjölga nærri því ótakmarkað eins og verið hefur. Ég skrapp fram á skrifstofu og náði í Hagtíðindi til að gá að, hvernig þessu hefði verið varið í Reykjavík, hvort það hefði raunverulega verið um stöðvun á verzlunum að ræða hér í Reykjavík. Ja, þeim hefur fjölgað núna seinustu árin um nærri 12%. Þær hafa farið úr 660 og upp í 757 á seinustu 4 árum. Þetta er stöðvunin, og þeim, sem lifa á verzlun í Reykjavík, hefur fjölgað úr 12.8% og upp í nærri 15% af íbúunum. Það lifa 14—15 menn hér í Rvík á því að verzla við 85—86 aðra menn. Ég er ekki alveg viss um, nema það sé óhætt að stöðva þessa þróun og það þurfi að stöðva hana. Undantekningu vil ég svo taka fram, sem líka kemur fram í skýrslunum. Þessar tölur, sem ég hef nefnt, eiga við um búðirnar, sem verzla með erlendan varning. Svo eru til aðrar búðir í Reykjavík, sem verzla með mjólk. Þeim hefur fækkað um fjórtán, á sama tíma og hinum hefur fjölgað, eins og ég áðan gat um. Þeir, sem hafa stjórnað þeim, hafa verið að reyna að hafa sem minnstan tilkostnað við mjólkina og þess vegna fækkað þessum búðum, án þess þó að gera þær svo strjálar, að menn hafi ekki náð til þeirra, því að alltaf hefur mjólkurnotkunin vaxið, bæði í heild og eins á mann í bænum. Það hefur ekki gengið út yfir söluna, þó að þeim hafi fækkað, það hefur orðið til þess, að það hefur orðið hærra mjólkurverð til bændanna, mjólkurframleiðendanna, en hin fjölgunin aftur á móti, á hinum búðunum, úr 600 og upp í yfir hálft áttunda hundrað, orðið til þess, að fleiri prósent af bæjarbúum hafa lifað á álagningunni á verzlunina og einstaklingarnir orðið að borga vörurnar dýrara verði.

Ég held þess vegna, að það sé ekkert óheppilegt, þó að það sé tekið dálítið fyrir þessa þróun. En annars hefði ég gjarnan viljað einmitt í þessu sambandi vita, hvort nefndin hefði ekki rannsakað þetta meira en ég gat gert á þessari stuttu stund, sem ég hafði Hagtíðindi í höndunum þarna á borðinu, á meðan ráðh. og annar frsm. var að tala.

Þetta var nú það. En væntanlega getur nefndin svarað því, er ég vildi spyrja um. Lögin hafa nú verið í gildi nokkurn tíma, og þá ætti að vera komið í ljós, hve margar íbúðir hafi losnað vegna þeirra, þ. e. íbúðir, sem sumpart var haldið óleigðum vegna sölu, en sumpart ætlaðar til íbúðar á teikningu, en teknar undir skrifstofur eða þvílíkt. Nú, ráðh. er farinn út, en hann ætlaði ég að spyrja. Það hlýtur að liggja alveg fyrir, hvað mörgum íbúðum t. d. umboðsmennirnir, sem hafa átt að selja húsin, sem ráðh. minntist á, héldu óleigðum, af því að þeir vonuðu að ná hærra verði, ef íbúð væri óleigð í húsinu, kannske bara von um að geta ekki selt, nema það væri íbúð á leigu í húsinu, hvað margar slíkar íbúðir hafa losnað í húsum, sem hafa verið teiknuð sem íbúðarhúsnæði, en svo breytzt meira og minna í meðferðinni og gerð að verzlunar- og skrifstofuhúsnæði. Þetta langar mig bara til að vita vegna almenns fróðleiks, því að þetta hlýtur að liggja fyrir og vera auðgert að fá, og þegar maður er hér með ný lög, sem eiga að sinna ákveðnu hlutverki og fyrst og fremst laga ófremdarástand, sem talið er að hafi verið, þá er ekki nema eðlilegt, að menn spyrji um,

hvað hafi áunnizt. Hvað hefur miðað? Hvert hefur verið það starf, sem hefur verið gert í skjóli þessara laga, og hvað hefur áunnizt?

Frsm. minni hl. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. N.-M. kom hér upp í ræðustólinn í gær og fann að því, að menn kæmu hér upp til þess að tala um daginn og veginn. Mér fannst hann nú vera nærri því að gerast brotlegur um þetta sjálfur, þar sem hann komst nú áðan út í að tala um mjólkurverð og annað slíkt. En ég ætla nú aðeins að víkja að því, sem hann talaði um.

Dettur hv. þm. það í hug, að í vaxandi borg fari verzlun, verzlunarhúsnæði og skrifstofuhúsnæði og annað slíkt minnkandi? Allur sá urmull af fólki hér t. d. í höfuðborg landsins, allur sá urmull, sem býr hér, hvað er það margt af þessu fólki, sem vinnur við heimili sitt? Verður það ekki að fara af heimilum sínum á morgnana og í skrifstofuhúsnæði og iðnaðarhúsnæði og annað slíkt til þess að vinna? Ef þetta væri ekki til, ef þetta væri allt minnkandi, eingöngu væru byggð íbúðarhús, hvað væri þá um atvinnuna? Verzlun í bæjum og borgum er þjónusta við fólkið.

Hv. þm. minntist á það, að mjólkurbúðum hefði fækkað. Ég veit ekki, á hvaða tímabili þeim hefur fækkað. (Gripið fram í.) Á síðustu 4 árunum. En það er undarleg þjónusta við fólkið, ef upp rísa fjölmenn borgarhverfi hér og þar, við sjáum Reykjavík, hvað hún hefur þanizt út, og ef mjólkurbúðir eiga ekki einmitt að elta fólkið. Þjónustan er ekki í lagi, nema þetta sé gert, og þegar ný hverfi rísa upp, þá er það alltaf krafa fólksins og það brýzt í því sjálft, ef einstaklingarnir hafa ekki möguleika á því að koma því fram, að byggja sína verzlun upp. Þetta er mér persónulega kunnugt um. Það má benda t. d. á Kópavog í því sambandi. Fólkið átti mjög erfitt með að draga að sér og annað slíkt. Kvenfólkið er mest bundið við sín heimili og börn fram eftir deginum, fram yfir hádegi, og verður þó að hafa til mat og annað slíkt, sem það hefur kannske ekki nokkra möguleika til þess að ná í, einkanlega ef mjög langt er að fara og mjög erfitt. Nei, verzlunin er þjónusta — það þarf að taka það með í reikninginn — og dreifing á vöru. Auðvitað er svo um margt af þessum vörum, sem verið er að dreifa, að við getum sagt, að það sé ekki endilega þörf á þeim og að það sé óþarfavarningur og lúxus, en þetta fylgir nú alltaf með.

Hæstv. félmrh. kemur inn á það, hvort rétt hafi verið að hindra ólöglega notkun húsnæðis, og á þá við hús, sem eru í byggingu og eru teiknuð sem íbúðarhús og ef til vill fengið leyfi fyrir þeim sem íbúðarhúsum, en eru svo tekin til annarra nota, þegar þau eru tilbúin. Ég var búinn að lýsa því áður, að við værum því meðmæltir að koma í veg fyrir þetta og viðurkenndum, að það væri nauðsynlegt að setja löggjöf um þetta atriði. En ég benti á, að um leið og löggjafinn nær í þessa aðila, þarf löggjafinn að varast það að ganga yfir smælingjana, sem ekki brjóta neitt af sér, en samkvæmt laganna hljóðan í þessu frv. eru brotlegir líka, og það er einmitt dæmið, sem ég tók áðan. Hæstv. ráðh. svaraði því ekki, hvort þessir menn mundu falla undir þessi lög, svo að því er ómótmælt, að maður, sem tekur eitt herbergi í húsi sínu til iðnaðar, svipað dæmi og ég nefndi, er brotlegur við lögin, og það álít ég óréttlátt, og þess vegna fluttum við brtt. okkar, hv. 11. landsk. og ég. Svo segir ráðh.: Hvað verður eftir af lögunum, ef brtt. er samþykkt, hvað verður eftir af lögunum? Lögin standa bara öll eftir. Hann hefur alltaf síðasta orðið. Það koma umsóknir, og það koma meðmæli, en hann metur í hvert sinn, hvort það sé hægt að gera þetta, og segir já eða nei. Það hefur verið talað um Morgunblaðshöllina, það hefur verið talað um höll uppi í Þingholtsstræti, það hefur verið talað um höll uppi á Skólavörðustíg, sem hafi einmitt verið byggðar á þennan hátt, sem hér er verið að koma í veg fyrir. Það hefur verið talað um þetta. Ef beiðni kemur frá þessum aðilum, þá þykir mér líklegt, að ráðh. segi bara: Þetta kemur ekki til nokkurra mála. — En ef beiðni kemur frá manni, sem endilega þarf að nota eitt herbergi í íbúðinni sinni, sem hefur verið íbúð, og ætlar að fara að nota það til iðnaðar, — ef beiðni kemur frá honum og meðmæli viðkomandi bæjarstjórnar, því ekki að leyfa það? Svo segir hæstv. ráðh.: Ja, það er ekkert eftir af lögunum, ef okkar brtt. væri samþ. Þetta er vitanlega hreinn misskilningur. Hann segir, að hann mundi líta þannig á, að sér væri skylt að veita undanþáguna, ef beiðni kæmi frá eiganda og meðmæli bæjarstjórnar. Það er alls ekki átt við það, að honum sé það skylt; hann hefur alltaf síðasta orðið, eins og ég sagði.

Við þekkjum dæmi til þessa. Sækjum við ekki um leyfi fyrir hinu og öðru? Sækjum við ekki um leyfi fyrir byggingum? Sækjum við ekki um leyfi fyrir innflutningi á bílum og öðru slíku? Er það síðasta orðið, þó að við komum með rökstudda beiðni um, að okkur liggi á að fá þetta, t. d. bíl, við skulum hugsa okkur það, og meira að segja skólabíl til þess að flytja börn á, rökstudda beiðni og göngum eins vel frá henni og hægt er, svo að ljóst er, að um beina nauðsyn er að ræða? Hver hefur síðasta orðið? Innflutningsnefndin — og segir nei. Alveg nákvæmlega sama í þessu tilfelli.

Svo að ég víki nú aftur að hv. 1. þm. N-M., þá minnist hann á það, að n. hefði átt að athuga, hvað margar íbúðir hafi losnað. Þetta gerði n. ekki. Og ég get sagt það um minni hl., að við höfum ekki gert þetta. En þetta hefði verið óneitanlega fróðlegt. Og n. hafði ekki meira við þetta mál en það, að það er afgreitt á einum stuttum fundi og sáralítið talað um það að öðru leyti, hvað þá að þetta sé rannsakað. En það hefði vitanlega verið fróðlegt, einmitt að vita um þetta, hvaða áhrif lögin hafi haft, síðan þau voru sett. Ef áhrifin eru engin, ef ekkert hefur gerzt í þeim, þá hefði náttúrlega verið alveg óþarfi að vera að setja þau, þar sem von er á heildarlöggjöf um íbúðarhúsnæði eftir nokkra daga, eftir því sem fram hefur komið. Þá hefði ekki þurft að vera að setja þessi brbl. En ef fyrir lægi, að l. væru búin að gera stórkostlegt gagn, væri öðru máli að gegna.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Hæstv. félmrh. er hér ekki til svara

áfram, vegna þess að hann varð að víkja af fundi til að mæta á öðrum stað og sinna þar embættiserindum, en mér virtist hann bæði nú og við 1. umr. hafa gert mjög hreint fyrir sínum dyrum í þessu máli og sýnt fram á það fyrst og fremst, að l. voru sett af mikilli nauðsyn, og enn fremur hitt, að þó að þau að vísu séu ströng, þá þurftu þau að vera það, til þess að þau gætu náð því takmarki, sem þau áttu að ná, að skjóta þeim skelk í bringu, sem höfðu hafið verk til þess að reyna að koma fram ýmiss konar byggingum í skjóli þess frelsis, sem menn höfðu fengið til þess að koma upp íbúðarhúsnæði, og ég hygg, að l. hafi náð tilgangi sínum. Ég hef ekki heyrt, að mikill styrr hafi staðið milli manna í sambandi við þau. Ég hef ekki heyrt, að menn hafi orðið fyrir háum sektum vegna þessara l. Ég hygg, að það hefði ekki legið í láginni, ef eitthvað slíkt hefði gerzt. Og þegar nú spurt er um það, hvað hafi gerzt, t. d. eins og hv. síðasti ræðumaður spurði, — hann taldi, að það hefði verið gott að fá að vita, hvað mikið húsnæði það hefði verið, sem hefði átt að taka til annarra hluta, — þá er spurt um það, sem ekki er hægt að svara, vegna þess að af því að l. voru sett, hafa þessir atburðir ekki gerzt, og það eru engar skýrslur til um ætlanir manna. Þó að engin lög hefðu verið, þá væru engar skýrslur til um þær, en þaðan af síður geta verið skýrslur til um áhrif laganna.

Höfuðatriðið við umr. málsins hér er í raun og veru ekki það, hvort það væri æskilegt að auka við það, sem l. ná, t. d. eins og með till. þeirri, sem minni hl. heilbr.- og félmn. hefur lagt fram, heldur hitt, að fyrir liggur og er yfirlýst og vitað með vissu, að lagt verður fram frv. til heildarlöggjafar um húsnæðismál og þetta frv., sem hér liggur fyrir, yfirtekið með þeirri löggjöf. Það er því algerlega að vinna að óþörfu að gera breytingar á þessu frv. og ómaka það aftur til Nd., því að telja má líklegt meira að segja, að löggjöf sú, sem boðuð hefur verið, mundi ná því þar.

Hvort það er út af fyrir sig æskilegt að hliðra til fyrir þeirri þróun í þjóðfélaginu að auka við húsnæði fyrir skrifstofur og sölubúðir, ætti ekki að þurfa að deila um. Það er vitað mál, að það er sjúkleiki í okkar þjóðfélagi, hve margir vilja gerast þjónar í þessu efni, hve margir vilja gerast milliliðir og lifa á því að verzla og stunda skriffinnsku, en ekki taka þátt í nauðsynlegri störfum þjóðfélagsins. Ég held, að þetta stranga frv. hafi verið mjög heppileg löggjöf til þess að taka af skarið og skjóta þeim skelk í bringu, sem höfðu hugsað sér, eins og ég sagði áðan, að komast upp með það að nota það frelsi, sem veitt hafði verið til íbúðarhúsnæðisbygginga, til að koma upp aðstöðu fyrir sig til þess að geta lifað af milliliðastarfsemi.

Hins vegar er það, að til langframa er sú löggjöf, sem er undantekningarlaust bann í þessum efnum sem mörgum öðrum, máske ekki heppileg fyrir þróun mála, og þó að ég líti svo á, að það sé mjög eðlilegt, að hæstv. félmrh. hafi ekki viljað fá á sig þann mikla þunga, sem búast mátti við að á hann legðist í umsóknum um undanþágur frá l. á því skeiði, sem þessi brbl. áttu að gilda, þá sé ekki fráleitt að ræða það við setningu heildarlöggjafarinnar, að komið geti til greina að leyfa undantekningar á svipaða leið og t. d. frsm. minni hl. hefur bent á að eðlilegt geti verið, þegar um hagnýtingu eigin íbúða er að ræða. En það er rétt að taka til athugunar, þegar heildarlöggjafarfrv. liggur fyrir, en sjálfsagt á þessu stigi að staðfesta brbl. og lofa þeim að enda sinn tíma og halda áfram sinn stutta gildistíma að skelfa þá, sem þurfti að skjóta skelk í bringu, vegna þess að fjárfestingarmálin voru að komast í óefni fyrir misnotkun frelsisins, sem veitt hafði verið.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hv. þm. S-Þ. gat um það, að n. þessi hefði klofnað þar, sem nefndir eru „kleyfastar" á þessu þingi. Hann gat um það í sinni fyrri ræðu. Ég er ekki þingvanur maður, en mig satt að segja furðar stórlega á því, hvað nefndir klofna reglulega hér á þessu hv. Alþ. Ég er ekki að segja, að það hafi gerzt í þessu máli, en nefndir virðast yfirleitt klofna eftir fyrir fram ákveðnu striki, jafnvel þótt maður hafi rökstuddan grun um að ætla, að hv. þm. hafi skilið eftir sál og sannfæringu hinum megin við strikið.

Hv. þm. S-Þ. gat um það, að ný húsnæðismálalöggjöf væri á ferðinni, sem samþ. yrði á þessu þingi, og fór honum í því efni ekki ósvipað og hæstv. félmrh. í gær, en þeir virðast báðir telja, að það sé óþarfi að gera nokkrar aths. við húsnæðismálafrumvörp stj., vegna þess að um það efni verði sett löggjöf á þessu þingi. Hv. þm. talaði einnig um það, að þessar aðfinnslur okkar væru til þess að tefja það, að málið næði fram að ganga, en ég vil benda honum á, að þetta frv. er þegar orðið að l. Það eru brbl., sem hægt er að beita og hefur væntanlega verið beitt í einhverjum tilfellum, svo að ég álít enga goðgá, þó að það sé rætt og við það gerðar nokkrar aths.

Hv. þm. S-Þ. gat um það í seinni ræðu sinni, að það væri sjúkleiki, hve margir vildu taka að sér verzlunarstörf í þjóðfélaginu, og á hann þá sennilega við verzlunar- og fleiri svokölluð hvítflibbastörf. Ég er honum sammála í því, að það er sjúkleiki eða a. m. k. óæskileg þróun, að of margir menn taki að sér slík störf. En er það ekki einmitt þetta, er það ekki þessi þróun, sem hæstv. núverandi ríkisstj. virðist vera að ýta undir? Ég veit ekki annað en að hún hafi gengið vasklega fram í því að fjölga mönnum í nefndum og ráðum og stofna nýjar nefndir. Þeir menn, sem þannig taka að sér nefndastörf ríkisstj., taka að sér störf, sem áður gátu færri menn unnið, og það verður að telja óæskilega þróun. T. d. var rætt hér í hv. d. í gær um það, að fjölgað hefði verið um tvo í húsnæðismálastjórn? Nú er bezt að bíða átekta og vita, hvort hæstv. ríkisstj. fækkar sendiherrum á Norðurlöndum. Stjórnarsinnar hafa haft orð á því áður, að það væri sjálfsagt. Við skulum bíða og sjá, hverju fram vindur í því efni.

Ég er sammála hæstv. félmrh. að því leyti, að nauðsyn hafi verið að setja löggjöf svipaða þessari til þess að stöðva þróun, sem að ýmsu leyti var óæskileg. En ég álít, að þessi brbl. séu allt of fortakslaus, og það er það, sem ég og hv. 2. þm.

Árn. erum að reyna að sýna fram á. Þess vegna höfum við flutt brtt. á þskj. 212. En við álítum, að yrði hún samþ., mundu l. verða þjálli í meðferð, en það er alltaf vitað, að lög, sem ekki gera ráð fyrir neinum undanþágum, koma misjafnlega og illa niður víða hvar.

Hæstv. ráðh. spurði um það áðan, hvað yrði eftir af l., ef till. yrði samþ. Ja, ég vona, að allir hv. þdm. geti svarað þeirri spurningu. Lögin yrðu bókstaflega öll eftir. Það yrði einungis sú breyting, að heimild til að víkja frá ákvæðum l. yrði í höndum hæstv. félmrh., og ég skil satt að segja ekki um jafnákveðinn og metnaðargjarnan mann, að hann skuli hafa á móti því að fá þessa heimild, sem veitir honum einum aukinn rétt, en enga skyldu.

Þá virtist það einnig liggja í orðum hæstv. ráðh., að íbúðir, sem eru til sölu, þyrftu helzt að standa auðar. Ég hef nú satt að segja ekki heyrt þetta fyrr. Ég þykist þekkja nokkra fasteignasala hér í bænum, og hef ég yfirleitt ekki heyrt þá tala um, að það væri nauðsynlegt, til þess að íbúð seldist, að hún væri auð.

Hv. stjórnarsinnar hafa bæði í dag og í gær gert nokkurt veður út af því, að við stjórnarandstæðingar skulum vera að gera aths. við húsnæðismálafrumvörp þeirra. En þeir gætu sparað sér ónæðið með því að framvísa hinni nýju húsnæðismálalöggjöf, sem þeir segja að fram verði lögð og samþ. á þessu þingi. Það er rétt að hvetja þá til þess að sýna þetta merkilega frumvarp sem fyrst. Það gæti orðið til þess að flýta störfum þingsins.

Páll Zóphóníasson: Það var aðeins af því, að 2. þm. Árn., frsm. minni hl., virtist ég hafa farið út fyrir málið, sem til umr. er hér, en það vil ég alls ekki kannast við. Hann sagði sjálfur, að þessi lög leiddu til þess, að verzlunarhúsnæði minnkaði í bænum, og það væri ekki ákjósanleg þróun. Þess vegna leyfði ég mér að benda honum á, hvernig verzlunarhúsnæði hefði fjölgað í bænum, almennt séð, almennar verzlanir, með þeirri undantekningu, sem er á mjólkurbúðunum, sem hefur fækkað um 14, á sama tíma og hinum hefur fjölgað úr 669 og upp í nærri 760, — benti honum bara á þetta. Og ég rakti að mínu viti orsakirnar til þessa, taldi það vera af því, að þeir, sem stjórnuðu öðrum flokk búðanna, mjólkurbúðunum, vildu fá minni tilkostnað í sambandi við mjólkursöluna og hefðu þess vegna fækkað þeim, ekki með þeim árangri, að mjólkursalan hefði minnkað og þjónusta þess vegna orðið verri við almenning, þvert á móti hefur hún aukizt, ekki bara í heild, heldur líka miðað við fólksfjölda. Og ég hélt, að það, að hinum hefði fjölgað svona mikið, eða úr 12.8% og upp í milli 14 og 15%, mundi stafa af öðrum ástæðum en fækkun mjólkurbúðanna. Það mundi stafa af því, að þeim þætti léttara að taka sínar lífsþarfir með því að leggja það á vöru, sem þeir réttu fram yfir búðarborðið, heldur en að vinna fyrir henni á annan hátt. Ég benti á þetta. Hann var að spyrja mig viðvíkjandi mjólkurbúðunum, og nú vil ég spyrja hann: Er nauðsynlegt, að milli 14 og 15% af öllum Reykvíkingum lifi á því að afhenda hinum mönnunum í Reykjavík vörurnar, sem þeir þurfa að nota til dagsdaglegra þarfa? Er það nauðsynlegt? Ég held, að það sé það ekki. Og ég held, að það sé ekkert á móti því, þó að við reynum að gera eitthvað til þess að draga svolítið úr, að þeim haldi áfram að fjölga og verzlununum sömuleiðis.

Frsm. minni hl. (Sigurður Ó. Ólafsson): Hv. þm. S-Þ. sagði hér í ræðu sinni áðan, að vegna þess að brbl. um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum hefðu verið sett, væri það líklega þannig, eða ég skildi hv. þm. þannig, að nægilegt hefði verið að setja lögin, því að líklega hefði enginn verið sektaður og lögin því ekki komið til framkvæmda, m. ö. o., að þegar plaggið var komið út, þá urðu viðkomandi brotlegir menn eða þeir, sem voru að gerast brotlegir, svo skelkaðir, að þeir hættu við hinar saknæmu framkvæmdir, því að hv. þm. hefur ekki neinar fréttir af málarekstri né miklum sektum vegna þessara laga.

Um þetta skal ég ekki segja annað en það, að ef lögin hafa verið svona sterk á þessu sviði, að það þurfti ekki annað en að gefa þau út, hví er þá verið að eyða tíma í það hér á hv. Alþ. að vera að fá samþykkt þess fyrir lögunum, þar sem er nú von á öðrum lögum, sem eru um alveg sama efni, nú eftir nokkra daga, og það eftir svo stuttan tíma, að hv. þm. sagði, að ef okkar till. yrði samþykkt, minni hlutans, og málið færi til Nd. aftur, mundi hitt frv. ná því þar. Ég sé ekki annað en að þetta sé þá bara tóm vitleysa frá upphafi til enda, það hefði verið nóg, að lögin væru til, og það hefði aldrei þurft að leggja þau fyrir Alþingi til samþykktar, því að brbl. sem slík eru í gildi, strax þegar forseti er búinn að samþykkja þau, og þau hefðu þá verið allan þann tíma, svo að þessum tíma, sem hv. Alþingi hefur eytt í meðferð á þessum lögum, er öllum kastað á glæ.

Hv. 1. þm. N-M. sagði, að ég hefði sagt, að setning þessara laga yrði til þess að fækka verzlunarhúsnæði í bænum. Ég man ekki eftir, að ég hafi minnzt á það einu orði, að lögin yrðu sérstaklega til þess að fækka verzlunarhúsnæði. Ég minntist ekkert á það. Ég minntist aftur á þá þróun, sem liggur alltaf fyrir og er óneitanlega í bæ og borg, sem er að vaxa og fjölga, að verzlunarhúsnæði, skrifstofuhúsnæði og annað slíkt fylgir útþenslu bæjanna og fólksfjölguninni, — ekki nokkur vafi á því. Ég skal aðeins benda á eitt t. d., þegar verið er að tala um skrifstofu- og verzlunarhúsnæði hér í Rvík. Við vitum það allir, og hv. 1. þm. N-M. manna bezt, að Búnaðarfélag Íslands hefur verið í óviðunandi húsnæði núna í fjöldamörg ár, í gömlu timburhúsi, sem hefur verið allt of lítið fyrir starfsemi þess. Nú er ákveðið, að Búnaðarfélag Íslands byggi stórhýsi. Verður það stórhýsi ekki eintómar skrifstofur og einmitt til þeirra nota fyrir Búnaðarfélag Íslands og starfsemi bændasamtakanna hér? Þetta er sjálfsögð þróun og nauðsynleg og óhjákvæmileg. Þetta er bara aðeins eitt dæmi um þetta.

Svo spyr hv. þm., hvort það sé nauðsynlegt, að 14—15% af íbúum þessarar höfuðborgar okkar lifi á verzlun. Ég skal ekkert segja um þetta. Ég hef ekki neinar skýrslur um það, hvað mörg pró-

sent af íbúum hvers bæjarfélags lifa á verzlun. Það náttúrlega liggur í augum uppi, að ef maður lítur á Rvík og þýðingu hennar og aðstöðu hvað verzlun snertir fyrir allt landið, þá er eðlilegt, að það séu fleiri hér, sem lifa við verzlun og afhendingu og dreifingu á vörum, heldur en t. d. í bæ einhvers staðar úti á landi. Hingað til Rvíkur koma svo til allar vörur, sem koma frá útlöndum. Þær eru fluttar hingað til Rvíkur, hér er þeim umskipað, og hér er þeim aftur skipað um borð í skip, sem flytja þær út um allt land. Af þessu leiðir vitanlega, að fleira fólk þarf til að vinna að verzlun og vörudreifingu í Rvík en annars staðar á landinu. — Það voru aðeins þessar athugasemdir, sem ég vildi nú gera út af þeim umr., sem hafa fallið.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Hv. frsm. minni hl., 2. þm. Árn., lýsti undrun sinni yfir því, að lagt væri kapp á að staðfesta brbl. þau., sem gilt hafa og munu gilda eftir venju, meðan þingið stendur, þó að þau séu ekki staðfest, — hann var hissa á því, af því að gert væri ráð fyrir nýrri löggjöf, sem yfirtæki hlutverk þessara brbl. En hann þarf sjálfsagt ekkert að undrast það, þó að sú stjórn, sérstaklega sá ráðh., sem hefur gefið út brbl., kunni því betur, að lögin séu staðfest af Alþingi, heldur en að þau séu látin deyja út sem brbl. Það munu allar stjórnir leggja áherzlu á þetta. Og þar sem nú svo stendur á með þessi lög, að þau hafa verið þörf, líka að dómi stjórnarandstöðunnar, þá er engin ástæða til annars en að staðfesta þau. Það er að vísu svo, að eins og n. klofna eftir vissum reglum á þessu þingi, þá skiptist afstaða til mála nokkuð eftir vissum reglum, og það hefur sýnt sig, enda viðurkennt í öðru hverju orði, að stjórnarandstaðan er á móti þessari löggjöf, af því að hún telur sig hafa þeirri skyldu að gegna að vera í samræmi við lögmálið um hið kleyfa efni.

Hæstv. 2. þm. Árn. hafði ekki aðra sögu að segja en ég um, að hann vissi ekki dæmi þess, að menn hefðu orðið hart úti fyrir sektir, er stöfuðu frá þessum brbl., þó að sektarákvæði þeirra séu há. Hann hefur viðurkennt, að þau voru þörf löggjöf. Og þá getum við líka bætt því við, að þau hafa verið góð lög, úr því að þau gerðu sitt gagn, án þess að menn yrðu fyrir fjárútlátum, og þar af leiðandi er fullkomin ástæða til þess að staðfesta þau.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:1 atkv.
2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 212 felld með 8:3 atkv.
3. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 5. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FS, HermJ, KK, PZ, SE, AG, BjörgJ, BSt.
FÞ, JJós, JK, SÓÓ greiddu ekki atkv.
5 þm. (BjörnJ, FRV, GTh, HG, SB) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 217).

---

17. Samkomudagur reglulegs Alþingis 1957.

Á 30. fundi í Sþ., 13. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1957 [112. mál] (stjfrv., A. 240).

Á 54. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt, á Alþingi að koma saman 15. febr., nema annað sé ákveðið með lögum. Það er nú bersýnilegt, að þessu þingi verður ekki lokið fyrir morgundaginn, og þess vegna er þetta frv. borið fram, eins og hefur verið gert undanfarin ár.

Það þarf, eins og frv. ber með sér, að flýta því gegnum þingið í dag, og ég geri ráð fyrir vegna þess, hvernig á stendur, — þetta er sá venjulegi samkomudagur, sem samkomulag hefur verið um, 10. dagur októbermánaðar, — að hægt sé að ljúka málinu, án þess að það fari til nefndar. En hér í þessari hv. deild þarf málinu að vera lokið, áður en fundum verður slitið í hv. Ed.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 56. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa langa framsögu fyrir þessu

máli. Það er þekktur kunningi hér á undanförnum þingum, vegna þess að samkomudagur Alþingis er, eins og hv. þm. er kunnugt, 15. febr. Hafa sams konar frv. og hér er borið fram verið borin fram á undanförnum þingum, og er raunverulega orðin nokkurn veginn föst venja, að sá samkomudagur Alþingis er ákveðinn, sem hér er gert, 10. okt. Vegna þess að nú er 14. febr., þarf, eins og ég minntist á í hv. Nd., að ljúka þessu máli í dag, og það var afgr. þar, án þess að það færi í nefnd. Ég vildi óska, að sami háttur væri hafður á hér.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 246).

---

18. Fjárlög 1957.

Á fundi í Sþ., 10. okt., var útbýtt:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1957 [1. mál] (stjfrv., A. 1).

Á 3. fundi í Sþ., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Áður en ég vík að frv. til fjárlaga, sem lagt hefur verið fram, vil ég fara nokkrum orðum um afkomu ríkissjóðs árið 1955, en ég mun þó ekki verða sérstaklega langorður um það efni né lesa upp ríkisreikninginn, þar sem hv. alþm. fá hann nú í sínar hendur.

Tekjur ríkissjóðs á rekstraryfirliti urðu 646 millj. og fóru því fram úr áætlun um 133 millj. kr. Rekstrarútgjöldin urðu 512 millj. og fóru þannig allverulega fram úr áætlun, en þó miklu minna en umframtekjunum nam. Rekstrarafgangur varð 133 millj. í staðinn fyrir 58 millj., sem gert var ráð fyrir í fjárlögunum, en greiðsluafgangur varð um 65 millj. króna.

Eins og hv. þm. er kunnugt, þá varð niðurstaðan sú, að nær öllum greiðsluafganginum var ráðstafað á síðasta Alþ., og voru um það efni sett ákvæði í 22. gr. fjárlaganna fyrir yfirstandandi ár. Ég rifja hér upp, hvernig þessu fé var ráðstafað:

1. Lán til bjargráðasjóðs vegna óþurrkanna á Suður- og Vesturlandi 10½ millj. kr.
2. Lán til ræktunarsjóðs 22 millj. kr.
3. Lán til veðdeildar Búnaðarbankans 2 millj. kr.
4. Lán til fiskveiðasjóðs 10 millj. kr.
5. Lán til íbúðalánasjóðs í kaupstöðum og kauptúnum 13 millj. kr.
6. Framlag til stofnkostnaðar ýmissa skóla 1½ millj. kr.
7. Aukaframlag til hafnarframkvæmda 1 millj. og 200 þús. kr.

Samtals nemur það fé, sem ráðstafað var, 60 millj. og 200 þús. kr.

Ýmsar ástæður lágu til þess, að tekjur ríkissjóðs fóru svo verulega fram úr áætlun á árinu 1955. Tekjur og viðskipti yfir höfuð fóru vaxandi í krónutölu vegna hækkandi dýrtíðar og vaxandi verðbólgu, en mest hefur þó munað um þær miklu aukatekjur, sem ríkissjóður hafði af innflutningi bifreiða á árinu 1955, en eins og kunnugt er, voru á því ári fluttar inn mjög margar bifreiðar með sérstöku tilliti til tekjuöflunar til stuðnings útgerðar togaraflotans.

Talsverðar umframgreiðslur urðu á ríkisrekstrinum, eins og reikningurinn ber með sér, þó að þær yrðu miklu minni en umframtekjurnar. Eru umframgreiðslur þetta ár á langflestum liðum fjárlaganna, og ástæðan er sú m. a., að á því ári, í fyrra, fóru öll útgjöld mjög vaxandi vegna hækkandi dýrtíðar, eins og fram kemur líka í tekjuhlið fjárlaganna og ég hef þegar rætt um.

Þá voru á árinu 1955 gerðar ráðstafanir til þess að afnema ýmsar skerðingar á launum embættismanna, sem höfðu verið í gildi undanfarin ár, afnumin skerðing verðlagsuppbóta og einnig skerðing á grunnlaunauppbót. Fengu opinberir starfsmenn með þessum ráðstöfunum mikla réttingu sinna mála, en uppbótum þessum hafði verið haldið niðri um nokkurt árabil. Þetta var eins konar aðdragandi að þeirri allsherjar endurskoðun á launakjörum opinberra starfsmanna, sem átti sér stað á síðasta Alþ., þegar nýju launalögin voru sett.

Það er tæplega ástæða til að nefna sérstaklega mjög marga liði í umframgreiðslunum, vegna þess að þær greinast af framangreindum ástæðum á nær alla eða flesta liði fjárlaganna. Sérstök ástæða er þó til þess að nefna eftirfarandi:

Brýrnar á Múlakvísl og Skálm fóru af í hlaupi, og varð að leggja 1 millj. 619 þús. kr. til brúabyggingar á þessar ár án fjárveitingar á árinu 1955. Þá voru greiddar án sérstakrar fyrir fram lagaheimildar 3½ millj. kr. úr ríkissjóði til uppbótar á útflutning Suðurlandssíldar á árinu 1955. Uppbótargreiðslur á Suðurlandssíld urðu að vísu miklu meiri en þetta á árinu, en meiri hluti kostnaðarins var með lögum frá síðasta Alþ. lagður á framleiðslusjóð.

Þá má geta þess, að kostnaður við að greiða niður verð innlendra vara varð 5 millj. og 200 þús. kr. meiri en áætlað var. Ekki voru þó niðurgreiðslur auknar á árinu 1955, heldur varð neyzl-

an meiri en þau rn. gerðu ráð fyrir, sem þessa liði áætla.

Þá má geta þess, að notað var 1 millj. 574 þús. kr. meira til stækkunar sjálfvirku stöðvarinnar í Reykjavík en ráðgert var á fjárlögum, en var þó raunar hluti af því á heimildargrein, og var það gert til þess að tryggja vélar til stöðvarinnar í tæka tíð og einnig til þess, að bygging hennar gæti haldið áfram með fullum hraða, en bygging þessarar stöðvar er orðin ein hin allra mest aðkallandi framkvæmd, svo sem kunnugt er. Kveður svo rammt að símaskortinum í Reykjavík, að jafnvel læknar hafa langtímum saman orðið að vera símalausir og raunar fleiri, sem vegna atvinnu sinnar geta í raun réttri ekki með nokkru móti verið án símasambands.

Til framkvæmda í flugvallamálum eru notaðar á árinu 2 millj. og 200 þús. kr. fram yfir áætlun.

Þá er einnig þess að geta, að til atvinnuaukningar voru veittar 5 millj. kr., en ráðstafað 6 millj. 950 þús. kr., eða 1 millj. 950 þús. kr. umfram fjárveitingu. Reyndist svo fast sótt eftir fjármunum í þessu skyni og þörfin víðs vegar svo mikil, að gripið var til þessarar umframgreiðslu til þess að bæta úr því allra brýnasta.

Þá voru í samráði við fjvn. fest kaup á tveimur sendiherrabústöðum, í París og í Bonn, og notað í því skyni á árinu 1 millj. 944 þús. kr. Eru þó ekki öll kurl til grafar komin í þessu efni, vegna þess að leggja varð mikið fé í að endurbæta hús það, sem keypt var í París, og kemur sá kostnaður á þetta ár.

Hefur þá verið greint frá aðalumframgreiðsluliðunum og höfuðástæðunum fyrir umframgreiðslum ársins 1955.

Ég kem þá að fjárlagafrv. því, sem hér liggur fyrir, fyrir árið 1957. Fjárlagafrv. ber að leggja fram í byrjun Alþingis. Nú er á hinn bóginn þannig ástatt um efnahags- og framleiðslumál landsins, að öllum er ljóst, að eigi verður hjá því komizt að gera nýjar ráðstafanir í þeim málum. Eru þau mál öll nú í athugun hjá ríkisstj. og ráðuneytum hennar, en ekki verið teknar ákvarðanir um það, til hvaða úrræða skuli gripa. Fjárlagafrv. varð því að miða við það ástand, sem er, þegar það er lagt fram. Verður að gera ráð fyrir, að frv. taki þeim breytingum í meðförum á Alþ. síðar, sem ástæða kann að vera til vegna nýrra ráðstafana í efnahagsmálum og framleiðslumálum yfir höfuð. Þetta á einnig við um tekjuöflunarfrumvörpin, þ. e. a. s. framlengingarfrumvörpin, sem fjárlagafrv. fylgja.

Það skal strax tekið fram, að í frv. er ekki gert ráð fyrir viðbótargreiðslum þeim á verði vara innanlands, sem gripið var til í haust samkv. brbl. um stöðvun verðlags og kaupgjalds fram til áramóta. Eru þessar greiðslur ekki teknar með, þar sem ekkert er um það vitað, hvort til greina kemur eða ekki að inna þær af höndum á næsta ári. En getið skal þess strax til fróðleiks mönnum, að áætlað er, að kostnaður við þessar viðbótarniðurgreiðslur mundi nema á heilu ári um 23—24 millj. kr., en lækka vísitöluna um 3½ stig frá því, sem hún ella mundi vera. Sýnir þetta, að niðurgreiðslur þessar kosta sem svarar 6 millj. og 800 þús. kr. yfir árið á hvert vísitölustig. Það er ekki gott að fullyrða, hve mikið þessar niðurgreiðslur kosta ríkissjóð þann tíma, sem þær hafa verið ákveðnar, eða til 1. jan., en ekki er ólíklegt, að þær muni kosta 8—9 millj. kr. á því tímabili.

Á fjárlagafrv. eru rekstrarútgjöldin áætluð 642 millj. kr. og útgjöld í eignahreyfingakaflanum 69 milljónir. Á gildandi fjárlögum eru útgjöldin á rekstrarreikningi áætluð 596 millj. kr. og í eignahreyfingakaflanum 65 millj. kr. Verður því niðurstaðan sú, að greiðslur alls eru áætlaðar 50 millj. kr. hærri á þessu frv. en þær, sem ráðgerðar eru í gildandi fjárlögum. Á hinn bóginn eru tekjurnar áætlaðar 711 millj. í þessu frv. í stað 659 í gildandi fjárlögum. Eru því tekjur áætlaðar 51 millj. og 700 þús. kr. hærri í þessu frv. en á fjárlögum ársins.

Gert er ráð fyrir því í frv., að tekjur og gjöld standist á, því að ekki er teljandi, þó að örlítill greiðsluafgangur sé ráðgerður.

Mun ég þá víkja nokkuð að höfuðatriðum fjárlagafrv. eða réttara sagt gera stutta grein fyrir breytingunum frá gildandi fjárlögum.

Þá eru fyrst fjárveitingar til framkvæmda eða fjárfestingarmála, eins og menn eru nú mjög farnir að orða það. Það má segja, að fjárveitingar til verklegra framkvæmda séu í heild sinni jafnháar í þessu frv. og í gildandi fjárlögum. Ekki er þó svo að skilja, að allir framkvæmdaliðir séu nákvæmlega eins settir og í fjárlögum yfirstandandi árs. Nokkrar breytingar eru á einstökum liðum. Þær eru yfirleitt ekki svo stórvægilegar, að ég telji ástæðu til að rekja þær í framsögunni fram og til baka. Sumir framkvæmdaliðirnir eru settir jafnháir og þeir voru í frv. fyrrverandi stjórnar til fjárlaga fyrir árið 1956, þegar það var lagt fyrir Alþ. Aðrir eru settir jafnháir því, sem þeir eru í gildandi fjárlögum, og loks er í nokkrum dæmum farið bil beggja og fjárhæðir settar mitt á milli þess, sem lagt var til í fjárlagafrv. í fyrra, og hins, sem Alþ. að lokum ákvað. Nokkrar undantekningar eru þó frá þessu og eru þessar helztar:

Fjárveiting til framkvæmda í flugmálum á 20. gr. er hækkuð um 2 millj. kr. Á fjárlagafrv. yfirstandandi árs eru veittar 3½ millj. í þessu skyni. Augljóst er, að þessi fjárveiting er nærri því sem dropi í hafið, þegar hún er borin saman við þau verkefni, sem óleyst bíða í þessari starfsgrein. Þetta er heldur ekkert undarlegt, þegar þess er gætt, hvað flugið er í rauninni ungur þáttur í samgöngukerfi landsins, og það einnig haft í huga, hversu ör framþróunin er í þeim málum og hve stórfelldur þáttur flugið er nú þegar orðinn í samgöngum landsins. Sýndist því óhugsandi annað en að bæta hér nokkuð við það, sem áður hefur verið áætlað í þessu skyni, og þyrfti þó óneitanlega mun meira fjármagn til þessara mála, en það gildir nú um svo margt annað.

Þá eru fjárveitingar til eignaaukningar landssímans hækkaðar um 800 þús. kr. Er það nokkur tilfærsla á einstökum liðum fram og til baka. Þannig er fjárveiting til símalagningar í sveitum aðeins lækkuð eða sett 2 millj. kr. samkv. till. póst- og símamálastjóra, og gerir póst- og símamálastjórnin sér vonir um, að hægt verði með þessari fjárveitingu að verða við öllum óskum um síma eða símasamband á sveitabæi,

sem enn þá hafa ekki fengið síma. Er mjög merkum áfanga náð, þegar sími er kominn á alla bæi í sveit, eða símasamband, enda þótt samt vanti þá enn mikið á, að öll sveitaheimili hafi fengið síma, þar sem víða yrði þá enn aðeins einn sími á tvíbýlis- eða fleirbýlisjörðum. Næsti áfangi í símamálum sveitanna yrði að fá síma á hvert heimili í sveit, enda að því stefnt hröðum skrefum, að hvert heimili á landinu eigi kost á síma.

Fjárveiting er tekin upp til þess að byrja á byggingu sjálfvirkrar símastöðvar í Keflavík. Haldið er áfram að veita fé til stuttbylgjusambands við Hornafjörð og fjárveiting til stuttbylgjusambands við Borgarnes hækkuð um 600 þús. kr., en báðar þessar framkvæmdir eru liðir í þeim áætlunum, sem nú er verið að framkvæma til þess að bæta úr því vandræðaástandi, sem ríkt hefur í símamálum Austfirðinga og Norðlendinga nú undanfarið. Þá eru veittar 2 millj. og 800 þús. kr. til stækkunar sjálfvirku stöðvarinnar í Reykjavík. Því miður tókst ekki að ljúka nýju stöðinni á þessu ári, eins og ráðgert var. 1. sept. var eftir að leggja í þetta fyrirtæki 17 millj. og 800 þús. kr. Það var sú fjárhæð, sem þá vantaði til þess að ná landi, 1. sept. í haust. En ráðgert er að leysa það mál þannig: leggja fram 2 millj. og 800 þús. kr. samkv. 22. gr. fjárlaga fyrir 1956, þ. e. a. s. fjárlaga yfirstandandi árs, og er verið að reyna að útvega það fé að láni til stutts tíma, vegna þess að gera má ráð fyrir, að sjálfvirka stöðin geti staðið undir stuttu láni. Þá fæst gjaldfrestur á efni til stöðvarinnar í Þýzkalandi, sem nemur 2 millj., og fjárveiting í þessu fjárlagafrv. er ráðgerð 2 millj. og 800 þús., eins og ég sagði áðan. Eru þá komnar 7 millj. og 600 þús. af þessum 17 millj. og 800 þús., sem eftir var að leggja í fyrirtækið frá 1. sept. Vantar þá enn 10 millj., og er það von manna, að stofngjöld frá hinum nýju símanotendum geti staðið undir þeirri fjárhæð. Enn getur harðnað svo á dalnum um fjáröflun til þess að ljúka stöðinni, að grípa verði til þess að selja mönnum réttinn til hinna nýju númera nokkrum mánuðum fyrir fram. Munu menn betur skilja, að vel getur svo farið, að til þessa úrræðis þurfi að grípa, þegar menn hafa kynnt sér þær upplýsingar, sem ég mun gefa hér á eftir um það, hvernig ástatt er um fjáröflun yfirleitt til fjárfestingarmála samanborið við þau verkefni, sem menn hafa með höndum.

Þá vil ég greina frá því, að fjárveiting til viðhalds þjóðveganna er hækkuð um 4 millj. kr. í þessu frv. Alþ. hefur undanfarið stöðugt verið að lengja þjóðvegakerfið með því að taka upp nýjar leiðir í þjóðvegatölu, og bætt var við á síðasta Alþingi. Hefur vegamálastjóri sýnt greinilega fram á, að með þeirri umferð, sem nú er orðin, og þeirri þjóðvegalengd, sem Alþ. hefur ákveðið, er alveg vonlaust að halda vegunum færum með minni fjárveitingu en þeirri, sem hér er ráðgerð í fjárlagafrv., og telur hann raunar þörf á meiru. Þess má einnig geta til marks um þróunina í umferðarmálum, að 1953 voru bifreiðar í landinu 10700, en eru nú taldar 15600, eða nærri 5 þús. fleiri en þær voru fyrir þremur árum. Enn fremur má benda á, að lengd akfærra þjóðvega hefur á sama tíma aukizt um 1000 km. Það eru sem sé þær leiðir, sem teknar hafa verið í þjóðvegatölu.

Þetta eru helztu hækkanirnar, sem orðið hafa á fjárveitingum til verklegra framkvæmda frá gildandi fjárl., en í heild eru þær, eins og ég sagði áðan, því sem næst jafnháar og í fjárlögum yfirstandandi árs. Allar eru fjárveitingarnar til verklegra framkvæmda miklu lægri en forstöðumenn starfsgreina sýna fram á að brýn þörf sé fyrir, enda vitum við vel, hversu framkvæmdaþörfin kallar að, bæði í vegamálum, brúamálum, hafnar- og vitamálum, skólamálum, heilbrigðismálum og raforkumálum, svo að aðeins nokkur dæmi séu nefnd.

Þessar till. í fjárlagafrv. eru á hinn bóginn nánast miðaðar við, að ekki er hægt að sjá, að mögulegt sé að hækka fjárveitingar til verklegra framkvæmda, nema nýjar ríkistekjur komi til, og svo hitt, hve fjárfestingin í landinu í heild er mikil, og augljóst er, að þjóðin ræður ekki við meiri fjárfestingu í heild en hún hefur nú með höndum að óbreyttum ástæðum, og raunar ekki að óbreyttum ástæðum við það, sem hefur verið í fang færzt.

Af þessum ástæðum eru ekki hærri fjárhæðir teknar í fjárlagafrv., en ekki fyrir það, að þörfin sé ekki fyrir hendi. Er þó vandséð, hvernig á að halda áfram að framkvæma raforkuáætlun dreifbýlisins t. d. með hæfilegum hraða, án þess að ríkið sjálft leggi beinlínis til meira fé en gert hefur verið. Og sama er að segja um ýmislegt af því, sem verið er með á prjónunum varðandi framkvæmdir til þess að stuðla að auknu jafnvægi í byggð landsins. Þá mun eins og fyrri daginn reynast erfitt að komast af með það fé, sem á frv. er ráðgert til vega, brúa, hafna, sjúkrahúsa og skóla, svo að dæmi séu nefnd, og mun það mjög koma í ljós síðar hér á hv. Alþ. En eins og ég kem að síðar, er alvarlegt ástand í fjárfestingar- og fjáröflunarmálum, og það verður ekki hægt að halda áfram að byggja fjárfestingarframkvæmdir á lausaskuldasöfnun, eins og gert hefur verið í raun og veru á þessu ári.

Þessa þætti verður að skoða hér á Alþ. ofan í kjölinn, og verða þeir að takast til meðferðar í sambandi við ákvarðanir um ráðstafanir í efnahags- og framleiðslumálum almennt, enda eru ákvarðanir um fjárfestingu og fjáröflun til hennar, þ. á m. um opinbera fjárfestingu, mjög þýðingarmikið atriði í þessu sambandi.

Ég sagði áðan, að heildarútgjöld fjárlagafrv. væru um 50 millj. kr. hærri en í gildandi fjárlögum. Nú munu menn spyrja: Í hverju liggja þessar hækkanir? Mun ég gera nokkra grein fyrir því, hvernig á þessari hækkun stendur.

Hækkun útgjalda vegna nýju launalaganna umfram það, sem gert var ráð fyrir í fjárlögum 1956, mun að áætlun fjmrn. verða um 4 millj. kr. Í þessu fjárlagafrv. er gert ráð fyrir vísitölu 178, og er það 2 stigum hærra en í gildandi fjárlögum, og veldur það útgjaldahækkun, sem nemur a. m. k. 3 millj. kr.

Síðasta Alþingi setti lög um þjóðskrá til afnota fyrir margar stofnanir, og kostnaður við þá starfrækslu mun nema um 540 þús. kr. Gert er ráð fyrir, að nýtt varð- og björgunarskip, Albert,

komi til starfa á næsta ári, 9 mánuði ársins, og er rekstrarkostnaður þann tíma áætlaður 1 millj. og 300 þús. kr.

Á ríkisspítölunum koma til greina nýjar deildir og nýtt starfsfólk, einkum landsspítalanum. Enn fremur hefur verið samið um að borga þeim, sem vinna um nætur, álag á kaup, og kostnaður við sumarleyfi hefur einnig aukizt vegna lengingar á leyfum. Telst ráðuneytinu svo til, að kostnaðarauki vegna þessara liða á heilbrigðismálum sé um 1 millj. 180 þús. kr.

Styrkur til sjúkrahúsabygginga er hækkaður um 700 þús. kr. Sjúkrahúsin stækka, og ný koma til, einnig þau, sem ríkið rekur ekki sjálft, og af því leiðir auknar greiðslur úr ríkissjóði til sjúkra manna og örkumla, sem dvelja á sjúkrahúsum, og hækkar sá liður um 680 þús. kr. Enn fremur fer rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa samkv. nýlega samþykktum lögum á Alþingi vaxandi um 800 þús. kr.

Þá er tekinn upp nýr liður, rekstrarstyrkur til St. Jósefsspítalanna, 5 kr. á dag, og nemur það um 380 þús. kr. Raunar var í vetur sem leið ákveðið í samráði við fjvn. að veita þennan styrk, en hann hefur ekki fyrr verið í fjárlögum.

Fjárveiting til áhaldakaupa vegna vegagerða og hafnargerða er hækkuð um 1 millj., 500 þús. í hvorn stað.

Fjárveiting til viðhalds þjóðvega hækkar um 4 millj. kr., eins og ég hef þegar gert grein fyrir.

Framlag til sýsluvegasjóða hækkar um 400 þús. kr. vegna lagabreytinga frá síðasta Alþingi.

Orlofsgreiðslur vegna vegagerðarinnar hækka um 300 þús. kr.

Þá er flokkunarviðgerð á Heklu 900 þús. kr., og framleiðslusjóðsgjald vegna útgerðar strandferðaskipanna samkv. lögum, sem sett voru á síðasta þingi, nemur um 300 þús. kr.

Þá er álag á næturvinnu starfsfólks hjá flugmálunum 1 millj. og 100 þús. kr.

Þá kemur áætluð hækkun kennaralauna, og kemur þar þrennt til greina undir þeim lið. Kennarafjöldinn er áætlaður of lágt í gildandi fjárlögum. Fleiri kennarar hafa nú fyrirheit um orlof næsta ár en nokkru sinni fyrr, eða 16 talsins, sem hafa fyrirheit um árs orlof. Og hinn 13. júlí s. l. gaf menntmrh. út reglugerð um styttingu vinnutíma hjá kennurum, eftir að vissu aldursmarki er náð, og kostar þessi reglugerðarbreyting sem svarar 10 nýjum kennaraembættum. Samtals er því áætluð hækkun á þessum lið, kennaralaunum, 4 millj. kr.

Með breytingu á lögum um ríkisútgáfu námsbóka var á síðasta Alþingi ákveðið, að ríkisútgáfa námsbóka sæi fyrir námsbókum á unglingastiginu, sem svo mun kallað, en áður hafði sú starfsemi aðeins náð til barnaskóla. Er gert ráð fyrir, að hluti ríkissjóðs af kostnaði við þessa breytingu verði næsta ár um 700 þús. kr.

Með nýrri lagasetningu nú fyrir skömmu og reglugerð í samræmi við þau lög var með ýmsu móti aukin þátttaka ríkissjóðs í rekstrarkostnaði barnaskólanna, auk þess sem skólakostnaður fer sífellt hækkandi vegna aukins nemendafjölda, og nemur hækkun á þessum lið 2 millj. og 200 þús. kr.

Sem kunnugt er, hefur orðið að framkvæma enn á ný fjárskipti í Dalasýslu eða Dalahólfi, eins og það er kallað. Hækkar því kostnaður við sauðfjársjúkdómavarnir og fjárskipti um 4 millj. 245 þús. kr.

Með lögum nr. 50 1948 var frestað að leggja fram 1 millj. til landnámssjóðs og lögfest á þeim tíma, að hana skyldi leggja fram árið 1957. Hækkar þetta fjárlögin nú um 1 millj. kr.

Gert er ráð fyrir, að jarðræktarframkvæmdir muni enn aukast nokkuð, og hækka því jarðræktarframlögin eða áætlun á þeim lið um 2½ millj.

Fjárveiting til að leita nýrra fiskimiða er hækkuð um 250 þús. kr., og þyrfti þó í raun og veru að leggja meira fé til þeirra mála.

Ákveðið var í fyrra að kaupa nýjan jarðbor, stórvirkan, og þá ráðgerður rekstrarkostnaður í fjárlögum yfirstandandi árs hálft árið. Rekstrarkostnaður er nú ráðgerður meiri en hann var ráðgerður þá, og er því hækkun á þessum lið 600 þús. kr. Auk þess er ráðgert að kaupa nú miklu dýrari og stórfenglegri bor en þá var talað um, sem verður miklu dýrari í innkaupi, en þar í móti kemur, að náðst hefur samkomulag um það við Reykjavíkurbæ, að ríkið og Reykjavík kaupi þann hinn mikla bor í félagi, þannig að líklega mun stofnkostnaðarfjárveitingin nægja til þess að greiða hluta ríkissjóðs af stofnkostnaðinum.

Þegar ákveðið var að setja löggjöf um atvinnuleysistryggingar, var áætlað, að framlög til trygginganna af ríkisins hendi mundu vera 14 millj. kr. á ári. Þótt ekki sé búið að kanna þetta mál enn til fulls, þykir nú augljóst, að kostnaður ríkissjóðs við tryggingar þessar verður ekki undir 19 millj. kr. á ári, og er því sá liður í þessu frv. hækkaður um 12 millj. kr., en í gildandi fjárlögum er hálfs árs framlag, 7 millj. kr.

Nýju lögin um almannatryggingar, sem sett voru á síðasta þingi, eru nú að koma til framkvæmda, og valda þau — ásamt vísitöluhækkun — útgjaldaaukningu, sem nemur um 2 millj. og 900 þús. kr.

Kostnaður við húsnæðismálastjórn, sem sett var upp samkv. nýrri löggjöf frá Alþ., er álitið að muni vaxa um 200 þús. kr.

Fjárveiting til flugvallagerðar, sem áður hefur verið á minnzt, er hækkuð um 2 millj. kr.

Framlag til niðurgreiðslu á vöruverði, sem miðað er við þær niðurgreiðslur, sem framkvæmdar voru fram að 1. sept., er vegna fólksfjölgunar og aukinnar neyzlu landbúnaðarafurða hækkað í frv. í 2½ millj. kr., en annars er í frv. ekki gert ráð fyrir viðbótarniðurgreiðslunum, eins og ég tók fram áðan.

Í fjárlögum yfirstandandi árs eru greiðslur vegna vanskila á ríkisábyrgðarlánum áætlaðar 12 millj. kr. Það er nú alveg augljóst orðið, að þessi fjárhæð hrekkur hvergi nærri til að mæta vanskilum á ríkisábyrgðarlánum, en þau fara sífellt vaxandi. Má heita, að ríkissjóður greiði af öllum dieselrafstöðvalánum. Mjög háar fjárhæðir falla á ríkissjóð árlega vegna ábyrgða í sambandi við togarakaup, og sívaxandi vanskil eru á hafnargerðarlánum á þeim stöðum, þar sem verið er að byggja tiltölulega dýrar hafnir og bryggjur í von um vaxandi framleiðslu og umferð, en litlar tekjur í aðra hönd. Af þessum

ástæðum er þessi liður nú hækkaður um 4 millj. kr., eða í 16 millj. kr., og er ég þó afar hræddur um, að hann sé ekki settur nógu hár. Það má hiklaust fullyrða, að þessar ríkisábyrgðir, sem mestum ríkisútgjöldunum valda, eru stuðningur við dreifbýlið fyrst og fremst og stuðla þannig að jafnvægi í byggð landsins og verka að því leyti vel. Hitt er eigi að síður álitamál mikið, hvort það er heppileg aðferð að nota þessa leið svo mjög og veita ábyrgðir, sem sýnilega falla beint á ríkið, og þá kæmi til mála, að hin aðferðin væri viðhöfð, að veita heldur meiri beinan stuðning. Það er hætt við því, að þessi stórfelldu vanskil, sem þoluð eru aðgerðalaust, vegna þess að hlut eiga að máli byggðarlög, sem lítið bolmagn hafa, veiki, þegar til lengdar lætur, vilja manna yfirleitt til þess að standa í skilum.

Það má t. d. upplýsa það, að ýmis togarafyrirtæki úti um land, og þar eiga bæði hlut að máli fyrirtæki, sem eru opinber og hálfopinber, og líka fyrirtæki einstakra manna, eru í milljóna vanskilum við ríkið, en það hefur ekki verið talið fært að ganga eftir því, að þessi fyrirtæki stæðu í skilum, vegna þess, hvernig ástatt er um atvinnuhætti á þeim stöðum, þar sem þau eru rekin. Hér er á ferðinni mikið vandamál, sem hv. Alþingi og ríkisstj. þurfa að athuga, hvaða fyrirkomulag eigi að hafa á þessum stuðningi framvegis, hvort þetta sé heppilegasta leiðin.

Þær hækkanir á ríkisútgjöldum, sem nú hafa verið taldar, nema samtals 59 millj. 679 þús. kr. Þetta er nokkru hærri fjárhæð en nemur nettóhækkun fjárlagafrv. Ástæðan er sú, að niður falla eða lækka nokkrir liðir fjárlaganna, sem kemur á móti, og enn fremur hækka tekjur einstakra stofnana, svo sem flugmála, sem í fjárlögum eru dregnar frá gjöldunum. En ég ætla, að þetta yfirlit eigi að geta gefið mönnum allglögga hugmynd um, hvers vegna fjárlögin fara hækkandi. Það er blátt áfram vegna þess, að Alþingi tekur með nýrri löggjöf sífellt meiri og meiri skyldur á ríkið. Sumpart er þar um nýja þjónustu að ræða við almenning, t. d. auknar tryggingar og þess háttar, en sumpart er verið að færa yfir á ríkið smám saman kostnað, sem aðrir aðilar hafa borið, t. d. eins og sveitar- og bæjarfélögin, og er það talsvert áberandi þáttur undanfarið, bæði í kennslumálum og heilbrigðismálum.

Þá hækka fjárlögin að sjálfsögðu með vaxandi dýrtíð í landinu, og ef ekki hefðu verið gerðar ráðstafanir til þess að stöðva dýrtíðarflóðið nú í sumar, mundi þetta fjárlagafrv. hafa litið öðruvísi út. En eins og þegar hefur verið tekið fram, þá er frv. miðað við það ástand, sem nú er í þeim málum, og því gert ráð fyrir vísitölu 178, en skylt er þá um leið að minna á það enn einu sinni, að þær aukaniðurgreiðslur, sem hjálpa til að halda vísitölunni í 178, eru ekki teknar með í frv. af ástæðum, sem ég greindi áðan.

Ég gat um það áðan, að tekjur ríkissjóðs væru í þessu frv. áætlaðar um 51 millj. kr. hærri en í gildandi fjárlögum. Í grg. frv. er fjallað um þessa tekjuáætlun, og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það hér. Ég vil aðeins rifja það upp, að þessi hækkun á tekjuáætlun er að nokkru leyti á beinum sköttum, vegna hækkandi tekna almennt í landinu í krónutölu, og að nokkru leyti byggð á því, að tekjuauki sá handa ríkissjóði, sem samþykktur var á síðasta Alþingi, mun færa ríkissjóði auknar tekjur allt næsta ár, en gilti á hinn bóginn aðeins frá 1. febr. það ár, sem nú er að líða. Annars er þessi tekjuáætlun byggð á reynslu yfirstandandi árs og því miðuð við, að innflutningur á næsta ári verði svipaður því, sem hann er í ár. Má það í rauninni telja furðudjarfa áætlun að gera ráð fyrir slíku, eins og ástatt er um gjaldeyrismálin. Það er sem sé augljóst, að það er flutt inn meira nú en hægt er að borga, og þess vegna þarf aukna framleiðslu og auknar þjóðartekjur til þess, að þetta fjárlagafrv. standist vel í framkvæmdinni.

Verður tekjuhlið fjárlaganna að athugast mjög gaumgæfilega við meðferð málsins á Alþingi, þegar vitað er, hvaða leiðir verða farnar í efnahagsmálunum og málum framleiðslunnar, og eru frv. um framlengingu núverandi tekjustofna einnig lögð fram nú með fjárlagafrv. með þeim fyrirvara, eins og ég sagði áðan, að þau endurskoðist við meðferðina á Alþingi með tilliti til afgreiðslu efnahagsmálanna yfir höfuð.

Á hinn bóginn mun allt gert, sem unnt er, til þess að tryggja og bæta innheimtu ríkistekna, og verður aukið eftirlit með innheimtu og álagningu beinna skatta og meira lagt í kostnað við þau mál en verið hefur undanfarið í þeirri von, að hægt verði að koma þar á einhverjum lagfæringum. Tollgæzlan verður líka efld og lagt meira í kostnað við hana en hefur verið í þeirri von, að það geti bætt ástandið í þeim málum.

Þá vil ég að lokum, áður en ég skil við fjárlagafrv., minnast á nokkur ný atriði í 22. gr.

Undanfarin ár hefur verið í fjárlögum heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast lán fyrir hraðfrystihús og fiskimjölsverksmiðjur, allt að 60%. Nú er lagt til, að hliðstæða ábyrgð megi veita vegna stofnkostnaðar kjötfrystihúsa og mjólkurbúa. Þykir sanngjarnt, að þessar framkvæmdir njóti sömu fyrirgreiðslu og hinar, ef slíkt mætti verða þeim að einhverju liði, er undir þeim standa.

Þá er lagt til að heimila ábyrgðir vegna togarakaupa á Akranesi og á Austfjörðum. Þessi skipakaup hafa þegar farið fram, en þegar kaupin voru gerð, var ekki veitt ríkisábyrgð. Á hinn bóginn eru mörg fordæmi fyrir því, að ríkissjóður gangi í ábyrgð fyrir mestum hluta af andvirði skips, þegar þannig hefur staðið á, og raunar hefur það upp á síðkastið ævinlega verið gert, þegar togarar hafa verið keyptir til byggðarlaga úti um land. Fjárhæðir þær, sem heimilað er að ábyrgjast, eru miðaðar við, að þessir staðir njóti hliðstæðrar fyrirgreiðslu og aðrir staðir, sem fengið hafa togara fyrir milligöngu ríkisstjórnarinnar.

Mjög skortir fé til þess að greiða áfallnar kröfur vegna framkvæmda á rafvæðingu dreifbýlisins, og kem ég að því síðar. Verður að leita allra hugsanlegra ráða til að komast fram úr þeim vanda. Þannig stendur á, að ekki hefur þurft á að halda nokkru af því fé, sem lagt hafði verið til hliðar í ákveðnu skyni, sbr. lög nr. 51 1955, um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs 1954. Nemur þetta fé samtals 4½ millj. kr. Er

hér lagt til í frv., að heimilað verði að lána raforkusjóði þetta fé. Hrekkur það þó skammt til þess að leysa fjáröflunarvandamál þetta, og kem ég að því síðar.

Heimilað var í fyrra að lána ræktunarsjóði, fiskveiðasjóði og íbúðalánasjóði talsverðar fjárhæðir af greiðsluafgangi. Vegna þess að brýna nauðsyn ber til að efla alla þessa sjóði með öllum tiltækum ráðum, leggur ríkisstj. til, að þessi lán verði gerð að beinum framlögum til sjóða þessara.

Ég mun nú minnast nokkrum orðum á horfurnar varðandi afkomu ríkissjóðs á þessu ári og ástandið í efnahagsmálum landsins, eins og það nú blasir við.

Eins og landsmönnum er kunnugt og raunar hefur að nokkru leyti komið fram af því, sem ég hef þegar sagt, hefur undanfarið verið greiðsluafgangur á ríkisbúskapnum, þótt ekki hafi slíkt verið ráðgert í fjárlögum. Hefur þetta bjargað frá stórvandræðum varðandi ýmsar fjárfestingarlánveitingar, eins og ég hef þegar rakið. Aldrei er hægt að vita með vissu eða nokkurri nákvæmni á þessum tíma árs, hvernig afkoman verður að lokum, en nokkuð sést, hvers vænta má. Verður helzt ráðið af þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir, að greiðsluafgangur verði enginn á þessu ári. Kemur hér ýmislegt til greina, fyrst og fremst það, að tekjuáætlunin var teygð meira en oftast áður til þess að koma endunum saman á Alþingi í fyrravetur í fjárlagafrv. Þá hefur ríkissjóður orðið fyrir talsverðum útlátum umfram það, sem ákveðið var í fjárlögum. Ekki er það þó meira en oft hefur verið áður. Sérstaklega er þess að geta í því sambandi, að til þess að koma í veg fyrir stórkostlega nýja hækkun á verðlagi í landinu og þar með enn nýja hækkun á framleiðslukostnaði og raunar algera stöðvun framleiðslunnar nú þegar var gripið til þess ráðs að auka niðurgreiðslur landbúnaðarvara innanlands í haust, eins og ég hef minnzt á áður. Var þetta gert í sambandi við samkomulag það, sem varð um stöðvun kaupgjalds og verðlags. Áætla ég, eins og ég sagði áðan, að kostnaður við þetta verði um 8—9 millj. kr. á þessu ári.

Í fjárlögum yfirstandandi árs var gert ráð fyrir, að tekjur og gjöld stæðust á, og vona ég, að ekki fari svo illa, að greiðsluhalli verði. Á hinn bóginn er það mjög alvarlegt mál, að enginn greiðsluafgangur skuli geta orðið á þessu ári, eftir því sem nú horfir. Brýna nauðsyn hefði borið til, að ríkissjóður hefði haft hreinan afgang og getað lagt fyrir fé til þess að vega á móti ofþenslunni í þjóðarbúskapnum, sem er mjög áberandi, eins og sakir standa. Um slíkt er ekki að ræða á hinn bóginn, enda reyndist ekki einu sinni fært að koma slíku við í fyrra og hitteðfyrra, þótt afgangur væri, vegna þess, hve menn höfðu færzt mikið í fang um framkvæmdir. Það verður mun tilfinnanlegra en ella, að afkoma ríkissjóðs er nú lakari en áður, en verðbólgan hefur nú dregið ríkissjóð uppi líka, ef svo mætti að orði kveða, — þetta verður tilfinnanlegra en ella vegna þess, hvernig nú er ástatt um ýmsar framkvæmdir, sem hið opinbera hefur á sinni könnu, sumpart beint og sumpart óbeint. Verður ekki annað sagt en að til vandræða horfi í þessum efnum.

Eins og áður mun hafa verið frá skýrt á hv. Alþingi, tókst loks fyrir tilstuðlan Bandaríkjastjórnar og með þátttöku dönsku ríkisstj. að fá erlent lán til þess að standast erlenda kostnaðinn við sementsverksmiðjuna að mestu leyti, en vantar þó nokkrar milljónir upp á. Þetta gerðist eftir hartnær þriggja ára árangurslausar tilraunir til þess að fá lán í sementsverksmiðjuna. Sementsverkmiðjan kostar alls, að því er nú er áætlað, um 100 millj. kr., og hefur stofnkostnaður verksmiðjunnar auðvitað alltaf verið að hækka vegna verðbólguþróunarinnar í landinu. Erlendi kostnaðurinn nemur um 43 millj., og er fyrir honum séð að miklu leyti. En þótt Framkvæmdabankinn geri eins og hann getur til þess að greiða fyrir innlenda kostnaðinum, þá vantar samt a. m. k. 35 millj. til þess að standast innlenda kostnaðinn við að byggja verksmiðjuna. Framkvæmdir við verksmiðjubygginguna voru settar af stað á s. l. ári, og vantar nokkrar millj. kr. nú strax fram að áramótum til þess að greiða kostnaðinn við þær framkvæmdir og svo í framhaldi af því 25—30 millj. á næsta ári til verksmiðjunnar fyrir utan það, sem Framkvæmdabankinn getur lánað.

Raforkuáætlun dreifbýlisins er í framkvæmd, eins og menn vita. Verið er að reisa tvö orkuver og leggja allmargar línur. Það hefur verið tryggt talsvert lánsfé til þeirra framkvæmda, eða um 120 millj. kr. á næstu árum, og var einu sinni gert ráð fyrir, að það fé mundi duga með því fé, sem ríkissjóður legði fram til þess að hrinda áætluninni í framkvæmd. En því fer nú alls fjarri. Bæði er það, að kostnaðurinn við framkvæmd þessarar áætlunar fellur miklu meira á fyrstu ár hennar en í upphafi var gert ráð fyrir, því að þetta var tíu ára áætlun, svo kemur til, að vegna verðbólgunnar hefur heildarkostnaður áætlunarinnar sífellt verið að hækka, og loks hefur ráðizt í kostnaðarmeiri framkvæmdir en ráðgert var. Er því svo komið, að það fjármagn, sem upphaflega var gert ráð fyrir að fá og samið við bankana um að leggja fram, hrekkur hvergi nándar nærri til þess að standa undir kostnaðinum. Hafa þó verið tekin erlend lán til efniskaupa, eftir því sem hægt hefur verið, og ríkissjóður hefur hækkað mjög verulega árlegt framlag sitt á fjárlögum frá því, sem upphaflega var gert ráð fyrir.

Á þessu ári var tekið 23 millj. kr. lán í sambandi við efniskaup frá Tékkóslóvakíu. Á hinn bóginn hefur af viðskiptaástæðum orðið að kaupa allmikið af efni frá ýmsum öðrum clearinglöndum eða vöruskiptalöndum, eins og við köllum þau í daglegu tali, þar sem ekki hefur verið hægt að fá lán í sambandi við kaupin, og því heldur minna orðið um erlendar lántökur í þessa rafmagnsáætlun en ella.

Ástandið er nú þannig í þessum efnum, að það vantar a. m. k. 15 millj. kr. fram að áramótum til þess að greiða beinlínis áfallnar skuldbindingar vegna verka, sem verið var að vinna í sumar, umfram það, sem til þessara mála hefur verið lagt af ríkisfé, og umfram þau lán, sem tryggð höfðu verið. Er bezt að segja það eins og það er, að enginn veit í dag, hvar á að taka fé til þess að greiða þennan — ef svo mætti orða það

— vanskilahala. Þá vantar a. m. k. 30 millj. kr. á næsta ári umfram fjárveitingar og umfram umsamin lán, til þess að hægt sé að halda áfram með fyrirhuguðum hraða.

Ræktunarsjóður hefur undanfarið lánað út á framkvæmdir í sveitum landsins, og bændur hafa haldið áfram framkvæmdum sínum á þessu ári í því trausti, að svo yrði áfram. Undanfarið hefur Alþjóðabankinn lánað tvisvar handa ræktunarsjóði gegnum Framkvæmdabankann, en í tvö skipti, árin 1954 og 1955, fengust á hinn bóginn engin lán í Alþjóðabankanum í þessu skyni, þar sem bankinn var okkur þá lokaður af ástæðum, sem ég ræði síðar. Kom þá til bjargar, að greiðsluafgangur varð á ríkisbúskapnum, og var gripið til þess að taka af því fé handa ræktunarsjóði. Því miður eru ekki horfur á því nú, að greiðsluafgangur ríkissjóðs bjargi málum að þessu sinni, og vandast þá málið, ef ekki tekst að fá lán nú í haust í Alþjóðabankanum, en slíkt er algerlega í óvissu enn, og vík ég að því síðar. En fram úr þessu máli verður að ráða á einn eða annan veg, svo að út á þessar framkvæmdir verði hægt að lána eins og undanfarið, og það verður gert.

Þá er enn rétt að geta þess í sambandi við þann vanda, sem bráðast kallar að varðandi fjáröflun til fjárfestingarframkvæmda nú á þessu hausti, að fiskveiðasjóður hefur á því byggt, að fundið verði eitthvert fé handa honum til útlána umfram það, sem hann hefur haft úr eigin uppsprettum, og mun vart hjá því komizt, að hann verði að fá einhverja úrlausn strax í haust og meira síðar til þess að standast skuldbindingar sínar, sem að talsverðu leyti a. m. k. hafa verið á hann teknar í samráði við yfirvöldin.

Hér eru nú engin smávandamál á ferðinni, þegar þess er gætt, að hér er aðeins um að ræða skuldbindingar, sem yfirvöldin hafa beinlínis á sig tekið og verður að standa við. Er það ekkert minni háttar neyðarúrræði, ef ríkið neyðist til þess að safna lausaskuldum til að standa við þessar skuldbindingar. Slíkt er vitanlega fullkominn neyðarkostur, og ef til þess þyrfti að grípa að safna lausaskuldum í seðlabankanum, sem þessum skuldbindingum nemur, og taka þannig í raun réttri fé, sem ekki er til, og setja það í umferð, þá torveldar það stórkostlega þær ráðstafanir, sem nú þarf að gera til þess að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum og stöðva verðbólguna. En fram hjá þessum skuldbindingum verður ekki komizt. Það verður að horfast í augu við þær.

Ég hef nú aðeins rætt um þær skuldbindingar, sem ríkisvaldið hefur sjálft stofnað til með eigin framkvæmdum eða tekið á sig með beinum fyrirheitum. Það er svo þar fyrir utan, að vitaskuld er mikil þörf fjárfestingarlána þar að auki, og kem ég að því máli síðar.

Ástæða er til þess að minnast hér í framhaldi af þessu á framleiðslusjóðinn og horfur varðandi hann. Að vísu er þar ekki um fjárfestingarmál að ræða, en það gefur gleggri mynd af þeim viðfangsefnum, sem nú er við að glíma, og því, hvernig málum er komið, ef hans er minnzt einmitt í þessu sambandi.

Framleiðslusjóður var settur upp á síðasta Alþingi til þess að standa undir hinum nýju uppbótum til framleiðslunnar og halda henni þannig gangandi, — það er víst óhætt að segja um stundarsakir, enda var því yfirlýst, að þessar nýju uppbætur ofan á það, sem fyrir var, leystu ekki til frambúðar vandamál framleiðslunnar né efnahagsmálin yfir höfuð. Ekki leið langur tími, frá því að Alþingi var slitið síðast, þangað til það lá fyrir, dagana fyrir kosningarnar í vor, að engin síldarútgerð gat átt sér stað án stórfelldra uppbóta á Norðurlandssíldina, en fyrir því var ekki gert ráð, þegar framleiðslusjóður var settur á stofn örskömmu áður. Til þess að síldveiðarnar skyldu ekki stöðvast, var gripið til þess af þáverandi ríkisstj. að lofa því að bæta upp Norðurlandssíldina. Var sú skuldbinding tekin á framleiðslusjóð með brbl., en ekki séð fyrir nýjum tekjum handa sjóðnum á móti.

Sama sagan endurtók sig, þegar átti að gera út á reknetjaveiðar við Suðvesturland og annars staðar á landinu. Þá var enn komið í veg fyrir stöðvun með því að lofa auknum uppbótargreiðslum á Faxasíld úr framleiðslusjóði og enn þá án nýrrar tekjuöflunar.

Karfamið fundust í haust, og mikið barst að af karfa, meira en hægt var að taka til frystihúsanna. Var þá enn heitið uppbótum nokkrum á karfaafla, sem færi í fiskimjölsverksmiðjur, einnig úr framleiðslusjóði.

Þá var svo komið fyrir togurunum nú fyrir skömmu, að þeim var með engu móti kleift að fiska fyrir það verð, sem frystihúsin gátu boðið fyrir karfann eða fiskinn, þrátt fyrir 5000 kr. dagstyrk, og hefur þá enn verið gripið til þess ráðs að halda gangandi með því að lofa framlögum úr framleiðslusjóði og enn án sérstakrar tekjuöflunar á móti. Jafnframt var í sambandi við þá ráðstöfun gert að skilyrði, að togararnir legðu mikinn hluta af afla sínum á land til verkunar næstu mánuði, og þannig stóraukin atvinna í sjávarplássum landsins.

Af landbúnaðinum er það að segja í þessu sambandi, að þar er upp komið mikið verðlagsvandamál vegna mjög aukinnar framleiðslu til útflutnings.

Heildarmyndin af þessum málum er sú, að sumar þýðingarmestu greinar framleiðslunnar dragast áfram með harmkvælum og allir meginþættir hennar væru stöðvaðir, ef þeim hefði ekki verið haldið gangandi til bráðabirgða með loforðum um ný og ný fjárframlög, sem ekki er þó fé fyrir hendi til þess að standa undir nema að einhverju leyti a. m. k. Er nú svo komið, að uppbætur á verð það, sem togaraútgerðin fær fyrir fisk sinn, munu nema nálega sem svarar kaupi allrar áhafnarinnar, og heldur þó togaraútgerðinni við stöðvun gersamlega vegna þess, hvernig afkoman er. En uppbætur á útflutningsverð bátafisks eru þó eitthvað meiri tiltölulega en togarafisks. Mér skilst, að hægt mundi vera að borga tæpan helming þess, sem er greitt fyrir Faxasíldina upp úr sjónum, ef menn ættu að búa við útflutningsverðið sjálft.

Ég hef minnzt á, hvernig komið er um fjármagn til þess að greiða gerðar framkvæmdir og til þess að greiða uppbætur á framleiðsluvörur, sem búið er að verka og senda úr landi og leggja í kostnað við að framleiða í því trausti, að

staðið verði við uppbótarloforðin. En mikið vantar á, að hægt sé að standa við þessi loforð í tæka tíð.

Enn er þó eftir að minna á, að langt er síðan gjaldeyrismál Íslands hafa staðið svo tæpt sem nú. Við höfum nú búið við langvarandi gjaldeyrisskort, sem verður sífellt tilfinnanlegri. Gjaldeyriseign þjóðarinnar er minni en ekki neitt, þegar saman eru teknar eignir og skuldir í því dæmi. Sannleikurinn er sá, að þýðingarlaust er að grafa höfuðið í sandinn. Efnahags- og framleiðslumál landsins eru reyrð í slíkan Gordionshnút, að með fádæmum verður að teljast. Stöðvun framleiðslunnar og stórfelldur samdráttur framkvæmda og atvinnu bíður á næsta leiti, ef ekki auðnast að koma í framkvæmd nýjum ráðstöfunum til þess að forða frá slíku. En það er allt annað en stöðvun og atvinnuleysi, sem þjóðin þarfnast. Þess vegna eru nú öflug samtök mynduð til þess að finna leiðir til að koma í veg fyrir slíkt, en tryggja í stað þess framleiðsluna og atvinnuna og það jafnvel þótt kosta kunni nokkur átök og breytingar.

Ég mun þá þessu næst drepa nokkuð á ýmsar framkvæmdir, sem verið er með á prjónunum og ætlunin er að framkvæma næstu missirin. Jafnframt mun ég ræða nokkuð um fjáröflunarmöguleika í því sambandi.

Ég vil þá fyrst minnast á ræktunarsjóðinn aftur. Hann þarf á næstu árum á lánsfjármagni að halda árlega til þess að lána bændum út á framkvæmdir þeirra.

Þá þarf fé til þess að lána út á kjötfrystihús, mjólkurbú og aðrar slíkar framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru til þess að koma afurðunum í verð. En þannig hefur verið ástatt undanfarið í landinu, að engin lán — bókstaflega engin lán — hefur verið hægt að fá út á slíkar framkvæmdir, og er slíkt vitaskuld algert neyðarástand.

Þá er fiskveiðasjóður. Hann verður að lána til bátasmíða og bátakaupa, og sífellt þarf að endurnýja bátaflotann. Verður bátaflotinn einnig, ef vel á að fara, að aukast, en ekki minnka. Má í því sambandi m. a. minna á, að margir þeir, sem bezt vit hafa á útgerð, telja nú nauðsynlegt, að landsmenn eignist nokkur 180—200 tonna skip til síldveiða með hinum nýju aðferðum, sem nú eru að ryðja sér til rúms í þeim efnum og gefa góða raun og eiga vafalaust eftir að valda gerbyltingu í síldarútgerðinni. Þessir bátar mundu þá verða notaðir til togveiða eða netjaveiða þess í milli.

Þá ber brýna nauðsyn til að halda áfram að auka og bæta frystihúsakostinn við sjávarsíðuna og önnur tæki og aðstöðu til þess að vinna úr aflanum, og er skemmst af því að segja, því miður, að sumar þýðingarmestu frystihúsaframkvæmdir í landinu eru í þann veginn að stöðvast eða hafa stöðvazt vegna lánsfjárskorts. Bæta þarf skilyrðin til þess að taka á móti togarafiski víða um landið, og koma þar endurbætur í hafnarmálum einnig mjög til greina ásamt endurbótum á frystihúsum og fiskiðjuverum.

Halda verður áfram að framkvæma raforkuáætlunina fyrir dreifbýlið, og hlýtur að þurfa til þess mikið fjármagn næstu árin umfram það, sem í öndverðu var tryggt til þeirra mála, eins og ég hef þegar sýnt fram á.

Þá þarf að byggja nýju Sogsstöðina, og þolir það mál blátt áfram enga bið úr þessu, þar sem gera má ráð fyrir, að raforkuskortur fari að gera vart við sig á orkusvæði Sogsvirkjunarinnar eftir tvö ár. En skortur á raforku á orkusvæði Sogsins mundi m. a. verða stórkostlegt áfall fyrir iðnaðinn í landinu og koma hart niður á áburðarverksmiðjunni og sementsverksmiðjunni. Leikur víst vafi á því, að hægt verði að nýta sementsverksmiðjuna nema með aukinni raforku, og mun fyrirhugað að tengja Sogsvirkjun og Andakílsvirkjun saman.

Þess má geta m. a. til þess að sýna, hver áhrif verðbólguþróunin nú undanfarið hefur haft á fjárfestingarmálin, að heildarkostnaður við Sogsvirkjunina nýju er nú áætlaður 165 milljónir, en var fyrir tveimur árum áætlaður 120 milljónir króna.

Þá hefur ríkisstj. ákveðið að beita sér fyrir því að kaupa allt að 15 togara og stuðla með því að jafnvægi í byggð landsins.

Mjög hagfellt er að byggja við áburðarverksmiðjuna aðra verksmiðju til þess að framleiða fosfatáburð, og þyrfti að vera hægt að sinna þeirri framkvæmd alveg á næstunni.

Halda verður áfram byggingu sementsverksmiðjunnar og koma henni sem fyrst í gagnið, en til hennar vantar enn mikla fjármuni, sem ég hef áður rakið.

Margar af þessum framkvæmdum miða beinlínis að því að framkvæma þá yfirlýstu stefnu ríkisstj. að efla jafnvægið í byggð landsins með því að efla sérstaklega atvinnulífið í þeim þremur landsfjórðungum, sem nú eru verst á vegi staddir í atvinnulegum efnum.

Að öllum þessum framkvæmdum mun ríkisstj. vinna. Kemur þar margt fleira til greina, og ber því vitaskuld alls ekki að skoða þetta sem nokkra tæmandi upptalningu. Ég hef aðeins minnzt á nokkrar veigamiklar fjárfestingarframkvæmdir, sem snerta sjálft framleiðslustarfið, en þar fyrir utan kemur svo íbúðamálið og fjáröflun í því sambandi, og er það ekkert smáræðis verkefni út af fyrir sig.

Ég hef talið hér upp nokkur verkefni, en ekki nefnt margar tölur í því sambandi. Samt sem áður er augljóst af þessu stutta yfirliti, að gífurlegt fjármagn þarf á næstu árum til þess að hrinda þessum málum áfram með hæfilegum hraða ásamt öðru því, sem gera þarf.

Lítum þá á möguleikana til þess að tryggja hér á næstunni fjármagn til öflugra framfara, meðal annars þeirra framkvæmda, sem ég hef drepið á.

Augljóst er öllum mönnum, að fjárfestingarframkvæmdir, sem menn kosta ekki hver um sig af sínu eigin fé eða með eigin vinnu, verða ekki kostaðar nema af lánsfé, að undanskildum þeim framkvæmdum, sem ríki, bæjar- og sveitarfélög kosta af skatttekjum sínum. En hvernig safnast lánsfé? Með tvennu móti aðeins. Annars vegar af því fé, sem landsmenn leggja til hliðar á hverju ári í reiðufé í þær stofnanir, sem veita lánin, og á hinn bóginn af því fjármagni, sem fæst að láni erlendis og flutt er þannig inn í

landið. Það er ekki hægt að búa til lánsfé til fjárfestingarlána.

Athugum svo þessa tvo möguleika á lánsfé til fjárfestingarframkvæmda. Fyrst nokkur orð um erlendu lánin.

Íslendingum er hin mesta þörf á erlendu lánsfé. Það er ofur eðlilegt. Hér er svo margt ógert og mörg verkefni, sem óhætt er að taka lán til. Íslendingum hefur aldrei orðið hált á því að taka erlend lán til arðgæfra framkvæmda. Á hinn bóginn er mjög nauðsynlegt að gæta þess, að erlendu lánsfé sé skynsamlega varið og að það verði til þess að auka arðbæra framleiðslu og þjóðartekjur. Hitt er svo annað mál, að við höfum átt mjög takmarkaðan aðgang að erlendu lánsfé undanfarið. Við höfum í nær 3 ár engin lán fengið í Alþjóðabankanum og engin löng lán til verklegra framkvæmda á þeim tíma nema lánið, sem við fengum fyrir milligöngu Bandaríkjastjórnar og samvinnu hennar við stjórn Danmerkur til sementsverksmiðjunnar og áður er að vikið. Önnur lán, sem fengizt hafa síðustu þrjú árin, hafa verið vörukaupalán til styttri tíma, sem ekki er hægt að byggja stórframkvæmdir á nema að mjög takmörkuðu leyti. Ber þar að nefna lánið í Tékkóslóvakíu, sem tekið var til kaupa á vélum í orkuver, og lán í Þýzkalandi til hafnargerðar á Akranesi og til kaupa á flökunarvélum. Þetta fjármagn hefur hjálpað nokkuð, en við getum ekki byggt stórframkvæmdir nema að litlu leyti á svo stuttum lánum og verðum því að gæta að okkur á þeirri braut.

Þrátt fyrir miklar eftirgrennslanir undanfarið hefur ekki enn tekizt að fá lán til Sogsvirkjunarinnar. Ekki er þó til á Íslandi öruggara fyrirtæki fjárhagslega en fyrirhuguð viðbótarvirkjun Sogsins.

Alþjóðabankinn synjaði um lán til sementsverksmiðjunnar fyrir nærri þremur árum og lýsti því þá yfir, að hann vildi ekki athuga um lán til Íslands aftur, fyrr en séð yrði, hvernig fjármagn yrði fengið til þess að byggja sementsverksmiðjuna, og við það hefur staðið síðan. Fyrrverandi ríkisstjórn hafði lýst því yfir, að sementsverksmiðjan væri forgangsframkvæmd, og enginn gert athugasemd við það. Málinu hefur því verið haldið til streitu þrátt fyrir þessa afstöðu Alþjóðabankans. Eftir að tókst s. l. vor að tryggja erlenda lánið til sementsverksmiðjunnar fyrir meginhluta erlenda kostnaðarins, setti ríkisstjórnin sig í samband við Alþjóðabankann að nýju og óskaði eftir því, að umræður yrðu teknar upp um lánveitingar til Íslands, enda þótt ekki væri hægt að segja, að tryggt væri nægilegt fjármagn til þess að koma upp sementsverksmiðjunni, eins og ég hef bent á. Hefur Alþjóðabankinn látið sína menn kynna sér fjárhagsástandið á Íslandi í tilefni af þessari ósk okkar, eins og bankinn ævinlega gerir, áður en nokkrar ákvarðanir eru teknar um slík mál.

Það er á vitorði þeirra, sem til þekkja, að Alþjóðabankinn tekur allmjög tillit til þess, hvernig ástatt er um fjárhagslegt jafnvægi og fjárfestingarmál í þeim löndum, sem æskja lána frá bankanum. Og enn er í óvissu um undirtektir bankans við málaleitanir ríkisstjórnarinnar þær hinar nýju.

Mikil vinna er að jafnaði lögð í að benda erlendum aðilum, sem fyrir lánsfé ráða, á það, að það sé hættulaust að lána Íslandi, sem skuldar mjög lítið út á við, samanborið við framleiðslu og þjóðartekjur, hefur feikna framtíðarmöguleika og stendur alltaf í skilum með opinber lán og hefur alltaf gert, og að engin ástæða sé til að efast um, að efnahags- og framleiðslumálin leiti hér jafnvægis, þótt um stundarsakir hlaupi alvarlegar snurður á þráðinn. En stofnanir, sem settar eru á fót til þess að stuðla jöfnum höndum að framförum og framkvæmdum og jafnvægi í fjármálum um leið, telja sig sjálfsagt verða að taka tillit til þess m. a., hvort hætta sé á ofþenslu og afleiðingum hennar í þeim löndum, sem við þær vilja skipta.

Ég hef hvað eftir annað á undanförnum árum lagt á það mikla áherzlu bæði hér á hv. Alþ. og utan þings, hvílík höfuðnauðsyn það sé okkur Íslendingum að hafa aðgang að erlendu lánsfé, með tilliti til þeirra stórfelldu verkefna, sem bíða óleyst og vandséð er, hvernig á að koma í höfn, án þess að til komi erlent fjármagn, svo að ekki sé meira sagt. Ég hef undanfarið hvað eftir annað bent á, hversu hættulegt það er einmitt í sambandi við fjáröflun erlendis, að verðbólga leiki hér lausum hala og framleiðslu- og framkvæmdamál landsins komist í sjálfheldu með örstuttu millibili. Það þýðir ekkert að loka augunum fyrir því, að slíkt ástand er stórhættulegt áliti landsins út á við og veldur því tjóni einnig á þann hátt ofan á allt annað, sem af slíku leiðir að öðru leyti, þegar til lengdar lætur.

Ríkisstj. og fjármálastofnanir landsins munu að sjálfsögðu gera allt, sem unnt er, til þess að útvega erlent lánfé á næstunni í hinar þýðingarmestu framkvæmdir. En vitaskuld verða fæstar slíkar framkvæmdir byggðar að öllu leyti á erlendu lánsfé. Hollt er og nauðsynlegt að gera sér fulla grein fyrir því, að eitt öruggasta ráðið til þess, að Ísland geti í framtíðinni átt aðgang að lánum erlendis til nauðsynlegra framkvæmda, er að koma öruggri skipan á efnahags- og framleiðslumál landsins í stað þess óskapnaðar, sem við nú búum við í þeim efnum og við höfum því miður of lengi af og til búið við.

Eitt stærsta verkefnið, sem úrlausnar bíður, er að gera þær ráðstafanir í þjóðarbúskapnum, sem geta tryggt aukna fjármagnsmyndun í landinu sjálfu, aukinn sparnað innanlands og aukið lánsframboð innanlands. Það er auðvitað þýðingarmest að koma á samtökum um ráðstafanir í efnahags- og framleiðslumálum og kaupgjaldsmálum, sem stuðla að fjárhagslegu jafnvægi og vekja traust á fjármálakerfinu. Veigamikið atriði í því sambandi er að auka fræðslu um efnahagsmálin og glæða skilning á því almennt, hvers við þarf til þess að ná slíku marki.

Eitt af því, sem mundi geta glætt skilning á þessum efnum og bætt vinnuskilyrði þeirra á Alþingi og utanþings, sem að þessu vilja keppa, væri þjóðhagsáætlun, sem fylgdi fjárlagafrv. hverju sinni, eins konar fjárlög fyrir þjóðarbúskapinn í heild, þar sem reynt væri að gera grein fyrir tekjum og gjöldum þjóðarbúsins

ásamt fyrirhuguðum framkvæmdum, svo að nokkur atriði sé nefnd. Kæmi þá gleggra í ljós margt af því, sem þarf að fá sem skýrasta mynd af, t. d. hve fjárfestingin í heild getur með góðu móti verið mikil, án þess að getunni sé ofboðið, hvort þjóðartekjur eru vaxandi og hvort gera megi ráð fyrir, að neyzla geti farið vaxandi, miðað við þjóðartekjurnar og nauðsynlega fjárfestingu, svo að dæmi séu nefnd. Samkvæmt löggjöf um Framkvæmdabankann er í þeirri stofnun dregið saman mikið efni í slíka þjóðhagsáætlun, og vona ég, að þess verði ekki langt að bíða úr þessu, að þjóðhagsáætlun geti fylgt fjárlagafrv.

Við þekkjum öll, að ein höfuðorsök lánsfjárskortsins og þeirrar þenslu og fjármálaerfiðleika, sem setur velmegun þjóðarinnar í hættu, er vantraust manna á sjálfu fjármálakerfinu, óttinn við sífellda almenna verðhækkun, sem er sama og verðfall peninganna, hvort sem gengisskráningunni sjálfri er breytt eða ekki. Við vitum sem sé glöggt af reynslunni, að verðgildi peninga á orðið sáralítið skylt við þá gengisskráningu, sem viðhöfð er. Peningarnir falla í verði, þegar verðlag hækkar almennt, hvað sem skráningunni líður. Þessi verðbólguótti, sem við búum sífellt við, veldur því, að menn keppast við að koma peningum sínum í verð, sem kallað er, kaupa marga muni, sem þeir annars mundu ekki kaupa strax, vilja heldur eiga húsgrunn eða steinvegg en innstæðu eða í versta falli eyða blátt áfram fé sínu umfram nauðsyn í fányta hluti. Þetta er ein höfuðástæða fjármálaerfiðleikanna. Það er þetta, sem veldur því, hve illa gengur að fá fjármagn til nauðsynlegustu lána í landinu, og það er þetta, sem er á góðri leið með að stöðva hér framfarir og grefur undan afkomu þjóðarinnar út á við. Öflugasta ráðið gegn þessu er að koma á auknu jafnvægi í efnahags- og framleiðslumálum, sem stutt geti að stöðugu verðlagi. En nú er orðið svo ástatt hjá okkur enn þá einu sinni, að slíku marki verður ekki náð nema með því að mynda grundvöll, sem framleiðslan getur starfað á og hægt er að gera sér vonir um að verði fastur og traustur. Ekki má á hinn bóginn þá heldur gleyma því, að menn eru langhvekktir orðnir í þessum efnum og tortryggnir, vegna þess að margar tilraunir hafa verið gerðar, tekizt um stundarsakir, en síðan aftur sótt í sama farið. Þess vegna ber að athuga gaumgæfilega, hvort eigi sé rétt að taka hér upp í einhverri mynd verðtryggingu á innstæðum eða a. m. k. opna enn betur en gert hefur verið með nokkurri útgáfu visitölutryggðra verðbréfa, að menn geti átt kost á slíkri verðtryggingu En þá verður að sjálfsögðu um leið að ganga að sama skapi lengra en gert hefur verið í því, að lánveitingar séu sams konar skilyrðum bundnar. Hvað er líka eðlilegra en það, að þeir, sem fá kú að láni, skili aftur kú, en ekki kvígu eða jafnvel kálfi, og hvaða réttlæti er í því, að þeir, sem leggja fjármuni sína til ávöxtunar í þjóðarbúið, eigi það á hættu, að kýr þeirra verði að kvígum eða jafnvel kálfum við geymsluna?

Skattfrelsi sparifjár var lögfest til þess að vinna gegn þeim háska, þeirri eyðslu og fjárfestingar-„panik", sem verðbólgan hefur skapað. Það hefur verkað í rétta átt að þessu leyti án efa, en það þarf miklu fleira að koma til.

Ég vil einnig minna á einn þátt enn í þessu sambandi. Efna verður til meiri fjársöfnunar í landinu sjálfu á vegum opinberra þjónustufyrirtækja en tíðkazt hefur í ýmsum greinum undanfarið. Ég vil nefna eitt dæmi, sem virðist sýna, að full þörf er á, að við endurskoðum vinnubrögð okkar að þessu leyti. Sogsvirkjunin er vitaskuld eitt allra þýðingarmesta fyrirtæki landsins. Ætli það sé ekki um 60% af þjóðinni, sem fær raforku frá þessu fyrirtæki, og langflest iðnaðarfyrirtæki landsins og rekstur áburðarverksmiðjunnar byggist alveg á rafmagni frá þessu orkuveri. Sogsvirkjunin hefur afbragðs skilyrði til orkusölu og hefur nú verið rekin um mörg ár. Samt sem áður er nú þannig ástatt, að þegar lífsnauðsyn er að byggja nýtt orkuver og auka orkuframleiðslu Sogsvirkjunarinnar, þá á þetta volduga fyrirtæki, sem býr við þessa aðstöðu, ekkert fjármagn til þess að leggja í nýjar framkvæmdir. Getur þetta nú staðizt í landi, þar sem svo er ástatt, að lánsfjármyndun er sáralítil, allt of lítil, en fjárfestingarþörfin óskapleg? Er hægt að hugsa sér, að stórfelld uppbygging geti átt sér stað með þessum aðferðum, að ekkert fjármagn til útþenslu eða aukningar myndist við skilyrði eins og þessi? Ég held ekki. En hvers vegna hefur Sogsvirkjunin ekki eignazt neitt? Alþingi ákvað það fyrir nokkrum árum, þegar lögin um þessa stofnun voru sett, að hún ætti að selja raforku sína með kostnaðarverði, eins og kallað var, að viðbættum 5%. Auðvitað er mikil nauðsyn að hafa raforkuverð ekki hátt, og það verður að stilla því í hóf. En þótt brýn nauðsyn sé á slíku, þá verða menn samt sem áður að horfast í augu við það, að með aðförum eins og þessum getum við ekki komið stórvirkjum í framkvæmd nógu ört. Varla er hægt að búast við því, að ævinlega sé hægt að grípa upp lánsfé fyrirvaralaust til þess að kosta nauðsynlegustu stórframkvæmdir okkar alveg að fullu án nokkurs framlags frá okkur sjálfum. Við þurfum að endurskoða alla þá þætti í okkar þjóðarbúskap, sem snerta eðlilega fjármagnsmyndun í landinu sjálfu, jafnhliða því sem ævinlega er leitað eftir eðlilegum lántökum erlendis. Hér er um að ræða eitt þýðingarmesta skilyrði þess, að þjóðin geti áfram orðið efnalega sjálfstæð og þar með raunverulega sjálfstæð. Ef menn eru upp á aðra komnir um svo að segja allt, sem gera þarf af meiri háttar verkum, og geta ekki einu sinni lagt til hluta af innanlandskostnaði verkanna, verður þess ekki langt að bíða, að þjóðin verður hættulega mikið upp á aðra komin. Mun ég ræða þennan þátt fjárhagsmálanna örlítið nánar, einmitt í tilefni af því, hvernig nú er ástatt í framleiðslu- og efnahagsmálum landsins og að nú sést einmitt gleggra en oftast áður, hvert verðbólgan og ofþenslan leiðir.

Sumum hefur vafalaust hætt við því undanfarið að líta svo á, að verðbólgan hafi ekki neina stórfellda hættu í för með sér. Það væri að vísu hækkun á öllu, en tekjurnar hækkuðu bara á móti og framleiðslunni væri hægt að bjarga með uppbótum, ef í það færi. Engin sérstök hætta væri á ferðum. Það væri mikill skriður á öllu

og almenn velmegun. Verðbólgan væri eins konar „krónisk“ heilabólga, sem einstakir sérvitringar þjáðust af. En þeir, sem hugsa svo, gæta þess ekki, að þessar aðfarir geta ekki gengið til lengdar, án þess að í koll komi og það alvarlega. Það er að vísu hægt að komast hjá stöðvun þeirrar framleiðslu, sem fyrir er, um stundarsakir með ýmiss konar ráðum eða máske öllu heldur brögðum og með því að endurtaka neyðarúrræðin með stuttu millibili, en þó verður það hvergi nærri umflúið, að slíkt ástand framleiðslumálanna dregur úr framleiðslunni, jafnvel þeirri, sem fyrir er, og þjóðartekjurnar rýrna og þar með lífskjör allra landsmanna. En þó að mönnum takist nú að dragnast áfram með framleiðsluna á þennan hátt, þá er áður en varir komið að allra háskalegustu afleiðingum verðbólgunnar, sem aldrei verða umflúnar nema um stundarsakir. Fjárfestingarverkefnin verða sem sé algerlega óviðráðanleg. Stofnkostnaður nýrra fyrirtækja fer sívaxandi, og verður erfiðara jafnframt og erfiðara og að lokum alveg óviðráðanlegt að afla fjár til framkvæmdanna, og kyrrstaða og atvinnuleysi kemur til sögunnar. Sparnaðurinn minnkar, vegna þess að enginn þorir að treysta verðgildi peninganna, og lánsfjárkreppan kemst í algleyming, og það er þetta, sem nú er að ske hér hjá okkur.

Ég hef sagt frá því, hvernig ástatt er um fjáröflun til sementsverksmiðjunnar, rafmagnsáætlunar *dreifbýlisins, ræktunarsjóðs, fiskveiðasjóðs*, svo að aðeins sé nefnt það, sem kallar að næstu vikurnar, að ógleymdum íbúðamálunum og framtíðarverkefnunum stóru, sem kalla á fjármuni næstu missirin og ég hef nokkuð rætt um. Það má benda á, hvernig sífellt hækkar kostnaðurinn við opinberar framkvæmdir, en fjárveitingar ekki að sama skapi. Ríkisstjórn og Alþ. gefast bókstaflega upp við að afla þeirra gífurlegu fjármuna, sem þarf til að halda framkvæmdum í horfinu. Bara síðan 1954, núna síðustu 2 árin, hefur kostnaðurinn við að byggja brýr hækkað um 27%, kostnaður við viðhald vega um 24%, við nýbyggingu vega um 21%, við ýmsar þýðingarmestu raforkuframkvæmdirnar á milli 30 og 40% og við allar framkvæmdir yfirleitt að sama skapi. Jafnframt hefur svo á sama tíma meira og meira af fé ríkisins verið varið í hreinar dýrtíðarráðstafanir, niðurgreiðslu á vöruverði o. s. frv., o. s. frv. Allt þetta sýnir svo glöggt sem verða má, hvernig loppa verðbólgunnar nístir að verklegum framkvæmdum og framförum og færir í óleysanlegan hnút þýðingarmestu framtíðarmálin.

Það var hægt að halda gangandi svona, meðan þjóðin átti aðgang að gjafafé og framlögum til þess að kosta þýðingarmestu fjárfestingarverkefnin, svo sem Sogsvirkjunina síðustu, stóru, Laxárvirkjunina og áburðarverksmiðjuna, sem að langmestu leyti var byggt fyrir gjafafé. En ef þjóðin á að lifa af sínu og byggja á sjálfri sér og sínu framtaki og því, sem hægt er að fá til láns af erlendu fjármagni eftir venjulegum leiðum, þá er ekki hægt að láta reka á reiðanum á þennan hátt. Það hefnir sín, veldur stöðvun og jafnvel hruni fyrr en varir. Þetta sést glöggt á ástandinu, eins og það er nú, og kemur ef til vill greinilegast fram einmitt með því að virða fyrir sér fjárfestingarverkefnin og hvernig ástatt er um fjáröflun til þeirra.

Það hefur að vísu gert drættina skarpari í þessari mynd en ella, að Íslendingar hafa í raun inni ekki átt aðgang að verulegu lánsfé erlendis undanfarin ár. En það væri blekking að gera sér í hugarlund, að allt hefði getað gengið eins og það hefur gengið, ef bara meira erlent lánsfé hefði fengizt, enda þýðingarlaust að loka augunum fyrir því, að þegar til lengdar lætur, er öflun erlends lánsfjár að verulegu leyti undir því komin, hvort þjóðinni tekst að skipa svo efnahags- og framleiðslumálum sínum, að það veki traust. Auðvitað er líka hægt stutta stund að leyna öngþveiti því, sem verðbólguþróun hlýtur að leiða til, með því að eyða gjaldeyrisinnstæðum, ef þær eru til, eða safna gjaldeyrisskuldum, ef einhvers staðar er hægt að fá slíkt lán í því skyni. En því er ekki til að dreifa hjá okkur nú, að slíkt sé mögulegt, því að gjaldeyriseign er minni en engin.

Línan er hlaupin á enda, það er öll teygja úr bandinu. Þetta veit þjóðin og finnur, að komið er á tæpustu nöf. Þess vegna hefur því verið fagnað almennt í landinu, að stigið var í sumar fyrsta skrefið í viðreisnarátt með stöðvun verðlags og kaupgjalds um stundarsakir, á meðan verið er að bera sig saman um, til hvaða ráða skuli gripið í þeim vanda, sem þjóðin er nú í *stödd*.

Mikið veltur á, að þeim þingmeirihluta, sem nú hefur verið myndaður, takist í samráði við samtök vinnandi fólks í landinu að finna hin heppilegustu úrræði til þess að fyrirbyggja þann samdrátt í þjóðarbúskapnum, sem hlýtur að verða, ef ekkert verður aðhafzt til viðreisnar.

Fyrst og fremst verður að keppa að því að auka framleiðsluna og búa vel að henni, mynda grundvöll að jafnvægi í efnahagsmálum til þess að efla traust á fjármálakerfi landsins, auka þannig sparnað og fjármagnsmyndun í landinu sjálfu og lánstraust erlendis og tryggja stórfelldar framfarir á næstu árum og atvinnu fyrir alla.

Fyrstu ráðstafanirnar verða að beinast að því að bæta hlut framleiðslunnar frá því, sem nú er, og færa fjármagn til þeirra fjárfestingarverkefna, sem eiga að sitja fyrir. Þetta er vandasamt verk, eins og þessum málum er komið, og leiðirnar í þessu verður að velja þær, sem hinu vinnandi fólki í landinu eru hagfelldastar, þegar allar ástæður eru teknar til greina, enda verður að ákveða leiðirnar í samráði við samtök þess.

Að baki þess þingmeirihluta, sem nú hefur verið myndaður, standa öfl, sem eiga að vera þess megnug að tryggja framkvæmd heilbrigðrar framfarastefnu og standa af sér allar tilraunir, sem gerðar verða til þess að koma í veg fyrir framkvæmd slíkrar stefnu. Við eigum mikil og góð framleiðslutæki, og það er mikið spurt eftir framleiðsluvörum landsmanna. Við eigum því að hafa góð skilyrði til að snúa vörn í sókn í efnahags- og atvinnumálum landsins, en til þess þarf samstillt átök og góða samheldni þeirra, sem nú hafa efnt til samtaka um stjórn og löggjafarstarf, ekki aðeins þeirra, sem á þingi sitja

eða í ríkisstjórn eru, heldur engu síður alls þess mikla fjölda, sem styður ríkisstj. og þingmeirihlutann.

Þetta verða menn að festa sér vel í minni og taka öflugan þátt í stjórnmálastarfinu í þessa stefnu.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Þann 19. apríl s. l. birtist í Tímanum ritstjórnargrein með yfirskriftinni: „Brotið blað í stjórnmálasögunni". Var með þessu átt við þá algeru stefnubreytingu, sem verða mundi í fjármálum og efnahagsmálum þjóðarinnar, ef Framsfl. og Alþfl. fengju aðstöðu til þess að framkvæma málefnasamning sinn, sem jafnframt var birtur í þessu sama tölublaði Tímans.

Í kosningabaráttunni lögðu síðan talsmenn þessara tveggja flokka höfuðáherzlu á að sannfæra þjóðina um það, hvílíkt öngþveiti væri ríkjandi í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar og hvernig allt mundi fært til betri vegar, ef þjóðin fæli þessum flokkum forustu sinna mála.

Að vísu vottaði þjóðin þessum tveimur flokkum ekki traust í alþingiskosningunum, en með klækjabrögðum tókst þeim þó að hagræða fylgi sínu þannig, að þeir hlutu 25 þingsæti. Ekki kom samt að sök, þótt þeir fengju ekki hreinan meiri hl. á Alþ., því að kommúnistar lýstu sig strax að kosningum loknum reiðubúna til að tryggja meiri hl. svokallaðrar vinstri stjórnar, og var núverandi ríkisstj. síðan mynduð að frumkvæði kommúnista, þótt forsætisráðuneytið kæmi af skiljanlegum ástæðum í hlut Framsfl.

Þótt málefnasamningur núverandi ríkisstj. sé í mörgum atriðum harla óljós, þá hafa höfuðmálgögn Framsfl. og Alþfl. lýst því yfir hvað eftir annað, að ríkisstj. starfaði í meginatriðum í anda kosningastefnuskrár þessara tveggja flokka. Það sýnist því augljóst, að þeir hafa fengið það tækifæri til þess að brjóta blað í stjórnmálasögunni, sem þeir lýstu yfir að þeir mundu gera, ef þeir næðu valdaaðstöðu í landinu.

Þjóðin hlýtur því að mega vænta mikilla átaka og mikilla breytinga til batnaðar frá því ástandi, sem ríkjandi hefur verið í þjóðfélaginu að undanförnu. Fer þó naumast hjá því, að mönnum þyki harla broslegar fordæmingar framsóknarmanna á þessu ástandi, þegar það er haft í huga, að undanfarin 6 ár hefur Framsfl. átt jafnmarga ráðh. í ríkisstj. og Sjálfstfl. Og lítur sannarlega ekki út fyrir, að ráðh. Framsfl. hafi ráðið miklu í þessum ríkisstj., þegar því nú er haldið fram, að Sjálfstfl. beri einn alla ábyrgð á stjórnarstefnunni undanfarin ár.

En látum það gott heita. Sjálfstfl. mælist ekki undan ábyrgðinni, og framsóknarmenn mega gjarnan gera eins lítið úr sínum ráðh. og þeir vilja.

Fjárlög eru spegilmynd þeirrar stefnu, sem á hverjum tíma er fylgt í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar, þótt þeirri furðulegu kenningu hafi að vísu verið haldið fram síðustu mánuðina af framsóknarmönnum, að fjármál og efnahagsmál væru sitt hvað. Það liggur þó í augum uppi, að efnahagsþróunin og fjármálastefna ríkisstj. eru tveir þættir, sem ekki verða sundur greindir, þótt framsóknarmenn hafi neyðzt til að halda fram þeirri kenningu, svo að þeir ekki beinlínis yrðu að játa, að árásir þeirra á fjármálaþróun í landinu væru fordæming á störf átrúnaðargoðs þeirra í fjármálum, hæstv. núverandi fjmrh., sem farið hefur með fjármálastjórnina allt frá árinu 1950 og því allra manna bezt hefur haft aðstöðu til þess að hafa áhrif á þróun þessara mála. Hafa þó árásir höfuðmálgagns Framsfl. hvað eftir annað höggvið svo nærri fjármálastjórninni, að það hefðu áreiðanlega þótt ósæmilegar árásir á fjmrh., ef slík skrif hefðu birzt í málgögnum Sjálfstfl. í tíð fyrrverandi ríkisstj., eins og t. d. þegar Tíminn í sumar átaldi ríkisstj. fyrir að taka á ríkissjóð stórábyrgðir vegna síldveiðanna, svo sem hæstv. fjmrh. gat um í framsöguræðu áðan, án þess að sjá fyrir tekjum á móti. Veit þó væntanlega hvert mannsbarn, að engar slíkar kvaðir er hægt að leggja á ríkissjóð, nema fjmrh. samþykki. En hæstv. fjmrh. lætur þetta allt gott heita, og menn hafa því jafnvel búizt við því, að hann bæði opinberlega afsökunar á skyssum sínum í fjármálastjórninni undanfarin ár og lofaði bót og betrun á kommúnistíska vísu, ef honum yrðu nú gefnar upp sakir.

En þegar litið er á fjárlagafrv. fyrir árið 1957, sem nú hefur verið lagt fyrir Alþ., liggur við, að maður láti sér koma til hugar, að hæstv. fjmrh. sé hér að ná sér niðri á árásarmönnum sínum, bæði í eigin flokki og í núverandi samstarfsflokkum, því að frv. ber það sannarlega ekki með sér, að verið sé að taka upp algerlega nýja fjármálastefnu. Og að svo miklu leyti sem hægt er að segja, að með þessu fjárlagafrv. sé brotið blað í stjórnmálasögunni, eins og stjórnarflokkarnir ætluðu að gera, þá er það helzt á þann hátt, að hæstv. fjmrh. hefur tekizt að hækka útgjöld ríkissjóðs, miðað við síðasta fjárlagafrv., miklu meira en nokkru sinni hefur áður þekkzt hér á landi, þannig að útgjöld ríkissjóðs samkvæmt þessu fjárlagafrv. eru 135 millj. kr. hærri en í fjárlagafrv. því, sem sami hæstv. fjmrh. lagði fyrir síðasta Alþ., í tíð þeirrar slæmu ríkisstj., sem þá var að dómi núverandi stjórnarflokka, og er þó ekki í frv. nú reiknað með neinni vísitöluhækkun.

Þetta er sú staðreynd, sem blasir við augum, og þótt reynt sé að milda áhrifin með því að bæta því við í athugasemdum við fjárlagafrv., að það muni að sjálfsögðu taka þeim breytingum í meðförum á Alþ., sem nauðsynlegar kunni að reynast í samræmi við úrlausnir þær, sem ofan á verði í efnahagsmálunum, þá gefur slík yfirlýsing harla litlar vonir um samdrátt útgjaldanna, því að bæði er það, að enginn veit enn, ekki einu sinni hæstv. ríkisstj., hvort slíkar ráðstafanir leiða til hækkunar eða lækkunar á útgjöldum ríkissjóðs, og enn fremur kemur hitt til, að verulegar hækkanir hljóta að verða á ýmsum útgjaldaliðum frv., svo sem venja hefur verið á öllum þingum, en sérstaklega af ástæðum, sem ég mun víkja að síðar. Er þess heldur raunar alls ekki að vænta, að boðaðar aðgerðir í efnahagsmálum hafi áhrif á fjárlagafrv. til lækkunar, því að hæstv. fjmrh. hefur tekizt að koma því svo fyrir til þess að geta sýnt fjárlögin í fallegra ljósi að taka út úr fjárlögunum allar þær miklu upphæðir, sem varið er til

styrktar útflutningsframleiðslunni, en þau útgjöld hafa stóraukizt þá fáu mánuði, sem núverandi ríkisstj. hefur setið að völdum, enda hafa stjórnarblöðin sérstaklega fært henni til lofs og dýrðar, að hún hafi samþykkt stóraukna útflutningsstyrki, þótt því að vísu hafi verið bætt við, að ekki hafi enn verið séð fyrir neinu fé til þess að greiða þá styrki, og enn bólar ekki á fjáröflun í þessu skyni, hvorki í fjárlagafrv. né skattafrv. þeim, sem ríkisstj. hefur lagt fyrir þingið þegar á fyrsta starfsdegi þess.

En það er ekki aðeins í sambandi við útflutningsuppbæturnar, heldur á flestum öðrum sviðum, sem það þykir nú góð latína, sem fordæmt var hjá fyrrverandi tveimur ríkisstjórnum.

Því fer þannig víðs fjarri, að fyrsta fjárlagafrv. núverandi ríkisstj. beri nokkurn vott um þá góðu fjármálastjórn, sem væntanlega hefur verið ætlunin að innleiða með lækkuðum álögum á almenning og miklum sparnaði í ríkisrekstrinum, svo að vitnað sé í helztu ákæruatriði fulltrúa Alþfl. og Sósfl. í fjvn. á síðustu þingum á hendur hæstv. fjmrh. Er full ástæða til að minna á þá gagnrýni nú, þar sem einmitt báðir þessir hv. þm. eiga nú sæti í þessari ríkisstj. og hafa vafalaust haft aðstöðu til þess að koma sínum sjónarmiðum að í sambandi við fjárlagafrv. En manni sýnist næstum, að hæstv. fjmrh. sé að storka þessum samstarfsmönnum sínum, því að ekki í einu einasta atriði er um sparnað að ræða í ríkisrekstrinum, heldur er víða um að ræða aukið mannahald og aukinn tilkostnaður í ýmsum greinum, og í annan stað hefur fjmrh. þegar á fyrsta þingdegi lagt fram frv. um framlengingu á öllum núgildandi skatta- og tollaálögum, sem falla áttu úr gildi um næstu áramót, þ. á m. söluskattinum og tollunum, sem voru á lagðir á síðasta þingi, og hvort tveggja var þá harðlega fordæmt bæði af Alþfl. og sósialistum. Að vísu er einnig til þess að milda áhrif þessara frv. látið í það skína, að allt kunni þetta að fara á annan veg, þegar bjargráðin margumtöluðu koma. En mér er spurn: Ef það er ekki endanlegur ásetningur ríkisstj. að láta samþykkja þessi lagafrv., til hvers er þá verið að leggja þau fram þegar á fyrsta degi þingsins? Öll þessi tolla- og skattaákvæði gilda til áramóta, og naumast verður þessari afkastamiklu bráðabirgðalagaríkisstjórn ætlað það, að hún hafi ekki, a. m. k. í sinn hóp, í meginatriðum gert sér grein fyrir væntanlegum bjargráðum það löngu fyrir áramót, að nægur tími hefði verið að leggja tollafrv. þá fram, ef þeirra yrði áfram þörf. En ef taka á alvarlega allar fordæmingar tveggja núverandi stjórnarflokka á flestum þessum málum undanfarin ár, þá verður því naumast trúað, að þeir ætli sér að sitja í ríkisstj., sem þurfi að lifa á slíkum blóðpeningum.

Framlagning allra þessara skattafrv. nú hlýtur þó óneitanlega að vekja þær grunsemdir, að einnig á þessu sviði verði lítið úr stóru orðunum, þannig að skatta- og tollalækkanirnar verði heldur lítilmótleg búbót fyrir almenning í landinu.

Það hefur fallið í minn hlut nokkur undanfarin ár að gera grein fyrir stefnu Sjálfstfl. varðandi afgreiðslu fjárlaga. Ég hef í því sambandi lagt áherzlu á, að meginstefna Sjálfstfl. væri sú, að fjárlög væru á hverjum tíma afgreidd greiðsluhallalaus, að skatta- og tollaálögum væri stillt svo í hóf sem frekast væri unnt, en jafnframt innan þess ramma reynt í sem ríkustum mæli að stuðla að andlegum og verklegum framförum í landinu.

Þessi stefna Sjálfstfl. hefur að sjálfsögðu ekkert breytzt, þótt flokkurinn sé kominn í stjórnarandstöðu, og afstaða hans til afgreiðslu fjárlaga í þetta sinn mun því markast af þessum meginsjónarmiðum.

Fjmrh. verður að sjálfsögðu á hverjum tíma að ráða mestu um afgreiðslu fjárlaga, því að hann á að bera ábyrgð á fjármálastjórninni, og hefur svo einnig verið undanfarin ár. En þótt Sjálfstfl. hafi einhuga stutt fjmrh., þá fer auðvitað ekki hjá því, að við höfum ekki verið ánægðir með ýmis atriði í fjármálastjórninni og afgreiðslu fjárlaga, þótt sú gagnrýni hafi ekki verið fram sett opinberlega, meðan samstarfið stóð.

Sjálfstfl. ætlar sér ekki í stjórnarandstöðu sinni að taka upp hina ábyrgðarlausu afstöðu Alþfl. og sósialista, meðan þeir voru utan ríkisstj., þótt segja megi að vísu, að hæstv. núverandi fjmrh. muni hafa þótt sú afstaða þessara flokka harla góð, úr því að það á að vera eina bjargráðið til lausnar á fjármála- og efnahagsvandamálum þjóðarinnar að mynda samfylkingu við þessa tvo flokka. Hins vegar mun Sjálfstfl. að sjálfsögðu gagnrýna harðlega þær misfellur, sem hann telur vera á fjármálastjórninni og afgreiðslu fjárlaga.

Það er vitanlega eðlilegt, að fjárlög hækki eitthvað ár frá ári vegna fjölgunar þjóðarinnar og aukinnar þjónustu við þjóðfélagsborgarana á ýmsum sviðum. Er ekkert við þessu að segja, ef fé ríkisins er varið á skynsamlegan hátt og gjaldþoli borgaranna ekki ofboðið. Þróunin hefur þó verið til meiri hækkunar að undanförnu heldur en góðu hófi gegnir, og nú hefur hæstv. fjmrh. tekizt að slá öll sín fyrri met með því að hækka fjárlagafrv. um 135 millj., miðað við síðasta fjárlagafrv., og rúmar 50 millj., miðað við núgildandi fjárlög. Frá því að núverandi hæstv. fjmrh. tók við fjármálastjórn ríkisins 1950, hefur gjaldabálkur fjárlagafrv. hækkað úr 261.6 millj. í 712.7 millj., eða um 451 millj. Hafa útgjöld ríkissjóðs þannig vaxið á þessu tímabili um nærfellt 175%, og hefur þó fjmrh. tekizt að koma því svo fyrir, eins og ég áðan gat um, að halda utan við fjárlög öllum þeim feiknaháu upphæðum, sem árlega er varið til útflutningsuppbóta, þannig að raunverulega er útgjaldaaukningin miklum mun hærri. Áður hefur mesta hækkun fjárlagafrv. á einu ári verið rúmar 80 millj. kr., þannig að umbótastjórnin heldur myndarlega úr hlaði.

Nú mun hæstv. fjmrh. vafalaust koma hér í ræðustólinn á eftir og segja: Hvar á að spara? Vill ekki Sjálfstfl. benda á einhver úrræði til þess að draga úr þessum miklu útgjöldum ríkissjóðs? — Nú er það svo, eins og stjórnarandstæðingar hafa raunar réttilega bent á áður, að enginn hefur svo góða aðstöðu sem fjmrh. til þess að hafa yfirsýn yfir ríkisbúskapinn og gera sér grein fyrir, hvar mætti helzt koma við sparn-

aði. Sparnaður, svo að neinu nemi, verður heldur ekki framkvæmdur með sparðatíningi út úr fjárlagafrv., heldur verður að taka fjármálakerfið og fjármálastefnuna í heild til endurskoðunar. Er því ekki með nokkru móti hægt að ætlast til, að hægt sé í þinginu að umskapa fjárlagafrv. án þess að hafa þá yfirsýn, sem fjmrh. og ráðunautar hans hljóta á hverjum tíma að hafa. Fjármálastefnunni verður ekki breytt í andstöðu við fjmrh., og eina úrræðið til þess að breyta um stefnu er því að skipta um fjmrh.

Ég skal fúslega á það fallast, að það er hægara sagt en gert að spara á einstökum liðum. En það verður hins vegar ekki séð, að hæstv. fjmrh. hafi hvorki nú né síðustu árin haft nokkra sérstaka tilburði í þá átt að draga úr útgjöldum ríkissjóðs. Sérstakar nefndir hafa að vísu verið skipaðar til þess að gera till. um sparnað, en yfirleitt hefur ekki verið farið eftir þeirra ábendingum um nein þau atriði, er máli skipta.

Miðað við það, að núverandi stjórnarflokkar hafa lýst því yfir, að brjóta ætti blað í stjórnmálasögunni og taka upp ný vinnubrögð, vitanlega þá ekki hvað sízt í fjármálastjórninni, þá vil ég biðja þjóðina að taka vel eftir því, þegar fjmrh. vinstri stjórnarinnar nú lýsir því yfir, að óumflýjanlegt sé að hækka fjárlagafrv. nú meira en nokkru sinni áður hefur verið gert, að hann geti ekki og samráðherrar hans fundið nokkur minnstu úrræði til að draga úr kostnaði við ríkisbáknið, sem hæstv. núverandi viðskmrh. (LJós) hefur oft deilt á, og að ríkisstj. sé því sammála um það, að engin önnur úrræði séu fyrir hendi en að brjóta blaðið öfugt við það, sem ætlað var, stefna með miklu meiri hraða en áður að milljarðsmarkinu í útgjöldum ríkissjóðs, heimta af þjóðinni alla þá skatta og tolla, sem hún hefur borið til þessa, og festa kaupgjaldið að auki. Einhvern tíma hefði hæstv. núv. félmrh. sagt, að hér væri íhaldsúrræði á ferðinni.

Eitt af þeim stefnumálum, sem núv. ríkisstj. flaggar mjög með, eru þau miklu átök, sem hún ætli að gera til eflingar hag strjálbýlisins og til þess að skapa jafnvægi í byggð landsins. Í þessu skyni hefur verið tilkynnt, að kaupa eigi 15 nýja togara, og sérstök nefnd verið sett á laggirnar, ein af mörgum, sem núverandi ríkisstj. hefur skipað, til þess að gera tillögur um staðsetningu þessara togara og jafnvægisráðstafanirnar yfirleitt. Út af fyrir sig er ástæða til að fagna þessum stefnumálum, enda voru það sjálfstæðismenn, sem áttu frumkvæðið að því, að gerðar væru skipulagðar ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Fyrrverandi forsrh. skipaði tvo alþm., þá Gísla Jónsson og Gísla Guðmundsson, til þess að rannsaka þetta vandamál niður í kjölinn og gera till. til úrbóta.

Fyrsta ráðstöfunin í þessa átt var frv., sem þeir tvímenningarnir sömdu og ríkisstj. flutti á síðasta Alþingi, en hlaut þá þær furðulegu viðtökur, að framsóknarmenn gengu fram fyrir skjöldu til þess að eyðileggja málið. Þar sem hér var hins vegar um vinsælt mál að ræða, sem fólk víðs vegar um land bindur miklar vonir við, taldi núv. ríkisstj. sjálfsagt að taka málið upp. En þá varð auðvitað jafnframt að reyna að hindra, að upphafsmenn málsins, sjálfstæðismenn, gætu haft af því nokkurn heiður, og því þótti sjálfsagt að skipa nýja nefnd í málið og losna þannig við Gísla Jónsson úr nefndinni, einmitt þann manninn, sem allra manna mestan áhuga hefur sýnt á raunhæfum aðgerðum í þessu vandamáli og hefur aflað sér mjög góðrar þekkingar í sambandi við undirbúningsathuganir á málinu, en þetta er í fullu samræmi við aðrar hliðstæðar aðgerðir núv. ríkisstj.

En hvað reynist svo verða fyrsti vinsemdarvottur ríkisstj. til strjálbýlisins, því að varla ímyndar ríkisstj. sér, að hún hafi uppfyllt allar sínar skuldbindingar með því einu að skipa þriggja manna nefnd?

Vinsemdarvottinn er einmitt að finna í fyrsta fjárlagafrv. ríkisstj. Þar er að finna þær eftirtektarverðu till. til eflingar jafnvægi í byggð landsins, að gert er ráð fyrir að lækka framlög til nýrra þjóðvega um 3 millj. 910 þús. kr., að lækka framlög til brúargerða um 1 millj. 270 þús. kr., að lækka framlög til hafnargerða um 1 millj. 334 þús. kr. og að lækka framlög til skólabygginga um 1 millj. 750 þús. kr. Samtals nema þessar lækkanir frá núgildandi fjárlögum rúmum 8.2 millj. kr. Hér er sannarlega rösklega að verið, og verð ég raunar að biðja afsökunar á þeirri staðhæfingu minni áðan, að hæstv. fjmrh. hefðu ekki komið til hugar nein úrræði til sparnaðar á útgjöldum ríkissjóðs. Hér eru einmitt sparnaðarúrræði, og þetta eru einu sparnaðarúrræðin, sem finnanleg eru í fjárlagafrv., ef undan er skilið framlagið til ráðstafana vegna ófriðarhættu, sem auðvitað er fellt niður í samræmi við þá skoðun hæstv. ríkisstj., að nú sé svo friðvænlegt í heiminum.

Það er naumast að efa, að íbúar strjálbýlisins, þar sem enn vantar nýja vegi, þar sem enn eru óbrúaðar ár, ófullgerðar hafnir og ófullnægjandi skólar, muni fyllast gleði og þakklæti til hæstv. ríkisstj. fyrir þessi merkilegu átök hennar til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Framlög til vegaviðhalds eru að vísu nokkuð aukin, en það hefur ætíð þótt sjálfsagt að reyna að halda við þjóðvegum landsins og kostnaður við vegaviðhald því oft farið fram úr fjárlagaáætlun. Er því hér ekki um neitt þakkarvert atriði að ræða umfram það, sem verið hefur undanfarin ár. Sú staðreynd stendur því óhögguð, að hin mikla umbótastjórn leggur fram fjárlagafrv. með 135 millj. kr. hærri útgjöldum en fjárlagafrv. s. l. árs og lækkar jafnframt framlög til áðurgreindra verklegra framkvæmda um rúmar 8 millj. kr. Þótt framlag til flugvallagerðar sé hækkað um 2 millj. kr., sem er vissulega mikil nauðsyn, afsakar það að engu leyti þennan niðurskurð. Það lítur því út fyrir, að hæstv. ríkisstj. hugsi sér helzt að brjóta blað í stjórnmálasögunni á þann hátt að verða öllum stjórnum meiri íhaldsstjórn varðandi nauðsynlegar framkvæmdir í landinu.

Nú segir vafalaust hæstv. ríkisstj., að þjóðin verði enn um skeið að framlengja vixil hennar, því að enn séu úrræðin í efnahags- og fjármálum ófundin og því verði menn enn að fara mildum höndum um ríkisstj. í sambandi við frv. þetta, þar sem henni hafi ekki gefizt tóm til að

marka sína fjármálastefnu, áður en það var lagt fram. Látum svo vera. En það er ýmislegt, sem gerzt hefur, síðan núverandi ríkisstj. tók við völdum, sem óneitanlega bendir ekki í þá átt, að ætlunin sé að draga saman ríkisbáknið og lækka almenna kostnaðarliði ríkissjóðs.

Varla hefur sú vika liðið að undanförnu, að ekki væri tilkynnt með miklu yfirlæti af hæstv. ríkisstj., að nú hefði hún skipað enn nýja nefnd til þess að gera till. um þetta eða hitt, og ekki nóg með það, heldur hefur ríkisstj. talið svo mikla nauðsyn að hraða eyðslustarfseminni, að gefin hafa verið út sérstök brbl. til þess að fjölga forstöðumönnum innflutningsskrifstofunnar og fjölga í húsnæðismálastjórn, til þess eins að geta komið fulltrúum hinna nýju stjórnarflokka í áhrifamikil embætti. Er naumast að efa, að áfram verði haldið á sömu braut, og getur því innan tíðar myndazt hér myndarlegur nýr útgjaldapóstur í fjárlögum ríkisins. Til allrar ólukku fyrir ríkisstj. er sums staðar svo frá málum gengið, að hún getur ekki blátt áfram rekið andstæðinga sína frá störfum, en þá er sú leið valin að láta þá sitja áfram starfslausa á fullum launum, svo sem t. d. á sér stað í húsnæðismálastjórninni. Í sannleika sagt virðist aðaláhugamál ríkisstj. til þessa ekki hafa verið það að leita að bjargráðum í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar, heldur að leita að bjargráðum til þess að tryggja sem bezt völd sín í landinu og að tryggja stuðningsmönnum sínum vegtyllur og embætti, þótt af því leiði stórfelld útgjöld og tjón fyrir þjóðarbúið.

Til þess að standa straum af hinum miklu útgjöldum er tekjubálkur fjárlagafrv. hækkaður um 52 millj. kr. frá núgildandi fjárlögum. Er þá ekki gert ráð fyrir neinum nýjum tekjustofnum, heldur að núgildandi tekjustofnar gefi af sér hækkun, sem þessu nemur. Þessa áætlun er að sjálfsögðu ekki hægt að gagnrýna á þessu stigi málsins, en ætla má eftir reynslu undanfarandi ára, að fjmrh. hafi áætlað þessa hækkun mjög varlega. Í sambandi við þetta vil ég taka það fram, að við endanlega afgreiðslu núgildandi fjárlaga taldi hæstv. fjmrh. teflt á yztu nöf með tekjuáætlunina. Voru viðbótartollar þeir, sem á voru lagðir á síðasta þingi, miðaðir við þessa fullyrðingu fjmrh., sem vitanlega hafði bezta aðstöðu til þess að gera sér grein fyrir tekjuhorfunum. Gaf fjmrh. fjvn. jafnframt upplýsingar um það, hver tekjuauki mundi verða af hinum nýju tollum. Tekjuáætlun hæstv. fjmrh. nú bendir ótvírætt í þá átt, að hann hafi áætlað tekjuaukann af hinum nýju tollum allt of lágt og viðbótartollarnir því ákveðnir hærri en raunverulega hefði verið þörf fyrir. Verður að átelja þetta.

Ég hef hér brugðið upp nokkurri heildarmynd af fjárlagafrv. því, sem nú liggur fyrir Alþingi. Hlýtur frv. þetta að valda þjóðinni miklum vonbrigðum eftir öll stóryrði núv. stjórnarflokka um það, að nú muni hæstv. forsrh. undir hinum rauða fána leiða þjóðina út úr þeirri eyðimörk fjármálaöngþveitis, sem þessi sami hæstv. ráðh. lýsti fyrir kosningar með átakanlegum orðum, að þjóðin væri nú stödd í eftir sex ára samfellda fjármálastjórn flokksbróður hans, hæstv. núv. fjmrh. Hafi lýsing hæstv. forsrh. þá verið rétt, þá bendir hið nýja fjárlagafrv. ótvírætt í þá átt, að það verði ekki Hermann Jónasson og hinir rauðu vinir hans, sem leiði þjóðina og Eystein Jónsson út úr eyðimörkinni, heldur muni þeir í innilegu samfélagi við hæstv. fjmrh. halda beint af augum það langt inn í eyðimörkina, að út úr henni verði ekki komizt.

En þótt það sé auðvitað fjarri öllum sanni, að þjóðin hafi verið stödd á nokkurri eyðimerkurgöngu, þegar fyrrv. ríkisstj. lét af völdum, þá er hitt rétt, að verðbólguþróunin er orðin mjög alvarleg meinsemd í efnahags- og fjármálakerfi þjóðarinnar. Það er eftirlætislýsing núv. stjórnarflokka á sjálfstæðismönnum, að þeir séu verðbólgubraskarar. Skýtur hér nokkuð skökku við staðreyndirnar, því að enginn flokkur í landinu hefur jafnoft og jafnalvarlega varað við hinum hættulegu afleiðingum verðbólgunnar og einmitt Sjálfstfl. Nú er því hins vegar haldið að þjóðinni, að það séu sjálfstæðismenn, sem fyrst og fremst eigi sök á verðbólguþróuninni. Hafa framsóknarmenn einkum haldið þessu á lofti og fært fram til réttlætingar stjórnarsamvinnu sinni við kommúnista. En hverjar eru staðreyndir málsins? Þegar verðbólgan var að sliga atvinnuvegina og dýrtíðin ríkissjóðinn árið 1949, höfðu sjálfstæðismenn forustu um gengisbreytinguna til þess í senn að bæta hag útflutningsframleiðslunnar og afkomu ríkissjóðs. Allt frá þeim tíma hefur hagur ríkissjóðs staðið með miklum blóma, og þótt vísitala framfærslukostnaðar hækkaði af ýmsum ástæðum meira en gert hafði verið ráð fyrir, tókst þó smám saman að koma því jafnvægi á í efnahagsmálunum, að frá árslokum 1952 þar til í byrjun árs 1955 var verðlag í landinu svo að segja stöðugt.

Í ávarpi sínu um áramótin 1954—55 vakti þáverandi forsrh., Ólafur Thors, athygli á þeim mikilvæga árangri, sem náðst hafði í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar til aukins jafnvægis, og varaði jafnframt alvarlega við því, að gerðar yrðu almennar kauphækkunarkröfur á árinu 1955, heldur yrði beðið átekta og séð, hver þróunin yrði það ár. Því miður var þessum varúðarorðum ekki sinnt, og kommúnistar öttu verkalýðssamtökunum út í harðvítugt og langvarandi verkfall, sem leiddi af sér miklar kauphækkanir á pappírnum, en því miður litlar í reynd.

Afleiðingar þessa ógiftusamlega tiltækis kommúnista voru ekki lengi að koma í ljós. Dýrtíðarhjólið tók nú aftur að snúast af fullum krafti, hallarekstur atvinnuveganna óx stöðugt, og jafnframt jukust útgjöld ríkissjóðs. Það voru þannig óvefengjanlega kommúnistar, núverandi samstarfsmenn hæstv. fjmrh., sem vöktu upp þann dýrtíðardraug, sem núverandi ríkisstj. stynur undir átökunum við að kveða niður, og má raunar segja, að það komi vel á vondan. Hins vegar er það furðuleg óskammfeilni, þegar reynt er að eigna uppvakning þennan þeim mönnum, sem alvarlegast vöruðu við þessu ógiftusamlega tiltæki.

Séu stuðningsmenn hæstv. núverandi ríkisstj. í nokkrum vafa um, að ég hafi hér lýst sök á hendur réttum aðilum um það dýrtíðarflóð, sem ógnar nú atvinnuvegum landsmanna og afkomu

þjóðarinnar, þá vil ég leyfa mér að leiða hér fram máli mínu til stuðnings ekki ómerkara vitni en hæstv. núverandi fjármálaráðherra, en hann komst svo að orði í síðustu eldhúsdagsumræðu:

„Ég benti á það þá, að með þessum ráðstöfunum, þ. e. kauphækkununum, væri brotið blað í efnahagssögu þjóðarinnar, fram að þeim tíma hafi framleiðslan farið vaxandi, verðlag haldizt stöðugt í 2½ ár, sparnaður aukizt mikið, greiðsluafgangur verið á ríkisbúskapnum, hægt að lækka skatta- og tollaálögur árlega nokkuð."

En aðeins nokkrum mánuðum eftir að hæstv. fjmrh. hefur gefið þessa lýsingu á óhappaverknaði kommúnista, þá er hann kominn í einlægt samfélag við þá í ríkisstj. landsins, og hæstv. forsrh. gengur berserksgang til þess að tryggja kommúnistum öll völd í verkalýðshreyfingunni, þannig að öruggt verði, að þeir geti misnotað hana eftir vild. Þetta er svo þjóðinni sagt að sé eina úrræðið til þess að koma atvinnulífi hennar og efnahagsmálum á heilbrigðan grundvöll, enda þótt hæstv. núverandi fjmrh. hafi flestum mönnum fremur réttilega á það bent, að kommúnistar stefndu ætíð með aðgerðum sínum að því að skapa upplausn og vandræði í þjóðfélaginu.

Ég skal að vísu játa, að kommúnistar hafa sjálfir viðurkennt afglöp sín í verkföllunum á s. l. ári, er þeir láta það verða eitt sitt fyrsta verk, eftir að þeir komu í ríkisstj., að banna vísitöluhækkun á launum. Mun það mál nánar rætt á öðrum vettvangi, en hræddur er ég um, að þessar játningar kommúnista á eigin afglöpum kosti þjóðina fórnir á öðrum sviðum.

Svo sem fjárlfrv. ber með sér, standa stjórnarflokkarnir gersamlega ráðþrota gagnvart vandamálunum. Reyna þeir að afsaka úrræðaleysið með því að staðhæfa, að arfurinn frá fyrri árum sé svo slæmur, að ekki sé við öðru að búast en að það taki nokkuð langan tíma að brjóta blaðið í stjórnmálasögunni.

Ég hef áður bent á þá staðreynd, að sá arfahluti, sem erfiðastur mun reynast eftirkomendunum, er til orðinn fyrir verknað kommúnista, einmitt eins stjórnarflokksins. Að öðru leyti er arfurinn meiri velmegun almennings en nokkru sinni hefur áður þekkzt hér á landi, meiri og betri framleiðslutæki og miklum mun meiri framleiðsluverðmæti en nokkur önnur ríkisstj. hefur fengið til ráðstöfunar. Það er framleiðslan, sem á hverjum tíma er undirstaðan að afkomu þjóðarinnar, og eins og hæstv. viðskmrh. benti á á fundi Verzlunarráðs Íslands nýlega, hefur framleiðslan aukizt mjög ár frá ári og því engin ástæða til svartsýni, ef skynsamlega er á málum haldið.

Við sjálfstæðismenn höfum ætíð lagt á það megináherzlu, að aukning framleiðsluverðmætanna er eina leiðin til bættra lífskjara. Arfur sá, sem Sjálfstfl. lætur eftir sig, er slíkur, að það er vissulega illa stjórnað, ef nú þarf að rýra lífskjör þjóðarinnar. Sjálfstæðismenn hafa sannarlega ekki ástæðu til þess að bera sig upp undan því, þegar stjórnarflokkarnir halda því fram, að þeir hafi ráðið mestu eða jafnvel öllu um stjórnarstefnuna undanfarin ár. Um áhrif þeirrar stefnu hefur sjálft stjórnarblaðið Tíminn sagt, að árin eftir 1950 séu mesta framfaratímabil í sögu þjóðarinnar.

Það er sannarlega ekki sú stjórnarstefna, sem Sjálfstfl. markaði, sem hefur skapað það fjármálaöngþveiti, sem við er að fást í dag, heldur er það verk þeirrar fylkingar, sem nú stendur að baki hæstv. fjmrh.

Þegar hæstv. fjmrh. segir nú, að við óskapnað í fjármálakerfinu sé að fást, er hann leggur þessi langhæstu fjárlög í sögu þjóðarinnar fyrir Alþ., þá er það sá óskapnaður, sem á upptök sín í herbúðum núverandi stjórnarliðs.

Sjálfstfl. hefur æ ofan í æ varað við afleiðingum verðbólguflóðsins fyrir afkomu ríkissjóðs og þjóðarinnar í heild. Hvað eftir annað hefur Sjálfstfl. staðið að ráðstöfunum til þess að stöðva dýrtíðarhjólið, en óheillaöflin hafa jafnan komið því í gang aftur. Nú síðast í lok síðasta þings gerðu sjálfstæðismenn tilraunir til þess að fá samkomulag við Framsfl. um nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir vísitöluhækkun á þessu ári með það í huga, að væntanlegri ríkisstj. gæfist tóm til að íhuga leiðir til frekari aðgerða.

Framsfl. og hæstv. fjmrh. höfðu þá engan áhuga á að stöðva verðbólguþróunina, og till. sjálfstæðismanna voru fordæmdar sem óhæfilegar álögur á ríkissjóð og kjaraskerðing fyrir alþýðu manna. En hvað gerðist svo? Eitt fyrsta verk núverandi ríkisstj. var að gefa út brbl., þar sem í senn var ákveðið að auka stórum uppbótagreiðslur úr ríkissjóði og jafnframt svipta launþega umsaminni vísitöluhækkun á kaup. Þá var ekki lengur erfitt að taka kvaðir á ríkissjóðinn, og nú áttu ekki aðeins niðurgreiðslurnar, heldur bein kauplækkun að vera til mikilla hagsbóta fyrir launastéttirnar. Sjálfstæðismenn fagna vitanlega sérhverri skynsamlegri ráðstöfun til þess að stemma stigu við verðbólgunni, en ég held, að enginn geti með rétti kallað það goðgá af sjálfstæðismönnum, þótt þeir bendi á hinn dæmalausa hringsnúning og skollaleik stjórnarliðsins.

Herra forseti. Ég hef hér gert grein fyrir nokkrum meginatriðum, sem nauðsynlegt er að hafa í huga, er menn athuga efnahags- og fjármálaþróunina síðustu árin og hvaða öfl hafa einkum verkað á þá þróun. Hið risaháa fjárlfrv. hæstv. ríkisstj. nú er bein afleiðing þeirrar stefnu, sem við sjálfstæðismenn höfum jafnan varað við. Það væri vissulega gleðiefni, ef þau öfl, sem nú standa að hæstv. ríkisstj. og mestu hafa valdið um þá erfiðleika, sem nú er við að glíma í sambandi við fjárhagsafkomu ríkissjóðs og þjóðarinnar í heild, vildu nú fyrir alvöru ganga í endurnýjung lífdaganna og reyna að leggja fram krafta sína til þess að bæta fyrir það tjón, sem þau hafa valdið. Úr þessu mun endanlega fást skorið á þessu þingi, en fjárlfrv. þetta ber ekki nein merki um þá nýsköpun hugarfarsins, nema síður sé.

Sjálfstæðismenn hafa ekki aðstöðu til þess að hafa áhrif á þá meginstefnu, sem einkennir þetta fjárlfrv. Þeir munu hins vegar beita áhrifum sínum til þess að lagfæra verstu annmarkana, sem á því eru. Má þar fyrst og fremst nefna þann óhæfilega niðurskurð á framlögum til ýmiss

konar verklegra framkvæmda, sem ég hef áður vikið að, en annars mun verða tækifæri til þess að ræða nánar einstaka liði frumvarpsins við 2. umr. þess.

Sjálfstfl. vill sem fyrr styðja að því, að fjárl. verði afgr. greiðsluhallalaus, en það er í senn krafa hans, að sköttum og öðrum álögum á þjóðina sé haldið innan skynsamlegra takmarka, og eins hitt, að hinu mikla fé, sem ríkissjóði áskotnast, verði svo sem framast er unnt varið til eflingar menningu og alhliða framförum í landinu.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Mér skilst nú, að hv. 2. þm. Eyf., Magnús Jónsson, sem hér lauk máli sínu, beri í raun réttri allmiklu meira traust til hæstv. ríkisstj. heldur en hann vill vera láta, því að mér skilst, að hann hafi vænzt þess, að hún gæti lagt fram núna fyrir þetta Alþ. frv. til fjárl., sem glögglega sýndi, á hvern hátt ætti að bæta fyrir sjö ára afglöp og óstjórn af hálfu flokksmanna hans í ríkisstj. Sjálfum er honum þó fullvel um það kunnugt, að fjárlfrv. þetta eins og öll önnur frv. hlýtur að sjálfsögðu að byggjast á þeirri löggjöf, sem hefur áhrif á fjárl., annars vegar um tekjuöflunina, þar sem verður að sjálfsögðu að miða við þá löggjöf, sem í gildi er, þegar fjárlfrv. er samið, og hins vegar þær skuldbindingar, sem að lögum hafa verið lagðar á ríkissjóðinn og hann getur ekki komið sér undan án stórfelldra breytinga á löggjöfinni. Mér skilst því, að hv. ræðumaður hafi ætlað stjórninni of mikið, treyst henni of vel, ef hann hefur búizt við, að hún gæti á þessu tveggja mánaða tímabili verið búin að breyta löggjöfinni í það horf, að hægt væri að semja fjárlög, miðuð við hinar nýju aðstæður, sem væntanlega verður að mæta á komandi tíma.

Samkvæmt því frv., sem nú liggur fyrir til fjárlaga fyrir árið 1957 og hér er til umræðu, er gert ráð fyrir, að tekjur og gjöld ríkisins verði um 713 millj. kr. á árinu. Mest af gjöldunum, eða um 650 millj., er gert ráð fyrir að verði hrein rekstrargjöld hjá ríkissjóði. Af tekjum ríkissjóðs er áætlað, að um ⅙ hluti, rétt um 120 millj. kr., sé lagður á borgarana eftir efnum og ástæðum, þ. e. a. s. tekinn með tekju- og eignarskatti. Tekjur af sölu tóbaks og áfengis eru áætlaðar nokkru hærri, eða um 130 millj. kr., en langmestur hluti teknanna, milli 400 og 500 millj. kr., er tollar og gjöld, sem lögð eru á neyzluvörur almennings, og vega þar þyngst söluskatturinn, sem er áætlaður 135 millj. kr., og verðtollurinn, sem er áætlaður 203 millj. kr.

713 millj. kr. er geysihá upphæð, um það er ég sammála hv. þm., sem síðast talaði, og það jafnvel þótt tekið sé tillit til þess, hversu krónan hefur smækkað undanfarin ár. Þó fer því fjarri, að öll kurl séu komin til grafar, þegar lokið er lestri fjárlfrv. Hvorki bátagjaldeyrisálagið né heldur gjöldin til framleiðslusjóðs eru þar talin með. Gjöldin til framleiðslusjóðs voru á þessu ári áætluð um 140 millj. kr. skv. lögum frá seinasta Alþingi, og ætla má, að bátagjaldeyrisálagið nálgist sömu upphæð. Hvor tveggja þessi gjöld eru í eðli sínu neyzluskattar eins og önnur innflutningsgjöld, þótt fyrrv. hæstv. ríkisstj. hafi talið heppilegra að halda þeim utan fjárl. með það fyrir augum að freista að leyna almenning þessum álögum.

Það er von mín, að hæstv. núverandi ríkisstj. hætti slíkum feluleik og að fjárl. verði að þessu sinni gerð svo úr garði, að þau segi satt og rétt frá um það, hversu miklar álögur eru lagðar á landsfólkið og hversu því fé, sem þannig er af því tekið, er varið.

Sé þeim upphæðum, sem bátagjaldeyrisálagið og framlagið til framleiðslusjóðs nemur, bætt við upphæð fjárl., kemur í ljós, að álögur á landsmenn eru áætlaðar nokkuð yfir 1000 millj. kr., nokkuð yfir einn milljarð á árinu 1957. Er þá að sjálfsögðu miðað við, eins og ég áðan sagði, gildandi tolla- og skattalöggjöf og önnur þau lagafyrirmæli, sem áhrif hafa á fjárl. Það mun láta nærri, að fólk á starfsaldri á þessu landi sé um 100 þús. manns. Þessi upphæð svarar því til þess, að tollar og skattar til ríkissjóðs og í þær stofnanir, sem ég áðan nefndi, nemi rétt í kringum 10 þús. kr. á hvern einasta karl og konu á öllu landinu á aldrinum milli 16 og 67 ára eða á starfsaldri, eins og venjulega er talið.

Engar skýrslur liggja fyrir um það, hversu þjóðartekjurnar verða miklar eða eru áætlaðar miklar á þessu ári. Ýmsir, sem þessum málum eru kunnugir, áætla, að á s. l. ári muni þær hafa verið nálægt 3000 millj. kr. Sé gert ráð fyrir svipaðri upphæð nú, þá lætur nærri, að þriðji hver peningur af tekjum þjóðarinnar í heild sé tekinn af ríkinu og til þeirra stofnana, sem ég áðan nefndi. Eru þá ótalin skattar og gjöld til sveita og héraðs- og sýslustjórna svo og sú feikna álagning, sem fellur í hlut milliliðanna á upphæðir tollanna og annarra innflutningsgjalda.

Í þessu sambandi þykir mér rétt að endurtaka það, sem ég fyrr sagði vegna ummæla hv. 2. þm. Eyf., að allar þær áætlanir um tekjur og gjöld, sem þetta fjárlfrv. er byggt á, eru miðaðar við gildandi löggjöf, gildandi tekjulöggjöf og gildandi löggjöf um, hverjar greiðslur beri að inna af hendi úr ríkissjóði og þeim sjóðum, sem ég hef drepið hér á áður. Þessi löggjöf var sett og mótuð í framkvæmd, áður en hæstv. núverandi ríkisstjórn tók við, af fyrrverandi ríkisstj. og þeim, sem hana studdu. Þetta er því sá arfur, sem fyrrverandi ríkisstj. lætur eftir sig í hendur hæstv. núverandi ríkisstj. á sviði fjármála ríkisins. Þörfin er metin samkvæmt þeim skuldbindingum, sem hvíla á ríkissjóði nú, nokkuð yfir 1000 millj. kr., sem tekið er af fólkinu með sköttum og álögum.

Vissulega eru fjármál ríkisins og fjárhagur ríkissjóðs þýðingarmikið fyrir þjóðina alla, engum dettur í hug að neita því. En því má þó aldrei gleyma, að afkoma ríkissjóðs er aðeins einn þátturinn í þjóðarbúskapnum í heild, afkoma atvinnuveganna til lands og sjávar er sá grundvöllur, sem búskapur þjóðarinnar og lífskjör hennar byggjast á. Til lengdar verður ekki hægt að tryggja fjárhag ríkissjóðs, nema þessi grundvöllur sé traustur. En svo er ekki nú. Það er vitað og viðurkennt af öllum, sem ekki neita bláköldum staðreyndum.

Hæstv. fjmrh. er þetta ljóst, eins og aths. þær, sem hann lætur fylgja frv., bera með sér. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárlfrv. er miðað við núverandi ástand í efnahags- og framleiðslumálum landsins. Á hinn bóginn er það vitað mál, að þannig er nú um þau efni ástatt, að til frambúðar getur ekki staðizt án nýrra ráðstafana. Stendur nú yfir athugun á þessum málum öllum, og að henni lokinni verða teknar ákvarðanir um, hvað aðhafzt skuli. Verður fjárlfrv. að sjálfsögðu að taka þeim breytingum í meðförum á Alþingi, sem nauðsynlegar kunna að reynast í samræmi við úrlausnir þær, sem ofan á verða í efnahagsmálunum. Sama gildir og um frv. þau, sem fram eru lögð um framlengingu lagaákvæða um tekjur ríkissjóðs."

Með þessu undirstrikar hæstv. ráðh. skýrt, að hann haldi sig að sjálfsögðu við samningu frv. við gildandi lagaákvæði, en játar hins vegar, að svo sé ástatt í efnahagsmálunum, að hér þurfi nýrra úrræða við, og beri þá að sjálfsögðu að breyta tekjulöggjöfinni og fjárlagafrv. í samræmi við þær niðurstöður, sem ofan á verða. Í orðum hans er vissulega hófsamlega og vægilega að orði komizt. Ástandið í atvinnumálum og efnahagsmálum og þá fyrst og fremst á sviði sjávarútvegsmálanna er þannig, að fullkomin stöðvun blasir við, ef ekki er að gert hið bráðasta í þessum efnum.

Um síðustu áramót stöðvaðist nær allur fiskiflotinn um mánaðartíma í byrjun vertíðar, meðan þáverandi ríkisstj. leitaði úrræða til að koma honum á flot. Úrræðið var sem kunnugt er stofnun framleiðslusjóðs og nýjar álögur í hann á neyzluvörur almennings, sem aftur hlaut að leiða, eins og reynslan hefur sannað, til hækkaðs vöruverðs og hækkaðrar vísitölu og aukins kostnaðar við framleiðsluna. Álögur þessar voru teknar í framleiðslusjóð til þess að greiða dagpeninga til togaranna og til uppbóta á sjávarafurðir til viðbótar við bátagjaldeyrisálagið, sem fyrir var og nokkuð hafði verið hækkað.

Öllum var ljóst, einnig þáverandi hæstv. ríkisstj., að hér var þó aðeins um bráðabirgðaúrræði að ræða, enga frambúðarlausn. En jafnframt var fullyrt, þegar lögin voru sett, að með stofnun framleiðslusjóðs væri séð fyrir hag útgerðarinnar til loka þessa árs.

Árið var þó ekki hálfnað, eins og hæstv. fjmrh. reyndar drap á, þegar það sýndi sig og kom í ljós, að því fór fjarri, að svo væri. Áður en síldveiðin fyrir Norðurlandi hófst í sumar, var því yfir lýst af útgerðarmönnum, að þeir treystu sér ekki til að hefja síldveiðar, nema þeim væri tryggt ákveðið verð, en til þess að það ákveðna verð teldist unnt að greiða af síldarsaltendum og verksmiðjum, sem við síldinni tóku, féllst fyrrverandi ríkisstj. á að greiða uppbót á hverja síldartunnu, sem fór í bræðslu. Uppbótin á hvert síldarmál skyldi vera 10 kr. á hvert mál, allt að 250 þús. málum, og á hverja síldartunnu kr. 57.50, allt að 300 þús. tunnum.

Sama var upp á teningnum, þegar hefja skyldi síldveiðar hér í Faxaflóa síðari hluta sumars og í haust. Þá féllst ríkisstj. einnig á að greiða uppbót á hverja síldartunnu, sem nam 110 kr. á hverja tunnu, allt að 60 þús. tunnum, og að greiða 500 kr. á smálest, allt að 4500 smálestum af síld, sem fryst yrði til útflutnings, enn fremur styrk til karfaveiða, ef karfinn var lagður á land til mjölvinnslu. Loks hefur síðan verið tekin upp í haust af hæstv. núverandi stjórn hækkun fiskverðs til togara, sem leggja fisk á land til vinnslu hér á landi, og það þótti eina leiðin til þess að koma í veg fyrir, að stöðvun yrði á starfsemi og framleiðslu fiskvinnslustöðva og hraðfrystihúsa í landinu. Loks er svo styrkur til báta til að greiða vátryggingarkostnað þeirra á síldveiðum norðanlands og við Faxaflóa.

Þessar upphæðir samtals telst mér til að nemi milli 32 og 35 millj. kr. samkvæmt þeim áætlunum, sem fyrir liggja, til viðbótar þeim framlögum, sem framleiðslusjóði var ætlað að greiða samkvæmt þeim lögum, sem um hann voru sett á s. l. vetri og talið var að þá mundi verða fullnægjandi hjálp til útgerðarinnar.

Samanlagt má því ætla, að þessi viðbótarframlög framleiðslusjóðs, sem talin voru óhjákvæmileg til þess að koma í veg fyrir, að síldveiðar féllu niður með öllu í sumar og haust, og til þess að starfsemi fiskvinnslustöðva og hraðfrystihúsa þyrfti ekki að stöðvast, nemi um 30—35 millj. kr.

Sé þessari upphæð bætt við áætluð útgjöld framleiðslusjóðs samkvæmt lögum um hann frá síðasta Alþ. og áætlað bátagjaldeyrisálag, þá virðist framlag hins opinbera til útgerðarinnar á þessu ári verða um eða yfir 300 millj. kr.

Hæstv. ráðh. upplýsti hér í ræðu sinni áðan líka, að bátagjaldeyrisálagið gerði meira en að greiða allt kaup skipverja á bátunum og að dagpeningarnir til togaranna, 5000 kr. á dag, létu nærri að nema sömu upphæð og kaupgreiðslur fólksins á togurunum öllum. Sjá þá allir, hversu ástatt er. En þrátt fyrir þessar risaupphæðir er mér tjáð, að nú sé fyrirsjáanlegt, að stórfelldur halli verði a. m. k. á rekstri togaranna á yfirstandandi ári, og líkur til, að svo verði einnig um verulegan hluta bátaflotans.

Þannig er þá ástandið í þessum málum. Þó ber þess að gæta, að með brbl., sem hæstv. ríkisstj. hefur gefið út um festingu kaupgjalds og verðlags, hefur þessum atvinnurekstri sparazt stórfé og sparast á síðasta þriðjungi þessa árs, og yrði þá hagur hans þeim mun verri, sem þeirri upphæð nemur, ef ekki hefði verið gripið til þessara ráðstafana til þess að halda í skorðum, meðan undirbúnar væru frambúðarráðstafanir í efnahagsmálum og framleiðsluháttum hjá okkur.

Þannig er þá háttað afkomu og rekstri sjávarútvegsins eftir sjö ára stjórn íhaldsins á þessum málum. Þannig er viðskilnaður formanns Sjálfstfl. við sæti sjútvmrh., en það hefur hann fyllt, í því hefur hann setið nú nærfellt sjö síðustu árin, og þannig er þá aðkoma hinnar nýju stjórnar, sem við þessum málum tekur. Og svo furðar hv. 2. þm. Eyf. sig á því, að þegar fjárlfrv. er lagt fram, þá skuli ekki vera búið að finna örugg ráð til að bæta úr þessu ástandi, sem myndazt hefur undir handleiðslu hans eigin flokksmanna og flokksformanns á s. l. 7 árum.

En með þessu er ekki sagan sögð öll — fjarri fer því — um þann arf, sem hv. 2. þm. Eyf. talaði um og fyrrverandi ríkisstj. lét eftir, þegar hún veik úr sessi, og lét í hendur núverandi stjórnar. Einnig á öðrum sviðum er svipaða sögu að segja.

S. l. ár, 1955, var viðskiptahallinn við útlönd nærfellt 400 millj. kr., ef ég man rétt, eða til uppjafnaðar rétt í kringum 1 millj. kr. hvern einasta dag, sem skorti á að verðmæti útflutningsins hrykki til þess að greiða verðmæti innflutningsins. Þrátt fyrir miklar aðrar gjaldeyristekjur, svo sem tekjur af framkvæmdum varnarliðsins o. fl., var greiðslujöfnuðurinn á árinu óhagstæður um hvorki meira né minna en hér um bil 150 millj. kr., sem kom fram sem auknar gjaldeyrisskuldir erlendis eða minnkaður gjaldeyrisforði og reyndar hvort tveggja.

Ekki virðist hafa orðið nein breyting á þessu ári, sem nokkru nemi, og sízt til batnaðar. Viðskiptahallinn, það sem af er þessu ári, er nokkuð svipaður og á sama tíma s. l. ár, en um aðrar gjaldeyristekjur er ekki upplýst enn.

Afleiðing þessara stjórnarhátta, þessara viðskipta, þessarar afstöðu til útlanda, er svo sá tilfinnanlegi fjárskortur, sem nú þegar lamar eða hefur stöðvað ýmsar nauðsynlegar framkvæmdir og horfur eru á, ef ekki er að gert, að stöðvi enn fleiri.

Hæstv. ráðh. gerði í inngangsræðu sinni nokkra grein fyrir því, hversu lánsfjárskorturinn og fjármagnsskorturinn væri tilfinnanlegur. Ég hafði tekið saman nokkur atriði til ábendingar í þessu efni og vænti, að þó að eitthvað af því sé endurtekningar á því, sem hann sagði, þá verði það afsakað.

Búið er um alllangt skeið af fyrrverandi ríkisstj. og stjórnarvöldum Reykjavíkurbæjar að leita eftir lánsfé til Sogsvirkjunarinnar algerlega árangurslaust. Hæstv. ráðh. lýsti því, hversu mikið lægi við, að nauðsynleg stækkun á þeirri stöð yrði framkvæmd hið allra skjótasta. Hæstv. ríkisstj. skilur við þetta mál svo, að ekki liggja fyrir nokkur loforð eða ádráttur um fjárframlög, lán, fjármagn til þessara nauðsynlegu framkvæmda. Það fellur því í hlut hæstv. núverandi ríkisstjórnar að sjá, hvers hún er megnug í þessu efni.

Hæstv. ráðh. drap á, að fé mundi skorta stórkostlega til rafvæðingar þeirrar, sem ákveðin var af hæstv. fyrrverandi ríkisstj. Það er fyllilega rétt. Á þessu ári vantar a. m. k. 15—20 millj. kr. og nokkru hærri upphæðir hvert næstu ára, ef á að halda í horfinu með þá áætlun. Þó er rétt að minnast þess í sambandi við það, að með þeirri rafvæðingu er ekki um að ræða að skapa grundvöll undir nýjum starfsgreinum eða nýrri framleiðslu, heldur fyrst og fremst að sjá fyrir heimilisþörfum manna í dreifbýlinu, ljósi og rafmagni til heimilisþarfa, en nýjar virkjanir nema, ef ég man rétt, nýjar stöðvar, sem byggðar verða skv. áætluninni, ekki nema tæpum 7 þús. kw., eitthvað þar í kring, þannig að meginfengurinn við þessa rafvæðingu er bætt lífsskilyrði, ljós, hiti og annað slíkt úti um byggðir landsins.

Hæstv. ráðh. hefur gert grein fyrir fjárþörf fiskveiðasjóðs og ræktunarsjóðs og hversu horfir í því efni. Hann hefur einnig drepið á og sýnt fram á, að sementsverksmiðjuna vantar enn þá stórfé, til þess að hægt sé að tryggja, að henni verði komið á fót, og um nauðsynlega viðbót við áburðarverksmiðjuna gildir slíkt hið sama.

Sama er að segja og næstum verra þó að því er varðar húsnæðismálin og framkvæmdir í þeim efnum. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, hefur veðlánakerfið fengið til umráða og veitt lán allt í allt, frá því að lögin voru sett, um 80 millj. kr., sem hafa skipzt þannig, að um 25 millj. kr. hafa farið til lánveitinga hér í Reykjavík og 55 millj. kr. úti um land. Þetta er ekki nema lítill hluti þess, sem gert var ráð fyrir að hin nýja veðdeild hefði til umráða af fé á þessu tímabili, og er þó ekkert tillit tekið til þess, að á þessu sama tímabili hefur stórkostlega hækkað byggingarkostnaður, kostnaður við að koma sér upp íbúð.

Nú er mér sagt, að málin standi þannig, að til áramóta muni verða til umráða fyrir húsnæðismálastjórn rétt í kringum 6 millj. kr. og af því megi vænta eftir þeirri hlutfallaskiptingu, sem ákveðin var, að um 1.1 millj. kr. renni til Reykjavíkur. Hér í Reykjavík liggja nú fyrir einnig hvorki meira né minna en 1740 umsóknir um lán til húsnæðismálastjórnar. Sé það rétt, að það séu um 1100 þús. kr. til ráðstöfunar í þessu efni fyrir Reykjavík, þá svarar það til þess, að 22 af þessum 1740 umsækjendum gætu kannske fengið 50 þús. kr. lán hver á árinu, ef ekki verður úr bætt og séð fyrir meira fé.

Hæstv. ráðh. fór mörgum hörðum orðum um hina miklu lánsfjárþörf, hinn mikla skort á fjármagni, sem við blasir nú, þegar hæstv. ríkisstj. tekur við. Hann minntist einnig á þann mikla viðskiptahalla, sem verið hefur undanfarin ár á viðskiptunum við útlönd, og að nauðsyn væri þar úr að bæta.

Ég er honum sammála um það, að vænlegasta og líklegasta leiðin til þess að bæta viðskiptajöfnuðinn er að auka framleiðsluna og verðmæti hennar. Þess vegna fagna ég því frv., sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram um kaup á nýjum togurum til framleiðsluaukningar og atvinnujöfnunar í landinu.

Önnur leið til gjaldeyrissparnaðar er sú að framleiða meira í landinu af vörum, sem við þurfum sjálfir, og spara með því innflutning á tilsvarandi vörum. Einmitt að því hníga framkvæmdir eins og sementsverksmiðjan, aukning áburðarverksmiðjunnar og annað slíkt.

Ég er alveg sammála hæstv. fjmrh. um það, að þörfin fyrir erlent fjármagn er mjög knýjandi, og ég er sammála honum um það, að það væri okkur alveg hættulaust að taka eðlileg lán með eðlilegum hætti í útlöndum til þess að auka framleiðslu okkar og starfsemina í landinu. Ég vil vona, að hæstv. ríkisstj. leggi á það hið mesta kapp og hina mestu áherzlu að vinna að slíku.

Ég get ekki látið hjá líða að minna á í því sambandi, að þess þarf að sjálfsögðu að gæta, eins og ég veit að hæstv. ráðh. er vel ljóst, að binda sig ekki um of við einn aðila í því efni, þannig að sá hinn sami geti haft ráð okkar í hendi sér, hvenær sem vera skyldi. Slíkt er ekki hyggilegt, og slíkt ber að forðast. Að sjálfsögðu ber, eins og ég áðan sagði, að leita eftir lánsfé erlendis á eðlilegum grundvelli og með eðlilegum hætti til hverra þeirra framkvæmda, sem vænta má að geti staðið undir fénu og skilað því aftur.

Tími minn er nú á þrotum. Mér hefur þótt rétt að nota þennan tíma til þess með fáum orðum að benda á nokkur einstök atriði, sem sýna viðskilnað hæstv. fyrrv. ríkisstj. á sviði atvinnumála, viðskiptamála og fjármála og hvernig aðkoman fyrir hina nýju ríkisstj. hefur verið. Ég álít, að það sé alveg nauðsynlegt, að allur almenningur eigi þess kost að gera sér grein fyrir því, hversu ástatt var við stjórnarskiptin, hverjum arfi nýja stjórnin tók við af fyrrv. stjórn og hver verkefni krefjast úrlausnar. Mig skortir að sjálfsögðu tíma og gögn til þess að gera þessu efni fullnægjandi skil. Ég vil því beina því til hæstv. ríkisstj. að taka til athugunar, hvort ekki sé full ástæða til þess að láta fram fara fullkomna úttekt á þjóðarbúinu, gerða af fróðum og óhlutdrægum aðilum. Síðan ætti að birta þjóðinni öll meginatriði þeirrar úttektargerðar, þannig að öllum megi ljóst verða, hver var viðskilnaður hæstv. fyrrv. ríkisstj. og hver aðkoman hjá hinni nýju ríkisstj. Með því móti skapast þjóðinni skilyrði til þess að leggja réttan dóm á þær leiðir, á þau úrræði, sem hæstv. núv. ríkisstj. hverfur inn á til þess að bæta úr því ástandi, sem nú þjakar okkur.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, gefur sem slíkt ekki til kynna stefnu stjórnarinnar í efnahagsmálum. Fjárlagafrv. ber að leggja fram í þingbyrjun, og því lagaákvæði hefur hér verið fullnægt. Ríkisstj. hefur hins vegar ekki tekið ákvarðanir sínar um það, hver skref skulu stigin til að skapa framleiðsluatvinnuvegunum möguleika eða aðstöðu til að dafna og þróast með eðlilegum hætti. En það er á allra vitorði, að aðgerða er þörf í þeim efnum, því að sá atvinnuvegurinn, sem næstum öll okkar utanríkisverzlun byggist á, stendur mjög höllum fæti. Á meðan ekki er ráðið fram úr vandamálum atvinnulífsins, hlýtur fjárlagafrv. að standa opið, og það hlýtur að taka verulegum breytingum í meðförum þingsins.

Það er augljóst, að stjórninni er að nokkru legið á hálsi fyrir það að skila ekki hér inn í þingbyrjun frv., sem gefur til kynna, hver stefna hennar er í fjármálum og hver skref hún ætlar að stíga í efnahagsmálunum til þess að koma atvinnulífi landsmanna í heilbrigðara horf.

Það hefði að sjálfsögðu verið æskilegt, að slíkt frv. hefði getað legið hér fyrir, en ef litið er um öxl og rifjaðir upp fáeinir atburðir frá síðustu árum og mánuðum, verður fljótt ljóst, að vandamál atvinnu- og efnahagslífsins eru slík, að ný stj. verður að hafa nokkurt undanfæri til að ákveða, hversu við skuli bregðast.

Það hefur verið mikill siður íhaldsins á undanförnum árum að telja allan þjóðfélagsvanda af því sprottinn, að kaupgjald væri of hátt, og í krafti þeirrar kenningar hafa þrásinnis verið gerðar ráðstafanir af opinberri hálfu til þess að minnka kaupmátt launanna. Sú viðleitni hefur að sjálfsögðu fætt af sér kaupdeilur og verkföll, svo að þjóðarbúið hefur uppskorið margháttaðar framleiðslutruflanir og stórtjón. Samt var í engu látið af þessari vígaferlastefnu, á meðan íhaldið átti setu á stjórnarstólunum, heldur fjandskapaðist það við verkalýðshreyfinguna, svo sem föng voru á, en hún bar að sjálfsögðu af sér spjótalögin eftir megni.

Á fyrra árshelmingi ársins 1947 munu kjör launþega hafa orðið hvað bezt, en einmitt þá ár hófust til valda þau íhaldsöfl, sem létu skammt stórra högga í milli í því augnamiði að knésetja verkalýðshreyfinguna og lækka kaupmátt launanna. Hér er þess ekki kostur að rekja í smáatriðum, hvernig þessi hernaður stjórnarvaldanna gegn alþýðu landsins fór fram né heldur hver viðbrögð verkalýðssamtakanna voru hverju sinni til varnar eða gagnsóknar, en um það, hverjar sveiflur urðu á kaupmætti launanna, liggja fyrir nokkuð glöggir útreikningar.

Hinn 1. febr. 1955 var kaupmátturinn fallinn niður í um það bil 84 á móti 100, sem hann var á miðju ári 1947. 8 ára barátta íhaldsaflanna frá 1947 til 1955 hafði því borið þann árangur að skerða kaupmátt verkamannslauna um 16%, og þannig stóðu málin þegar til hinna miklu verkfallsátaka kom í marz og apríl á s. l. ári. Þeim verkföllum lyktaði, svo sem muna má, með nýjum kjarasamningum verkamanna, þar sem verulegar kjarabætur fengust. Íhaldið, sem sótt hafði á í átta ár, varð að hörfa svo verulega, að enn, þann 1. ágúst í ár, stóð kaupmáttur launanna í 90 á móti 84, sem komið var niður í fyrir verkfallið. Þó hefur kaupmátturinn mikið rýrnað á tímabili hins nýja samnings, enda ekkert til sparað af íhaldsins hálfu að eyðileggja þann árangur, sem þarna náðist. Það er flestum enn í fersku minni, hvernig strax upp úr verkföllunum voru framkvæmdar mjög stórfelldar og óeðlilegar hækkanir á alls konar verðlagi í mikilli náð þáverandi verðlagsyfirvalda. Íhaldið réttlætti þá allar slíkar hækkanir með því, að þær væru afleiðing kauphækkana verkafólks, þótt slíkt væri að minnstum parti satt og stundum hrein fjarstæða. En í þessu ofstæki gegn verkalýðsstéttinni og í því verðhækkunarflóði, sem íhaldið magnaði upp 1955, eftir ósigur sinn í átökunum við verkalýðshreyfinguna, var útvegurinn bókstaflega kaffærður í dýrtíð.

Þegar þetta ár, 1956, gekk í garð, rumskuðu þáverandi stjórnarvöld við það, að útvegurinn hafði stöðvazt, vélbátaflotinn alveg, en togaraflotinn hálfvegis. Efnahagur þessara atvinnugreina leyfði ekki frekari fiskveiðar. Þetta var afleiðing langvarandi íhaldsstjórnar í viðskiptamálum, þar sem hvers konar milliliðum hafði verið gefinn laus taumur til að hagnast hóflaust á skiptunum við útveginn, enda döfnuðu þeir aðilar og blómguðust að sama skapi og harðnaði á stallinn hjá útgerðinni sjálfri. En þegar fiskveiðarnar voru niður lagðar, þótti íhaldinu blómi skjólstæðinga sinna, milliliðanna, helzt til fallvaltur, svo að eitthvað þurfti að gera. Janúarmánuður fékk raunar að líða svo, að ekkert varð aðhafzt annað en það, að þáverandi stj. sótti í sig veðrið til nýs áhlaups í þágu dýrtíðarpúkans. Og svo gerði stjórnin útrásina. Nýir vöruskattar voru á lagðir og gamlir tollar hækkaðir, svo að nam hundruðum milljóna króna, 250 milljónum, að því er margir telja, og var þetta allt dýrtíðaraukning. Jafnframt voru útgerðinni ákveðnar nokkrar greiðslur, svo að hún hóf starfsemi að

nýju. Við, sem andvígir vorum þessum aðgerðum, sögðum þá strax, að auk þess sem þessar ráðstafanir kæmu mjög ranglátlega niður á þjóðfélagsþegnana, þá væru þær ekki þess megnugar að veita fiskiflotanum þá aðstöðu, sem nauðsynleg væri, enda færi sá atvinnuvegur sízt varhluta af þeirri dýrtíðaraukningu, sem hér var kallað á. Við bentum á, að þessar ráðstafanir hlytu að valda því, að framleiðslukostnaðurinn mundi stíga stórlega, og afleiðing þess hlyti að verða enn alvarlegri úlfakreppa fyrir útveginn en nokkru sinni fyrr. Við margítrekuðum þá viðvörun, að þessar stóru ráðstafanir mundu ekki einu sinni geta haldið útgerðinni gangandi árið út. En íhaldið taldi sig engin ráð þurfa að sækja til okkar andstæðinga sinna. Það taldi sig nógsamlega vita, hvað við ætti, og undir þess forustu var öllum till. okkar um aðrar leiðir hafnað. Og landsfólkið fékk á sig nýju skattabyrðina. En ef einhver skyldi enn halda, að grundvöllur útgerðarinnar hafi verið tryggður með tilkomu framleiðslusjóðs og þeirra tekna, sem í hann er aflað skv. lögunum frá febrúarbyrjun í vetur er leið, þá er það fjarri öllum sanni.

Það fóru fram kosningar til Alþ. hinn 24. júní í vor, svo sem flestir muna, og strax fyrir þær blasti ný stöðvun útgerðarinnar við. Íhaldið slapp ekki einu sinni fram yfir kosningarnar með heilt skinn frá stuðningsráðstöfunum sínum til handa framleiðsluatvinnuvegunum, en svo voru þeir vanir að kalla skattana sína. Hinn 21. júní, þrem dögum fyrir kosningar, gaf Ólafur Thors, þáverandi forsætis- og útvegsmálaráðherra, út sérstök brbl. um nýjar uppbætur á norðanlandssíld, kr. 57.50 á hverja saltsíldartunnu og 10 kr. á hvert mál til bræðslu, auk vátryggingargjalda af skipaflotanum. Ekki hafði verið gert ráð fyrir þessu í lögum um framleiðslusjóð, og var þarna því efnt til 18 eða 20 millj. kr. útgjalda, sem engar tekjur voru til fyrir. Og síðan hefur hver stöðvunin af annarri vofað yfir, svo að núverandi ríkisstj. hefur enn orðið að taka á framleiðslusjóð kvaðir, sem engir tekjustofnar eru fyrir. Í þeim ráðstöfunum er m. a. samningurinn við togaraeigendur, þar sem ákveðin er 15 aura verðuppbót á hvert kg af fiski, sem lagður er upp til vinnslu hérlendis, gegn því skilyrði, að tveir þriðjungar togaraaflans a. m. k. verði lagðir upp hér heima, en ekki seldir óunnir erlendis, enda hefði hvort heldur sem var, stöðvun togaranna eða útgerð fyrir erlendar sölur eingöngu, skapað hið alvarlegasta atvinnuástand heima fyrir, enda alkunna, að þjóðarbúið hreppir þrefaldar gjaldeyristekjur af afla þess togara, sem leggur upp til vinnslu, miðað við hinn, sem selur erlendis.

Líklegt er, að upphæð sú, sem framleiðslusjóður hefur verið skuldbundinn til greiðslu á umfram það, sem tekjuáætlun hans leyfir, nemi um 35 millj. kr., ef aflabrögð verða svipuð fram til áramóta og verið hefur á sama tíma að undanförnu.

Allar þessar ráðstafanir eru að vísu umdeilanlegar, en sameiginlegt er þeim það, að þær eru gerðar til að forða öðru verra, forðast stöðvun og atvinnuleysi eða verzlun, sem þjóðarbúinu var óhallkvæmari en það, sem gert var. Það er sem sagt komið enn rækilegar á daginn en við andstæðingar stóru skattanna frá s. l. vetri, við, sem vorum þá í andstöðu við stjórnina, sem kom þeim á, sögðum fyrir, að sú leið, sem þar var valin, var ófær. Hún gerði illt verra og var í senn óhóflega þung á herðum alþýðu manna og útgerðinni ófullnægjandi, enda henni dýrust í ýmsum efnum.

Ef setið hefði við lagasetningu s. l. vetrar, er það óumdeilanlegt, að síldveiðarnar norðanlands hefðu skilað mun minni árangri en raun varð á, það hefði engin síldveiði verið stunduð sunnanlands og togaraflotinn væri annaðhvort hættur veiðum eða legði allan aflann upp í erlendum höfnum, svo að þar töpuðust þjóðinni stórfelldar gjaldeyristekjur, sem henni nú áskotnast þrátt fyrir allar veilur efnahagskerfisins.

Þegar núverandi ríkisstj. tók við, var hið blómlega bú, sem íhaldið telur hana hafa setzt í, sem sagt með undirstöðuatvinnuveginn á slíku nástrái, að íhaldið hafði sjálft þegar skrifað honum 18 eða 20 millj. kr. ávísun, sem engin innstæða var fyrir. Erfiðleikar hindruðu fulla nýtingu flotans, og alger stöðvun vofði yfir sunnanlandssíldveiðunum og veiðum togaranna fyrir innanlandsvinnslu. Við allt þetta bættist það svo, að dýrtíðin hélt áfram að æða upp úr öllum veðrum með öllum þeim afleiðingum, sem hækkaður framleiðslukostnaður hefur í för með sér. Sýnilegt var, að án sérstakra ráðstafana mundi dýrtíðin vaxa svo, að vísitala sú, sem kaup er greitt eftir, hækkaði úr 173 stigum, sem lögð voru til grundvallar, þegar síðast var samið um rekstrargrundvöll útgerðarinnar snemma á þessu yfirstandandi ári, í 190—200 stig. Hefði því 17—27 stiga hækkun bætzt ofan á ríkjandi vandræðaástand.

Fyrsta skrefið, sem stjórnin steig til þess að halda þessum vandamálum innan viðráðanlegra takmarkana, var að leita samkomulags við verkalýðs- og bændasamtökin um, að spyrnt yrði við hinum vélega dýrtíðarvexti. Og raunin varð sú, að þessar stéttir reyndust fúsar til þess að eiga góðan hlut að lausn þessara vandamála þjóðfélagsins, enda eru það allt aðrir aðilar en íslenzk alþýða, sem skjóta sér undan réttmætum skyldum við samfélagið. Og þótt stundum heyrist skrafað um útveg og landbúnað sem ómaga ríkisins, sem kaupsýslustéttin fóðri, þá vita verkamenn, sjómenn og bændur, að þar er sama fjarstæðan á ferðinni og sú, sem eitt sinn átti sér nokkra rót í hugum manna, en finnst nú sem betur fer aðeins í frásögum í bókum, að kaupmaðurinn hafi í rauninni allt þorpið á framfæri sínu og hið vinnandi fólk sé aðeins hans ölmusulýður, þótt það skapi öll þau verðmæti, sem sá hinn sami kaupmaður varð svo ágætur af. Erfiðleika útvegsins og aðstoð við hann ber oft hærra í ræðu en hitt, sem er eldri staðreynd og þó alltaf jafnný, að útvegurinn leggur þjóðarbúinu til langmestan hluta þess gjaldeyris, sem þjóðin þarfnast.

Samkv. stefnu sinni og markmiðum hlaut ríkisstj. að leita allra ráða til stuðnings útveginum, annarra en almennrar lífskjaraskerðingar, gagnstætt því, sem tíðkazt hefur að undanförnu, þegar vandamál hefur borið að garði.

Þau brbl., sem ríkisstj. gaf út 28. ágúst s. l.,

verða að sjálfsögðu að skoðast í því ljósi, að öll aðstaða er önnur og hægari til að tryggja eðlilegan og tafalausan rekstur fiskiflotans, ef aðeins þarf að mæta verðlags- og kaupgjaldshækkun, sem nemur 5 vísitölustigum, heldur en ef sú hækkun næmi um eða yfir 20 stigum.

En hefur þá ekki verið gengið á lífskjör hins almenna launþega með brbl. um stöðvun kaupgjalds og verðlags? Við þeirri spurningu er máske ekki hægt að gefa eitt svar fyrir alla. Lögin innihalda þrjú meginákvæði: 1) Launþegar sleppa tilkalli til 6 stiga verðlagsuppbótar á kaup. 2) Búvöruverð er ekki látið hækka til neytenda. 3) Almenn stöðvun á verðlagi er framkvæmd það tímabil, sem ákvæði laganna gildir.

Vera má, að einhverjir misbrestir séu á framkvæmd síðasttalda atriðisins, en þótt svo kunni að vera, hefur það óumdeilanlega mikil áhrif til stöðvunar á verðhækkun.

Hinn 1. sept. átti kaupgjald að hækka um 6 vísitölustig, þ. e. tímakaup verkamanns átti að hækka um 62 aura. Í þrjá mánuði nemur þetta 372 kr., miðað við átta stunda vinnu á dag, en 501 kr., ef reiknað er auk þess með tveggja stunda eftirvinnu. Fyrsta hálfa mánuðinn, frá 1.—15. sept., fórnaði verkamaðurinn þessu. Það er því rétt, að verkamenn og aðrir launþegar eru þeir, sem byrjuðu að fórna. En hinn 15. sept. hefði gengið í gildi hækkun á búvöruverði, sem nam 11.4% til bænda og nokkru meira í verðlagi út úr verzlunum. Þar hefðu týnzt óbætt 5.3 af hinum fyrrnefndu 6 vísitölustigum, miðað við neyzlu meðalfjölskyldu. Eftir 1. des. hefði þessi búvöruverðshækkun lyft kaupinu aðeins um 0.8 vísitölustig, þ. e. a. s. um eitt eða ekkert vísitölustig, því að mestur hluti hækkunarinnar hefði orðið á vinnu bóndans og aðkeyptri vinnu, eins og það heitir í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins, og í lögum er ákveðið, að þeir liðir komi ekki inn í vísitöluna til kauphækkunar.

Hið almenna bann við verðhækkunum ætti að sjálfsögðu að tryggja launþegum það, sem vantar á fullar bætur fyrir það, sem niður fellur úr kaupinu, og í flestum tilfellum nokkru betur.

Þótt segja megi, að ekki komi þetta alveg jafnt niður á alla launþega, þá er allténd gott til þess að vita, að eftir því sem fjölskyldan er stærri og launin í lægra launaflokki hjá hverjum einstaklingi fyrir sig, þá verka stöðvunarlögin til aukins hagræðis fyrir þann, sem í hlut á, og fyrir hlutarsjómenn eru þau einskær hagnaður.

Það skref, sem stigið var með kaup- og verðstöðvunarlögunum, er þó að því leyti hagkvæmast þjóðinni allri, að það skapar möguleika til, ef slíkt samkomulag næst til frambúðar, að komizt verði hjá framleiðslutruflunum og örþroti því, sem yfir útgerðinni vofði og ekki hefði úr greiðzt nema með ráðstöfunum, sem sárt hefðu brunnið á baki allrar alþýðu.

Hér hafa verið dregnar upp dökkar myndir og ljótar. Þær bera vott um undangengna óstjórn. Þær eru arfur liðins tímabils, arfur, sem að vísu verkar á daglegt líf Íslendinga nú og mun gera það um eitthvert skeið enn þá. En þá tekst verr til en skyldi, ef mörg ár líða svo, að þjóðin nái ekki að sigrast á erfðasyndunum frá íhaldstímabilinu. Þrátt fyrir alla óstjórnina, allar framleiðslustöðvanirnar, og þrátt fyrir það takmarkalausa sinnuleysi um endurnýjun framleiðslutækjanna, sem gleggst má marka af því, að enginn togari hefur verið keyptur til landsins á þessum áratug, er efnahagur þjóðarinnar slíkur, að engin ástæða er til bölsýni. Þjóðin á að vísu ekki gjaldeyri nema til næsta máls, og ýmsa hluti skortir í landinu sjálfu. En framleiðslan fer vaxandi ár frá ári þrátt fyrir allt. Í ár er það einkum togaraflotinn, togaraaflinn og síldveiðin á norðurmiðunum, sem er meiri en á s. l. ári. Hinn 1. sept. nú sem leið nam verðmæti útflutningsins 602 millj. kr. á móti 499 millj. kr. á sama tíma 1955, sem þó var metár í framleiðslunni. Birgðir af útflutningsvöru voru nú um 80 millj. meiri en í fyrra á þessum tíma. Í heild er framleiðslan því um það bil 180 millj. kr. meiri nú á þessu ári en á sama tíma á fyrra ári. Til samanburðar má geta þess, að 1954 nam útflutningsframleiðslan 846 millj., 1955 hækkaði hún um 102 millj. í 948 millj., þar af var að vísu ekki útflutningsaukning nema um 2 millj. kr., en birgðaaukning um 100 millj. kr. Á þrem fyrstu ársfjórðungum þessa árs er þegar framleitt verðmæti fyrir 782 millj. kr., en það gefur vonir um, að útflutningsframleiðsla ársins nálgist 1100 millj. kr. um það er árinu lýkur.

Það er á allra vitorði, sem nokkuð þekkja til okkar útvegsmála, að framleiðsluna er hægt að auka stórlega, bæði með betri og stöðugri nýtingu þeirra tækja, sem þegar eru tiltæk, og eins hinu, að þjóðfélagið stuðli að eðlilegri framþróun í tæknilegri aðstöðu fiskvinnslustöðvanna, heilbrigðari fjárhagsgrundvelli útvegsins og einnig með aukningu skipastólsins.

Íslendingar eiga ekki sjálfir handbært fjármagn til stórfelldra skipasmíða eða annarra fjárfrekra framkvæmda atvinnulífsins. En svo er sjómannastéttinni fyrir að þakka og öðrum þeim, sem að framleiðslunni vinna af meira dugnaði en þekkist með öðrum þjóðum, að okkur hefur skapazt traust og álit meðal viðskiptaþjóða okkar, og má ætla, að ekki séu á því vandkvæði, að erlendis fáist nauðsynleg lán til nýrra stórátaka um uppbyggingu og eflingu atvinnulífsins í landi okkar.

Ríkisstj. hefur þegar tekið ákvarðanir um, að þetta skuli gert verða, og hefur af hennar hálfu verið lagt hér fram frv. um smíði 15 nýrra togara og nokkurra annarra fiskiskipa og um ríkisútgerð til atvinnujöfnunar. Það er grundvöllur að framtíðarlausn þess vanda, sem að steðjar á efnahagssviðinu, að framleiðslan verði stórlega aukin. Til þess þarf þrennt að ske. Það þarf að afla nýrra framleiðslutækja, það þarf að nýta vinnuafl landsmanna betur en nú er gert, og það þarf að rýmka um efnahag framleiðsluatvinnuveganna, fyrst og fremst með því að létta af þeim milliliðaokri því, sem um skeið hefur sífellt færzt í óhóflegra horf og tekur til útflutningsviðskipta, þjónustu og innflutningsverzlunar, þ. e. til allra þáttanna, sem íhaldið vildi engan gaum gefa, meðan það hafði aðstöðu til, heldur að beina baráttu þeirra, sem að útgerð unnu, eingöngu til andófs gegn kaupi sjómanna og verkafólks. Hér skal ekkert um það fullyrt, hve nálægt hallalausum rekstri muni hægt að komast með því að

minnka möguleika þeirra samskiptaaðila útgerðarinnar, sem oftekið hafa hagnað á undanförnum árum, en það, sem á kann að vanta, verður að tryggja með því að endurkrefja gróðastéttina um hluta af hinu oftekna. Nú hefur hún að sjálfsögðu ekki skilið þá fúlgu, sem til þarf, eftir á neinum einum stað, þar sem hægt er að ganga að henni og flytja hana yfir til verðugri aðila. Engu að síður hljóta hin nýju stjórnarvöld að leita allra ráða til þess, að núverandi lífskjör almennings þurfi ekki að skerða, og þau hljóta að forðast þær aðgerðir, sem leiða til aukinnar dýrtíðar.

Frá því að Alþingi samþykkti að segja upp hernámssamningnum við Bandaríki Norður-Ameríku í því augnamiði, að her sá, sem átt hefur hér setu um árabil, hyrfi úr landinu, hafa ýmsir reynt að telja þjóðinni trú um, að með brottför hersins væri lokað fyrir tekjulind, sem ein allra væri þess megnug að skapa hagsæld á Íslandi. Sú kenning er röng með öllu. Að vísu hafa tekjur fengizt fyrir vinnu hjá hernámsliðinu og einstakir viðskiptaaðilar hagnazt á samskiptum sínum við herinn, en íslenzkir atvinnuvegir hafa þjáðst af vinnuaflsskorti, og einnig af þeim sökum er framleiðslan mun minni en möguleikar voru á.

Segja má, að engum sé of gott að boða þjóðinni trú á þjónustustörf hjá erlendum stríðsmönnum og vantrú á íslenzka atvinnuvegi að sama skapi, svo sem Sjálfstfl. nú gerir. En þegar á það er litið, að á yfirstandandi ári er það lægri gjaldeyrisupphæð, sem fengizt hefur fyrir setuliðsvinnuna, en það, sem framleiðsluaukning ársins ein gefur hjá hinni fátæku, hrjáðu og aðþrengdu atvinnugrein, fiskveiðunum, verður það augljóst, að lofsöngur íhaldsins um gullkálfinn í Keflavík er með öllu úrelt villutrú. Þótt eingöngu sé litið á efnahagshliðina, sem íhaldið jafnan hefur talið svo bjarta, að ljómi hennar væri meira en til jafnvægis á skuggahliðar hernámsins, þá kemur í ljós, að íslenzka þjóðarbúinu væri betra og drýgra til gjaldeyristekna að bæta jafnmörgum mönnum og nú vinna fyrir Ameríkana við í framleiðslustörf útvegsins en að láta sitja við það, sem er, um störf Íslendinga fyrir herinn.

Hér ber því allt að sama brunni, hvernig sem á er litið. Þrátt fyrir allar snurður, sem hlaupið hafa á þræði íslenzks efnahagslífs að undanförnu, sést glöggt á vaxandi útflutningi og stöðugt vaxandi þjóðartekjum, að engin ástæða er til að fyllast hrolli eða kvíða, þegar litið er til framtíðarinnar. Þótt íhaldsstjórnin væri þjóðinni einkar óhagkvæm, þá mátti hún sín þó minna en dugnaður alþýðunnar við framleiðslustörfin, og því eru möguleikar þjóðarinnar til hagsældar ekki þrotnir. Fyrirsjáanlegt er þó, að þunga dýrtíðarinnar verður ekki létt af herðum alþýðustéttanna að sinni, en hitt er jafnaugljóst mál, að ekkert réttlæti væri að leggja aukinn þunga leiðréttinganna á hag útvegsins á bak þeim, sem þjóðhollastir eru og einlægastir í viðleitni sinni til umbóta og hafa þegar sýnt það í verki. Þar á móti verður að leita uppi þá, sem fremur öðrum valda vexti dýrtíðarinnar með óhóflegu verðlagi á vörur og þjónustu, og svipta þá aðstöðu til slíks og láta þá gjalda misgerðanna og bæta þann skaða, sem þeir þegar hafa valdið, eftir því sem við verður komið.

Öll afgreiðsla fjárlaga hlýtur að mótast að verulegu leyti af því, hverjar leiðir verða valdar að markinu: öruggur rekstur framleiðslutækjanna, óskert lífskjör almennings, og það standa vonir allra þjóðhollra manna til, að það takist vel til og því markmiði verði náð.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Í framsöguræðu þeirri, sem ég flutti hér áðan, lagði ég höfuðáherzlu á að gera grein fyrir því, hvernig ástatt væri í efnahags- og framleiðslumálum landsins, en ræddi ekki um hvers vegna. Þó að ýmislegt af því, sem hér hefur verið sagt, gæti gefið tilefni til þess að bæta við nokkrum umr. um, hvers vegna ástatt er eins og nú er, þá mun ég ekki víkja að því í þessum umr., heldur láta það verða höfuðatriðið af minni hendi nú í dag að vekja athygli á því, hvernig komið er, enda tel ég það langþýðingarmest.

Ég mun víkja hér nokkuð að ræðu hv. 2. þm. Eyf., Magnúsar Jónssonar, sem talaði hér fyrir stjórnarandstöðuna við þessar umr. Ég vil þá fyrst leiðrétta misskilning hjá honum. Það verður enginn kostnaðarauki við það, þótt fjölgað hafi verið nefndarmönnum í húsnæðismálanefndinni, heldur þvert á móti. Það gera þær breytingar á launakjörum, sem hafa verið gerðar í þeirri nefnd.

Hv. 2. þm. Eyf. ræddi hér nokkuð um bjargráð hæstv. fyrrv. viðskmrh., Ingólfs Jónssonar, í ræðu sinni, sagði, að sjálfstæðismenn hefðu viljað stöðva verðbólguna á s. l. vori með því að taka upp niðurgreiðslur á vöruverði, en þá hefðu framsóknarmenn ekki viljað fallast á þetta úrræði og ekki haft áhuga fyrir því að stöðva verðbólguna, á hinn bóginn hefðu þeir nú á eftir, en þó of seint, fallizt á þetta úrræði. Til þess að fyrirbyggja allan misskilning er nauðsynlegt að geta um, að þegar fyrrv. viðskmrh., Ingólfur Jónsson, lagði fram sínar till. um niðurgreiðslu á verðlagi innlendra vara, sem voru raunar um það að borga niður sem svaraði 12—16 stigum í vísitölunni, sem hefði kostað á ári eitthvað á milli 80 og 100 millj. kr., þá voru þessar till. hans ekki í sambandi við neinar aðrar ráðstafanir í þessum málum, voru því alls ekki till. um að stöðva verðbólguna, heldur aðeins um það eitt að gera þessar niðurgreiðsluráðstafanir. Þetta töldum við ekki geta komið til mála af þeirri einföldu ástæðu, að með þessu móti var niðurgreiðsluleiðin alveg óviðráðanleg, eins og bezt sést á þessum tölum, að ef greiða ætti niður 12—16 stig, þá yrðu við það 80—110 millj. kr. útgjöld á ári eða eins há fjárhæð og varið er til allra verklegra framkvæmda ríkissjóðs.

Á hinn bóginn horfði þetta mál allt öðruvísi við í sumar, þegar fyrir lá, að hægt mundi vera að fá samkomulag við launastéttirnar og samtök landbúnaðarins um stöðvun, almenna verðlags- og kaupgjaldsstöðvun. Þá lá allt öðruvísi fyrir að taka upp nokkuð aukna niðurborgun, sem svaraði 3½ stigi, og fá með því samþykkta stöðvun á öllum hækkunum fram til næstu áramóta. Það úrræði, sem tekið var í sumar í samráði við vinnustéttirnar, á því ekkert skylt við þær till.,

sem hv. fyrrv. viðskmrh., Ingólfur Jónsson, lagði fram á s. l. vori eða öllu heldur kastaði fram á s. l. vori um niðurgreiðslur á verðlagi innanlands og sjálfstæðismenn hafa leyft sér að kalla till. um stöðvun verðbólgunnar.

Þá sagði hv. 2. þm. Eyf., Magnús Jónsson, að eina kveðjan, sem við hefðum að færa dreifbýlinu í þessu fjárlagafrv., væri lækkun á framlögum til verklegra framkvæmda. Á hinn bóginn láðist hv. 2. þm. Eyf., Magnúsi Jónssyni, auðvitað að geta þess, að þær fjárhæðir, sem nú eru í þessu frv. til verklegra framkvæmda, eru í engu tilfelli lægri en sams konar fjárhæðir voru í fjárlagafrv. því, sem fyrrverandi stjórn lagði fram á s. l. hausti. Þær eru í engu tilfelli lægri, og hv. 2. þm. Eyf. veit það betur en flestir aðrir, að það hefur ævinlega verið hafður sá háttur á að leggja til nokkuð lægri fjárhæðir til vegagerða, brúargerða, hafnargerða og í slíkar framkvæmdir í fjárlagafrv. en eru í gildandi fjárlögum, beinlínis með tilliti til þess, að þetta eru þeir liðir, sem Alþingi sjálft eða fjvn. fjallar einna mest um, vill ráða mestu um og ævinlega leggur til einhverjar hækkanir á. Það er þess vegna alveg föst venja að haga till. um þessi efni á þann hátt, sem hér er gert í þessu fjárlagafrv. Þetta vita fáir hv. alþm. betur en hv. 2. þm. Eyf., Magnús Jónsson. Því fer alls fjarri, að í þessu frv. sé, þegar á heildina er litið, lagt til, að skornar séu niður verklegar framkvæmdir, heldur er því háttað eins og ég sagði áðan, að í heild eru framlög til verklegra framkvæmda álíka mikil og í gildandi fjárlögum, en talsvert hærri en þessi framlög voru í heild sinni á fjárlagafrv. fyrrverandi stjórnar s. l. haust.

Þá sagði þessi hv. þm., að þetta væri hæsta fjárlagafrv., og þótti það mikil tíðindi. Þetta er rétt. Þetta er hæsta fjárlagafrv., sem nokkru sinni hefur verið lagt fram, og það sama hefur verið hægt að segja um hvert einasta fjárlagafrv. nú áratugum saman. Þetta eru því engin ný tíðindi, sem hv. 2. þm. Eyf. hafði að segja. Hann vildi þó gera það að ádeiluefni á núv. ríkisstj., að fjárlagafrv. hefði hækkað. Ég gerði grein fyrir því hér áðan, í hverju hækkunin liggur, og ég vil biðja hv. 2. þm. Eyf., Magnús Jónsson, að athuga það, þangað til hann hefur næst tækifæri til þess að taka þátt í útvarpsumræðum frá hv. Alþingi, og biðja hann að benda mér þá á það, hvað af þeirri hækkun er hægt að segja að sé inn á frv. komið fyrir frumkvæði núv. ríkisstjórnar.

Ég held, að hv. þm. muni komast að því, sem hann raunar veit nú, þó að hann tali svona, að þessi hækkun stafar af löggjöf, sem sett var á Alþingi, á meðan Sjálfstfl. og Framsfl. fóru saman með þingmeirihlutann, og vegna stjórnarráðstafana, sem fyrrverandi ríkisstj. hafði gert, áður en hún fór frá. Það er furðulegt, að sjálfstæðismenn skuli vilja velja sér það hlutskipti að kenna núv. ríkisstj. um útgjaldahækkanir, sem stafa beinlínis af ráðstöfunum, sem ráðherrar Sjálfstfl. gerðu, áður en þeir fóru úr stjórnarráðinu, og sumar hverjar áreiðanlega gerðu til þess að reyna að gera sig vinsæla hjá vissum hópum manna. Svo senda þeir sína menn hingað til þess að ráðast á núv. stjórn fyrir það, að fjárlögin hækka af þessum ástæðum. Þetta er sú framkoma, sem við eigum hér við að búa af hendi stjórnarandstöðunnar.

Þá sagði þessi hv. þm., að það væri mjög athyglisvert, að í tíð núv. fjmrh. hefðu fjárlögin hækkað um meira en 400 millj. kr., og var hann að reyna að læða því inn hjá mönnum, að náttúrlega hefði fjmrh. verið potturinn og pannan í því að hækka ríkisútgjöldin á þessa leið. Eftir því sem hann talaði, þá hefði helzt mátt líta svo á, að það hefði verið sífelld viðureign á milli fjmrh. annars vegar, sem hefði endilega viljað hækka ríkisútgjöldin, og á hinn bóginn sjálfstæðismanna í ríkisstj. og annars staðar, sem hefðu endilega viljað halda þeim niðri. En sannleikurinn er bara dálítið öðruvísi, því að hann er sá, að það hefur verið sífelld stórstyrjöld allan þennan tíma, annars vegar af minni hendi, sem hef viljað halda útgjöldunum niðri, og hins vegar af hendi sjálfstæðisráðherranna, sem ævinlega hafa heimtað útgjöldin upp og viljað hafa þau miklu hærri en þeir hafa getað fengið ráðið.

Þetta er sannleikurinn um málið, alveg „ósminkaður“, svo að viðhaft sé orð úr dægurmálinu.

Svo kemur þessi hv. talsmaður Sjálfstfl. hér og segir, að það sé mjög athyglisvert, að í tíð þessa fjmrh. hafi ríkisútgjöldin hækkað hvorki meira né minna en yfir 400 millj. Ég hefði gaman af því, að hann tæki sér það fyrir hendur, áður en næstu umr. fara fram um fjármál í útvarpinu, að taka saman skýrslu um það, hvaða ríkisútgjöld það eru, sem hafa komið til á þessu tímabili, sem Sjálfstfl. hefur barizt á móti eða viljað hafa lægri en þau hafa orðið. Það verður fróðlegt að heyra þá skýrslu, þar sem hann með þessum málflutningi virðist vilja gefa það í skyn, að ég hafi verið einhver sérstakur hvatamaður eða ábyrgðarmaður að því, að fjárlögin hafi hækkað, en Sjálfstfl. þá náttúrlega ekki fengið því ráðið, að þau yrðu lægri. Alveg sama er og þó sízt betra, þegar kemur að sparnaði og einstökum liðum í því sambandi. Það væri fróðlegt, ef hv. þm. vildi taka saman skýrslu um það fyrir næstu umræðu, hvaða sparnaðartill. það eru, sem hv. sjálfstæðismenn hafa gert í ríkisstj. undanfarið, sem ekki hafa náð fram að ganga fyrir mótspyrnu mína t. d. eða framsóknarmanna. Þá er hitt auðvitað einnig alveg vonlaust fyrir hv. þm. að vera að reyna að gefa það í skyn, að enginn geti haft áhrif á ríkisútgjöldin nema fjármálaráðherrann. Sannleikurinn er sá, að nær allur gjaldabálkur fjárlaganna er á vegum annarra ráðuneyta og annarra ráðherra en fjmrn. Það eru önnur ráðuneyti en fjmrn., sem fyrst og fremst hafa útgjaldabálkinn með höndum í framkvæmd og hafa forustu um þá löggjöf, sem ákveður útgjaldahlið fjárlaganna. Hitt er svo annað mál, að það er ætlazt til þess, að fjmrh. útvegi peningana til þess að borga með þessi útgjöld og taki auðvitað skammirnar fyrir það, en hinir ráðherrarnir eiga þá vitanlega að uppskera þakkirnar fyrir þá þjónustu, sem í té er látin með vaxandi útgjöldum.

Það má seinna tala um það, að settar hafa verið nefndir, m. a. af fyrrv. ríkisstj., til þess að íhuga sparnað, og hvaða till. þær hafa gert, m. a.

umboðsmenn sjálfstæðismanna eða ráðherra sjálfstæðismanna í þeim nefndum.

Nú er hv. 2. þm. Eyf., Magnús Jónsson, allt í einu farinn að tala um ríkisbáknið. Það er náttúrlega eins og gerist og gengur, að þeir, sem eru í stjórnarandstöðunni, tala um ríkisbáknið. Þegar menn eru komnir í stjórnarandstöðu, þá heitir það ríkisbákn, en ef menn styðja stjórnina, þá heitir það eitthvað annað.

Þá sagði hv. 2. þm. Eyf., að það væru undarlegar aðfarir framsóknarmanna um þessar mundir, þeir töluðu eins og þeir hefðu alls ekki verið í stjórninni og bæru enga ábyrgð á því, sem hér hefði gerzt á undanförnum árum. Það verður ekki annað heyrt á málflutningi sjálfstæðismanna en að þeir séu alveg undrandi yfir því, að framsóknarmenn telja hættulegt ástand í efnahags- og framleiðslumálum og segja hreinskilnislega frá þeirri skoðun sinni, enda þótt þeir hafi átt þátt í fyrrv. ríkisstjórn.

Þetta gefur mér tilefni til þess að segja um þetta fáein orð að lokum.

Framsóknarflokkurinn sleit stjórnarsamvinnunni, af því að hann var óánægður með ástandið og árangurinn af störfum fyrrv. ríkisstj. og vildi alls ekki bera ábyrgð á því, að haldið yrði áfram á þeirri braut, sem þá var gengin.

Framsfl. taldi alveg óumflýjanlegt að reyna nýjar leiðir, þar sem reynslan sýndi svart á hvítu, að ekki var hægt að ráða við efnahags- og framleiðslumálin með sjálfstæðismönnum. Hér kom margt til, ábyrgðarleysi sjálfstæðismanna og milliliðadekur þeirra, tortryggni sú af hálfu almennings, sem sú stjórn verður ætíð að búa við, sem sjálfstæðismenn eiga verulegan þátt í því, og byggist á því, að fólk telur, að þar muni of mikið tillit tekið til sérhagsmunaaflanna í þjóðfélaginu. Þá kom líka til hatursfull barátta sjálfstæðismanna — og raunar ofsóknir nánast — í garð samvinnufélaganna og notkun valdaaðstöðu til þess að reyna með öllu móti að koma í veg fyrir uppbyggingu þjóðfélagsins á samvinnugrundvelli.

Loks ber að nefna það, sem átti ekki hvað minnstan þátt í þessu viðhorfi framsóknarmanna, að hvorki fyrrv. stjórn né öðrum þeim stjórnum, sem Sjálfstfl. hefur tekið þátt í undanfarið, hefur tekizt að ná nokkurri samvinnu við alþýðusamtökin í landinu eða hljóta trúnað þeirra og traust. Hefur þetta verið örlagaríkast, því að segja má, að vonlítið sé að ná því að halda til lengdar nauðsynlegu jafnvægi í framleiðslu- og efnahagsmálum landsins, ef ekki næst samkomulag við þessi samtök um að stefna að sama marki. Á þetta hafa framsóknarmenn lagt ríka áherzlu á undanförnum árum, en möguleikar engir verið til þess að koma slíku samstarfi á, og varð því að búa við þann kost, sem tekinn var.

Þegar svo hvort tveggja fór saman, að málefni landsins voru komin í hinn mesta hnút og jafnframt hyllti undir möguleika til þess að skapa nýtt viðhorf í stjórnmálum landsins með aukinni samvinnu við vinnandi fólk til sjávar og sveita, þá hikaði Framsfl. ekki við að taka upp baráttu fyrir því að breyta til.

Þótt hættulega horfi og ástandið sé að mörgu leyti iskyggilegt, þá raskar það ekki því, að mörgu góðu hefur verið komið til leiðar á undanförnum árum, ekki sízt fyrir áhrif Framsfl., og framsóknarmenn eru alls ókvíðnir við umr. um það, hversu til hafi tekizt um þá þætti í þjóðarbúskapnum, sem þeim var sérstaklega falið að sjá um í fyrrv. ríkisstj. og nú undanfarið yfirleitt. Þar vil ég t. d. sérstaklega — vegna þess að mín störf hafa verið dregin inn í þessar umr. af hendi sjálfstæðismanna og ég hef verið fjmrh. um nokkurt skeið — taka það fram eða benda á það, að ríkisbúskapurinn mun vera svo að segja eini þátturinn í efnahagskerfinu, sem á undanförnum árum hefur verkað í jafnvægisátt og stuðlað að því, að í landinu hefði getað verið jöfnuður og hagkvæm þróun í efnahags- og framleiðslumálum, en um suma aðra veigamestu þætti hefur þannig skipazt, að til öngþveitis hefur stefnt hröðum skrefum.

Við framsóknarmenn höfum ekkert annað gert en að greina frá staðreyndum um ástandið. Mér þætti fróðlegt að kynnast þeim manni, sem vildi halda því fram í alvöru, að allt væri í lagi og að það hafi verið að ófyrirsynju, sem framsóknarmenn beittu sér fyrir því að breyta nú um starfshætti í þjóðmálum landsins.

Ég held, að það taki enginn alvarlega lengur gaspur sjálfstæðismanna í þá átt. Það hefur aldrei verið háttur framsóknarmanna að stinga höfðinu í sandinn né leyna þjóðina því, hvernig ástatt er. Það hlaut að vera blindur maður, sem ekki sá, að farið var að reka, og það á ekki við framsóknarmenn að sætta sig við slíkt, ef annars er kostur. Þess vegna vildu þeir eiga þátt í því, að báturinn væri mannaður upp. Það, sem einni áhöfn mistekst, getur annarri heppnazt.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 33. fundi í Sþ., 16. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Forseti (GJóh): Eins og hv. alþm. vita, mæla þingsköp svo fyrir, að svokölluð eldhúsdagsumræða fari fram við framhald 1. umr. fjárlaga. Það mun hafa orðið samkomulag um að fresta þessari umr. nú, eins og oft hefur verið gert á undanförnum árum, og er ætlunin, að slík umr. fari fram síðar. Ég vil því leita afbrigða frá fundarsköpum um þessa frestun.

ATKVGR.

Afbrigði um frestun útvarpsumræðna leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Sþ., 18. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 255 og 256, 252, 253).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Fjárlög eru að þessu sinni síðbúnari en oft að undanförnu. Það er sýnilegt, að liðnir verða fram undir tveir mánuðir af árinu, þegar fjárlög

geta endanlega orðið samþykkt. Ástæðan til þess, að þau eru svo seint á ferðinni, er kunn. Á s. l. hausti var slíkt ástand yfirvofandi hjá íslenzkum framleiðsluatvinnuvegum, að augsýnilega þurfti að gera ráðstafanir af ríkisvaldsins hálfu til þess, að þar kæmi ekki til stórfelldra truflana. Meðan ekki var vitað, hverjar þær aðgerðir yrðu, var að sjálfsögðu ekki hægt að afgreiða fjárlög.

Þá var einnig fyrirsjáanlegt, að ríkið þyrfti sjálft á að halda verulega auknum tekjum til þess að geta haldið áfram ýmsum þeim framkvæmdum, sem í hafði verið ráðizt á þess vegum, en voru — og eru enn þá sumar hverjar a. m. k. — í mikilli fjárþröng. Eins og hv. alþm. er allra manna kunnugast um, voru sett lög varðandi þessi efni rétt áður en jólaleyfið byrjaði, lögin um útflutningssjóð, og gera þau það að verkum, að endurskoða þurfti margt í útgjaldaliðum fjárlaga, og einnig þurfti að endurskoða tekjuhlið fjárlaganna. Þeirri endurskoðun er enn ekki lokið, og þess vegna eru ekki gerðar af fjárveitinganefndar hálfu neinar brtt. um tekjustofna ríkisins við þessa umr., og bíður það 3. umr. Þá skal og geta þess, að ekki er að fullu lokið endurskoðun á ýmsum útgjaldaliðum fjárlaganna, og bíða sumir þeirra enn þá. Skal þar tilnefnt sérstaklega, að endurskoðun á rekstrarkostnaði sjúkrahúsanna, ríkisspítalanna, er ekki með í þeim till., sem hér liggja fyrir og bíða 3. umr.

Ég vil einnig taka það fram, að við þá endurskoðun, sem fram hefur farið á tilkostnaði ýmissa ríkisfyrirtækja með tilliti til aukins kostnaðar vegna laga um útflutningssjóð, hafa verið teknir í áætlanir þeirra fyrirtækja ýmsir aðrir útgjaldaliðir, sem ekki snerta þá lagasetningu, eins og verða vill, þegar farið er að endurskoða, að þá kemur í ljós ýmislegt, sem vanreiknað hefur verið talið, og margháttuðum leiðréttingum öðrum hefur verið komið að í sambandi við endurskoðunina.

Í fjvn. hefur verið unnið allmikið starf. Fundir n. eru 61 til þessa, og þar hefur verið gerður samanburður á útgjaldaliðum ríkisins við það, sem verið hefur á fyrri árum. Þar hefur einnig verið farið yfir bréf, sem n. hafa borizt, og hvers kyns erindi varðandi fjárveitingar úr ríkissjóði. Einnig hafa allmargir menn gengið á fund n. og gert þar grein fyrir erindum, sem þeir hafa þurft að reka við fjárveitingarvaldið, og hafa með þeim hætti komið till. sínum á framfæri við fjvn. Fyrir þessu öllu er nánar gerð grein í nál. meiri hl. fjvn., sem útbýtt hefur verið.

Í n. sjálfri hefur yfirleitt verið góð samvinna milli nm. Nefndin stendur öll að þeim brtt., sem fluttar eru af hálfu n. á þskj. 252, en fulltrúar Sjálfstfl. í n., hv. þm. V-Sk., hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Eyf., hafa þó gert fyrirvara um aðild sína að þeim till., enda eru þær sumar hverjar samþykktar í n., án þess að þeir tækju þátt í þeirri atkvgr. Er nánar gerð grein fyrir þeirra sérstöðu í nál. meiri hl. og væntanlega einnig í nál. minni hl., sem mér hefur því miður ekki gefizt tími til að yfirfara.

Þessi takmarkaða samstaða, sem náðst hefur í n., hefur leitt til þess, að n., eins og áður er fram tekið, stendur öll að þeim brtt., sem fyrir liggja á þskj. 252, en að öðru leyti hefur hv. minni hl. n. borið fram í n. sjálfri nokkrar till., sem ekki hafa hlotið samþykki n., og sé ég á þeirra brtt., að þeir hafa tekið þær upp sem sérstakar till. sínar hér fyrir Alþingi og raunar bætt nokkrum við.

Um afstöðu hinna sex nm., sem án allra bókaðra fyrirvara standa að flutningi á þeim 159 brtt., sem n. gerir, ber að sjálfsögðu ekki að skilja svo, að þeir, hver um sig, telji allar hinar fram komnu till. jafnsjálfsagðar og öll þau mál, sem ekki hefur sinnt verið, fráleit. Nauðsyn þess að komast að sameiginlegri niðurstöðu hefur að sjálfsögðu ráðið nokkru um afgreiðsluna.

Ég vil þá leyfa mér að gera stuttlega grein fyrir till., eins og þær liggja fyrir, og eftir því sem ástæða þykir til á þessu stigi.

Fyrstu brtt., sem n. gerir, eru varðandi póst og síma. Þær till. taka eingöngu til gjaldahliða hjá þessum stofnunum, því að enn er eftir að endurnýja þá áætlun, sem gerð hefur verið um tekjur þeirra.

Í frv. er gert ráð fyrir, að rekstrarhalli verði á póstsjóði. Við endurskoðun áætlana hans þykir sýnt, að sá halli komi til með að nema meiri fjárhæðum en þeim, sem gert er ráð fyrir í frv., og horfir nú svo, að miðað við óbreyttar gjaldskrár hjá því fyrirtæki muni halli þess á yfirstandandi ári nema 1 millj. 281 þús. Um símann er það að segja, að frv. gerði ráð fyrir því, að á rekstri hans yrði nokkur tekjuafgangur, eða rúmlega 1 millj. kr. Við endurskoðun á rekstraráætlun símans hefur þessi niðurstaða breytzt þannig, að ekki einasta þykir sýnt, að á þá sveif hallist, að síminn skili ekki rekstrarhagnaði, heldur þykir þar fyrirsjáanlegur taprekstur, sem væntanlega mundi þá nema um 7½ millj. kr., nákvæmlega tiltekið 7 millj. 482 þús.

Varðandi bæði þessi fyrirtæki, póst og síma, er þess vegna alveg sýnilegt, að þar verður um verulegan taprekstur að ræða að óbreyttri gjaldskrá. Auk þess rekstrarkostnaðar, sem þannig mundi lenda á ríkissjóði að greiða, ber að geta þess, að síminn áformar verulega eignaaukningu á árinu. Í frv. er gert ráð fyrir, að hún nemi rúmlega milljónatug, en vera má, að sú áætlun verði einnig endurskoðuð og hækkuð.

Ég tel þess vegna sýnt, að ekki verði hjá því komizt að gera breytingar á gjaldskrám pósts og síma eða einhverjar þær ráðstafanir, sem auka tekjur þessara stofnana, þannig að ríkissjóður þurfi ekki að standa undir svo stórfelldum halla sem verða mundi á rekstri þessara stofnana að óbreyttum tekjuáætlunum þeirra.

Þá hefur við 3. gr. frv. einnig verið gerð brtt. að því er varðar ríkisbúið á Bessastöðum. Er hún ekki stórvægileg, en leiðir af því, að þar í húsum búsins hafa raflagnir reynzt ónýtar og óhjákvæmileg endurnýjun þeirra fer fram. Þykir verða að hækka gjöld búsins af þeim ástæðum um 60 þús. kr.

Næstu brtt., sem n. gerir, eru við 7. gr. frv., en hún fjallar um vexti af lánum ríkissjóðs, og kemur þar til hækkunar á vöxtum af hinum erlendu lánum, þar eð yfirfærslugjald kemur nú á þessar vaxtagreiðslur. Hækkunartill., sem n. leggur fram varðandi þessa liði, er vegna lána í

Danmörku og lána, sem tekin hafa verið í dollurum, og er ekki stórvægileg; hún nemur 14452 krónum.

Er þá komið að 10. gr. frv., sem n. gerir nokkrar brtt. við. Er þar um að ræða brtt. við kostnað stjórnarráðsins. Það er gert ráð fyrir, að sími og burðargjöld komi til með að hækka um 120 þús. kr., og mundi sú áætlun væntanlega hrökkva til þess að mæta því, þótt eitthvað yrðu hreyfðar til gjaldskrár pósts og síma. Enn fremur er gert ráð fyrir 30 þús. kr. í auknum pappírskostnaði ráðuneytanna og nokkurri hækkun vegna útgáfu stjórnartíðinda, þannig að sá liður breyttist úr 225 þús. í 290 þús.

Þá liggja fyrir allfyrirferðarmiklar brtt. varðandi utanríkismálin, en vegna yfirfærslugjalda, sem á þær greiðslur koma, verður þar óhjákvæmilega um allverulega hækkun að ræða. Sé ég ekki ástæðu til þess að fara að ræða þar um einstaka liði eða einstök sendiráð að öðru en því, að inni í þessari hækkunaráætlun er ekki einasta yfirfærslugjöld á greiðslum vegna utanríkisþjónustunnar, heldur einnig veruleg áætluð útgjaldaaukning við sendiráð Íslands í París, en þar var þess að gæta, að áætlun þess sendiráðs var lögð fram í frv. óbreytt frá fyrra ári, enda þótt vitað væri, bæði vegna sendiherraskipta og af fleiri ástæðum, að þar hlaut að koma til hækkunar. Kostnaðaraukinn við utanríkisþjónustuna mun samtals nema 1460000 kr. eða því sem næst.

Við 11. gr. frv. eru sömuleiðis gerðar nokkrar brtt. Er þar fyrst að nefna brtt. við lögreglustjóraembættið í Reykjavík, þann lið þess, þar sem áætlaður er húskostnaður, en það er í sama liðnum, þar sem áætlað er ljós, hiti og ræsting. Viðgerð á lögreglustöðinni hefur reynzt nokkru dýrari en áætlað var, og till. er um að hækka kostnaðinn vegna þess húskostnaðar um 20 þús. krónur.

Varðandi VII. lið á 11. gr. A., c-lið, þar sem áætlað er vegna einkennisbúninga héraðsdómara, er gerð brtt. um 100 þús. kr. hækkun. Það er samt von til þess, að raunveruleg hækkun á þeim lið sé ekki svo mikil, heldur stafar þessi till. af því, að hjá fyrirtæki einu, sem annast saum slíkra fata, hafði safnazt fyrir allhá skuldasúpa vegna þessara einkennisbúninga, og hefur ráðuneytinu þótt nauðsynlegt að fá fjárveitingu til þess að greiða þá skuld upp.

Við X. lið þessarar gr., 11. gr. A., þar sem áætlaður er kostnaður landhelgisgæzlunnar, er gerð brtt., sem nemur 1.4 millj. til hækkunar. Landhelgisgæzlan er orðin einn af stærri útgjaldaliðum ríkisins, og er áætlað, að útgjöld hennar vegna muni á þessu ári, að samþykktri þessari brtt., nema 14.9 millj. kr. Það er eitt dæmi um það, hvernig farið getur við enduráætlanir, að forstjóra landhelgisgæzlunnar var falið að endurskoða reikning þess fyrirtækis með tilliti til laga um útflutningssjóð, og í svörum hans var það tekið fram, að útflutningssjóður mundi ekki hafa áhrif á útgjaldaliði landhelgisgæzlunnar, en hins vegar kom samt í leitirnar 1½ millj. kr., sem áætlun landhelgisgæzlunnar var talin þurfa að hækka. Er þar stærstur liður í viðgerðarkostnaður á vélskipinu Ægi, sem er nýkomið úr flokkunarviðgerð, og reyndist sú viðgerð miklum mun dýrari en áætlað var. En svo hefur landhelgisgæzlan eins og aðrar skipaútgerðir nú orðið að leggja í verulegan kostnað til þess að kaupa gúmmíbjörgunarbáta á skip sín, eins og nú er ákveðið í reglugerð og fyrir dyrum stendur að allar skipaútgerðir hér á landi verði að framkvæma.

Lítils háttar brtt. er gerð við lið XI. í 11. gr. A., þar sem eru fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík, en varðandi þann lið skal það tekið fram, að samkvæmt reglum, sem í gildi gengu á s. l. ári, fá nú fangaverðir borgað nokkurt næturálag á næturvaktir sínar, og þótti af þeim sökum óhjákvæmilegt að hækka þennan lið um 13 þús. kr., og má þá taka fram, að ætla má, að fyrir 3. umr. komi fram tilsvarandi hækkunartill. varðandi hegningarhúsið í Reykjavík, en þar gegnir sama máli um fangavörzluna.

Varðandi 11. gr. B. eru till. um auknar fjárveitingar vegna kostnaðar við mat á afurðum. Fyrir liggur till. um að hækka bæði síldarmatið og sömuleiðis fiskmat ríkisins nokkuð til samræmis við það, sem kostnaðarliðir þessara stofnana hafa reynzt vera að undanförnu. Enn fremur er gerð brtt. við d-lið 11. gr., þ. e. um sameiginlegan kostnað við embættisrekstur, sem talið er óhjákvæmilegt að hækka um 150 þús. kr., eða í 900 þús. kr. úr 750 þús.

Varðandi 12. gr. skal það fram tekið sérstaklega, að endurskoðun á kostnaðarliðum ríkisspítalanna bíður 3. umr.

Till. er um að hækka um 436 þús. rúmlega framlag til ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Ástæður fyrir því, að það er talið nauðsynlegt, eru einkum þær, að vegna mænuveikifaraldurs, sem gekk í Reykjavík og víðar á s. l. vetri, hefur orðið meira um sjúklinga á ríkisframfærslunni en gert var ráð fyrir, þegar áætlun var gerð. Enn fremur hefur Tryggingastofnun ríkisins að undanförnu greitt fullan lífeyri með 20% álagi til þeirra stofnana, sjúkrahúsa eða annarra hjúkrunarheimila, sem hafa haft með framfærslu sjúkra manna og örkumla, sem heyra undir ríkisframfærsluna, að gera, en nú hefur gengið í gildi sú breyting, sem sjálfsögð verður að teljast, að Tryggingastofnunin greiðir viðkomandi stofnunum einungis lífeyri viðkomandi sjúklinga með 10% álagi, en það 10% álag, sem þá er eftir, er greitt sjúklingunum sjálfum til persónulegra þarfa. Af þessu leiðir að sjálfsögðu, að það þyngir heldur á ríkisframfærslunni. Þó eru ekki stórar fjárhæðir, sem hér er um að ræða. Vegna þessa liðs skal það sérstaklega tekið fram, að ríkisframfærslan hefur beðið um 84 þús. kr. hækkun á framlagi, og er það innifalið í till. nefndarinnar.

Að undanförnu hefur verið rekin á vegum Hveragerðishrepps baðstöð, þar sem menn hafa getað fengið sig baðaða í leir, sem að læknisráði þykir heilsusamlegt við gigtarsjúkdómum og máske fleiru. Aðbúnaður sá, sem þessi starfsemi hefur búið við, er engan veginn góður og þarf mikilla umbóta við, og er lagt til, að til þeirra umbóta verði á þessu ári veittar 50 þús. kr.

Þá er till. um leiðréttingu við áætlun embættis skólayfirlæknis, þannig að annar kostnaður þess

embættis verði hækkaður um 26 þús. kr., úr 5 þús. kr. í 31 þús. kr.

Á s. l. ári fór fram bólusetning barna gegn mænusótt. Var á sínum tíma ákveðið, að ríkið greiddi kostnað við bóluefnið sjálft, og hafa á þessa árs fjárlagafrv. verið teknar 500 þús. kr. í þessu skyni. Þessi upphæð reynist of lág, og er lagt til, að upphæðin verði hækkuð um 100 þús. krónur.

Skal þá vikið að brtt. við 13. gr. Þar ber þá fyrst að nefna brtt. varðandi framlag til nýrra akvega. Þar hefur verið gerð till. um skiptingu á fé til þessara framkvæmda, og upphæð sú, sem til þess er ætluð, hefur verið hækkuð verulega frá því, sem frv. gerði ráð fyrir, eða úr 11 millj. og 60 þús. í 15 millj. 980 þús. Það skal tekið fram, að hv. minni hluti fjvn. telur, að hér sé um of litla aukningu að ræða, og gerði í n. till. um, að þessi fjárhæð yrði ákveðin nokkru hærri en hér er gert, og hefur gert till. um skiptingu til einstakra vega á grundvelli þeirra brtt. sinna. Það skal tekið fram, að hér voru heildartill. n. varðandi einstakar sýslur miðaðar við það, að alls staðar yrði framlag einhverju hærra en á s. l. ári, og nemur hækkunin í hinar einstöku sýslur frá 10 til 60 þús. kr. Um skiptingu innan hverrar sýslu á einstaka vegi hefur, svo sem að undanförnu, verið farið eftir till. viðkomandi alþm.

Varðandi brúargerðir skal það tekið fram, að þar hefur verið hækkuð verulega fjárveitingin frá því, sem frv. gerði ráð fyrir, í till. n., eða úr 6 millj. og 500 þús. í 9 millj. 840 þús. kr. Vegamálastjóri hefur að sjálfsögðu gert frumáætlanir, bæði um það, hvernig skipta skyldi vegafé, og sömuleiðis, hvernig skipta skyldi brúafé til þeirra brúa, sem sérstaklega er veitt til á fjárlögum, og hafa hans till. varðandi brúargerðina verið lagðar til grundvallar. En með því að honum var falið að skipta nokkru lægri fjárhæð í þessu skyni en endanlega hefur verið gerð till. um af n. hálfu, hafa hans till. allvíða verið hækkaðar og nokkrum brúm bætt við á þá skrá, sem hann upphaflega lagði fram sem till. En að verulegu leyti gegnir sama máli um brýrnar og vegina, að varðandi brúargerðir í einstökum sýslum hefur verið tekið tillit til óska viðkomandi alþm., þegar þeir hafa gert einhverjar till., t. d. um tilfærslur á milli brúa í sínu kjördæmi, og sömuleiðis var reynt að hlusta eftir því innan þess ramma, sem fjárveiting var talin hrökkva, að verða við óskum þm. um brúabyggingar.

Um brýr og vegi má geta þess, að almennt er mjög sótzt eftir því af landsmönnum að hafa samgönguleiðirnar í sem beztu lagi, og er varið til vega og brúa tiltölulega ákaflega stórum hluta af tekjum ríkissjóðs, svo að vandséð er, hvort aðrar þjóðir leggja tiltölulega eins mikið af mörkum til þessa og við Íslendingar, enda er það að sjálfsögðu afleiðing af því, að við búum fámenn þjóð í stóru landi.

Þá hefur n. gert till. um, að inn á frv. yrði tekin 200 þús. kr. fjárveiting til nýbýlavega, svo sem var á fjárlögum s. l. árs.

Þegar kemur að B-lið 13. gr., samgöngum á sjó, skal það tekið fram, að gerðar eru till. um verulegar hækkanir framlaga til Skipaútgerðar ríkisins, og er nú áætlað, að ríkissjóður leggi henni til að samþykktum brtt. n. 15½ millj. kr. á þessu yfirstandandi ári. Er hér um að ræða hækkunartill., sem nemur 2.3 millj. frá því, sem frv. gerir ráð fyrir. En þar er svipaða sögu að segja og um landhelgisgæzluna, að verulegur hluti af hækkuninni stafar af ófyrirsjáanlegum viðgerðarkostnaði á skipum útgerðarinnar svo og — og nemur sá liður mestu — kaupum á gúmmíbátum á öll strandferðaskipin. Sá útgjaldaliður er nú áætlaður hjá Skipaútgerðinni 816 þús. á þessu ári, en hér er að sjálfsögðu um að ræða einstakan gjaldalið, sem ekki ætti að liggja á frá ári til árs, nema þá að litlu leyti til endurnýjunar.

Varðandi styrki til flóabáta mun samvinnunefnd samgöngumála gera till. um breytingar fyrir 3. umr., en brtt. hennar eru ekki komnar fram enn þá.

Er þá komið að C-lið 13. gr., um vitamál og hafnargerðir. Þar er lögð fram brtt. varðandi hafnarmannvirki og lendingarbætur. Að niðurstöðu til fjallar sú brtt. um hækkun úr 6 millj. 760 þús., sem frv. gerir ráð fyrir, í 10 millj. og 295 þús., og er síðan gerð till. um skiptingu á þessum framlögum til einstakra hafna. Í því efni er að mestu farið eftir till., sem vitamálastjóri hefur gert, og er þar enn haldið þeirri meginreglu að hafa ákveðna hámarksgreiðslu til þeirra hafna, sem mest eiga inni hjá ríkissjóði. Það hámark er hér bundið við 400 þús. kr., sem aðeins er áformað að veita til þriggja hafna, Akraness, Vestmannaeyja og Þorlákshafnar, en þessar þrjár hafnir eru í rauninni í algerum sérflokki að því leyti, að skuld ríkissjóðs við þær er miklu meiri en svo, að innan þess ramma, sem hafður er á þessum veitingum, geti þær notið sambærilegs framlags úr ríkissjóði og aðrar, sem við minni verkefni glíma.

Varðandi hafnarmannvirkjagerðina yfirleitt má geta þess, að vitamálastjóri upplýsti nefndina um það, að á yfirstandandi ári vissi hann til, að áformaðar væru hafnargerðir í landinu, sem nema mundu 48—50 millj. kr. Nú er það meginregla ríkissjóðs að greiða ⅔ hluta af hafnargerðarkostnaði. Það mundi þýða, að greiðsluskyldu, sem ríkissjóði skapaðist á þessu ári vegna framkvæmda í ár, mætti raunverulega áætla nálægt 20 millj. kr. Hér er þess vegna sjáanlegt, að ríkissjóður hefur af minna fé að greiða en æskilegt væri, og þyrfti í rauninni að stórauka fjárveitinguna til hafnanna, þótt ekki hafi þótt fært að gera till. um það á þessu stigi málsins.

Við D-lið 13. gr. eru gerðar allmiklar brtt., og stafa þær af ýmsum ástæðum, mest þó af því, að inn í áætlunina er annars vegar tekinn aukinn rekstrarkostnaður vegna laga um útflutningssjóð, og enn fremur kemur þar til lækkunar á rekstrarkostnaði flugþjónustunnar, að náðst hefur seint á s. l. ári hagstæðari samningur um endurgreiðslu erlendra aðila eða um alþjóðatillag til íslenzku flugþjónustunnar en áður var í gildi. Gerir þetta það að verkum, að þrátt fyrir nokkrar hækkunartillögur á einstökum liðum flugþjónustunnar getur hún samt sem áður lækkað að kostnaði. Var upphaflega gert ráð fyrir því, að

þarna gæti um verulega lækkun orðið að ræða, en sú lækkun hefur ekki orðið eins stórkostleg og annars hefði mátt vænta. Samt sem áður verður lækkun á flugþjónustunni að öllu samanlögðu nálægt 290 þús. kr. Þetta fé og raunar allmiklu meira hefur síðan verið lagt til að flugmálastjórninni verði fengið til aukningar flugvallagerðar, og kem ég að því síðar í sambandi við brtt. við 20. gr. fjárlagafrv.

Við 14. gr. frv. eru fluttar allmargar brtt. Er sú fyrst, að lagt er til, að til kristilegrar æskulýðsstarfsemi verði veittar 20 þús. kr. Slík félög *eru nokkur starfandi nú þegar og hafa starfað* um nokkurra ára skeið, og þótti vert að verða við óskum biskups og fleiri aðila um nokkurn styrk þeim til handa.

Þá er lagt til, að hækkað verði framlag ríkissjóðs til kaupa á pípuorgeli í Hóladómkirkju, en þar er um að ræða áður gefin loforð, sem að sjálfsögðu er fullt samkomulag um, að greiðslur þeirra vegna verði teknar inn á fjárl.

Í gildi eru lög um stuðning við utanferðir presta, það eru lög nr. 18 frá 1931, og er lagt til, að styrkur, sem veita má skv. þeim lögum á yfirstandandi ári, verði 16 þús. kr.

Varðandi kennslumálin, sem eru B-liður 14. gr., eru gerðar nokkrar till. Það eru gerðar till. um hækkun á útgjaldaliðum háskólans af tvennu eðli, annars vegar vegna hækkaðs rekstrarkostnaðar á einstökum liðum útgjalda hjá háskólanum sjálfum, en hins vegar af þeim sökum, að ákveðið hefur verið að ráða tvo nýja erlenda sendikennara við háskólann, annan frá Bandaríkjunum, hinn frá Spáni, og er vegna slíkra sendikennara greitt 15 þús. kr. til hvors um sig. Að öðru leyti eru brtt. varðandi háskólann til samræmis við það, sem reynzt hefur.

Tvær smávægilegar brtt. vegna bókasafna í menntaskólunum í Reykjavík og á Akureyri liggja fyrir. Miða þær að því að breyta styrk til nemendabókasafnanna úr 3 í 5 þús. kr. hjá hvorum skóla.

Varðandi bændaskólana tvo á Hólum og á Hvanneyri eru gerðar brtt., þannig að Hólaskóla eru ætlaðar 20 þús. kr. fram yfir það, sem frv. gerir ráð fyrir, til tilraunastarfsemi, og Hvanneyrarskóla eru ætlaðar 25 þús. kr. til viðhalds á húsakosti *sínum umfram* það, sem frv. gerði ráð fyrir, svo og er honum ætluð 5 þús. kr. hækkun til kennsluáhalda og 1 þús. kr. vegna áhaldasafns skólans.

Á s. l. ári voru með reglugerð gerðar breyt. á tilhögun listiðnaðardeildar handíðaskólans og sú starfsemi felld inn í iðnfræðsluna. Þetta hefur í för með sér aukinn kostnað við iðnfræðsluna, og er till. til hækkunar á þeim lið, að hann hækki úr 44500 kr. í 200 þús. kr., en þess má geta, að varðandi handíðaskólann koma að nokkru á móti þessu lækkunartill., þar sem handíðaskólanum verða nú einungis samkvæmt till. n. ætlaðar 45 þús. kr. úr ríkissjóði í stað 110 þús. kr. rúmlega, sem áður voru áætlaðar. En hækkunin vegna þessara ráðstafana nemur samt rúmlega 90 þús. kr.

Varðandi verzlunarskóla er gerð sú breyting að hækka rekstrarstyrkinn til samvinnuskólans um 200 þús. kr. Sá skóli hefur að undanförnu verið einn af heimangönguskólunum hér í Reykjavík og hefur haft styrk miðað við nemendafjölda sinn og borinn að mestu saman við Verzlunarskóla Íslands. Nú hefur sú breyting orðið á rekstri samvinnuskólans, sem kunnugt er, að hann er ekki lengur kaupstaðarskóli, heldur heimavistarskóli í sveit, og þykir þá rétt að miða ekki lengur styrk hans við nemendafjölda á sama hátt og gert er við t. d. verzlunarskólann, sem er áfram eins og verið hefur heimangönguskóli.

Þá er gerð till. um að hækka nokkuð útgjaldalið ríkisins vegna framkvæmdar sundskyldu í barnaskólum, eða úr 800 þús. í 860 þús. kr.

Þá er komið að *þeim stóra útgjaldalið*, sem er styrkur til skólabygginga barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra, og má í því sambandi gjarnan ræða um leið sams konar fjárveitingar vegna gagnfræðamenntunarinnar, en eins og menn muna, þá var á árinu 1955 samþ. allmikill lagabálkur um greiðslu skólakostnaðar. Er þar kveðið svo á, að skólabyggingar megi ekki hefja, fyrr en fjárfesting er veitt til þeirra úr ríkissjóði, en að jafnframt skuli þá ríkið hafa skyldu til þess að greiða upp sinn hluta af kostnaði við skólabyggingarnar á ekki lengri tíma en fimm árum.

Í nál. meiri hl. er gerð allýtarleg grein fyrir því, hvernig þetta lagaákvæði verkar á fjárhagsaðstoð ríkissjóðs og aðstöðu ríkisins til þess að standa við sínar skuldbindingar varðandi skólabyggingarnar. Skal ég ekki fara um það mörgum orðum hér, en geta þess þó, að greinilegt er, að þarna hefur ríkinu verið bundinn ærið þungur baggi, svo að óhjákvæmilegt þykir, að útgjaldaaukning af þessum ástæðum á yfirstandandi ári hlýtur að verða mikil.

Það er sömuleiðis augljóst mál, að nú um tíma eða allt fram undir árið 1960, þegar fyrstu skólarnir, sem njóta styrks samkvæmt þessum reglum, losna, eða þegar lokið er greiðslum til þeirra, mun verða að halda býsna mikið í um leyfi til nýrra skólabygginga, ef ekki á að skapast óeðlilega há útgjaldaskylda á ríkinu varðandi skólabyggingar í landinu.

Það er ljóst, að mörgum mun þykja heldur skammt stigið við afgreiðslu þessara fjárl., ef till. meiri hl. n. verða samþ. og ekki aðrar fjárveitingar til nýrra skóla, því að einungis er gert ráð fyrir, að leyfð verði með þessum hætti, þ. e. a. s. með fjárveitingu, bygging fjögurra nýrra barnaskóla á yfirstandandi ári og tveggja gagnfræðaskóla.

Svolítil brtt. liggur fyrir varðandi ráðskonukaup við heimavistarskóla, og er þar um leiðréttingu að ræða til samræmis við það, sem í reynd hefur komið í ljós. Það er gerð till. um, að sá liður hækki um 26 þús. kr.

Eiðaskóli er fimmtugur á yfirstandandi ári og ráðgerir að gefa út minningarrit af því tilefni. Er gert ráð fyrir því, að hann njóti til þess nokkurs styrks á yfirstandandi ári, og gerir n. till. um það.

Ég hef áður vikið að þeim brtt., sem varða byggingu gagnfræðaskólanna, og fjölyrði ekki frekar um það; sömuleiðis um þær brtt., sem gerðar eru varðandi handíðaskólann.

Íþróttasjóði er með lögum ætlað að bera hluta af kostnaði við mannvirkjagerð vegna íþrótta-

starfsemi í landinu. Það gegnir svipuðu máli um íþróttastarfsemina og svo fjölmarga aðra hluti af framkvæmdum, sem ráðgerðar hafa verið á undanförnum árum, að kostnaður við íþróttamannvirkin hefur orðið miklu meiri en svo, að íþróttasjóður geti af tekjum sínum og framlagi ríkissjóðs staðið við þær skuldbindingar, sem honum voru ætlaðar. Safnast því fyrir skuldir, sem hann á vangoldnar, og er hér gerð till. um að hækka framlagið til hans um 400 þús. kr., og er það viðleitni í þá átt að greiða fyrir starfsemi þess sjóðs. En hitt er að sjálfsögðu ljóst, að fjárveiting til hans, sem þá mundi nema 1.6 millj., leysir ekki hans vanda, eins og hlaðizt hefur á hann að undanförnu.

Ráðgert er, að sumarið 1958 verði haldið Evrópumeistaramót í frjálsum íþróttum í Stokkhólmi. Íþróttasamband Íslands hefur sótt um nokkurn styrk frá ríkinu til þátttöku í því móti, og með tilliti til þess, að íslenzkir íþróttamenn hafa að undanförnu gert landi sínu nokkurn sóma á erlendum vettvangi, þótti rétt að verða við þessu. Það má máske segja, að fjárveitingin sé ekki nauðsynleg á árinu 1957, en í umsókn íþróttamanna var á það lögð mikil áherzla, að þeir gætu fengið um það að vita strax í ár, hvort ríkið mundi verða við umsókn þeirra eða ekki. Með tilliti til alls þessa hefur n. gert till. um það, að tæplega helmingur af því, sem um var beðið og nauðsynlegt þótti, til þess að af þessari þátttöku gæti orðið, verði tekið inn á fjárlög þessa árs, 40 þús. kr.

Gerð er till. af n. hálfu um það, að styrkur til Alþýðusambands Íslands hækki um 75 þús. kr. og verði 150 þús. kr. eða jafnhár og Landssamband iðnaðarmanna hefur.

Þá er gerð till. um það, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fái 25 þús. kr. styrk til starfsemi sinnar, en það mun hyggja á að koma upp lesstofu fyrir meðlimi sína hér í bænum.

Varðandi 15. gr. eru gerðar margar brtt. Er sú fyrst, að vegna viðhalds gamalla bygginga í vörzlu þjóðminjasafnsins er gert ráð fyrir 10 þús. kr. hækkun, og hefur þjóðminjavörður gert grein fyrir nauðsyn þess, enda var hér um vangá í áætlunargerð að ræða, sem sjálfsagt þótti að leiðrétta.

Fornminjavörður hefur enn fremur bent á það, að þakið yfir bæjarrústunum í Stöng í Þjórsárdal, en þær fornminjar eru taldar til þess merkasta, sem við eigum af slíku tagi, er nú að falli komið, og þarf að endurnýja það þak, til þess að rústirnar varðveitist. Hefur þótt vert að verða við þeirri ósk fornminjavarðar, og hefur n. gert till. um, að það verði gert með þeim hætti, að greiðsla vegna þess kostnaðar skiptist á tvö ár, og hefur verið lagt til, að 60 þús. kr. verði teknar upp á þessa árs fjárl. í þessu skyni.

Nýlega hafa verið samþ. lög um náttúruverndarráð, og hefur það í för með sér nokkurn kostnað. Er gerð till. um, að til starfsemi náttúruverndarráðs verði ætlaðar 60 þús. kr.

Þá eru gerðar till. um, að framlag til náttúrugripasafnsins á Akureyri hækki um 10 þús. kr. og framlag til Hins íslenzka náttúrufræðifélags hækki úr 15 í 20 þús. kr. vegna kostnaðarauka við útgáfu á riti félagsins, Náttúrufræðingnum.

Varðandi safnahúsið er gerð till. um hækkað framlag um 100 þús. kr. til endurnýjunar á raflögnum og ljósaútbúnaði hússins, en hann þykir nú í óforsvaranlegu standi, og er öllum ljóst, að eldhættu á þeim stað verður að sjálfsögðu að bægja frá eins og frekast er unnt.

Þá er tillaga um, að upp verði tekinn nýr liður til bókasafns Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, 100 þús. kr. Því félagi hefur nýlega áskotnazt að gjöf frá ekkju Héðins heitins Valdimarssonar merkilegt safn bóka og tímarita, sem félagið hyggst nú að koma upp lesstofu fyrir, og er hér lagt til, að Dagsbrún verði af þessu tilefni veittar 100 þús. kr.

Til bókasafns Sighvats Grímssonar, sem nú er orðið hluti af héraðsbókasafni Vestur-Ísafjarðarsýslu, hafa á fjárlögum verið veittar að undanförnu 1250 kr., með skilyrði um, að safnið verði geymt að Núpi í Dýrafirði. Nú hefur safnið verið flutt til Ísafjarðar, og þykir ekki ástæða til að fella niður styrkinn til þess fyrir það, en lagt er til að taka út úr ordalagi þeirrar greinar, sem um þessa fjárveitingu mælir, skilyrðið: enda sé það geymt hjá héraðsskólanum að Núpi.

Á undanförnum árum hefur verið veittur smávægilegur styrkur til sjómannalesstofu í Bolungavík. Af einhverjum ástæðum hefur það fallið niður af fjárlögum s. l. árs og ekki verið tekið upp í þetta frv. N. leggur til, að þeirri lesstofu verði veittar 1200 kr. í styrk.

Þá hefur n. lagt til, að styrkur til sjómannalesstofu á Akranesi hækki úr 2 þús. í 4 þús. kr.

Rímnafélagið hefur með höndum sérstaka útgáfustarfsemi á þessu yfirstandandi ári. Finnur Sigmundsson landsbókavörður vinnur að því að gefa út rímnaskrá á vegum félagsins, og hefur verið sótt um styrk vegna þeirrar útgáfu. Hefur n. gert till. um, að veittur verði af því tilefni 25 þús. kr. styrkur.

Jón Dúason fræðimaður hefur lengi haft nokkra fjárveitingu á fjárlögum. Í fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir neinum styrk honum til handa, en n. hefur tekið upp till. um, að honum verði veittar 60 þús. krónur til útgáfu rita á yfirstandandi ári.

Þá eru hér tvær till. um fjárveitingar til orðabókagerðar. Annars vegar er lagt til, að Ingvari Brynjólfssyni menntaskólakennara, sem hefur með höndum útgáfu á þýzk-íslenzkri og íslenzk-þýzkri vasaorðabók, verði veittar 10 þús. kr. í styrk, og hins vegar, að til hinnar miklu íslenzku orðabókar, sem í smíðum er á vegum háskólans, verði hækkað framlag um 25 þús. kr., og hefur fengizt loforð fyrir því, að sáttmálasjóður muni þá einnig hækka sitt framlag um 25 þús. kr., og yrði þá fjárveiting til orðabókarinnar samtals á yfirstandandi ári 250 þús. kr., en það er, svo sem alþm. sjálfsagt kannast við, mjög kostnaðarsamt verk og mikið og af öllum, sem unna íslenzku máli, talinn mikill fengur að því, þegar slíkt verk gæti komizt út.

Það hefur að undanförnu tíðkazt, að þau héraðsskjalasöfn, sem hafa aflað sér eftirrits af þeim skjölum, sem varða þess umdæmi, með þeim hætti að kaupa filmur af skjölunum hjá þjóðskjalasafninu, fái til slíkra filmukaupa nokkurn styrk. Að þessu sinni er lagt til, að héraðsskjala-

safni Þingeyinga verði veittar 25 þús. kr. í þessu skyni.

Þá er lagt til, að styrkur til skálda, rithöfunda og listamanna, eða listamannalaun, eins og það stundum hefur verið nefnt, verði hækkuð úr 992608 kr. í 1 millj. og 200 þús. kr. Áformað mun og vera að breyta að nokkru úthlutunarreglunum í sambandi við þessi listamannalaun, og hefur menntmrn. þá hlið málsins í athugun. Er hér ekki gerð till. um annað en sjálfa úthlutunarupphæðina.

Íslenzkir málarar ráðgera að taka þátt í samnorrænni málverkasýningu, sem halda á í Gautaborg í sumar, og er lagt til, að þeir verði til þess styrktir með 50 þús. kr. framlagi.

Myndlistarskólinn í Reykjavík hefur sótt um, að styrkur hans verði hækkaður. Samkv. fjárlagafrv. eru honum ætlaðar 20 þús. kr. í styrk, en lagt er til, að sá styrkur verði hækkaður í 30 þús. kr. Einnig er lagt til, að nýr myndlistarskóli, sem starfað hefur nú í tvo vetur í Vestmannaeyjum, fái 10 þús. kr. styrk.

Til vísindamanna og fræðimanna er till. um að hækka framlag til samræmis við þá hækkun, sem till. er gerð um á listamannalaunum, þ. e. a. s., að upphæðin hækki um því sem næst 20% og verði 180 þús. kr.

Þá er till. um, að styrkur til Leikfélags Reykjavíkur hækki um 20 þús. kr. og að upp verði tekinn styrkur til nýs leikfélags, sem upp hefur risið í Kópavogi, 5 þús. kr.; enn fremur, að til Bandalags ísl. leikfélaga, sem haft hefur 85 þús. kr. rekstrarstyrk, verði styrkur hækkaður um 25 þús. kr. í 110 þús. kr. Það skal tekið fram, að þetta bandalag annast verulega fyrirgreiðslu fyrir leikfélögin úti á landi, lánar þeim búninga og ýmislegt annað, sem til þarf til þess að koma leikjum á svið. — Sama bandalag, Bandalag ísl. leikfélaga, hefur sótt um fjárstyrk vegna fyrirhugaðrar heimsóknar norskra leikara, sem ætla að ferðast hér um landið á komandi sumri og sýna norskt leikrit, að því er ég hygg að ákveðið sé, Brúðuheimilið eftir Ibsen, og hefur n. þótt ástæða til að styrkja þá starfsemi og leggur til, að 50 þús. kr. verði veittar vegna þessarar væntanlegu heimsóknar.

Nýr tónlistarskóli hefur tekið til starfa á Hvolsvelli, og þykir rétt að styrkja hann á sama hátt og aðra sambærilega skóla, og er gerð tillaga um, að honum verði veittar 10 þús. kr. í styrk.

Allmargar lúðrasveitir hafa að undanförnu verið styrktar til lúðrakaupa. Á allra vitorði er, að sá styrkur hefur ekki eingöngu verið notaður í því skyni, og hefur fremur verið litið á það sem form heldur en sem ákvarðandi skilyrði. Ástæðulaust þykir að vera að skilja þannig á milli lúðrasveitanna, að sumar hafi styrk til starfsemi sinnar almennt, en aðrar eingöngu til hljóðfærakaupa, og hefur verið gerð till. um, að þetta skoðist í öllum tilfellum sem styrkur til starfseminnar sjálfrar, en skilyrtur því, að framlag komi á móti annars staðar að. Gerð er síðan till. um það, að þær lúðrasveitir, sem hafa haft 8 þús. kr. styrk, hækki allar þannig, að nú fái þær 10 þús. kr.; enn fremur að teknar verði inn í greinina 3 nýjar lúðrasveitir, lúðrasveitin Svanur í Reykjavík, lúðrasveit Keflavíkur og lúðrasveit Húsavíkur. Tvær þær síðasttöldu eru nýjar af nálinni, lúðrasveitin Svanur hefur af einhverjum ástæðum ekki verið inni á fjárlögum að undanförnu, af hvaða ástæðum sem það kann nú að vera. Enn fremur er lagt til, að Samband ísl. lúðrasveita fá 10 þús. kr. fjárveitingu til sinnar starfsemi.

Kvæðamannafélagið Iðunn hyggst gera út leiðangur á komandi sumri til þess að fá einkum eldri kvæðamenn til þess að kveða rímur inn á segulbönd og til þess að forða þessari þjóðlegu íþrótt, kvæðaflutningi og rímnasöng, frá glötun og hefur sótt um styrk til þeirrar starfsemi. N. telur, að hér sé um að ræða varðveizlu á þjóðlegum verðmætum, og leggur til, að þessi starfsemi verði styrkt með 10 þús. kr. framlagi, en jafnframt verði það gert að skilyrði, að segulbandsspólurnar verði geymdar á þjóðminjasafninu og þannig tryggilega frá því gengið, að það verði ekki jafnóðum þurrkað út, sem inn á þær kann að verða kveðið.

Tónskáldafélag Íslands fyrirhugar tónlistarhátíð hér á sumri komanda, og hefur Reykjavíkurbær þegar heitið nokkrum stuðningi við þá tónlistarhátíð. Hefur þótt sanngjarnt, að ríkið legði einnig nokkuð af mörkum, og er gerð till. um 40 þús. kr. fjárveitingu í því skyni.

Guðmunda Elíasdóttir söngkona hefur sótt um styrk, og hefur verið lagt til af n. hálfu, að hún fái 8 þús. kr. styrk á yfirstandandi ári.

Þá hefur nefndin gert till. um tvo styrki til fræðimanna úr alþýðustétt.

Vilhjálmur Ögmundsson bóndi á Narfeyri hefur gert stærðfræðilegar athuganir mörg undangengin ár og hlotið fyrir þær viðurkenningu hinna lærðustu stærðfræðinga, og þykir hann maklegur til þess að hljóta styrk vegna þeirrar starfsemi sinnar, sem hann enn mun halda áfram.

Enn fremur er lagt til, að Þorsteinn Jónsson fyrrverandi skipstjóri í Laufási í Vestmannaeyjum fái í viðurkenningarskyni 10 þús. kr. styrk fyrir það, að hann hefur haldið til haga margháttuðum fróðleik um fiskimiðin umhverfis Vestmannaeyjar og fært þau á sérstakan uppdrátt, sem hefur verið gefinn út og er enn til leiðbeiningar fjöldamörgum mönnum, sem sækja sjó á þær slóðir.

Þá er lagt til, að hækkað verði um 5 þús. kr. framlag til minningarlundar Þorsteins Erlingssonar að Hlíðarendakoti.

Enn fremur eru tvær till. til leiðréttingar á því, að í frv. virðist hafa snúizt við styrkur eða fjárveiting til minningarlundar Jóns Arasonar við Grýtu og fjárveitingin til minnismerkis Jóns Arasonar á sama stað, en það er meiningin, að minnismerkið eigi að hafa 25 þús. kr. styrkinn, en lundurinn, eins og aðrir slíkir minningarlundir, 5 þús. kr.

Landbúnaðardeild atvinnudeildar háskólans hefur sótt um að fá að ráða nýjan sérfræðing í sína þjónustu. Er hér um að ræða ungan mann, sem enn er við nám og ætla má að komi heim á miðju yfirstandandi ári. Hefur þótt ástæða til að verða við þeirri beiðni og ætla landbúnaðardeildinni sem svarar hálfum sérfræðingslaunum umfram það, sem frv. gerði ráð fyrir.

Rannsóknarstofa háskólans er talin þurfa aukna fjárveitingu, sem nemur 55 þús. kr., vegna yfirfærslugjalda, og hefur verið orðið við þeirri beiðni.

Kjarnfræðanefnd hyggst koma upp stöð til mælinga á geislavirkum efnum og hefur gert áætlanir um þær framkvæmdir og sótt um fjárveitingu til þeirra. Nefndin leggur til, að til þeirrar stöðvar verði veittar á þessu ári 100 þús. kr., og skal tekið fram, að það er aðeins hluti af þeirri upphæð, sem um var sótt.

Veðurstofan hefur gert endurskoðun á sínum kostnaðarliðum, og er lagt til, að þar verði gerð á nokkur breyting, þannig að útlagður kostnaður vegna veðurstofunnar breytist samtals úr 2 millj. 984 þús. 480 kr. í 3 millj. 26 þús. 480 kr.

Við það, að sjókortagerðin hefur nú að öllu færzt inn í landið, þykir verða að mæta kostnaði, sem af því hlýzt, með 200 þús. kr. framlagi, sem gerð er till. um.

Embætti húsameistara ríkisins hefur með höndum eftirlit með opinberum byggingum í smíðum og sömuleiðis viðgerðum á þeim. Þaðan hefur verið mjög sótt eftir því að fá að auka starfsmannahald og sömuleiðis að fá til umráða bifreið fyrir eftirlitið. Fjvn. hefur talið vert að verða við ósk þeirra um að fá að kaupa bifreið til starfseminnar, en hins vegar hefur ekki verið gerð nein till. um starfsmannaaukningu þar.

Varðandi 16. gr. frv. eru gerðar brtt., bæði um Búnaðarfélag Íslands og um Fiskifélag Íslands, og lagt til, að framlög til þessara félaga beggja verði hækkuð um 50 þús. kr. Er það minna en umsóknir þeirra hvors um sig gera ráð fyrir.

Á yfirstandandi ári og s. l. ári hafa orðið verulegar spjöll á landi af völdum vatnagangs og sjávarágangs, og eru gerðar allverulegar till. um hækkanir vegna fyrirhleðslna í ár og sjóvarnargarða. Að því er fyrirhleðslurnar varðar eru hæstar brtt. varðandi fyrirhleðslu í Markarfljóti og Þverá, eða 70 þús. kr., úr 400 þús. kr. í 470 þús. kr., en hér er raunar um að ræða fyrirhleðslur, sem ráða í rauninni örlögum heilla sveita að verulegu leyti, og þykir ekki vert að eiga neitt á hættu með það, að út af geti brugðið um, að þær fyrirhleðslur, sem þar er um að ræða, séu því hlutverki vaxnar, sem þeim er ætlað.

Varðandi sjóvarnargarða skal það tekið fram, að þar er um stærsta upphæð að ræða varðandi Eiðið í Vestmannaeyjum. Það er lagt til, að til varnar á Eiðinu verði að þessu sinni veittar 200 þús. kr., en það ætti að vera eitthvað á milli helmings og þriðjungs af þeirri upphæð, sem vitamálaskrifstofan ætlar að nauðsynlegt sé til framkvæmda þar, en aðrar framkvæmdir eru ekki eins kostnaðarsamar af þeim, sem hér eru gerðar till. um.

Nefndin hefur aflað sér upplýsinga um það, að í öllum tilfellum er hér um fullkomna nauðsyn að ræða, og hlýtur að sjálfsögðu að viðurkenna, að hún hefur stigið hér eins stutt skref í fjárveitingum og hún frekast taldi unnt að gera, en hún hefur að sjálfsögðu orðið að halda sig innan þess ramma, sem talizt getur mögulegt í fjárveitingum.

Sandgræðslan hefur með höndum mjög stór verkefni, og þykir hafa tekizt, a. m. k. sums staðar, með miklum ágætum hennar starf, og er lagt til að gera hennar fjárhag heldur rýmri en verið hefur. Er lagt til, að á tveimur útgjaldaliðum hennar og þeim helztu, þ. e. a. s. til sandgræðslustöðva og til sandgræðslugirðinga, verði hækkuð framlög samtals um 170 þús. kr.

Skógrækt ríkisins hefur líka unnið stórvirki, og er lagt til, að henni verði veitt fé til nýrrar starfsemi, þ. e. a. s. til skjólbeltagerðar, 50 þús. krónur.

Þá er lagt til, að styrkur til Garðyrkjufélags Íslands hækki um 8 þús. kr. frá því, sem frv. gerir ráð fyrir.

Í Laxá í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu hefur verið gerður laxastigi, og samkvæmt lögum nr. 12 frá 1941 ber ríkissjóði að bera ákveðinn hluta af kostnaði við það verk. Er lagt til, að til þess verði varið 84 þús. kr.

Lög um iðnfræðsluráð hafa ekki verið framkvæmd nema að litlu leyti að undanförnu. Nú er í ráði að auka framkvæmd á þeirri lagasetningu að nokkru, og er gerð till. um aukna fjárveitingu í því skyni, og nemur aukningin 110 þús. kr., eða hækkar fjárveitinguna úr 140 þús. kr. í 250 þús. krónur.

Þá eru gerðar till. við 17. gr. Sú er fyrst, að vegna þess að áætlaður hluti ríkissjóðs til greiðslu vegna laga um atvinnuleysistryggingar hefur reynzt lægri en greiðsluskyldan, er lagt til, að sú upphæð verði hækkuð um 2 millj. kr., úr 19 í 21 millj. kr.

Enn fremur hefur komið í ljós, að þrátt fyrir lagaskyldu ríkissjóðs til þess að taka þátt í kostnaði við vinnumiðlun samkvæmt lögum nr. 52 frá 1956 hefur ekki verið ætlað neitt fyrir þeim útgjöldum, og er gerð hér till. um 150 þús. kr. framlag til að standa straum af þeirri skyldu.

Elliheimilið í Skjaldarvík á við þann erfiðleika að stríða sérstaklega, að vegurinn að því er í mjög lélegu ástandi. Virðist það ekki vera bein skylda, hvorki ríkisins, þar sem vegurinn er ekki þjóðvegur, né heldur annarra aðila, sýslu eða hrepps, að sjá um viðgerð á þessum vegi, og er gerð till. um það, að elliheimilinu sjálfu verði veittur 20 þús. kr. styrkur til þess að geta bætt um veginn heim að heimilinu.

Þá er lagt til, að 1 millj. kr. verði veitt verkalýðshreyfingunni til byrjunarframkvæmda við orlofsheimili, sem hún fyrirhugar að koma á fót.

Á s. l. ári var barnaheimilinu að Sólheimum í Grímsnesi veittur 50 þús. kr. styrkur vegna rafmagnsheimtaugar. Nú hefur verið sótt um, að þessi fjárveiting verði endurtekin og muni þá hægt að ljúka skuldum heimilisins af þessum sökum. Er lagt til, að því verði enn í ár veittar 50 þús. kr., en að það verði lokagreiðsla.

Blindravinafélag Íslands hefur nú hafið útgáfu á bókum á blindraletri. Það er dýr bókagerð, og þykir vert að styðja þá framkvæmd, sem þar er hafin, og er lagt til, að 20 þús. kr. verði til þess veittar.

Flugbjörgunarsveitin hafði á s. l. ári 50 þús. kr. styrk, en af einhverjum ástæðum hefur sá styrkur fallið niður úr frv., enda þótt vart hafi verið tilætlunin að láta lokið opinberum stuðningi við þá sveit, enda hefur hún margháttuð björgunaráform og dýr á prjónunum, er m. a.

nú um þessar mundir að koma upp tjaldspítala. Er lagt til, að Flugbjörgunarsveitin haldi sama styrk á yfirstandandi ári og hún hafði á s. l. ári.

Þá er lagt til, að konunni Rósu Georgsdóttur verði greiddar 50 þús. kr. bætur, sem hugsað er sem fyrsta greiðsla af þremur. Kona þessi varð fyrir alveg óvenjulegum áföllum fyrir nærri 10 árum, þegar óður maður réðst að henni, særði hana og varð barni hennar að bana. En þau örkuml, sem kona þessi ber, eru þess eðlis, að hún getur ekki notið styrks úr almannatryggingunum, eins og vert væri. Hefur nefndin borið erindi hennar undir landlækni, og telur hann, að réttmætt sé, að henni sé veittur styrkur með þessum hætti. Það skal tekið fram, að það er yfirleitt álit nm., að dómur eigi að ganga í málum sem þessum, en þótt hér hafi ekki verið leitað dómstóla og í rauninni svo langt um liðið, frá því að atburðir skeðu, þar til konan í rauninni hafði möguleika til þess að hefja málarekstur, þá þykir í þessu einstæða tilfelli rétt að verða við umsókn hennar um bætur af þessum sökum, enda vandséð, hvort ríkinu muni ekki hafa borið skylda til að hafa hömlur á þeim, sem þessum slysum olli.

Lagt er til, að Ungmennafélag Íslands haldi sama styrk og það hafði á s. l. ári, 75 þús. kr.; enn fremur að til starfsíþrótta á vegum Ungmennafélagsins verði veittar 25 þús. kr. á þessu ári, eins og gert var s. l. ár.

Náttúrulækningafélag Íslands hefur í byggingu mjög myndarlegt heimili fyrir starfsemi sína í Hveragerði og er vel á veg komið með þær byggingarframkvæmdir. Þær hafa að undanförnu notið styrks úr ríkissjóði, og er hér lagt til, að Náttúrulækningafélaginu verði enn veittur 100 þús. kr. byggingarstyrkur, en svo litið á, að það geti verið lokagreiðsla vegna þessara framkvæmda.

Þá hefur verið um það sótt, að nokkurt fé yrði veitt til umbóta á gufuböðum að Laugarvatni, enda er það staður, þar sem margir aðilar koma og njóta þessara baða. Skólastjórarnir á staðnum hafa gert grein fyrir því, að böðin þurfi endurbóta við, en að það sé í rauninni enginn einstakur aðili á þeim stað, sem telji sig eiga skyldu að rækja við að endurbyggja þau eða koma í það horf, sem óhjákvæmilegt er talið, og því hefur hér verið lagt til, að 20 þús. kr. verði veittar í því skyni.

Fjvn. samþ. snemma í haust fyrir sitt leyti að taka inn á fjárl. ársins 1957 250 þús. kr. fjárveitingu til Ungverjalandssöfnunar Rauða kross Íslands, og greiddi fjmrn. eða viðkomandi rn. þennan styrk út þá þegar gegn loforði n. um að taka það upp í sínar fjárlagatill., og er svo gert hér.

Þá eru hér framlög til þeirra alþjóðasambanda, sem Ísland er aðili að og verður að gjalda sína skatta og skyldur í, umreiknuð með 16% yfirfærslugjaldi, og standa breyt. á frv.-liðunum um þessi atriði í sambandi við þann umreikning.

N. hefur ekki nú frekar en að undanförnu gert till. um breyt. á 18. gr., og bíða allar brtt. varðandi þá grein eftir 3. umr. málsins.

Við 19. gr. hefur n. gert eina brtt. og raunar ekki smávægilega. Þar er lagt til, að útgjöld til dýrtíðarráðstafana verði hækkuð um 24 millj. kr. Ástæðan til þeirrar till. er sú, að í þeirri viðleitni, sem ríkisstj. hefur haft uppi að undanförnu til þess að stöðva dýrtíðina, kaupgjald og verðlag, hefur ríkissjóður óhjákvæmilega orðið að taka á sig nokkrar skuldbindingar um niðurgreiðslur, og er hér gert ráð fyrir, að þeim útgjöldum verði mætt með þeirri hækkun á 19. gr., sem hér er lögð til.

Er þá komið að 20. gr., útgjaldaliðum. Lagt er til, að áætlun fyrir afborgunum af lánum ríkissjóðs verði hækkuð sem svarar yfirfærslugjaldinu, og nemur það á dönskum lánum og bandarískum lánum samtals 109076 kr.

Þá er það reynsla rn., að sífellt fer vaxandi það, sem ríkissjóður verður á sig að taka af ábyrgðarskuldbindingum sínum, og er lagt til, að útgjaldaliður sá verði hækkaður í áætlun úr 16 millj. í 18 millj. kr.

Þá leggur n. til, að tekinn verði inn á 20. gr. nýr liður til framlags byggingar skips vegna Vestmannaeyja og nálægra hafna, 2 millj. kr. Það er enn óráðið um það, hvert fyrirkomulag um rekstur og eignarrétt á slíku skipi yrði talið bezt henta, en óhjákvæmilegt þykir, að smíði slíks skips geti hafizt nú hið allra bráðasta, þar eð samgöngur milli Vestmannaeyja og annarra landshluta eru nú með slíkum ódæmum, að þar hlýtur að verða úr að bæta hið allra bráðasta. Ætla má, að skip, sem fullnægði þeim kröfum, sem gerðar eru til flutninga á þessari leið, mundi kosta 7—8 millj., miðað við núgildandi verðlag, og er hér aðeins um að ræða fyrstu greiðslu til þeirrar skipssmíðar.

Varðandi flugvallagerð er gerð till. um, að framlag hækki um 650 þús. kr., eða álíka háa upphæð og sparast á flugþjónustunni með því aukna alþjóðaframlagi, sem ég hef þegar getið um.

Þá eru gerðar hér tillögur um að auka nokkuð fjárveitingar til embættisbústaða, þ. e. a. s. til rafmagnsheimtauga vegna prestssetra ríkisins og til útihúsabygginga á prestssetrum, samtals um 260 þús. kr.

Þá hefur n. gert till. um, að inn á 20. gr. verði tekin 900 þús. kr. framlag ríkissjóðs til landssmiðjunnar, en landssmiðjunni hefur þegar verið afhent þessi fjárupphæð í samkomulagi við fjvn., enda stóð svo á, að fyrirtækið þurfti mjög á þessari fyrirgreiðslu að halda.

Varðandi 22. gr. frv. eru gerðar þrjár till.

Sú er fyrst, að heimild ríkisstj. til þess að ábyrgjast byggingar frystihúsa, mjólkurbúa og fiskimjölsverksmiðja verði hækkuð úr 20 millj. í 50 millj. Þykir þetta nauðsynlegt sökum þess, að mörg fyrirtæki, sem undir þessa heimildargrein geta fallið, eru í mikilli fjárþörf, og í rauninni hafa framkvæmdir við þau sum hver stöðvazt, og hyggst ríkisstj. að greiða úr þeirra vandræðum, eftir því sem möguleikar eru fyrir hendi, en þarf til þess hækkaða ábyrgðarheimild.

Þá er lagt til, að inn komi ný heimild til handa ríkisstj. um að veita ábyrgð vegna kaupa á togaranum Gerpi, allt að 2 millj. kr. umfram það, sem henni var áður heimilað með sérstökum lögum, en þó þannig, að ábyrgð ríkissjóðs vegna smíðis eða kaupa á þessu skipi fari ekki yfir 90% miðað við kostnaðarverð.

Þá eru gerðar tillögur um það að bæta nokkru við XXXII. lið í 22. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að ríkisstj. verði heimilað að breyta nokkrum lánum í óafturkræf framlög. Hér er um að ræða lán, sem veitt hafa verið ýmist af tekjuafgangi ríkissjóðs á árunum 1955 og 1954, þ. e. a. s. brtt. taka nú eingöngu til lána, sem veitt voru af greiðsluafgangi 1954, svo og til lána, sem veitt hafa verið beint af ríkisfé, stofnlána til þeirra stofnana, sem hér um ræðir, en þær eru: veðdeild Búnaðarbankans, ræktunarsjóður og byggingarsjóður. Samtals tekur þessi heimild, sem lögð er til í brtt., til 18625250 kr., sem eins og áður er fram tekið eru allt lán af greiðsluafgangi ríkissjóðs eða stofnlán af ríkisfé.

Miðað við það, að allar brtt. fjvn. yrðu samþ., og að öðru óbreyttu, mundi fjárlagafrv. að útgjaldaliðum hækka um 70459789 kr. Það er þess vegna óhjákvæmilegt, með því að ekki hafa verið gerðar neinar brtt. varðandi tekjuhlið frv., að mikill halli hlýtur að verða á fjárlögunum, eins og þau koma í gegnum 2. umr. Hitt er vitað, að ríkissjóður á von í verulegum tekjum á móti þessum hækkunum. Nema þar mestu tekjur ríkissjóðs af útflutningssjóði, en hann á skv. lögum um útflutningssjóð að fá 20% af tekjum þess sjóðs, og má ætla, að það verði ekki undir 100 millj. kr. Hins vegar hefur í sambandi við þá lagasetningu verið felldur niður söluskattur í smásölu, sem kemur þá til frádráttar á tekjum ríkissjóðs. Einnig hafa verið sett lög um lækkaðar skattgreiðslur fiskimanna og lækkaðar tekjuskattgreiðslur hjá tekjulágu fólki, og hljóta þær lækkanir einnig að verka nokkuð til lækkunar á tekjum ríkissjóðs. Þá hefur verið breytt verðlagi á söluvarningi hjá áfengisverzluninni og tóbakseinkasölunni, og fær ríkissjóður þar nokkrar tekjur. Það er þess vegna vitað um þessar 70 millj., sem hér eru till. um hækkanir á, að ríkissjóður muni eiga tekjustofna á móti þeim. Hins vegar er enn ekki sýnt, hver jöfnuður kann að verða endanlega á fjárlögum, þar eð vitað er, að enn hljóta að koma inn allstórir útgjaldaliðir á frv. Nefni ég þar til, að ríkisstj. hefur þegar gefið loforð um að greiða í nokkru fyrir raforkuframkvæmdum þeim, sem nú eru framkvæmdar við mikla fjárþröng. Einnig liggja fyrir fyrirheit frá ríkisstj. um aukið fé til atvinnuaukningar úti um byggðir landsins. Enn fremur hefur verið lofað stuðningi við ræktun í landinu og ráðstafanir til þess að stækka þau bú, sem skemmra eru á veg komin, og vitað er um, að allmargir fleiri gjaldaliðir hljóta að koma til hækkunar á frv. En það er ásetningur þeirra, sem núverandi ríkisstj. styðja, að afgr. fjárlög án greiðsluhalla. Hversu þeim till. verður endanlega komið saman, er að vísu enn ekki séð.

Það er stefna ríkisstj. að hamla gegn hinum linnulausa vexti dýrtíðarinnar, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum. Gjaldahækkanir, sem brtt. við fjárlagafrv. gera ráð fyrir, gætu virzt í nokkru ósamræmi við það. En fyrir því ætla ég að gerð sé nokkuð fullnægjandi grein í nál. meiri hl. fjvn., og vitna ég hér til þess. Þar er raunar gerð grein fyrir því, að þrátt fyrir það ósamræmi, sem í fljótu bragði kynni að virðast á hækkuðum útgjöldum ríkissjóðs og stefnu að því marki að vinna bug á aukinni dýrtíð, þá samrýmist að verulegu leyti og er sumpart óhjákvæmilegt, eins og á stendur, að ríkissjóður taki á sig nokkrar byrðar, einmitt til þess að komast nær því marki, sem að er stefnt. Það er skoðun okkar, sem að meirihlutaálitinu stöndum, að hér sé stefnt að efnahagslegri og menningarlegri framþróun í þjóðfélaginu, en fjárveitingunum haldið innan viðráðanlegra takmarka. Í trausti þess, að það sé rétt ályktað af okkar hálfu, eru hér brtt. ásamt meðfylgjandi áliti lagðar fyrir.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þá er nú loks komið að 2. umr. fjárlaga fyrir árið 1957. Hefur í þetta sinn lítið borið á þeim metnaði hæstv. fjmrh. að láta jafnan afgr. fjárlög fyrir áramót, sem er auðvitað sjálfsagt að gera, nema eitthvað sérstakt hamli. Fjárlög fyrir árið 1956 voru afgreidd í janúarlok 1956, en 2. umr. þeirra fór fram um miðjan desember. Fjárlögin voru þá afgr. um sama leyti og tillögur ríkisstj. um aðstoð við útflutningsframleiðsluna og tekjuöflun fyrir ríkissjóð til þess að mæta fyrirsjáanlegum greiðsluhalla, sem leiddi af þeirri óheillaþróun, er fylgdi í kjölfar verkfallanna 1955. Fjármálaráðherra átaldi þá mjög sjálfstæðismenn fyrir að hafa ekki viljað afgreiða fjárlögin, áður en teknar hefðu verið endanlegar ákvarðanir um aðstoð við útflutningsframleiðsluna, þótt ljóst væri, að úrslit þess máls kynnu að hafa veruleg áhrif á fjárhag ríkissjóðs. Nú var engin tilraun gerð til þess að afgr. fjárlögin einu sinni til 3. umr. fyrir áramót, hvað þá að ljúka afgreiðslu þeirra, enda þótt hið mikla skattafrumvarp ríkisstj., sem á í senn að tryggja rekstur útvegsins og afla ríkissjóði tekna til þess að standa undir greiðsluhalla á væntanlegum fjárlögum ársins 1957, væri afgr. frá Alþ. fyrir jól.

Þegar þessi staðreynd er höfð í huga, verða vinnubrögðin við afgreiðslu fjárlaga og áhugaleysi fjmrh. á því sviði vægast sagt furðulegt. Fyrir jól eru lagðir á stórkostlegir nýir skattar, sem ríkissjóði mun ætlað að fá um 100 millj. kr. af í sinn hlut til þess að mæta greiðsluhalla, sem enginn veit þá hver verður. Hefði þó óneitanlega verið hægt að komast nærri hinu rétta um þá þörf, ef fjárlagafrv. hefði verið fyrir þann tíma afgr. til 3. umr. a. m. k. En í þess stað er engin athugun gerð á útgjaldaþörfinni, engin aðfinnsla kemur frá fjmrh. í þetta sinn, þótt nú hefði vissulega verið auðið að afgr. fjárlögin fyrir áramót. Og afgreiðslan er ekki aðeins dregin til janúarloka, heldur svo nærri lokum febrúarmánaðar, að það verður að hafa sig allan við, ef auðið á að verða að afgr. fjárlögin það snemma, að fjmrh. þurfi ekki að fá nýja heimild fyrir bráðabirgðafjárgreiðslum úr ríkissjóði.

En nú kemur að öðrum þætti þessa máls, sem er jafnvel enn kynlegri. Fyrir jól taldi fjmrh. sig vita, að hann þyrfti að heimta af þjóðinni 80—100 millj. kr. í nýjum sköttum til þarfa ríkissjóðs, en nú, þegar hálfur annar mánuður er liðinn á fjárlagaárið 1957, er þess enginn kostur að fá um það upplýsingar, hverjar tekjuhorfur ríkissjóðs séu á þessu ári. Höfum við í minni hl. n. hvað eftir annað óskað upplýsinga um tekjuáætlun í n., en formaður jafnan tjáð okkur,

að fjmrh. væri ekki enn reiðubúinn með þær upplýsingar. Er þessi tregða fjmrh. að gefa upplýsingar um tekjuhorfur ríkissjóðs óskiljanleg. Hvernig í ósköpunum hefur hann undanfarin ár getað gert slíka áætlun í desembermánuði árið áður? Í fyrra lágu upplýsingar um tekjur ársins 1955 fyrir n., þegar hún afgreiddi frv. endanlega frá sér síðari hluta janúarmánaðar. Nú er hins vegar ekki hægt að fá slíkar upplýsingar um miðjan febrúar, þótt fjmrh. teldi sig vita í desember, að hann þyrfti að fá í kassa sinn á þessu ári 80—100 millj. kr. til viðbótar við alla gömlu skattana. Voru þær þá e. t. v. lagðar á þjóðina út í bláinn, til þess að ríkisstj. hefði nóg úr að spila?

Ég hef haft náið samstarf við hæstv. fjmrh. um margra ára skeið, og ég verð að segja, að þessi vinnubrögð hans koma mér mjög á óvart. Virðist sem honum sé æðimikið brugðið á þessu sviði eins og öðrum, og hefði ég þó sízt haldið, að hann léti hina nýju bandamenn sína glepja sig í afgreiðslu fjárlaga. En það er tilgangslaust að reyna að halda því fram, að fjmrh. viti ekki nú gerla um tekjur ríkissjóðs s. l. ár, og verð ég að telja það mjög miður farið, að slíkum upplýsingum skuli haldið leyndum fyrir stjórnarandstöðunni, svo að við höfum orðið að taka afstöðu til afgreiðslu mála við þessa umr. án þess að vita nema mjög óljóst um tekjuhorfur á þessu ári.

Það kórónar svo allt saman, þegar fjmrh. lætur blað sitt í gær varpa hnútum að okkur sjálfstæðismönnum í fjvn. fyrir að flytja till. til útgjaldaauka án þess að benda á tekjur á móti. Stjórnarliðið í n. hefur þó leyft sér að bera fram útgjaldatillögur, sem leiða af sér 70 millj. kr. greiðsluhalla á fjárlagafrv. við þessa umr., en okkar sérstöku till. nema rúmum 7 millj. kr. Þegar slík hógværð af okkar hendi er talin vítavert ábyrgðarleysi, þá tekur skörin að færast upp í bekkinn.

Hv. frsm. meiri hl. n. hefur skýrt frá sérstöðu okkar í sambandi við till. þær, sem fluttar eru í nafni allrar n. á þskj. 252. Þótt við stöndum að flutningi þeirra till. ásamt meiri hl., höfum við óbundnar hendur um afstöðu til einstakra till. og flytjum auk þess sjálfstæðar brtt., sem ég vík að síðar.

Stjórnarliðið í n. hefur að sjálfsögðu ráðið stefnunni í samráði við fjmrh., svo sem venja hefur verið. Samstarf í n. hefur annars verið gott. En við málefnaafgreiðslu í n. hefur það valdið okkur í minni hl. verulegum óþægindum, að sá háttur var á hafður að ganga ekki til atkvæða um nein erindi, að undanteknum till. um fjárveitingar til hafna, brúa, vega og skóla, fyrr en degi áður en afhenda átti till. til prentunar. Þar sem við fram til þess tíma höfðum enga hugmynd um afstöðu meiri hl. til einstakra fjárbeiðna, er fyrir n. lágu, höfðum við lítið svigrúm til að undirbúa brtt. Þessar till. meiri hl. voru svo bornar undir atkvæði, strax og þær voru lagðar fram, og treystum við okkur því ekki við þá atkvgr. til að taka afstöðu til margra till., þótt við eftir nánari athugun yrðum sammála um að styðja till. allar með þeim fyrirvara, er ég hef áður skýrt frá.

Um einstök atriði í starfi n. vil ég taka þetta fram varðandi viðhorf okkar fulltrúa Sjálfstfl. í n.:

Er hæstv. fjmrh. lagði fjárlagafrv. sitt fyrir Alþ. í þingbyrjun í haust, vakti ég sérstaka athygli á því, að frv. þetta er 135 millj. kr. hærra en fjárlagafrv. ríkisstj. árið áður, en engu að síður höfðu fjárveitingar til ýmissa verklegra framkvæmda verið skornar niður um rúmlega 8 millj. kr. í þessu fyrsta fjárlagafrv. vinstri stjórnarinnar. Sagði ég þá, að við sjálfstæðismenn mundum leggja megináherzlu á að fá þetta lagfært.

Þegar mál þessi komu til umr. í n., lögðum við fulltrúar Sjálfstfl. til, að allar fjárveitingar til verklegra framkvæmda, svo sem vega, brúa, hafna, skóla o. s. frv., yrðu hækkaðar um 20% frá fjárlögum síðasta árs. Var þó ljóst, að með þessari hækkun yrði útkoman naumast betri en það, að hægt yrði að halda í horfinu með framkvæmdir á árinu 1957. Til samanburðar má geta þess, að hliðstæðar fjárveitingar voru hækkaðar um 25% í fjárl. síðasta árs, svo að þessi till. okkar sýndi fyllstu varfærni. Síðari upplýsingar um fyrirsjáanlegar verðhækkanir benda meira að segja til þess, að hækkunin þurfi að vera töluvert meiri, en meðan ekki er betur vitað um tekjuhorfur, höfum við viljað halda okkur við þessa till. okkar, nema þar sem eru alveg sérstakar ástæður til frekari hækkunar fyrir hendi.

Þessi till. okkar var felld af stjórnarliðinu í n. Engu að síður hefur það áunnizt við endanlega afgreiðslu í n. fyrir þessa umr., að framlög til brúa, hafna og skóla, að undanteknum fjárveitingum til greiðslu vangoldinna eldri skulda, hafa verið hækkuð um svipaða upphæð og við lögðum til.

Hins vegar hefur ekki náðst samkomulag við stjórnarliðið um samsvarandi hækkun á nýbyggingarfé vega, og flytjum við því till. um að hækka þau framlög hliðstætt framlögum til annarra verklegra framkvæmda. Er þó raunar þörf á mun meiri hækkun, þegar þess er gætt, hversu margir nýir vegir voru teknir í þjóðvegatölu við síðustu opnun vegalaga. Hefur enn ekki verið talið fært að auka nýbyggingarfé til þess að mæta þeirri viðbótarþörf.

Flugvellirnir voru einu samgöngubæturnar, sem fundu náð fyrir augum hæstv. fjmrh. við samningu fjárlagafrv. Ber að þakka það, að lítillega er reynt að bæta úr þeirri brýnu framkvæmdaþörf, sem er á því sviði. Hefur n. síðan lagt til að hækka þennan lið nokkru meir. Í fyrra var að tilhlutan fjvn. samþ. till. um að gera framkvæmdaáætlun um brýnustu framkvæmdir í flugmálum næstu árin. Flugið er að verða æ stærri liður í samgöngukerfi þjóðarinnar, en framlög ríkisins til flugmála, til flugvallagerðar og nauðsynlegra mannvirkja og öryggistækja eru enn alls ófullnægjandi.

Margar af brtt. n. eru um hækkun fjárveitinga til ýmissa ríkisstofnana, bæði vegna fjölgunar starfsmanna og af öðrum sökum. Þær hækkanir eru yfirleitt gerðar eftir tillögum fjmrn.

Eftir að samþ. höfðu verið hinir stórauknu tollar og skattar fyrir áramótin, varð ljóst, að sérstakar hækkanir mundi verða að gera á mörgum útgjaldaliðum ríkissjóðs þeirra vegna. Athug-

un hefur verið gerð á þessum hækkunum af hinum ýmsu ríkisstofnunum, og þótt mörg atriði séu enn óljós, mun naumast ofmælt að gera ráð fyrir útgjaldaauka, sem nemi um 25 millj. kr., af þessum sökum. Má t. d. nefna, að útgjöld símans munu vegna nýju tollanna á þessu ári hækka um 6 millj. kr., kostnaður við utanríkismál hækkar um 1.5 millj., kostnaður við áætlaðar framkvæmdir í raforkumálum á þessu ári hækkar um 7 millj. og jafnvel um 6 millj. kr. í viðbót, ef yfirfærslugjald fellur á þessu ári á erlend lán rafmagnsveitna ríkisins. Kostnaður ríkisspítalanna hækkar um 1 millj., kostnaður við Skipaútgerð ríkisins um sennilega 1.5 millj., kostnaður við brúargerðir hækkar um 1.5 millj. og margir aðrir liðir um minni fjárhæðir.

Forstjóri Skipaútgerðarinnar telur hina nýju skatta og tolla valda því fyrirtæki þungum búsifjum og bendir m. a. á það, að skatturinn á farseðla rýri mjög aðstöðu Skipaútgerðarinnar í þeim utanlandssiglingum, sem hún hefur haldið uppi.

Þá er annar þátturinn í hinum margumtöluðu þjargráðum ríkisstj. sá, að hækka verður framlög til að halda niðri vöruverði um 24 millj. kr., þannig að áætlað er, að niðurgreiðslur nemi alls á þessu ári 83.5 millj. kr., ef öll kurl eru þá enn til grafar komin. Þegar þjóðinni er sagt, að ríkisstj. hafi nú fundið frambúðarlausn á efnahagsvandamálum þjóðarinnar, þá virðist ríkisstj. hafa gleymt þeim aðvörunarorðum blaðs fjmrh. 8. júní s. l., að niðurgreiðsluleiðin sé engin frambúðarlausn, heldur hættuleg svikaleið, sem brátt hefni sín, ef hún sé framkvæmd í stórum stíl. Það sýnist því næsta vafasöm frambúðarlausn, ef ganga á nú lengra eftir þessari „svikaleið" Tímans en nokkru sinni hefur áður verið gert. Eða er ef til vill ekkert að marka, hvað Tíminn segir?

Talið er óumflýjanlegt að hækka framlag ríkissjóðs til Skipaútgerðar ríkisins um 4 millj. kr. á þessu ári, og er þá kostnaður ríkissjóðs við þessa útgerð orðinn 15.5 millj. kr. Ekki skal á neinn hátt gert lítið úr þeirri mikilvægu þjónustu, sem þetta fyrirtæki veitir. En þessi útgerð er að verða svo þungur baggi, að nauðsynlegt er að kanna til hlítar, hvort eigi sé hægt að veita þessa þjónustu á hagkvæmari og kostnaðarminni hátt. Sérstök milliþn. vinnur nú að till. um heildarskipulag samgangna innanlands eftir till. frá fjvn. í fyrra og því ekki tímabært að taka þetta mál til nánari athugunar, fyrr en það álit liggur fyrir.

Þótt við í minni hl. n. séum ekki ánægðir með ýmis atriði í skiptingu n. á fé til verklegra framkvæmda, teljum við ekki ástæðu til að bera fram sérstakar brtt. um þau atriði. Við höfum lagt áherzlu á að hafa áhrif á heildarfjárveitingar til hækkunar, en teljum eðlilegast, að einstakir þm. flytji brtt. um þau atriði, sem þá varða og þeir eru ekki ásáttir með.

Frsm. meiri hl. n. hefur skýrt þær till., sem n. flytur sameiginlega. Tel ég því ástæðulaust að rekja einstaka liði í þeim till.

Ég verð að finna að því, að í sumum tilfellum hefur fjmrh. haft þann hátt á að senda n. til flutnings till. um milljónaútgjöld án þess að láta nokkra greinargerð fylgja, og þótt við höfum gert fyrirspurnir og beðið um upplýsingar, þá hafa þær upplýsingar ekki fengizt. Skal ég þar nefna t. d. till. um að hækka niðurgreiðslur um 24 millj., hækka áætlað framlag til atvinnuleysistrygginga um 2 millj., áætlað framlag til greiðslu ábyrgðarlána um 2 millj., taka upp fjárveitingu til orlofsheimilis verkalýðssamtakanna, 1 millj. kr., og hækka ábyrgðarheimild vegna frystihúsa um 30 millj. kr.

Ég er með þessum aðfinnslum ekki að draga í efa nauðsyn þessara till., svo sem atvikum er háttað, en það er óviðunandi, að stjórnarandstaðan í n. skuli ekki fá fullnægjandi upplýsingar um svo veigamikla útgjaldaliði. Og þótt munnlega sé um málið rætt við meiri hl. n., þá er það nánast óvirðing við n. að senda henni ekki formlega grg. um svo stórvæg mál, sem ætlazt er til að hún taki upp sem sínar tillögur.

Um fjárveitinguna til orlofsheimilis verkalýðssamtakanna verð ég að segja það, að það mál er meðhöndlað á nokkuð óvenjulegan hátt. N. var ekkert erindi sent um málið og engin grein gerð fyrir því, hvers konar fyrirtæki væri hér um að ræða. Engin svör fengust við fyrirspurnum okkar í minni hl. n. um þessa fyrirhuguðu byggingu, en þó skildist okkur, að enn hefði engin áætlun verið gerð um stærð, staðsetningu og gerð þessa heimilis og engin kostnaðaráætlun þar af leiðandi heldur verið gerð. Eru hér óneitanlega gerðar minni kröfur um rökstuðning fyrir fjárveitingu en gerðar eru til sveitarstjórna og annarra aðila í sambandi við fjárbeiðnir til skólabygginga, hafnargerða og annarra framkvæmda, sem verða ekki aðeins að sjálfsögðu að senda umsókn um fjárveitingu, sem virðist vera lágmarkskrafa, heldur einnig leggja fram kostnaðaráætlun og teikningar, þar sem það á við.

Lagt var til í n., að breytt yrði í óafturkræf framlög nokkrum fleiri lánum ríkissjóðs til stofnlánadeilda landbúnaðarins en gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. Má í því sambandi benda á, að við fjárlagaumr. í fyrra kom fram sú skoðun sjálfstæðismanna, að lán af greiðsluafgangi 1955 hefðu átt að vera þá þegar óafturkræf framlög. N. varð sammála um að mæla með því, að lánum þessum yrði breytt, enda gegna þessir sjóðir svo og aðrir þeir sjóðir, sem lagt er til í fjárlagafrv. að veita hliðstæða aðstoð, svo mikilvægu hlutverki í þjóðfélaginu, að fé það, sem til þeirra hefur verið lagt sem lánsfé af greiðsluafgangi ríkissjóðs, er ekki annars staðar betur komið, enda eru sjóðir þessir allir mjög fjárþurfa.

Í sambandi við till. n. um að hækka ábyrgðarheimild ríkissjóðs vegna hraðfrystihúsa, mjólkurbúa og fiskimjölsverksmiðja upp í 50 millj. kr. töldum við rétt að hækka einnig hámark ábyrgðarheimildarinnar fyrir hvert fyrirtæki úr 60 í 85%. Hefur reynslan staðfest það, að þessum fyrirtækjum er algerlega um megn að afla þeirra 40% af kostnaðarverðinu, sem eru umfram ríkisábyrgðina, enda mun Framkvæmdabankinn hafa bundið lánshámark sitt við ábyrgðarheimildina. Samkomulag varð ekki um að gera þessa breytingu á þessu stigi málsins a. m. k., en þess er þó að vænta, að sú nauðsynlega hækkun verði gerð á ábyrgðarheimildinni fyrir lokaafgreiðslu málsins.

Þá höfum við lagt fram í n. till. um að heimila ríkisstj. að taka allt að 10 millj. kr. lán til þess að greiða vangoldin framlög ríkissjóðs til hafnargerða víðs vegar um landið. Er hér um mikið nauðsynjamál að ræða. Á s. l. ári var 1.2 millj. af greiðsluafgangi varið í þessu skyni. Nú á þessu ári eru fyrirhugaðar hafnarframkvæmdir flestar mjög knýjandi, sem áætlað er að kosta muni nálægt 60 millj. kr. Hrökkva fjárveitingar skammt til að mæta lögboðnum hluta ríkissjóðs af þeim kostnaði og því erfiðara er fyrir hafnirnar að eiga inni vangoldin framlög ríkissjóðs frá fyrri tímum. Er raunar mikil nauðsyn að taka hafnarmálin til allsherjar athugunar, einkum ákvæðin um skiptingu kostnaðarins, og þar sem svo að segja ógerlegt er nú að fá lán, þá þyrfti ríkissjóður raunverulega að taka sérstakt lán til aðkallandi hafnarframkvæmda. En á þessu stigi málsins höfum við takmarkað okkur við skuldirnar, enda liggur fyrst og fremst fyrir að greiða þær. Þessi tillaga er enn til athugunar í nefndinni.

Svo sem hv. frsm. meiri hl. n. tók fram, eru enn allmörg mál óafgreidd hjá n. Bíður þannig til 3. umr. að gera till. um framlög til sjúkrahúsa, raforkuframkvæmda og atvinnuaukningar. Eðlilegt hefði verið að hækka verulega fjárveitingu til malbikaðra vega í kaupstöðum og kauptúnum og einnig að leggja nokkurt fé til félagsheimilasjóðs til þess að leysa brýna fjárþörf hans, en þar sem sérstök frv. liggja fyrir þinginu um fjáröflun í þessu skyni, höfum við ekki gert um þetta till. á þessu stigi málsins.

N. hefur ekki enn tekið ákvörðun um, hvort hún leggur til, að ríkissjóður taki á sig að greiða lán þau, sem veitt voru útvegsmönnum með ríkisábyrgð vegna þurrafúa í skipum þeirra. Miðað við afkomu útgerðarinnar er raunar ljóst, að útvegsmönnum verður um megn að greiða þessi lán.

Þá kem ég að þeim till., sem við í minni hl. n. berum fram á sérstökum þskj., og skal ég taka það fram, að tveimur þessara till. mun ekki enn hafa verið útbýtt.

Í fyrsta lagi leggjum við til að hækka fjárveitingu til nýrra akvega um rúmar 2.3 millj. kr., en það er um 15% hækkun frá till. n. á þskj. 252. Skiptum við þessari hækkun hlutfallslega jafnt á alla vegi, miðað við till. n. á þskj. 252. Töldum við það eðlilegast, þar eð þm. hafa haft aðstöðu til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri í sambandi við þá skiptingu. Þá leggjum við til, að fjárveiting til endurbyggingar þjóðvega hækki um 160 þús. kr., fjárveiting til endurbyggingar gamalla brúa hækki um 300 þús. kr. og verði nú ekki aðeins bundin við stórbrýr og að fjárveiting til fjallvega hækki um 160 þús. kr., sem er samsvarandi hækkun og við höfum lagt til varðandi aðrar verklegar framkvæmdir.

Í öðru lagi leggjum við til, að hækkaður verði um helming styrkur til St. Jósefsspítalanna í Reykjavík og Hafnarfirði, eða úr 5 kr. í 10 kr. á legudag. Sjúkrahús þessi hafa mjög mikilvægu hlutverki að gegna, og eins og sakir standa a. m. k. er ógerlegt að komast af án þeirra. Ef ríki og bær ættu að reka þessi sjúkrahús, yrði það margfalt dýrara en hér er lagt til að veita til þessara sjúkrahúsa. Teljum við ekki sæmandi að neita beiðni um sanngjarna aðstoð frá aðilum, sem svo þjóðnýtt hlutverk leysa af hendi.

Í þriðja lagi leggjum við til, að fjárveiting til að greiða vangoldin framlög vegna skólabygginga verði hækkuð um 800 þús. kr. Þegar lögin um fjármál skóla voru sett árið 1955, höfðu safnazt saman háar fjárhæðir í vangoldnum framlögum ríkissjóðs til skólabygginga. Með lögum þessum var ákveðið, að frá þeim tíma skyldi komið fastara skipulagi á þessi mál, en gert var ráð fyrir að greiða áfallnar skuldir á 5 árum. Nú standa hins vegar svo sakir, að eftir er að greiða sveitarfélögunum rúmar 11 millj. kr., og til þess að auðið verði að greiða þessar eftirstöðvar á 4 árum, þarf fjárveitingin að vera 2.8 millj. á ári. Er samt ekki hægt að fylgja hinni upphaflegu áætlun, því að 2 ár eru þegar liðin, svo að greiðslutíminn verður 6 ár, en óviðunandi er með öllu að draga lengur að greiða sveitarfélögunum þessi framlög, því að fæst þeirra mega við því að fá þessi framlög ekki greidd árum saman.

Í fjórða lagi leggjum við til að hækka framlag til lánasjóðs stúdenta um 100 þús. kr. Vegna mikillar fjölgunar stúdenta og aukins námskostnaðar hefur sjóðurinn ekki enn bolmagn til að fullnægja lánaþörfinni. Sjóðsstjórnin hefur sótt um 150 þús. kr. hækkun, og teljum við sanngjarnt að koma nokkuð til móts við þær óskir.

Í fimmta lagi leggjum við til, að framlag til íþróttasjóðs verði 2 millj. kr., eða hækki um 800 þús. Íþróttasjóði er ætlað að styrkja byggingu íþróttamannvirkja og efla íþróttalífið í landinu með ýmsu móti. Framkvæmdir á þessu sviði hafa hins vegar verið svo miklar undanfarin ár, að íþróttasjóður hefur ekki nema að mjög takmörkuðu leyti getað veitt þá styrki, sem til er ætlazt. Framlag ríkissjóðs var nokkru hærra í fyrra, en sjóðurinn er enn í mikilli fjárþröng. Hefur þessi fjárskortur sjóðsins valdið miklum vandræðum víða um land, því að treyst hefur verið á aðstoð sjóðsins. Þá bætist það einnig við, að Reykjavíkurbær hefur varið miklu fé til að koma upp hinum mikla íþróttavangi í Laugardalnum, sem er mikið áhugamál íþróttasamtakanna, því að tilfinnanlega vantar hér leikvang fyrir millilandaleiki og stór íþróttamót. Hefur íþróttasjóð skort fé til að veita styrk til þessa mikla mannvirkis nema að litlu leyti. Er ætlunin að taka leikvang þennan í notkun í sumar, en til þess þarf enn mikil fjárframlög. Minni hl. n. hefur ekki enn talið fært að taka upp sérstaka fjárveitingu til íþróttaleikvangs þessa, þar sem skórinn kreppir víða að í þessu efni, en telur eðlilegast að hækka verulega fjárveitingu til íþróttasjóðs, og yrði því fé þá aftur ráðstafað eftir því, sem stjórn sjóðsins teldi sanngjarnast.

Í sjötta lagi er lagt til að veita 2 millj. kr. til smíði nýs varðskips. Með þál. frá síðasta Alþingi var ákveðið að hefja undirbúning að smíði nýs varðskips. Efling landhelgisgæzlunnar er þjóðarnauðsyn, og það er skoðun okkar, að byrja eigi nú þegar að leggja til hliðar fé til smíði skipsins, enda hefur dómsmrh. óskað eftir fjárveitingu í því skyni.

Í sjöunda lagi leggjum við til að hækka um 150 þús. kr. fjárveitingu til sjúkraflugvalla. Flug-

vellir þessir skapa aukið öryggi fyrir strjálbýlið, og þarf að koma þeim upp sem víðast.

Í áttunda lagi leggjum við til að hækka framlag ríkissjóðs til iðnlánasjóðs úr 450 þús. kr. í 1 millj. kr. Ríkið leggur nú árlega allmikið fé til stofnlánadeilda landbúnaðar og sjávarútvegs, en fjárráð iðnlánasjóðs eru enn allt of lítil, til þess að hann geti verið fullnægjandi stofnlánasjóður fyrir iðnaðinn. Fyrir þinginu liggja nú tvö frv. um eflingu iðnlánasjóðs, en þau verða sýnilega ekki afgreidd fyrir lokasamþykkt fjárlaga og því vafasamt, að þau geti tryggt sjóðnum mikið starfsfé á þessu ári, þótt að lögum yrðu. Teljum við því nauðsynlegt að veita sjóðnum nú þegar einhverja úrlausn og væntum þess, að till. þessi verði samþykkt, enda er hún í samræmi við ósk hæstv. iðnmrh. um fjárveitingu til sjóðsins á þessu ári. Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að ég veit ekki, hvort meiri hl. n. hefur endanlega tekið afstöðu til þessa máls í n. Það liggur þar fyrir erindi ráðh., en það hefur ekki verið sérstaklega borið þar upp til afgreiðslu.

Í níunda lagi leggjum við til, að fjárhæð sú, sem meiri hl. n. hefur lagt til að verja til Norðurárdalsbrúar í Skagafirði, verði í þess stað lögð til brúar á Hjaltadalsá í sama héraði. Er þetta eina brtt. okkar um skiptingu fjár til verklegra framkvæmda. Ástæða þessarar till. er sú, að nægilegt fé er þegar lagt til hliðar til að byggja brúna á Norðurá á þeim stað, þar sem eðlilegast er að byggja hana og bæði núverandi og fyrrverandi vegamálastjóri og yfirverkfræðingur brúargerða hafa lagt til að hún væri staðsett. Teljum við ósæmandi með öllu að fara þannig með ríkisfé sem lagt er til í þessu sambandi af meiri hl. nefndarinnar.

Ég skal í þessu sambandi taka það fram, svo að það líti ekki út sem sérstök ásökun gegn meiri hl. n., að það mun hafa verið skoðun hennar, að þar sem ákvörðun hafi verið tekin um það, að þessi brú yrði byggð á þeim stað, sem miklum mun dýrara er að byggja hana, þá hafi þeir litið svo á, að það væri ekki verkefni n. að hafa nánar afskipti af því máli. Ég verð hins vegar að líta svo á, að það hljóti á hverjum tíma að vera verkefni fjvn. að koma í veg fyrir fjárveitingar, sem ekki geti talizt nauðsynlegar, hvaða ákvarðanir sem af öðrum aðilum hafa verið teknar í því efni.

Væntanlega fær n. til meðferðar fyrir 3. umr. till. n. þeirrar, sem endurskoðað hefur l. um nýbýli og stofnlánadeildir Búnaðarbankans. Eru því lánamál þessara sjóða ekki tekin til athugunar við þessa umr., enda er tekið fram í nál. meiri hl., að um það verði gerðar till. fyrir lokaafgreiðslu fjárl.

Till. minni hl. n. leiða af sér 7 millj. 392 þús. kr. útgjaldahækkun á fjárlagafrv. Er það aðeins tæpt 1% af væntanlegum heildarútgjöldum ríkissjóðs árið 1957, að samþykktum þeim till., sem n. stendur öll að. Munu þetta vera langsamlega lægstu útgjaldatill., sem minni hl. fjvn. hefur til þessa lagt fram, og stingur mjög í stúf við vinnubrögð minni hl. n. undanfarin ár. Hefði því fjmrh. fremur átt að láta blað sitt fara viðurkenningarorðum um þessa mjög svo ábyrgu afstöðu okkar í n. heldur en að saka okkur um ábyrgðarleysi, þótt það þyki kannske vafasamur heiður að fá hrós frá því ágæta blaði.

Vafalaust hafa ýmsir búizt við mikilli stefnubreytingu á afgreiðslu fjárl. við tilkomu nýrra ráðamanna, sem mjög höfðu talað hávært um nauðsyn þess að gerbreyta um stefnu í fjármálum ríkisins sem á öðrum sviðum þjóðlífsins. Til þess að auðvelda þessa umbyltingu í fjármálastjórninni var kommúnistum fengin í hendur formennska n. í stað sjálfstæðismanns áður. Mæli ég þetta ekki að neinu leyti til lasts um okkar ágæta formann, sem að öllu leyti hefur staðið vel í sinni stöðu, en aðeins til þess að sýna, að þarna var fullkominn vilji fyrir hendi til þess að gefa tækifæri til þeirra róttæku breytinga, sem talað hafði verið um. Nýsköpun fjármálakerfisins hlaut því að vera á næsta leiti. Að vísu var fjárlagafrv. lagt fyrir þingið í svipuðu formi og áður, að því viðbættu, að útgjöld voru nú miklu hærri en nokkru sinni fyrr og öll gömlu skattafrv., sem framlengd hafa verið frá ári til árs, og einnig viðbótarskattar til ríkissjóðs frá síðasta þingi voru lögð fram í þingbyrjun. En allt var þetta gert með þeim fyrirvara, að hin varanlegu úrræði í efnahagsmálunum mundu væntanlega leiða til annarrar niðurstöðu.

Hinn nýi formaður fjvn. talaði af mikilli varfærni um þá stefnu, sem fylgt yrði við afgreiðslu fjárl., er hann talaði við 1. umr. fjárlagafrv. Hins vegar liggja fyrir mjög greinargóðar upplýsingar um það, hvernig núv. samstarfsflokkar hæstv. fjmrh. hafa litið á þá fjármálastefnu, sem hann hefur talið eina ljósa blettinn í efnahagskerfinu hingað til. Þessar upplýsingar er að finna í nál. minni hl. fjvn. við 2. umr. fjárl. fyrir árið 1956, en þeir hv. þm., sem þá skipuðu minni hl. n., eru nú báðir orðnir ráðh. og hafa því sérstaklega góða aðstöðu til þess að hafa áhrif á afgreiðslu fjárl. Í nál. þeirra Hannibals Valdimarssonar og Lúðvíks Jósefssonar segir m. a.:

„Þó að leitað sé með logandi ljósi, eru engar till. í sparnaðarátt finnanlegar í till. meiri hl. n. Með afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1956 verður því haldið trúlega áfram, aðeins með auknum hraða, á þeirri braut, sem mörkuð var með gengislækkuninni og farin hefur verið óslitið síðan. Vörðurnar við þann veg eru, eins og allir þekkja, bátagjaldeyrir, togaragjaldeyrir, vaxandi niðurgreiðslur, sístækkandi embættisbákn, aukinn milliliðagróði, ölmusustyrkir til atvinnulífsins, skattpíning einstaklinga, dýrtíðarflóð og margföldun ríkisútgjalda."

Og enn segir í nál. þeirra félaga:

„Við undirritaðir getum ekki fallizt á, að fjárl. verði enn sem fyrr afgreidd í samræmi við þessa óheillastefnu, sem jafnvel sterkustu stuðningsmenn stjórnarinnar viðurkenna fyrir þjóðinni að sé að þrotum komin."

Þótt ekki væri hægt að búast við mikilli stefnubreytingu hjá hæstv. fjmrh., sem jafnan hefur verið mjög ánægður með fjármálastjórn sína, mátti gera ráð fyrir, að þessir áhrifaríku samherjar hans mundu ekki vilja una því, að áfram væri fylgt óheillastefnu, sem þeir töldu vera að þrotum komna á s. l. ári og getur þá varla verið á marga fiska nú.

Nú hafa þessir skeleggu ádeilumenn á fjár-

málastjórn fyrri ára fengið sitt mikla tækifæri til þess að koma umbótatill. sínum á framfæri í ráðherranafni, og eftir að stjórnarliðið í fjvn. hefur nú farið höndum um fjárl. undir forustu flokksbróður nýsköpunarmannanna frá s. l. ári, tala staðreyndirnar sínu skýra máli. Skattpíning einstaklinga er nú meiri en nokkru sinni áður. Allir gömlu skattarnir hafa verið framlengdir, einnig skattarnir frá síðasta þingi og söluskatturinn, sem kommúnistar og raunar einnig Alþýðuflokksmenn hafa ekki átt nógu stór orð til að fordæma. Að auki var svo 250—300 millj. kr. bætt við skattabyrðina nú um síðustu áramót. Niðurgreiðslur eru nú hækkaðar um 26.5 millj. kr. og eru nú áætlaðar samtals 83.5 millj., eða hærri en nokkru sinni áður. Er þá ekki meðtalin niðurgreiðsla á olíuverði, sem mun nema milli 10 og 20 millj. kr. Embættisbáknið heldur áfram að stækka og kostnaður við það meira nú en nokkru sinni fyrr. Nýjar n. eru skipaðar svo að segja vikulega, og eitt aðaláhugamál stjórnarflokkanna er að koma gæðingum sínum í launaðar stöður hjá ríkinu. Öll vitum við, hvernig fór með ölmusustyrkina til atvinnulífsins, og fjárl. sjálf bera merki um baráttuna gegn dýrtíðinni í allt að 50 millj. kr. hækkun beinlínis vegna þjargráða ríkisstj. Og svo er loks baráttan gegn margföldun ríkisútgjalda, sem mun sennilega ljúka með þeim glæsilega árangri, að útgjöld ríkissjóðs verða yfir 800 millj. kr. í fyrstu fjárl. vinstri stjórnarinnar, eða 140—150 millj. kr. hærri en síðustu fjárl. fyrrverandi ríkisstj., sem átti að vera að koma öllu í þrot.

Hér er því sannarlega frækilegur sigur unninn. En þó er eftir sparnaðarþátturinn. Það þarf sennilega ekki skært ljós til að finna sparnaðartill. Í nál. hinna tveggja núverandi hæstv. ráðh. var kvartað yfir því, að sparnaðartill. þeirra á undanförnum árum hefðu allar verið felldar og því teldu þeir tilgangslaust að flytja slíkar till. Þó gerðu þeir heiðarlega tilraun með að leggja til að lækka fjárveitingu til samninga við önnur ríki og þátttöku í alþjóðaráðstefnum. Þær voru auðvitað felldar af hinu vonda stjórnarliði. En nú er hið gullna tækifæri komið. Nú er ekki lengur hætta á, að sparnaðartill. verði felldar fyrir þessum ágætu mönnum, því að naumast hefur fjmrh. á móti því að spara. En hvað gerist? Ekki ein einasta sparnaðartill., hversu sterkt ljós sem er notað við leitina, og fjárveitingin til alþjóðaráðstefna stendur ekki aðeins í stað, heldur er hún hækkuð mjög verulega, sennilega til þess að hægt sé að koma hinum nýju stjórnarherrum á sem flestar ráðstefnur, og enginn talar nú um að leggja niður sendiráð, þótt nú sé tækifæri til þess.

Niðurstaðan af tilkomu hinna nýju stjórnarherra er því sú, að áfram er haldið með enn meiri hraða en áður eftir þeirri stefnu, sem þeir í fyrra nefndu óheillastefnu, er væri að þrotum komin.

Stjórnarliðinu mun raunar vera ljóst, að þeim, sem lesið hafa og hlýtt á boðskap þess að undanförnu, þykir nokkuð skorta á nýju stefnuna, sem boðuð hafði verið. Er reynt að afsaka stjórnarliðið í nál. meiri hl. fjvn. með þeim ummælum, að maður, sem er að bjarga sér úr vagni, sem er á hraðri ferð, komist ekki hjá því að hlaupa fyrst í sömu átt og vagninn til þess að missa ekki fótanna. Öllu vandræðalegri afsökun er naumast hægt að bera fyrir sig og um leið varla hægt að lýsa skýrar vantrausti á vagnstjóranum, hæstv. fjmrh., eða ætlar hann kannske að stökkva af vagninum líka? Að öðru leyti getur svo þessi setning verið vel viðeigandi einkenni fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar. Það er svo aftur á móti látið óskýrt hjá meiri hl., af hverju þarf að hlaupa hraðar en vagninn stefndi. Eigi mun síður reynast torvelt að gera grein fyrir því, hvernig efnahagsráðstafanir ríkisstj. geta stuðlað að lækningu verðbólgunnar.

Að öðru leyti mun ég ekki í þessari ræðu minni ræða nánar nál. meiri hl., sem var útþýtt hér í fundarbyrjun, en það gefst ef til vill tækifæri til þess síðar.

Til þess að fjmrh. þyrfti ekki að sýna þjóðinni allt of mikla hækkun á fjárl., hefur hann að undanförnu neitað að taka inn í fjárl. aðstoðina við útflutningsframleiðsluna og skatta, sem á eru lagðir í því skyni. Verður þetta þó nú enn óeðlilegra en áður, því að nú eru tekjur til að standa straum af þessum útgjöldum allar teknar með sköttum og tollum, sem innheimtar eru jafnhliða sköttum og tollum til ríkissjóðs. Ríkið ákveður þessa fjárheimtu með löggjöf og annast ráðstöfun fjárins og því jafneðlilegt, að þessar tekjur og útgjöld séu tekin í fjárl., eins og margt annað, sem þar er.

Hin nýja stefna vinstri stjórnarinnar virðist fyrst og fremst í því fólgin, að þjóðin er nú skattlögð meir en nokkru sinni fyrr. Samkvæmt þeim lögum, sem þegar hafa verið sett um tekjuöflun, og horfum varðandi afgreiðslu fjárlaga má gera ráð fyrir, að þjóðin verði á þessu ári að greiða 1200—1300 millj. í sköttum og tollum til ríkisins. Má vissulega taka undir þau ummæli, að svo gegndarlaus skattlagning sé að þrotum komin.

Þar sem öll þessi mikla skattheimta er þegar bundin í lögum, liggur í rauninni ekki annað fyrir við afgreiðslu fjárlaga en að reyna að gera sér grein fyrir raunverulegum tekjum ríkissjóðs samkvæmt þessum lögum á yfirstandandi ári og reyna að hafa áhrif á það, að þessu mikla fé sé varið á sem skynsamlegastan hátt. Stefnan hefur þegar verið mörkuð af ríkisstj., og með fjárlagaákvæðum verður skattheimtan ekki minnkuð.

Ýmsar athuganir hafa á undanförnum árum verið gerðar á leiðum til sparnaðar í ríkisrekstrinum, en niðurstaðan hefur jafnan orðið sú, að ekki gæti orðið um neinn verulegan sparnað að ræða nema með endurskipulagningu eða með samdrætti þeirrar þjónustu, sem ríkið veitir þjóðfélagsborgurunum á ýmsum sviðum. Hvort hægt er að koma rekstri einstakra ríkisstofnana fyrir á hagkvæmari hátt, er svo að segja ógerlegt fyrir fjvn. að gera sér grein fyrir. Það er fjmrh. og rikisstj., sem á hverjum tíma markar fjármálastefnuna, og eigi að breyta um stefnu, verður að breyta um þá forustu.

Sjálfstæðismenn hafa ætíð lagt áherzlu á það, að fjárl. væru afgreidd greiðsluhallalaust, og sú stefna flokksins hefur ekkert breytzt, þótt hann sé nú í stjórnarandstöðu. Við teljum, að fjárlög eigi að afgreiða eftir þeirri meginstefnu, að efld-

ar séu eftir megni verklegar, andlegar og félagslegar framfarir í landinu innan þess ramma, sem gjaldgeta borgaranna leyfir. Á árunum eftir 1950 var hægt að draga verulega úr skattaálögum, þótt auknu fé væri varið til þjóðnytjamála, vegna aukins jafnvægis í fjármálakerfi þjóðarinnar. Árið 1955 var blað brotið í þeirri þróunarsögu, eins og hæstv. fjmrh. hefur réttilega lýst, áður en hann komst í það samfélag, sem hann nú er í. Afleiðingin varð sú, að á s. l. ári varð að hverfa frá skattalækkunarstefnunni og leggja háa nýja skatta á þjóðina, og nú verður að ganga enn þá lengra á þeirri braut. Skattheimtan er nú tvímælalaust komin út fyrir þann ramma, sem gjaldgeta borgaranna leyfir, og mikil hætta á stöðnun ýmiss konar nauðsynlegra framkvæmda í þjóðfélaginu. Þeir menn hafa nú verið leiddir til æðstu valda við hlið hæstv. fjmrh., sem komu þessari óheillaskriðu nýrrar dýrtíðar og vandræða af stað. Vantraust þjóðarinnar á hæstv. núverandi ríkisstj. er svo mikið, að engar horfur eru á því, að henni takist að ná aftur því fjármálalega jafnvægi, sem var komið á fyrir 1955, enda verður ekki séð, að ríkisstj. hafi neina tilburði í þá átt. Það áhrifaríkasta, sem stj. gæti gert til úrbóta á þessu sviði sem mörgum öðrum, væri að leggja sem skjótast niður völd.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil leyfa mér að þakka hv. fjvn. fyrir samvinnuna um fjárl.frv., sem hefur verið ágæt. Ég vil taka það fram, að mér var það ljóst, þegar ég lagði þetta frv. fram, að það mundi þurfa að hækka í meðförunum, eins og ég vék að þá. Ég gerði mér það ljóst, að þótt lækkaðar væru nokkuð í frv. fjárveitingar til ýmissa verklegra framkvæmda, m. a. í samgöngumálum, eins og nánast venja hefur verið um mörg undanfarin ár að gera frá gildandi fjárlögum, þá mundi reynast nauðsynlegt að hækka þessar fjárveitingar aftur, þegar þingið fjallaði um málið, enda hefur sú orðið raunin á.

Ég vil leyfa mér að rifja upp snöggvast, hverjar eru helztu hækkanirnar samkv. tillögum meiri hl. fjvn., en þær eru þessar:

Til nýrra akvega 4 millj. 920 þús., til brúargerða 3 millj. 340 þús., til hafnarmannvirkja og lendingarbóta 3 millj. 535 þús. og til byggingar barnaskóla og gagnfræða- og héraðsskóla 4 millj. 220 þús.

Hækkun á þessum liðum samtals er 16 millj. og 15 þús. Ég vil einnig benda á það, að þetta jafngildir því, að fjárveitingar til þessara framkvæmda, sem ég nú hef talið, verða þá 7 millj. 751 þús. kr. hærri en á gildandi fjárlögum.

Þá eru nokkrar aðrar hækkanir, sem ég vil aðeins benda á, af því að það eru stærstu liðirnir umfram þessa, sem ég þegar hef greint. Það er ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla 437 þús., rekstrarkostnaður landhelgisgæzlu 1 millj. 400 þús., rekstrarkostnaður Skipaútgerðar 2 millj. og 300 þús., framlag til íþróttasjóðs 400 þús., fyrirhleðslur og sjóvarnargarðar 869 þús., framlag til atvinnuleysistrygginga 2 millj., framlag til orlofsheimilis verkalýðssamtakanna 1 millj., áætlaðar afborganir og vextir af lánum með ríkisábyrgð 2 millj., til landssmiðjunnar 900 þús., til flugvallagerðar 650 þús. og auknar niðurgreiðslur 24 millj., enn fremur útgjöld póstsjóðs 1 millj. 180 þús. og útgjöld landssímans 8 millj. 594 þús. En þegar þetta er allt lagt saman, sem ég nú hef talið, þ. e. a. s. stærstu hækkunartillögurnar dregnar nokkuð saman, þá nema þær samtals 61 millj. 95 þús. af 70 milljónum, sem heildarhækkanirnar eru. Með þessu móti ætla ég, að það sjáist, í hverju hækkanirnar eru fólgnar í höfuðdráttum. Allar aðrar tillögur hv. meiri hl. nema þá á milli 9 og 10 millj. kr.

Nú er sannast að segja, eins og hv. meiri hl. bendir á í sínu áliti, að þótt hér séu á ferðinni mjög verulegar hækkanir, þá hlýtur að vera von á frekari hækkunum við 3. umr., og er þar helzt að nefna aukið framlag til raforkumálasjóðs, sem vafalaust verður tekið upp við 3. umr. Þá hefur ríkisstj. ákveðið að beita sér á þessu Alþ. fyrir nýrri löggjöf um aukinn stuðning við ræktun á þeim býlum, sem skemmra eru á veg komin í ræktunarmálum, og aukinn stuðning við nýbýlamyndun og landnám, og hlýtur sú löggjöf að hafa talsverðan kostnað í för með sér, sem verður að gera ráð fyrir á þessu fjárlfrv. við 3. umr. Standa vonir til, að stjfrv. um þetta mál verði útbýtt næstu daga. Þá er, eins og hv. meiri hl. tekur fram, ráðgert að gera tillögur um aukningu á fjárveitingu til atvinnuaukningar til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Þegar þetta er haft í huga, þá er augljóst, að það verður að beita ýtrustu varfærni við undirbúning 3. umr. fjárlaganna, ef nokkur von á að vera um afgreiðslu greiðsluhallalausra fjárlaga, að óbreyttum tekjustofnum, og verður að hafa þetta mjög fast í huga við undirbúning að 3. umr. fjárlaganna. Vænti ég mér góðrar samvinnu við hv. meiri hl. fjvn. um það mál.

Ég vil þá víkja fáeinum orðum að afstöðu hv. minni hl., sérstaklega vegna þess, að mín er minnzt nokkuð í nál. minni hl. og sömuleiðis í framsögu hv. 2. þm. Eyf.

Hv. 2. þm. Eyf. sagði, að það hefði verið auðið að afgreiða fjárlögin núna fyrir áramót. Þetta er alveg misskilningur, sem hann hlýtur að sjá, ef hann íhugar málið nánar. Það var óhugsandi að afgreiða þessi fjárlög þá. Það sýna þessar miklu breytingar, sem verður að gera á þeim nú og ekki var hægt að gera fyrr en vitað var, hvaða ráðstafanir yrðu lögleiddar í efnahagsmálunum að öðru leyti. Um þetta held ég að sé tæpast hægt að deila.

Á hinn bóginn var það mín skoðun, að það hefði verið hægt að afgreiða fjárlögin í fyrra fyrir áramót, vegna þess að það var búið þá snemma þá að ákveða í raun og veru, hvað yrði gert í framleiðslumálunum, að það var hægt að sjá miklu fyrr þá en nú, hvaða áhrif þær ráðstafanir mundu hafa á afgreiðslu fjárlaganna.

Þá sagði hv. 2. þm. Eyf., og að því er líka vikið í nál., að það hafi verið haldið upplýsingum fyrir hv. minni hl. um afkomuhorfur ríkissjóðs. Um þetta segir svo orðrétt í nál. minni hl.:

„Jafnfurðulegt er það, að enn hefur fjmrh. ekki talið sig geta gefið fjvn. neinar upplýsingar um afkomu ríkissjóðs s. l. ár, þótt hálfur annar mánuður sé liðinn af þessu ári og slíkar upplýsingar hafi allar legið fyrir í janúar í fyrra. Ekki hefur n. heldur fengið upplýsingar um tekjuhorfur rík-

issjóðs vegna skatta þeirra og tolla, sem á voru lagðir fyrir jól.“

Svo mörg eru þau orð. Þetta stendur í áliti minni hl.

Nú veit hv. minni hl., að það liggja fyrir upplýsingar um afkomu ríkissjóðs til nóvemberloka, tekjur og gjöld, og ég hef athugað það vegna þessara aðdróttana, að í fyrra lá ekki fyrir bráðabirgðauppgjör um tekjur og gjöld ríkissjóðs fyrr en í marz, og ekkert slíkt bráðabirgðauppgjör er til, enda hefði mér aldrei dottið í hug að leyna neinu í því efni fyrir hv. minni hl. fjvn., ef það hefði legið fyrir. Þeir eiga aðgang að öllu því, sem liggur fyrir um þetta, að sjálfsögðu. Þessar ásakanir hjá hv. minni hl. eru þess vegna í mínum augum furðulegar og alveg út í bláinn. Það mun hafa verið gerð tilraun í janúar í fyrra til þess að áætla, hvað tekjurnar yrðu í heild. Sams konar tilraun munum við reyna að gera nú á næstunni í sambandi við þá áætlun, sem gerð verður um væntanlegar tekjur 1957. En vitaskuld er það, að ef menn hafa tekjurnar til loka nóvembermánaðar, þá geta þeir séð nokkurn veginn, hvernig tekjurnar verða yfir árið, með því að áætla. Það getur aldrei munað neinu stórkostlegu. Þessar upplýsingar um tekjurnar til nóvemberloka hefur fjvn. að sjálfsögðu til afnota, og hún hefur, bæði meiri og minni hl., allar þær sömu upplýsingar sem við höfum í fjmrn. Ef hv. minni hl. hefði bara viljað hafa fyrir því að tala um þetta við mig, þá hefði ég getað leiðrétt þennan misskilning, og ég hefði satt að segja álitið það meiri kurteisi en að setja aðdróttanir og dylgjur í nál.

Það stendur hér enn fremur:

„Ekki hefur n. heldur fengið upplýsingar um tekjuhorfur ríkissjóðs vegna skatta þeirra og tolla, sem á voru lagðir fyrir jól.“

Þetta er alveg óskiljanleg setning. Þegar löggjöf var sett fyrir jólin um útflutningssjóð o. fl., var það gert opinbert, hvað tekjur væru áætlaðar miklar af þeirri löggjöf. Þessi áætlun liggur fyrir, og við höfum ekki aðra áætlun til yfir tekjurnar af þeirri löggjöf. Á henni verðum við að sjálfsögðu að byggja við 3. umr. fjárlaganna. Þessi aths. hjá hv. minni hl. er því alveg út í hött.

Af því að það er þessu atriði skylt, vil ég líka minnast á annað, sem ég tel furðulegt í þessu nál. Það er sagt hér á bls. 3 í nál., og hv. 2. þm. Eyf. vék að því nokkuð í sinni ræðu, að það væri ekki hægt að komast hjá að átelja þau vinnubrögð fjmrh. að senda n. til flutnings till. um milljónaútgjöld, sem engin grein er gerð fyrir. Og svo er talið upp:

„Áður er getið um ábyrgðarheimild vegna frystihúsanna, en nefna má enn fremur till. um að hækka framlög til greiðslu ríkisábyrgðarlána um 2 millj. kr., framlag til atvinnuleysistrygginga um 2 millj. kr., framlag til niðurgreiðslna um 24 millj. kr. og loks að leggja fram 1 millj. kr. til væntanlegs orlofsheimilis verkalýðssamtakanna.“

Það hafa komið till. frá fjmrn. um að taka þessi útgjöld inn í fjárlögin. En ég hef ekki verið beðinn um neinar skýringar á þessum liðum, þar af leiðandi vitanlega aldrei komið til mála, að það hafi verið synjað af minni hendi um nokkrar upplýsingar varðandi þá. Ég hefði satt að segja álitið það meiri kurteisi, ef menn töldu þessu áfátt um skýringar, að leita þeirra skýringa í stað þess að dylgja á þennan hátt í nál., sem hlýtur að gefa það í skyn, að það hafi verið haldið fyrir mönnum upplýsingum í þessum efnum.

Annars hélt ég satt að segja, að það hefði ekki þurft flóknar viðbótarskýringar um þessi atriði. Ef við tökum dæmi t. d. um ríkisábyrgðarlánin, af hverju þau eru hækkuð. Ég hef upplýst um þau mál hér við umr. áður í þinginu, og það hefði verið hægt á einu andartaki að upplýsa það, ef um hefði verið spurt, að þessi till. um að hækka um 2 millj. kr. áætlunina er byggð á reynslu þessa árs, sem er að líða, og horfunum fram undan.

Varðandi atvinnuleysistryggingarnar, þá er sú till. hreinlega byggð á þeim upplýsingum félmrn., að reynslan, sem orðin er, sýnir það ótvírætt, að það sé ekki hægt að standa við skuldbindingarnar samkv. lögunum um atvinnuleysistryggingar nema með því að hækka fjárhæðina. Ég undrast það, að menn, sem hafa setið í marga mánuði í fjvn., skuli ekki hafa haft framtak til þess að afla sér slíkra upplýsinga eða spyrja um þær, enda gat till. um að hækka þennan lið ekki byggzt á öðru en upplýsingum um, að það mundi þurfa á peningunum að halda, þetta er lögboðinn liður.

Um framlag til niðurgreiðslna, aukið framlag um 24 millj. kr., hef ég oft upplýst það hér á hv. Alþingi, að einmitt þessar 24 millj. kr. séu það, sem hagstofustjóri og þeir, sem reikna út þessi mál, telji þurfa til þess að standa undir niðurgreiðslunum, sem ákveðnar voru í haust. Þessi tala á ekki að geta komið neinum hv. þm., sem hefur fylgzt með, ókunnuglega fyrir, allra sízt fjvn.-mönnum, sem eiga að reyna að hafa yfirlit um það, sem er að gerast. Það hefði verið hægt að endurtaka þetta, ef það hefði verið grennslazt eftir því. Það eina, sem ég man eftir að ég hafi verið spurður um í þessu sambandi, er það, að skrifstofustjórinn í fjmrn. vék að því einhvern tíma, hvort það væri hægt að láta fjvn. í té útfærslu á þeirri till. eða grg. fyrir þeirri till. að hækka ábyrgðarheimildina vegna frystihúsa, mjólkurbúa og fiskimjölsverksmiðja úr 20 millj. upp í 50 millj. Ég bað hann að koma því á framfæri, að það væri ekki sundurliðuð áætlun til um þetta, því að um þetta væri ekki hægt að gera sundurliðaða áætlun fram í tímann, en þessa ósk byggðum við á því í fyrsta lagi, að nú er gert ráð fyrir því, að heimilt sé að ábyrgjast fyrir frystihús, sem reist eru til kjötfrystingar, og enn fremur að ábyrgjast lán vegna mjólkurbúa. Þetta væri stórfelld útfærsla á heimildinni frá því, sem hún hefði áður verið, og hlytu að koma þar stór fyrirtæki til greina, sem ættu rétt á ábyrgð, og auk þess væri okkur kunnugt um, að stór fiskiðjuver væru í smíðum, sem vafalaust mundu sækja um ábyrgð skv. þessum lið. Ég bað hann að koma því á framfæri, að þetta væru ástæðurnar fyrir því, að farið væri fram á þessa hækkun, en það væri ekki hægt að gera sundurliðaða áætlun um þessi efni.

Mér finnst þessi tónn í nál. vera vægast sagt óviðeigandi, og það sækir að manni, að það sé

ekki á bak við þetta mikill vilji til þess að vinna eðlilega að málinu, heldur sé meira sótzt eftir því að geta komið að hnútukasti í nál.; það hafi ekki verið ríkur áhugi eða vilji fyrir því að fá upplýsingar, heldur sótzt eftir því að viðhafa slíkt hnotabit, sennilega til þess að hægt væri að lesa það í útvarpið úr nál.

Loks er einn liður hérna, sem ég vildi benda á. Það stendur hér á bls. 1 í þessu nál., að mörgum nýjum starfsmönnum sé bætt við embættisbáknið og kostnaður við það stóraukinn. Hvað sem um þetta er að segja, þá held ég, að það sé varla hægt að drótta því að núverandi stjórn, að í þetta fjárlagafrv. séu settir nýir liðir til þess að kosta nýja embættismenn á hennar vegum, og ef hér er um að ræða nýja starfsmenn og nýja embættismenn eða útfærslu á embættisbáknínu, þá munu það frekar vera þeir embættis- og starfsmenn, sem fyrrverandi stjórn setti í sessinn, áður en hún fór frá, og ég veit, að við athugun á því máli mundi það koma í ljós, að þeir munu hafa verið drýgstir við það, sem skyldastir eru hv. minni hl. pólitískt og hv. 2. þm. Eyf.

Ég sé enga ástæðu til þess að fara að efna hér til almennra umræðna um stefnu ríkisstj. og fjárhagsmálin yfir höfuð, þó að ræða hv. 2. þm. Eyf. eða niðurlag hennar gæfi að sumu leyti tilefni til þess. Ég læt aðeins við það sitja að minnast á þá liði, þar sem sérstaklega er að mér vikið í nál. eða því, sem hv. frsm. ræddi um, og leiðrétta það, sem mér finnst ástæða til. En ég get ekki stillt mig um að segja það að lokum, að mér sýnist hlutskipti sjálfstæðismanna verða það í sambandi við þessa fjármálaafgreiðslu, að þeir hafi ekkert til málanna að leggja annað en yfirboð og þá fullkomlega marklaus yfirboð í svo að segja öllum greinum.

Frsm. meiri hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Þær umr., sem hér hafa orðið, eftir að framsögu fyrir hönd meiri hl. fjvn. lauk, gefa ekki tilefni til langra svarræðna, enda mun ég verða stuttorður.

Ég gat þess, þegar ég hélt mína framsöguræðu, að þá hefði mér ekki unnizt tími til að fara yfir nál. minni hl. fjvn., enda hafði því rétt í sömu svifum verið útbýtt hér á fundi og framsaga hófst. Ég hef litið yfir það nú, enda hlýtt á framsöguræðu formælanda minni hl., og hef aðeins örfáar athugasemdir þar við að gera.

Það er í fyrsta lagi, þar sem kvartað er undan því í nál. minni hl., að minni hl. nefndarinnar, þ. e. a. s. þeir fulltrúar sjálfstæðismanna, hafi ekki haft nægilega góða aðstöðu í nefndinni til þess að fylgjast með og taka þátt í afgreiðslu mála. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, í nál.:

„Það hefur valdið minni hluta nefndarinnar allmiklum erfiðleikum, að sú vinnuaðferð hefur verið höfð í nefndinni í þetta sinn að bera engin erindi upp til atkvgr. fyrr en daginn áður en minni hluta nefndarinnar var ætlað að skila till. sínum, að undanskildum ákvörðunum um skiptingu fjárveitinga til verklegra framkvæmda."

Að svo miklu leyti sem hér kann að vera rangt að farið, þá verð ég að sjálfsögðu að taka þær sakir á mig sem formann í nefndinni, en mér er tjáð, að hér hafi ekki verið að farið með neitt öðrum hætti en tíðkazt hefur í vinnubrögðum nefndarinnar að undanförnu. Það var að sjálfsögðu orðið við öllum þeim beiðnum frá hv. fulltrúum Sjálfstfl. í nefndinni um frest á atkvgr., sem fram komu. Hitt mun ekki vera nýtt, að minni hl. n. hafi minni möguleika til þess að fylgjast með því, sem í samráði við ríkisstj. er athugað í sambandi við afgreiðslu þeirra mála, sem fjárlög varða.

Þá skal ég taka það sérstaklega fram í þessu sambandi, að máske er hér átt við það, að atkvgr. um einstakar málaleitanir til nefndarinnar mun oft hafa verið skipt í tvennt og ekki greitt atkv. um þær á einum og sama fundinum, en að hér hafi verið lengri atkvgr. og fleiri mál tekin fyrir í einu en stundum áður. Vænti ég, að hv. minni hl. hafi ekki ástæðu til þess að halda því fram, að af ásetningi hafi störf hans í nefndinni verið torvelduð.

Ég skal geta þess, að sá háttur var aðallega á hafður um afgreiðslu mála, að öllum nefndarmönnum, jafnt minnihlutamönnum sem þeim, sem styðja ríkisstj., var úthlutað skrá yfir meginþorra þeirra erinda, sem til afgreiðslu komu, en með því að erindin voru að berast sí og æ, urðu þessar skrár allmargar, því að það var bætt við, eftir að sú fyrsta var gerð, og fengu hv. fulltrúar Sjálfstfl. þær nákvæmlega jafnsnemma í hendur og aðrir nefndarmenn og áttu þess því kost að taka afstöðu til þeirra erinda, sem fyrir lágu.

Þá þykir mér ekki fullkomlega rétt með farið í nál., þar sem sagt er frá afstöðu þeirra fulltrúa Sjálfstfl., sem hafa gefið út þetta minnihlutaálit, til fjárveitinganna í hinar svokölluðu verklegu framkvæmdir, þ. e. a. s. í vegi, brýr, hafnir og skóla. Í nál. þeirra segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Við lögðum til í nefndinni, að í stað lækkunar yrðu þessar fjárveitingar hækkaðar að meðaltali um 20% frá fjárlögum s. l. árs, og væri þó raunar ekki gert meira en að halda í horfinu um framkvæmdir. Sú till. okkar var felld í nefndinni."

Hér er ekki alls kostar rétt frá skýrt. Það er rétt, að fulltrúar sjálfstæðismanna í nefndinni gerðu till. um það, að fjárveitingar þær, sem hér um ræðir, yrðu yfirleitt hækkaðar um 20%, en þar var ekki um að ræða neina endanlega afgreiðslu málsins, heldur var það á því stigi, að nefndin var að gera till. um skiptingarupphæðir fyrir viðkomandi yfirmenn þeirra stofnana, sem hafa yfir þessari gerð mannvirkja að segja, þ. e. a. s. vitamálastjóra og vegamálastjóra, — nefndin var eingöngu að gera till. um fjárupphæðir til þess að biðja þessa aðila að gera skiptingartill. um. Það var, vænti ég, öllum nefndarmönnum ljóst, að þar var ekki verið að taka ákvörðun um endanlegar fjárveitingar í þessu skyni, og það var ekki að till. sjálfstæðismanna, sem þær breytingar urðu á brúm, höfnum og skólum, sem raun ber vitni um. Það var ekki að þeirra till., sem hækkanir til þessara framkvæmda urðu það miklar, að þær nema meiru en sjálfstæðismenn lögðu til. Hitt er rétt hjá þeim, að varðandi vegina hefur ekki verið framkvæmd þeirra till., og hafa þeir enda gert sjálfir till. um skiptingu,

sem byggð er á allt annarri fjárveitingu og hærri til nýbyggingar þjóðvega heldur en gert er ráð fyrir í þeim till., sem nefndin stendur öll að.

En þó finnst mér kannske hvað mestur ágalli á því, sem þeir segja í sínu nál. um tillögur um breytingu á heimildagrein fjárlaga varðandi möguleikana á því að breyta framlögðum lánum ríkissjóðs í óafturkræf framlög. Þar segir í nál., með leyfi forseta:

„Þá lögðum við til í nefndinni, að sjóðum Búnaðarbankans yrðu veitt sem óafturkræf framlög fleiri lán ríkissjóðs en lagt var til í frv. Var sú till. samþ. í nefndinni."

Hér er ekki rétt frá skýrt. Það er rétt, að þeir eða nánar tiltekið hv. þm. Borgf. lagði fram í n. tillögu um að auka við þá heimild, sem í frv. er. Hans till. var hins vegar ekki samþ. í nefndinni. Með sömu dagsetningu og hans till. kom frá ríkisstj. tillaga, sem var í nokkru frábrugðin og gekk ekki eins langt og hv. þm. Borgf. vildi gera. Hún var samþ. í nefndinni, en ekki sú till., sem hv. þm. Borgf. lagði fram, enda var þar gengið skrefi lengra en í þeim till., sem hér liggja fyrir. Þær till., sem n. gerir ráð fyrir að samþykktar verði og mælir með, miða eingöngu við það að breyta framlögum ríkissjóðs sjálfs, bæði af tekjuafgangi og sérstökum framlögum til stofnlána, en í hans till. var a. m. k. einn liður, þar sem lagt var til, að láni, sem ríkissjóður hafði tekið til framlags í þessu skyni, yrði einnig breytt í óafturkræft lán, svo að hér er þörf leiðréttingar á.

Þeir hv. minnihlutamenn í fjvn. hafa gert till. um að fella niður framlag til brúargerðar á Norðurá í Skagafirði, en að það framlag verði veitt til annarrar brúar þar í héraði, og má telja, að frá þeirra sjónarmiði sé sú brtt. á rökum reist. Þeir, sem meiri hl. fjvn. skipa, hafa hins vegar litið svo á um brú, sem búið er að ákveða að byggja og ráðuneytið hefur gengið frá öllum skilríkjum um að byggð skuli, að það sé varhugavert fyrir fjvn. sem slíka að taka afstöðu til þess og ganga gegn slíkum úrskurðum. En hitt veldur ekki deilum, að ef brúin á að byggjast, svo sem ákveðið virðist vera, á þeim stað, sem úrskurður rn. tekur til, þá sé framlag í hana óhjákvæmilegt. Eru till. n. á því byggðar.

Í framsögu sinni gat hv. frsm. minni hl. þess, að skattabyrðar á þjóðinni væru enn auknar, og telur, að þar sé um að ræða súra bita fyrir þá, sem gáfu út minnihlutanál. á s. l. vetri, þegar fjárlög voru til afgreiðslu. Það má rétt vera, og vissulega skal það af minni hálfu viðurkennt, að það er enginn gleðiboðskapur að standa að aukinni skattlagningu. Hitt skiptir verulegu máli, hverjir aðilar eru látnir gjalda meginþungann af þeim sköttum, sem á eru lagðir. Og um þær umkvartanir, sem frá mér og mínum flokksbræðrum hafa að undanförnu komið fram varðandi nýjar skattaálögur, skal það sérstaklega tekið fram, að þeim var fyrst og fremst mótmælt á þeim grundvelli, að þær legðust á alþýðu manna af fullum þunga, allt eins þá, sem litlu hafa úr að spila, eins og hina, sem gnægð hafa fjár. Ég vil leyfa mér að halda því fram, að þær skattálögur, sem gerðar hafa verið af núverandi ríkisstj., leggist fyrst og fremst á þá aðila þjóðfélagsins, sem hafa nægilega breitt bakið til þess að bera þær, og vil ég gera þar á skilsmun verulegan og þeim sköttum, sem voru lagðir á ríka sem fátæka af fyrrv. ríkisstjórn.

Hv. frsm. minni hl. varð alltíðrætt um það, að mikið af þeim hækkunum, sem nú eru lagðar til í afgreiðslu fjárlaga, stafi af þeirri óheillaskriðu, sem mínir flokksmenn, sem hann beindi máli sínu til, hafi komið af stað.

Ég vil taka sérstaklega fram í tilefni af þessum ummælum, að að svo miklu leyti sem þær hækkanir, sem nú eru lagðar til, stafa af kauphækkunum, því að það skildist mér að hv. frsm. minni hl. ætti við, þá er það fyrst og fremst af þeim kauphækkunum, sem ákveðnar voru af honum og hans flokksmönnum og stuðningsmönnum fyrrverandi ríkisstj. með breytingu þeirri, sem gerð var á launalögum á s. l. ári. Þar er því ekki um að ræða þær kaupbreytingar, sem hann gæti fyrst og fremst talið mig og mína flokksmenn ábyrga fyrir og voru allt annars eðlis, kauphækkanir til almenns verkafólks. En síðar voru samþykktar með lögum miklum mun stórkostlegri hækkanir á launagreiðslum til opinberra starfsmanna og þá fyrst og fremst til þeirra opinberu starfmannanna, sem hæst höfðu launin fyrir. Að tilhlutun minna flokksmanna voru hér uppi tillögur um að hafa þær hækkanir að því er varðar hæst launuðu ríkisstarfsmennina miklum mun lægri en samþ. var, svo að í stað þess að beina geiri sínum gegn okkur Alþýðubandalagsmönnum væri hv. frsm. minni hl. í rauninni nær að líta á það, með hverjum hætti launalögin voru afgreidd á s. l. þingi, og þá mundi hann komast að raun um það, að þeir, sem valda fyrst og fremst því að hækka fjárlögin vegna launahækkana hjá opinberum starfsmönnum, eru stuðningsmenn fyrrv. ríkisstjórnar, og þar var sá góði frsm. að sjálfsögðu engin undantekning sjálfur.

Þá verð ég aðeins, þótt hæstv. fjmrh. sé nú búinn að víkja að því atriði, að koma að því, að hv. frsm. minni hl. hefur mjög kvartað undan því, að engar upplýsingar hafi legið fyrir um rekstrarafkomu ríkissjóðs á s. l. ári. Það er rétt hjá honum, að þeir, hann og hans flokksmenn í nefndinni, hafa beðið um upplýsingar varðandi þetta atriði, og ég hef spurzt fyrir um þær í stjórnarráðinu fyrir nefndarinnar hönd, en eins og fjmrh. upplýsti hér, þá liggja þær ekki fyrir. Hins vegar er það alrangt, að þeir hafi engar upplýsingar um tekjur eða afkomu ríkissjóðs á s. l. ári, því að frammi hafa legið í n. upplýsingar — og hefur hv. frsm. vitað um það og átt þess fullan kost að kynna sér þær — um tekjur og gjöld ríkissjóðs allt til mánaðamótanna nóvember—desember, svo að það getur á engan hátt talizt réttlhermi, að ekkert liggi fyrir um tekjur og gjöld ríkissjóðs á s. l. ári.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar en orðið er um þær brtt., sem hér liggja fyrir, nema sérstakt tilefni gefist.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 260, 261 og 262, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Áður en ég vík að þeim ræðum, sem hér hafa verið fluttar af hæstv. fjmrh. og hv. frsm. meiri hl. nefndarinnar, langar mig til að tala hér lítillega fyrir nokkrum brtt., sem ég er annaðhvort einn flm. að eða ásamt öðrum.

Það er í fyrsta lagi brtt. á þskj. 261, VII. töluliður, um það, að veittar verði 75 þús. kr. til Ólafsfjarðarkaupstaðar til greiðslu helmings áfallins kostnaðar við boranir eftir heitu vatni. Þessi kostnaður er á fallinn fyrir alllöngu og sumt fyrir nokkrum árum. Það hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir til þess að fá þetta greitt eftir ýmsum leiðum, en því miður ekki tekizt til þessa. Samkv. lögum er gert ráð fyrir, að ríkið styrki heitavatnsboranir að vissu hlutfalli eða helmingi kostnaðar, og hefur þetta verið greitt ýmsum stöðum og það allstórar fjárhæðir, og ég hygg, að Ólafsfjörður sé nú eini staðurinn utan Reykjavíkur, sem ekki hefur fengið þetta framlag ríkissjóðs greitt.

Ég hef leitað eftir því í fjvn. að fá stuðning fyrir þessu máli, en því miður hefur meiri hl. n. ekki enn séð sér fært að fallast á þetta, þótt að vísu nauðsyn og sanngirni hafi verið viðurkennd í þessu sambandi. Ég vil nú leyfa mér að freista þess að flytja þetta mál hér inn í þingið í trausti skilnings á málinu og vænti þess jafnframt, að meiri hl. fjvn. snúist ekki gegn því, þar sem ég tel, að Ólafsfjarðarkaupstaður hafi orðið hér verr úti en aðrir, og það er fátækt bæjarfélag, sem áreiðanlega hefur jafnmikla, ef ekki meiri þörf fyrir slíka aðstoð en flestir kaupstaðir aðrir. Vil ég því mega vænta þess, að hv. þm. gætu fallizt á að ljá þessari till. sitt lið.

Þá flyt ég hér á sama þskj. í X. lið ásamt hv. þm. Ak. tillögu um það, að við heimildagrein fjárlaga verði bætt nýjum lið um það að heimila ríkisstj. að lána Hríseyjarhreppi allt að 70 þús. kr. til smíði ferju til flutninga milli eyjar og lands. Það er mikið nauðsynjamál að fá nýja ferju til þessara flutninga, enda er það eina samgöngutækið, sem Hríseyingar hafa til samgangna milli eyjar og lands, og það er alveg óviðunandi í slæmri veðráttu að geta ekki haft bát til þessara ferða, þar sem fólk geti búið við sæmilega aðbúð og þurfi ekki að vera úti, hvernig sem viðrar. Hreppsnefnd Hríseyjarhrepps hefur mikinn áhuga á að byggja nýjan bát til þessara flutninga. Málið hefur legið til athugunar í hv. samvinnunefnd samgöngumála. Sú nefnd hefur að vísu ekki skilað áliti, en mér skilst, að nefndin telji sig raunverulega ekki geta gert till. um stofnstyrki til flóabáta, og höfum við því leyft okkur að flytja þetta mál inn í þingið við þessa umr. Það má auðvitað segja, að hér sé ekki um stórt fyrirtæki að ræða. En þótt fyrirtækið sé ekki stórt, þá er það þó allmikið fyrir ekki stærra hreppsfélag en Hríseyjarhreppur er. Þessi ferja mun kosta um 150 þús. kr. Og eins og nú er ástatt með lánamál, þá er ekki sjáanlegt, hvar auðið yrði að fá lán til þessara framkvæmda. Er því lagt til, að ríkið hlaupi hér undir bagga í því formi, að veitt verði þetta lán, og fyrir því eru fordæmi. Það var veitt t. d. til Breiðafjarðarbáts, ef ég man rétt, á síðasta þingi nokkru hærra lán, og er því hér ekki um nýjung að ræða, en mjög mikilvæga og nauðsynlega aðstoð við fjárvana sveitarfélag.

Þá flyt ég á þskj. 260 eina brtt. við till. fjvn. um framlög til vega. Hún er um það, að Múlavegur verði hækkaður úr 200 þús. í 500 þús. kr., eða að til hans verði veitt sama fjárveiting og gert er ráð fyrir að veita nú til Siglufjarðarvegar. Að Múlavegi hefur verið unnið í þrjú ár, og hefur þar nokkuð á unnizt, en þó vantar enn allverulegt átak, til þess að þessi mikilvæga samgönguæð opnist. Ég skal á engan hátt draga úr nauðsyn þess að veita fjárveitingu þá, sem ég gat um, til Siglufjarðarvegar. Fjárveiting til hans hefur verið hækkuð úr 100 þús. í 500 þús. kr., en Múlavegur hafði í síðustu fjárlögum 200 þús. kr. fjárveitingu, eins og nú er lagt til að verði óbreytt í tillögum fjvn. Mér virðist ekki nema sanngjarnt, af því að hér er um mjög hliðstæða vegi að ræða, að sams konar fjárhæð verði veitt til Múlavegar. Á það mun að vísu verða bent, að aðrir millihéraðavegir hafi ekki verið hækkaðir, en um þá, hygg ég, alla nema þessa tvo, Siglufjarðarveg og Múlaveg, er það að segja, að þeir eru færir, en þessir vegir alls ekki, nema hægt verði að vinna þar enn allmikið til að koma þeim í samband. Að vísu er vissulega mikil nauðsyn að auka fjárveitingar til annarra tengivega, en miðað við þá mjög miklu samgöngubót, sem þessi vegur mundi verða fyrir sveitir Eyjafjarðar og þá ekki hvað sízt Ólafsfjörð og Dalvík, er mikil nauðsyn að reyna að hrinda þessum umbótum lengra áleiðis.

Þá er loks ein till., sem liggur hér aðeins fyrir skriflega og ég vil leyfa mér samt að leggja fram sem slíka, þar sem ég veit ekki, hvort umræður endast það lengi, að það verði hægt að prenta þskj., áður en þeim lýkur, en hún er frá mér, hv. þm. Ak., hv. 6. landsk. og hv. 2. þm. Skagf. og hljóðar svo, að við 20. gr. Út, VI. lið, komi nýr liður, svo hljóðandi:

„Til byggingar flóabáts milli hafna á Eyjafirði og Skagafirði og verði leitað samkomulags við þann, sem nú annast ferðir þessar, og aðra viðkomandi aðila um stofnframlag og rekstur skipsins, 750 þús. kr.“

Það liggur fyrir í samvn. samgm., að það horfi mjög alvarlega með bát þann, sem er í þessum ferðum nú. Þarna er oft um erfiða siglingaleið að ræða og snjóasamt að vetrarlagi, og er því mikil nauðsyn á og raunar alls ekki annað viðunandi en að þarna sé öruggt skip í förum. Fyrir ýmsa þessa staði, sérstaklega er það varðandi Ólafsfjörð og Siglufjörð og raunar Haganesvík og staðina þar ytra, getur mánuðum saman svo verið, að þetta sé eina samgöngutækið, sem þessir staðir hafi, og liggur því í augum uppi, að það verður að hafa þarna viðunandi skip í förum, bæði hvað snertir traustleika og allan aðbúnað. Það hefur mjög verið leitað eftir því af þeim manni, sem hefur haft þessar ferðir með höndum, að reyna að fá fyrirgreiðslu um lán til þess að byggja nýtt skip. Það hefur ekki tekizt að fá neina fyrirgreiðslu í því efni, og engir sjóðir eru hér til, sem lána fé til slíkra framkvæmda. Nú hefur verið tekið í tillögur fjvn. 2 millj. kr. framlag til Vestmannaeyjaskips. Þar er einnig um mikið nauðsynjamál að ræða, sem síður en svo

skal haft á móti að sé reynt að hrinda í framkvæmd, því að Vestmanneyingar hafa alls ekki viðunandi samgönguöryggi milli eyja og lands. En ég vil leyfa mér að halda því fram, að það sé ekki síður ástæða til þess að bæta úr þeim vandræðum, sem Eyfirðingar og Skagfirðingar búa við varðandi þetta sama atriði. Ég hef leyft mér að miða þessa till. eða upphæð hennar nokkurn veginn við hliðstæða fjárhæð og gert er ráð fyrir að veitt verði til Vestmannaeyjaskips, miðað við heildarkostnað beggja þessara skipa, og vildum við flm. leyfa okkur að vænta þess, að þessi mikilvæga samgöngubót og það mikla öryggismál, sem hér er um að ræða í samgöngum á þessu svæði, hljóti ekki síður skilning og stuðning hv. Alþ. en sú till., sem þegar hefur verið samþ. varðandi Vestmannaeyjaskipið.

Það hefur ekki verið í fjvn. gengið sérstaklega til atkv. um þetta mál, enda ekki formlega þar upp tekið, vegna þess að það hefur verið til meðferðar í samvn. samgm., en eins og ég gat um áðan varðandi Hríseyjarbát, telur sú n. ekki auðið fyrir sig að gera till. um stofnfjárveitingar til flóabáta. Er þessi till. því hér flutt, en vitanlega munum við taka þessa till. aftur við atkvgr. við þessa umr., þannig að fjvn. gefist kostur á að taka hana til nánari athugunar fyrir 3. umr.

Þá vil ég leyfa mér að minnast aðeins örfáum orðum á ýmsar aths., sem komu fram frá hæstv. fjmrh. og hv. frsm. meiri hl. fjvn.

Hæstv. fjmrh. fannst, að ómaklega væri kvartað yfir ýmsum atriðum í hans vinnubrögðum í áliti minni hl. n. Þar er um tvö atriði að ræða, annars vegar það, að lýst var nokkurri undrun yfir því, að ekki skyldu vera gerðar tilraunir til þess að afgreiða fjárl. fyrr og ekki lægju fyrir nú um miðjan febrúar upplýsingar um tekjuhorfur ríkissjóðs á þessu ári, og í annan stað var fundið að því, að ekki hefði verið gerð nægilega grein fyrir ýmsum till., sem fjmrh. hefði sent n. með ósk um flutning af hennar hálfu.

Mér kom það satt að segja nokkuð á óvart, þegar hæstv. ráðh. hélt því fram, að það hefði verið auðveldara að afgreiða fjárl. fyrir jól í fyrra en nú, vegna þess að þá hefði verið vitað nægilega snemma um þær ráðstafanir, sem hefði átt að gera til stuðnings útflutningsframleiðslunni, en nú hefði það ekki verið. Mér hefur nú sannast sagna skilizt í öllum umr. um þetta mál að undanförnu, að það hafi verið fært hæstv. ríkisstj. fram til alveg sérstaks hróss, að nú hafi þetta legið allt ljósar fyrir og verið frá öllu gengið miklu fyrr en í fyrra, enda er sannleikur málsins sá, að fyrir jól var ekkert vitað um það, hvaða endanlegar leiðir yrðu farnar varðandi vandamál útvegsins þá, en aðeins vissar hugmyndir höfðu komið fram um það, en nú voru lög um það efni afgreidd frá Alþ. fyrir jól. Og mér þykir það mjög undarlegt a. m. k., ef ekki hefur verið það snemma gengið frá því máli, að fjmrh. hafi snemma í desember haft nokkurn veginn endanlega vitneskju um það, hver hlutur ríkissjóðs yrði af þeim sköttum, sem þar átti að leggja á, því að varla hefur það verið tilviljun háð fram á síðustu stundu, hvernig endanleg afgreiðsla þess máls varð. Af þessum sökum held ég, að það standi algerlega óhaggað og hljóti að liggja í augum uppi, að það var mun auðveldara nú, miðað við allar aðstæður, að afgreiða fjárlög fyrir jól heldur en það var í fyrra. Ég skal hins vegar játa, að það var mikið að starfa í þinginu nú fyrir jólin vegna frv. ríkisstj. um útflutningssjóð, og kynni að hafa verið erfitt að ljúka þá endanlegri afgreiðslu fjárl., en alla vega hefði verið mjög auðvelt að ljúka 2. umr. þeirra fyrir jól, eins og gert var í fyrra.

Hæstv. ráðh. hélt því fram, að það hlyti að vera um misskilning að ræða hjá mér, þar sem því væri haldið fram, að upplýsingar um afkomu ríkissjóðs hefðu legið fyrr fyrir í fyrra heldur en nú, og talaði jafnframt um, að það hefði verið auðvelt að fá allar þær upplýsingar, sem fyrir hendi væru, ef við hann hefði verið talað. Ég efast ekkert um það, að hann með sinni miklu þekkingu á þessum málum, eins og ég sagði í minni framsöguræðu, hafi haft um þetta miklu meiri vitneskju en lá fyrir n. og að það hefði verið hægt að fræðast um ýmsa hluti með því að tala við hann. En ég álít, að það sé sú eðlilega leið og í rauninni sú sjálfsagða leið, sem verði að hafa í n., að afla upplýsinga í gegnum form. n., og það er það, sem við höfum gert, en ekki sé raunverulega viðeigandi að vera að fara þar eftir öðrum leiðum. Með þessu er ég ekki á nokkurn minnsta hátt að halda því fram, að form. hafi leynt nokkrum upplýsingum fyrir mér eða okkur í minni hl., heldur hafði hann ekki aðrar upplýsingar tiltækar um þetta efni.

Ég skal játa það hér, að það orðalag nál. okkar kann að geta valdið misskilningi, að þar hafi engar upplýsingar verið til um afkomu ársins. Það er alveg rétt, sem form. n. gat um áðan, að upplýsingar lágu fyrir um tekjur ríkissjóðs til nóvemberloka. Þetta orðalag stafar þó af því, að reynslan hefur alltaf sýnt, að það er ákaflega erfitt að byggja á þeim upplýsingum um hina raunverulegu niðurstöðu ársins, því að sveiflurnar eru oft svo miklar í desembermánuði frá ári til árs, enda hefur reynslan verið sú, að það hefur reynzt mjög erfitt að komast nærri lagi um tekjur ríkissjóðs, ef þurft hefur að byggja á þeim upplýsingum, sem aðeins hafa verið til við nóvemberlok.

Ég leyfi mér hins vegar að fullyrða það og tel mig þekkja það af æðimikilli reynslu í þessum málum, að það hafi verið fullkomlega auðið að gera n. um miðjan febrúar og raunar allmiklu fyrr grein fyrir tekjum ríkissjóðs á s. l. ári. Ég veit það vel, að það er miklum mun erfiðara með gjöldin og mun ekki vera hægt að komast að niðurstöðu um þau fyrr en jafnvel í marzmánuði, eins og hæstv. ráðh. gat um, en þau skipta ekki neinu meginmáli í sambandi við samningu nýrra fjárlaga, heldur er það höfuðatriðið að vita um tekjuhliðina, vegna þess að útgjaldahliðina hefur maður í fjárlagafrv. sjálfu og verður einmitt að afla sér tekjuhliðarinnar til þess að gera sér grein fyrir, hve útgjöldin mega vera há. Þessar upplýsingar lágu fyrir n. í fyrra, eins og í nál. er sagt, og þær hefðu getað legið fyrir nú. Það þori ég að fullyrða.

Þá taldi hæstv. ráðh., að hann hefði gert fulla grein fyrir öllum útgjaldatill. og að ómaklega væri talað um, að það hefði vantað skýringar í

því efni. Ég held, að ég muni það rétt, að ég hafi innt eftir því nokkrum sinnum í fjvn., hver niðurstaða s. l. árs hefði orðið, t. d. varðandi ríkisábyrgðarlánin, hvað gjöld ríkissjóðs vegna þeirra hefðu orðið há, og við því fengust ekki svör. Um frystihúsin var einnig spurt. Hæstv. ráðh. gerði grein fyrir því, að hann hefði svarað því til, að það væri ekki hægt að gefa þær upplýsingar. Það var mér ekki kunnugt um, og hefði það legið fyrir, þá hefði vitanlega ekki verið að þessu fundið varðandi þann lið, en það stafar af því, að okkur var ekki kunnugt um það svar.

Um atvinnuleysistryggingarnar er það að segja, að það er vitanlega rétt og maður skilur það vel, að það er gert vegna þess, að það er áætlað, að útgjöldin verði þetta hærri. Hins vegar lágu ekki neinir útreikningar fyrir um það, heldur aðeins beiðni um að taka 2 millj. kr. inn í fjárlögin í þessu skyni, og ég verð að segja, að mér finnst það ekki alls kostar góð grg. til þess að byggja á tilætlun um það, að fjvn. flytji till. um 2 millj. útgjöld.

Um niðurgreiðslurnar segir hæstv. ráðh., að hann hafi oft talað um þetta hér á þingi og annars staðar. En ég tel nú satt að segja, að það séu engar upplýsingar að ætlast til þess, að maður hafi einhvers staðar annars staðar hlýtt á skýringar á þessu atriði, heldur verði að ætlast til þess, að þær skýringar fylgi til fjvn. formlega, — þegar hún er beðin um að flytja hvorki meira né minna en 24 millj. kr. útgjaldalið, þá sé ekki til of mikils ætlazt, að það sé gerð grein fyrir því til n., en ekki gert ráð fyrir því, að menn hljóti einhvers staðar annars staðar að hafa aflað sér vitneskju um þetta eða heyrt um það í ræðum.

Að lokum er það svo það atriðið, sem ég einnig minntist á, varðandi 1 millj. til orlofsheimilis verkalýðssamtakanna, sem enn hefur engin skýring fengizt á og ráðherrann upplýsti ekkert um, ekki einu sinni hér, og það er því algerlega jafnmikilli þoku hulið og áður.

Með þessum atriðum er ég ekki að kasta neinu dómsorði á hæstv. fjmrh., heldur aðeins að við töldum ekki verða hjá því komizt að benda á, að þetta væru ekki heppileg vinnubrögð, og ég held, að það sé ekki með sanngirni hægt að halda því fram, að það hafi verið röng aðfinnsla hjá okkur eða ómakleg í garð hæstv. ráðh.

Varðandi þau orð hæstv. ráðh., að þessar aðfinnslur mundu aðeins hafa verið bornar fram til þess að geta fengið þær lesnar í útvarp, þá geta menn náttúrlega haft þær skoðanir um það, sem þeim sýnist. En ég get ekki séð með hliðsjón af öllum aðstæðum málsins, að með þessum aðfinnslum og athugasemdum hafi verið á nokkurn hátt ómaklega gerðar árásir á hæstv. fjmrh., eins og mátti helzt skilja á hans orðum.

Þá skýrði hæstv. ráðh. frá því, að embættisbáknið, sem talað væri um í minni ræðu, stafaði fyrst og fremst frá fyrrv. stjórn, að það væri arfur frá henni. Ég vil nú aðeins vekja athygli á því, að samkv. fjárlögum er ekki heimilt að ráða neinn mann til starfa hjá ríkinu nema með samþykki fjmrh., þannig að ef þetta er svo vítaverður arfur frá fyrrv. stjórn, þá þykir mér skörin vera farin að færast upp í bekkinn, þegar hæstv. ráðh. er farinn að skamma sjálfan sig. Ég skal ekkert um það segja að öðru leyti, hvenær þessir menn hafa verið ráðnir, og ég var ekki á neinn hátt að finna að því, að þeir hefðu verið ráðnir. Ég minntist á þetta aðeins í sambandi við þau stóryrði, sem höfðu verið höfð í fyrra af hálfu stjórnarandstöðunnar um þetta stórkostlega og vítaverða embættismannabákn, sem væri verið að hrúga upp, og benti á, að það væri nú síður en svo, að það væri um neinn samdrátt að ræða þar, eins og nú standa sakir.

Hvaðan allir þessir ágætu menn taka laun sín, sem vitað er um að eru nú ráðnir til starfa hjá ríkinu undir ýmsum nöfnum, — ég hirði ekki að nefna neina sérstaka menn í því sambandi, því að það vita vafalaust allir hv. þm. um bæði þær n. og þá einstaklinga, sem ráðnir hafa verið til sérstakra trúnaðarstarfa, þó að það þyki kannske ekki heppilegt að vera að flagga því mjög mikið, — þá hygg ég, að það verði að greiða flestum þessara manna einhver laun. Mér þykir það a. m. k. mjög ótrúlegt, ef þeir vinna þetta af ósérplægni einni saman. En við sjáum kannske á næsta ári, hvernig það kemur út.

Þá lauk hæstv. ráðh. ræðu sinni með því að segja, að við í minni hl. hefðum ekkert til málanna að leggja nema yfirboð. Ja, ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. telur, að það sé hrein ósvífni af minni hl. n. að fallast ekki skilyrðislaust á allar till. meiri hl. og láta þar við sitja. Það getur vel verið, að það væri auðveldara á ýmsan máta. En eins og ég gat um í minni framsöguræðu, þá verð ég að segja, að hér er um mjög ómakleg ummæli að ræða hjá hæstv. ráðh., þar sem við í minni hl. n. leggjum aðeins fram till., sem leiða af sér rúmlega 7 millj. kr. hækkun og eru um 1% af öllum útgjöldum ríkissjóðs, eins og líkur eru til að þau verði. Ef það á að bera vott aðeins um yfirboð og ábyrgðarleysi að halda sér innan svo þröngra takmarka um flutning brtt., þá veit ég ekki, hvað má segja um þann flutning, sem hefur verið á undanförnum þingum um 60—80 millj. kr. hækkun, sem þá hefur verið flutt af minni hluta n. Og ég held sannast sagna, að hæstv. ráðh. þurfi í engu að kvarta yfir afstöðu okkar og að við höfum reynt að spilla fyrir því, að hægt væri að afgreiða fjárlög undanfarin ár eða nú á þann hátt, að þar væri ekki greiðsluhalli.

Ég skal játa, að það er erfitt að miða till. nú við það, hvort þær leiði til greiðsluhalla eða ekki, þar sem engar upplýsingar liggja fyrir um tekjur, og má þá hæstv. ráðh. sjálfum sér um kenna varðandi það atriði. Ég þarf svo ekki að fara fleiri orðum um ræðu hæstv. ráðh.

Það voru aðeins örfá atriði í ræðu hv. frsm. meiri hl. n., sem ég vildi minnast á. Ég skal taka það fram, svo að það valdi engum misskilningi, að almennt höfum við í minni hluta n. ekki í neinu að kvarta yfir hans stjórn á n. Hann hefur sýnt okkur fulla lipurð í öllum efnum og aldrei neitað okkur um öflun upplýsinga og annað, sem við höfum óskað eftir, þannig að þau ummæli, sem fram koma í grg. og minni ræðu, má með engu móti skilja sem neinar árásir á hann eða að það hafi vísvitandi verið reynt að gera okkur sem erfiðast fyrir. Það er aðeins á þetta bent í nál. vegna þess, að það að leggja allar till. fyrir

til atkvgr. degi áður en á að útbýta þeim, að undanskildum þeim till., sem þar er tekið fram, varðandi verklegar framkvæmdir, hlýtur auðvitað að valda minni hl. allmiklum erfiðleikum, þar sem ekki er vitað fyrr en á þessu stigi málsins um till. meiri hl. um einstök atriði. Þó að erindin liggi fyrir, þá vitum við, að þau eru margfalt hærri jafnan, kröfurnar, sem þar eru, heldur en kemur til mála að sinna, og því er mjög æskilegt að hafa einhverja vitneskju um það, hvað meiri hluti n., sem stefnunni ræður, muni vilja fallast á í því efni, áður en till. eru undirbúnar, þ. e. a. s. ef maður vill hafa einhver skynsamleg vinnubrögð og ekki flytja og undirbúa till. gersamlega út í loftið, án hliðsjónar af gjaldgetu ríkissjóðs.

Ég sem sagt efast ekki um, að þessi vinnutilhögun hefur ekki verið höfð með það í huga að skapa okkur erfiðleika, heldur aðeins vegna þess, að form. n. er nýtekinn við því starfi og hefur sennilega ekki haft fulla vitneskju um þær starfsreglur, sem um þetta hafa gilt. Það er auðvitað alveg rétt, að það er alltaf erfiðara fyrir minni hluta nefndar að starfa, hvort sem það erum við, sem nú erum þar, eða aðrir flokkar. Það gildir nokkuð sama. En það hefur þó verið venjan á undanförnum árum, eftir því sem ég bezt veit og minnist, að það hafa ekki verið bornar upp í einu lagi slíkar till., heldur á nokkrum fundum, þannig að menn hafa þó getað áttað sig á þeim milli funda. Frá þessu er skýrt í nál., m. a. til að gera grein fyrir því, af hverju við í n. sátum hjá við atkvgr. um stóran hluta þessara till., sem byggðist á því, að við höfðum ekki svigrúm til þess að átta okkur á þeim og bera okkur saman um þær, áður en gengið var til atkvæða, og til atkvæða var gengið það seint eða till. voru fluttar það seint í n., að ef átti að koma þeim út fyrir tilskilinn tíma, þá var þess naumast kostur að fresta afgreiðslu þeirra lengur.

Grg. okkar í nál. er því nánast flutt til þess að útskýra þá afstöðu okkar við atkvgr. í n., sem af þessu leiddi, en ekki til þess að bera fram neinar ásakanir á formann n. fyrir, að hann hafi á nokkurn hátt viljað vísvitandi valda okkur erfiðleikum, þó að þessir erfiðleikar óneitanlega hafi orðið af þessari vinnutilhögun.

Þá sagði hv. frsm., að það væri ekki rétt með farið, að felld hefði verið till. okkar um 20% hækkun á vegafé, heldur aðeins hefði verið fellt að nota það sem skiptigrundvöll handa þeim embættismönnum, sem gera till. um skiptingu fjárins. Ég sé nú sannast sagna ekki svo ákaflega mikinn eðlismun á þessu. Till. var borin upp og hún var felld á sínum tíma í n. Ég hygg, að bækur n. vitni um það. Hvort menn hafa gert það með einhverjum fyrirvara í huga sér um síðari hækkun, það er ekkert nema gott um það að segja, og reynslan hefur enda sýnt, að það varð svo, og ber að viðurkenna það og þakka. En engu að síður stendur sú staðreynd óhögguð, að þegar þessi till. var borin upp, þá var hún felld.

Þá benti form. n. einnig á, að það væri ekki rétt hjá okkur, að það hefði verið till. sjálfstæðismanna um eftirgjafir lána til Búnaðarbankans, sem hefði verið samþykkt, heldur till., sem hefði komið frá ríkisstj. og var lögð fram í n. daginn eftir að hv. þm. Borgf. lagði þar fram sína till. Ég skal játa það og biðja afsökunar á því, að till. hv. þm. Borgf. var ekki samþykkt óbreytt, vegna þess að það voru ekki gefin eftir öll þau lán, sem hann lagði til, og er sjálfsagt að viðurkenna þetta og staðfesta, að það sé rétt. En að öðru leyti var hin endanlega afgreiðsla í samræmi við þessa till.

Þá kom fram hjá hv. frsm. meiri hl. kenning um það, hvernig stæði á þeim erfiðleikum, sem nú væri við að stríða varðandi útgjöld ríkissjóðs, og að það þyrfti að leggja á nýja skatta til þess að mæta þessum útgjöldum, og ástæðan átti að vera sú fyrst og fremst, að laun embættismanna ríkisins hefðu verið hækkuð á s. l. ári með nýjum launalögum; og þó raunar væri nú ekki vandinn kannske mestur af þessu, heldur það, að laun hinna hæst launuðu hefðu verið hækkuð, en þessi vandræði stöfuðu alls ekki af afleiðingum verkfallanna, sem verið hefðu 1955.

Ég satt að segja vil nú ekki vera, þar sem það er ætlunin að ljúka þessum umr. hér í kvöld, að fara út í langar umr. um þetta, en ég hygg samt, að þessi hv. þm., sem hefur nú manna bezta aðstöðu til að kanna fjárhagsþróunina hjá ríkinu og orsakir hennar, hljóti í alvöru að gera sér grein fyrir því, að þessi kenning fær alls ekki staðizt nema að mjög litlu leyti. Það er auðvitað, að meginhlutinn af vandanum stafar frá þeim afleiðingum, frá þeirri skriðu, sem þessi verkföll hleyptu af stað, og sannast það bezt af því, hvaða afleiðingar hafa af þeim orðið, að það var talið nauðsynlegt hjá núv. hæstv. ríkisstj. að láta það vera eitt sinna fyrstu verka að stöðva eða koma í veg fyrir hluta þeirrar kauphækkunar, sem leitt hafði af samningum eftir þau verkföll, þannig að þar var auðvitað að finna mjög veigamikla játningu um það, hvað ríkisstj. taldi að þarna hefði alvarlegur hlutur gerzt, og ef hv. form. fjvn. lítur í grg. hæstv. fjmrh. fyrir síðasta fjárlagafrv. og ræður hans og útskýringar í því sambandi, þá hygg ég, að hann geti fengið glögga og skýra staðfestingu á þeim ummælum, sem ég hafði hér um það efni.

Varðandi svo það atriðið, að þeir skattar, sem nú hefðu verið lagðir á, þessar 250—300 millj., legðust ekki á alþýðuna, sem væri nýbreytni, þá er það kenning, sem er mjög haldið á lofti nú, og að þessa peninga sé hægt að taka, án þess að það helzt komi við nokkurn mann. Ég sé enga ástæðu til að fara að ræða það nánar við þessa umr. Það verður reynslan, sem bezt sker úr um það. En hitt held ég liggi í augum uppi og það muni hv. frsm. meiri hlutans hafa orðið var við við afgreiðslu fjárlaga og þær endurskoðanir, sem gerðar hafa verið af ríkisstofnunum, að ekki er líklegt, að þessar ráðstafanir, sem nú hafa verið gerðar, dragi sérstaklega úr verðbólguskriðunni, þannig að enn verði nú um skeið að hlaupa með vagninum, eins og þeir komast svo skáldlega að orði í sínu nál. Hvort þarf að grípa til enn róttækari og sársaukafyllri aðgerða, eins og einnig er nefnt í nál., skal ég ekkert um segja, því mun reynslan skera úr. Ef ætlunin er sú, að við samningu næstu fjárlaga verði búið að leysa verðbólguvandamálið, þá er það vissulega fagn-

aðar- og gleðiefni, en ég vil leyfa mér að láta í ljós nokkrar efasemdir um það, a. m. k. bendir sú byrjun, sem varð nú um áramótin, sannarlega ekki í þá átt.

Jón Sigurðsson: Það er m. a. í tilefni af till. meiri hl. fjvn. um 600 þús. kr. viðbótarfjárveitingu til brúar á Norðurá í Skagafirði og brtt. minni hl. fjvn. um, að þessar 600 þús. kr. til Norðurárbrúar falli niður og í stað hennar komi Hjaltadalsá hjá Laufskálaholti með sömu fjárhæð, sem ég hef kvatt mér hljóðs til þess að gera grein þar fyrir atkvæði mínu.

Það hafa nokkrar deilur og hagsmunatogstreita verið um, hvar þessi brú ætti að standa, og hafa tveir staðir þar komið til álita, við svokallaðan Skeljungshöfða neðst í Norðurárdal og á svokölluðu Gvendarnesi 4 km innar í dalnum. Vegamálastjóri og verkfræðingar hans hafa lagt einróma til, að brúin yrði byggð inni í dalnum á Gvendarnesi. Færa þeir fyrir því þær ástæður, að þar falli áin í þrengslum, geti ekki haggazt úr þeim farvegi og botninn sé öruggur, hvað sem á gangi. Áætlar vegamálastjóri, að brú þar mundi kosta nú um 940 þús. kr. Til er geymslufé fyrri ára fjárveitingar til þessarar brúar, að upphæð um 920 þús. kr. Það er því til nú að kalla nægilegt fé til að byggja þessa brú á Norðurá í Gvendarnesi, eins og verkfræðingarnir hafa lagt til.

Um hitt brúarstæðið er það að segja, að brúnni undan Skeljungshöfða er ætlað að standa á viðáttumiklum eyrum, sem Norðurá fer yfir í stórflóðum og getur þá brotið sér farveg sitt á hvað. Árbotninn er þannig, að staurar verða ekki reknir niður til að tryggja undirstöðu brúarstöplanna, svo að ekki rífi undan þeim. Af þessu leiðir, að brúin verður í stöðugri hættu, að undan henni grafi og hún falli ofan í ána í stórflóðum, sem eru þarna tíð. Þetta er það, sem verkfræðingar og aðrir óttast. Við þetta bætist, að áætlað er, að brú á þessum stað kosti um 1 millj. og 700 þús. kr. eða nær helmingi meira en brúin í Gvendarnesi. Vegamálastjóri hefur því farið fram á 770 þús. kr. aukafjárveitingu, ef byggja eigi brúna hjá Skeljungshöfða, en meiri hl. fjvn. hefur tekið upp þar af aðeins 600 þús. kr. til brúarinnar. Eftirstöðvarnar, 170 þús. kr., eiga þá væntanlega að heimilast á fjáraukalögum á sínum tíma.

Brúnni á Norðurá, hvar sem hún verður staðsett, er ætlað að koma 8 heimilum sunnan árinnar í öruggt akvegasamband. Tvö þeirra óska mjög eftir, að brúin verði byggð í Gvendarnesi, en ábúendur hinna 6 jarðanna hafa flestir lagt mikla áherzlu á, að brúin yrði byggð undan Skeljungshöfða, ella yrðu þeir að fara 4 km leið inn í dalinn til að komast á brúna, þ. e. rúmlega 8 km krók, ef farið væri til Sauðárkróks.

Því miður verða margir að búa við það að taka á sig króka til að komast á brýr, og mun svo ávallt verða, því að engum kemur til hugar, að vatnsföll verði brúuð undan hverjum bæ. Hraðfara farartæki gera nú sitt til, að vegarlengdanna gætir litið eða þær gleymast að mestu. Undanfarið hafa bifreiðar verið á flestum þessum bæjum. Meðan svo er, mundi þessi krókur ekki valda miklum töfum.

Þetta brúarmál hefur því miður verið sótt meira af kappi en forsjá. T. d. var fyrir nokkrum árum safnað undirskriftum í nágrannasveitum undir áskorun um að byggja brúna á eyrunum undan Skeljungshöfða, áður en nokkrar botnrannsóknir höfðu farið fram eða endanlegar kostnaðaráætlanir lágu fyrir. Þá verður á það að líta í þessu sambandi, að samkv. brúalögum á að byggja brú á Héraðsvötnum nálægt Flatartungu, er tengir þessa bæi sunnan Norðurár við vegakerfið vestan Héraðsvatna til Sauðárkróks. Höfum við þm. Skagf. unnið að því. En með þessari brú og vegarkafla frá henni fá þessir 6 bæir nær 6 km styttri leið til Sauðárkróks en um veginn og brúna hjá Skeljungshöfða.

Loks má geta þess, að brú á Gvendarnesi í sambandi við fyrirhugaða brú á Héraðsvötnum hjá Flatartungu tryggir bezt öruggt vegasamband yfir Skagafjörð á leiðinni milli Suðurlands og héraðanna norðan Öxnadalsheiðar. Vísa ég um það til álits vegamálastjóra, sem hefur legið fyrir.

Þegar ég lít á þetta mál í heild og að mér finnst alveg hlutlaust, þá verða þrjú atriði þyngst á metunum. Í fyrsta lagi: Allir verkfræðingar vegamálastjórnarinnar eru sammála um að ráða frá því, að brúin sé byggð undan Skeljungshöfða. Það verður því gert algerlega á ábyrgð ríkisstj. og þeirra þm., sem knýja það fram. Í öðru lagi eru líkindi til, að það sé aðeins nokkurra ára tímaspursmál, að þessir 6 bæir fái styttri veg til Sauðárkróks en um brú hjá Skeljungshöfða, og að þeim peningum, sem færu í þá brú, væri þess vegna betur varið til annars. Í þriðja lagi er áætlað, að ríkissjóður verði að leggja fram nær 800 þús. kr. til viðbótar, ef brúin verður byggð undan Skeljungshöfða. Fyrir þessa upphæð mætti byggja allstóra brú í Skagafirði eða 2—3 minni brýr. Ég gæti talið upp ekki allfáar brýr í Skagafirði, sem bændur biða eftir með óþreyju, þar sem brúarleysið torveldar mjólkurflutninga og aðrar nauðsynlegar samgöngur, svo að jarðir haldist í byggð eða endurbyggist fyrir atbeina nýbýlastjórnar. Allar þessar brúarbyggingar verða að þokast aftur á bak, aftar í röðina um eitt eða fleiri ár, ef brúarfénu í Skagafirði í ár er að miklu leyti kastað í brúna undan Skeljungshöfða.

Hv. meiri hl. fjvn. virðist því miður ekki vorkenna þessum mönnum að búa við áframhaldandi brúarleysi og hvers konar vandræði, sem af því stafa. Í þess stað virðist áhugi meiri hl. beinast að því, að heimilisfólk á 6 bæjum losni við að taka á sig dálítinn krók til að komast á örugga brú, þar til hin brúin kemur, sem veitir þessu fólki styztu akleið í kaupstað, sem það getur nokkru sinni átt kost á. Og til þess að spara því þennan bráðabirgðakrók á að verja nær 800 þús. kr. úr ríkissjóði og tefja með því byggingu aðkallandi brúa í héraðinu um lengri eða skemmri tíma. Ég ann þessu fólki alls góðs, en þetta tel ég of langt gengið. En hörmulegast væri þó, ef brúin stæði ekki og þetta fólk yrði svo brúarlaust eftir sem áður, eins og margir óttast.

Að endingu vil ég benda á, að telji þm., sem ég hef nokkra ástæðu til að ætla, að fyrrverandi samgmrh. hafi yfirsézt stórlega, er hann ákvað

brúnni stað þvert ofan í eindregnar tillögur verkfræðinganna, þá er það skylda Alþ. að ógilda þann úrskurð með því að veita ekki fé til brúarinnar á þessum stað, svo að verra hljótist ekki af.

Með tilvísun til framangreindra aðstæðna mun ég greiða atkv. með till. minni hl. fjvn. um, að fjárveiting til Norðurárbrúar falli niður og í stað þess komi tilsvarandi fjárveiting til brúar á Hjaltadalsá undan Laufskálaholti, en samkomulag hefur verið um það, að Hjaltadalsárbrúin væri næst í röðinni af hinum stærri brúm í Skagafirði og löngu lofað af okkur þm. kjördæmisins. Þessi brú mun kosta álíka mikið og fé það, sem vegamálastjóri telur að vanti í brúna undan Skeljungshöfða. Brúin er aðkallandi vegna mjólkurflutninga og annarra samgangna, og bændur í Hjaltadal eru orðnir langþreyttir að bíða eftir henni.

Ég skal svo ekki ræða um þetta frekar. En ég á hér till. ásamt samþingismanni mínum, sem er 1. flm. till., en þar sem hann er lasinn mjög og getur ekki mætt hér, þá vil ég segja um hana nokkur orð.

Till. er á þskj. 261,II. Við þm. Skagf. eigum þarna brtt., þar sem lagt er til, að 500 þús. kr. fjárveiting til Siglufjarðarvegarins ytri verði færð ofan í 300 þús. kr. og að 200 þús. kr., sem við það sparast, verði bætt við fjárveitingu til Siglufjarðarvegar, sem eru ætlaðar 210 þús. kr. í till. meiri hl. fjvn., svo að upphæðin til þessa vegar verði 410 þús. kr.

Þannig hagar til, að Siglufjarðarvegur nær frá Hofsósi út Höfðaströnd, um Sléttuhlíð og Fljót og um Siglufjarðarskarð til Siglufjarðar. Það er kominn góður upphleyptur vegur frá Hofsósi og alllangt út í Sléttuhlíðina að bæ, sem heitir Keldur og er utarlega í Sléttuhlíðinni. Þaðan að Haganesvík í Fljótum eru gamlir hestatroðningar, sem hafa verið ruddir og lagfærðir nokkuð, en verða ófærir strax í fyrstu snjóum. Bitnar þetta á þeim, sem þarna búa, og svo Siglfirðingum, sem leið eiga yfir skarðið. Siglufjarðarvegurinn ytri liggur aftur af Siglufjarðarvegi utan við Hraun, sem er yzti bær í Fljótum, og honum er ætlað að liggja með sjó fram langan veg og svo um jarðgöng gegnum fjallið til Siglufjarðar. Áætlað er, að þessi vegur kosti um 11 millj. kr., eftir því sem mér er sagt, og þar af jarðgöngin um 6 millj. kr. Allur þessi vegur liggur í óbyggð, eins og sakir standa, þar til hann kemst til Siglufjarðar. Þessi vegur kemur því engum að notum, fyrr en hann er kominn alla leið til Siglufjarðar.

Við þm. Skagf. erum því eindregið fylgjandi, að þessi vegur verði lagður. Teljum við það allmikið hagsmunamál fyrir Skagfirðinga eins og Siglfirðinga. Hitt getur svo engum dulizt, að hér er byrjað á öfugum enda, þegar lagt er stórfé í ytri Siglufjarðarveginn út undir Stráka, en ekki hirt um að leggja veginn um Fljót og Sléttuhlíð, sem ytri vegurinn á að tengjast við. Það yrði lítið gagn að slíkum vegi, ef hinn vegurinn, sem nefnist Siglufjarðarvegur, væri kolófær meiri hluta ársins. Þetta eru álíka vinnubrögð og ef vegurinn yfir Holtavörðuheiði hefði verið lagður, áður en akvegur var gerður frá Hvammi í Norðurárdal að Fornahvammi. Vitanlega datt engum manni slík vitleysa í hug.

Till. okkar þm. Skagf. er til þess að ráða nokkra bót á þessu, að það verði unnið meira í fremri veginum, svo að hann verði þó fullgerður, þegar nýi vegurinn til Siglufjarðar opnast og verður fær; annars komast þeir ekkert, þó að nýi vegurinn væri gerður, mikinn hluta ársins.

Við þm. Skagf. færðum það í tal við þm. Siglf., að hann gæfi samþykki sitt til þess, að vegamálastjóri mætti nota 200 þús. kr. af fjárveitingunni til Siglufjarðarvegar ytri til þess að þoka áfram veginum út í Fljót áleiðis til ytri vegarins, því að við höfum engan áhuga fyrir því að spilla fyrir þessum ytri vegi, þetta yrði lán eða geymslufé, sem yrði endurgreitt af framlagi til vegarins síðar, er ytri vegurinn þyrfti á því að halda. Þm. Siglf. tók þessu líklega, en við það hefur setið. Við ákváðum því að bera fram þessa till. okkar, sem ég nú hef gert grein fyrir, og *vænti ég, að henni verði vel tekið.*

Ég læt svo máli mínu lokið. Ég get raunar bætt einu hér við. Það var lýst hér skriflegri till. áðan um styrk til Norðurlandsbátsins eða bátsins, sem gengur frá Akureyri til Sauðárkróks. Ég vil fyrir hönd okkar þm. Skagf. geta þess, að það, að slíkur bátur gangi, er skilyrði fyrir því, að Siglfirðingar geti fengið mjólk frá Sauðárkróki, og vitanlega gildir það sama um, að þeir geti fengið mjólk frá Akureyri. Við erum samningum bundnir um það að láta Siglufirði í té ásamt Mjólkursamlagi Eyfirðinga þá mjólk, sem þeir þarfnast eða vanhagar um, en það er ekki með nokkru móti unnt, ef þessi bátur getur ekki gengið reglulega yfir vetrarmánuðina eða þangað til vegurinn til Siglufjarðar opnast, og geta allir séð, hve mikilsvert það er, fyrir utan alla þá mannflutninga, sem þarna eiga sér stað. Og þorpin austan fjarðarins, Haganesvík og Hofsós, eru að langmestu leyti með sína flutninga og samgöngur háð þessum báti eða því, að þessi bátur gangi.

Ég mæli þess vegna eindregið með, að þessi till. verði samþykkt.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hv. þm. Snæf. (SÁ), þm. Dal. (ÁB) og 10. landsk. þm. (PP) flytja ásamt mér brtt. á þskj. 260, þess efnis, að fjárveiting til að gera akfæran veg um Heydal á Snæfellsnesi verði hækkuð úr 150 þús. kr., eins og gert er ráð fyrir í brtt. fjvn., í 500 þús. kr., eða til vara í 350 þús. kr.

Svo sem þm. mun kunnugt, var Heydalsvegur tekinn í tölu þjóðvega á þinginu 1942—43 fyrir forgöngu þm. Snæf., sem þá var Gunnar Thoroddsen borgarstjóri. Ekkert hefur enn verið unnið að vegagerð á sjálfum Heydal, en undanfarin ár hefur lagningu vega að sjálfsögðu miðað áfram um Dalasýslu til Skógarstrandar í áttina að Heydal að norðan og enn fremur um Hnappadal að sunnan. Hefur þessi vegagerð leitt til þess, að nú eru menn farnir að eygja lokatakmarkið í þessu efni, sem er akfær þjóðbraut yfir fjallgarðinn milli Mýra- og Hnappadalssýslu að sunnan og Snæfellsnes- og Dalasýslu að vestan og norðan. Athuganir hafa margleitt í ljós, að þessi leið er að jafnaði miklu snjóminni en aðrar leiðir, sem völ er á milli héraða þar um slóðir. Gefur það auga leið, þar sem Heydalur er aðeins í 140—160 m hæð yfir sjávarmál, en nær hæst 180

m á örmjóum hjalla eða rifi. Kerlingarskarð er hins vegar 300 m yfir sjó og Brattabrekka er á 5 km kafla í 300—400 m hæð yfir sjávarmáli.

Þegar Heydalur var samþykktur sem þjóðvegur 1943, raunar með naumum meiri hluta, komst hv. 1. þm. N-M. (PZ) svo að orði, með leyfi hæstv. forseta, — en hann mun nú, hv. þm. N-M., vera sá þm., sem er einna gerkunnugastur staðháttum um allt land. Hann sagði:

„Með því að þetta er eina leiðin milli Vestur- og Suðurlands, sem ég þekki, sem er venjulega snjólaus að vetrinum og þess vegna oftast fær, segi ég já.“

Samkvæmt upplýsingum vegamálastjóra eru nú ólagðir um 20 km á umræddri leið, og er áætlaður kostnaður röskar 2 millj. kr. — 500 þús. kr. fjárveiting nú mundi því marka verulegt spor í áttina.

Á þingi 1954 gerðu þm. Snæf., Dal. og Str. merka tilraun til að hrinda þessari vegagerð áleiðis. Ekki bar það þó árangur. Það var fyrst í fyrra, að tekin var á fjárlög 150 þús. kr. fjárveiting í þessu skyni fyrir atbeina þm. Dal. og Snæf.

Það er öllum ljóst, að víða er þörf á nýjum vegum. Fáar sýslur munu þó vera öllu verr settar en Dalasýsla að vetrarlagi, þegar snjóalög loka vegum að og frá héraðinu og ís leggur á Hvammsfjörð og Gilsfjörð, eins og stundum kemur fyrir, síðast í fyrravetur um tíma, þó að sá vetur væri mildur. En þar við bætist, að meira en helmingur Dalasýslu er nú í sárum atvinnulega séð vegna endurtekinna fjárskipta. Hafa bændum að sönnu verið veittar tilskildar bætur úr ríkissjóði samkv. fjárskiptalögum, en þeir, sem bezt þekkja til, vita þó, að tjón það og áföll, er þeir verða fyrir vegna fjárskiptanna, eru seint að fullu bætt.

Eins og bent hefur verið á á þessu þingi, m. a. í grg. með þáltill. hv. þm. Dal. (ÁB) um aðstoð til bænda vegna fjárskipta, er sauðfjárrækt svo að segja eina atvinnugrein bænda í Dalasýslu. En nautgriparækt er einnig framkvæmanleg í miklu stærri stíl en nú er og þar með mjólkursala. Málin standa nú þannig, að mjólkursamlagið í Borgarnesi mun vera reiðubúið að taka við mjólk úr Dalasýslu, en til þess að geta þegið þetta boð þurfa bændur að geta komið mjólkinni frá sér suður yfir fjallið til Borgarness.

Ég býst við því, eftir því sem mér hefur skilizt, að margir hv. alþm. sjái ýmis tormerki á því að greiða Dalabændum hærri fjárskipta- og sauðleysisbætur en nú er ákveðið í lögum. En ég vil benda á, að ýmislegt annað er hægt að gera, sem beint og óbeint getur styrkt bændur í þessu byggðarlagi í lífsbaráttu þeirra. Eitt af því er það, sem þessi till. fer fram á, að opna bændum leið til að auka fjölbreytni atvinnulífsins með því að hraða vegagerð, sem er skilyrði fyrir því, að þeir geti snúið sér að mjólkursölu jafnhliða sauðfjárbúskap.

Það má einnig nefna, að vegur um Heydal er ekki eingöngu til hagsbóta fyrir Breiðafjarðarbyggðir, heldur jafnframt fyrir meginhluta Vestur- og Norðurlands.

Ég treysti þingheimi til að viðurkenna þá sérstöðu, sem hér er um að ræða. Með því að samþ. aðaltill. okkar fjórmenninganna væri miklum áfanga náð í þessu mikla hagsmunamáli, sem hlýtur allra hluta vegna að verða framkvæmt á allra næstu árum.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja nokkrar brtt. á þskj. 262 ásamt 2. þm. Árn. (SÓÓ), sem ég skal lýsa hér í örfáum orðum.

Það er í fyrsta lagi við 13. gr. A. III, að fyrir 100 þús. kr. komi 200 þús. kr. við Botnsá í Mjóafirði. Að við flytjum þessa till., kemur af því, að hv. þm. N-Ísf. (SB) er nú fjarstaddur og getur þess vegna ekki gætt hagsmuna síns kjördæmis í þessu máli. Þessi brú á Botnsá er á veginum, sem liggur frá Ísafjarðardjúpi og áleiðis til Ísafjarðar. Það er allmikið eftir af þeim vegi, en þó er búið að ryðja veginn úr botni Ísafjarðar og yfir að botni í Mjóafirði, en þetta er sú brú, sem við er átt, og vegurinn er orðinn fær þessa leið, nema hvað eftir er að bera ofan í lítils háttar næst brúnni. Síðan er búið að ryðja veginn fyrir botni fjarðarins yfir að Heydal og nokkuð áleiðis út með firðinum í áttina til Ögurs. Það er vitanlega bráðnauðsynlegt, um leið og þessum vegi er haldið áfram, að brúa stærstu árnar á leiðinni.

Það er að vísu gert ráð fyrir, að þessi brú, sem þarna er, kosti meira fé en hér er farið fram á, og hv. þm. N-Ísf. mun hafa farið fram á, að til hennar væri veitt á þessu ári 450 þús., en það hefur ekki tekizt að fá hv. fjvn. til að fallast á það. En það er skoðun okkar, að minnsta fé, sem að gagni muni koma í ár, sé að veita til þess 200 þús. Það mun áður hafa verið boðið að leggja nokkurt fé að láni, til þess að þessi brú fengist lögð, og ég hygg, að það væru líkur til þess nú, ef 200 þús. kr. fengjust í brúna á Botnsá, að það fé, sem til vantar, þannig að hægt væri að ljúka brúnni, mundi fást lánað, og þá væri það nokkuð nær þeim áfanga, sem á þó nokkuð langt í land og of langt með þeim fjárveitingum, sem fengizt hafa undanfarið, að Djúpið komist í samband við Ísafjörð sunnan megin.

Þá er önnur till. frá okkur um, að fyrir 100 þús. kr. til bryggju í Bolungavík eða hafnarinnar þar komi 200 þús. Þetta er eitthvert þróttmesta byggðarlagið við Djúp. Þeim, sem þar ráða fyrir, hefur tekizt með frábærum dugnaði að byggja upp atvinnulífið og halda í horfinu, þannig að þar hefur ekki fækkað, heldur hygg ég, að þar fari heldur fjölgandi, og þeir hafa átt við mjög mikla örðugleika að stríða, eins og hv. þingheimi er kunnugt, með hafnarbætur hjá sér. Það er ákaflega erfitt þar með hafnarbætur, og því miður hefur stundum tekizt svo til, að ekki hafa verið nógu sterkbyggðar þær aðgerðir, sem gerðar hafa verið þarna, og þess vegna hefur hvað eftir annað komið fyrir í stórviðrum, að brjóturinn hefur skemmzt. Nú er sem betur fer þau gleðitíðindi að segja af brjótnum, að nú hafa engar skemmdir á honum orðið, síðan síðast var við hann unnið. Það hefur verið unnið við hann núna á síðustu árum af mönnum, sem kunnugir hafa verið þarna vestra og vita, hvað mikið er í húfi, að verkið sé vandað svo sem verða má, og sem betur fer virðist það hafa dugað nú, og það

hafa engar skemmdir á honum orðið, síðan síðast var við hann gert.

En það, sem veldur því, að nú er farið fram á fjárveitingu til brjótsins, er það, að skipin, sem þeir nota til fiskveiða þarna í Bolungavík, eru að stækka, eða þeir eru að fá sér stærri skip en áður var til þess að fylgjast með tímanum, og þá geta þau ekki athafnað sig þarna, nema eitthvað sé enn þá frekar úr bætt en hingað til hefur verið gert. Hins vegar hefur reynslan sýnt það þarna í Bolungavík, að það þýðir ekki að vera með smáaðgerðir, það þarf að hafa nokkuð stórt í takinu og tryggja sérstaklega, að það, sem gert er hverju sinni, sé fullgert. Það er ekki hægt að byrja smátt, og því hygg ég, að það komi ekki að neinu gagni í svipinn minni fjárhæð en 200 þús. kr.

Þá er í þriðja lagi við 13. gr. C. IX. til ferjuhafnar í Bæjum á Snæfjallaströnd. Snæfjallahreppur er einn fámennasti hreppurinn, sem enn er í byggð í Norður-Ísafjarðarsýslu, og þetta er sú eina samgöngubót, sem þar er nú og gerir færar samgöngur eða bætir úr samgöngum við umheiminn. Því er nauðsynlegt, að þessi ferjubryggja á Bæjum sé í lagi, þannig að Djúpbáturinn geti við hana lagzt.

Nú í vestanveðrinu, sem gekk yfir Vestfirði um daginn, urðu skemmdir á þessari bryggju, og hreppurinn er, eins og ég sagði áðan, hinn fámennasti, sem enn er í byggð í Norður-Ísafjarðarsýslu, og það er algerlega um megn þeim, sem þar búa, að kosta viðgerð á bryggjunni af eigin rammleik. Hins vegar er nokkur framfarahugur í þeim, sem þarna búa. Þeir eru að rækta landið og búa sig undir að halda áfram að búa þarna, og ég álít, að það sé mikilsvert að létta undir með þeim, þannig að þeir vegna samgönguleysis þurfi ekki að hrekjast þaðan í burt.

Þá hafði ég ásamt hv. 8. landsk. (BjörnJ) og hv. 4. landsk. (GeirG) leyft mér að flytja hér brtt. við 22. gr., en hún er því miður ekki komin úr prentun, og munum við því leggja hana fram við 3. umr. Það er í henni falið, að heimilt sé að hækka ábyrgð ríkissjóðs úr 60 í 80% til þeirra stóru fiskiðjuvera, sem nú er verið að byggja á nokkrum stöðum á landinu. Það eru fjögur fiskiðjuver, sem við eigum hér við, þ. e. fiskiðjuverið í Hafnarfirði, á Ísafirði, á Akureyri og Seyðisfirði.

Þetta eru mjög stór fiskiðjuver, og það er öllum kunnugt, að a. m. k. á Ísafirði og ég hygg á Seyðisfirði og á Akureyri líka a. m. k. er algerlega um megn þeim bæjarfélögum eða íbúum þeirra að leggja fram þau 40%, sem ríkisvaldið gerir ráð fyrir að lögð séu fram. Þessi fiskiðjuver munu kosta yfir 10 millj. hvert. Munu nú þegar vera komnar í þau hvert yfir 8 millj., og a. m. k. á sumum stöðunum mun láta nærri, að fullnotuð sé þessi 60% ríkisábyrgðarheimild, sem veitt er nú í lögum.

Við erum því sammála, að hækkuð sé úr 20 millj. í 50 millj. sú fjárhæð, sem ætluð er til þessara ábyrgða, en teljum, að það muni ekki koma að notum, nema einnig fáist hækkuð ábyrgðarheimildin úr 60% í 80%. Það hefði að vísu verið hugsanlegt, að bæta hefði mátt úr þessu að nokkru leyti með því að hækka atvinnubótafé, en ég geri ekki ráð fyrir, og það er a. m. k. ekki gert ráð fyrir því enn þá í fjárlagafrv., að það verði hækkað svo mikið, að til mála komi, að sú upphæð, sem þarna hlýtur að vanta, til þess að hægt sé að fullgera þessi hús, fáist þar.

Hins vegar er það svo með þessi hús, að þau eru núna að vísu komin alllangt áleiðis, en þó ekki komin í notkun, og svona eins og þau eru núna, þá munu þau kosta milli 4 og 5 þús. kr. á dag án þess að vera að nokkru gagni, og ekki einasta er það blóðugt fyrir okkur, sem megum horfa upp á þessi hús svona, heldur er það frá þjóðhagslegu sjónarmiði líka alveg fráleitt að reyna ekki að stuðla að því, að þau komist í gagnið.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það væri nú raunar dálítið freistandi að fara fáeinum orðum um þetta fjárlagafrv. almennt, en ég mun ekki gera það, heldur aðeins segja hér fácin orð um brtt., sem ég flyt á þskj. 260.

Það er kunnugt mál, að á undanförnum árum hafa verið teknir í þjóðvegatölu sýsluvegir eitthvað á þriðja þúsund kílómetrar. Þetta hefur verið gert vegna þess, að héruðin hafa ekki verið fær um að standa undir þeim mikla kostnaði, sem af vegaframkvæmdunum hefur leitt, og það hefur verið gert í trausti þess, að Alþingi eða fjárveitingavaldið yki framlög til vegabóta í hlutfalli við þá aukningu á þjóðvegum, sem þetta hefur í för með sér. En því miður hefur þetta brugðizt. Bæði s. l. ár og nú hefur það sýnt sig, að það er eins og vegabótamálin séu eitthvert sérstakt olnbogabarn ríkisstj. Svo langt er gengið varðandi það frv., sem hér liggur fyrir, að það á að lækka um 4 millj. till. um framlög til vegabóta frá því, sem var á síðustu fjárl., eins og þegar hefur verið bent á.

Hv. meiri hl. fjvn. lagfærir það nú að vísu, en þar með er ekki vel fyrir séð, vegna þess að reynslan sannar það og sýnir, að það er alltaf að verða minna og minna úr fénu á þessu sviði eins og svo mörgum öðrum, og eins og þegar hefur verið upplýst af frsm. minni hl. fjvn., lítur vegamálstjóri svo á nú, að það, sem kostaði 100 þús. kr. árið 1956, muni á þessu ári kosta 120 þús. kr.

Ég skal geta þess, að í mínu héraði var í síðasta mánuði haldinn fjölmennur þingmálafundur og þar saman komnir menn af öllum flokkum. Þar var rætt mjög rækilega um samgöngumál innanhéraðs, og kom í ljós, að allir menn, sem þar voru mættir, af hvaða flokki sem þeir voru, voru sammála um tillögur í því sambandi, alveg eins þeir, sem eru stuðningsmenn stjórnarflokkanna, eins og minir flokksmenn, og það var farið þar fram á m. a. að óska eftir sem lágmarki til vegaframkvæmda í mínu héraði 800 þús. kr. og mér eðlilega falið að koma þeirri kröfu áleiðis við ríkisstj. og Alþingi. Hef ég lagt hana fyrir hv. fjvn.

Nú er útkoman hins vegar sú, að í till. meiri hl. hv. fjvn. eru mínu héraði ætlaðar aðeins 500 þús. kr. til þessara framkvæmda á þessu ári. Það getur þess vegna engan undrað, þó að ég fari fram á nokkra hækkun á þessu fjárframlagi. Skiptingin, sem liggur fyrir í till. fjvn., er eftir

till. vegamálastjóra, og ég vildi ekki fara að gera þar breytingar á, vegna þess sérstaklega, að í alla vegina er lögð til minni fjárhæð en þörfin krefur.

En ég flyt hér á þskj. 260 till. um nokkra fjárveitingu í tvo aðra vegi, sem ekki er neitt fé ætlað til í þessum till. fjvn., og er þar í fyrsta lagi Reykjabraut, sem er vegur, er liggur frá Húnvetningabraut rétt norðan Giljár og upp að Svínavatni, mjög þýðingarmikill vegur. Ég skal taka það fram, að ég hef ekki sótt um fjárveitingar í þennan veg undanfarin ár, vegna þess að það hefur verið unnið að því að byggja Svínadalsveginn, sem er áframhald af þessum vegi og er ætlað að tengja saman þessar byggðir.

Það má nú segja, að ef það væri eingöngu um innanhéraðssamgöngur að ræða, þá skipti ekki ákaflega miklu máli um þennan veg, enda þótt hann sé þeirra vegna einnig nauðsynlegur. En hér er um meira að tala, því að ef þessi vegur er lagður, þá mundi hann stytta leiðina milli Reykjavíkur og Akureyrar um 15 km, því að þá yrði leiðin um fremri Blöndubrú. Það má þó í sjálfu sér segja, að það skipti ekki ákaflega miklu máli að sumrinu um 15 km leið, hvort hún er lengri eða skemmri á þessum þýðingarmikla þjóðvegi. En hitt skiptir miklu meira máli, að að vetrinum, þegar snjóalög eru og harðindi, þá er það iðulega, að þessi vegur mundi vera snjóléttur og alltaf fær, þó að Langadalsvegurinn væri ófær. Þess vegna er hér um þýðingarmikið mál að ræða, og þó að ég fari ekki hér fram á nema 50 þús. kr. fjárveitingu, þá er það, eins og menn skilja, aðeins byrjun.

Þá er annar vegur, sem ekki er neitt ætlað til í þessum till. hv. fjvn., og það er Norðurárdalsvegur, sem liggur upp frá Skagastrandarvegi um Norðurárdal og til Sauðárkróks. Sá vegur er þýðingarmikil samgönguleið, ekki einasta fyrir þann dal, sem er byggður dalur, heldur er hún og byrjun á lögðum vegi milli héraða, Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu. Ég fer einnig fram á, að í þennan veg verði lagðar fram 50 þús. kr.

Þá flyt ég í þriðja lagi brtt., sem er enn stærra mál en það, sem ég hef hér vikið að, og það er um Skagastrandarhöfn. Hv. fjvn. leggur til, að aðeins séu veittar 100 þús. kr. til þessarar hafnar. Ég fór fram á hálfa aðra milljón og sendi hv. n. áætlun frá vitamálastjórninni, sem að vísu var gerð s. l. sumar, um það, að sú viðgerð, sem þarna er óhjákvæmileg, kosti aldrei undir hálfri annarri milljón króna. Nú hefur sú breyting á orðið til hins verra í fyrsta lagi, að frá því að þessi áætlun var gerð, hefur kostnaðurinn við slík verk stórkostlega aukizt. Í öðru lagi hefur það óhapp skeð, að í ofviðrunum, sem geisuðu í s. l. mánuði, hafa orðið mjög alvarlegar bilanir á hafnargarðinum á Skagaströnd, sem ég hef engar áætlanir um, hvað muni kosta að gera við.

Ég vil í þessu sambandi algerlega mótmæla þeirri reglu, sem tekin hefur verið upp af fjvn., ekki nú í fyrsta sinn, heldur stundum áður, að miða framlögin til hafnargerða eingöngu við þær skuldir, sem ríkissjóður á ógreiddar til hafnargerðanna. Með því móti er farið inn á þá leið að veita þeim alltaf hæst, sem sterkasta hafa aðstöðuna, þeim stöðum, sem mesta möguleika hafa til þess að útvega sér lánsfé eða leggja fram fé sjálfir, og það verða auðvitað alltaf fjölmennustu kaupstaðirnir. Í þessu efni verður fyrst og fremst að líta á þörfina, og þó að alltaf geti verið álitamál og sennilega aldrei samkomulag um, hvar þörfin sé mest vaðandi nýbyggingar á hafnarumbótum, þá ættu þó allir hv. þm. að geta verið sammála um það, að á því er þörfin mest að sjá um það, að þau mannvirki á þessu sviði, sem búið er að gera, séu ekki látin drabbast niður, vegna þess að það fáist ekki fjárveitingar til þeirra, og það er það, sem hér er um að ræða á þessu sviði. Þó að ég fari ekki fram á þarna nema 600 þúsund króna fjárveitingu, þá mundi það ekki nægja, því að það yrði að gera aðrar ráðstafanir til lánsútvegunar til björgunar því milljónafyrirtæki, sem þarna er búið að byggja.

Ég vil þess vegna mega vona, að hv. þm. skilji það, að hér er um svo mikið nauðsynjamál að ræða, að það má alls ekki lengur ganga fram hjá því að bæta þar úr. Ég skal játa, að það væri mikil þörf á því að fara fram á fjárveitingu til aukningar á höfninni þarna, en ég fer ekki fram á neitt slíkt, heldur aðeins fer ég fram á, að það sé veitt fé til þessa mannvirkis þannig, að því sé nokkurn veginn óhætt, og gert við þær skemmdir, sem orðið hafa, svo að það sé ekki í sífelldri hættu, sem það er og að mjög miklu leyti stafar af því, að það hafa ekki fengizt fjárveitingar til þess að fullgera þann garð, sem áður var búið að leggja.

Nú er það svo á þessum stað, að í raun og veru á ríkið mannvirkið, og ríkið á þarna fasteignir upp á marga tugi milljóna, svo að það er sannarlega ríkisins mál að sjá um, að það sé ekki haldið svo í fjárveitingar á þessu sviði, að það sé látið viðgangast, að mannvirki slíkt sem þetta sé látið drabbast niður, vegna þess að það fást ekki neinir peningar til þess að gera við það. Menn verða að gera sér grein fyrir því, að á stöðum slíkum sem þessum, þar sem óhöppin hafa steðjað að hvert á fætur öðru, síldveiðibrestur og fiskveiðibrestur umfram það, sem áður var, þá eru ekki miklir möguleikar til þess að útvega sér lánsfé til þess að gera við það stóra mannvirki, sem þarna er um að ræða.

Ég skal geta þess hér, að það liggja líka fyrir beiðnir um verulega fjárveitingu til framhaldandi hafnarbóta á Blönduósi, en vegna vanrækslu frá vitamálastjóra hef ég ekki í höndum áætlun um þá viðbót, og þess vegna verð ég að geyma till. um það fram til 3. umr. og vona, að mér gefist tækifæri til þess að tala við hv. fjvn., áður en þar að kemur. Raunar komu hér nokkrir menn nú í vetur úr hreppsnefndinni á Blönduósi og töluðu um þetta þýðingarmikla mál við hv. fjvn. En það hefur ekki enn þá fengið áheyrn, og skal ég ekki um það fara fleiri orðum að svo stöddu, en vænti að geta náð samkomulagi við hv. n. fyrir 3. umr. um það atriði.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þessar till. nú, og varðandi aðra vegi en þessa tvo fresta ég því að sjálfsögðu að bera fram brtt. um framlög til þeirra, þangað til séð verður, hvernig fer um brtt. hv. minni hl. fjvn. um framlög til vegabóta yfirleitt.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér örfáar og litlar brtt. við fjárlagafrv., ekki vegna þess, að það sé ekki margt fleira, sem ég teldi ástæðu til að fá hækkað í frv., heldur af því, að ég tel, eftir því sem fram hefur komið, að það sé ákaflega vonlítið að fá miklar hækkanir fram, eins og málum er nú komið.

Ég mun ekki gera fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir, að umræðuefni hér í kvöld, en ég kemst ekki hjá því að minna á, hvað hæstv. fjmrh. sagði hér í kvöld, þegar hann var að tala um stjórnarandstöðuna. Hann sagði, að við sjálfstæðismenn hefðum ekki annað til málanna að leggja en yfirboð, ómerkileg yfirboð, að mér skildist á hæstv. ráðh. Mér finnst þessi ummæli hæstv. ráðh. vera mjög ómakleg, vegna þess að engin ríkisstj. á Íslandi hefur haft eins sanngjarna stjórnarandstöðu og sú ríkisstj., sem nú situr. Við sjálfstæðismenn erum ekki með yfirboð við fjárlfrv., sem nú er verið að ræða hér í hv. Alþ., en við leyfum okkur hins vegar að flytja hér fáeinar brtt. og freista þess að leiðrétta að nokkru misræmi, sem ávallt hlýtur fram að koma hjá hv. fjvn., jafnvel þótt hún sé öll af vilja gerð.

Það frv., sem nú liggur hér fyrir til umr., er það hæsta, sem nokkru sinni hefur verið nefnt eða sézt hér í sölum Alþingis, og ég sagði við sessunaut minn í kvöld, að hæstv. fjmrh. ætlaði að verða á undan áætlun í því að hafa há fjárlög, því að nú sýnist mér, að þetta frv. muni verða um 800 millj. kr., fjárlögin fyrir árið 1957.

Ég mun hafa sagt hér á s. l. ári, að ef þessi hæstv. fjmrh. yrði fjmrh. næstu tvö ár, mundu fjárlögin ná því að verða einn milljarð, en ég sé ekki annað en að því takmarki verði náð á næsta ári, á árinu 1958, með sama áframhaldi. Fjárlögin virðast ætla að hækka um 150 millj. kr. að þessu sinni frá því, sem þau voru á árinu 1956, og ef sama hraða yrði haldið áfram fyrir næsta árs fjárlög, þá yrði ekki of mikið að hugsa sér, að þau fjárlög hækki um 200 millj. kr., og er það eðlileg afleiðing af því, sem hefur gerzt undanfarnar vikur og undanfarna mánuði. Þær ráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert, hljóta að verða þess valdandi, að dýrtíðin eykst með meiri hraða en nokkru sinni fyrr, og það er því sérstaklega vel að orði komizt hjá hv. meiri hl. fjvn., þegar hann talar um það, að hún sé í kapphlaupi við dýrtíðarvagninn. Sannarlega er hv. meiri hl. og hæstv. ríkisstj. í kapphlaupi við dýrtíðarvagninn, og ég sé ekki annað en að hún hafi komizt langt fram úr og að nú sé meiri hraði á dýrtíðinni og verður næstu vikur heldur en nokkurn tíma hefur áður verið. Það er raunaleg staðreynd, sem hér er um að ræða, og það er staðreynd, sem mun leiða til ófarnaðar fyrir íslenzka þjóð. Það hefði sannarlega verið gott, ef það hefði tekizt, sem lofað var, að stöðva dýrtíðina og skapa meira öryggi og festu í fjárhagskerfinu heldur en verið hefur, en það er skaði, að nú virðist vera meira los og ringulreið í þessum efnum en nokkru sinni hefur áður verið.

Þegar ég settist niður í dag til þess að skrifa brtt., þá lá við, að ég hætti við það vegna þess, hvernig fjármálunum er komið, hvað fjárlögin eru há, en þær till., sem ég flyt hér, eru svo veigalitlar, að þótt þær verði samþ., þá hafa þær ekki nein teljandi áhrif á útgjaldahlið fjárl. Ég flyt þessar till. einn varðandi mitt kjördæmi, ekki vegna þess, að samþingismaður minn sé þeim ekki samþykkur, heldur vegna þess, að hann telur sig vera bundinn af því samkomulagi, sem meiri hl. fjvn. gerði. En vegna þess samkomulags, sem búið er að gera, og af því að ég veit, að það er vonlaust að fá þetta hækkað, hef ég ekki flutt neina brtt. í sambandi við vegamálin í sýslunni.

Ég hef hins vegar leyft mér að flytja till. um brú á Svaðbælisá í Austur-Eyjafjallahreppi, og það er vegna þess, að fyrir 2 árum var farvegi Svaðbælisár breytt. Það var grafinn skurður úr farvegi árinnar og henni veitt austar og grafið yfir sýsluveg, og er sá sýsluvegur ófær núna, vegna þess að enn vantar brú á skurðinn. Lausleg áætlun er, að þessi brú muni kosta 100 þús. kr., og hef ég gert till. um á þskj. 260, að þessar 100 þús. kr. verði veittar á þessa árs fjárlögum, og ef það telst ekki fært, þá til vara 50 þús. kr., og býst ég við, að við gætum með einhverjum ráðum látið byggja brúna í sumar, þótt ekki fengjust nema 50 þús. kr., með því þá að taka það, sem á vantar, að láni og eiga það á hættu, hvort fjárframlag fæst á fjárl. 1958.

Þegar tekið er tillit til þess, að fjárveiting til brúa í Rangárvallasýslu samkvæmt till. fjvn. er aðeins 100 þús. kr., þá veit ég, að hv. fjvn. öll í sameiningu, þegar hún hefur athugað þessi mál, getur fallizt a. m. k. á varatill. um brú á Svaðbælisá á þskj. 260. Veit ég, að samþingismaður minn, Sveinbjörn Högnason, mun freista þess í fjvn. að fá a. m. k. varatill. samþykkta.

Þá hef ég leyft mér að flytja till. á sama þskj. um byggðasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga í Skógum, að liðurinn hækki úr 5 þús. í 15 þús. kr. Þetta byggðasafn var stofnað fyrir 3 árum, og þessi styrkur, sem nú er í frv., sama upphæð sem var á fjárl. fyrir árið 1956, var veittur sem byggingarstyrkur yfir skipið Pétursey, sem flutt hefur verið að Skógum og er geymt sem minjagripur og sýnishorn af hinum gömlu róðrarskipum, sem notuð voru víða við land í gamla daga. Þetta er nú ekki há upphæð, og veit ég, að hv. fjvn. mun geta fallizt á þetta.

Ég býst við, að ég taki þessar till. aftur til 3. umr. og gefi fjvn. þannig tækifæri til þess að fjalla um þær fyrir 3. umr.

Þá er það landþurrkun í Vestur-Landeyjum. Á frv. eru 40 þús. kr., en ég legg til, að í staðinn fyrir 40 þús. verði veittar 60 þús. Þetta er mikið fyrirtæki, þessi landþurrkun, það hafa verið 20 þús. kr. á undanförnum fjárl. og hefur núna verið hækkað upp í 40 þús. Það er verið að koma þessu verki áfram, það er allt í skuldum, miklar vaxtagreiðslur fyrir hreppsfélagið og erfitt að standa undir þessu fyrirtæki með svona lágum fjárveitingum. Ég stilli sannarlega kröfum mínum í hóf, þegar ég legg til að hækka þennan lið aðeins um 20 þús. kr., og það getur enginn sagt, að hér sé um yfirboð eða ósanngirni að ræða. Hér er aðeins farið eins vægt í sakirnar og unnt er, þegar litið er á þarfirnar, sem hér er um að ræða.

Þá er styrkur til skólpræsagerðar á Hvolsvelli,

Þetta fyrirtæki er mjög dýrt, það mun kosta á fjórða hundrað þús. kr. Þetta er lítið þorp, sem þarna er um að ræða, og oddvitinn í hreppnum hefur skrifað okkur þm. og talað við okkur og tjáð okkur, að það væri hreppsfélaginu ofviða að standa undir þessu.

Eins og kunnugt er, liggur fyrir þessu hv. Alþ. frv. um skólpræsagerð. Það eru reyndar 5 ár síðan þetta frv. var fyrst flutt, en það hefur aldrei fengizt samkomulag um að lögfesta þetta frv., sem fer þó ekki fram á annað en það, að skólpræsagerð njóti sama styrks og vatnsveitur. Það er þó engum vafa bundið, að það er ekki síður nauðsynlegt að leiða skólp frá þorpum eða kauptúnum en að hafa gott vatn. Hvort tveggja er vitanlega nauðsynlegt, en af heilbrigðisástæðum mun þó skólpið vera enn nauðsynlegra en vatnsveita, því að með einhverjum ráðum er kannske hægt að afla sér vatns, enda þótt ekki sé góð vatnsveita til staðarins. Við skulum nú vona, að það Alþ., sem nú situr, verði til þess að lögfesta þetta frv., sem fyrir þinginu liggur. En þá vil ég segja, að ef styrkur væri veittur á þessa árs fjárl. til þessa fyrirtækis, sem hér um ræðir, þá er ekkert auðveldara en að draga hann frá þeim styrk, sem fyrirtækinu bæri, eftir að lögin hefðu verið samþykkt.

Það er þess vegna ekki forsenda að vísa þessari till. frá, vegna þess að það sé von á l. um skólpveitur. Jafnvel þótt svo væri, að það frv., sem fyrir þinginu liggur, yrði lögfest nú, þá er ekkert síður ástæða til þess að veita styrk til þessa fyrirtækis nú strax, og mætti svo síðan draga hann frá, þegar að því kæmi að veita styrk samkvæmt lögunum.

Hv. 1. þm. Skagf. er fjarstaddur í kvöld, vegna þess að hann er veikur, en ég hef hér flutt till. ásamt honum og hv. 8. landsk. þm. um styrk til hrossaræktarbúsins í Kirkjubæ á Rangárvöllum. Það er vitað mál, að þar er rekið myndarlegt hrossaræktarbú og það er kostnaðarsamt og ekki arðvænlegt beinlínis. En þeir, sem þekkja til hrossaræktar og kunna að meta íslenzka hestinn, telja það mikils virði, að rekið sé bú eins og þetta, og hv. 1. þm. Skagf. ásamt mér og hv. 8. landsk. þm. höfum leyft okkur að flytja till. um, að þetta bú fái styrk að upphæð 37 þús. kr. til að standa undir þeim halla, sem er af rekstri þessa bús, að sjálfsögðu miklu meiri en þetta.

Ég hef nú lýst þeim brtt., sem ég flyt. Og eins og ég sagði í upphafi, þá eru þær mjög hóflegar, og það er augljóst, að hér er ekki um neinar yfirboðstill. að ræða. Þær eru fluttar vegna þess, að það er nauðsynlegt að taka tillit til þeirra mála, sem þessar till. snerta, og ég geri ráð fyrir því, að ég taki þær flestar eða allar aftur til 3. umr., svo að hv. fjvn. fái tækifæri til að fjalla um þær, og ég treysti svo á sanngirni hv. fjvn., að hún fallist á þessar till., þegar hún hefur haft tækifæri til þess að kynna sér málin.

Eiríkur Þorsteinsson: Herra forseti. Ég flyt á þskj. 261 brtt. við 22. gr. fjárlaga um að greiða allt að 500 þús. kr. úr ríkissjóði af stofnframlögum til héraðsskóla fyrir þau sýslufélög, sem vegna erfiðs fjárhags geta ekki staðið undir framlögunum af eigin rammleik.

Eins og kunnugt er, ætlast lögin um héraðs- og gagnfræðaskóla til þess, að sýslufélag eða sýslufélög, sem standa að þeim, leggi fram ¼ af stofnkostnaði þeirra. Þessir skólar eru nú ekki lengur fremur skólar unglinga úr þeim sýslum, sem þeir eru staðsettir í, en unglinga frá öðrum sýslum eða bæjum. T. d. er nú 70% af nemendum Núpsskóla frá Reykjavík. Á bak við þennan skóla standa 6 fátæk hreppsfélög, en verið er að reisa þar mannvirki, sem búast má við að kosti allt að 18—20 hundruð þús. kr. Er því hlutur þessara hreppa ákveðinn 450—500 þús. kr., en þessi upphæð er hreppunum algerlega ofviða. Það er því eðlileg og sjálfsögð ráðstöfun hér á hinu háa Alþ., að hlaupið verði undir bagga með þeim, sem erfiðasta eiga aðstöðu í þessu efni, og ekki sízt ástæða til að miða þá aðstoð við þá skóla, sem veita utanhéraðsnemendum meiri fræðslu en þeim, sem búa í þeim héruðum eða sýslum, sem ein standa straum af stofnkostnaði þeirra á móti ríkinu. Það er því trú mín, að hv. alþm. veiti þessari brtt. minni stuðning með atkv. sínum við afgreiðslu fjárl., þegar hún fer fram.

Ég geri ráð fyrir því, að ég taki till. aftur við þessa umr. til 3., svo að fjvn. gefist þá kostur á að athuga hana, og ég vonast eftir, að hún sjái fært að mæla með henni, því að ég tel, að öll rök hnigi að því, að eitthvað þurfi að gera í þessum tilfellum.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Ég ætla að lýsa hér tveimur brtt., sem við hv. 2. þm. Árn. flytjum hér.

Þegar við fórum fram á það við hv. fjvn. að taka upp í till. sínar brú á Laxá hjá Auðsholti í Árnessýslu, varð okkur á sú vangá að gera ráð fyrir 200 þús. kr. fjárveitingu í stað 300 þús., sem var eiginlega okkar hugsun. Brú þessi er áætlað að muni kosta ½ milljón. Brúin er mjög þýðingarmikil fyrir hóp bænda, sem eru innikróaðir milli stórvatnsfalla og verða að flytja allt að sér og frá á ferju yfir Hvítá í Biskupstungum. Ætlun okkar var að óska eftir 300 þús. kr. fjárveitingu, svo að hægt væri ef til vill að byrja á brúarsmíðinni, ef það sýndist fært. Þess vegna flytjum við brtt. III á þskj. 261.

Þá flytjum við hv. 2. þm. Árn. brtt. VIII á þskj. 261, um holræsagerð í Þorlákshöfn. Hún er borin fram sökum þess, að í Þorlákshöfn eru sérstakir erfiðleikar á holræsagerð. Landslagi er þar svo farið, þar sem þorpið stendur, að klöpp er þar undirstaða, og má heita, að enginn jarðvegur hylji hana. Verður því að sprengja þar fyrir öllum æðum, sem í jörð eru lagðar. Er því holræsagerð þar mjög erfið og dýr, en hins vegar íbúar fáir enn, en þorpið er í vexti og hlýtur að eiga sér mikla framtíð vegna góðrar legu sinnar við hin nálægu og fengsælu fiskimið. Er fyrirsjáanlegt, að hin nauðsynlega framkvæmd holræsagerðar á staðnum verður ekki framkvæmd, ef ekki fæst til þess stuðningur frá því opinbera. Er illt til þess að vita, að staðir, sem hafa mikla framtíðarmöguleika og bjóða upp á góð atvinnuskilyrði og mikla öflun tekna fyrir þjóðarbúið, fá ekki þá aðhlynningu þjóðfélagsins, sem þeim er nauðsynleg, meðan þau eru í uppbyggingu. Vænti ég

því, að þessari till. okkar verði tekið með sanngirni, eins og málavextir eru og ég hef lýst.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Ég flyt ásamt hv. 1. þm. Rang. og hv. samþingismanni mínum brtt. á þskj. 261 um 500 þús. kr. fjárveitingu til fjórðungssjúkrahúss á Suðurlandi. Erindi þess efnis hefur legið fyrir hv. fjvn., og vegna þess að n. hefur ekki tekið þessa fjárbeiðni upp í brtt. sínar á þskj. 252, flytjum við þessa brtt. En nú hefur verið upplýst af framsögumönnum hv. fjvn. í umr. hér í kvöld, að hún hafi frestað að taka ákvarðanir um úthlutun fjár til sjúkrahúsa, frestað því til 3. umr. málsins. Vænti ég því, að ekki sé vonlaust um, að n. taki þessa till. þá upp í till. sínar, og í því trausti mun ég taka þessa till. aftur til 3. umr., þegar þar að kemur, og mun ég ekki fjölyrða um málið á þessu stigi. Aðeins vil ég geta þess, að undanfarin ár hefur að tilhlutan sýslunefndar Árnessýslu verið unnið að undirbúningi að byggingu sjúkrahúss á Suðurlandsundirlendinu. Er undirbúningnum nú þar komið, að ákveðið hefur verið að byggja sjúkrahúsið á Selfossi. Það á að rúma 30—40 sjúkrarúm og vera byggt þannig, að stækkun sé auðveld síðar. Teikning hefur verið gerð og samþykkt af húsameistara ríkisins og heilbrmrh. Unnið hefur verið að fjáröflun í héraðinu til sjúkrahúsbyggingarinnar. Hafa allir hreppar sýslunnar lofað nokkru framlagi. Þá hafa mörg félög og félagasambönd í sýslunni beitt sér fyrir fjársöfnun innan sinna vébanda, svo að nú mun vera nokkurt fé fyrir hendi til byrjunarframkvæmda, þó að það nægi hvergi nærri til að ljúka þeim áfanga, sem nauðsynlegt er að gera í byrjun.

Ég vil svo endurtaka það, að við flm. þessarar till. væntum þess, að hv. fjvn. taki hana til vinsamlegrar athugunar fyrir 3. umr. fjárlagafrv. og taki hana þá upp í sínar till.

Þá flyt ég ásamt hv. samþingismanni mínum brtt. á þskj. 261 um hækkun á styrk til tónlistarskólans á Selfossi, en þessi skóli er starfræktur af Tónlistarfélagi Árnessýslu. Skólinn hefur verið rekinn í 2 ár og nýtur nú þegar mikilla vinsælda. Fastur kennari er við skólann og 2 aukakennarar. Nemendur eru nú um 60, víða komnir að úr héraðinu, og er hann því með fjölmennustu skólum þessarar tegundar á landi hér. Styrkur frá ríki til skólans var á s. l. ári 10 þús. kr., og er sú upphæð óbreytt í fjárlagafrv. Við förum fram á, að styrkurinn verði hækkaður í 20 þús. kr., í þessari brtt. okkar. Skólanefnd skólans hafði sent fjvn. erindi og farið fram á 30 þús. kr. styrk. Þessi hækkunarbeiðni getur ekki talizt ósanngjörn, miðað við aðra slíka skóla. T. d. fær Akureyri 40 þús. kr. í þessu skyni, Ísafjörður 20 þús. og mun vera álíka fjölmennur og Selfossskóli. Siglufjörður og Vestmannaeyjar fá 15 þús. kr. hvor. Ég vil geta þess í þessu sambandi, að íbúar á Selfossi eru nú hálft fimmtánda hundrað, en í sýslunni allri, sem að skólanum stendur, nokkuð á 7. þús. manns. Skólinn naut á s. l. ári 20 þús. kr. styrks frá Selfosshreppi og sömu upphæðar úr sýslusjóði.

Ég vil svo vænta, að þessari till. verði vinsamlega tekið og hv. þm. sjái sér fært að samþykkja hana.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Sú till., sem enn þá er hvergi komin á prent, en ég ætla að minnast á og bið hv. þingheim að taka mér það ekki illa upp, er út af erindi, sem ég fékk frá húsráði góðtemplara í Vestmannaeyjum, sem hefur með höndum að koma upp sjómannaheimili þar á staðnum. Þetta erindi þeirra sendi ég til hv. fjvn. með beiðni um 300 þús. kr. styrk til þess að flýta fyrir byggingunni, sem að vísu er komin vel á veg, en vantar þó mikið á að sé hægt að nota. Ég hef ekki tekið eftir því, að hv. n. hafi veitt þessu neina athygli, a. m. k. ekki svo, að hún hafi lagt með því eða á móti frammi fyrir þingheimi. En á hitt vildi ég minnast, að sjómannaheimili á þessum stað, Vestmannaeyjum, er miklu nauðsynlegra en margt annað, sem lagður er í opinber styrkur.

Um langt árabil hefur K. F. U. M.-félagið í Vestmannaeyjum haldið opinni lítilli sjómannalestrarstofu fyrir þá, sem þar eru aðkomandi, sérstaklega á vetrarvertíð, og fengið til þess lítils háttar styrk frá Alþ., eitthvað 2000 kr. á ári eða svo. En þetta er orðið aldeilis ófullnægjandi og með breyttum skilyrðum við sjósóknina og vinnuna í landi og aðbúnað sjómannanna þarf miklu myndarlegri aðgerðir, til þess að sjómenn og verkamenn, sem koma utan af landi, eigi þar til góðs félagsheimilis að hverfa. Aðstæðurnar eru ákaflega mikið breyttar í þessu efni í þessari stóru veiðistöð frá því, sem áður var. Áður var það svo, að sjómenn og landverkamenn, sem komu norðan, austan og vestan og ofan af landi beint til Eyja, voru teknir á heimili og voru þá fastir heimilismenn sinna húsbænda þann tíma, sem þeir dvöldu á staðnum. Þetta er, síðan vinnan komst í meira stóriðjuform, mjög breytt. Það er miklu minna um það, að þessir menn hafi að verulegu heimili að halla sér, en þeir eru annaðhvort mestmegnis á sjótrjánum eða þá ganga á milli þeirra staða í landi, þar sem skemmtanir eru eða veitingar o. s. frv., en ekkert verulegt félagsheimili er til fyrir þá að hverfa að.

Þegar þess er gætt, að þarna er mikinn hluta ársins um 2000 manns aðkomandi frá ýmsum landshlutum og sumpart frá útlöndum, — þá á ég við Færeyingana, — þá gefur auga leið, að fyrir þennan hóp manna þarf nauðsynlega eitthvað að gera, þannig að þeir geti notað frístundir sínar til þarflegri hluta en að sækja lélegar skemmtanir eða þá að eyða tímanum á götunni. Þetta mál er ekki flutt sérstaklega vegna Vestmanneyinga, heldur vegna þeirra, sem sækja þarna atvinnu sína, þó að þeir eigi heima annars staðar á landinu.

Templarar hafa sýnt af sér mikinn myndarskap við að koma þarna upp stórri byggingu, og þeir hafa notið á vissum tíma nokkurs styrks frá Alþ. í þessu skyni. En það þarf að rétta þeim styrkari hjálparhönd, til þess að þeir geti lokið við að koma upp þessu heimili og gert það vistlegt og almennilegt fyrir aðkomufólkið. Þess vegna hef ég ráðizt í að flytja nú brtt. við þessa umr. fjárl., sem ég þó mun taka aftur til 3. umr., og vonast til, að hv. fjvn. muni á því tímabili sinna þessu máli meira en hún hefur gert hingað til. Er ég fús til þess að upplýsa málið fyrir henni, eins og hún óskar, til þess að sýna fram

á þá miklu nauðsyn, sem er á því að koma upp félagsheimili í Vestmannaeyjum fyrir það aðkomufólk, sem þarna dvelst þó nokkra mánuði ársins ár hvert og er svo nauðsynlegt fyrir framleiðsluna, eins og raun ber vitni að sjómenn og verkamenn eru á þessum stað.

Ég endurtek, að það er ekki sérstaklega vegna Vestmanneyinga sjálfra, sem ég óska eftir að þessu erindi sé sinnt og styrkur veittur til félagsheimilisins eða sjómannaheimilisins, sem það á að heita, heldur vegna hins mikla fjölda fólks, sem kemur víðs vegar að af landinu, og er þá málið viðkomandi í raun og veru miklu fleiri þm. en þeim, sem hér eru mættir fyrir Vestmannaeyjar.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta mál að sinni, en lýsi yfir því, að ég mun taka till. aftur til 3. umr. í þeirri von, að hv. fjvn. taki málið til gaumgæfilegrar athugunar milli umræðna.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Hv. þm. Snæf. (SÁ) og ég flytjum nokkrar brtt. á þskj. 262, og er það sérstaklega ein, sem ég ætla að fara fáeinum orðum um, undir I. Þar er um að ræða Hellissandsveg eða Ennisveg, sem við leggjum til að sé tekinn upp í fjárl. nú með 400 þús. kr. fjárveitingu.

Í fyrra var þessi vegur tekinn í fyrsta sinn inn á fjárl., og þá var gert ráð fyrir 100 þús. kr. í þennan veg. Vegamálastjóri gerði ekki ráð fyrir, að nein fjárveiting væri látin í þennan veg að þessu sinni í till. sínum til fjvn., og rök hans fyrir því voru þau, að af því vegafé, sem ætlað væri í sýsluna, væri ekki hægt að taka nema þá svo litla upphæð, að það kæmi ekki að neinum notum við það verk, sem þarna þarf að vinna.

Eins og þeir vita, sem þarna þekkja til, þá er um það að ræða að tengja saman tvö kauptún, Hellissand og Ólafsvík, með veg utan í Enni, sem er ekki langur, um 7 km á milli kauptúnanna, og sjálfur fjallvegurinn eitthvað rúmlega kílómetri, en erfiður og dýr vegur og verður ekki tekinn nema í að mestu einum áfanga vegna þess, hvernig ástatt er þarna nú, því að það er reynt að klöngrast á milli þorpanna niðri í fjörunni. En um leið og byrjað er á vegi, er auðvitað lokuð sú leið eftir fjörunni, og þar með eru þessi tvö kauptún sambandslaus. Þó er hægt að byrja að utanverðu og reyndar Ólafsvíkurmegin líka að nokkru, en vegamálastjórinn telur alveg ómögulegt að byrja, nema fyrir liggi fjárhæð, sem væri hálf til ein milljón.

Það er vitað mál, að sparisjóðir bæði í Ólafsvík og Hellissandi mundu eitthvað hjálpa til við þetta mál, ef einhver fjárveiting fengist inn á þennan lið.

Nauðsynin á því að tengja þessi tvö kauptún saman er auðvitað öllum augljós. Það er sami héraðslæknir í Ólafsvík og Hellissandi, og það eitt út af fyrir sig gerir mjög eðlilegt, að reynt sé eitthvað að hjálpa til að koma sambandi á á milli kauptúnanna. Það er 40—50 km leið að fara í kringum Jökul frá Ólafsvík út á Hellissand, og er þess vegna mjög nauðsynlegt fyrir það fólk, sem býr á Hellissandi, að þessi vegur komist á.

Vegamálastjóri hefur athugað þrjár leiðir, sem um væri að ræða, og hann hefur ákveðið, að svokölluð miðleið skuli valin, en þar er grjóthrun lítið og ætti að geta verið vel fær vegur þess vegna, og ætti að geta verið vegur, sem er fær allan ársins hring.

Leiðin á milli þessara tveggja staða er, eins og ég sagði áðan, algerlega ófær yfir vetrartímann og reyndar illfær yfir sumarið líka, en nauðsyn að koma þessu á, sér í lagi þar sem hefur áður verið veitt byrjunarfjárhæð til þess að hefja þessar framkvæmdir, sem ekki er hægt að nota, ef ekki er tekið ofur lítið rösklegar á en hefur verið gert, hvað þá ef ekkert er, eins og vegamálastjóri hefur lagt til og fjvn. fallizt á. Sjá allir menn, að það er bráðnauðsynlegt að koma einhverju þarna ofur lítið lengra áfram.

Um þær aðrar brtt., sem ég er meðflutningsmaður að hér, hygg ég að hv. þm. Snæf. muni tala nánar, en þessi sérstaka leið er mjög mikið áhugamál fyrir það fólk, sem býr á utanverðu Snæfellsnesi, og miðað við sumt annað, sem hv. fjvn. hefur séð ástæðu til að taka til meðferðar við undirbúning á fjárl. núna, þá hygg ég, að það væri ekki óeðlilegt, þó að hún liti þarna út á Snæfellsnesið svona af og til.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 19. febr., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, n. 255 og 256, 252, 253, 260, 261, 262, 263, 265).

Afbrigði um brtt. 263 og 265, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Hv. 8. landsk. þm. (BjörnJ) og ég flytjum á þskj. 263 till. um breyt. á 10. gr. fjárlagafrv., III. lið 6. Sá liður fjallar um áætlaðan kostnað við sendiráðið í Osló, samtals 409950 kr. Í brtt. fjvn. er þessi kostnaðarliður hækkaður upp í 475541 kr., en samkvæmt till. okkar tvímenninganna er liðurinn orðaður svo:

„Ræðismannsskrifstofa í Osló, 80 þús. kr., enda verði ambassador Íslands í Kaupmannahöfn falin forsjá sendiráðs í Noregi.“

Með samþykkt þessarar till. mundu sparast nærri 400 þús. kr. á þessum eina lið. Að vísu yrðu Íslendingar einum sendiherra eða sendiráðherra fátækari, en margir munu telja, að það ættu þeir að geta þolað.

Það mun ríkjandi skoðun meðal þeirra flokka, er hæstv. ríkisstj. styðja, að forstöðumenn sendiráða séu óþarflega margir orðnir. Sömu skoðunar mun og meginþorri þjóðarinnar vera. Utanríkisþjónustan, eins og raunar fleiri opinberar stofnanir, er vaxin þjóðinni yfir höfuð. Hún er orðin þessari fámennu þjóð ofviða. Ég lít svo á, að það sé eitt af mörgum verkefnum hæstv. ríkisstj. að taka hér til hendi og kippa í lag.

Það, sem í till. felst, er ekki nýmæli hér á hinu háa Alþ. Ég er ekki vel að mér í þingsögu, en þó kann ég að greina frá því, að 1948 og 1949 var flutt lagafrv., er efnislega stefndi í sömu átt. Voru flutningsmenn þess frv. þeir hv. þm. V-Húnv. og fyrrv. alþm. Helgi Jónasson. Þeir lögðu til, að forstöðumenn sendiráða (sendiherrar og sendifulltrúar) mættu ekki vera fleiri en 4. Árið 1949 var kostnaður við sendiráðin áætlaður í fjárlagafrv. töluvert á aðra millj. og þótti mikið,

en sendiherrar munu þá hafa verið 6. Nú eru þeir 8 að tölu og kostnaður á þessu ári áætlaður nærri 6½ millj. kr.

Það vill nú svo til, að sendiherraembættið í Osló er laust. Það er því tilvalið tækifæri að lækka tölu forstöðumanna sendiráða úr 8 niður í 7 nú þegar. Það væri góð byrjun og mundi mælast vel fyrir. Sendiherrann í Kaupmannahöfn gæti sem bezt annazt störfin í báðum löndum, Noregi og Danmörku. Síðan mætti við hentugleika halda áfram að lækka töluna niður í 5 eða jafnvel 4.

Ég kemst ekki hjá að geta þess, sem allir þó vita, að orðrómur hefur þegar tilnefnt ákveðinn mann sem sendiherraefni í Osló, en þessi maður er hv. 4. þm. Reykv. (HG). Skæðar tungur gætu fundið upp á því að bera okkur flutningsmönnum till. það á brýn, að með henni vildum við hafa virðulegt embætti af þeim mæta manni, hv. 4. þm. Reykv., það væri vegna illkvittni í hans garð, að till. kæmi fram. Því fer þó fjarri, að nokkuð slíkt hafi ráðið því, að við flytjum þessa till. Hún er eingöngu fram komin vegna málefnisins. Það væri sönnu nær að ætla okkur flutningsmönnum þann veikleika, að við hefðum ekki borið þessa tillögu fram, ef við með henni hefðum talið okkur gera á hlut þessa hv. þm. En það, sem auðveldaði okkur að bera fram till., var þetta: Ef sendiherrastaðan í Osló hefur verið ætluð hv. 4. þm. Reykv., er hægur nær að bæta honum tjónið, því að innan skamms mun losna sams konar embætti í Kaupmannahöfn, og verður hann þá svo að segja sjálfkjörinn í það, ef till., sem um er að ræða, hlýtur samþykki hins háa Alþingis.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja ásamt hv. þm. Ak. þrjár brtt. á þskj. 263. Tvær þessara till. mega teljast smávægilegar.

Er þar fyrst till. okkar um hækkun á styrk til Leikfélags Akureyrar úr 25 þús. kr. í 35 þús., sem flutt er að beiðni leiklistarmanna á Akureyri. Leikfélag Akureyrar á mjög í vök að verjast fjárhagslega, en hefur verið mjög athafnasamt. Á þessu ári hefur Akureyrarbær hækkað sitt framlag til félagsins í áðurgreinda upphæð, og er þessi till. flutt í samræmi við það.

Eins og sjá má af brtt. hv. meiri hl. fjvn., leggur hann til, að styrkur til Leikfélags Reykjavíkur verði hækkaður um 20 þús., í 70 þús. kr. Virðist mér, að þegar tillit er tekið til aðstöðumunar leikfélaga úti á landi og hér í höfuðstaðnum til tekjuöflunar, þá sé fullkomlega sanngjarnt að hækka einnig styrk til Akureyrarfélagsins um þessa lítilfjörlegu upphæð.

Þá leggjum við einnig til, að veittar verði 45 þús. kr. til greiðslu á hluta skólanna og þá sérstaklega menntaskólans af byggingarkostnaði sundhallarinnar á Akureyri. Ætlumst við til, að þetta verði fyrri fjárveiting og að á næsta ári verði jafnhárri upphæð varið til þessa.

Sú er forsaga þessa máls, að þegar bygging sundhallarinnar á Akureyri var hafin, fékkst viðurkenning fyrir þeirri sanngirniskröfu, að framkvæmdin yrði að nokkru studd af ríkinu umfram það, sem lög um íþróttasjóð mæla fyrir um. Var þetta byggt á því, að með byggingu sundhallarinnar væri bæjarfélagið að létta af ríkinu útgjöldum, sem því einu bæri að bera, og var þar sérstaklega hafður í huga menntaskólinn, sem eins og öllum er kunnugt er ríkisskóli, sem ber að kosta að öllu leyti af ríkisfé.

Þegar hér var komið, gerði íþróttafulltrúi og fræðslumálaskrifstofan áætlun um það, hve notkun menntaskólans af sundhöllinni mundi verða mikil, og komust þessir aðilar að þeirri niðurstöðu, að hún mundi vera um 6% og því væri sanngjarnt, að ríkið legði þessa upphæð fram auk framlaganna úr íþróttasjóði.

Í samræmi við þetta samkomulag, sem varð á milli forráðamanna kaupstaðarins og ríkisvaldsins, voru teknar um tveggja ára skeið 45 þús. kr. á fjárlög í þessu skyni, og var þá miðað við 6% af þeim byggingarkostnaði, sem í upphafi var áætlaður, en hann var áætlaður þá 1½ millj. kr., þegar bygging var hafin 1951. Vegna fjárhagsörðugleika hefur þessi bygging dregizt mjög lengi, og það er fyrst núna seint á nýliðnu ári, að henni var að fullu lokið og hún tekin í notkun. En vegna þessa dráttar, sem orðinn var á byggingunni, varð byggingarkostnaðurinn ekki 1½ millj., eins og í upphafi hafði verið ráð fyrir gert, heldur 3 millj., eða réttum helmingi meiri. Samkv. þessu gamla samkomulagi, sem ég hef áður lýst um þetta efni, telur því bæjarstjórnin á Akureyri, að bærinn eigi þarna inni hjá ríkinu 6% af 1½ millj., eða 90 þús. kr., og fjallar þessi till. okkar hv. þm. Ak. um það, að leiðrétting fáist á þessu og þessi áfallna skuld verði greidd. Hún er því ekki raunverulega um annað en að krefja efnda á loforði, sem gefið var, þegar ráðizt var í byggingu sundhallarinnar.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um till. mína og hv. meðflm. míns, sem einnig er á þskj. 263, um framlag til dráttarbrautar á Akureyri og nauðsyn þeirrar framkvæmdar fyrir togaraútgerðina.

Níu ára reynsla er nú fengin fyrir togaraútgerð fyrir Norðurlandi. Sú reynsla er á margan hátt uppörvandi og í heild það sæmileg, að á henni hlýtur að verða byggt, þegar um það er hafizt handa að hefja viðreisnarstarf í atvinnumálum þessa landsfjórðungs, svo sem er yfirlýst ætlan núv. ríkisstj. og stuðningsflokka hennar og þegar hafa verið lögð nokkur drög að.

Nú hefur það verið ákveðið, svo sem alkunnugt er, að fjölga mjög togurum landsmanna, og því hefur verið yfirlýst og raunar lögfest að nokkru leyti, að þessi fyrirhugaða stækkun togaraflotans skuli fyrst og fremst koma landsfjórðungunum austan-, norðan- og vestanlands til góða. Fólkið í hinum atvinnusnauðu bæjum og kauptúnum þessara landshluta, sem nú býr við einna skarðastan hlut landsmanna, horfir nú til þess, að hin nýju skip færi því ný tækifæri til þátttöku í framleiðslustörfum þjóðarinnar og megni að bæta hag þess að miklum mun, en því er líka vel ljóst, að fjölgun togaranna og bátanna er engan veginn einhlítt úrræði og að jafnframt henni verður að búa útgerðinni betri og fullkomnari starfsskilyrði en hún hefur nú og hefur haft. Koma þar fyrst og fremst til bætt hafnarskilyrði, bættur og aukinn kostur frystihúsa og önnur skilyrði til fullverkunar aflans og að lokum aðstaða til viðgerða og viðhalds.

Till. mín og hv. þm. Ak. fjallar um þetta síðasttalda atriði, sem reynslan hefur kennt að er mjög mikils um vert, ef unnt á að vera að vænta þess, að útgerð togaranna geti þrifizt svo sem vera ber. Ég hef ekki um það neinar tölur, hve það tjón er mikið, sem togaraútgerðin á Norðurlandi, Vestfjörðum og Austfjörðum hefur beðið undanfarinn áratug, vegna þess að orðið hefur að sækja allar meiri háttar viðgerðir og viðhald togaranna til Reykjavíkur eða til útlanda, vegna þess að engin dráttarbraut, sem getur tekið upp svo stór skip, er til í þessum landshlutum, en ég fullyrði, að þetta tjón nemur milljónum og aftur milljónum króna.

Sigling til Reykjavíkur tekur ætíð nokkurn tíma og kostar þar af leiðandi stórfé. Hitt er þó sýnu lakara, að oft verða skipin að bíða, jafnvel svo að vikum skiptir, eftir slippplássi og verða þannig fyrir óhemjulegu tjóni og töfum. Ofan á þetta bætist svo, að sjaldan eða aldrei er unnt að fá að vita með nokkrum fyrirvara, hvenær skipin geti komizt að þeirri einu dráttarbraut, sem hér er um að ræða. Fyrir þá togara, sem stunda síldveiðar fyrir Norðurlandi á sumrum, getur ein smábilun, sem kostar Reykjavíkurferð og ef til vill tilheyrandi bið eftir viðgerð, kostað óhemjuupphæðir í glötuðu aflaverðmæti, sem ekki lætur eftir sér bíða.

Enn kemur það til, að meðan aðeins er ein dráttarbraut á landinu, er um að ræða fullkomna einokun á skipaviðgerðum, og hlýtur það að hafa sín áhrif á viðgerðarkostnað, ekki aðeins fyrir þá togara, sem verða að sækja utan af landsbyggðinni, heldur fyrir togaraflotann í heild.

En svo slæmur og kostnaðarsamur sem skorturinn á dráttarbraut hefur verið til þessa, mun þó fyrst keyra um þverbak þegar togurunum fjölgar að miklum mun á næstu tímum. Sá sannleikur er augljós öllum, að slippurinn hér í Reykjavík getur alls ekki fullnægt þörfum togaraflotans um slipppláss, eins og þær nú eru, en hversu miklu síður mun hann þó geta það, eftir að 15 nýir togarar hafa bætzt í hóp þeirra, sem fyrir eru.

Ég held það mála sannast, að bygging nýrrar dráttarbrautar, sem geti tekið upp togara, sé ekki einasta æskileg ráðstöfun, heldur algerlega óhjákvæmileg, eftir að stórfelld aukning flotans hefur verið ákveðin, svo sem nú hefur verið gert. Nú eru á Norðurlandi 8 togarar, 6 á Vestfjörðum og 3 á Austurlandi, eða samtals 17. Ekki er ólíklegt, að fjölgun verði a. m. k. 10 á næstu tveimur til þremur árum. Í flestum tilfellum yrði þessum togurum hentugra að sækja viðgerðir til dráttarbrautar á Norðurlandi en til Reykjavíkur, og er þá spurningin aðeins sú, hvar bezt hentar að staðsetja slíkt mannvirki. Ég held, að a. m. k. engir af forráðamönnum útgerðarfyrirtækja á Norðurlandi séu í vafa um, að Akureyri sé fyrir flestra hluta sakir sjálfkjörinn staður til þessara hluta. Hún er næst því að vera miðsvæðis í þeim landsfjórðungum, sem hér hafa hagsmuna að gæta. Þar er höfn, svo ágæt sem bezt verður á kosið. Þar standa þær iðngreinar með blóma, sem eru nauðsynlegur bakhjarl slíks fyrirtækis. Þar eru starfandi tvö stór vélaverkstæði og nokkur minni, sem hafa tugi reyndra fagmanna í þjónustu sinni og hafa með ágætum árangri tekið að sér vandasöm verk í sínum greinum, bæði innan bæjarins og utan. Í bænum er gömul og gróin stétt skipasmiða, og þar hefur í áratugi verið rekin dráttarbraut fyrir fiskiskip við góðan orðstír.

Nú fyrir ekki alllöngu hefur bæjarstjórn Akureyrar ákveðið fyrir sitt leyti að koma þar upp dráttarbraut, svo fljótt sem auðið er. Liggja nú fyrir tilboð frá erlendum firmum um smíði brautar fyrir allt að 1200 smálesta þung skip. Samkv. þessum tilboðum er stofnkostnaður fyrirtækisins talinn um 10 þús. kr. á smálest auk kostnaðar við lántöku og vexti, meðan á framkvæmd verksins stendur. Litlar líkur eru taldar á af þeim, sem á slíku hafa sérþekkingu, að fyrirtækið geti staðið undir stofnkostnaði að öllu leyti, og fer því fjarri, að Akureyrarbær ráðist í þessa framkvæmd með bein gróðasjónarmið fyrir augum. En á hitt hefur verið litið, að þörf togaraútgerðarinnar knýr fast á, og einnig hitt, að þörf fyrir aukna atvinnu í bænum er nú brýnni en nokkru sinni hefur áður verið.

Til þess að standa undir væntanlegum halla fyrirtækisins hefur bæjarstjórn hækkað nokkuð hafnargjöld í kaupstaðnum, og einnig hefur hún ætlað á fjárhagsáætlun yfirstandandi árs ½ millj. kr. til verksins. Þá hafa vélaverkstæði bæjarins einnig undirbúið samvinnu sín í milli um þau verkefni, sem fyrir þeim liggja í sambandi við væntanlegan rekstur. Er þessum undirbúningi öllum nú svo langt komið, að unnt er að hefja framkvæmdir strax í vor, ef fjármagn fæst til þeirra. Svo sem kunnugt er, ber ríkissjóði að greiða ⅝ hluta kostnaðar við slíkar framkvæmdir, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni, og er till. okkar hv. þm. Ak. miðuð við framlag bæjarins, eins og það er ákveðið í fjárhagsáætlun hans fyrir yfirstandandi ár.

Ástæður okkar fyrir því, að við leggjum til, að sérstök fjárveiting utan venjulegrar veitingar til hafnarframkvæmda verði veitt til þessa verks, hef ég áður rakið hér að nokkru, en ég get bætt því við, sem ég hef raunar áður sagt óbeint, að hér er um stórmál að ræða fyrir togaraútgerðina úti á landi og raunar fyrir alla togaraútgerð landsmanna og um óhjákvæmilega framkvæmd að ræða, ef búa á að togaraútgerðinni af fyrirhyggju, en hins vegar engan veginn um staðbundið bæjarmál Akureyrar að ræða, þó að hún mundi njóta þar mikils góðs af, sem líka er réttmætt, þar sem bæjarfélagið býðst til að taka á sig mestan þunga þessa átaks. Ég vantreysti engum hv. þm., sem ber hag útgerðarinnar fyrir brjósti, í því að fylgja till. okkar hv. þm. Ak. um þennan stuðning við framtak Akureyrar og enn síður þeim hv. þm., sem meina meira en orðin tóm, er þeir ræða um rétt landsbyggðarinnar, um nauðsynina á atvinnulegri uppbyggingu hennar.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Ásamt hv. 6. landsk. þm. (GJóh.) og hv. 8. landsk. þm. (BjörnJ) hef ég leyft mér að flytja hér brtt. við 22. gr. fjárlaga.

Till. fjallar um heimild ríkisstj. til að taka 25 millj. kr. lán til hafnargerða, þar af verði 10 millj. kr. varið til að greiða áfallin framlög, en 15 millj. kr. verði endurlánaðar bæjar- og sveitarfélögum skv. nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Í þessari till. felst viðurkenning á þeirri nauðsyn, að gert sé átak í hafnarmálum, og enn fremur er hún viðurkenning á því, að bæjar- og sveitarfélög geta ekki unnið svo að þessum málum sem nauðsyn ber til, án þess að lántaka komi til og ríkið aðstoði við útvegun lánanna. Í flestum byggðarlögum við sjávarsíðuna eru hafnarmálin þau mál, sem mest aðkallandi er að leysa, þótt margt annað kalli að á hverjum stað, þar sem afkoma fólks á þessum stöðum byggist á því, að unnt sé að stunda sjóinn. Auk þess eru samgöngur og flutningar nauðsynja víða háðir hafnarskilyrðum öðru fremur.

Á flestum stöðum eru hafnarmálin á því stigi, að framkvæmdum er þokað áfram á óhæfilega löngum tíma, og sums staðar er ekkert eða sama og ekkert gert árum saman.

Sem dæmi um aðkallandi framkvæmdir skal ég nefna hér nokkrar hafnir á Norðurlandi, og er þar fyrst að nefna Raufarhöfn. Þar er full nauðsyn á að byggja hafskipabryggju, svo að tvö skip geti samtímis legið þar. Á Húsavík þarf að lengja hafnargarð um 100 metra og byggja þar bátakví einnig. Á Drangsnesi þarf að lengja bryggju um 30 metra. Á Hólmavík þarf að endurbyggja hafnarbryggju með járnþili og steinkerum. Á Hofsósi þarf að lengja hafnargarðana um 30 metra, til þess að togarar geti komið þar að landi. Á Dalvík vantar bátakví í höfnina, svo að togarar geti komið þar í öllum veðrum og bátar geti verið þar að vetri til. Á Ólafsfirði þarf að styrkja hafnargarðinn og lengja bátabryggju um 30—40 metra. Á Sauðárkróki þarf viðbætur við hafnarmannvirki og loka höfninni og fyrirbyggja sandburð, sem þar á sér stað. Á Haugsnesi þarf að byggja hafnarbryggju. Á Akureyri þarf að fullgera togarabryggju og byggja dráttarbraut, eins og áður hefur verið getið hér. Um Hafnarfjörð sérstaklega skal ég geta þess, að önnur hafskipabryggjan þar er 40 ára gömul og hin er milli 20 og 30 ára, báðar að falli komnar, og getur borið upp á hvenær sem er, að þessar bryggjur hverfi, og þá horfir til stórkostlegra vandræða um skipin þar.

En svo sem fjárhag flestra bæjarfélaga er nú komið, má segja að í raun og veru sé nærri vonlaust, að þau geti án lántöku unnið að nokkrum hafnarframkvæmdum fram yfir það að nota þau litlu framlög, sem ríkissjóður greiðir þeim, sem eiga inni hjá ríkissjóði.

Í þeim þorpum og bæjum úti á landi, sem hafa búið og búa enn við ótryggt atvinnulíf og stundum atvinnuleysi, er geta sveitasjóðanna til að leggja fram fé til hafnarframkvæmda afar takmörkuð og nánast engin. Og hér á suðvesturhluta landsins, þar sem atvinna hefur verið nóg og menn skyldu halda að getan væri meiri, hefur hið öra aðstreymi fólks valdið því, að bæirnir eiga nóg með að sjá um lagningu vega, holræsa og vatnsæða í nýjum hverfum, sem upp rísa, auk þess að byggja skóla og önnur mannvirki, sem fólksfjölgunin krefst. Og er þá ótalið eitt stærsta hlutverk, sem þessi bæjarfélög þurfa að leysa af hendi, en það er að sjá um, að fyrir hendi séu atvinnutæki til þess að skapa þessu fólki atvinnuöryggi. Þegar svo bætast á bæina auknar álögur vegna ýmissa lagasetninga, og er þar skemmst að minnast ákvæðanna um greiðslu bæjarfélaga til atvinnuleysistrygginga, án þess að nýir tekjustofnar komi til, minnka enn líkurnar til þess, að bæirnir geti haldið uppi nokkrum hafnarframkvæmdum.

Það er í rauninni ekki nóg sagt, þegar hér er minnzt á, að bæirnir fái ekki nýja tekjustofna til að mæta auknum álögum, heldur hafa útgerðarbæirnir á síðari árum misst helztu tekjustofna sína, og skal ég nefna sem dæmi, að í forvitnisskyni athugaði ég eitt sinn skattagreiðslur togarafélaga til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar árið 1945 og 1954, og kom þá í ljós, að árið 1945 greiddu 8 togarafélög 43.9% af öllum gjöldum bæjarsjóðs á því ári, en 1954 greiddu 7 togarafélög — eitt þeirra fluttist burt úr bænum á tímabilinu — 1.7% af bæjargjöldum það ár, þ. e. a. s. árið 1945 greiddu aðrir gjaldendur og þá fyrst og fremst einstaklingar 56.1% bæjargjalda, en árið 1954 98.3%. Einustu leiðir bæjarfélaganna til tekjuöflunar eru því orðnar þær að seilast dýpra í vasa hinna almennu gjaldenda eftir útsvörum, en öllu dýpra verður ekki komizt, ekki sízt þar sem þar eru aðrar hendur fyrir, skattheimtumanna ríkissjóðs, og þær hafa seilzt æ dýpra með hverju ári.

Bæjarfélögin flest skulda stórar upphæðir til almannatrygginga, sjúkrasamlaga, byggingarsjóða, að ekki sé talað um atvinnuleysistryggingar, sem fæst bæjarfélög munu hafa getað sinnt í neinu. Sér því hver maður, hve fráleitt er að ætla bæjarfélögunum að vinna að hafnarframkvæmdum, án þess að lán komi til. Það er of mikils krafizt að ætla því fólki, sem ekki hefur efni á því að byggja íbúð yfir sjálft sig, að greiða með útsvörum frá ári til árs byggingu hafnargarða og annarra stórmannvirkja, sem ætlað er að standa um óratíma. Til þeirra framkvæmda verður að koma lánsfé. En reynslan er sú, að bæjar- og sveitarfélög eiga ekki þann aðgang að lánastofnunum, að þau geti sjálf útvegað þau lán, sem til þarf. Þess vegna er með brtt. þeirri, sem hér liggur fyrir, lagt til, að ríkinu sé heimilað að taka allt að 25 millj. kr. lán til þessara framkvæmda til að greiða fyrir bæjunum. Treysti ég því, að hv. þm. skilji nauðsyn þessa og ljái till. fylgi sitt, og læt ég útrætt um þessa till.

Þá hef ég flutt till. um tvo nýja liði á fjárlögum.

Í fyrsta lagi, að 50 þús. kr. verði veittar til verkakvennafélagsins Framtíðarinnar í Hafnarfirði til byggingar dagheimilis. Verkakvennafélagið hefur allt frá því árið 1933 unnið hið mesta menningarstarf með rekstri dagheimilis í Hafnarfirði. Upphaflega reistu verkakonur dagheimilið til þess að geta tekið við börnum, á meðan mæður þeirra voru við fiskvinnu á reitum. En starfið hefur sífellt verið aukið, og hafa félagskonur einnig séð um leikskóla að vetrum, og nú standa þær í þeim stórræðum að stækka dagheimilið að miklum mun frá því, sem það var 1933, og er sú bygging komin undir þak. Félags-

konur hafa jafnan unnið starf sitt án launa og við þröngan fjárhag, en treysta á dugnað sinn og skilning og velvilja annarra.

Á fjárlögum nú eru ætlaðar 50 þús. kr. til barnaheimilis Vorboðans, og teldi ég sanngjarnt og eðlilegt, að verkakonur í Hafnarfirði fengju jafnháa upphæð í byggingarstyrk.

Í öðru lagi hef ég flutt till. um, að veittar verði 25 þús. kr. til Hellisgerðis í Hafnarfirði. Hellisgerði er einn af fegurstu og sérkennilegustu stöðum landsins, og koma fáir menn erlendir svo til Reykjavíkur, að þeim sé ekki sýnt Hellisgerði.

Málfundafélagið Magni hefur í hyggju að stækka gerðið allverulega á næstunni, en hefur lítið fjárhagslegt bolmagn til þeirra hluta, og teldi ég eðlilegt, að ríkið styrkti félagið til framkvæmdanna með þessari upphæð, sem áður er nefnd.

Þá hef ég ásamt hv. 6. landsk. þm. flutt till. um, að styrkir til leikfélaga utan Reykjavíkur og Akureyrar verði hækkaðir í 10 þús. kr., og er það nánast gert til samræmis við framlög til lúðrasveita á sömu stöðum. Telja verður, að fjárhagsafkoma leikfélaganna sé ekki betri en lúðrasveitanna, og auk þess hefur Leikfélag Reykjavíkur fengið hækkaðan styrk og því sanngjarnt, að þau félög, sem við verri aðstæður búa, fái einnig lítils háttar hækkun.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Á þskj. 260 hefur minni hl. fjvn. flutt brtt. varðandi framlag úr ríkissjóði til iðnlánasjóðs, um það, að framlagið hækki úr 450 þús. kr. upp í 1 millj. kr. Ég vildi leyfa mér að mælast til þess við hv. minni hl., að hann taki þessa till. aftur til 3. umr. Rökin fyrir ósk minni eru þau, að málefni iðnlánasjóðsins eru til athugunar í ríkisstj., og ég heiti því, að till. ríkisstj. varðandi málefni iðnlánasjóðsins munu koma fram fyrir 3. umr. fjárlaganna, þannig að hv. minni hl. gefist kostur á því, áður en fjárlögin verða afgreidd, að láta í ljós, hvort honum líka þær till. betur eða verr. Ríkisstj. mun láta sínar till. varðandi iðnlánasjóðinn koma fram, áður en fjárlögin verða endanlega afgreidd, og þá mun hv. minni hl. gefast kostur á að gera sínar viðbótartill. eða brtt. við till. ríkisstj., og ég tel heppilegast, að málið komi þá til úrlausnar, en ekki þegar við 2. umr. Ég leyfi mér að vænta þess, að hv. minni hl. fallist á þessa ósk mína.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það er að vísu ekki mitt að svara því, sem hæstv. menntmrh. beindi hér til minni hl. fjvn. Ég vil aðeins að gefnu tilefni láta það uppi, að mér hefur skilizt, að minni hl. hafi tekið upp beiðni eða till. frá hæstv. ráðh. við fjvn. um þetta framlag. En ég vík að þessu máli vegna þess, að ég er meðflm. með hv. 2. þm. Eyf. að frv. um hækkað framlag til iðnlánasjóðs og þó reyndar tveimur, annað er minna, en hitt meira, þar sem við leggjum til, að helmingurinn af gjaldi af innlendum tollvörutegundum gangi einmitt til iðnlánasjóðs. Nú vildi ég minna á þetta frv. Það hefur verið til umr. í fjhn., og á síðasta fundi fjhn. var ráð fyrir gert, að þetta ásamt fleiri frv. okkar sjálfstæðismanna yrði nánar athugað. Þætti mér mjög mikils um vert, ef einmitt þau sjónarmið, sem þar eru fram sett, hlytu einhverja náð fyrir augum hæstv. ríkisstj., sem nú er upplýst að muni leggja fyrir þingið innan mjög fárra daga tillögur í sambandi við iðnlánasjóðinn. Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta.

Þá vil ég víkja að till. á þskj. 265, sem ég hef leyft mér að flytja ásamt hv. 1. landsk. Það er brtt. við fjárlagafrumvarpið, 14. gr., að þar komi inn nýr liður á eftir XVIII. 2, svo hljóðandi:

„Til íþróttasjóðs til greiðslu upp í hluta hans af kostnaði við íþróttaleikvanginn í Laugardal í Reykjavík, 2000000.“

Skal ég nú rökstyðja nánar, hvers vegna þessi till. er flutt.

Í s. l. mánuði ritaði ég fyrir hönd Laugardalsnefndar hér í Reykjavík fjvn. bréf, þar sem ég gerði grein fyrir aðstæðum og fjárhagsafkomu hinnar miklu íþróttamannvirkjagerðar í Laugardalnum hér í Reykjavík, en þar er, eins og kunnugt er, verið að reisa aðalíþróttaleikvang landsins. Með hliðsjón af því, hvað lagt hefur verið til þessarar mannvirkjagerðar á undanförnum árum af hálfu Reykjavíkurbæjar, og í öðru lagi vegna þess, hversu mikil skuld íþóttasjóðs ríkisins er við þetta mannvirki, mæltist ég til þess, að annaðhvort yrði stórlega hækkað framlag til íþróttasjóðs, sem þá yrði ætlað að renna í eitt skipti til þessara framkvæmda til þess að jafna nokkuð metin, eða þá að tekinn yrði upp sérstakur liður um aukafjárveitingu til Laugardalsframkvæmdanna.

Nú sé ég, að meiri hl. fjvn. hefur lagt til að hækka framlag til íþróttasjóðs úr 1.2 millj. kr. upp í 1.6, eða um 400 þús. kr., og minni hl. upp í 2 millj. kr., eða um 800 þús. kr. Samt sem áður höfum við flutt þessa till. og m. a. vegna þess, að það eru ekki aðeins þessar íþróttaframkvæmdir í Laugardalnum, sem íþróttasjóðurinn stendur í óbættum sökum við, heldur um gervallt land, og er það mín skoðun, að öðrum íþróttamannvirkjum muni ekki af því veita, að hækkað yrði framlagið til íþróttasjóðs frá því, sem ráðgert er í fjárlagafrv., þannig að bróðurparturinn af því færi þá ekki til hinna miklu íþróttaframkvæmda í Laugardal. En ég á erfitt með að gera mér í hugarlund aðra skiptingu, eins og nú háttar til, á fjárveitingu íþróttasjóðs árið 1957, ef ekki verður veitt sérstök fjárveiting til Laugardalsframkvæmdanna, en að verulegur hluti af framlagi íþróttasjóðs þetta ár mundi þá vera talið eðlilegt og rétt að færi til þessara framkvæmda. Til þess liggja m. a. þær ástæður, að hér er um að ræða aðalíþróttaleikvang landsins og hér er um svo stórvægilegt mannvirki að ræða, að fram til þessa er búið að verja nær 11 millj. kr. til þessa íþróttaleikvangs og þó einnig til byrjunarframkvæmda við byggingu nýrra sundlauga í Laugardalnum, en gert er ráð fyrir, að þarna verði aðalíþróttaleikvangur landsins ásamt sundlaugum til almenningsnota, sem eiga að koma í stað hinna gömlu og mjög svo vinsælu sundlauga Reykvíkinga í Laugardalnum, og jafnframt verði þarna í þriðja lagi útivistarsvæði Reykvíkinga.

Af þessum nærri 11 millj. kr. hefur Reykjavíkurbær lagt fram langsamlega mestan hluta, og standa sakirnar þannig um s. l. áramót, að þá er

búið að verja um 10.7 millj. kr. í íþróttamannvirkin og sundlaugarnar. Íþróttanefnd ríkisins hefur fyrir sitt leyti lofað að styrkja þessar framkvæmdir með 40% af kostnaðarverði, eins og lög heimila henni að gera, og samkv. því ætti íþróttasjóður að styrkja þessar framkvæmdir, sem þegar er lokið við, með rúml. 4 millj. kr., eða 4.2 millj. kr. Hins vegar eru framlög íþróttasjóðs um s. l. áramót tæplega 1.3 millj. kr., og er þá skuld íþróttasjóðs við bæjarsjóð Reykjavíkur nærri 3 millj. kr. En á það er enn fremur að líta, að í fjárhagsáætlun Reykjavíkur fyrir árið 1957 hefur áætlað framlag verið hækkað úr því, sem var á s. l. ári, 1 millj. kr., upp í 2 millj. kr. og 40% af því frá íþróttasjóði mundi nema um 800 þús. kr. Eins gæti farið, að þetta framlag kynni að fara eitthvað fram úr áætlun, og sést þá, að ef ekki kemur veruleg fjárveiting frá íþróttasjóðnum á þessu ári, verður skuld hans við Reykjavíkurbæ vegna þessara framkvæmda einna um 4 millj. kr.

Nú veit ég, að svo er ástatt um fleiri staði en þessa framkvæmd hér í Reykjavík, eins og ég sagði áðan. En á það er að líta, að komið hefur verið á því skipulagi, t. d. í sambandi við skólamálin, að stefnt er nú frá s. l. ári að því, að áfallnar skuldir ríkissjóðs greiðist upp á tilteknu árabili, það eru fjögur eða fimm ár eða eitthvað því um líkt, og enda þótt nú yrði veitt aukaframlag til Laugardalsframkvæmdanna, eins og hér er lagt til, 2 millj. kr., þá er álíka löng leið enn í land til þess að greiða að fullu þessa skuld. Og þar sem framkvæmdir mundu halda áfram og viðbótarframlög koma frá ríkissjóði, sjá auðvitað allir, að engu að síður yrði mjög langt í land og mörg ár þar til íþróttasjóður hefði uppfyllt skyldur sínar við þessar íþróttaframkvæmdir og mundi vafalaust ekki hafa lokið þeim að fullu fyrr en mörgum árum eftir að íþróttaleikvangurinn yrði fullgerður.

En það er m. a. og ekki aðeins af fjárhagsástæðum, heldur einnig af öðrum ástæðum, sem sérstök áherzla er lögð á að fá nú aukaframlag til þessara miklu framkvæmda. Á s. l. ári lét Laugardalsnefndin gera áætlun um það, hvað kosta mundi að koma þessum íþróttaframkvæmdum í það horf, að hægt væri að taka íþróttaleikvanginn til afnota á árinu 1957, og sú áætlun var þá um 5.2 millj. kr. Það var unnið mjög kappsamlega að framkvæmd þessarar áætlunar á s. l. ári, og ef nú fengist verulegt aukaframlag, eins og hér er farið fram á, frá ríkissjóði til þessa aðalleikvangs landsmanna, þá eru möguleikar til þess að ljúka þessari áætlun og taka leikvanginn til afnota á sumri komanda, en annars sé ég ekki, hvernig það mætti verða. Það, sem gert er ráð fyrir að lokið verði á sumrinu, er leikvangur, sem rúmar um 2000 manns í sæti og 10 þús. manns í stæði, en hins vegar er gert ráð fyrir því, að sæti verði þarna, þegar leikvanginum er fulllokið, fyrir um 4000 manns og pláss allt í allt fyrir upp undir 30 þús. manns.

Ég vil geta þess hér, að það eru nú fimm ár síðan fyrst var sáð í grasvöllinn í Laugardalnum, og hefur sú framkvæmd gengið það vel, að það er allra álit, að hægt sé að taka íþróttaleikvanginn hæglega sjálfan til afnota á sumri komanda, ef aðrar aðstæður, eins og áhorfendasvæði, búningsklefar og annað slíkt, eru fyrir hendi. Ástæðan m. a. til þess, að sérstaklega hefur verið gerð áætlun um að koma þessum fyrsta áfanga í framkvæmd á yfirstandandi ári, er sú, að forustumenn íþróttahreyfingarinnar hafa lagt megináherzlu á það við Laugardalsnefndina, að leikvangurinn mætti takast til afnota á sumri komanda, m. a. af ýmsum sérstökum ástæðum, eins og þeim, að fyrirhugaðir eru hér í sumar tveir landsleikir í knattspyrnu við Norðmenn og Dani, og er það jafnan svo, að þegar þessar Norðurlandaþjóðir leikast á, þá er hvað mestur áhugi meðal Reykvíkinga og annarra Íslendinga fyrir þeim. Einnig vil ég geta þess, að Frjálsíþróttasambandið hefur ritað Laugardalsnefndinni og lagt mjög mikla áherzlu á, að hægt væri að láta leikvanginn í té í tilefni 10 ára afmælis Frjálsíþróttasambandsins og millilandakeppni, sem fyrirhuguð er af þeim sökum. Íþróttafélag Reykjavíkur, eitt elzta hér í bænum, á 50 ára afmæli á þessu ári og mundi verða einn af aðalþátttakendunum í þessari frjálsíþróttakeppni. Einnig hefur Íþróttasamband Íslands fyrirhugað hátíðahöld ÍSÍ á 45 ára afmæli sínu, sem það á einnig á þessu ári. Það berast sem sagt mjög böndin að Laugardalsnefndinni og fyrirsvarsmönnum þessara mála hér í Rvík frá forgöngumönnum íþróttahreyfingarinnar að reyna að koma þessu máli í framkvæmd, og við þurfum miklu oftar að hlusta á það, að þessum áhugamönnum um íþróttir þyki verkin ganga seint, enda þótt svo hafi jafnan verið, að Reykjavíkurbær hefur hraðað þessum framkvæmdum langt fram um áætlun og varið til þess miklu meira fé á hverju ári en ákveðið hefur þó verið í fjárhagsáætlun, og hefur það leitt af vanefnum íþróttasjóðs til að uppfylla sínar skyldur. Var það svo, að um s. l. áramót voru um 4 millj. kr., sem Reykjavíkurbær hafði til þessara framkvæmda lagt umfram áætlanir á undanförnum árum, en í heild milli 9 og 10 millj. kr.

Í sambandi við þessar framkvæmdir og fjárframlög til þeirra heyrir maður raddir venjulega, og hef ég heyrt á undanförnum árum úr báðum áttum, eins og ég sagði áðan. Íþróttamönnunum og forgöngumönnum íþróttaæskunnar finnst málin sækjast seint. Aftur á móti eru aðrir, sem telja þessar framkvæmdir óþarfar og allt of miklu fé varið til þeirra. Ég fyrir mitt leyti hef aldrei talið ástæðu til þess að sjá eftir því fé, sem af opinberri hálfu hefur verið lagt til íþróttaframkvæmda, hvorki hér í Rvík né annars staðar. Ég hef sjálfur haft nokkur kynni af því, ekki aðeins hvað íþróttahreyfing, sem er byggð á traustum og eðlilegum grundvelli, hefur góð og holl líkamsáhrif, heldur alls ekki síður uppeldisáhrif á hina ungu æsku.

Það er því sannmæli, að það er ekki aðeins óskadraumur unga fólksins hér í Reykjavík að sjá þessa miklu framkvæmd rísa upp í Laugardalnum, heldur mun það vera sameiginlegt áhugamál íþróttaæskunnar í landinu, sem leita mun hingað til keppni við Reykjavíkuræskuna og innbyrðis sín á milli á þessum aðalíþróttaleikvangi landsins.

Ég geri mér nokkuð góðar vonir um stuðning

við þessa till., m. a. vegna þess, að ég veit, að henni er fylgt fast eftir af hálfu minna flokksbræðra hér í þinginu, en einnig vegna þess, að hér eiga nú sæti á þingbekkjum nokkrir nýir þm., ungir þingmenn, sem sótt hafa fylgi sitt til æsku landsins og mér er kunnugt um að hafa einmitt áhuga á íþróttamálunum. Íþróttafólkið væntir sér einnig nokkurs af þeim, þegar þeir í fyrsta skipti á þingbekkjum eiga að taka afstöðu til mála, sem það hefur jafnmikinn áhuga fyrir og hér um ræðir.

Einnig tel ég það mikils virði, að tveir þm. Reykv., þ. e. a. s. hæstv. menntmrh., sem er að vísu landskjörinn, en á framboðslista hér í Rvík, og hæstv. félmrh., eiga nú sæti í ráðherrastólum, og vil ég m. a. af þeim sökum vænta stuðnings í þessu efni. Tel ég, að það sé mjög veigamikið að leiðrétta það, sem fram hefur komið í till., annars vegar í frv. og hins vegar frá minni hl. og meiri hl. í þessu máli, enda þótt menn kannske kysu að hafa það í öðru formi en hér er lagt til. Það reynir fyrst á þetta nú við 2. umr. málsins, en að sjálfsögðu er aðalatriðið að ná efni málsins fram, þó að menn vildu hafa það í öðru formi, ef það mætti takast við 3. umr., að svo miklu leyti sem menn óska, að málið sé í öðru formi flutt en hér er. Meiri og minni hl. fjvn. eru aðeins með till. um hækkun framlags til íþróttasjóðs, en hér er till. um sérstakt aukaframlag til íþróttaleikvangsins í Laugardal. Ég leyfi mér að vænta bæði skilnings og stuðnings hv. þm. með þessari till.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Á þskj. 262 hef ég leyft mér að bera fram nokkrar brtt. við frv. það til fjárlaga, sem hér er tekið til meðferðar. Við hv. 10. landsk. og ég stöndum að flutningi þessara brtt.

Á nefndu þskj., rómv. I, leggjum við fram brtt. um fjárframlag til Hellissandsvegar eða Ennisvegar, sem liggur milli Hellissands og Ólafsvíkur. Á s. l. ári voru veittar 100 þús. kr. til nýbyggingar þessa þjóðvegar. Nú bregður svo við, að engin fjárveiting er fyrirhuguð til Ennisvegarins, enda þótt öllum, sem til þekkja, sé ljóst, að brýn þörf er á að fá vegasamband á milli þessara tveggja kauptúna. Það hefur verið ómetanlegt tjón fyrir íbúa þessara staða, að ekkert vegasamband er á milli þeirra. Verður nauðsyn á vegasambandi þó enn meiri, eftir því sem íbúum fjölgar og ýmis samskipti, sem íbúar beggja kauptúnanna þurfa að hafa sín á milli, verða meiri og fjölþættari. Íbúar Hellissands og Rifs verða að vitja læknis til Ólafsvíkur, og sama er að segja um öll prestsstörf, sem þeir þurfa á að halda. Í Ólafsvík er staðsett mjög fullkomin vélsmiðja, sem annast allar viðgerðir fyrir bátaflotann á Hellissandi og Rifi. Margs konar erfiðleikum veldur það útvegsmönnum í sambandi við rekstur sinn, að vegasambandið skuli ekki vera komið á. Er ekki ofmælt, að það sé mikil skammsýni, að þessi tvö kauptún skuli verða að bíða áratug eftir áratug, án þess að hafizt sé handa með vegagerð í Enninu, sem löngu hefði átt að vera búið að framkvæma. Þegar það er svo haft í huga, að þessi kauptún, Ólafsvík og Hellissandur, sem eru einangruð hvort frá öðru vegna þeirrar torfæru, sem Ennið veldur þeim, hafa útflutningsframleiðslu, sem er meiri að vöxtum á íbúa en sambærileg framleiðsla hjá flestum, ef ekki öllum öðrum kaupstöðum eða kauptúnum hér á landi, þá er því ekki til mikils mælzt, er við hv. 10. landsk. þm. förum fram á það við alþingismenn, að veittar verði 400 þús. kr. til þessa vegar, þegar þess er gætt, hvað þessi kauptún eiga við mikla erfiðleika að búa vegna samgönguleysis.

Á sama þskj., II, höfum við flutt brtt. um hækkun á framlagi til brúar á Valshamarsá á Skógarströnd, að fyrir 100 þús. kr., sem hv. fjvn. hefur lagt til að veittar verði, komi 250 þús. kr., en það mun vera kostnaður brúarinnar, eftir því sem áætlun liggur fyrir frá vegamálaskrifstofunni um væntanlegan byggingarkostnað. Þegar þess er gætt, að þetta er eina fjárveitingin til byggingar brúa í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, eftir því sem fyrir liggur í till. hv. fjvn., virðist mikil sanngirni mæla með því, að brú á Valshamarsá verði byggð á þessu ári og því veitt á fjárlögum þessa árs það fé, sem væntanlegur kostnaður brúarinnar verður.

Það er gert ráð fyrir í till. hv. fjvn. að veita alls rúmar 6½ millj. kr. til brúargerða og auk þess 3 millj. kr. til smábrúa. Hlutur Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu er því ekki stór að þessu sinni hvað framlag til brúagerða snertir, og er þó enn mikið ógunnið af byggingu brúa í sýslunni. Á Skógarstrandarvegi einum eru óbrúuð 9 vatnsföll, tvö af þeim í Hörðudal í Dalasýslu. Auk þess eru 4 brýr, sem þarf að endurbyggja í Ólafsvíkurvegi, og 4 brýr þarf að byggja á vatnsföll á Útnesi. Þá er þörf stórra aðgerða í sambandi við brú yfir Mjósund. Var lagt fram á síðasta árs fjárlögum 100 þús. kr. til væntanlegrar brúar þar, en nú mun hv. vegamálastjórn telja, að þessi brúargerð muni hafa það mikinn kostnað í för með sér, að hún eigi að byggjast af fé úr brúasjóði. Vænti ég, að hv. alþm. geti fallizt á að hækka þessa fjárveitingu til brúar á Valshamarsá upp í 250 þús. kr., eins og till. okkar hv. 10. landsk. fer fram á.

Þá höfum við enn á sama þskj., IV, flutt brtt. við till. hv. fjvn., að framlag til hafnarframkvæmda á Arnarstapa verði hækkað úr 120 þús. kr. í 180 þús. kr. Undanfarin tvö ár hefur verið unnið að hafnarframkvæmdum á Arnarstapa við mikla erfiðleika fjárhagslega séð. Arnarstapahöfn skuldar þessa upphæð, eða 180 þús. kr., Tryggingastofnun ríkisins og Sparisjóði Stykkishólms. Báðar þessar stofnanir lánuðu upphæðina í trausti þess, að hún yrði greidd upp, eftir að fjárlög fyrir yfirstandandi ár hefðu verið samþykkt, þar sem það lá fyrir, að Arnarstapahöfn átti þessa upphæð vangoldna hjá ríkissjóði. Hér er um fátækt byggðarlag að ræða, sem hefur brýna þörf fyrir bætt hafnarskilyrði, og það er ekki einungis hvað því sjálfu viðkemur, heldur er það einnig mjög áríðandi fyrir hafnirnar á Snæfellsnesi norðanvert, að þær geti átt trygga höfn á sunnanverðu nesinu.

Ég tel því mjög nauðsynlegt, að haldið verði áfram við þessar hafnarframkvæmdir, sem var hafizt handa með fyrir 2 árum, og vænti ég þess fastlega, að hv. alþm. geti verið okkur sammála

um það, að Arnarstapi fái greiddar þær 180 þús. kr., sem hann á rétt á samkv. hafnarlögum.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Á þskj. 261, IV. lið, er brtt. við 15. gr. fjárl., þess efnis, að styrkur til stúdentaráðs Háskóla Íslands verði hækkaður um 15 þús. kr., eða í 25 þús. kr.

Stúdentaráð háskólans gegnir umfangsmiklu starfi, og mun ég í stórum dráttum rekja, í hverju það er fólgið.

Hlutverk þess er að gæta hagsmuna háskólastúdenta innan háskólans og utan. Starf þess hefur, eins og eðlilegt er, aukizt mjög á síðari árum, þar eð stúdentafjöldi við háskólann er nú orðinn um 800. Viðskipti íslenzkra stúdenta við erlend stúdentasamtök fara vaxandi. Stúdentaskipti hafa farið fram, og hafa þau margháttað gildi. Til þeirra fékkst í fyrra 20 þús. kr. fjárveiting sérstaklega. Stúdentaráð telur æskilegt, að slíkum stúdentaskiptum geti orðið haldið áfram, en það er aðeins unnt með fjárveitingu frá hinu opinbera. Enn fremur stendur stúdentaráð að jafnaði fyrir bókmenntakynningum, sem að sjálfsögðu hafa allmikinn kostnað í för með sér. Nú er ráðgert að halda hér á landi heimsmeistaramót stúdenta í skák, og mun umsamið, að Íslendingar greiði þar allstóran hluta ferðakostnaðar þátttakenda. Það væri íslenzkum stúdentum mikill sómi, ef hægt væri að gera slíkt mót vel úr garði. Loks er eitt verkefni og það mjög nauðsynlegt, sem liggur fyrir ráðinu eins fljótt og unnt er, en það er útgáfa á handbók stúdenta með upplýsingum um háskólanám hér og erlendis. Nauðsynlegt er að gera stúdentum kleift að kynnast eins vel og föng eru á þeim námsmöguleikum, sem opnir standa að loknu stúdentsprófi, og atvinnuhorfum í hverri grein, svo að nám þeirra nýtist betur sjálfum þeim og þjóðinni til heilla.

Þessi lauslega upptalning ætti að gefa nokkra hugmynd um störf stúdentaráðs Háskóla Íslands. En störfum þess er ekki hægt að sinna eins vel og skyldi sakir fjárskorts. Og þegar litið er til þess, að fjárveiting til ráðsins hefur verið óbreytt á annan tug ára, 10 þús. kr., en á þeim tíma hefur stúdentum fjölgað um 60% og verðlag farið mjög hækkandi, þá verður mönnum frekar ljós nauðsyn þess, að fjárveiting til stúdentaráðs verði hækkuð, og þess vegna er tillaga þessi flutt.

Einnig er á sama þskj. brtt. um, að nýr liður verði tekinn upp á eftir 13. tölulið 17. gr. fjárlaga, 700 þús. kr. til vistheimilis fyrir afvegaleiddar stúlkur. Er brtt. þessi í samræmi við 37. gr. laga nr. 29 frá 1947, um vernd barna og ungmenna. Gísli Jónsson fyrrv. alþm. flutti árið 1954 frv. til laga um, að komið yrði upp slíku vistheimili. Frv. hlaut ekki afgreiðslu, en erindi bárust Alþingi frá fjölmörgum aðilum, sem mæltu með samþykkt þess. Þau voru frá áfengisvarnanefnd kvenna í Reykjavík og Hafnarfirði, barnaverndarnefnd Reykjavíkur, lögreglustjóranum í Reykjavík, Mæðrafélaginu í Reykjavík, Aðalsteini Eiríkssyni, barnaverndarráði Íslands og fræðslumálastjóra. Hinn 4. apríl 1955 var samþykkt lagafrv. frá menntmn. Nd., sem líklegt var að flýta mundi fyrir þessu máli. 37. gr. laganna um vernd barna og ungmenna, 1. málsgr., hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. er skylt, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum, að setja á stofn og reka hæli, þar sem vistuð skulu börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstigum. Skulu hæli þessi vera a. m. k. tvö, annað handa stúlkum, en hitt handa piltum. Ráðherra setur reglur um vist barna og ungmenna á hælum þessum, um fræðslu, uppeldi og aga þar."

Samkv. lögunum frá 1955 var svo eftirfarandi málsgr. bætt við:

„Hefja skal þegar undirbúning að stofnun og rekstri vistheimilis fyrir stúlkur. Ríkisstjórninni er heimilt að leita eftir hentugu húsnæði, sem til kann að vera, fyrir vistheimilið og gera samning um afhendingu þess og afnot. Enn fremur er henni heimilt að taka til þessara nota húsnæði, sem ríkið á eða hefur umráð yfir."

Það er því fyrst og fremst fjárveitingin, sem hér stendur á.

Hinn 28. apríl 1955 fól menntmrh. þriggja manna n., sem reynslu hafði um stofnun og rekstur heimilis fyrir afvegaleidd börn, stjórnarnefnd vistheimilisins í Breiðuvík að athuga um undirbúning að stofnun svipaðs heimilis fyrir stúlkur og gera tillögur um það.

Í skýrslu sinni rekur nefndin fyrst skilyrði, sem vistheimili fyrir stúlkur þarf að uppfylla: Í fyrsta lagi að vera í sæmilegu vegasambandi vetur jafnt og sumar, án þess þó að vera beint í þjóðbraut. Í öðru lagi, að fyrir hendi sé á staðnum eða að mögulegt sé að skapa þar nægileg verkefni fyrir stúlkurnar að vinna við þann tíma, sem þær dvelja á heimilinu. Og í þriðja lagi, að heimilið gæti auðveldlega notið þeirra hlunninda, sem jarðhiti og raforka veita, ef gnægð þessara kosta er fyrir hendi.

Með þetta í huga athugaði n. svo allmarga staði á landinu í þessu sambandi og lýsir í skýrslu sinni mjög rækilega þeim stöðum, er til greina koma. En lokaniðurstöður n. eru þær, að heppilegra sé að byggja nýtt vistheimili fyrir stúlkur samkv. fyrirmælum þeirra laga, sem ég gat um áðan, og það rúmi a. m. k. 30 stúlkur auk starfsmanna og nauðsynlegar vinnustofur og kennslustofur. N. fékk uppdrætti að slíku heimili hjá húsameistara ríkisins, og stærð þess var um 1800 m^3 og kostnaðurinn áætlaður um 2 millj. kr. með þáverandi verðlagi, haustið 1955. Enn fremur lagði n. til, að tekin yrði árlega upp í fjárlög 1 millj. kr. til byggingarinnar, þar til henni væri að fullu lokið, eða tekið yrði lán, sem eigi væri lægra að viðbættu árlegu framlagi ríkissjóðs en sú upphæð. Auk þess lagði n. til, að þegar yrðu gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja stofnuninni nægilegt land og hitaréttindi að Sólheimum í Grímsnesi, en tækist það ekki, þá að leita eftir kaupum á jörðinni Reykjanesi ásamt Reykjalundi í Grímsnesi til þess að reisa þar vistheimili og láta síðan ganga frá fullnaðarteikningum af byggingunni, þegar staðurinn hefði verið ákveðinn, og sé þessum undirbúningi lokið svo snemma, segir nefndin, „að unnt sé að byrja á byggingunni í maí 1956."

Enn fremur lagði n. til, að leitað yrði samkomulags við bæjar- og sveitarfélög þau í landinu, sem þurfa að koma fyrir börnum og öryrkjum á sérstakar stofnanir, um að reisa og starf-

ræka þær í samstarfi við ríkið, að svo miklu leyti sem það getur átt við og orðið báðum aðilum hagkvæmara, enda sé staður sá, sem valinn er fyrir vistheimilið, ákveðinn með það fyrir augum, að slíkt samstarf komist á fyrr eða síðar.

Að lokum tók n. fram, að hún hefði rætt öll þau atriði, sem fram komu í skýrslunni, við barnaverndarráð, og það var sammála um að mæla eindregið með því, að farið yrði eftir tillögum nefndarinnar. Einnig ræddi n. við kvenlögreglu í Reykjavík, sem lagði mikla áherzlu á, að till. n. næðu sem fyrst fram að ganga. Í n. voru Magnús Sigurðsson skólastjóri, Þorkell Kristjánsson fulltrúi og Gísli Jónsson, formaður nefndarinnar.

Í janúar 1956 sendi menntmrn. fjvn. bréf ásamt afriti af bréfi Gísla Jónssonar, þar sem lagt var til, að veitt yrði 500 þús. kr. byrjunarframlag til vistheimilis fyrir stúlkur og ríkisstj. yrði veitt heimild til kaupa á jörðinni Ormsstöðum í Grímsnesi í þessu skyni. Ætlunin var, að heimilið á þeirri jörð gæti notið hitaréttinda frá Sólheimum í Grímsnesi og stúlkurnar gætu lagt fram vinnu í þágu Sólheima.

Nauðsyn þessa máls er mjög brýn. Samkv. skýrslu barnaverndarnefndar fyrir árið 1955 fékk kvenlögreglan á því ári til meðferðar mál 37 stúlkna, sem n. hafði haft afskipti af. Háir það mjög starfi til hjálpar þessum stúlkum og yngri stúlkum, sem verið hafa á vegum barnaverndarnefndar, að ekki skuli vera til vistheimili, þar sem stúlkur þessar gætu eignazt samastað og hlotið menntun við hagnýt störf.

Hér skulu ekki gerðar nákvæmar till. um fyrirkomulag slíks heimilis eða skóla. Það er fyrst og fremst mál þeirra aðila, sem ráðh. kemur til með að fela framkvæmd málsins. Meira er um vert, að gott og áreiðanlegt fólk annist starfrækslu slíks heimilis, og hefur mér komið til hugar í því sambandi, hvort ekki væri unnt að ná samkomulagi við eitthvert félag, sem starfar að málum ungmenna, t. d. kristilegu æskulýðsfélögin, um að annast starfrækslu. Aðalatriðið er, að fjárveiting fáist, svo að hægt sé að hefjast handa, þótt í smáum stíl verði.

Það er vissulega allmikil fjárhæð, sem hér er farið fram á, 700 þús. kr., til þessa heimilis, en þegar litið er til þeirra verðmæta, sem fara í súginn án þessarar fjárveitingar, þá vex manni hún sízt í augum, því að þessi verðmæti eru hamingja og líf allmargra unglingsstúlkna og barna þeirra síðar meir, ef þeim er ekki rétt hjálparhönd sem fyrst.

Í þeirri von, að hv. fjvn. taki þessi mál til athugunar, mun ég taka till. þessa aftur til 3. umr. fjárlaga.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 36. fundi í Sþ., 20. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1.—2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 252,1—3 samþ. með 30 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
4.—6. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 252,4 samþ. með 32 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
8.—9. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 252,5—11 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 263,I tekin aftur.
— 252,12—24 samþ. með 29 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 252,25—29 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 252,30 tekin aftur.
— 252,31 samþ. með 32 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 252,32 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 253,1 tekin aftur.
— 261,I tekin aftur.
Brtt. 252,33—35 samþ. með 32 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 253,2.1—6 felld með 27:16 shlj. atkv.
— 252,36.1—6 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 253,2.7—16 felld með 27:19 atkv.
— 252,36.7—16 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 253,2.17—24 felld með 28:19 atkv.
— 252,36.17—24 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 253,2.25—35 felld með 28:18 atkv.
— 252,36.25—35 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 262,I tekin aftur.
— 253,2.36—41 felld með 27:14 atkv.
— 252,36.36—41 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 260,I felld með 25:12 atkv.
— 260,I. varatill. tekin aftur.
— 253,2.42 felld með 27:15 atkv.
— 252,36.42 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 253,2.43—53 felld með 25:18 atkv.
— 252,36.43—53 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 253,2.54—67 felld með 27:16 atkv.
— 252,36.54—67 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 253,2.68—77 felld með 29:15 atkv.
— 252,36.68—77 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 253,2.78—82 felld með 29:16 atkv.
— 252,36.78—82 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 253,2.83—86 felld með 28:17 atkv.
— 252,36.83—86 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 253,2.87—96 felld með 29:16 atkv.
— 252,36.87—96 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 253,2.97 felld með 27:17 atkv.
— 252,36.97 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 260,II.1 felld með 27:18 atkv.
— 253,2.98—100 felld með 27:18 atkv.
— 252,36.98—100 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 260,II.2 felld með 25:17 atkv.
— 253,2.101 felld með 25:18 atkv.
— 252,36.101 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 253,2.102—107 felld með 23:16 atkv.
— 252,36.102—107 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 261,II.1 tekin aftur.
— 253,2.108—112 felld með 29:13 atkv.
— 252,36.108—112 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 261,II.2 tekin aftur.
— 253,2.113 felld með 25:14 atkv.
— 252,36.113 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 260,III felld með 25:16 atkv.
— 253,2.114—122 felld með 25:16 atkv.
— 252,36.114—122 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 253,2.123—135 felld með 29:15 atkv.
— 252,36.123—135 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 253,2.136—142 felld með 28:17 atkv.
— 252,36.136—142 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 253,2.143—160 felld með 26:15 atkv.
— 252,36.143—160 samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 253,2.161—177 felld með 27:12 atkv.
— 252,36.161—177 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 253,2.178—184 felld með 27:15 atkv.
— 252,36.178—184 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 253,2.185—194 felld með 29:15 atkv.
— 252,36.185—194 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 253,2.195 felld með 26:15 atkv.
— 252,36.195 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 253,2.196—214 felld með 28:15 atkv.
— 252,36.196—214 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 253,2.215—227 felld með 25:16 atkv.
— 252,36.215—227 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 253,3 felld með 27:17 atkv.
— 252,37.1—5 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 262,II tekin aftur.
— 252,37.6—10 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 262,III tekin aftur.
— 252,37.11—14 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 260,IV felld með 26:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁS, BÓ, FÞ, GTh, IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓTh, PO, RH, SÁ, SÓÓ, AG.

nei: ÁkJ, ÁB, BG, BjörgJ, EirÞ, EystJ, FS, GíslG, GÍG, GÞG, HÁ, HS, HV, EggÞ, HermJ, KGuðj, KK, LJós, PZ, PÞ, PP, SE, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ.

BjörnJ, ES, GeirG, ÓB, GJóh greiddu ekki atkv.

3 þm. (BSt, EmJ, SB) fjarstaddir.

Brtt. 252,37.15—29 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 260,V tekin aftur.
— 252,37.30 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 261,III tekin aftur.
— 252,37.31—32 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 252,37.33 tekin aftur.
— 253,4—5 felld með 26:16 atkv.
— 252,38—39 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 252,40 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 252,41.1—2 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 263,II.1 tekin aftur.
— 262,IV tekin aftur.
— 252,41,3—5 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 262,V.1 tekin aftur.
— 252,41.6—46 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 260,VI felld með 25:12 atkv.
— 252,41.47—62 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 262,V.2 tekin aftur.
— 252,42—54 samþ. með 34 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 252,55—58 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 253,6 felld með 23:16 atkv.
— 252,59—66.a.7 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 263,II.2 tekin aftur.
— 252,66.a.8—c.5 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 252,67—70 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 253,7—8 felld með 24:15 atkv.
— 252,71 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 265 tekin aftur.
— 252,72—74 samþ. með 28:1 atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 252,75—82 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 261,IV tekin aftur.
— 252,83—89 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 263,II.3 tekin aftur.
— 263,III.1—6 tekin aftur.
— 252,90 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 263,III.7—13 tekin aftur.
Brtt. 252,91 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 261,V tekin aftur.
— 252,92—98 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 260,VII.1 tekin aftur.
— 263,IV tekin aftur.
— 252,99—105 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 252,106—107 samþ. með 33 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 252,108—113 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 260,VII.2 tekin aftur.
— 252,114—118 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 262,VI tekin aftur.
— 252,119 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 260,VIII tekin aftur.
— 252,120 samþ. með 30 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
— 252,121 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 263,V tekin aftur.
— 252,122—124 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 261,VI tekin aftur.
— 263,VI tekin aftur.
— 252,125—128 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 252,129.a samþ. með 42:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁ, SÓÓ, SE, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, ÁS, BjörgJ, BjörnJ, ES, EirÞ, EystJ, GeirG, FS, FÞ, GíslG, GÍG, GJóh, GÞG, HÁ, HS, HV, EggÞ, HermJ, IngJ, JJós, JK, JPálm, JS, KGuðj, LJós, MJ, ÓB, PZ, PÞ, PO, PP, KK.

nei: KJJ.

RH greiddi ekki atkv.

8 þm. (SB AG, BSt, BÓ, EmJ, GTh, JóhH, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 252,129.b samþ. með 29 shlj. atkv.
— 263,VII tekin aftur.
— 252,130 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 260,IX tekin aftur.
— 261,VII felld með 23:15 atkv.
— 261,VIII tekin aftur.
— 252,131—147 samþ. með 36 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 252,148 samþ. með 28 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 252,149—152 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 253,9 felld með 29:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, JJós, JK, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓB, PO, RH, SÁ, SÓÓ, ÁS, FÞ.

nei: EggÞ, HermJ, KGuðj, LJós, PZ, PÞ, PP, SE, SkG, SvbH, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, BjörgJ, BjörnJ, ES, EirÞ, EystJ, GeirG, FS, GíslG, GÍG, GJóh, GÞG, HÁ, HS, HV, KK.

9 þm. (JóhH, ÓTh, SB, StgrSt, EmJ, AG, BSt, BÓ, GTh) fjarstaddir.

Brtt. 263,VIII tekin aftur.
— 252,153 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 253,10 tekin aftur.
— 252,154—156 samþ. með 34 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
21. gr., með þeim tölubreytingum, sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar greinar frv., samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 261,IX tekin aftur.
— 261,X tekin aftur.
— 263.IX tekin aftur.

Brtt. 252,157 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 263,X tekin aftur.
— 252,158—159 samþ. með 37 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Sþ., 25. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 272, n. 275, 276, 284, 285).

Frsm. meiri hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Fyrir þessa umr. hefur fjvn. sameiginlega gert rúml. 90 brtt. eða breytingartillögur í rúml. 90 liðum, og auk þess hefur meiri hl. n. gert till. um breytingar á tekjuáætlun frumvarpsins. Meiri hl. n. hefur gefið út varðandi þessi atriði sérstakt nál., sem því miður hefur ekki enn þá komið til útbýtingar, en er í prentun. Eru þar skýrðar nokkuð ástæður fyrir einstökum útgjaldaliðum svo og gerð nokkur athugun á frv. sem slíku, og fá hv. alþm. væntanlega í dag í hendurnar þetta nál., en þar er gerð nokkuð nákvæm sundurliðun á því, hvað það er, sem gerist með breytingum þeim, sem lagðar eru til við frv., ef þær verða samþykktar.

Ég vil þá fyrst gera nokkra grein fyrir þeim brtt., sem hefur verið útbýtt á þskj. 285 frá meiri hl. fjvn. varðandi tekjuhlið frv.

Þar er í fyrsta lagi lagt til, að tekju- og eignarskatturinn lækki úr 116 millj. kr., sem frv. gerir ráð fyrir, í 111 millj. Þessi lækkun stafar af því, að láglaunafólki og fiskimönnum hefur verið heitið nokkrum skattfríðindum og Alþ. hefur einmitt til meðferðar um þessar mundir stjfrv. um þessi efni, og ef til samþykktar kemur á því frv., sem líklegt verður að telja, þá mun það hafa tekjurýrnun fyrir ríkissjóð í för með sér, að því er ætla má um nálægt 5 millj. kr.

Inn í 2. gr. frv. er till. um, að bætt verði nýjum lið, tekjum skv. lögum um útflutningssjóð o. fl. Tekjur þess sjóðs hafa verið áætlaðar um 540 millj., og ríkissjóðshluti á skv. lögunum að vera 20% af tekjum þess sjóðs, og því er hér gerð till. um, að upp verði tekinn nýr tekjuliður í frv. þessu samkvæmt upp á 108 millj.

Söluskatturinn í smásölu hefur verið lagður niður, og er áætlað, að sú niðurfelling nemi um 25 millj. kr. í tekjumissi, fyrir ríkissjóð, þannig að till. er gerð um, að tekjur af söluskatti verði lækkaðar í áætlun frv. úr 135 milljónum í 110 milljónir.

Það hafa nýlega farið fram verðbreytingar hjá einkasölum ríkisins á áfengi og tóbaki, þannig að gera má ráð fyrir auknum tekjum ríkisins af þessum stofnunum, og er hér gerð till. um, að tekjur af áfengisverzlun ríkisins hækki um 9 millj., en tekjur af tóbakseinkasölunni um 6 millj. kr. — Samtals er hér því um að ræða á þessum lið hækkanir umfram lækkanir, sem nema 93 millj. kr.

Það skal tekið fram, að auk þessara tillagna varðandi tekjur eru nýjar till. um hækkun á tekjuáætlun hjá pósti og síma. Það er gert ráð fyrir, að þessi fyrirtæki, pósturinn og landssíminn, taki upp nýjar gjaldskrár, sem hækki tekjur þessara stofnana. Síðan er gert ráð fyrir því, að pósturinn hafi samt sem áður nokkurn rekstrarhalla, eða sem nemur 370 þús., en sjái að öðru leyti sjálfur fyrir tekjuþörf sinni. Gert er ráð fyrir, að síminn hafi rekstrarafgang á sínum rekstrarreikningi, svo að nemi 6½ millj., og hafi hann þá það fé til umráða í fjárfestingu sína, en hún er áætluð nokkuð yfir 10 millj. kr., svo að það, sem á ríkissjóð kæmi að greiða af fjárfestingu landssímans á þessu ári, yrði tæpar 4 millj. kr.

Þá er hér till. um breytingu á áætluðum afnotagjöldum ríkisútvarpsins. Í frv. er reiknað með, að gjaldendur afnotagjalda hjá ríkisútvarpinu verði 39 þús. talsins. Upplýsingar liggja fyrir um það, að á árinu 1955 náði tala útvarpsgjaldenda 40 þús. og heldur meiru þó, og fer tala útvarpsnotenda yfirleitt vaxandi. Hefur því þótt hlýða að gera þá brtt. við frv. að reikna með 41 þús. afnotagjöldum útvarpinu til handa, og er tekjuáætlun þess því hækkuð um 400 þús. kr. En þetta hefur engin áhrif á aðra liði fjárlaganna, því að það fé, sem þannig er áætlað í tekjuauka, er útvarpinu ætlað að fá sem aukið rekstrarfé.

Þá er uppi leiðréttingartillaga varðandi hegningarhúsið í Reykjavík. Sú till. er um það að leiðrétta vanreiknað næturvinnuálag fangavarðanna, og er till. um að breyta þeirri upphæð úr 16 þús. kr. í 43 þús. kr.

Síldarmat ríkisins er nú á nokkrum tímamótum. Það liggur fyrir að gera á því nokkrar breytingar, þannig að síldarframleiðendur sjálfir greiði tímakaup síldarmatsmanna, svo sem aðrir fiskframleiðendur greiða matsmönnum hjá sér. En hingað til hefur verið sá háttur á, að síldarsaltendur hafa einungis goldið ákveðið gjald, eina krónu af hverri tunnu, sem hvergi nærri hefur hrokkið fyrir matskostnaði, enda hefur þetta gjald staðið í stað árum saman, þótt verðbreytingar í landinu hafi, svo sem allir vita, orðið miklar. Af þessum sökum eru hér gerðar brtt. varðandi síldarmatið um, að niður falli liður frv. um tímakaup matsmanna, en að hækkaður verði annar kostnaður síldarmatsins. Samtals verka þessar tvær till., ef samþykktar verða, til sparnaðar hjá síldarmatinu um 76 þús. kr.

Þá eru till. varðandi rekstur ríkisspítalanna. Þeir áætlunarliðir, sem í frv. standa, hafa verið endurskoðaðir, bæði með tilliti til þeirra verðbreytinga, sem stafa af lögum um útflutningssjóð, og til nokkurrar leiðréttingar að öðru leyti, og eru hér allmargar hækkunartillögur um rekstrarkostnaðarliði ríkisspítalanna. Samtals nema þær hækkanir 951 millj. kr. eða rúmlega það.

Vegagerð ríkisins hafði láðst að reikna með í útgjöldum sínum gjald sitt til atvinnuleysistrygginganna, og er till. um, að vegagerðinni verði veitt sérstök fjárveiting fyrir því, 140 þús. krónur.

Þá eru varðandi hafnargerðirnar tvær brtt. Önnur er sú, að framlag til Blönduóshafnar verði hækkað um 50 þús. kr., en hin um, að til hafnar á Bakkagerði verði lagðar 50 þús. kr. Báðar þessar till. eru byggðar á upplýsingum,

sem fjvn. bárust, eftir að hún hafði gengið frá öðrum hafnartillögum sínum.

Þá er ekki minnst um það vert, að nokkurt nýmæli er tekið upp í brtt., varðandi hafnarmálin, en það er fjárveiting til dráttarbrautar fyrir togara á Akureyri, 200 þús. kr. Það þykir vera hin mesta nauðsyn, að víðar en á einum stað á landinu sé möguleiki til þess að taka upp til viðgerða og botnhreinsana togveiðiskipin, sem nú eru algeng og stendur til að fjölga. Þykir því hlýða, að stuðlað verði að því, að komið verði upp norðanlands dráttarbraut, sem geti tekið upp togara.

Þá er einn lítill liður varðandi lendingarbætur, sem upp hefur verið tekinn í brtt. Það er 5 þús. kr. fjárveiting vegna lendingarbóta á Skógasandi. Þar hafði Jökulsá á Sólheimasandi flætt í gamla lendingarvör, sem þeir Eyfellingar nota þó ekki mjög, en ber við, að þeir nota til útróðra, og þurfti að grafa upp í Jökulsárósnum til að varðveita þessa gömlu lendingarvör.

Þá er lagt til, að álag vegna afhendingar kirkna verði hækkað um 100 þús. kr. Það er stefnt að því, að sem víðast verði söfnuðirnir sjálfir eigendur kirkna sinna og að þær kirkjur, sem enn eru í eigu ríkisins, flytjist í eigu safnaða. En til þess að greiða fyrir því, að svo geti orðið, þarf ríkið að greiða í sumum tilfellum nokkurt fé til þess að geta skilað þessum húsum í því standi, sem söfnuðunum þykir viðhlítandi.

Þá er lagt til, að styrkur til verzlunarskólans verði hækkaður um 100 þús. kr., úr 300 þús. í 400 þús. Skólakostnaður í landinu hefur almennt hækkað mjög á síðustu tímum, og hefur þótt hlýða að verða við óskum skólanefndar verzlunarskólans að nokkru, og er það gert í þessari tillögu.

Þá er ein till. varðandi hlutdeild ríkisins í íþróttahúsi. Það er til íþróttahúss á Seyðisfirði, 100 þús. kr. Það er sérstætt við þessa fjárveitingu, að hér er ekki um venjulegt íþróttahús að ræða, heldur er um það að ræða að byggja sérstakt gólf yfir sundlaugina í sundhöll á þessum stað, svo að nota megi þetta hús til íþróttaiðkana á vetrum, en sundhöllin er einungis rekin yfir sumarmánuðina. Hér er því um fróðlega tilraun að ræða, sem máske gæti víðar sparað byggingarkostnað íþróttahúsa, ef vel tækist.

Till. er um, að færeyskum fræðimanni verði veittur styrkur til þess að flytja hér erindi eða fyrirlestra um þjóðlíf og sögu og bókmenntir sinnar þjóðar. Færeyingar eru, svo sem allir kannast við, að verða stöðugt meiri þátttakendur í íslenzku atvinnulífi, og eykur það enn á þá sanngirniskröfu, sem verið hefur uppi, m. a. hér á Alþ. á undanförnum þingum, að þessari bræðraþjóð okkar verði meiri gaumur gefinn og hún betur kynnt Íslendingum en verið hefur fram til þessa.

Þá er lagt til, að framlag til þess að greiða niður byggingarskuldir stúdentagarðanna verði hækkað úr 50 þús. kr. í 100 þús. kr.

Þá eru till. um það, að á 15. gr. fjárlaga verði teknir upp nokkrir nýir menn, en á þeirri gr. er veittur styrkur til vísinda, lista og menningarlegrar starfsemi. Er þar um að ræða styrk til Valgerðar fyrrum húsmóður á Kolviðarhóli og hækkun á styrkjum til þeirra Benedikts Gíslasonar frá Hofteigi og Þórarins Jónssonar, sem áður voru þarna með nokkra styrki.

Ég verð að áskilja n. rétt til þess að athuga, hvort alveg er rétt frá greint hér í till. meiri hl. n. Mér skilst, að hér muni vanta inn till. varðandi 15. gr., og kemur það til athugunar síðar.

Þá er lagt til, að almennt verði styrkur til leikfélaganna hækkaður nokkuð. Flest leikfélögin, sem styrk höfðu á 15. gr. fjárlaga, höfðu 5 þús. kr. styrk. Það er yfirleitt lagt til, að sá styrkur verði hækkaður í 8 þús. kr., en hjá Leikfélagi Akureyrar úr 25 þús. í 30 þús. Þess skal getið, að í fyrri till. n., sem nú hafa verið samþ., var gert ráð fyrir hækkun á styrk til Leikfélags Reykjavíkur, 20 þús. kr.

Þá hefur samkvæmt tilmælum, sem n. bárust frá mönnum í menntamálaráði, verið lagt til að breyta orðalagi á þeim lið, þar sem ákveðinn var styrkur til söngnáms erlendis, þannig að framvegis geti þar verið um að ræða styrk til söng- og tónlistarnáms.

Það skal tekið fram, að það, sem ég minntist á, að líklegt væri, að ekki væri með öllu rétt hér í till. n., reynist raunar koma fram síðar í brtt. Þar er um að ræða nýjan styrk til Friðriks Friðrikssonar æskulýðsleiðtoga, sérstök heiðursverðlaun, 15 þús. kr.

Þá er lagt til, að vegna minnismerkis, sem Rangæingar eru að reisa í Hlíðarendakoti til minningar um Þorstein Erlingsson, verði veittar 10 þús. kr. Er þar um að ræða höggmynd, sem gerð er af Ninu Sæmundsson.

Einnig er gert ráð fyrir því, að tekin verði upp svolítil fjárveiting til minnismerkis á klausturgrunninum, þar sem stóð munkaklaustrið í Þykkvabæ í Veri, 5 þús. kr.

Það hefur þurft að leiðrétta örlítið einn lið varðandi veðurstofuna. Það er endurgreiðsla vegna flugveðurþjónustu, og er till. um það eingöngu til leiðréttingar.

Á 16. gr. eru gerðar nokkrar brtt. Er sú fyrst, að lagt er til, að vélasjóður fái 350 þús. kr. styrk til greiðslu skuldar, sem hann er í miklum vandræðum með, vegna kaupa á skurðgröfum.

Þá er lagt til í þrem liðum, að vegna landbúnaðarframkvæmda, nýbýla og aukinnar ræktunar verði veittar samtals 8 millj. kr., þ. e., að styrkurinn til ræktunar á nýbýlum verði hækkaður úr 2½ millj. í 5 millj., að til íbúðarhúsa á nýbýlum verði veittur 1½ millj. kr. styrkur og að inn á fjárlög komi nýr liður, framlag til túnræktar á þeim jörðum, þar sem ræktun er skammt á veg komin, 4 millj. kr. Það þykir nauðsyn til bera að gefa þeim bændum, sem minnstan hafa bústofn og minnstan afrakstur af búi sínu, möguleika á því að stækka búin og gera þau arðvænlegri en þau nú eru.

Þá er lagt til, að tveir nýir styrkir vegna sjóvarnargarða verði upp teknir, þ. e. vegna sjóvarnargarðs á Ísafirði 100 þús. kr. og vegna sjóvarnargarðs í Borgarnesi 50 þús. kr.

Þá er lagt til, að styrkur til landþurrkunar í Austur-Landeyjum verði hækkaður um 20 þús. krónur.

Á undanförnum árum hefur verið lagt nokkurt fé í það að leita að nýjum fiskimiðum, einkum fyrir togaraflotann, og hefur það borið all-

mikinn árangur. En stöðugt verður ljósara, að einmitt leit að fiskimiðum er eitt af því, sem íslenzkur þjóðarbúskapur þarfnast hvað mest að framkvæmt sé, og er lagt til, að þessi styrkur hækki um 250 þús. kr., upp í 1 millj. kr.

Á smiðum hefur á undanförnum árum verið beituskurðarvél, sem vonir standa til að geti komið að góðum notum fyrir íslenzka fiskibáta. Þessi vél hefur þurft langan prófunartíma, og hefur sitthvað í henni reynzt miður en vonir stóðu til, og hefur gengið í nokkru basli með að fá endurnýjanir sökum fjárskorts þeirra manna, er þetta verk hafa með höndum. Er þess vegna lagt til, að Fiskifélag Íslands fái til ráðstöfunar litla fjárhæð, 10 þús. kr., til þess að greiða fyrir framleiðslu á beituskurðarvél, ef það mætti fremur takast.

Samkvæmt lögum ber ríkinu að greiða ákveðinn hluta af byggingarkostnaði olíutanka, sem olíusamlög reisa. Það hefur verið sýnt fram á, að fjárþörf í þessu skyni á yfirstandandi ári muni verða allmiklu hærri en fjárlagafrv. gerir ráð fyrir, og er hér lögð til hækkun um 100 þús. kr. í því skyni. Er það einkum vegna slíkra framkvæmda, sem olíusamlag í Keflavík hefur með höndum.

Þá er lagt til, að iðnlánasjóður, sem búið hefur við mikinn fjárskort að undanförnu, fái framlag sitt úr ríkissjóði hækkað um 1 millj. kr., úr 450 þús. í 1 millj. 450 þús. kr.

Þær miklu raforkuframkvæmdir, sem nú eru á döfinni og hafa verið um skeið, eru mjög fjárþurfi, og er lagt til, að ríkissjóðsframlag til raforkusjóðs verði hækkað um 10 millj. kr., upp í 15 millj. kr.

Kemur þá að þeim brtt., sem gerðar eru við 17. gr. frv. Þar er lagt til, að framlag til styrktar- og sjúkrasjóða verði hækkað úr 20 þús. kr. í 40 þús. kr.

Þá er lagt til, að verkakvennafélagið Framtíðin í Hafnarfirði, sem um langt skeið hefur rekið dagheimili fyrir börn, fái byggingarstyrk á svipaðan hátt og veittur hefur verið til slíkra heimila hér í Rvík, og er áætlað í þessu skyni 30 þús. kr. framlag.

Þá er tekinn upp nýr liður á þessa grein, til orlofs og sumardvalar fyrir húsmæður frá barnmörgum heimilum, 40 þús. kr. Það er alkunna, að eins og þjóðfélagsskipun er hjá okkur nú, mæðir oft mjög mikið á húsmæðrum, sérstaklega þeim, sem standa fyrir stórum heimilum. Hefur þótt rétt að verða við óskum um það, að ríkið legði nokkuð af mörkum til þess að auðvelda sumardvöl slíkra mæðra, hvort sem þær væru frá heimilum í kaupstöðum eða sveitum landsins.

Á n. k. sumri er fyrirhugað, að heimsmeistarakeppni stúdenta í skák verði haldin hér á landi, og hefur framkvæmdanefnd sú, sem stendur fyrir því móti, sótt um fjárveitingu. Hefur fjvn. þótt hlýða að verða við þeirri beiðni og veita 40 þús. kr. styrk vegna þessa móts.

Byggingarsjóður kaupstaða og kauptúna, þ. e. a. s. sá sjóður, sem sótt er til til byggingar verkamannabústaða, hefur samkv. frv. tæplega 2 millj. kr. framlag, þ. e. a. s. framlög upp á 1 millj. 975 þús. kr. Það er lagt til, að þessi fjárveiting verði tvöfölduð og að styrkur þessi verði ákveðinn 3 millj. 950 þús. kr. Það þarf ekki skýringa við, að húsnæðisþörfin er slík, að vert þykir eftir þessari leið að reyna að bæta þar eitthvað úr.

Sömuleiðis er lagt til, að framlag ríkisins til útrýmingar heilsuspillandi íbúða verði hækkað um 1 millj. kr., úr 3 millj. í 4 millj. kr.

Varðandi báða þessa byggingaliði má geta þess, að nokkurt mótframlag á lögum samkv. að koma á móti þessari upphæð frá bæjar- eða sveitarfélögum, og eykur það enn líkurnar á því, að eitthvað verði hægt um að bæta í húsnæðismálunum með því að hækka þessi framlög.

Samkv. ábendingu ráðuneytisins er framlag til alþjóðagjaldeyrisstofnunarinnar talið geta fallið niður, og er till. gerð um það.

Varðandi 18. gr. frv. eru gerðar nokkrar brtt., sem fyrir liggja, og tel ég ekki ástæðu til að skýra þær sérstaklega, enda liggja þær ljósar fyrir á þingskjali 284. Er það bæði um nýja menn inn á þá grein og sömuleiðis um brottfellingu þeirra, sem fallið hafa frá, en höfðu styrk á þeirri grein. Enn fremur er í I. tölulið þeirrar gr. gert ráð fyrir svolitilli breytingu á lögboðnum eftirlaunum embættismanna, og er það aðeins smávægileg breyting.

Varðandi 19. gr. frv. er gerð brtt. um, að enn verði framlag til dýrtíðarráðstafana hækkað um 600 þús. kr. Er það vegna sérstaks framlags, sem fyrirhugað er til þess að greiða niður olíu til rafstöðva, sem framleiða rafmagn til almenningsnota.

Þá er gert ráð fyrir, að hækkað verði frá frv. framlagið til viðbótarhúsnæðis ríkisspítalanna úr 3 millj. og 600 þús. upp í 4 millj. og 600 þús. kr. Auk þess er gert ráð fyrir, að á heimildagrein verði ríkisstj. veitt heimild til þess að taka lán til viðbótarbyggingar spítalanna, allt að 5 millj. króna.

Varðandi sjúkraflugvelli er fyrirhugað að byggja á einum stað í Norðurlandi, væntanlega Akureyri, sérstakt skýli fyrir sjúkraflugvél henni til öryggis, en nú er svo, að hvergi er hægt að hýsa þá flugvél nema í Rvík. Er þess vegna lagt til, að framlagið til sjúkraflugvalla hækki um 75 þús. kr.

Húsmæðrakennaraskólinn er húsnæðislaus um þessar mundir og starfar ekki. Hann var áður til húsa í húsakynnum háskólans, en hefur nú orðið að hverfa þaðan, og standa mál hans sem sagt þannig, að skólinn starfar ekki um þessar mundir. Á síðustu fjárlögum hafði hann nokkurt framlag til byggingar, og enn er gert ráð fyrir í frv., að honum verði veittar 200 þús. kr. í því skyni. Hér er lagt til, að það framlag verði hækkað í 300 þús. kr., og má þó allt eins gera ráð fyrir, að þennan byggingarstyrk verði að nota til þess að kaupa húsnæði handa skólanum, því að sýnt þykir, að bygging, sem ætti eingöngu að vinnast fyrir það framlag, sem skólinn hefur þegar fengið og hægt er að veita honum á þessum fjárlögum, mundi koma seinna til sögunnar en svo, að skólinn geti við það búið að vera húsnæðislaus svo lengi.

Þá er lagt til, að atvinnubótafé, sem í frv. var gert ráð fyrir að yrði 5 millj. kr., verði aukið um 10 millj. kr., upp í 15 millj. kr. Það er sömu-

leiðis eitt af alkunnustu málum hér innan þingveggja a. m. k. og svo auðvitað á þeim stöðum, þar sem mest sverfur að í atvinnulegu tilliti, að óhjákvæmilegt er að gera einhverjar ráðstafanir til þess að undirbyggja öruggara atvinnulíf en nú er fyrir hendi á ýmsum stöðum á landsbyggðinni. Standa vonir til þess, að þessi till. geti miðað í þá átt að undirbyggja blómlegra atvinnulíf en verið hefur á ýmsum stöðum, þar sem dauft hefur verið yfir að undanförnu.

Liðurinn um tollstöð í Rvík, framlag til hennar, nam 850 þús. kr. Lagt er til, að sá liður verði felldur niður úr útgjöldum fjárlaga, enda hefur Alþingi þegar gert ráðstafanir til þess að afla tekna til þeirrar byggingar með öðrum hætti.

Þá er gert ráð fyrir, að fiskiðjuveri ríkisins verði fengnar 750 þús. kr. vegna aðkallandi skulda, sem á því hvíla. Með þessu framlagi er ekki tekin nein ákvörðun um framtíð fiskiðjuvers ríkisins. En hver sem framtíð þess kann að verða, þykir óhjákvæmilegt að leggja til, að því verði fengið þetta fé.

Er þá komið að heimildagrein frv., 22. gr., sem gerðar eru við nokkrar brtt.

Þar er fyrst, að lagt er til, að ríkisstj. verði heimilað að hækka nokkuð ábyrgð sína til menningarsjóðs. Eins og stendur í frv. nú, er ríkissjóði heimilt að greiða þeim sjóði það, sem á kann að vanta, að tekjur hans fyrir s. l. ár nemi 550 þús. kr. Þessi heimild er samkv. till. hækkuð um 1 millj. kr. Til mála hefur komið, að menningarsjóði verði fengin ný verkefni og að starfsemi sú, sem hann þegar hefur, verið aukin. En margt er enn óráðið um, með hverjum hætti þessir hlutir kunna að verða í framkvæmd, og er enda ekki víst, að heimild þessi verði notuð. En meðal þess, sem komið hefur til greina að menningarsjóður styrki eða taki þátt í að styrkja, er Sinfóníuhljómsveit Íslands, sem eins og alkunnugt er hefur verið í nokkrum vandkvæðum hvað fjárhag snertir á undanförnum árum.

Þá er gerð hér ein brtt. við brtt. samvinnunefndar samgöngumála, en í þeirri brtt. gerir samvinnunefndin ráð fyrir því, að ríkisstj. verði heimilað að greiða að tilteknum upphæðum halla af rekstri nokkurra flóabáta. Hér er lagt til, að aftan við þá brtt. bætist heimild um, að ríkisstj. verði einnig heimilt að lána Hríseyjarhreppi allt að 50 þús. kr. til að endurbyggja ferjubát þann, sem í förum er á milli Hríseyjar og Árskógssands.

Þá er gerð brtt. við textann í rómverskum XIII í 22. gr., þar sem er allt að 50 millj. kr. ábyrgðarheimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast lán til hraðfrystihúsa, mjólkurbúa og fiskimjölsverksmiðja. Hér er gert ráð fyrir, að þessi heimild verði rýmkuð og ekki bundin nákvæmlega við þessar tegundir vinnslustöðva, heldur geti ábyrgðin náð til hvers konar fiskvinnslustöðva og stöðva, sem vinna úr landbúnaðarafurðum.

Þá er lagt til, að fyrir Siglufjarðarkaupstað megi ríkisstj. ábyrgjast allt að 1 millj. kr. rekstrarlán vegna síldarverksmiðjunnar Rauðku. Þetta er liður, sem staðið hefur inni á fjárlögum á undanförnum árum. Í síðustu fjárlögum var þessi heimild upp á 2 millj. kr., en þá munu hafa verið samandregnar þær ábyrgðir, sem þurfa þóttu til tveggja ára.

Þá er lagt til, að nýr liður komi inn í fjárlög, þar sem ríkisstj. sé heimilað að ábyrgjast allt að 4 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðvar til að annast bátasmíðar innanlands. Sumar skipasmíðastöðvar telja sig búa við mikinn skort á rekstrarfé og sé af þeim sökum m. a. ókleift að smíða báta, sem þær hafa ekki ákveðinn kaupanda að. Á hinn bóginn telja þær, að mikil nauðsyn sé að hafa slík verkefni til að vinna að á skipasmíðastöðvunum jafnframt viðhaldi eldri báta, svo að fyrirtækin geti haldið smiðum í þjónustu sinni, þótt hlé verði á viðhaldsvinnunni.

Enn fremur er lagt til, að ríkisstj. verði heimilað að ábyrgjast lán, sem tekið kann að verða til að smíða nýjan flóabát fyrir Eyjafjörð og nálægar hafnir, gegn tryggingum, er ríkisstj. metur gildar, þó ekki yfir ⅔ hluta af kostnaðarverði skipsins. Flóabáturinn Drangur, sem nú gengur á þessari leið, er orðinn mjög gamall og úr sér genginn. Fyrir forgöngu samvn. samgm. var þessu skipi veitt nokkur fjárveiting til vélakaupa, þar sem endurnýja þurfti vél í skipinu, en upplýsingar liggja nú fyrir um það, að sú vél hefur ekki verið sett í skipið, sökum þess að skipið sjálft þykir orðið of gamalt og lélegt til þess að breyta um vél í því, og þarf nú að endurnýja skipið sjálft. Hér er lagt til, að ríkið gefi kost á ábyrgðarheimild vegna lána til endurnýjunar á skipinu, sem nemi álíka hárri upphæð og fiskveiðasjóður Íslands veitir lán út á til fiskiskipakaupa.

Brtt. er gerð við þann lið 22. gr. fjárl., sem heimilar ríkisstj. að fella niður aðflutningsgjöld af snjóbifreiðum og sjúkrabifreiðum Rauða krossins. Breyt., sem gerð er, er í því fólgin, að lagt er til, að hætt sé að binda þessa niðurfellingu á aðflutningsgjöldum að því er sjúkrabifreiðar varðar eingöngu við bifreiðar Rauða krossins, því að nú hefur komið í ljós, að ýmis sjúkrahús eða hreppsfélög reka slíkar bifreiðar. Er lagt til, að þessi heimild nái til sjúkrabifreiða, sem notaðar eru í almenningsþágu.

Inni á frv. er í heimildagrein heimild til lántöku fyrir ríkissjóð til handa framkvæmdasjóði, allt að 5 millj. kr. Með því framlagi, sem lagt er til að tekið verði upp til atvinnuaukningar, en sú brtt. nam 10 millj. kr., er jafnframt lagt til, að þessi heimild verði felld niður.

Það þykir mikil þörf á því að koma upp uppeldisheimili eða uppeldisskóla fyrir stúlkur, sem lent hafa á glapstigum, og er hér lagt til, að ríkisstj. verði heimilað að festa kaup á landi til að byggja slíkan uppeldisskóla á. Væri það þá fyrsta skrefið í áttina að því að koma upp slíkri stofnun.

Þá er lagt til, að ríkisstj. verði heimilað að selja fasteignir ríkissjóðs á Þórshöfn. Þar er um að ræða gömul timburhús og leigulóð, sem lentu í eigu ríkisins fyrir nokkrum árum, en ríkið hefur ekkert gagn af um þessar mundir.

Þá er lagt til, að í nýjum liðum á þessari gr. verði ríkisstj. heimilað að afhenda með þeim skilyrðum, sem ríkisstj. setur, bjargráðasjóði Íslands til eignar 10½ millj. kr. skuldabréf, sem gefið

var út vegna óþurrkanna á Suður- og Suðvesturlandi árið 1955, og enn fremur skuldabréf, sem nú er í vörzlu Búnaðarbanka Íslands og upphaflega nam 3 millj. kr. og út var gefið vegna harðinda og óþurrka á árunum 1949 og 1950 á Norður- og Norðausturlandi. Varðandi þessa till. er gert ráð fyrir, að ríkisstj. afhendi bjargráðasjóði þessar skuldakröfur, sem ríkissjóður er nú eigandi að, með fyrirmælum um, að innheimta þeirra verði mjög væg, og séu það skilyrði af hálfu ríkissjóðs fyrir þessari afhendingu, að lánstími á þessum lánum verði lengdur svo sem þurfa þykir, að vextir verði eins vægir og unnt er, að bjargráðasjóður sé við því búinn að útvega sérstaklega þeim bændum, sem eru ómegnugir að standa skil á lánunum, greiðslufrest. Þar getur komið til greina að veita slíkum bændum lengingu á lánstíma, sérstaka vaxtalækkun eða niðurfellingu vaxta, eftirgjöf á höfuðstól að meira eða minna leyti, enda verði í slíkum tilfellum leitað umsagna og álits hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

Þá er till. um að gefa eftir svokölluð hallærislán, sem veitt voru úr ríkissjóði til bænda 1952, að upphæð 5 millj. 320 þús. kr. Þessi lán, sem hér um ræðir, voru veitt vegna snjóa og harðinda, einkum á Norðaustur- og Austurlandi, og er gert ráð fyrir því, að þau verði gefin eftir. Í hinu tilfellinu, sem áður var lýst, varðandi það, sem afhenda á bjargráðasjóði samkvæmt þessum till., er um að ræða styrki, sem veittir voru vegna óþurrka fyrst og fremst.

Þá er brtt. um að heimila ríkisstj. að gefa eftir eða taka á ríkissjóð greiðslu á lánum, sem veitt hafa verið útvegsmönnum vegna þurrafúa í fiskiskipum, eftir því sem rannsókn kann að leiða í ljós að nauðsynlegt sé, sökum þess að viðkomandi útgerðarmenn eða útgerðarfyrirtæki hafi ekki efnahagslegar ástæður til þess að greiða þessar skuldir, á svipaðan hátt og ætlazt er til, að bjargráðasjóður innheimti þær skuldir, sem lagt er til að honum verði fengnar til innheimtu, þannig að þörfin verði hverju sinni skoðuð og metin og eftirgjöf fari því aðeins fram, að efnahagur viðkomandi lántakanda sé með þeim hætti, að ástæða sé til þess að gefa lánið eftir eða hluta af því.

Ég skal geta þess, að ein till. n. mun ókomin fram og kemur væntanlega fram á þskj., sem ekki hefur verið útbýtt enn þá. Það er till. varðandi 22. gr. um heimildina fyrir 5 millj. kr. lántöku vegna aukins húsnæðis ríkisspítalanna. Hún er ekki á þskj. 284.

Þá hefur n. orðið ásátt um að flytja hér skriflega brtt. til viðbótar þeim, sem komnar eru, hún er varðandi 22. gr., ábyrgðarheimild svo hljóðandi: að ríkisstj. sé heimilt „að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, er ríkisstj. metur gildar, lán fyrir Skúla Pálsson, Laxalóni, allt að 150 þús. kr., vegna óhjákvæmilegs tilkostnaðar hans við undirbúning og framkvæmd fyrsta útflutnings af regnbogasilungi, sem hann á undanförnum árum hefur ræktað."

Leyfi ég mér að afhenda forseta þessa till. einnig.

Varðandi þær breyt., sem n. og meiri hl. n. hafa gert við fjárlagafrv. í heild, skal ég geta þess, sem ég raunar hef áður gert, að í nál. er rakið allmiklu nákvæmar en hér hefur verið gert, hverjar eru helztu breyt., sem frv. tekur skv. till. n. En ég vil lýsa því hér, að að niðurstöðu til, að samþykktum öllum tillögum fjvn. og meiri hl. fjvn. svo og að samþykktri tillögu samvn. samgm. um flóabáta, en að öðru óbreyttu, mundi fjárlagafrv. verða að upphæð 811 millj. 602 þús. kr. og verða með hagstæðum greiðslujöfnuði, sem nemur 1463177 kr. Í sambandi við þessar tölur skal þess þó getið, að ekki hafa þær verið þaulprófaðar eins og vert væri, en ég hef þó ástæðu til að ætla, að þær muni réttar.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. fjvn. hefur gert hér grein fyrir þeim till., sem n. flytur sameiginlega á þskj. 284. Ég sé því ekki ástæðu til þess að gera þær till. sérstaklega að umtalsefni.

Nefndin hefur fallizt á að taka inn í till. sínar að einhverju eða öllu leyti nokkrar af þeim till., sem fram komu við 2. umr. frv. og teknar voru þá aftur. Auk þess hafa verið afgreidd frá n. þau mál, sem þá var lýst yfir að væru aðalmálin af þeim, sem biðu til 3. umr., en það var fyrst og fremst aukið framlag til landbúnaðarins, framlag til atvinnuaukningar og til raforkumála auk framlaga til sjúkrahúsabygginga, sem einnig biðu við þá umr.

Meðal þeirra liða, sem hafa verið teknir upp í till. n. nú og flutt var sérstaklega brtt. um af minni hl. n. við 2. umr., er till. varðandi iðnlánasjóð. Við lögðum þá til í minni hl. n., að framlag ríkissjóðs til sjóðsins á þessu ári yrði hækkað úr 450 þús. kr. í 1 millj. Nú hefur verið gerð sú búbót á, að þetta hefur ekki verið hækkað aðeins í eina milljón, heldur í 1 millj. 450 þús. kr. Hefðu kannske einhvern tíma verið látin orð falla um það, að þetta væri yfirboð, en ég vil láta í ljós frá okkar hendi, að það er mjög ánægjulegt yfirboð, sem við vissulega ljáum okkar fyllsta stuðning, þó að þetta sé að vísu ekki nema nokkur lausn á því mikla vandamáli, sem þarna er um að ræða. En eins og við gátum um í nál. okkar við 2. umr., liggja hér fyrir þinginu frumvörp um frambúðarlausn þeirra mála, sem væntanlega njóta jafnmikillar velvildar og þetta bráðabirgðaúrræði hefur notið.

Ég mun í sambandi við till. okkar ræða sérstaklega um raforkumálin. Er af eðlilegum ástæðum orðið nauðsynlegt að verja til þeirra auknu fé, vegna þess að raforkusjóð skortir mjög tilfinnanlega fjármagn til þess að standa straum af framkvæmdaáætlun þeirri, sem gerð var á sínum tíma í raforkumálunum. Var því óumflýjanlegt að leggja fram aukið fé í þessu skyni.

Það ber einnig sérstaklega að gleðjast yfir því, að aukið hefur verið mjög verulega framlag til þess að stuðla að *jafnvægi í byggð landsins*. Það er hækkað um 5 millj. kr. frá því, sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv., því að þar var í heimildagrein ákvæði um 5 millj. til framkvæmdasjóðs í þessu skyni. Það hefur verið fellt niður, en í stað þess framlagið sjálft á 20. gr. hækkað í 15 millj. kr., og er það vissulega mjög nauðsynleg fjárveiting.

Hv. frsm. n. útskýrði hér að nokkru till., sem

ég annars hefði viljað víkja að. Það er í sambandi við 1 millj. kr. hækkun á framlagi til menningarsjóðs, sem ég hef ekki áður heyrt skýringu á. En hann gaf hér að nokkru leyti skýringu á því, að menningarsjóði mundi vera ætlað að taka að sér ný verkefni, sem gerðu nauðsynleg aukin framlög til sjóðsins. Ég hefði fyrir mitt leyti talið, að það væri ihugunarefni, ef það væri svo, að það ætti að hækka um 1 millj. kr. framlag til sjóðsins til þess að standa undir halla af bókaútgáfu hans. Það verð ég að telja mjög óheppilegt eða a. m. k. varhugavert að fara að greiða úr ríkissjóði stórar fjárhæðir til þess að standa undir halla á bókaútgáfu. Þó að hún sé allra góðra gjalda verð, þá verður hún að standa undir sér, svo sem önnur bókmenntafélög verða að gera. En úr því að hérna er um beinlínis ný verkefni að ræða, gegnir þetta öðru máli, enda höfum við í minni hl. ekki séð neina ástæðu til þess að gera ágreining um þetta, þó að ekki lægju fyrir í n. neinar sérstakar skýringar á því, af hverju þetta væri nauðsynlegt.

Hv. frsm. meiri hl. hefur skýrt frá því, að væntanlegt sé frá meiri hl. n. sérstakt nál. Þessu nál. hefur ekki enn verið útbýtt, sem stafar af því, að því miður hefur við þessa umr. sem við 2. umr. orðið að hafa svo hraðan á, að það verður að taka málið til meðferðar, áður en hægt er að útbýta þeim þingskjölum, sem nauðsynlegt er að þm. hafi fyrir sér, þegar þeir taka afstöðu til málsins. Ég verð því að sjálfsögðu að geyma mér til seinni tíma að gera athugasemd við það nál., ef ástæða reynist til þess.

Þá ætla ég næst að víkja nokkuð að þeim brtt., sem minni hl. n. gerir sérstaklega á þskj. 286. Vík ég fyrst að þeim liðum, sem snerta gjaldakafla frv.

Við höfum tekið upp aftur till. þá, sem við fluttum við 2. umr., um að tvöfalda rekstrarstyrk til St. Jósefsspítalanna í Reykjavík og Hafnarfirði. Það hefur ekki náðst samkomulag um að taka upp þessa hækkun á styrknum, eins og við höfðum vonazt til, og tókum við till. okkar aftur við 2. umr. í trausti þess. Verð ég að segja, að það gegnir nokkurri furðu, að ekki skuli hafa verið talin ástæða til að sinna þessari mjög hógværu beiðni þessara sjúkrahúsa, sem gegna hér mjög mikilvægu hlutverki og hafa leyst mikinn vanda fyrir þjóðfélagið, en vegna fjárskorts þeirra er þeim orðið um megn að risa undir þeim mikla tilkostnaði, sem þar er. Þegar við lítum á þau miklu fjárframlög, sem ríkið verður að hafa til sinna sjúkrahúsa, verður skiljanlegt, að það sé ekki auðið að reka önnur sjúkrahús hallalaust. Tel ég því, að það sé naumast vansalaust að sinna ekki jafnsanngjarnri beiðni frá forstöðumönnum þessara sjúkrahúsa.

Þá höfum við lagt til enn fremur, að gerð yrði nokkur hækkun á fjárveitingu til héraðssjúkrahúsa úti um land. Það er að vísu í frv. nokkur hækkun frá fjárlögum í þessu skyni. En hér er mikill vandi á ferðum og sjúkrahús í smíðum, sem ekki hefur reynzt auðið að greiða fé til nægilega ört, og verður því að telja mikla nauðsyn að reyna að ganga svo til móts við þá aðila, sem hér eiga hlut að máli, sem kostur er á. Hins vegar höfum við til þess að hafa á þessu fulla hófsemi ekki lagt til, að hækkaður verði þessi liður nema um 500 þús. kr., og þá jafnframt, að til heilbrigðisstofnana í Reykjavík verði hækkað um samsvarandi upphæð og um 100 þús. kr. til fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Í till. n. er gert ráð fyrir að heimila sérstaka lántöku til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana hér í Reykjavík, en að öðru leyti ekki mætt þeirri miklu þörf, sem hér er um að ræða.

Þá lá fyrir n. beiðni frá forstöðumönnum hælisins að Skálatúni um byggingarstyrk. Í fjárlagafrv. er 60 þús. kr. styrkur til þessa hælis. N. hefur ekki talið sér fært að fallast á að mæla með auknum styrk í þessu skyni, en við í minni hl. leggjum til, að þessi styrkur verði hækkaður í 200 þús. kr., því að hér er um mjög mikilvæga starfsemi að ræða, sem er vissulega þess virði, að henni sé gaumur gefinn og grundvöllur lagður að því, að hún geti haldið áfram með viðunandi móti og hún geti eflzt. Það er upplýst, að það er alls ekki hægt að taka á móti öllum þeim börnum þarna, sem þörf væri á að kæmust á slíkt hæli, og þess vegna mikil nauðsyn að auka þar húsrými.

Fyrir fjvn. hefur legið beiðni frá Félagi sérleyfishafa um það, að létt verði af sérleyfissjóði þeim þunga bagga, sem Ferðaskrifstofa ríkisins er. Í sérleyfissjóði eru nú um 1.2 millj. kr., og hefur verið áformað að hefjast nú handa um að reisa hér í Reykjavík umferðarmiðstöð, sem fyrst og fremst hafi með höndum afgreiðslu sérleyfisbifreiða. Áætlunarbifreiðar ganga nú í æ ríkari mæli héðan út um byggðir landsins, en hins vegar við mjög mikla örðugleika að stríða hér í bænum að fá viðunandi aðstöðu til afgreiðslu fyrir þessar bifreiðar allar, þannig að þær verða mjög að vera á hrakhólum og mjög erfitt fyrir fólk að vita, hvar það á að ná sambandi við afgreiðslu þessara bifreiða. Bygging þessarar umferðarmiðstöðvar er því hið mesta nauðsynjamál og þörf á að greiða fyrir því, að það geti komizt í framkvæmd sem fyrst. Sérleyfissjóði var fyrst og fremst ætlað að standa undir þessum kostnaði að töluverðu leyti og leggja grundvöll að því, að hægt væri að ráðast í slíkt fyrirtæki, en seinna var gerð sú breyting á lögum um sérleyfisgjaldið, að það skyldi vera heimilt að greiða einnig úr sérleyfissjóði halla af Ferðaskrifstofu ríkisins. Í fjárlögum undanfarinna ára hefur verið þess vegna ákvæði um það, að hallinn af ferðaskrifstofunni skuli greiddur úr sérleyfissjóði. Þetta mun þó ekki hafa verið framkvæmt, þannig að halli áranna 1952—56, að þeim árum meðtöldum báðum, hefur ekki verið krafinn af sérleyfissjóði enn þá. En þessi halli, fyrir árin 1952—55, er tæpar 600 þús., og gera má ráð fyrir, að á árinu 1956 hafi orðið 280—300 þús. kr. halli, ég veit það ekki nákvæmlega. En ef ætti að greiða allan þennan halla úr sjóðnum og jafnframt að taka úr sjóðnum þann halla, sem áætlað er, að verði á ferðaskrifstofunni á þessu ári, þá er ljóst, að sjóðurinn er þrotinn og af þeim sökum ekki neitt fé fyrir hendi til þess að ráðast í byggingu þessarar umferðarmiðstöðvar. Þetta teljum við í minni hl. n. mjög miður farið og viljum því leggja til, að þær kröfur, sem ríkissjóður á um endurgreiðslu á því, sem reynzt hefur halli

ferðaskrifstofunnar að undanförnu, verði ekki gerðar til sérleyfissjóðs, heldur endanlega greitt af ríkissjóði, og verði þá jafnframt sú breyting gerð í fjárlögum nú, að halli af ferðaskrifstofunni verði greiddur af ríkissjóði. Mundu þá verða til ráðstöfunar til byggingar þessarar væntanlegu afgreiðslumiðstöðvar um 1200 þús. kr.

Þá leggjum við til, að smávægileg hækkun verði gerð á styrk til elliheimila. Það hefur á ýmsum liðum fjárlaga verið bæði teknir upp nýir styrkir og hækkaðir styrkir til hliðstæðrar starfsemi eins og hér er um að ræða, og verður því að telja lítt viðunandi að sýna ekki einhvern lit á því að hlynna að þessum gamalmennahælum, sem starfandi eru, þó að það sé vitanlega ekki um nema mjög smávægilegan styrk að ræða að hækka hann aðeins um 10 þús. kr. til hvers þeirra.

Eins og hv. þm. er kunnugt, á félagsheimilasjóður við mjög mikla fjárhagsörðugleika að stríða. Félagsheimili hafa verið að rísa víðs vegar um landið, og það er eitt af mikilvægustu atriðunum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, eins og mikið er talað um, að búa þannig að æskufólki úti um sveitirnar og í strjálbýlinu, að það geti haft viðunandi aðstöðu til félagsstarfsemi. Af þessum sökum hefur mjög víða verið ráðizt í byggingu félagsheimila. Lánsfé er torfengið til þeirra hluta og svo að segja ófáanlegt, eins og til margvíslegra annarra framkvæmda, og hafa því skapazt vaxandi vandræði fyrir það, að félagsheimilasjóður hefur ekki getað lagt fram nema að mjög litlu leyti það fé, sem honum hefur verið ætlað. Hér á Alþingi hafa verið til meðferðar og eru nú till. um lausn að nokkru leyti á vanda félagsheimilasjóðs. Það er ekki enn séð fyrir um það, hvaða afgreiðslu þær till. fá, og þess vegna höfum við talið nauðsynlegt að gera hér nokkra bragarbót á. Miðað við aðrar till., sem gerðar hafa verið, m. a. um að leggja 1 millj. kr. til eins einasta heimilis, held ég að verði varla talið, að það sé óbilgirni að leggja til, að félagsheimilasjóði, sem á að leysa þörf víðs vegar um landið í þessu sambandi, fái nú 1 millj. kr. til þess að létta örlítið af sér þeim þunga, sem á honum hvílir, og getur það vitanlega ekki komið í veg fyrir eða á neinn hátt komið í staðinn fyrir þær till., sem gerðar eru til frambúðarlausnar á þeim vanda. Við erum hins vegar að sjálfsögðu reiðubúnir til þess að taka það til athugunar, hvort leggja á slíka till. til atkvæða eða ekki, ef t. d. frá hæstv. ríkisstj. kæmi ákveðin yfirlýsing um það, að leyst yrði á tiltekinn hátt úr vanda félagsheimilasjóðs. Það er fyllilega til athugunar frá okkar hendi.

Þá er till. um að veita 30 þús. kr. styrk til kvenfélagsins á Akranesi til byggingar dagheimilis. Það hefur verið tekinn upp annar styrkur hliðstæður þessum í till. nefndarinnar, og fyrir þessu er *fullkomið fordæmi, bæði fyrr og síðar*, að stuðla að því að koma upp slíkum dagheimilum. Tel ég þess vegna ekki þörf á að útskýra það mál nánar.

Þá leggjum við enn fremur til, að í heimildagr. fjárlaga verði gerð sú breyting auk þeirra breytinga, sem lagt er til af n. sameiginlega að gera, að ábyrgðarheimildin í sambandi við hverja einstaka framkvæmd í byggingu frystihúsa og annarra þeirra fyrirtækja, sem þar er um rætt, hækki úr 60% í 80%. Þetta er í samræmi við till., sem flutt hefur verið á Alþingi af þm. kaupstaðanna utan Reykjavíkur, ég held allra saman, og reynslan hefur sýnt ljóslega, að það er ekki hægt að leysa vanda frystihúsanna með þeirri takmörkuðu ábyrgðarheimild, sem hér er, og það er brýn nauðsyn að hækka hámarkið upp í 80% a. m. k. Miðað við þann áhuga, sem fram hefur komið á þessu máli hjá ýmsum aðilum hér í þinginu, þykist ég mega vænta þess, að þessi brtt. njóti meiri stuðnings en kemur fram í því, að meiri hl. n. hefur á þessu stigi ekki viljað fallast á, að n. flytti þessa till. sameiginlega.

Í till. n. er lagt til, að ríkissjóður leggi fram til fiskiðjuvers ríkisins 750 þús. kr. Fjárhagsmál fiskiðjuvers ríkisins hafa lengi verið á döfinni, ekki aðeins nú á þessu þingi eða í sambandi við afgreiðslu fjárl. nú, heldur áður, og það virðist halla stöðugt undan fæti og þessi upphæð, sem lagt er til af n. að fiskiðjuverinu verði veitt, er ekki nema lítill hluti af því fé, sem það telur sig þurfa til þess að viðunandi starfræksla geti verið þar.

Þegar fiskiðjuverið var stofnað, var gert ráð fyrir, að því væri fyrst og fremst fengið það hlutverk að stunda ýmiss konar nýjungar og tilraunir á sviði fiskiðnaðar, fyrst og fremst fiskniðursuðu og raunar fleiri greinar iðnaðarins. Úr þessu hefur mjög lítið orðið, og eins og sakir standa nú, er þetta fyrirtæki rekið aðeins sem venjulegt frystihús. Þegar svo er komið, fáum við ekki séð í minni hl. n., að það séu nokkur frambærileg rök fyrir því, að ríkið sé að reka slík fyrirtæki, ekki síst þar sem það býr við svo bágborna afkomu sem raun ber vitni um. Við teljum því sjálfsagt, enda þótt að vísu verði að leggja því þetta fé, sem lagt er til af n., til þess að greiða áfallnar skuldir, að til þess að koma í veg fyrir frambúðarvandræði og fjárhagsbagga fyrir ríkissjóð af rekstri þessa fyrirtækis verði gerð tilraun til að selja fyrirtækið. Nú vill svo til, að það hefur verið ákveðið hér í bæjarstjórn Reykjavíkur að hefja byggingu nýs frystihúss í bænum, og við teljum, að það sé eðlilegt og sjálfsagt, að athugað verði, hvort ekki sé hægt að sameina þá hugmynd, sem þar hefur komið fram, við þá till., sem við leggjum hér til, að þetta frystihús ríkisins verði selt. Það er auðvitað ekki fyrir fram hægt að segja neitt um það, hvort þetta er hægt eða ekki. Það er auðvitað ekki hægt að selja þetta fyrirtæki með einhverjum hörmungarkjörum fyrir ríkissjóðinn. En við teljum sjálfsagt, að Alþingi lýsi þeim vilja sínum, að ríkisstj. hefjist handa um að athuga með sölu á fyrirtækinu, því að án heimildar er að sjálfsögðu ekki hægt að framkvæma söluna, þótt ríkisstj. byðist viðunandi boð í húsið.

Ég hef áður gert grein fyrir brtt. varðandi ferðaskrifstofuna hvað snertir þann tíma, sem liðinn er, og hluti af því máli verður að koma undir heimildagr., að heimila ríkisstj. að falla frá kröfu á hendur sérleyfissjóði um það fé, sem gjaldfallið er, og er það 16. brtt. okkar.

Þá kem ég að 17. brtt. okkar í minni hl. n., en þar leggjum við til, að varið verði úr ríkissjóði allt að 5 millj. kr. á þessu ári til veðdeildar Bún-

aðarbankans og verði ekki fé fyrir hendi hjá ríkissjóði til þess að leggja slíka upphæð fram, þá fái ríkisstj. heimild til lántöku til þess að leysa þennan vanda veðdeildarinnar. Í till. n., sem hún flytur sameiginlega, eru teknir upp vissir hættir í fjármálum í sambandi við framkvæmdir í landbúnaðinum, og eru þær fjárveitingar byggðar á till., sem komið hafa frá n., sem skipuð var samkv. ályktun síðasta Alþingis til þess að endurskoða lög um stofnlánadeildir Búnaðarbankans. Niðurstaða af þeirri athugun hefur orðið sú, að n. hefur útbúið tvö frv., annað, sem hér hefur verið útbýtt í dag, skilst mér, varðandi nýbýli og framkvæmdir í því sambandi, en hitt frv., sem snertir veðdeild Búnaðarbankans, hefur enn ekki sézt hér í þinginu. Bæði þessi frv. munu hafa verið tilbúin snemma þings eða í þingbyrjun og afhent þá hæstv. ríkisstj., þó að þau hafi ekki verið flutt fyrr en nú og að vísu ekki séð enn þá, hvort ætlunin er að flytja nema annað þeirra.

Samkv. till. þeim, sem fram komu hjá þessari n., taldi hún nauðsynlegt, að á árinu 1957 yrði framlag til þessara mála að hækka þannig, að til nýbýla og aðstoðar við þá bændur, sem skemmst eru á veg komnir, þyrfti 12 millj. kr., en 5 millj. til veðdeildarinnar, þannig að það þyrfti að hækka þessi framlög til landbúnaðarins um 17 millj. Var þá gert ráð fyrir, að þetta skiptist í sex liði, þannig að til framkvæmda yrði varið sérstaklega 5 millj. á ári næstu 25 ár til stofnfjárskulda byggingarsjóðs, þá verði enn fremur sérstök framlög til þess að greiða vaxtatekjur eða vaxtamismun, verði framlag í því skyni hækkað um helming, eða úr 2.5 millj. í 5 millj., og framlag til íbúðarhúsabygginga, nýbýla, verði sérstakur styrkur tekinn upp í því skyni, 25 þús. kr. á býli, og nemur það 2 millj. á ári, og til styrktar þeim jörðum, sem dregizt hafa aftur úr um framkvæmdir, verði varið 5 millj. á ári næstu 5 ár og til veðdeildarinnar 5 millj. á ári, auk þess sem ríkissjóður leggi veðdeildinni til það fé, sem veðdeildin skuldar ríkissjóði og hefur nú verið lagt til í sambandi við fjárlögin að eftir verði gefið, og sömuleiðis skuld við sparisjóðsdeild Búnaðarbanka Íslands. Samtals námu þessar upphæðir 11 millj.

Í till. n. hefur verið komið allmikið til móts við þær till., sem fram koma í þessu frv. varðandi nýbýlin og framkvæmdir á þeim býlum, sem dregizt hafa aftur úr, þannig að af þeim upphæðum, sem n., sem athugar lögin, hefur lagt til, hafa verið teknar upp í till. n. nú 8 millj. í stað 12 millj., sem eru í frv. En hins vegar hefur veðdeildin alveg fallið aftan af. Þetta teljum við í minni hl. n. algerlega óviðunandi. Veðdeildin er búin að búa við mjög mikinn fjárskort, og vandræði af þessum sökum fara sívaxandi. Hún fékk á s. l. ári 2 millj. af greiðsluafgangi. Fyrir nokkrum þingum var samþykkt hér frv. um, að Landsbankinn skyldi kaupa fyrir nokkra upphæð á ári, ég held 1.2 millj. kr., skuldabréf af veðdeild Búnaðarbankans. Samkv. þeirri heimild hefur ekkert fé fengizt enn, og veðdeildin býr því við hinn mesta fjárskort. Hún skuldar sparisjóðsdeild Búnaðarbankans á sjöttu millj. kr. og verður fyrir stórum útgjöldum af vaxtamismun. Hins vegar fara mjög vaxandi vandræði bænda og ekki hvað síst þeirra, sem eru að byrja búskap, bæði að geta keypt jarðir og til þess að komast yfir bústofn og annað, sem til þess þarf að hefja búskap á byggðum jörðum. Hér er nú mjög myndarlega rétt höndin fram til þess að bæta aðstöðu þeirra, sem reisa nýbýli, en það er alls ekki síður þörf á því að leysa þann vanda, sem veðdeildinni er ætlað að leysa.

Við höfum þess vegna lagt til, að ríkisstj. verði heimilað að leggja fram á þessu ári 5 millj. til veðdeildar bankans. En við höfum tekið það í heimildagrein, vegna þess að við viljum ekki slá því föstu, að það verði hægt ef til vill að leggja þetta fé fram af tekjuafgangi ríkissjóðs. Og því höfum við til öryggis sett lánsheimild handa ríkisstjórninni, ef fé yrði ekki fáanlegt með öðru móti.

Það er eins með þennan lið og lið, sem ég gat um hér áðan, að ef fást hér fullnægjandi yfirlýsingar frá hæstv. ríkisstj. um það, að hún ætli sér að leysa þennan vanda á þessu ári á einhvern viðhlítandi hátt, þá erum við að sjálfsögðu reiðubúnir til þess að taka það til athugunar, hvort við getum þá fallið frá þessari till. En meðan ekki liggur neitt fyrir um það og engin upplýsing um það, hvort ríkisstj. hugsar sér að leggja fram hér á Alþingi frv. það um veðdeild Búnaðarbankans, sem samið hefur verið, sjáum við okkur ekki annað fært en að leggja fram þessa till. varðandi veðdeildina.

Þá flytjum við hér sem 18. brtt. okkar till. um að heimila ríkisstj. að taka lán til hafnargerða, sem annars vegar sé varið til greiðslu á framlögum ríkissjóðs samkvæmt hafnarlögum, sem vangoldin voru um s. l. áramót, en það munu vera rúmar 10 millj. kr., og hins vegar 15 millj. kr. lán til aðstoðar við þær hafnargerðir, þar sem brýnust þörf er framkvæmda, en reynzt hefur ógerlegt að afla lánsfjár. Ég býst við, að flestir hv. þm. viti, hvílíkir erfiðleikar eru á því sviði að afla lánsfjár til framkvæmda og það enda þótt mikið sé í búfi og brýn nauðsyn á slíkum framkvæmdum. Það virðist því ekki vera annað fyrir hendi en að gera tilraun til að afla lánsfjár með þessu móti, úr því að viðkomandi sveitarfélög sjálf geta ekki fengið lán til framkvæmdanna. Ég skal taka það fram, að þessi brtt. er að meginefni til og hvað upphæð snertir samhljóða till., sem hér var flutt við 2. umr. og þá tekin aftur, en nefndin í heild hefur ekki talið sér fært að taka upp sem sína till. En við vildum mjög taka undir þá ósk, sem þar hefur komið fram, enda skýrði ég frá því við 2. umr., að við höfum lagt til, að sérstaklega yrðu tekin lán til greiðslu vangoldinna framlaga. En vitanlega er hin mesta nauðsyn að létta einnig undir með hafnarframkvæmdum almennt á þann hátt, sem lagt var til í þessari till., sem hér kom fram við 2. umr.

Þá er 19. og síðasta till. okkar, en hún er um það, að í stað þess að bjargráðasjóði Íslands verði afhent þau skuldabréf, sem getið var um í till. þeirri, sem flutt er á þskj. því, sem nefndin öll stendur að, með þeim skilyrðum, sem ríkisstj. kynni svo aftur að setja varðandi eftirgjafir eða ívilnanir til lántaka, verði þessi lán gefin

eftir. Í b-lið till. og c-lið, sem er tekið orðrétt eins og er í till. á þskj. 284, þá er í b-liðnum lagt til, að gefin verði eftir algerlega þau hallærislán, sem þar um ræðir, að upphæð 5.3 millj. kr. Hins vegar er í a-liðnum, eins og meiri hluti nefndarinnar hefur viljað orða hann, aðeins gert ráð fyrir, að bjargráðasjóði verði gefið eftir af hálfu ríkissjóðs framlag hans, en hins vegar ekki gert ráð fyrir, að bjargráðasjóður gefi eftir lánin, sem bændum hafa verið veitt, nema eftir því sem honum þurfa þykir. Þetta teljum við að sé mjög vafasöm framkvæmd og geti leitt til ýmiss konar misréttis og vandræða.

Ég vil í þessu sambandi benda á það, að frá hálfu bændasamtakanna var alltaf lögð mikil áherzla á það, að þetta yrðu ekki lán, sem þarna var um að ræða, heldur styrkir til fóðurbætiskaupa vegna óþurrkanna hér á Suðurlandi. Var um það samþykkt einróma till. á aðalfundi Stéttarsambands bænda árið 1955. Sömuleiðis var á fundi stjórnar Búnaðarfélags Íslands það sama ár lagt til, að framkvæmdin á aðstoðinni yrði þannig, að fóðurbætirinn yrði greiddur niður í samræmi við till. fundar Stéttarsambands bænda, sem ég gat um áðan, þó þannig, að fóðurbætismagn sé miðað við þá tölu á mjólkurkúm og ám, sem fordagæzlumenn á hverjum stað samþykkja að sett verði á í vetur, sem er framkvæmdaratriði.

Það virðist því liggja fyrir mjög almenn skoðun bændasamtakanna um það, hvaða hátt hefði á þessu átt að hafa. Nú skal ég að vísu ekkert um það segja, hvort í einstökum tilfellum hefur verið framkvæmt um þessi lán á þann hátt, að það geti gefið óeðlilegar niðurstöður. En ég hygg þó, að það sé í miklu færri tilfellum og að það sé sízt minni ástæða til þess að óttast, að það verði úr því misrétti, ef hafa á þessa handahófsframkvæmd á, eins og hér er gert ráð fyrir, heldur en að hinn hátturinn verði hafður á að gefa lánin eftir, eins og lagt er til með lán þau, sem um ræðir í b-lið.

Þá vil ég víkja nokkuð að öðrum þætti þessa máls, en það er tekjuhlið fjárlagafrv.

Ég vil þá fyrst endurtaka það, sem ég sagði hér við 2. umr., að mér þykir mjög miður farið, hversu veigalitlar upplýsingar hafa verið gefnar varðandi tekjuhorfur ríkissjóðs á þessu ári. Það ástand hefur ekkert breytzt, frá því að 2. umr. fjárlagafrv. lauk, þrátt fyrir þær aðfinnslur, sem þá voru fram bornar, og sá háttur var á hafður í þessu efni, að upplýsingar varðandi tekjuhliðina voru ekki gefnar fyrr en á síðasta fundi nefndarinnar, sem haldinn var í gær, og þær upplýsingar í rauninni ákaflega veigalitlar og á allt annan veg en hefur verið undanfarin ár. Það vill nú svo vel til, að ég hef þá haft með höndum í fjvn. að athuga tekjuáætlun fjárlaganna og gera í nefndinni grein fyrir tekjuhorfunum og hvernig ástatt væri, og engar slíkar upplýsingar voru gefnar í þetta sinn, ekki einu sinni upplýsingar um hag ríkisstofnananna, eins og hann var um síðustu áramót, sem hlýtur þó að hafa legið fyrir. Með þessu er ég ekki að slá neinu föstu um það, hver á sök á þessu. Eins og ég tók fram í ræðu minni við 2. umr., hef ég enga ástæðu til þess að álíta, að meiri hl. n. eða formaður hennar hafi haldið fyrir okkur í minni hl. nokkrum þeim upplýsingum, sem hann hefur haft í sínum fórum, og verð ég því að telja, að þessar upplýsingar hafi alls ekki legið fyrir, af hvaða ástæðum sem það er. Er ég þar ekki með aðdróttanir við einn né neinn, en skýri aðeins frá staðreyndum, að þessar upplýsingar hafa ekki legið fyrir. Við frestuðum því að sjálfsögðu í minni hl. að gera nokkra athugun á tekjuhlið fjárlaganna, þar til við fengjum upplýsingar um þetta efni, sem við gerðum ráð fyrir að yrðu í svipuðu formi og verið hefur undanfarin ár, en sú hefur ekki orðið reyndin á.

Ég vil leyfa mér að upplýsa það hér út af því, sem skýrt var frá af hæstv. fjmrh. við 2. umr., að í fyrra hefðu engar upplýsingar legið fyrir um hag ríkissjóðs í desember og engin slík plögg út gefin af fjmrn. eða ríkisbókhaldinu, að það vill nú svo til, að ég hef hér í höndum það plagg, sem við fengum í fyrra um miðjan janúar um hag ríkissjóðs, í desembermánuði einnig. Það er að vísu rétt, að það er áætlunarupphæð, en varðandi þá áætlunarupphæð var gerður samanburður um bráðabirgðauppgjör, sem gert var árið áður um svipað leyti, og við fengum síðan upplýsingar um, hver hefði orðið breytingin það ár, frá því að bráðabirgðauppgjörið var gefið og þar til endanlegt uppgjör fékkst. Þær breytingar eru ekki miklar, þ. e. a. s. tekjurnar hækkuðu um 9 millj. kr. rúmlega frá bráðabirgðauppgjöri 1954, og höfðum við hliðsjón af þessari breytingu varðandi bráðabirgðauppgjörið 1955, sem við fengum í hendur um miðjan janúar í fyrra.

Nú er okkur tjáð, að ekkert slíkt bráðabirgðauppgjör sé til, og eru þó komin lok febrúarmánaðar.

Ég vil aðeins um það segja, að ég læt í ljós mikla undrun yfir, að slíku skuli vera haldið fram, og mér sýnist, að það hljóti að vera einhver önnur vinnubrögð viðhöfð nú en verið hefur, ef slíkt uppgjör er ekki fáanlegt. Það hlýtur a. m. k. að hafa verið mjög hægur vandi að láta í té það uppgjör við ríkisstofnanirnar, sem okkur var afhent í fyrra. Ég skal játa, að af okkar hálfu var ekki borin fram sérstök krafa um sundurliðaðar upplýsingar varðandi tekjuhliðina, vegna þess að það hefur aldrei þurft á því að halda að gera slíka kröfu. Það hefur verið talið sjálfsagt, að útskýringar fylgdu sem gleggstar um hvern einstakan lið.

Um þetta þýðir að sjálfsögðu ekki að fást. Það er komið sem komið er, og við höfum orðið að miða okkar afstöðu til málsins og áætlun okkar um tekjuhorfur við þessar mjög ófullkomnu upplýsingar og það yfirlit um afkomuna til 1. desember, sem lá fyrir nefndinni.

Það er auðvitað svo varðandi tekjuáætlunina nú eins og áður, að jafnvel þó að liggi fyrir fullkomnar upplýsingar, verða alltaf ýmis atriði, sem eru mjög á reiki, vegna þess að aðstæður breytast frá ári til árs.

Ég hef gert hér lauslega athugun á tekjuhorfum, miðað við þessar ófullkomnu upplýsingar, eins og ég áðan gat um, sem fyrir liggja, og er niðurstaðan af því svo sem hér greinir:

1. des. 1956 voru tekjur ríkissjóðs orðnar 611.7 millj. kr. 1. des. 1955 voru þær 538.1 millj. kr. Hækkun á þessu ári hefur því á fyrstu 11 mán-

uðum numið 73.6 millj. kr., eða rúmum 13%. Tekjur í desembermánuði 1955 urðu 108 millj. kr., og ef við áætlum 13% hækkun á tekjum desembermánaðar 1956, þá ættu tekjurnar að hafa orðið 121 millj. kr. og tekjur alls 1956 þá 732 millj. kr.

Nú er frá því skýrt eftir þeim upplýsingum, sem fjmrh. hefur gefið, að gera verði ráð fyrir tekjuskerðingu vegna niðurfellingar söluskatts í smásölu um 25 millj. kr. og tekjuskerðingu vegna eftirgjafar í sambandi við skattfríðindi handa sjómönnum og lækkun skatts á lágtekjum um 5 millj. kr., þannig að gera verði ráð fyrir tekjuskerðingu af þessum sökum um 30 millj. kr. á árinu 1957.

Eftir þessu sýnist svo sem gamlir tekjustofnar, ef gert væri ráð fyrir nákvæmlega sömu útkomu á árinu 1957, yrðu 702 millj. kr. Hækkun á víni og tóbaki er talin gefa 15 millj., og samkvæmt upplýsingum fjmrh. er talið, að í hluta ríkissjóðs komi á þessu ári 108 millj. úr útflutningssjóði, og yrðu þá tekjurnar samtals 825 millj. kr.

Við þetta er þó það að athuga, að álag á vörumagnstoll og verðtoll gilti ekki allt árið, þannig að gera má ráð fyrir nokkrum tekjuauka af þessum sökum. Þá hefur einnig verið tekið erlent lán, sem mér er tjáð að sé ekki búið að flytja inn á enn þá, 4 millj. dollara, og mundu af því verða tolltekjur að sjálfsögðu á þessu ári, þannig að gjaldeyrismöguleikarnir ættu að vaxa að þessu leyti. Og ekki er ósennilegt, ef lán verður tekið til Sogsvirkjunar, að einnig komi nokkuð af því til nota á þessu ári, og eftir því sem mér hefur skilizt, munu tolltekjur vegna þessa innflutnings, sem að vísu er ekki víst að falli nema að einhverju leyti á þetta ár, vera 35—40 millj.

Þetta eru aðeins lauslegar athuganir, byggðar á svipuðum reglum og við höfum fylgt undanfarin ár um áætlanir okkar, en það hefði auðvitað verið hægt að fara nær þessu, ef hefði verið hægt að styðjast við útkomu desembermánaðar, sem við vitum ekki um.

Við leggjum til í minni hl., að lækkunin á tekjuskattinum verði 2 millj. minni en lagt er til af meiri hl. n. og að söluskattslækkunin verði 5 millj. minni en þar er lagt til, þannig að tekjuauki ríkissjóðs verði 7 millj. á þessum liðum. *Með þessu er ekki verið að gera neina tilraun til* þess að áætla tekjur ríkissjóðs endanlega. Það má auðvitað hafa þann hátt á, og það hefur stundum verið deilt um það hér í þingi undanfarin ár, hvort rétt væri sú aðferð, sem höfð hefur verið og ég skal játa minn þátt í, að áætla ekki tekjurnar í hámarki, heldur að áætla þær aðeins þannig, að þær rúmlega „dekki" útgjöldin og tiltölulega lítill greiðsluafgangur sé því áætlaður í fjárl., en hins vegar eftirskilinn allgóður slurkur til þess að mæta óvissum útgjöldum.

Það má auðvitað hafa þessa aðferð öðruvísi, að taka alla upphæðina, sem menn ímynda sér að líklegt sé að ríkissjóður fái í tekjur, inn í fjárl. og skila þeim með svo og svo miklum greiðsluafgangi. En þá aðferð höfum við ekki heldur haft nú í minni hl., fremur en fylgt hefur verið nú undanfarin ár, en leggjum aðeins til, að tekjuáætlunin verði hækkuð sem þessu nemur, þ. e. a. s. um 7 millj.

Nú býst ég við, að spurt verði, á hverju við getum byggt það, að óhætt sé að hækka tekjuáætlunina sem þessu nemur. Að vísu býst ég ekki við, að neinn haldi því fram, að þessir tekjustofnar tveir, sem við gerum ráð fyrir að hækka, tekju- og eignarskattur og söluskattur, skili ekki fullkomlega þessari útkomu, heldur muni aðfinnslurnar verða byggðar á því, að við áætlum ekki nógu mikið afgangs fyrir afföllum. Það eru einu haldbæru rökin í því sambandi. En ég hygg, að þetta skipti ekki meginmáli, því að enda þótt við hækkum tekjuáætlunina sem þessu nemur, þá tökum við með okkar útgjaldatillögum alls ekki þann slurk, því að útgjaldatill. okkar eru tæpar 3 millj., þannig að greiðsluafgangur yrði *5.5 millj. eða í kringum það; ég hef ekki* nákvæmar tölur, af því að ég vissi ekki alveg nákvæmlega um niðurstöðutölurnar, sem hv. frsm. meiri hl. fjvn. rakti hér áðan og voru ekki alveg þær sömu og við gerðum ráð fyrir í gær. En þetta breytir engu, sem neinu meginmáli skiptir, þannig að þó að þessi tekjuáætlun sé hækkuð sem þessu nemur, þá er það ekki til þess að eyða öllu þessu fé, heldur er aðeins gert ráð fyrir, að greiðsluafgangurinn hækki úr 1.5 millj., sem er gert ráð fyrir í niðurstöðum meiri hl., upp í 5.5 millj.

En varðandi þessa tvo liði vil ég að öðru leyti segja það, að tekju- og eignarskatturinn hefur farið hækkandi frá ári til árs og af eðlilegum ástæðum. Hann var 1953 60 millj., 1954 68 millj., 1955 88 millj., 1956 110 millj., og eftir áætlun okkar mundi hann verða á árinu 1957 í fjárl. áætlaður 113 millj., eða aðeins 3 millj. kr. hærri en 1956. Það ár varð 22 millj. kr. hækkun frá árinu áður, þannig að ég held að sé ekki með nokkru móti hægt að segja, að með þessu sé gálauslega áætlað, heldur hljóti að verða þarna töluverður afgangur.

Um söluskattinn er það að segja, að hann varð á árinu 1955 132.6 millj. Til 1. des. 1956 varð innheimtur söluskattur 128 millj., í desember 1955 innheimtust af söluskatti 15.5 millj. Samkvæmt þessu má gera ráð fyrir, að söluskattur 1956 hafi orðið 144 millj. Hann er í frv. áætlaður 135 millj. Síðan er gert ráð fyrir, að hann lækki um 25 millj. vegna l. um útflutningssjóð, niðurfalls *söluskatts í smásölu, og mundi hann þá samkv.* því verða 110 millj.

Samkv. okkar till. er hann áætlaður að gefa 115 millj., en ætti miðað við niðurstöðu ársins 1956, að svo miklu leyti sem hægt er að sjá hana, að geta orðið, miðað við sömu veltu og sama innflutning, um 120 millj. Hér er þó eins og í hinu tilfellinu aðeins miðað við óbreytt frá árinu 1956, en geta má þess, að þróunin hefur verið allt önnur undanfarin ár. 1954 var söluskattur í fjárl. áætlaður 95.5 millj., en varð 117.5. 1955 var hann áætlaður 112 millj., varð 132.6. 1956 var hann áætlaður 118 millj., en samkv. því, sem mér *sýnist eftir þeirri útreikningsaðferð*, sem ég gat um áðan, ætti hann að hafa orðið um 144 millj. Og það virðist sannarlega lítil ástæða til þess að halda, að sú þróun breytist eitthvað í stórum óhagstæðari átt á árinu 1957.

Ég held því, að sé ekki með neinu móti hægt að halda því fram, að það sýni neitt gáleysi, þó

að við höfum hækkað tekjuáætlunina sem þessu nemur, og að það muni ekki tefla afkomu ríkissjóðs í neina tvísýnu umfram það, sem þær tillögur allar og hækkanir, sem gerðar hafa verið, tefla afkomu ríkissjóðs, þó að samþ. verði till. okkar um tæpa 3 millj. kr. hækkun til viðbótar þeim 811 millj., sem fjárl. þegar hljóða upp á, að samþykktum till. þeim, sem n. öll stendur að, og að samþykktum till. við 2. umr.

Það hefur farið svo, eins og ég gerði ráð fyrir við 2. umr., að fjárl. mundu fara nokkuð yfir 800 millj. Útgjöldin eru nú, miðað við tillögur n. allrar, sem telja má víst að verði samþ. eða nokkurn veginn víst, 811.6 millj., eftir þeim upplýsingum, sem hv. frsm. meiri hl. gaf. Fjárl. 1956 voru tæpar 662 millj. Hækkunin hefur því orðið 150 millj. Þessi hækkun hefur orðið, enda þótt í þessum fjárl. sé ekki gert ráð fyrir neinni vísitöluhækkun. En í fyrra hækkuðu fjárl. frá næsta ári á undan um 157 millj., eða litlu hærri upphæð, en þá var gert ráð fyrir, að vísitala hækkaði um 15 stig, og fjárl. við það miðuð.

Mér sýnist því eftir þessari niðurstöðu að dæma, að það sé alveg ljóst mál, að hv. meiri hl. n. ætli ekki aðeins að hlaupa með vagninum til þess að missa ekki fótanna, heldur ætli hann að setja nýtt met og fara miklu hraðar en vagninn fór.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 286, sem var of seint fram komin, og skrifl. brtt. (sjá þskj. 291) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Forseti (GJóh): Óskað er eftir, að þeir þm., sem ætla sér að leggja fram brtt. við fjárlfrv., leggi þær fram ekki síðar en kl. 5 í dag.

Þá þykir rétt, að þm. gefist tækifæri til að athuga fram komnar tillögur við fjárl.; enn fremur munu flokkarnir þurfa að koma saman á fund, og verður því fundi frestað til kl. 8.30 í kvöld.
— [Fundarhlé.]

ATKVGR.

Afbrigði um n. 287 og brtt. 290 og 292, sem voru of seint fram komin, leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Mér skildist á hv. 2. þm. Eyf. (MJ), frsm. minni hl., að sennilega væri óhætt að áætla tekjurnar hærri en gert er í frv. og hv. meiri hl. fjvn. gerir ráð fyrir. Var hann í því sambandi að bollaleggja nokkuð um aukinn innflutning, sem líklegur væri.

Ég vil láta í ljós allt aðra skoðun á þessu. Ég álít, að tekjuáætlun hafi e. t. v. aldrei verið eins teygð á síðari árum og hún er nú í þessu frv., eins og það liggur fyrir og eins og hún var, þegar þetta frv. var fram lagt. Ég færði fyrir þessu nokkrar ástæður við 1. umr. málsins, og stendur það óbreytt, sem ég þá sagði um horfurnar í því máli.

Í raun og veru gerir tekjuáætlunin ráð fyrir fyllilega eins miklum innflutningi á þessu ári og var 1955 og 1956. En þegar þess er gætt, að 1955 og 1956 var bæði árin flutt inn mjög miklu meira en hægt var að borga af gjaldeyristekjunum og bæði árin var því verulegur halli á gjaldeyrisverzluninni, verða ekki með neinu móti að mínum dómi fundin rök fyrir því, að hér sé gert ráð fyrir of lágum tekjum eftir útlitinu, því að það er rétt, sem hv. 2. þm. Eyf. raunar tók fram, að það er ekki til þess að hugsa, þótt reynt sé að vanda útgjaldaáætlunina, að ná greiðsluhallalausri útkomu, nema áætla tekjurnar eitthvað aðeins undir því, sem þær verða, og ef þær verða ekki nema nákvæmlega eins og stendur í fjárlögum, þá er gefinn greiðsluhalli. Ég læt þetta nægja um þetta atriði fjárlaga.

Ég vil svo víkja hér að þremur brtt.

Fyrst vil ég segja nokkur orð út af brtt. á þskj. 286 frá hv. minni hl., þar sem gert er ráð fyrir lántöku vegna hafnargerða.

Till. kom fram við 2. umr. fjárl. frá nokkrum hv. þm. um sérstaka lántökuheimild vegna hafnargerða, og nú liggur fyrir þessi till. á þskj. 286 um sama efni.

Út af þessu vil ég taka fram, að ríkisstj. hefur lántökuheimild ríkisins og lántökumál til heildarframkvæmda á landinu, þ. á m. til hafnargerða, til athugunar og meðferðar í heild og mun síðar á þessu þingi gera hv. Alþingi grein fyrir því, hvernig þau mál standa, og leita lántökuheimildar til viðbótar þeim, sem í lögum eru, eftir því sem ríkisstj. að athuguðu máli þykir ástæða til. Telur ríkisstj. ekki rétt að taka einn þátt þessara mála út úr til afgreiðslu nú og leggur því á móti till.

Þá er till. á sama þskj. um að leggja fram úr ríkissjóði allt að 5 millj. kr. til veðdeildar Búnaðarbankans og svo lántökuheimild í því skyni.

Um þetta mál, um fjárþörf veðdeildarinnar, mætti margt segja, því að hún er veruleg, en erfiðleikar á því að bæta þar úr eins og mörgum öðrum hliðstæðum málum. En um þetta vil ég segja, að í þessu efni verða gerðar ráðstafanir til þess að greiða nokkuð úr fyrir veðdeildinni. Mun ríkisstj. leggja það mál fyrir hv. Alþingi sérstaklega, ef ekki reynist hægt að leysa það án nýrra lagaákvæða.

Með þessu fororði legg ég til, að þessi till. á þskj. 286 verði felld.

Loks er till. á þskj. 292, IX, frá hv. 2. þm. Skagf. (JS). Hún er um að greiða úr ríkissjóði í verðmiðlunarsjóð mjólkur allt að 2 millj. kr. til þess að bæta upp vinnslumjólk utan fyrsta verðjöfnunarsvæðis.

Með þessari till. er stungið upp á því að fara inn á alveg nýja braut í þessum efnum, sem sé þá, að ríkissjóður greiði verðjöfnunargjald á mjólkurafurðir. Nýr uppbótarsjóður yrði þá stofnsettur á vegum ríkissjóðs í viðbót við það, sem fyrir er. Það verður að finna aðrar leiðir til þess að auka á réttmætan hátt verðjöfnun mjólkurafurða. Er það mál nú til meðferðar hjá bændasamtökunum og landbrn. Þessi till. er ekki tímabær né heppileg, og væri heppilegast, að hún væri tekin til baka, en verði það ekki gert, þá legg ég til, með þessu fororði, að hún verði felld.

Frsm. samvn. samgm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Samgmn. beggja þd. hafa í sameiningu fjallað um framlög til flóabáta og völuflutninga á nokkra staði, eins og venja er, og

liggur álit samvn. fyrir á þskj. 275 og brtt., sem n. ber fram við fjárlfrv., á þskj. 276.

Samvn. þótti ekki verða hjá því komizt að leggja til, að nokkur hækkun yrði gerð á þessum liðum. Stafar það af því, að rekstrarkostnaður við bátaferðir og vöruflutninga, sem hér er fjallað um, hefur aukizt, og sumir þeir bátar, sem njóta stuðnings skv. till. n., veita þjónustu til þeirra staða, sem búa við erfið samgönguskilyrði og geta ekki notið þjónustu Skipaútgerðar ríkisins nema að mjög takmörkuðu leyti.

Samvn. leggur til, að skipulag bátaferðanna verði með svipuðum hætti og undanfarin ár. N. leggur til, að framlag til Djúpbátsins, sem gengur um Ísafjarðardjúp, verði 460 þús. kr. Er það 60 þús. kr. hækkun frá því heildarframlagi, sem báturinn naut á s. l. ári, en þar sem strandferðaskip ríkisins sigla ekki á hafnir við innanvert Ísafjarðardjúp, er óhjákvæmilegt að halda uppi ferðum þessa báts, m. a. til flutnings á búvörum úr sveitum kringum Ísafjarðardjúp til kaupstaðarins, Ísafjarðar.

Enn fremur leggur n. til, að 100 þús. kr. styrkur verði veittur til ferða Strandabáts, sem heldur uppi ferðum um Húnaflóa, einkum frá Hólmavík og norður í nyrztu byggðir Strandasýslu í Árneshreppi.

Norðurlandsbáturinn siglir um Eyjafjörð og Skagafjörð og heldur uppi ferðum til Grímseyjar. Óhjákvæmilegt er að hækka nokkuð framlag til þess báts, og leggur n. til, að honum verði veittur 450 þús. kr. rekstrarstyrkur á þessu ári.

Þess má geta, að fyrir n. hafa legið eindregnar óskir frá Grímseyingum um það, að ferðum bátsins til Grímseyjar verði fjölgað að miklum mun á þessu ári. N. telur sanngjarnt að verða við þessum óskum, og í till. hennar um fjárframlag til bátsins er tekið tillit til þess.

Enn fremur leggur n. til, að framlag til Haganesvíkurbáts og Hríseyjarbáts hækki lítið eitt frá því, sem var á s. l. ári.

Íbúar Flateyjar á Skjálfanda njóta ekki þjónustu Skipaútgerðar ríkisins nema að mjög litlu leyti, og þeir hafa ekki flugsamgöngur. Aðalsamgöngur eyjarbúa við land eru ferðir flóabátsins milli Flateyjar og Húsavíkur. Þessi bátur naut stuðnings á s. l. ári, sem nam 22 þús. kr. Eindregnar óskir eru um það, að ferðum þessa báts verði fjölgað að mun frá því, sem verið hefur, og m. a. með tilliti til póstferða í byggðir landsins virðist n. full sanngirni mæla með, að tillit sé tekið til þessara óska og að styrkur til þessa báts verði ákveðinn 35 þús. kr.

Loðmundarfjörður er orðinn einhver einangraðasta byggð hér á landi. Einu samgöngurnar, sem sú byggð hefur, er bátur, sem heldur uppi ferðum við og við frá Seyðisfirði til Loðmundarfjarðar. N. leggur til, að framlag til þessa báts verði 25 þús. kr.

Enn fremur leggur n. til, að styrkur til Mjóafjarðarbáts verði 37 þús. kr. og að auk þess verði staðið við fyrirheit, sem gefið var á síðasta ári um 30 þús. kr. styrk til þess báts vegna endurnýjunar á vél í bátnum.

Vestur-Skaftafellssýsla hefur sérstöðu meðal héraða landsins að því leyti, að það hérað er algerlega hafnlaust, eins og nú er háttað. Áhugi er fyrir því í héraðinu, að ráðizt verði í hafnargerð við Dyrhólaey, en skilyrði til þess munu ekki vera fullrannsökuð, enda yrði sú framkvæmd að sjálfsögðu kostnaðarsöm. En vegna þeirrar sérstöðu, sem Vestur-Skaftafellssýsla á við að búa að þessu leyti, hefur að undanförnu verið veittur dálítill stuðningur til vöruflutninga í það hérað, og leggur samvn. til, að framlag til þess verði hækkað um 25 þús. kr. og verði 215 þús. kr.

Enn fremur hefur að undanförnu verið veittur styrkur til bátaferða á Hornafirði og til vöruflutninga til Öræfa, sem er mjög einangruð sveit og býr við örðug samgönguskilyrði. N. leggur til, að sá styrkur verði hækkaður um 15 þús. kr., upp í 80 þús. kr.

Vestmannaeyjar eru allfjölmennur kaupstaður, eins og kunnugt er, og ein hin mesta útgerðarstöð þessa lands, en skilyrði til landbúnaðarframleiðslu eru mjög takmörkuð í eyjunum til að fullnægja þörfum þess fólksfjölda, sem þar býr, og þó allra helzt á vertíðum, þegar til Vestmannaeyja safnast mikill fjöldi aðkomufólks í atvinnuleit.

Vegna þessarar sérstöðu Vestmannaeyja hefur verið kostað kapps um að halda uppi daglegum ferðum á bát milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar, aðallega til mjólkurflutninga. Það er að sjálfsögðu örðugleikum bundið og ekki áhættulaust, hvernig sem viðrar, að halda uppi slíkum ferðum á fremur litlum bát. Auk þess eru mjólkurflutningar eftir þeirri leið mjög kostnaðarsamir, og hefur reynzt allmikill halli á rekstri bátsins. Samvn. samgm. telur óhjákvæmilegt að taka tillit til þessara staðreynda og leggur til, að Vestmannaeyja- og Þorlákshafnarbát verði veittur 350 þús. kr. rekstrarstyrkur á þessu ári. En til viðbótar því leggur n. til, að ríkisstj. verði heimilað að greiða í sama skyni allt að 50 þús. kr., ef óhjákvæmilegt reynist, vegna rekstrarhalla, sem leiðir af ferðum bátsins. Virðist n., að með þessum till. báðum sé fullnægt óskum Vestmanneyinga um fjárframlög til þessara ferða.

Hlutafélagið Skallagrímur í Borgarnesi hefur nú eignazt nýtt og vandað skip til ferða um Faxaflóa milli Reykjavíkur annars vegar og Akraness og Borgarness hins vegar. Lítil reynsla er komin af rekstri þess skips, en Skallagrímur h/f átti í örðugleikum með að halda uppi þessum ferðum, meðan hið nýja skip var í smíðum. Þurfti þá að sæta þeim kjörum að hafa í þjónustu sinni leiguskip til ferðanna og af þeim sökum og einnig vegna stofnkostnaðar hins nýja skips á hlutafélagið, sem annast ferðirnar, í fjárhagsörðugleikum og við allþunga skuldabyrði að etja. Stjórn h/f Skallagríms hefur því gert samvinnunefndinni grein fyrir því, að það þurfi á allháum rekstrarstyrk að halda á þessu ári, ef því eigi að vera auðið að halda í horfi með fjárhagsafkomu sína. Með tilliti til þess leggur n. til, að Skallagrími h/f verði veittur 450 þús. kr. rekstrarstyrkur á þessu ári og að enn fremur verði ríkisstj. heimilað að greiða Skallagrími h/f allt að 50 þús. kr. framlag, ef nauðsyn krefur, vegna rekstrarhalla, sem kunni að myndast á árinu. Væntum við, sem n. skipum, að með þessum till. sé komið svo til móts við óskir stjórnar

Skallagríms h/f, að hún megi vel við una og að vel sé séð fyrir rekstri skipsins á þessu ári.

Um Breiðafjörð sigla 3 bátar, sem hafa þó verkaskiptingu sín á milli. Að undanförnu hefur verið haldið uppi ferðum á litlum bát til Skógarstrandar, eftir því sem nauðsyn hefur krafið, og enn fremur til nokkurra staða í Dalasýslu, einkum í grennd við Hvammsfjörð. Til þessara ferða hafa að undanförnu verið notaðir tveir bátar. En á s. l. ári skipaðist þó svo, að annar báturinn annaðist ferðirnar að mestu leyti. N. sýnist því rétt að sameina þetta til eins og sama báts, Langeyjarnesbáts, og leggur til, að þeim bát verði veittur 18 þús. kr. rekstrarstyrkur á þessu ári. Jafnframt gerir n. ráð fyrir því, að Langeyjarnesbátur annist ferðir til Skógarstrandar, eftir því sem nauðsyn krefur.

Þá er haldið uppi ferðum til Stykkishólms og á fleiri hafnir við Breiðafjörð með mótorbátnum Baldri, og flytur hann vörur frá Reykjavík til þeirra hafna, sem hér eiga hlut að máli. N. hefur með höndum skilríki fyrir því, að fjárhagur þessa báts er mjög erfiður, og stafar það m. a. af því, að fyrir skömmu var ráðizt í kostnaðarsama viðgerð á bátnum og þannig efnt til stofnkostnaðar, sem hvílir þungt á þeim, sem bátinn reka. Af þessum sökum telur samvinnunefndin óhjákvæmilegt að hækka nokkuð framlag til þessa báts og leggur til, að það verði 350 þús. kr. Enn fremur leggur n. til, að heimilað verði að greiða allt að 50 þús. kr. framlag til viðbótar, ef rekstrarhalli verður, sem leiðir af ferðum þessa báts, svo að óhjákvæmilegt reynist að hlaupa undir bagga umfram það, sem hinum beina rekstrarstyrk nemur.

Loks er hafður í förum sérstakur bátur, sem siglir um Flatey á Breiðafirði og til hafna við Barðaströnd. N. leggur til, að ferðum þess báts verði hagað á sama hátt og verið hefur og að rekstrarstyrkur til hans hækki um 15 þús. kr. og nemi samtals 130 þús. En n. vill jafnframt leggja til, að staðið verði við það fyrirheit, sem gefið var af samvn. samgm. á fyrra ári um að greiða 30 þús. kr. vegna vélakaupa, sem nýlega hafa verið gerð í þennan bát.

Samkvæmt þessu er sú niðurstaða af till. samvinnunefndarinnar, að hún leggur til, að styrkir til flóabáta og vöruflutninga verði samtals 2791-600 kr. Er þar um að ræða 623600 kr. hærri fjárhæð en veitt var í þessu skyni á s. l. ári.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það eru hérna nokkrar brtt., sem ég stend að.

Vil ég fyrst víkja að till. á þskj. 292,II, sem ég flyt ásamt hv. 1. landsk. (AG). Aðaltill. er sú sama sem flutt var við 2. umr. og tekin aftur til 3., að sérstök fjárveiting yrði í fjárlögum til íþróttaleikvangsins í Laugardal, 2 millj. kr., og þarf ég ekki að gera frekar grein fyrir því en gert var. Ég taldi mig hafa nokkra ástæðu til að ætla, að ef til vill mundi fjvn. liðsinna í þessu efni á milli umr. og jafnvel koma eitthvað til móts við þær óskir, sem fólust í þessari till. Það hefur nú ekki orðið. Við flytjum því varatill. um 1 millj. kr. framlag til þessara Laugardalsframkvæmda. En ég tel ástæðulaust að taka upp aftur rök þau, sem áður eru flutt fyrir þessu máli.

Þá vil ég víkja að VIII. till. á sama þskj., sem ég flyt ásamt hv. 6. þm. Reykv., þ. e., að framlag til útrýmingar heilsuspillandi íbúða verði hækkað upp í 10 millj. kr. Það hefur verið 3 millj., og ég sé, að fjvn. er með till. um að hækka það upp í 4 millj. Eins og kunnugt er, þá er takmörkun á þessu í 13. gr. laganna, að ríkið leggi fram allt að 3 millj. kr. Það mundi að sjálfsögðu vera hægt að komast hjá þeim takmörkunum síðar, ef vilji væri fyrir því að hækka þetta framlag í fjárlögunum. En það er alveg sérstök ástæða til þess, að þetta framlag hækki stórlega, og hafa sjálfstæðismenn í Ed. flutt till. til breytinga á löggjöfinni í þessu sambandi og m. a. vegna þess, hvernig skipazt hefur málum um veitingu þessa fjár til útrýmingar heilsuspillandi íbúða. Húsnæðismálastjórnin hefur fyrir sitt leyti ákveðið lánveitingar af þessu fé, 70 þús. kr. á hverja íbúð af þeim íbúðum, sem Reykjavíkurbær er nú að byggja til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, og býst ég við, að sama yrði upp á teningnum í öðrum bæjarfélögum. Þetta nær að vísu aðeins til þeirra íbúða, sem þegar eru orðnar fokheldar og búið að veita lán út á, en með því að skapa mjög ríkt fordæmi, sem í stórum dráttum verður að ætla að erfitt verði að komast hjá að fylgja um aðrar byggingar til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum. En ég vil vekja athygli á því, að eins og nú standa sakir, eru í smíðum byggingar eða íbúðir, sem eiga að notast til að útrýma lélegum og gömlum heilsuspillandi íbúðum á vegum Reykjavíkurbæjar, það margar, að gert er ráð fyrir því, að á þessu yfirstandandi ári verði fokheldar 300 af þessum íbúðum. Í raðhúsum við Ásgarð er 81 íbúð, í fjölbýlishúsum við Gnoðavog 120 íbúðir og í raðhúsum við Skipasund 100 íbúðir, samtals 300 íbúðir á þessu ári, sem ekki er farið að veita nein lán út á enn þá. Ef þessar íbúðir ættu að njóta sömu lánveitinga að jafnaði og þeir aðrir, sem fá til ráðstöfunar húsnæði til útrýmingar öðrum eldri heilsuspillandi íbúðum, mundi af hálfu ríkisins þurfa að verja til þessa eins hér í Reykjavík 21 millj. kr. Á árinu 1958 er gert ráð fyrir, að af þessum byggingum Reykjavíkurbæjar verði gert fokhelt í raðhúsum við Skipasund 40 íbúðir, í fjölbýlishúsum við Skipasund 100 íbúðir og í fjölbýlishúsum við Grensásveg 96 íbúðir, eða 236 íbúðir á næsta ári, og ef fylgt væri áfram að jafnaði sömu reglunni með 70 þús. kr. lánveitingu af þessu fé, næmi það 16.5 millj. kr., eða samtals þessi tvö ár aðeins af ríkisins hálfu 37.5 millj. kr., ef jafnhá framlög kæmu af hálfu bæjarfélagsins.

Ég tel fyrir mitt leyti og hef talið, og það hefur komið fram innan bæjarstjórnar Reykjavíkur, að það sé vafasamur greiði að hafa teygt þessi lán eins hátt og gert hefur verið, með hliðsjón af því, hvað erfitt sé að fylgja því fordæmi áfram. Þess vegna voru uppi ráðagerðir innan bæjarstjórnarinnar, að lánveitingarnar til íbúðanna, sem byggðar eru til að útrýma heilsuspillandi íbúðum, yrðu ekki eins miklar og nú hefur orðið, eftir að húsnæðismálastjórnin fyrir sitt leyti ákvað að lána út á þessar íbúðir 70 þús. kr. En þar sem húsnæðismálastjórnin er nú skipuð að meiri hluta mönnum af hálfu hæstv.

ríkisstj. og að sjálfsögðu ætti með slíkar ráðstafanir að vera í nánum tengslum og samræmi við vilja og óskir ríkisstj. á hverjum tíma, verður ekki séð annað en verulega þurfi að breyta og hækka framlögin. Höfum við lagt til, hv. 6. þm. Reykv. og ég, með hliðsjón af framansögðu, að framlagið hækkaði upp í 10 millj., og sjá menn þó, að það er fjarri því að nægja, miðað við að halda áfram því fordæmi, sem skapað hefur verið.

Ég skal láta þessi orð nægja til rökstuðnings þessari till. Þetta eru tvær stærstu till., og enda þótt þær yrðu samþ., hefur verið gert ráð fyrir því, miðað við till. sjálfstæðismanna, að nokkurt rúm væri enn, þannig að fjárlögin yrðu greiðsluhallalaus, enda þótt ekki sé gerð till. um hækkaða tekjuliði. Enn fremur geri ég ráð fyrir því, að það væri næsta skynsamlegt að fella sumar hækkunartill., sem fluttar hafa verið, meira að segja af fjvn., og munu koma fram við atkvgr. skoðanir mínar og annarra sjálfstæðismanna á því.

Um till. á sama þskj., 292, rómv. III, vil ég aðeins segja, að það hefur tíðkazt um lengri tíma á Norðurlöndum, að nokkru fé hefur verið varið af opinberri hálfu til þess að aðstoða íþróttahreyfinguna í því að koma upp námskeiðum fyrir forustumenn íþróttafélaganna til þess að koma á bættri og hagkvæmari stjórn íþróttafélaganna. Íþróttasamband Íslands hefur haft áhuga fyrir þessu, en ég hygg, að málin standi þannig, að Íþróttasambandið hafi ekki bolmagn til af sjálfsdáðum að koma upp þessum námskeiðum, ef það verður ekki nokkurs styrks aðnjótandi.

Þá vil ég taka fram um till. á sama þskj., 292, VI, til lamaða íþróttamannsins, Ágústs Matthíassonar, 25 þús. kr., að í samráði við hæstv. fjmrh. mun ég taka þá till. aftur.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Við 2. umr. fjárlagafrv. fluttum við fjórir þm. brtt. um það, að framlag til Heydalsvegar á Snæfellsnesi yrði hækkað úr 150 þús. kr. í 500 þús. Var þessi till. okkar felld. Til vara gerðum við till. um, að framlagið yrði hækkað í 350 þús. kr.

Till. þessa drógum við til baka til 3. umr. og flytjum hana því nú á nýjan leik. Þess er þó að geta, að henni hefur ekki verið útbýtt enn þá, þar sem hún er í prentun.

Í framsöguræðu við 2. umr. gerði ég nokkra grein fyrir mikilvægi þessa fjallvegar fyrir Breiðafjarðarbyggðir og raunar meginhluta Vestur- og Norðurlands. Enn fremur benti ég á þá sérstöku erfiðleika og búmannsraunir, sem nú steðja að bændum á fjárskiptasvæðinu í Dala- og Strandasýslum. Leyfi ég mér að vísa til þessa rökstuðnings. Vona ég, að hv. þm. hafi gefið sér eitthvert tóm til að íhuga þetta mikilvæga mál, og skora á þá að samþ. þessa brtt.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég vil stuttlega gera grein fyrir tveim brtt., sem ég stend að.

Við 2. umr. fjárl. fluttum við hv. 8. landsk. þm. og ég brtt., sem fól í sér, að embætti sendiherra í Osló yrði lagt niður, en í staðinn kæmi ræðismannsskrifstofa í Osló. Að lokinni þeirri umr. varð ég þess áskynja hjá nokkrum hv. alþm., að þeir hefðu frekar kosið, að í stað Osló hefði komið Stokkhólmur, að þeir hefðu betur getað fellt sig við, að sendiherraembættið í Stokkhólmi yrði lagt niður en embættið í Osló. Í samræmi við þessar óskir höfum við nú lagt fram brtt., sem felur í sér sams konar breytingu, en á öðrum lið (10. gr. III. 2.), að liðurinn orðist svo: „Ræðismannsskrifstofa í Stokkhólmi, 92800, enda verði ambassador Íslands í Kaupmannahöfn falin forsjá sendiráðs í Svíþjóð.“ Hef ég svo ekki um þetta efni fleiri orð.

Á þskj. 290, lið II, er brtt. frá mér varðandi rekstrarstyrk til St. Jósefsspítalanna í Hafnarfirði og Reykjavík. Minni hl. hv. fjvn. er þar einnig með brtt. til hækkunar úr 375 þús. upp í 750 þús. kr. Þessari till. er ég fylgjandi og flyt mína brtt. sem varatill. við till. hv. minni hl. fjvn., þannig að ég óska, að hún verði borin upp að hinni felldri.

St. Jósefsspítalarnir í Reykjavík og Hafnarfirði munu á síðasta ári hafa fengið styrk, sem nemur 5 kr. á legudag, og nú hafa þessir spítalar óskað eftir, að sá styrkur yrði hækkaður upp í 10 kr. á legudag. Þegar litið er til þess háa framlags, sem ríkisspítalarnir fá og mun nema í ár á annað hundrað kr. á hvert legurúm á dag, finnst mér ekki til mikils ætlazt, að St. Jósefsspítalarnir fengju í styrk sem svaraði 10 kr. á legudag.

Það eru ekki aðeins Reykvíkingar, heldur allir landsmenn, sem standa í þakkarskuld við St. Jósefsspítalann í Reykjavík, sem um margra ára skeið var eini boðlegi spítalinn á öllu landinu. St. Jósefsspítalinn sem stofnun á nú við mikla örðugleika að stríða í sambandi við rekstur sjúkrahússins. Það er ógerlegt fyrir spítalann að hækka daggjöldin eins og þörf krefur. Þau eru að miklu leyti bundin með samningum, og það verður með hverju árinu erfiðara að láta þau bera sig.

Meðan enn er hörgull á sjúkrarúmum í Reykjavík og annars staðar á landinu, er siðferðisleg skylda ríkisins að styðja stofnun eins og St. Jósefsspítalann. Í ráði er, að byggður verði nýr spítali í stað gamla spítalans í Landakoti, og mun þegar vera hafin framkvæmd. En það mun þykja nokkurn veginn víst, að ef ekki fæst nein leiðrétting, nein hækkun á styrk ríkisins, muni stofnunin verða að gefast upp við að byggja spítalann. Það fé, sem hefði þá átt að renna til byggingarinnar, verður að renna í taprekstur inn. Ég vil því eindregið mæla með því og mælast til þess við hv. alþm., að þeir ljái þessum brtt., sem fyrir liggja í þessu efni, athygli og stuðning.

Jón Sigurðsson: Herra forseti: Ég á hér eina brtt. á þskj. 292, og er hún sú 9. og síðasta í röðinni á því þskj. Tillaga þessi, sem er við 22. gr. fjárl., er að mestu samhljóða áskorun á ríkisstj., sem samþ. var á aðalfundi Stéttarsambands bænda á Blönduósi s. l. haust með samhljóða atkv. því nær allra fundarmanna. Stjórn Stéttarsambandsins sendi ríkisstj. að sjálfsögðu þessa áskorun, og auk þess hafa viðræður farið fram um málið milli formanns Stéttarsambandsins og vissra manna innan ríkisstjórnarinnar. En þar sem enn liggur ekkert fyrir opinberlega um afstöðu ríkisstj. til þessara mála og 3. og síðasta umr. fjárlaganna er hafin, taldi ég það skyldu

mína sem stjórnarnefndarmanns í Stéttarsambandi bænda, og þess eina, sem sæti á hér á hv. Alþ., að bera þessa till. fram hér á Alþingi og gera grein fyrir henni.

Það, sem veldur því, að þessi till. er fram borin, er hinn mikli munur á útborgunarverði mjólkur til bænda frá mjólkurbúunum á Suðvesturlandi og á Norðurlandi. Í fjórum búum á Suðvesturlandi var meðalverðið fyrir árið 1955 kr. 2.89 pr. lítra, en í norðanbúunum fjórum var mjólkurlítrinn á sama tíma kr. 2.48 til 2.59 og meðalverðið kr. 2.55 lítrinn. Mismunurinn á meðalverði til bænda sunnanlands og norðan var því 34 aurar á lítra.

Það, sem veldur þessum mikla mismun, er, að norðanbúin hafa miklu minni neyzlumjólkursölu og verða því að vinna úr miklu af sinni mjólk smjör, skyr, ost og þurrmjólk, og birgja Reykjavík og aðra bæi við vegar um land að þessum vörum. Þetta gefur miklu minna í aðra hönd en nýmjólkursalan hér í Reykjavík og nágrenni, sem sunnanbúin sitja ein að lögum samkvæmt.

Verðmiðlunargjaldið, sem nú er tekið til að jafna þennan mismun, nemur 7 aurum á lítra á alla selda mjólk og er notað til verðjöfnunar milli norðanbúanna, en er aðeins um helmingur af því, sem þyrfti að vera. Áskorun aðalfundar Stéttarsambands bænda á ríkisvaldið er því, að ríkið greiði til viðbótar sem næst 7 aurum á hvern seldan mjólkurlítra til verðjöfnunar milli þessara búa, sem lægst verð fá. Má ætla, að það mundi kosta ríkissjóð í kringum 2 millj. kr., því að mjólkurframleiðsla norðanbúanna er tæpur þriðjungur af mjólkurmagni allra mjólkurbúanna.

Það, sem hrindir þessari áskorun af stað, er almenn óánægja norðanbænda með mjólkurverðið. Bændum norðanlands er reiknuð mjólkin til tekna í verðlagsgrundvellinum á miklu hærra verði en þeir fá nokkru sinni fyrir hana, þegar stéttarbræður þeirra hér sunnanlands fá sumir hverjir fullt verðlagsgrundvallarverð. En kostnaður við búreksturinn er mjög líkur á báðum stöðum. Þessi aðstöðumunur veldur því, að ástæða er til að óttast aukið aðstreymi til Suðvesturlandsins úr þessum héruðum, ef ekki tekst að jafna, svo að um munar, þennan mikla verðmismun. Tillagan miðar að því að jafna aðstöðu þeirra mjólkurframleiðenda, er mjólkursölu stunda, án þess að rýra kjör þeirra bænda, er betur vegnar, enda væri það hin mesta ósanngirni, meðan sunnanbændur fá ekki almennt einu sinni það verð, sem þeim er reiknað í verðlagsgrundvellinum, þótt nokkrir þeirra nái því.

Þá má benda á, að í Noregi fá bændur, sem mjólkursölu stunda, en eiga við erfiðleika að etja, t. d. í fjallabyggðunum norsku, eins konar erfiðleikauppbót í hærra mjólkurverði, sem ríkið greiðir og miðar að því að halda fólkinu í þessum byggðum.

Það er mikið talað um hættuna af látlausu aðstreymi fólks til Suðvesturlandsins frá öðrum landshlutum. Till., sem hér liggur fyrir, er ein af þeim leiðum, sem verður að fara til að sporna við þessum flótta úr sveitunum. Ég skal játa, að það er hægt að fara aðra leið, sem verður að fara, ef Alþ. og ríkisstj. kjósa hana heldur. Það er hlutverk framleiðsluráðs að hlutast til um, að bændur fái að meðaltali það verð fyrir afurðir sínar, sem verðlagsgrundvöllurinn segir til um hverju sinni, þ. á m. fyrir mjólkina. Til þess að bændur fái almennt eitthvað í áttina við það mjólkurverð þarf að hækka, eins og ég sagði áðan, sölumjólkina um 7 aura lítra og nota alla hækkunina til verðmiðlunar milli norðanbúanna. Slík hækkun á söluverði mjólkurinnar mundi valda vísitöluhækkun, sem gizkað er á að mundi kosta ríkissjóð álíka upphæð að greiða niður og þær 2 millj. kr., sem hér er farið fram á að ríkisstj. megi verja til verðjöfnunar milli mjólkurbúanna utan fyrsta verðjöfnunarsvæðis. Fyrir ríkissjóðinn er því nokkurn veginn sama, hvor leiðin er farin. Með till. minni er Alþ. gefinn kostur á að velja milli þessara tveggja leiða.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég skal byrja á því að segja hér fáein orð um eina litla brtt., sem ég flyt á þskj. 290.

Við 2. umr. fjárl. flutti ég hér brtt. um að hækka nokkuð framlag til Skagastrandarhafnar með tilliti til þess, að hafnargarðurinn þar hefur bilað stórlega í ofviðrum. Þessi till. var felld af sameiginlegu liði hæstv. ríkisstjórnar.

Nú fer ég þá leið, sem jafnan er háttur hógværra manna, að slá undan og flytja hér aðra till., sem fer einungis fram á það, að ríkisstj. sé veitt heimild til á 22. gr. fjárlaga að láta gera við bilanir, sem orðið hafa í ofviðrum á þessum hafnargarði, og að það sé framkvæmt eftir till. vitamálastjóra og undir hans umsjón.

Ég vildi flytja þessa till. til þess að láta það sjást greinilega, hvernig sem annars um hana fer, að ég sem fulltrúi Húnvetninga ber á því enga ábyrgð, þó að svo fari, að þetta milljónafyrirtæki eyðileggist fyrir skammsýni ríkisstj. og ráðandi manna hér í landinu, því að ef svo fer, að jafnvel þessi till. sé felld, þá er það auðvitað á ábyrgð vitamálastjóra og hafnarmálaráðherra, ef svo fer sem eðlilega stefnir að, ef ekki er veitt fé í þetta fyrirtæki, að það eyðileggist smám saman, og þá er illa á málunum haldið.

Ég vék að því hér við 2. umr., að það fátæka þorp eða sá fátæki hreppur, sem hér á hlut að máli, hefur enga möguleika á því, eins og nú standa sakir, að hafa lánsfé til þess að greiða úr þessum mikla vanda, sem þarna er um að ræða, enda er það sannarlega ekki síður ríkisins, jafnvel fyrst og fremst ríkisins sjálfs, að þetta sé lagað, þó að það sé eðlilega áhugamál þeirra hreppsbúa, sem þarna eiga hlut að máli. Ég vil því mega vænta þess, að hv. alþm. sjái það og athugi, að hér er um það mikið nauðsynjamál að ræða, að ég vil mega vænta þess, að meiri hluti þeirra fallist þó á þessa heimild, sem hér er farið fram á.

Í öðru lagi vil ég svo segja hér fáein orð um brtt. frá samvn. samgm. á þskj. 276. Eins og hv. þm. hafa e. t. v. tekið eftir, skrifa ég undir álit samvn. samgm. á þskj. 275 með fyrirvara. Sá fyrirvari er ekki bundinn við það í sjálfu sér, að ég sé á móti þeim till., sem samgmn. flytur, vegna þess að mér er það ljóst, að með því að halda áfram því skipulagi, sem þarna er um að ræða, láta alla þá báta, sem þar er um að fjalla, halda áfram að ganga meðfram ströndinni, oft

hálftóma og stundum meira en það, þá er ekki við að búast, að á því sviði gangi öðruvísi en annars staðar í okkar fjármálum, að kostnaðurinn við reksturinn hlýtur alltaf að hækka í stórum stíl. Eftir þeim upplýsingum, sem samvinnunefndin hefur fengið frá forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, er það augljóst, að þeir gífurlegu tollar, sem samþ. voru hér fyrir jólin, hafa mikil áhrif í þá átt að hækka kostnað við allan rekstur þessara báta eins og Skipaútgerðarinnar í heild. Þetta er sá sami gangur, sama lögmál og gildir víðs vegar í okkar starfrækslu, að það hækkar alltaf kostnaðurinn, eftir því sem tollarnir eru hækkaðir, kaupið hækkað o. s. frv.

Minn fyrirvari er bundinn við það, að mér er ljóst, að það er ekki hægt að halda þessu áfram í þeirri mynd, sem það er, bæði með Skipaútgerðina og bátareksturinn. Þar verður eitthvað að breyta til, þó að samvn. samgm. hér á Alþingi hafi ekki aðstöðu til að slá fram eða samþykkja eða fara fram á skipulagsbreytingu á þessum málum. En svo langt er komið á þessu sviði samkv. fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir, og tillögum meiri hl. fjvn., að til rekstrarhalla á Skipaútgerðinni og bátarekstrinum er áætlað á þessu yfirstandandi ári hvorki meira né minna en 18291600 kr. Þetta er 2 millj. og 300 þús. kr. rúml. hærra en ætlað er til nýlagningar á öllum þjóðvegum á Íslandi. Og í sjálfu sér er þetta meiri öfgar og meira öfugstreymi en ég hef nokkurn tíma séð áður á fjárlagafrv. hér á Alþingi.

Menn hafa verið að því á undanförnum árum og sannarlega ekki síður menn úr stuðningsliði núverandi ríkisstj. að heimska sig á því að slá um sig með yfirlýsingum og kröfum og loforðum um það, að þeir ætli að vinna að því að auka jafnvægi í byggð landsins. En þessir sömu menn vinna að því ár eftir ár að auka ójafnvægið í byggð landsins. Og það svartasta, sem þar skeður nú í sambandi við till. meiri hl. fjvn., er það, að haldið er meira í fjármuni til vegaframkvæmda í hlutfalli við annað en nokkurn tíma áður hefur verið. En það, að mennirnir í strjálbýlinu fái komizt í akfært samband við þjóðvegi landsins, er blátt áfram grundvöllurinn að því, að byggð geti haldizt við í hinum strjálu byggðum. Og ég tel það of langt gengið, þegar svo er komið, að það á að borga svo að milljónum skiptir hærra til rekstrarhalla smáskipa og báta, sem ganga meðfram ströndinni, heldur en til nýlagningar á öllum vegum á landinu öllu. Með tilliti til þessa gat ég ekki fyrirvaralaust skrifað undir það álit samgmn., sem hér er um að ræða, þó að það sé byggt á þeim eðlilega grundvelli að öðru leyti, að þar eins og annars staðar húrrar rekstrarkostnaðurinn upp, eftir því sem skattarnir eru hækkaðir og allur annar kostnaður.

Í þriðja lagi vil ég svo segja örfá orð um eina till. frá hv. minni hl. fjvn. Það er till., sem flutt er á þskj. 286 og er nr. 17, brtt. við 22. gr., um að heimila ríkisstj. að borga 5 millj. kr. á þessu ári til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands.

Ég skal geta þess hér, að á s. l. vori skipaði hæstv. fyrrv. landbrh. fimm manna mþn. til þess að endurskoða lög um nýbýli og samvinnubyggðir, byggingarsjóð Íslands og að öðru leyti gera tillögur um, hvaða ráðstafanir þyrfti að gera til þess að bæta hag þeirra manna, sem eru að byrja búskap á Íslandi. Þessi mþn. var skipuð tveimur mönnum frá Búnaðarfélagi Íslands, sem voru formaður félagsins, Þorsteinn á Vatnsleysu, og meðstjórnandi hans, Pétur Ottesen, hv. þm. Borgf., tveimur mönnum frá nýbýlastjórn ríkisins, sem voru annars vegar ég, sem er formaður þeirrar stjórnar, og landnámsstjórinn Pálmi Einarsson. Fimmti maðurinn, sem var skipaður án tilnefningar, formaður n., var svo skólastjóri við bændaskólann á Hólum, Kristján Karlsson.

Þessi fimm manna n. var mjög sammála í öllum tillögum. Samvinna í nefndinni var hin ágætasta, og n. skilaði tveimur frv. til hæstv. ríkisstj. um miðjan nóv. s. l. Síðan hefur ekkert til þessara frv. sézt fyrr en nú í dag, að annað þeirra er lagt hér á borðin hjá okkur þm., gerbreytt frá því, sem n. skilaði því, meira og minna limlest o. s. frv. Hitt frv., sem var um breytingu á lögum um Búnaðarbanka Íslands og fór fram á, að þar væri varið til veðdeildarinnar 5 millj. kr. á ári, hefur ekki sézt enn, og ekkert hefur sézt frá hv. meiri hl. fjvn. til endurbóta á þessu sviði.

Nú skal ég segja það, að ég held, að það sé einsdæmi í þingsögunni, að nokkur ríkisstj. fari á þennan hátt með frv., sem afhent hafa verið frá mþn. og samkomulag hefur verið um. Ég held mér sé óhætt að segja, að það er einsdæmi. Hitt er altítt og ekkert við að segja, að frv., sem koma frá mþn. og lögð eru fyrir Alþingi, sé ýmislega breytt í meðförum þingsins. Ef frumvörpin hefðu verið lögð á eðlilegan hátt fyrir Alþ., eftir að þeim var skilað frá mþn., þá var ekkert við því að segja, þó að þeim hefði verið eitthvað breytt í meðförum þingsins, eftir því sem meiri hl. þess taldi réttmætt vera. En að fá ekki frv. eins og þeim er skilað af mþn. inn í þingið og það þeirra, sem þegar hefur verið afhent, meira og minna gerbreytt og limlest, það er að ég hygg einsdæmi.

Nú vil ég segja það, að ég vil ekki trúa því fyrr en annað kemur í ljós, að það sé vilji hæstv. landbrh., sem ég þekki að velvilja í garð landbúnaðarins, að þetta hefur farið á þennan hátt, heldur hygg ég, að þarna sé um annað að ræða og það sé fremur það, að hans samstarfsmenn í ríkisstj. hafi ekki fengizt til að fylgja honum í því að leggja frumvörpin fyrir sem stjórnarfrumvörp á eðlilegan hátt. En hvað sem þessu líður, verð ég að segja það, varðandi það atriði að leggja fram fé til bjargar veðdeild Búnaðarbankans, að það hefur í mörg undanfarin ár staðið um það barátta hér á Alþingi, á hvern hátt væri hægt að greiða fyrir því, að aðstaða þeirra manna, sem eru að byrja búskap úti um sveitir landsins, væri eitthvað bætt. Þetta hefur ekki fengizt fram, og svo illa er komið, að veðdeild Búnaðarbankans, sem helzt er þó þarna til bjargar, er komin í skuldir, og ég veit það með vissu, að bankastjóri þess banka er allur af vilja gerður, eins og vænta má af svo ágætum manni, til þess að greiða úr vandræðum bænda á þessu sviði eins og öðrum. En aðstaðan leyfir ekki að halda áfram, og þess vegna er það, að hrúgazt hafa upp lánbeiðnir frá frumbýlingum sérstaklega og mönnum, sem eru að brjótast í því að kaupa jarðir og byggja upp jarðir, um nokkra lánsaðstoð í þessu efni.

Nú er nokkuð hart til þess að vita, þegar við höfum hér fyrir framan okkur fjárlagafrv., sem er komið á níunda hundrað milljóna, að það eigi ekki á neinn hátt að laga aðstöðu þessara manna, sem eðlilega hlýtur að þýða það, að það fer sívaxandi, að ungu mennirnir, sem alast upp í sveitum landsins, flýja þaðan, vegna þess að það er ekki mögulegt vegna fjárskorts fyrir þá að stofna til búskapar, sem nú kostar margfalt við það, sem nokkurn tíma hefur áður þekkzt. Ég vil þess vegna vona, að hvað sem líður samþykktum hjá hv. stjórnarflokkum eða meiri hl. fjvn., þá sé þó ekki komið svo langt, að þeir menn hér á Alþ., sem á annað borð eru sveitafulltrúar eða velviljaðir landbúnaði, láti hafa sig til þess að fella till. eins og þessa mjög hógværu till. frá minni hl. fjvn. á þskj. 286.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um það furðulega fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, né þær till., sem um það fjalla.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Síðan ég flutti ræðu mína hér í dag, hefur verið útbýtt hér í þinginu einu miklu plaggi, sem telst vera framhaldsnál. frá meiri hl. fjvn. Svo virðist raunar sem aðaltilgangurinn með útgáfu þessa nál. hafi verið sá að koma að svörum við atriðum, sem voru í nál. minni hl. fjvn. við 2. umr. fjárl. Og við yfirlestur þessarar grg. verður manni á að hugsa sem svo, að það virðist vera fleiri en minni hl. n., sem semur plögg til þess að lesa í útvarpi, því að ekki verður annað séð en fyrsta hálf önnur síða nál. sé beinlínis til þess ætluð.

Ég sé ekki ástæðu til að fara að svara þeim atriðum, sem þar koma fram. Þau eru fyrst og fremst í því fólgin að mótmæla vissum atriðum í nál. okkar í minni hl. n., og hafa þau mál verið rækilega rædd áður við 2. umr. frv. Því miður hefur meiri hl. hent það, sem hann er þó einkum hér að fordæma, að í ýmsum atriðum sé ekki rétt frá skýrt, því að nokkuð af þeim atriðum, sem tekin eru hér til meðferðar í þessu framhaldsnál., eru vægast sagt villandi, ef ekki röng, eins og komizt er að orði í nál. sjálfu um aðrar aths., sem gerðar hafa verið.

Það hefur verið rætt hér um þá vinnutilhögun, sem var í n., og því er sérstaklega mótmælt í nál., að það hafi verið á nokkurn annan hátt unnið en gert hefur verið á undanförnum árum. Því miður verð ég að halda fast við þær aths., sem ég hef gert varðandi þau atriði, vegna þess að það hefur í ýmsum atriðum verið fylgt öðrum vinnubrögðum en gert hefur verið að undanförnu, og þau nýju vinnubrögð hafa orðið til þess að torvelda mjög starf minni hl. n.

Ég tók það fram við 2. umr., að ég væri ekki með þessu að færa fram beinar ávítur á form. n. Hann er nýkominn í þetta starf og ekki að vænta þess, að hann í öllum atriðum hafi gert sér grein fyrir því, hvaða starfstilhögun hefur áður verið í n. En ég vil sérstaklega taka það fram varðandi það, sem meiri hl. n. segir, að það hafi verið rangt hjá minni hl., að betri upplýsingar hafi legið fyrir áður varðandi fjárhagsafkomu ríkissjóðs en nú hafa legið fyrir, að þessi leiðrétting meiri hl. n. er algerlega byggð á röngum grundvelli, vegna þess að miðað við þann tíma, sem við nú erum að afgreiða þessi fjárl. á við 3. umr., átti að vera auðvelt að hafa hér fyrir sér niðurstöður þær, sem ég hef hvað eftir annað auglýst eftir, en ekki fengið neinar upplýsingar um. Þetta er staðreynd, sem tilgangslaust er að hrekja, hversu mörg nál. sem eru rituð.

Varðandi svo það atriði, sem meiri hl. n. leggur sérstaka áherzlu á að mótmæla, að við í minni hl. höfum með till. okkar haft nokkur áhrif á meiri hl. til hækkunar á framlögum til verklegra framkvæmda, þá get ég auðvitað ekkert um það sagt, hvaða fyrirvara þeir hafa haft í huga sér um það efni eða hæstv. ríkisstj., en staðreyndirnar tala sínu máli.

Frv. til fjárlaga var lagt fram með rúmlega 8 millj. kr. skerðingu á framlögum til verklegra framkvæmda. Þegar við lögðum fram till. í n. um að hækka þessi framlög um 20%, var sú till. felld á því stigi málsins, en síðar var þó gengið til hækkunar á flestum eða öllum liðum til verklegra framkvæmda. Menn geta auðvitað endalaust stælt um það, hvort þessar hækkunartill. hafi verið gerðar af því, að meiri hl. n. og ríkisstj. hafi fengið innblástur frá sjálfri sér um það efni, eða ekki, eða hvort það hafi verið vegna áhrifa frá okkar till., en sú staðreynd stendur, að við fluttum þessar till., og sú staðreynd stendur einnig, hvernig þær voru afgreiddar á sínum tíma.

Það er svo áfram haldið samlíkingunni við þennan blessaða vagn, sem meiri hl. er alltaf að fást við, og ég skal játa, að við í minni hl. kannske kunnum ekki til hlítar þessa hlaupatækni stjórnarliðsins. Og ég segi fyrir mitt leyti, að ég held, að það mundi vera ólíkt karlmannlegra og farsælla, ef reynt væri að ná stjórnarvagninum, heldur en að gefast upp við stjórnina og hlaupa fyrir borð, eins og þegar rottur yfirgefa sökkvandi skip, eins og hv. meiri hl. virðist vilja gera.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta nál., enda var meginástæðan til, að ég stóð hér upp, sú að ræða lítið eitt um tvær till., annars vegar till., sem ég flyt hér á sérstöku þskj. ásamt hv. 6. þm. Reykv., og hins vegar viðbótar- eða viðaukatill., sem minni hl. fjvn. flytur og við verðum að flytja hér skriflega, þar sem ætlun mun vera að ljúka umr. í kvöld og því ekki tóm til þess að láta prenta till.

En áður en ég vík að því, vil ég taka það fram varðandi þær till., sem ég ásamt fleirum stóð að og teknar voru aftur við 2. umr. frv., að tvær þeirra till. hafa þegar fengið þá afgreiðslu í fjvn., að ég sé ekki ástæðu til þess að taka þær upp aftur.

Annars vegar var styrkur til Hríseyjarhrepps vegna smíði ferjubáts. Það hefur verið gengið mjög viðunandi til móts við þær óskir, sem við flm. bárum fram um það efni. Jafnframt hefur í sambandi við flóabátinn fyrir Norðurlandi verið af n. tekin upp ábyrgðarheimild handa ríkisstj., sem nái til ⅔ hluta af andvirði báts, og þó að því miður allt sé mjög í óvissu um það, hvort hægt sé að nota slíka ríkisábyrgð fremur en margar aðrar ríkisábyrgðir, sem veittar eru, sýn-

ist mér sjálfsagt að freista þess og þykist sjá, að með þessari till. og viðhorfi hæstv. ríkisstj. til þessa máls sé þó það mikið áunnið, að það sé fengin fullkomin viðurkenning og stuðningur við þetta nauðsynjamál, þannig að þess megi vænta, ef ekki tekst að leysa þetta mál með þeim hætti, sem fjvn. leggur til, að brautin sé rudd, þannig að auðvelt verði að fá þá frekari fyrirgreiðslu, sem þarf til þess að leysa þetta mikla vandamál.

Þá er hér smátill. frá minni hl. fjvn., sem er viðaukatill. við okkar eigin till. á þskj. 286, við 15. lið á því þskj., um heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja fiskiðjuver ríkisins, að það bætist aftan við þennan lið: „enda njóti samtök útvegsmanna forkaupsréttar, ef þau óska að kaupa fyrirtækið.“ Það hefur jafnan verið talið, að það væri heppilegast, ef útgerðin sjálf ætti vinnslustöðvar og frystihús, og við teljum því sjálfsagt, að sú skoðun sé mörkuð hér á Alþingi, ef til þess kemur, að þetta fyrirtæki verði selt, að þá sé eðlilegt, að sú leið verði valin, að útvegsmenn taki þetta í sínar hendur, ef þeir á annað borð vilja gerast aðilar að þessum rekstri.

Þá er brtt. sú, sem ég flyt ásamt hv. 6. þm. Reykv., og sú till. er á þskj., sem hér mun ekki enn vera komið til útbýtingar og þm. hafa því ekki fyrir sér, en það er till. um, að við framlög til bókasafna á 15. gr. A. X. lið a. 3. komi nýr liður, svo hljóðandi:

„Bóklánagjald til rithöfunda, 25000.“

Þessum lið fylgir svo hljóðandi klásúla:

„Menntamálaráð veitir þetta fé einum rithöfundi eða tveimur til utanfarar, námsdvalar eða sérstakra ritstarfa.“

Til vara leggjum við til, að þessi upphæð verði 15 þús. kr. — (**Gripið fram í:** Það er búið að útbýta þingskjalinu.) Er það komið út? Það er ágætt, þá þarf ég ekki að lesa það nánar yfir, ef menn hafa það fyrir sér. En þar sem hér er um nokkra nýjung að ræða, sem ég veit ekki hvort hv. þm. átta sig á í fljótu bragði, tel ég rétt að fara um þessa till. nokkrum orðum. Hún byggist fyrst og fremst á því sjónarmiði, að vernda beri og virða höfundarétt, enda er það í samræmi við ákvæði íslenzkra laga þar um. Nú má segja með nokkrum sanni, að verk eins flokks listamanna séu frá þeim tekin til almenningsnota, en það eru verk rithöfundanna. Þau eru tekin í almenningsbókasöfn, þar með að nokkru leyti með lögboðinni afhendingu af hálfu höfundar, án endurgjalds fyrir sjálft eintakið. Síðan eru ritverkin lánuð hverjum sem hafa vill til lestrar og notkunar. Gegn þessum bótalausu afnotum almennings af nýjum skáldverkum og öðrum ritverkum hafa nú rithöfundar risið upp í mörgum löndum, og ég sé ekki ástæðu til að rekja þá sögu sérstaklega hér, en vil aðeins geta þess, að þetta mál hefur verið eitt af viðfangsefnum Norðurlandaráðsins, og var það tekið fyrir á fundi þess í fyrra.

Íslenzkir rithöfundar munu nú einnig vera að taka sig saman um sinn rétt á þessu sviði, og svo sem ég áðan gat um, er þessi till. m. a. borin fram þess vegna. Þess mun hafa verið vænzt, að till. kæmi inn í þingið með litið eitt öðrum hætti og án þess að kröfunni væri beint slegið upp á nokkurn hátt opinberlega, en hins vegar hefur svo farið, að málið er flutt hér inn af okkur hv. 6. þm. Reykv., eins og til hafði verið ætlazt áður.

Þó að þetta mál sé nýtt hér á landi, er þó raunar um einfalt mál að ræða og réttmætt og því mjög líklegt, að því verði eftir fylgt, ef svo illa tekst til, að það verði fyrir töf í þetta sinn.

Þetta mál hlýtur hér á landi að fá nokkra sérstöðu, eins og mörg önnur mál, þar sem fámenni þjóðarinnar hefur sín áhrif. Hér hlýtur það líka að hafa áhrif, að bókasafnsmálum er skemmra komið hér en í nágrannalöndum.

Ég skal nú rekja í sem allra fæstum orðum, hvernig þessum málum er varið, þar sem þeim er lengst komið í nágrannalöndum okkar, eins og frá þessu er skýrt í nýjustu þingtíðindum Norðurlandaráðs.

Dönsku lögin um þetta eru frá 1946. Veitt er þar árlega úr ríkissjóði til rithöfundanna um 5% af þeirri uphæð, sem lögð er til bókasafnanna samtals. Hlutur rithöfundanna nam 1955 365 þús. dönskum krónum. Þar í landi er fénu úthlutað til höfundanna eftir eintakafjölda, sem þeir eiga alls í söfnunum.

Norsku lögin eru frá 1947. Framlag ríkissjóðs er allt að 5% af ríkisframlagi til bókakaupa í söfnum. Fénu er úthlutað þar eftir öðrum reglum og ekki beint til höfundanna, heldur miklu meir í þeim anda, sem till. okkar hér gerir ráð fyrir. Féð er þar miklu minna en í Danmörku enn sem komið er.

Sænsku lögin um þetta efni eru frá 1954, og veitti ríkissjóður Svía 600 þús. sænskar kr. til þessara útgjalda 1955, þ. e. sem þóknun til rithöfunda. Svíar hafa langsamlega nákvæmastar reglur um fjárskiptin, í stórum dráttum sagt: 2 aurar fyrir hvert útlán til höfundarins og 1 eyrir til stuðnings við bókmenntir og höfunda almennt. En það er sameiginlegt, að hvergi hefur verið reynt að taka gjald af þeim, sem bókina fær að láni, og þarf ekki að orðlengja það, að slíkt mundi ekki heldur geta gengið hér. Ríkissjóður borgar alls staðar bóklánagjaldið, eftir því sem við bezt vitum.

Það segir sig sjálft, að það ætti langt í land hér á landi að koma upp gjaldakerfi í nokkurri líkingu við þetta, enda mun reyndar engum detta það í hug, og hér er skýringin á því, að íslenzkir rithöfundar hafa ekki talið fært að taka upp kröfuna af sinni hálfu fyrir alvöru. En þróun málsins á Norðurlöndum og sú reynsla, sem þar er fengin, vísar okkur mjög einfaldlega á þá leið, sem lagt er til að farin verði einmitt með okkar tillögu.

Það er t. d. fljótséð, að þeir höfundar, sem bezt seljast, þurfa þessa fjár sízt við. Í öðru lagi hafa höfundarnir sjálfir og menntamenn bent á það, að með þessari beinu úthlutun sé reyfarahöfundum og skammlífum æsiritum gert óþarflega hátt undir höfði. Höfundarnir almennt munu leggja mesta áherzlu á, að bóklánagjaldið komi bókmenntunum almennt að gagni og menningu uppvaxandi höfunda; óþarft sé fyrir ríkið að taka þetta sem beint verzlunarmál. Það er ekki sízt á þessum almenna menningargrundvelli, að málið var lagt fyrir Norðurlandaráðið.

Norðmenn úthluta fénu t. d. án nokkurs tillits til þess, hver höfundur hefur verið mest lesinn. Þeir veita styrki raunar alveg eins og hér er lagt til, að vísu drjúgan hlut til gamalla rithöfunda og ekkna, og er þetta ráðstöfun höfundanna sjálfra.

Það virðist engin ástæða til fyrir okkur að bíða hér eftir neinu allsherjar bókhaldi í bókasöfnum, það mundi aðeins gera þetta mál flóknara og tefja einfalda og sjálfsagða framkvæmd.

Um þá upphæð, sem hér er farið fram á, má gera lauslegan samanburð, þ. e. um 5% af því fé, sem veitt er til bókasafna. Eftir því hlutfalli virðist upphæðin mætti vera allt að 80 þús. kr., ef bókakaupafé Landsbókasafnsins er talið með. En í till. okkar er farið fram á 25 þús. kr.

Það eru íslenzkir rithöfundar og skáld, sem öðrum fremur hafa haldið uppi andlegri menningu þjóðarinnar um aldir. Við hér ættum að geta látið þá, sem nú lifa, njóta sama réttar og starfsbræður þeirra í nágrannalöndum okkar njóta og sjálfsagt þykir að þeir njóti. Ekkert nágrannaland okkar hefur látið þetta endurgjald ná lengra en til höfunda sinnar eigin þjóðar, og þurfum við því ekki að láta neina erlenda kröfu aftra okkur í þessu.

Okkur flm. finnst, að það væri sómi fyrir Alþingi að rétta hlut íslenzkra höfunda í þessu efni að fyrra bragði, ef svo mætti segja, þ. e. að bíða ekki eftir, að þeir sæki þetta mál sitt sjálfir með neinu harðfylgi.

Hvernig þetta tekst svo til, er ekki gott að segja um á þessu stigi málsins. En mér sýnist, að miðað við þá almennu viðurkenningu, sem þetta mál hefur hlotið meðal annarra Norðurlandaþjóða, eins og ég hef rakið, þá sé ekki líklegt annað en að það hljóti fyrr eða síðar að fá sams konar viðurkenningu hér á Íslandi. Væri því æskilegt, að það væri áður hægt að finna skynsamlega leið til úrlausnar á þessum vanda, og ég tel, að með þessari till. okkar sé fundin viðunandi leið, a. m. k. leið, sem sjálfsagt sé að reyna og sýni fullan skilning á því máli, sem hér er um að ræða.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Með því að samþingismaður minn, sem er 1. flm. að þremur till., sem við eigum hér, er lasinn og getur ekki mætt í kvöld, og þar sem ráðgert er, að umræðum ljúki nú í nótt, hefur það orðið að ráði með mér og hæstv. forseta, að ég segði hér örfá orð fyrir þessum brtt. okkar. Við eigum hérna þrjár brtt. á þskj. 290.

Brtt. V, sem er í tveimur liðum, er gamall kunningi. Það er tillaga um það, að Siglufjarðarvegur ytri verði lækkaður um 200 þús. kr. Við 2. umr. fjárlaga gerði ég grein fyrir þessum brtt. okkar og sýndi fram á, að það væri með öllu tilgangslaust að leggja stórfé í þennan veg, eins og ástatt væri, með því að vegurinn, sem honum er ætlað að tengjast og þarf að tengjast til þess að verða farinn, er ófær eða því nær ófær oft mikinn hluta ársins og ekki útlit fyrir, að honum verði lokið á næstunni, ef ekki fæst aukið fé til hans. Ég líkti þessum vinnubrögðum við það, að það væri eitthvað svipað og ef ráðizt hefði verið í það á sínum tíma að leggja upphleyptan veg eða braut yfir Holtavörðuheiði, en láta veginn frá Hvammi í Norðurárdal upp að Fornahvammi vera eins og hann var upphaflega, götutroðningar ruddir, sem aðeins bílar gátu skrölt eftir yfir hásumarið, þegar bezt var. Slík vitleysa datt engum þá í hug, og þess vegna er það furðulegt, að slíkt skuli gert nú, þegar í raun og veru alveg eins stendur á.

Svo er það þriðja till., sem við eigum hér sameiginlega og er um það, að veitt verði nokkurt fé til Hofsóshafnar. Því miður fór vitamálastjóri af landi brott, og við höfum þess vegna ekki getað notið aðstoðar hans. En þessi hafnargerð er í raun og veru hálfgerð raunasaga, eins og raunar má segja um ýmsar fleiri hafnargerðir hér á landi.

Fyrir nokkrum árum, þegar aðalhafnarmannvirkin voru byggð, réðst verkstjórinn í að hefja byggingu á miklu meiru en allir kunnugir á staðnum töldu ráðlegt, vegna þess að áliðið var sumars. Það var samt sem áður búið að leggja þarna bæði mikið fé og vinnu í þetta, en eins og marga grunaði komu haustbrimin áður en varði, og braut framan af þessum mannvirkjum. Það eyðilagðist þriðjungur af því, sem átti að gera, fór sumpart í sjóinn, annað brotnaði, og það varð í mesta skyndi að slá botninn í þetta, loka fyrir endann og þó aðeins til bráðabirgða, og þannig situr mannvirkið enn þá. Þetta var mikill kostnaður fyrir lítið hreppsfélag, sem það í raun og veru hefur ekki náð sér að fullu eftir. Það eru tilmæli okkar eða ósk okkar og þá sérstaklega og ekki síður hreppsnefndar og Hofsóshrepps, að nú verði aftur hafizt handa um að koma þessu verki áleiðis og að Alþingi leggi þar nokkurt fé til. Við höfum hér farið fram á 100 þús. kr. í þessu skyni, og mun það víst ekki um of. Vænt um við þm. Skagf., að menn líti á nauðsyn þessa litla kauptúns á endurbótum á þessu nauðsynjaverki.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég flutti á þskj. 261 brtt. um fjárveitingu til vistheimilis fyrir afvegaleiddar stúlkur skv. lögum nr. 20 frá 1955, um breyt. á lögunum um vernd barna og ungmenna. Ég lýsti því við 2. umr., að ég mundi taka till. þessa aftur til 3. umr., en með því að sýnt er, að hún nái ekki prentun í tæka tíð, flyt ég hana hér skriflega og bið hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir tillögunni.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Á þskj. 290 höfum við hv. 10. landsk. og ég flutt þrjár brtt. við fjárlagafrv., er við fluttum við 2. umr. fjárlaganna, en tókum aftur til þeirrar umr., sem nú fer fram. Tillögurnar eru þessar: Það er rómv. IV, að til Hellissandsvegar verði veitt fjárframlag að upphæð 400 þús. kr., rómv. VI, að fjárframlag til væntanlegrar brúar á Valshamarsá verði hækkað úr 100 þús. kr. í 250 þús. kr., rómv. VIII, að fjárframlag til hafnarbóta á Arnarstapa á Snæfellsnesi verði hækkað úr 120 þús. kr., sem er till. hv. fjvn., í 180 þús. kr.

Í framsögu með till. við 2. umr. ræddum við hv. 10. landsk. og ég um nauðsynina á því, að þessar hógværu till. næðu fylgi hv. þingmanna. Endurtek ég óskir okkar í því efni.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. 293, sem var of seint fram komin, og skrifl. brtt. (sjá þskj. 295 og 296) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Ég vil fyrst geta þess, að mér hefur borizt bréf frá fyrrverandi póst- og símamálastjóra, Guðmundi Hlíðdal, þar sem hann gerir svolitla athugasemd við orð, sem fram koma í nál. meiri hl. fjvn. varðandi fjárfestingu landssímans. Hefur hann athugasemdir við það að gera, að þar segir, að ríkissjóður hafi orðið að greiða fjárfestingu símans að mestu leyti. Er það í þeim kafla álitsins, þar sem talað er um fjárfestingu símans á undanförnum árum. Sendir hann síðan skrá yfir það, hve miklu hlutur ríkissjóðs af fjárfestingu landssímans hefur numið á s. l. árum, allt frá árinu 1950, og sýnir fram á, að tvö af þeim árum hefur ríkissjóður ekkert lagt til fjárfestingarinnar. En á síðustu tveim árum, 1954 og 1955, hefur af 12 millj. 978 þús. kr. fjárfestingu hlutur ríkissjóðs ekki numið nema 1 millj. 624 þús., en á árinu 1955 nam framlag ríkissjóðs 6 millj. 340 þús. af 19 millj. 334 þús. kr. fjárfestingu. Það leiðréttist því hér með, að samkv. þessu bréfi hefur ríkissjóðsframlagið ekki á þeim árum, sem hér eru tilgreind, numið mestum hluta af fjárfestingu landssímans, enda þótt hún hafi að sjálfsögðu á árinu 1955, og ég vænti einnig — þó að ég hafi ekki tölur hér um það — á árinu 1956 numið verulegri fjárhæð, og er skylt að hafa það, sem sannast reynist í þessu. En því get ég þessa hér, að póst- og símamálastjóri óskar þess sérstaklega, að einhvers staðar komi fram í þingtíðindum athugasemd hans um þetta. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að ræða frekar um þessi atriði.

Varðandi þær till., sem hér liggja frammi frá öðrum en fjvn. eða meiri hl. hennar, hef ég aðeins fátt eitt að segja. Ég vil þó geta þess í sambandi við till., sem minni hl. fjvn. hefur gert um heimild til handa ríkisstj. að selja fiskiðjuver ríkisins, að svo virðist sem sú till. sé óþörf, þar sem til eru sérstök lög um fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík. Þau lög eru nr. 52 frá 25. maí 1949, en þar segir í 10. gr.:

„Ríkisstjórninni er heimilt, ef meiri hluti hennar samþykkir, að selja fiskiðjuver ríkisins félagi útvegsmanna, útgerðarfyrirtækja eða samtökum samvinnufélaga."

Í ríkisstj. er litið svo á, að þessi heimild sé alveg fullnægjandi fyrir þeim sölum, sem til mála kynnu að koma, þ. á m. telur ríkisstj. sig samkvæmt þessu hafa heimild til þess að selja fyrirtækið bæjarútgerð. Ég held því, að að athuguðu máli muni þeir, sem að þeirri till. standa, sjá ástæðu til þess að taka hana til baka, þar eð lög eru þegar fyrir hendi um það efni, sem þeir fjalla um í till. sinni. Að sjálfsögðu skal það tekið fram, að með því, sem hér er sagt, er ekki neitt sagt um það, hvað ríkisstj. álítur að heppilegast sé að gera í sambandi við málefni fiskiðjuvers ríkisins í framtíðinni. Þær ákvarðanir, sem kynnu að verða teknar um það mál, liggja ekki fyrir hér.

Þá vil ég geta þess, að í fjvn. hefur orðið samkomulag um að flytja hér till. við þrjár greinar til viðbótar því, sem áður er fram lagt.

Það er í fyrsta lagi brtt. við 12. gr., rómv. VIII, rekstrarstyrkur til St. Jósefsspítalanna, liðurinn orðist svo:

Rekstrarstyrkur til St. Jósefsspítalanna í Reykjavík og Hafnarfirði, 7 kr. á legudag, allt að 525000 kr.

Til skýringar skal ég geta þess, að St. Jósefsspítalarnir njóta núna styrks úr ríkissjóði, sem nemur 5 kr. á legudag. Er því hér um að ræða 40% hækkun á þessum styrk, ef till. yrði samþykkt.

Þá er hér brtt. við 15. gr. A, rómv. XXX, nýr liður: Til Árna Björnssonar tónskálds, 10000 kr.

Þessar till. breyta að sjálfsögðu þeim niðurstöðum, sem meiri hl. n. hefur gert ráð fyrir í sínu nál., ef samþykktar yrðu.

Enn fremur hefur orðið samkomulag í n. um að gera tvær brtt. við tillögurnar um 18. gr. Er þar um að ræða samtals 6000 kr. hækkun á grunnstyrkjum. En ekki breytir það niðurstöðum greinarinnar, því að n. mun taka aftur eina af till. sínum, varðandi Karen Jónsson, sem gerð var till. um að fengi 6000 kr. fjárveitingu á 18. gr., en reynist við nánari athugun þegar vera inni með einmitt þann styrk í frv., svo að sú till. verður tekin aftur á móti þeim hækkunum, sem hér eru lagðar til. En þær till., sem fyrir liggja hér, eru, að á eftir 19. lið á þskj. 284 kemur nýr liður, Sigurjón Jónsson fyrrverandi sóknarprestur, 4500.00. Og í öðru lagi: á eftir liðnum b. 3 á sama þskj. komi Hlín Johnson í Herdísarvík, fyrir 11408.00 kr. kemur: 12908.00 kr.

Þessar till. vil ég hér með leggja fram skriflega og biðja forseta um að leita afbrigða fyrir þeim.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar eða gera sérstakar aths. við þær umræður, sem hér hafa farið fram um fjárlagafrv. Það er að vonum, að nokkuð eru deildar skoðanir manna um einstaka liði þar, bæði um réttmæti þeirra, svo og um þá liði, sem ekki hafa verið teknir upp. Er það að sjálfsögðu engin nýlunda hér á þingi, þótt menn verði ekki sammála um það, hvað taka skuli eða hverjar fjárhæðir skuli ákveða til einstakra liða.

Ég vil þá, af því að ég tel, að umr. sé nú það langt komið, þakka samstarfsmönnum mínum í fjvn. fyrir gott samstarf og vænti þess, að þau fjárlög, sem þar hafa verið undirbúin, geti þénað íslenzku þjóðinni á því tímabili, sem þau eiga að gilda.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 297) leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 39. fundi í Sþ., 26. febr., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 272, n. 287 og 275, 276, 284, 285, 286, 290, 291, 292, 293, 295, 296, 297).

ATKVGR.
Brtt. 286,1 felld með 30:15 atkv.
— 285,1—2 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 286,2 felld með 28:17 atkv.

Brtt. 285,3 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 284,1—2 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 285,4—5 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 284,3—4 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 290,I felld með 37:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BjörnJ, GeirG, JS, KGuðj, AG, GJóh.
nei: ÁkJ, ÁB, BG, ÁS, BjörgJ, BÓ, ES, EirÞ, EystJ, FS, GíslG, GÍG, GTh, GÞG, HÁ, HS, HV, EggÞ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, KK, LJós, MJ, ÓB, ÓTh, PÞ, PP, SÁ, SE, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ.
FÞ, KJJ, PZ, PO, RH, SÓÓ greiddu ekki atkv.
3 þm. (BSt, EmJ, SB) fjarstaddir.
Brtt. 284,5—12 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 286,3 felld með 26:18 atkv.
Áður en brtt. 290,II kæmi til atkv., mælti

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Vegna fram kominnar brtt. frá hv. fjvn. varðandi rekstrarstyrk til St. Jósefsspítalanna, þar sem lagt er til, að styrkurinn verði hækkaður um 40%, tek ég till. mína um sama efni aftur.

Brtt. 290,II tekin aftur.
— 297,1 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 286,4 felld með 29:18 atkv.
— 286,5 felld með 24:20 atkv.
— 290,III felld með 24:18 atkv.
— 286,6—7 felld með 26:18 atkv.
— 290,IV felld með 25:16 atkv.
— 293 felld með 24:19 atkv.
— 284,13 tekin aftur.
Áður en brtt. 290,V kæmi til atkv., mælti

Steingrímur Steinþórsson: Þar sem náðst hefur samkomulag um framkvæmd þessa verks, sem við flm. þessarar tillögu teljum jafngilda henni, er hún hér með, báðir liðir hennar, tekin aftur.

Brtt. 290,V tekin aftur.
— 290,VI felld með 26:15 atkv.
— 292,I.1 felld með 28:13 atkv.
— 284,14.a—b samþ. með 33 shlj. atkv.
— 290,VII felld með 26:13 atkv.
— 290,VII. varatill. felld með 26:15 atkv.
— 284,14.c—15 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 276,1 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 286,8 felld með 26:17 atkv.
— 290,VIII felld með 25:14 atkv.
— 284,16—17 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 292,I.2 felld með 27:15 atkv.
— 290,IX felld með 25:17 atkv.
— 284,18—19 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 292,I.3 felld með 27:18 atkv.
— 284,20—22 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 292,II felld með 26:14 atkv.
— 292,II. varatill. felld með 28:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁS, BÓ, ES, FÞ, GTh, EggÞ, IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, PO, RH, SÁ, SÓÓ, AG.
nei: ÁkJ, ÁB, BG, BjörgJ, BjörnJ, EirÞ, EystJ, GeirG, FS, GíslG, GÍG, GÞG, HÁ, HS, HV, HermJ, KGuðj, KK, Ljós, PZ, PÞ, PP, SE, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, GJóh.
3 þm. (BSt, EmJ, SB) fjarstaddir.

Brtt. 292,III felld með 23:15 atkv.
— 284,23—24 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 292,IV felld með 27:14 atkv.
— 292,IV. varatill. felld með 25:17 atkv.
— 284,25—27 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 292,V felld með 29:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GTh, IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, PO, RH, SÁ, SÓÓ, ÁS, BÓ, GeirG, FÞ.
nei: GÞG, HÁ, HS, HV, EggÞ, HermJ, KGuðj, KK, LJós, PZ, PÞ, PP, SE, SkG, StgrSt, SvbH, AG, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BjörgJ, BjörnJ, ES, EirÞ, EystJ, FS, GíslG, GÍG, GJóh.
4 þm. (SB, BG, BSt, EmJ) fjarstaddir.
Brtt. 284,28—31 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 297,2 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 284,32—46 samþ með 32:1 atkv.
— 290,X felld með 25:8 atkv.
— 284,47—48 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 292,VI tekin aftur.
— 284,49 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 290,XI.1 felld með 25:14 atkv.
— 284,50—59 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 290,XI.2 felld með 26:13 atkv.
— 290,XII samþ. með 25:13 atkv.
— 284,60—64 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 290,XIII felld með 24:13 atkv.
— 290,XIII. varatill. felld með 28:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, PO, RH, SÁ, SÓÓ, ÁS, FÞ, GTh.
nei: HV, EggÞ, HermJ, KGuðj, KK, LJós, PZ, PÞ, PP, SE, SkG, StgrSt, SvbH, ÁkJ, ÁB, BG, BjörgJ, BjörnJ, ES, EirÞ, EystJ, GeirG, FS, GíslG, GÞG, HÁ, HS, GJóh.
AG, ÁÞ greiddu ekki atkv.
5 þm. (SB, BSt, BÓ, EmJ, GÍG) fjarstaddir.
Brtt. 284,65 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 286,9—10 felld með 21:17 atkv.
— 286,11 felld með 21:20 atkv.
— 286,12 felld með 27:16 atkv.
— 296 felld með 30:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BÓ, FÞ, GTh, IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓB, PO, RH, SÁ, SÓÓ, AG, ÁS.
nei: ES, EirÞ, EystJ, GeirG, FS, GíslG, GÍG, GÞG, HÁ, HS, HV, EggÞ, HermJ, KGuðj, KK, LJós, PZ, PÞ, PP, SE, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, BjörgJ, BjörnJ, GJóh.
4 þm. (ÓTh, SB, BSt, EmJ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil taka fram í tilefni af þessari till., að í till. meiri hl. fjvn. er lagt til, að ríkisstj. verði heimilað að kaupa jörð undir slíkt heimili. Það tel ég vera á þessu stigi málsins þá ráðstöfun, sem er mest aðkallandi, og ekki ástæðu til þess á þessu stigi að gera ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til byggingar heimilisins.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Með vísun til þess, sem fram kom hjá hæstv. menntmrh., og þess, að fjvn. leggur til, að keypt verði jörð, þá sýnist mér einmitt vera orðið mjög aðkallandi

að veita fé til þessara framkvæmda, og þess vegna segi ég já.

Brtt. 284,66 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 286,13 felld með 21:16 atkv.
— 284,67—68 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 292,VII felld með 27:10 atkv.
— 292,VII. varatill. felld með 29:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁS, BÓ, FÞ, GTh, IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓB, PO, RH, SÁ, SÓÓ.
nei: ÁkJ, ÁB, BG, BjörgJ, BjörnJ, ES, EirÞ, EystJ, GeirG, FS, GíslG, GÍG, GÞG, HÁ, HS, HV, EggÞ, HermJ, KK, LJós, PZ, PÞ, PP, SE, SkG, StgrSt, SvbH, AG, ÁÞ.
KGuðj, GJóh greiddu ekki atkv.
4 þm. (BSt, EmJ, ÓTh, SB) fjarstaddir.
Brtt. 284,69—70 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 292,VIII felld með 25:12 atkv.
— 284,71—74.c.15 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 290,XIV felld með 24:10 atkv.
— 284,74.c.16—18 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 297,3 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 284,74.c.19—75.a samþ. með 28 shlj. atkv.
— 297,4 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 284,75,b—c.3 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 284,75,c.4 tekin aftur.
— 284,75,c.5—8 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 284,76—84 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 290,XV felld með 28:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SÓÓ, BjörgJ, BjörnJ, EirÞ, GíslG, GTh, GJóh.
nei: GÞG, HÁ, HS, HV, EggÞ, HermJ, JPálm, KGuðj, KK, LJós, PZ, PÞ, PO, PP, SE, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, ÁS, ES, EystJ, GeirG, FS, GÍG.
IngJ, JJós, JK, JS, MJ, ÓB, RH, SÁ, BÓ, FÞ greiddu ekki atkv.
7 þm. (JóhH, KJJ, ÓTh, SB, EmJ, AG, BSt) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.

Pétur Ottesen: Ég hef lagt hér fram á Alþingi frv., sem felur í sér miklu víðtækari breytingar til viðréttingar á hag þessara skóla, og vona, að það fái hér góðar undirtektir. Með skírskotun til þess segi ég nei.

Brtt. 284,85—86 samþ. með 34:1 atkv.
— 876,2 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 284,87 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 286,14 felld með 24:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, PO, RH, SÁ, SÓÓ, ÁS, BjörnJ, BÓ, GeirG, FÞ, GTh, IngJ, JJós, JK, JPálm, GJóh.
nei: KGuðj, KK, LJós, PZ, PÞ, PP, SE, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, ES, EystJ, GíslG, GÍG, GÞG, HÁ, HS, HV, EggÞ, HermJ.
8 þm. (SB, AG, BSt, BjörgJ, EirÞ, EmJ, FS, JóhH) fjarstaddir.
Brtt. 284,88 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 295 felld með 23:14 atkv.
— 286,15 tekin aftur.
— 291 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 284,89 samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 286,16 felld með 26:12 atkv.
— 292,IX felld með 26:11 atkv.
— 284,90 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 286,17 felld með 29:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁS, BÓ, FÞ, GTh, IngJ, JJós, JK, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, PO, RH, SÓÓ.
nei: BjörgJ, BjörnJ, ES, EirÞ, EystJ, GeirG, FS, GíslG, GÍG, GÞG, HÁ, HS, HV, EggÞ, HermJ, KGuðj, KK, PZ, PÞ, PP, SE, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, GJóh.
7 þm. (AG, BSt, EmJ, JóhH, LJós, SÁ, SB) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Björgvin Jónsson: Herra forseti. Með tilvísun til yfirlýsingar, sem hæstv. fjmrh. gaf í umræðum á hv. Alþ. í gær um, að veðdeild Búnaðarbankans yrði gerð nokkur úrlausn um útvegun fjár á þessu ári, segi ég nei.

Eiríkur Þorsteinsson: Með tilvísun til greinargerðar hv. þm. Seyðf. segi ég nei.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég fyrirlít allar yfirboðstillögur, sem ekkert er meint með, og segi þess vegna nei.

Brtt. 290,XVI samþ. með 29 shlj. atkv.
— 284,91 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 286,18.a felld með 19:14 atkv.
— 286,18.b felld með 21:14 atkv.
— 290,XVII felld með 27:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngJ, JJós, JK, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, PO, RH, SÁ, SÓÓ, ÁS, BjörnJ, BÓ, FÞ, GTh, GJóh,
nei: GÞG, HÁ, HS, HV, HermJ, KGuðj, KK, LJós, PZ, PÞ, PP, SE, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, BjörgJ, ES, EirÞ, EystJ, GeirG, FS, GíslG, GÍG.
EggÞ greiddi ekki atkv.
5 þm. (JóhH, SB, AG, BSt, EmJ) fjarstaddir.
Brtt. 286,19.a felld með 30:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngJ, JJós, JK, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, PO, RH, SÁ, SÓÓ, ÁS, BÓ, FÞ, GTh.
nei: HV, EggÞ, HermJ, KGuðj, KK, LJós, PZ, PÞ, PP, SE, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, BjörgJ, BjörnJ, ES, EirÞ, EystJ, GeirG, FS, GíslG, GÍG, GÞG, HÁ, HS, GJóh.
5 þm. (JóhH, SB, AG, BSt, EmJ) fjarstaddir.
Brtt. 284,92.a samþ. með 28:11 atkv.
— 284,92.b—c samþ. með 38 shlj. atkv.
— 286,19.b—c kom ekki til atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 300).

19. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Á 1. fundi í Sþ., 10. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins [9. mál] (stjfrv., A. 9).

Á 6. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eru opinberum starfsmönnum áskilin sumarfrí, þannig að allir skulu hafa a. m. k. 15 daga frí, en þeir, sem hafa verið 10 ár í starfi, skulu hafa 18 daga frí, en þeir, sem hafa verið 15 ár eða lengur, skulu hafa 24 virkra daga frí. Þannig er þetta í lögum nú.

Nú var háð hér vinnudeila 1955, og var þá ákveðið, að orlof almennt í landinu skyldu hækka úr 15 dögum í 18 daga, en eins og menn sjá af þessu, voru orlof opinberra starfsmanna almennt séð jafnlöng og orlof tíðkuðust hjá öðrum. Í fyrravetur láðist að íhuga þetta mál á Alþ., og í vor minntu opinberir starfsmenn mjög á sig í þessu sambandi og töldu sín mál að þessu leyti komin úr samræmi við mál annarra. Fyrrv. ríkisstj. réðst þá í það, án þess að hafa til þess sérstaka lagaheimild, að láta opinbera starfsmenn hafa á s. l. sumri 18 daga orlof í stað 15 daga orlofs áður og þá, sem höfðu verið 10 ár í þjónustu eða lengur, fá 21 dag í stað 18 áður, en á hinn bóginn var ekki breytt neitt í framkvæmdinni orlofi þeirra, sem höfðu verið 15 ár eða lengur. Í sumar var þetta því framkvæmt þannig, án þess að sérstök lagaheimild væri til þess, að orlofin voru í staðinn fyrir 15 daga 18 daga og í stað 18 daga 21 dag eða 24 daga. Það voru sem sé ekki lengd orlof þeirra, sem höfðu 24 virkra daga orlof. Var það gert með tilliti til þess, að mönnum fannst, að þau orlof væru orðin svo rífleg, að ekki væri sama ástæða til þess að breyta þeim og hinum orlofunum. Á hinn bóginn hefur það komið fram frá samtökum opinberra starfsmanna, að þeim finnst eða stjórn þeirra, að það hefði átt að hækka líka orlof þeirra, sem hafa flesta orlofsdagana.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að setja þessa nýju reglu í lög, sem sé þessa reglu, að orlof hækki úr 15 dögum í 18 daga, en þeir, sem hafa verið lengur en 10 ár, fái 21 dag í stað 18, — það hækki sem sé um 3 daga hjá hvorum þessara hópa fyrir sig, en verði 24 dagar hjá þeim, sem hafa verið lengur en 15 ár, eins og áður var.

Vil ég leyfa mér að leggja til, að frv. þessu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 249).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Samkvæmt ákvæðum núgildandi laga um orlof opinberra starfsmanna eru þau ákveðin 15 dagar skemmst, 18 dagar og 24 dagar, og eru lengstu orlofin fyrir þá, sem hafa verið í þjónustu ríkisins lengur en 15 ár. Frv. það, sem hér liggur fyrir, gengur út á það, að stytztu orlofin, eða 15 daga orlofin, séu lengd í 18 virka daga og þau orlof, sem nú eru 18 virkir dagar, séu lengd upp í 21 virkan dag. Hins vegar er gert ráð fyrir því í frv. eins og það liggur fyrir, að lengstu orlofin, eða 24 daga orlofin, séu óbreytt.

Fjhn. hefur athugað þetta frv. og leggur til, að sú breyt. verði á því gerð, að heimilt verði að lengja einnig lengstu orlofin um 3 daga, eða úr 24 virkum dögum í 27 virka daga. Ef slíkt væri ekki gert, væri um að ræða óeðlilega röskun á þeim hlutföllum, sem ákveðin voru í þessum efnum með l. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Eins og þskj. 249 ber með sér, er þessi breyt. gerð í samráði við hæstv. ríkisstj.

ATKVGR.
Brtt. 249 (ný 1. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 277).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 61. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 62. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Síðast þegar gerðir voru samningar um kaup og kjör verkamanna í landinu, var samið um að lengja orlof frá því, sem verið hafði. Ríkisstj. hefur ákveðið að beita sér fyrir því, að sams konar lenging eigi sér stað á orlofi opinberra starfsmanna. Að vísu hafði ríkisstj. ekki lagt til, að orlof þeirra, sem lengst orlof hafa, hækkaði alveg eins og annarra, en í hv. Nd. hefur því verið bætt inn í að lengja einnig þeirra orlof, og hefur ríkisstj. ekki haft á móti því. Það má því skoða þetta frv., eins og það hér liggur fyrir, sem till. ríkisstj. í þessu máli, og fjallar þá frv. um að lengja orlof um þrjá daga hjá öllum starfsmönnum. Ég leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 277, n. 313).

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það til l., sem borizt hefur hér frá Nd. og er á þskj. 207, þarf ekki ýtarlegrar framsögu við. Það er nánast flutt til samræmingar þeirri kjarabót, sem verkalýðsfélögin náðu fram í síðustu stórfelldu vinnudeilunni, sem hér var háð, í sambandi við lengingu orlofstíma. Er gert ráð fyrir, að sú orlofstímalenging, sem þar náðist, verði einnig færð yfir til opinberra starfsmanna.

Frv. fjallar því um breyt. á l. nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í aths. við frv. þetta segir m. a., að í lögum nr. 38 frá 1954 um breytingar á skyldum starfsmanna ríkisins, þegar þau voru sett, var orlof samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaga almennt 15 virkir dagar. Var því fylgt sem aðalreglu í l., en á hinn bóginn veitt heimild til lengra orlofs þeim til handa, er alllengi höfðu starfað í þjónustu ríkisins.

Á s. l. ári var orlof samkvæmt kjarasamningum lengt í 18 virka daga. Með frv. þessu er lagt til, að almenna reglan um orlof starfsmanna ríkisins verði í samræmi við þetta. Einnig er lagt til, að heimild sú, sem lögin geyma um, að orlof megi vera allt að 18 virkum dögum, ef sérstaklega stendur á, verði allt að 21 virkum degi. Hins vegar hefur ekki verið talin sérstök ástæða til breytinga á orlofi þeirra starfsmanna ríkisins, er verið hafa í þjónustu þess lengur en 15 ár, en þeir hafa nú þegar orlof í 24 daga.

Fjhn. hefur yfirfarið frv. þetta og leggur einróma til á þskj. 313, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 326).

---

20. Lækkun tekjuskatts af lágtekjum.

Á 22. fundi í Sþ., 30. jan., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um lækkun tekjuskatts af lágtekjum [105. mál] (stjfrv., A. 207).

Á 48. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., 1. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þegar gengið var frá frv. til l. um útflutningssjóð o. fl. í vetur, voru teknar ákvarðanir um nokkrar fleiri ráðstafanir, þ. á m. þá, að ríkisstj. beitti sér fyrir að lækka skatt á lágtekjum. Nú liggur hér fyrir frv., sem er till. frá ríkisstj. um að lækka skatt á lágtekjum, þannig að lækkaður sé um þriðjung skattur á 47500.00 kr. hreinar tekjur hjá hjónum og allur skattur jafnhár og lægri með sömu hundraðstölu.

Ég sé ekki ástæðu til þess að skýra þetta mál nánar en þetta og vísa til grg. Málið er afar einfalt. Ég leyfi mér að leggja til, að því verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umr.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er alveg rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, að þetta mál væri ofur einfalt og þyrfti ekki mikilla skýringa við. Eigi að síður væri fróðlegt að vita, hvað þetta frv. kostar ríkissjóðinn mikið í tekjumissi frá því, sem áður var reiknað með. Mér skilst, að eftir þessu frv. sé það ekki nema lítið, sem gefið er eftir. Ef hjón með eitt barn, sem hafa í hreinar tekjur 47500 kr., borga eftir núverandi skattstiga, eins og mér skilst, 1120 kr. á ári í tekjuskatt, þá eru þetta ca. 350 kr., eftirgjöfin, það er um 30 kr. á mánuði.

Þetta frv. kemur til þess að mæta hinum miklu útgjöldum, sem lögð voru á fólk með lögum um stofnun útflutningssjóðs fyrir áramót, en samkvæmt þeim lögum eru lagðar byrðar á landsfólkið, sem nemur 1500 kr. á hvert mannsbarn í landinu, börn og gamalmenni. Hjón með eitt barn greiða þá 4500 kr., en fá aftur á móti endurgreiddar hjá ríkisstjórninni 350 eða 360 kr. Það má segja, að hæstv. ríkisstj. geri þarna góð viðskipti við borgarana, og það getur vel verið, að borgararnir telji það mikils vert að fá þessa eftirgjöf á tekjuskatti og verði hæstv. ríkisstjórn þakklátir fyrir þessi viðskipti.

Ég ætla svo ekki að segja meira um þetta frv. Ég mun að sjálfsögðu fylgja því, það er spor í áttina. Það má segja, að það sé endurgreiðsla, en hún er of lítil, miðað við það, sem hæstv. ríkisstj. tekur af fólkinu, miðað við þá skatta, sem á voru lagðir núna fyrir jólin.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég get að verulegu leyti sparað mér raunar að standa hér upp, því að efni míns máls var aðallega að beina fsp. til hæstv. fjmrh. svipað því, sem hv. 1. þm. Rang. (IngJ) hefur hér gert.

Hæstv. ráðh. svaraði því til hér í umr. í gær um annað frv., sem þá lá fyrir, varðandi skattfriðindi sjómanna, að hann gæti ekki gert grein fyrir því, hvað háa upphæð væri þar um að ræða og hver tekjumissir ríkissjóðs yrði. Það kann vel að vera, að í því tilfelli sé nokkru erfiðara um vik heldur en hér er um að ræða, þó að ég búist nú raunar við og þekki þá illa hæstv. fjmrh., ef hann hefur farið að bera fram till. um skattalækkanir án þess að hafa nokkurn veginn hugmynd um það, hver tekjumissir það yrði fyrir ríkissjóð. Það eru a. m. k. alveg nýstárleg vinnubrögð hjá honum, jafngætnum manni, ef svo er. En ég vil ekki vefengja þær upplýsingar, sem hann gaf í gær um það, að hann gæti engu svarað til um það atriði.

Ég hygg, að það sé miklu nær lagi, að hann hljóti að geta svarað því, hvað hér er um að ræða. Hv. 1. þm. Rang. hefur upplýst, að það muni vera 1120 kr., sem hjón með eitt barn muni eiga að greiða í skatt. Ég veit satt að segja ekki einu sinni, hvort þetta er svo há upphæð. Ég vildi gjarnan fá það upplýst hjá hæstv. ráðh., þannig að það lægi ljóst fyrir, og jafnframt, hvort hann geti gefið nokkrar upplýsingar um, hvað það muni verða margir gjaldendur, sem kynnu að koma til með að njóta þeirra hlunninda, sem hér er um að ræða, og þá, hver heildarupphæð þessara hlunninda verður.

Þá langaði mig jafnframt til þess að grennsl-

ast eftir því, hvað það séu háar tekjur hjá einstaklingi, sem koma til með að falla undir þessi hlunnindi.

Það er vitanlega alveg rétt, að það er full þörf á því og nauðsynlegt að reyna að hlynna að lágtekjufólki eftir þær geysilegu álögur, sem lagðar hafa verið á borgarana. Ég held sannast sagna um hjón, sem ekki hafa hærri tekjur en 47500 kr., að það sé mjög hæpið, að hægt sé að skattleggja slíkar tekjur hjá hjónum með einu barni, og ef ríkisstjórnin hefði nú viljað sýna rausn í þessu efni og meira en aðeins að sýnast, þá hefði átt að fella tekjuskatt þessara gjaldenda niður. Ég efast um, að það geti munað verulegum fjárhæðum fyrir ríkissjóðinn, þótt það væri gert, enda álít ég, að það eigi að vera meginstefnan, að það eigi ekki að leggja skatta á þurftartekjur fólks, sem það þarf til brýnasta lífsframfæris. Það náttúrlega kemur fram, eftir að upplýsing er fengin um, hvað þessi hlunnindi nema, hvað það mundi kosta ríkissjóðinn, ef sú leið væri farin að fella alveg niður skatt þessara aðila, sem hér eiga hlut að máli. En sé það hugsunin hjá hæstv. ríkisstj. að gera hér einhverja bragarbót, miðað við þær miklu álögur, sem lagðar voru á borgarana nú fyrir jólin, þá mun sannarlega ekki af veita, ef það á að vera nokkur raunveruleg aðstoð við jafntekjulágt fólk og þetta frumvarp á við, að það hefði þá verið stigið það spor til fulls að gefa eftir þessar 1000 kr. eða hvað það er nú, sem þessum skattþegnum er ætlað að greiða til ríkisins. Það hefði varla getað talizt mikil rausn, en þó verið hægt að segja, að með því væri gerð ráðstöfun, sem væri nokkru meira en til þess eins að sýnast og geta flaggað með því, að verið sé að gera ráðstafanir til að létta af fólki í stað þeirra feikiþungu álaga, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt á borgarana.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Það er nú jafnan svo með frv., sem miða til skattalækkunar, að þau sæta sjaldnast mikilli andspyrnu af hálfu stjórnarandstöðunnar, og býst ég við, að eins verði með þetta frv. og önnur slík. En ástæðan til þess, að ég stóð hér upp, er sú, að það er eitt atriði tæknilegs eðlis í sambandi við frv. þetta, sem mig langaði til að spyrja hæstv. ríkisstj. um, hvernig beri að skilja eða hvernig hugsað hafi verið.

Það er hér gert ráð fyrir því, að tekjuskattur hjóna með 47500 kr. hreinar árstekjur og eitt barn á framfæri skuli lækka um þriðjung, sömuleiðis allra annarra, sem greiða sama skatt eða lægri. En ég fæ ekki annað séð, eins og þetta er orðað, en að þetta mundi þýða það, að hjón með eitt barn, sem hefðu 47550 kr. í tekjur, mundu af þessum 50 kr., sem eru fram yfir þetta lágmark, greiða 400 kr. í skatt. Það má vitanlega um það deila, hversu stighækkandi skattur skuli vera, og þetta frv., eins og það liggur fyrir, miðar að því að gera skattinn í rauninni meira stighækkandi en áður var. Við því er ekkert að segja. Hitt verður að teljast algerlega óeðlilegt, að á vissu tekjubili verði stighækkunin mörg hundruð prósent af skattinum og síðan komi stighækkunin til að lækka aftur. Á nokkru tekjubili, þ. e. a. s. því, sem væri næst yfir 47500 kr., mundi stighækkunin þannig verða svo mikil, að af umframtekjum yrðu menn að greiða meira en 100% í skatt. Það mætti e. t. v. segja, að þetta hafi ekki svo mikla praktíska þýðingu, ef hér er um að ræða aðila, sem hafa þá aðstöðu í þjóðfélaginu, að þeim er nokkurn veginn í sjálfsvald sett, hvort þeir telja fram tekjur sínar eða ekki, því að þá losa þeir sig auðvitað við þessa skattgreiðslu með því að telja ekki þær tekjur fram, sem eru fram yfir 47500 kr. Samt sem áður mun þetta hafa nokkra praktíska þýðingu, því að mikill fjöldi fólks er á því launabili, sem hér er um að ræða, og þar sem það er yfirleitt launafólk, er fær tekjur sínar þannig gefnar upp til skattayfirvaldanna af öðrum, þá gætu það orðið mörg tilfelli, þar sem menn kæmu í rauninni til þess að greiða margfalda þá upphæð í skatt, sem er fram yfir 47500 kr.

Nú þætti mér gaman að vita, og það var ástæðan til þess, að ég stóð hér upp, hvort um þetta atriði hefur verið hugsað í sambandi við undirbúning laganna, þannig að það sé meiningin, að á þessu litla millibili eigi stighækkunin að verða mörg hundruð prósent. Sé svo, er ekkert við því að segja, þá er það skoðun ríkisstj., að þannig eigi að vera. Sé hins vegar um vangá að ræða, — og er engin ástæða til þess að býsnast yfir því, þó að svo væri, það er hlutur, sem alltaf getur komið fyrir, — þá sýnist mér, að auðvelt mundi vera að lagfæra þetta, án þess þó að það orsakaði tekjumissi, sem neinu næmi fyrir ríkissjóð. En þá hlið málsins ætla ég ekki að ræða í þessu sambandi, þar sem það mundi þá verða rætt í nefnd.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég sagði það hér í gær í sambandi við umr. um frv. til laga um sérstakan skattfrádrátt fiskimanna, að það væri ekki mögulegt að gizka á, hvað það lækkaði ríkistekjurnar mikið. Það byggist á því, að þar er gert ráð fyrir, að fiskimenn fái til frádráttar ákveðna krónutölu, og snertir það fiskimenn með mjög mismunandi tekjur. Sumir af þeim hafa tiltölulega lágar tekjur, aðrir hafa mjög háar tekjur. Þetta gerir það að verkum, að óhugsandi er að reikna út, hvað lækkunin munar miklu í heildinni, nema þá að taka framtöl svo að segja allra fiskimanna á landinu eða taka stórar og miklar dreifiprófanir, sem við höfum ekki lagt í að gera í því sambandi. Þess vegna gat ég ekki upplýst þetta.

Aftur á móti var það bara af vangá hjá mér áðan, að ég gat þess ekki, hvað lækkun sú, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, muni verða mikil, miðað við síðasta ár, því að það er tiltölulega auðvelt að sjá það. Það þarf bara að taka út úr skattskránum þann skatt, sem lækkar samkvæmt frv., því að frv. er miðað við, að tiltekin skattfjárhæð og allar lægri skattfjárhæðir lækki um 33⅓ %. Má gera sér nokkuð ákveðna hugmynd um þetta, og er það mat skattstofunnar hér, að miðað við s. l. ár mundi þetta frv. lækka tekjuskattinn í heild um 5 millj. kr.

Það atriði, sem hv. 9. landsk. þm. minntist á, er sjálfsagt að skoða í n. En þegar þessi aðferð er viðhöfð, sem hér er gert ráð fyrir, þá er sennilega ómögulegt að koma alveg í veg fyrir, að það

verði nokkur stallur á skattstiganum í reyndinni. Það eru fordæmi fyrir lagaákvæðum eins og þessum, sem hér er gert ráð fyrir, en það er sjálfsagt að skoða í n. þetta atriði, sem hann minntist á.

Þá kom það fram hjá hv. 1. þm. Rang. aðallega, að honum fyndist smátt skömmtuð lækkunin. Ég hugsa, að það sé rétt hjá honum, að skattur hjóna með þær nettótekjur, sem tilgreindar eru í frv., muni vera 1120 kr. Það er náttúrlega ekki hægt að segja, að það sé hár tekjuskattur, og a. m. k. er hann hér í Reykjavík lágur samanborið við þau útsvör, sem slíku fólki er ætlað að greiða til bæjarins, því að þau eru drjúgum hærri en þetta.

Samt sem áður er nú stungið upp á því að lækka þennan lága skatt til ríkisins um þriðjung og svo þeirra, sem hafa lægri tekjur. Ég skal taka það fram, að það eru allmargir, sem koma þarna undir, vegna þess að 47500 kr. hreinar tekjur svara til nokkru hærri launa en 47500 kr., því að búið er að draga frá nokkurn skyldufrádrátt, áður en sú fjárhæð er fundin, þannig að þetta kemur þó æðimörgum til góða, sem ekki er þó hægt að segja að greiði háa skatta. Á hinn bóginn eru útsvörin hér í Reykjavík miklu, miklu hærri á þessu fólki en skatturinn, og hefur þó ekkert bólað á því, að gera ætti ráðstafanir til þess að lækka þau. Þvert á móti mun talað um að hækka þau verulega. Þar ráða búskapnum menn, sem mundu kannske vilja hlusta á ráðleggingar 1. þm. Rang. og 2. þm. Eyf. um, að nú sé stórkostleg nauðsyn að lækka einmitt gjöldin á þessu fólki. Vildi ég því ráðleggja þeim, m. a. vegna þess, hve þeim virðist nú lítið tillit tekið til þeirra hjá ráðandi þingmeirihluta, að leggja nú til við flokksbræður sína, t. d. hér í Reykjavík, að lækka útsvörin, þar sem gera verður ráð fyrir, að orð þeirra verði meira metin þar á bæ.

Það er ánægjulegt að heyra þennan áhuga, sem hv. 1. þm. Rang. og sjálfstæðismenn yfirleitt hafa nú fyrir lágum álögum og lækkun á sköttum. Það skýtur dálítið skökku við það, sem áður var, því að meðan þeir voru í stjórnaraðstöðu, sáu þeir aldrei nein önnur úrræði en þau að hækka álögurnar.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það, sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, var það, að á meðan við sjálfstæðismenn vorum í stjórn, hefðum við aldrei séð aðra leið en að hækka álögurnar. Hann er búinn að gleyma því, að það var fyrir tilstilli og forgöngu okkar sjálfstæðismanna, að tekjuskatturinn var lækkaður hér um árið, þegar sjálfstæðismenn voru í stj., ásamt honum. Það muna allir landsmenn og vita, að þessi hæstv. fjmrh. er frægastur fyrir það að hafa lagt á nýja skatta, og honum hefur verið hrósað í Tímanum sérstaklega fyrir góða fjármálastjórn vegna þess, hvað hann hefur verið duglegur innheimtumaður, að fara djúpt ofan í vasa skattborgaranna, með þeim árangri að hækka fjárlög ríkisins árlega um 100 millj. kr. Það er þetta, sem hefur sett þennan stimpil á hæstv. fjmrh., að fara vel með fjármál ríkisins, hvað hann hefur verið duglegur að leggja á skatta og innheimta þessa skatta. Og það út af fyrir sig er nokkurs virði.

En þegar þessi hæstv. ráðh. er að bera saman útsvörin í Reykjavík og tala um, að þau muni jafnvel hækka, bera það saman við það, sem núverandi hæstv. ríkisstj. gerir, þá er þar náttúrlega ólíku saman að jafna. Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur ekki haft tækifæri til þess að gera sams konar viðskipti við bæjarbúa og hæstv. ríkisstj. hefur nú gert við alla landsmenn. Það, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert, er að leggja á landsmenn 240 millj. kr. í nýjum sköttum í útflutningssjóð og til handa ríkissjóði, en hún ætlar, þessi sama hæstv. ríkisstj., af miklu örlæti að skila aftur 5 millj. kr., eftir því sem hæstv. fjmrh. talaði hér áðan. Ef bæjarstjórn Reykjavíkur hefði nú sömu aðstöðu og ríkisstj., gæti hún áreiðanlega komið með till. um lækkun á útsvörum og miklu ríflegri en hér er um að ræða.

Annars er það dálítið einkennilegt, þegar hæstv. fjmrh. og framsóknarmenn eru að tala um, að útsvörin í Reykjavík muni ef til vill eitthvað hækka. Það vill nú svo til, að framsóknarmenn stjórna ýmsum bæjarfélögum, og það er upplýst og sannað, að hvergi hafa útsvörin hækkað meira en þar, sem þeir eru við stjórn. En skyldi ekki líka koma niður á Reykjavíkurbæ eitthvað svipað og á öðrum bæjar- og sveitarfélögum þessa lands sú mikla dýrtíð, sem nú er færð yfir þjóðina í sambandi við þær álögur, sem lagðar voru á núna fyrir nýárið? Skyldi það ekki leiða til þess, að tekjur bæjanna þurfa að verða nokkru meiri nú en áður?

Ég verð að taka undir það með hv. 2. Eyf., að það er vitanlega óeðlilegt að vera að innheimta tekjuskatt af þurftarlaunum, og það er vitanlega óeðlilegt að vera að flagga með það með nokkurs konar auglýsingaskrumi, að það sé verið að lækka skatta af lágtekjum með frv. eins og þessu, sem hér er um rætt, þegar það kemur rétt á eftir að búið er að íþyngja landsfólkinu, eins og ég áðan lýsti, með því að leggja 1500 kr. skatt á hvert nef. Þá er í staðinn fyrir þessar 4500 kr., sem eru lagðar á þriggja manna fjölskyldu, skilað aftur rúmum 100 kr. á nef, m. ö. o., það er skilað aftur rúmum 300 kr. af 4500 kr., sem hæstv. fjmrh. ætlar sér nú að innheimta af borgurunum.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég leyfi mér að mótmæla því algerlega, sem hv. 1. þm. Rang. sagði hér, að það hefði verið verk sjálfstæðismanna fyrst og fremst, að lækkaður var tekjuskatturinn nú síðast. Það var ég, sem beitti mér fyrir þeirri löggjöf og stóð fyrir því, að hún var samþ. hér á Alþingi. Þetta er ekkert annað en tilhæfulaust skrum hjá hv. 1. þm. Rang. Það vita allir, hver það var, sem fór með fjármálin, þegar þessi löggjöf var sett, og menn eru ekki svo skyni skroppnir, að þeir viti ekki, hver það er, sem verður að hafa forgöngu um skattamálin. Það eru þeir, sem hafa þau mál með höndum.

En ég skal minna hv. 1. þm. Rang. á annað. Ég skal minna hann á, að það voru sjálfstæðismenn, fjmrh. Sjálfstfl., sem beittu sér fyrir þeirri skattalöggjöf, sem langlengst hefur gengið á Íslandi í sambandi við álögur með beinum skött-

um, og það voru þeir, sem beittu sér fyrir þeirri löggjöf, sem ég beitti mér fyrir að breyta til lækkunar, að vísu í samvinnu við sjálfstæðismenn.

Hv. 1. þm. Rang er að tala hér um, að það sé óeðlilegt að taka skatt af þurftarlaunum. Það þarf hreysti til þess að koma hér úr hópi sjálfstæðismanna og halda fram svona skoðunum. Eins og nokkrum lifandi manni detti í hug að taka þetta alvarlega. Eins og allir viti það ekki, að Sjálfstfl. er allra flokka purkunarlausastur í því að leggja álögur einmitt á þarfavörur og yfirleitt á neyzlu manna og allra flokka lengst frá því marki að hlífa þurftartekjum við álögum. Eða þá t. d. útsvörin hérna í Rvík. Hann ætti að kenna borgarstjóranum hér í Rvík og sjálfstæðismeirihlutanum þetta, áður en hann fer að gera sig að athlægi með því að halda þessu fram við okkur hér á Alþingi. Hann ætti að kenna þeim þá reglu að leggja ekkert útsvar á þurftartekjur.

Hann tók því hér áðan heldur illa að ræða við borgarstjórann um útsvörin í Reykjavík, þ. e. a. s., hann fór allur hjá sér og fór utan um það mál. En ég ráðlegg honum að gera það. Ég ráðlegg honum að beita áhrifum sínum. Ég ráðlegg honum að beita áhrifum sínum í Sjálfstfl., ef þau eru einhver, til þess að sú stefna verði m. a. upp tekin hér í Rvík að leggja ekki útsvör á þurftartekjur. Þá hættum við að hlæja að honum, þegar hann kemur hér fram til þess að tala um þetta, en fyrr ekki.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það er nú auðheyrt, að hæstv. fjmrh. líður dálítið illa, og það er að vonum. Það væri freistandi að fara út í ýmis atriði, sem eru raunar það nátengd þessu máli, að það væri vel verjandi að gera það, án þess að það væri talið að fara of langt frá málinu, en það eru umr. þær, sem farið hafa fram á undanförnum mánuðum allmörgum um fjármál þjóðarinnar og hvernig þau hafa úr hendi farið. Ég skal ekki gera það að þessu sinni, það yrði of langt mál, og gefst vafalaust kostur á því seinna. En það er dálítið gaman að heyra það, þegar hæstv. fjmrh. stendur hér upp með mikilli vanþóknun og hvessir sig og segir, að það líklega viti nú allir, hver hafi farið með fjármálin undanfarin ár.

Það er satt, að það ættu allir þetta að vita. En það lítur nú oft þannig út, að a. m. k. flokksbræður þessa hæstv. ráðh. viti ákaflega lítið um það, hver hafi farið með fjármálin, þegar þeir eru að finna að einhverju, sem aflaga hefur farið í fjármálapólitík þjóðarinnar, en allir vita, eins og hæstv. ráðh. einnig sagði, að fjmrh. hefur vitanlega á það mest áhrif. Þá hefur því verið haldið fram, að hans flokkur hafi þar hvergi nærri komið og eigi því engan hlut að máli um það, hvað gerzt hafi hér síðustu árin. Þetta er sá söngur, sem hljómað hefur nú undanfarna mánuði í blaði þessa hæstv. ráðh. Allir, sem vita, hver hefur farið með fjármál landsins undanfarin ár eða allt frá 1950, hljóta að fyllast nokkurri undrun, að slíkum árásum skuli vera haldið uppi eins og er í blaði þessa hæstv. ráðh. um fjármálastjórn ríkisins og það öngþveiti, sem þar væri ríkjandi á öllum sviðum, þegar þess er gætt, að það er hæstv. núverandi fjmrh., sem hefur, eins og hann sagði, haft mesta og bezta aðstöðu til þess að hafa áhrif á og móta þá fjármálastefnu, sem fylgt hefur verið, og vitanlega er rétt, því að það er fyrst og fremst fjmrh., sem á hverjum tíma hlýtur að móta fjármálastefnuna. Það er ósköp skiljanlegt, að þegar farið er að víkja að þessum málum, verði hann næsta önugur og bregðist illa við því. Ég get vel hugsað mér, að honum hafi ekki að undanförnu alltaf verið rótt, þó að hann hafi kosið að þegja og jafnvel að taka undir fordæminguna á fjármálastefnu undanfarinna ára, þegar því hefur verið á lofti haldið í hans málgögnum og af talsmönnum hans flokks, — þá hygg ég samt, að honum muni æði oft hafa sárnað, þó að hann hafi af pólitískum ástæðum talið nauðsynlegt að taka heldur á sig óþægindin en að rísa upp til andmæla.

Hæstv. ráðh. segir, að það sé alveg ný stefna hjá Sjálfstfl. að vilja beita sér fyrir skattalækkunum og Sjálfstfl. hafi staðið að hinum ósvífnustu skattaálögum, sem á þjóðina hafi verið lagðar. Ég held nú sannast sagna, að þetta sé nokkuð málum blandað hjá hæstv. ráðh. Sjálfstfl. hefur ætíð haldið fram þeirri skoðun, að skattar ættu að vera hóflegir. Hins vegar hefur hann ekki nema að nokkru leyti haft aðstöðu til þess að marka þá stefnu, því að hann hefur verið í samvinnu við flokka, sem hafa haft allt önnur sjónarmið, og þá fyrst og fremst flokk hæstv. núverandi fjmrh., sem ætíð hefur viljað ganga á yztu nöf með skattlagningu. Hins vegar varð sú breyting á nú á síðustu árum, að það var horfið frá þessari stefnu. Hæstv. fjmrh. mun þá vissulega hafa séð, að of langt var gengið, og ég skal ekki á nokkurn hátt draga úr hans hlut að þessu máli. En þegar hann heldur því fram, að það hafi verið fyrst og fremst hann, sem beitti sér fyrir því, að skattar voru lækkaðir, þá náttúrlega þarf hann ekki að búast við öðru en að því verði svarað af alþjóð, eins og hér kom fram í þingsölum, að menn brosa að slíku og jafnvel hlæja að því, vegna þess að allir vita, hvaða flokkur það hefur verið, sem fyrst og fremst hefur beitt sér fyrir slíku, með allri virðingu fyrir hæstv. ráðh. Og við, sem í þeim málum höfum starfað hér á undanförnum árum, vitum allt of vel, hvaða erfiðleikar hafa verið að fást við flokk hæstv. ráðh., — ég skal ekki segja um hans persónulegu afstöðu í því, — varðandi skattamálin, til þess að geta tekið það sem góða og gilda vöru, að það eigi aðallega að þakka þeim fyrir að hafa framkvæmt nokkrar skattalækkanir á síðustu árum, sem var auðið að framkvæma vegna skynsamlegrar stefnu, sem tekin var upp og fylgt í fjármálum þjóðarinnar þá.

Hæstv. ráðh. virðist telja, að hér sé um algera nýjung að ræða, að nú skuli vera komið til skattalækkana, og það eigi að vera sérstakur sigurpálmi í höndum þessarar ríkisstjórnar að koma fram með það frv., sem hér er um að ræða, — það sannast sagna heldur lítilmótlega frv. En það veit hæstv. ráðh. vel og hefur enda oft talað fyrir því nú á síðustu þingum, hversu hafa verið gerðar miklu víðtækari breytingar og lagfæringar á skattalöggjöfinni á síðustu árum en er

hér um að ræða, skattalækkanir, sem hafa veitt borgurunum mjög mikilvæg hlunnindi.

Þegar þessar staðreyndir eru íhugaðar, — og það er allt of skammt liðið síðan hæstv. fjmrh. hefur flutt hólræður um þær aðgerðir, sem gerðar hafa verið á síðustu árum, meðan hann var í fyrrv. ríkisstj., til þess að menn séu búnir að gleyma því, hversu hann taldi þar vera um mjög merkilegar lagfæringar að ræða, og eins og ég sagði, lagfæringar, sem eru stórum mun meiri og betri fyrir þjóðfélagsborgarana en þessi lítilmótlega 300 kr. eftirgjöf, sem hér er um að ræða, fyrir allar þær stórkostlegu álögur, sem nú hafa verið lagðar á, — þá sem sagt verður mönnum það skiljanlegt, hvernig á því stendur, að hæstv. fjmrh. í fyrsta lagi kýs ekki svo mjög að ræða um þetta mál, nema eftir að búið er að gefa honum sérstakt tilefni til þess, og þá með þeim þjósti, sem kom fram í ræðu hans hér áðan.

Það gefur auðvitað auga leið, eins og hv. 1. þm. Rang. benti hér á, að aðstaða bæjarstjórnar Reykjavíkur eða yfirleitt sveitarstjórna er gerólík aðstöðu ríkisstj. Ríkisstj. hefur í sinni hendi að nota margvíslegar fjáröflunarleiðir. Nú síðast hefur hún lagt á þjóðfélagsborgarana a. m. k. 250 millj. kr. í nýjum álögum, og af þeirri upphæð skildist mér að hæstv. fjmrh. ætti að fá um 100 millj. kr. í sinn hlut, eftir því sem hann upplýsti hér fyrir jólin. — Þegar þetta er íhugað, kemur í ljós, að vandi hans getur varla verið ákaflega mikill að gefa eftir þessar 5 millj. kr., sem ég vil nú satt að segja stórkostlega efast um að séu 5 millj. kr. Miðað við það, hversu mjög smávægileg eftirgjöf þetta er á hvern skattgreiðanda, þá efast ég stórlega um, að þetta nemi þeirri upphæð, án þess að ég vilji þó vera beinlínis að rengja orð hæstv. ráðh. í því efni. En í sambandi við þessar álögur, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt á þjóðina, vex að sjálfsögðu mjög tilkostnaður bæði Reykjavíkur og annarra bæjar- og sveitarfélaga, og þessir aðilar hafa engar tekjur til að vega upp á móti þessum nýju álögum ríkisins og skattheimtu þess, nema með því einu að leggja útsvör á sína skattgreiðendur og bæjarbúa. Þetta hélt ég að lægi í augum uppi, og það er alveg stórmerkilegt þess vegna, að hæstv. ráðh. skuli ekki, jafnglöggur og sanngjarn maður og hann raunar er, skilja jafneinfaldan hlut og þetta, heldur koma hér og endurtaka þær árásir á bæjarstjórn Reykjavíkur og sveitarstjórnirnar fyrir það, að þær eigi að ganga enn lengra en ríkisstjórnin með því að gefa eftir af útsvörum. Ef hæstv. fjmrh. vildi ganga til móts við sveitarfélögin, eins og oft hefur verið óskað, um að veita þeim einhverja nýja tekjustofna, svipað og hann getur notað sem ráðherra, þá hygg ég að væri auðveldara um vik að lækka útsvörin. Hitt er annað mál, að ég er honum alveg sammála um það, hvort sem er um útsvör að ræða eða skatta, að það á vitanlega ekki að leggja opinber gjöld á nauðþurftartekjur fólks, sem það þarf sér til brýnasta lífsframfæris. Það hlýtur að hefna sín, vegna þess að ef fólkið getur ekki borgað sín opinberu gjöld, þá getur það ekki komið fram í öðru en það verði að safna skuldum eða þá að þrengja að sér meira en góðu hófi gegnir.

En miðað við þann mikla áhuga, sem nú virðist vera hjá hæstv. ráðh. um að framfylgja skattalækkunarstefnu, sem á sennilega að vera til þess að fólk gleymi því, sem gert var nú fyrir mánuði, þá held ég, að það geti varla talizt óhófleg rausn, þó að sú leið væri farin, sem ég minntist á hér áðan, að fella niður skatt þessara skattgreiðenda, sem hér um ræðir. Þá má segja að væri um allmikil hlunnindi að ræða, en ekki aðeins til þess að sýnast, eins og það er að fara að gefa eftir rúmar 300 kr. á ári á móts við allar þær óhemju álögur, sem lagðar hafa verið á borgarana að tilhlutan þessarar sömu hæstv. ríkisstj., sem nú kemur og ætlar að rétta að þjóðfélagsborgurunum þessa dúsu.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það var aðeins eitt atriði í ræðu hv. 2. þm. Eyf. (MJ), sem gaf mér tilefni til að standa upp, en fyrst ég er staðinn upp, þá vil ég minnast á annað í leiðinni.

Hann sagði, að ég hefði hafið hér árásir á sveitarstjórnir fyrir að leggja á þurftartekjur. En ég vil minna hv. 2. þm. Eyf. á, að það var hv. 1. þm. Rang. og hann, sem leiddu þetta hér inn í umr., að það ætti ekki að leggja á þurftartekjur. Þá leyfði ég mér að benda á, hvernig hagað er útsvarsálagningunni í Reykjavík.

En fyrst farið er að ræða um þetta, þá vil ég enn þá einu sinni benda á, að ef Reykjavíkurbær færi eins að og ríkisstj. með þessu frv. og legði til að lækka um ⅓ álögurnar á þær tekjur, sem hér um ræðir, þá mundi það muna menn miklu meiru en þau hlunnindi, sem veitt eru með þessu frv., vegna þess að útsvörin munu vera margföld á við tekjuskattinn, einmitt á því fólki, sem býr við þessar lágu tekjur.

En það, sem kom mér til að standa upp, var það, sem hv. 2. þm. Eyf. sagði um fjármálastjórn mína og umr. þær, sem nú ættu sér stað um þróun efnahagsmála á síðustu árum.

Ég sagði hér áðan, að það mundu flestir vita, hver það hefði verið, sem hefði farið með fjármál ríkisins undanfarið, og ég hygg, að flestir geri sér grein fyrir því, að ef skattar hafa verið stórlega lækkaðir, eins og þeir voru stórlega lækkaðir á tímabili á beinum tekjum, þá hlaut það að vera fyrir forustu þess manns, sem hafði fjármál ríkisins með höndum, enda var það svo. Þetta var það, sem ég sagði.

Á hinn bóginn þurfa sjálfstæðimenn ekki að halda, að þeim muni takast að koma því inn hjá þjóðinni, að ég beri ábyrgð á þeirra verkum í efnahagsmálum fyrir það eitt, að ég fór með fjármálastjórn ríkisins. Það er alveg vonlaust verk fyrir þessa menn að ætla sér að telja fólki trú um, að ég beri höfuðábyrgðina á þróuninni hér í efnahagsmálum fyrir það eitt, að ég fór með fjármálastjórn ríkisins. Og þær tilraunir, sem þeir hafa gert í þá átt, munu verða þeim til verðugrar skammar, áður en lýkur.

Það var ekki á mínum vegum að ráða stefnunni í fjárfestingarmálum eða mörgum öðrum þáttum efnahagslífsins, svo sem bankamálum og gjaldeyrismálum, í þeirri ríkisstj., sem síðast sat. Það var á annarra manna vegum. Ég ætla ekki að fara að ræða þetta hér, en ég vil þó sýna fram á, hvað það er lítilmótlegt af hendi sjálfstæðis-

manna að flytja fram þær blekkingar, sem þeir hafa gert í þessu sambandi, þar sem þeir vilja halda því fram, að fjmrh., sá sem fer með fjármál ríkisins, hljóti að bera ábyrgð á öllum þáttum efnahagslífsins. Því fer alls fjarri, og það mun á sínum tíma við viðeigandi tækifæri verða tekið fyrir hér á hv. Alþ., þó að það sé ekki tilefni til þess í sambandi við þetta mál.

Það er lítill manndómur, sem lýsir sér í þessum málflutningi sjálfstæðismanna, og það bætist nú við, að þeir vilja eigna sér það, sem bezt hefur tekizt af annarra verkum. Ef það hafa verið lækkaðir skattar, þá er það þeirra verk, þó að fjmrh. sé úr öðrum flokki, en ef það hafa verið hækkaðir skattar, þá er það auðvitað ekki þeirra verk, þá er það fjmrh., sem hækkar skattana.

Finnst mönnum þetta vera myndarskapur? Mér finnst ekki, mér finnst þetta fjarskalega ómyndarlegt og bera vott um lítinn manndóm, og ég held, að þessi áróður borgi sig ekki fyrir þá, sem beita honum.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. var að tala um það hér áðan, að ég og hv. 2. þm. Eyf. ættum að benda borgarstjóranum í Reykjavík á það, að það væri ekki gott að leggja á þurftartekjur manna, ef við værum með þá skoðun. En ég vil benda hæstv. fjmrh. á, að það er víðar en í Reykjavík fólk, sem hefur aðeins brýnustu þurftartekjur. Þetta er um sveitarfélögin öll á landinu og það er þannig með þau, að þau hafa orðið að leggja á þurftartekjur fólks, vegna þess að þau hafa ekki haft tekjustofna. Sveitarfélögin hafa ekki getað haft þá aðferð, sem hæstv. fjmrh. hefur notað, að fara með lögum ofan í vasa borgaranna og innheimta það, sem hann hefur talið að ríkissjóður þyrfti að fá á hverjum tíma. Og að vera að bera sveitarfélögin nú saman við það, sem ríkisstj. gerir, er náttúrlega alger fjarstæða. Sveitarfélögin hafa ekki fengið nýja tekjustofna. Ríkisstjórnin hefur með lögum tekið 240 eða 250 millj. úr vasa borgaranna, en ætlar aðeins að skila 5 millj. aftur að hámarki. Ef hæstv. fjmrh. vildi nokkuð missa af þeim tekjum, sem hann hefur fengið og innheimtir, ef hæstv. fjmrh. teldi ekki nauðsynlegt að hækka fjárlögin árlega um 100 millj. kr., þá gæti hann gefið sveitarfélögunum eftir nokkurn tekjustofn, t. d. part af söluskattinum. En það hygg ég að hæstv. fjmrh. sé ófáanlegur til að gera. Ef sveitarfélögin fengju hluta af söluskattinum, gætu þau, ekki aðeins Reykjavík, heldur einnig fátækir sveitahreppar jafnvel hætt að leggja á þuftartekjur fólks, fátæks fólks. En ég býst við, að hæstv. fjmrh. muni framvegis eins og hingað til standa gegn því, að sveitarfélögin geti rekið þá pólitík að létta álögum af fátækum almenningi.

Hæstv. fjmrh. var hér áðan að tala um það, að við sjálfstæðismenn vildum þakka okkur skattalækkanir, en kenna andstæðingunum um skattahækkanir. Heldur fjmrh., að hann geti talið þingheimi eða landsfólkinu trú um það, að hann hafi ekki á sínum tíma verið neyddur til af sjálfstæðismönnum að ganga svo langt í skattalækkuninni eins og raun bar vitni um? Það muna margir eftir þeim fundum og eftir þeim átökum, sem þá ríktu. Hæstv. fjmrh. taldi, að ríkissjóður mætti ekki missa svo miklar tekjur sem skattalækkuninni nam. Við sjálfstæðismenn héldum því hins vegar fram, að innflutningurinn og tolltekjurnar væru það miklar, að ríkissjóður gæti séð af þessum tekjuskatti. Þess vegna voru lög um tekjuskattslækkunina samþykkt.

Hæstv. fjmrh. sagði hér áðan: Það er tilgangslaust að ætla sér að halda því fram, að ég, fjmrh., beri ábyrgð á öllu, sem gerzt hefur í efnahagsmálunum. — Við höfum nú lesið Tímann undanfarna daga, undanfarna mánuði, og við, sem vorum í ríkisstj. með Framsfl. s. l. 3 ár, þekkjum alveg, hvað mikill drengskapur kemur fram hjá þeim flokki og í því flokksblaði, þegar rætt er um stjórnarathafnir og stjórnarsamstarf.

Hæstv. ráðh. talaði hér áðan um fjárfestingarmálin. Og ég var að lesa bæði í gær og í dag leiðara í Tímanum um fjárfestingarmálin. Það var vitnað í orð, sem ég sagði á fundi 1953, þar sem ég hélt því fram, að það væri fyrir baráttu okkar sjálfstæðismanna, að fjárhagsráð var afnumið. Það er rétt. Það var fyrir baráttu okkar, að fjárhagsráð var afnumið, að bændur fengu að byggja, án leyfis, peningshús, hlöður, fjós, hesthús og fjárhús og að einstaklingar fengu, án leyfis, að byggja íbúðir af hóflegri stærð, sem voru ekki yfir 520 rúmmetra. Það var þetta, sem gerðist með afnámi fjárhagsráðslaganna. En skrauthýsin, sem framsóknarmenn eru að tala um að hafi verið byggð hér í Reykjavík, hafa verið byggð, ef um mörg skrauthýsi er að ræða, með samþykki framsóknarmanna, því að ekkert fjárfestingarleyfi var hægt að gefa, nema samþykki framsóknarmannsins í innflutningsskrifstofunni kæmi til.

Ég verð að segja það, að það fer hálfilla í munni framsóknarmanna, þegar þeir eru að tala um skrauthýsi og skrauthallir. Það gæti verið, að það yrðu ekki færri skrauthallir framsóknarmannanna, sem byggðar hafa verið á síðustu árum hér í Reykjavík, heldur en t. d. sjálfstæðismanna. Hvers vegna þá að vera með þessi svigurmæli og dylgjur í garð okkar sjálfstæðismanna?

Í öðru lagi gleymir hæstv. fjmrh. því, að hann hefur verið, síðan Framkvæmdabanki Íslands var stofnaður, yfirmaður þeirrar stofnunar. En í lögum um Framkvæmdabankann er sagt, að hann skuli vera ríkisstj. til ráðuneytis í fjárfestingarmálum, að Framkvæmdabankinn skuli gera rökstudda áætlun um það, hversu fjárfestingin megi vera mikil á hverjum tíma. Ætlar hæstv. fjmrh. að halda því fram, að hann hafi vanrækt að láta Framkvæmdabankann gefa þessa skýrslu til ríkisstjórnarinnar, til þess að hægt væri að haga fjárfestingunni eftir henni? Ætlar hæstv. fjmrh. að halda því fram? (**Forseti:** Ég vil minna hv. þm. á, að það er aðeins athugasemdartími.) Ég ætla ekki að níðast á tímanum, herra forseti, ég á aðeins eftir að segja örlítið. Ég ætla aðeins að segja það, að hæstv. fjmrh. hefur í rauninni játað þá yfirsjón á sig hér í þingsölunum, að hann hafi vanrækt að láta þá stofnun, sem hann var og er yfirmaður yfir, Framkvæmdabanka Íslands, gera skýrslu til ríkisstjórnarinnar og fylgjast með fjárfestingarmálunum. Það var lagaleg skylda Framkvæmdabankans að gera þetta. Og það er þá

einnig skylda yfirmanns bankans, fjmrh., að hafa fylgzt með því, að þetta væri gert. Og þegar þetta er athugað, lög Framkvæmdabankans, þá efast enginn um, hver raunverulega er yfirmaður fjárfestingarmálanna á Íslandi. Það hlýtur að vera yfirmaður þeirrar stofnunar, sem á að sjá um og fylgjast með, að fjárfestingin sé innan hóflegra takmarka.

Þegar innflutningsskrifstofan gefur út leyfi fyrir fjárfestingu og það eru aðeins tveir menn og annar maðurinn framsóknarmaður og ekkert fjárfestingarleyfi er hægt að gefa út nema með samþykki framsóknarmannsins, er þá heiðarlegt af framsóknarmönnum að vera sí og æ að vera að klifa á því, að fjárfestingin í landinu hafi verið of mikil, vegna þess að sjálfstæðismenn hafi viljað byggja skrauthýsi í Reykjavík? Er þetta heiðarlegt? Hvað finnst ykkur, sem hlustið á? Nei, ykkur finnst það ekki heiðarlegt. Landsfólkinu finnst það ekki heiðarlegt. Þeir, sem lesa Tímann, líka framsóknarmenn, telja þessa málafærslu óviðeigandi og fyrir neðan það, sem bjóðandi er lesendum íslenzkra blaða.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. 1. þm. Rang. hélt hér fyrst nokkurn fyrirlestur um útsvörin og hvað það væri ákaflega erfitt hér í Reykjavík að fást við þau mál, tekjustofnar litlir o. s. frv., og þess vegna væru menn tilneyddir að leggja á þuftartekjurnar; það væri svo sem ekki af því, að menn vildu gera þetta, menn væru tilneyddir.

Síðan sagði hann, að það væri hægt að leysa þetta allt saman og mundi létta ákaflega mikið á bæjarfélögunum, ef hæstv. fjmrh. teldi ekki nauðsynlegt að hækka fjárlögin um 100 millj. árlega og hefði talið undanfarið.

Þetta gefur mér tilefni til þess að upplýsa hér enn, sem ég hef reyndar upplýst áður, að fjárlögin hafa aldrei fengizt hækkuð eins mikið og sjálfstæðismenn vildu. Þeir hafa ævinlega viljað hækka fjárl. miklu meira en þeir hafa getað komið í framkvæmd, enda hafa þeir alveg ótæpt á undanförnum árum rógborið mig fyrir það, að hin og önnur framlög til nauðsynlegra mála hafi ekki fengizt fram, af því að Eysteinn hafi staðið á móti. Svo kemur þessi herra, hv. 1. þm. Rang., sem hefur verið í stjórn undanfarið, og talar hér fyrir munn þessara manna og segir: Ja, þetta hefði allt saman getað verið miklu betra og öðruvísi, útsvörin lægri og allt miklu betur farið úr hendi, ef hæstv. fjmrh., þ. e. a. s. Eysteinn Jónsson, hefði ekki endilega viljað hækka fjárl. árlega um 100 millj. eða meira. — Hvað segja menn um þennan málflutning? Hér við bætist, að engir menn, sem ég hef þekkt í stjórn, hafa verið eins leiknir við að auka rekstrarkostnað ríkisins og sumir ráðherrar sjálfstæðismanna hafa verið. Þeir virðast bókstaflega hafa sett metnað sinn í að stofna til kostnaðar og nýrra embætta.

Þá ræddi hv. 1. þm. Rang. um fjárfestinguna. Eiginlega skilst manni helzt, að sjálfstæðismenn hafi þar ekkert komið nærri, það hafi verið Framkvæmdabankinn, sem hafi ákveðið fjárfestinguna yfir höfuð í landinu. Þetta og annað slíkur býður þessi hv. þm. þingheimi upp á; manni skilst, að stj. hafi hvergi komið þar nærri, ríkisstj. fyrrverandi, allra sízt sjálfstæðismenn, því að allt hafi það verið eftir höfði framsóknarmanna, allt saman nákvæmlega eins og þeir vildu. Þetta var það, sem menn gátu lesið út úr því, sem hv. 1. þm. Rang. sagði.

En hvað er hið rétta? Eru menn búnir að gleyma því, að eftir kosningarnar 1953 gerði Sjálfstfl. að aðalkröfu sinni að afnema helzt algerlega allt fjárfestingareftirlitið, og þegar sjálfstæðismenn fengu því framgengt að afnema það í jafnríkum mæli og gert var, þá héldu þeir sérstakan gleðifund innan flokksins, þar sem þessu var lýst eins og lausn úr álögum, að búið væri að létta höftunum fyrir baráttu sjálfstæðismanna, en gegn harðsnúinni mótspyrnu framsóknarmanna? Lugu þeir þá, eða sögðu þeir satt? Nú skyldi maður halda, að þeir hefðu logið þessu öllu saman, eftir því sem hv. 1. þm. Rang. vill nú endilega láta sýnast. Ég heyri ekki betur en að hann sé að keppast við að fá menn til að trúa því, að þetta hafi allt saman verið hrein ósannindi, það hafi ekkert verið gert í þessum málum annað en það, sem Framsfl. vildi, fyrst stefnan sjálf, hvað skyldi afnumið, þar næst framkvæmdin að öllu leyti. En það rétta í þessu er nú það, sem þeir sögðu þá, að Framsfl. var mjög hikandi við að afnema fjárfestingareftirlitið í jafnríkum mæli og gert var, en taldi óhjákvæmilegt að taka tillit til þess, að Sjálfstfl. hafði unnið nokkurn kosningasigur á þessu frelsistali sínu og fengið forustuna í ríkisstj. Afleiðingin hefur svo orðið sú gífurlega fjárfestingaralda, sem risið hefur í landinu, eins og við vitum. Ofan á þetta allt saman bættu svo sjálfstæðismenn því að svikjast aftan að sínu eigin kerfi með því að láta ýmsa gæðinga sína reisa með prettum eitthvert mesta stórhýsi landsins og látast vera að byggja íbúðir.

Nú er komið á eftir og sagt: Blessaðir, verið þið ekki að tala um mikla fjárfestingu og ofþenslu, Framsókn vildi hafa þetta allt saman svona. Það er allt saman slúður og bull, sem við höfum áður sagt um, að það væri nokkur forusta hjá Sjálfstfl. fyrir auknu byggingarfrelsi, eða að sá flokkur hafi nokkurn tíma haft áhuga fyrir auknu fjárfestingarfrelsi. Það er allt áróður frá Framsókn, hún vildi hafa þetta allt svona. — Hvað á maður að segja um svona lagað? Ég veit það ekki; ég held, að það sé bezt að hætta.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég held nú næstum, að það hefði ekki aðeins verið bezt fyrir hæstv. fjmrh. að hætta, heldur að byrja aldrei þessa síðustu ræðu sína og kannske fleiri.

Það eru nú aðeins örfá orð, sem ég má hér segja, og get ég þess vegna ekki farið út í ræðu hans nema að mjög litlu leyti. Hann var að tala um, að Sjálfstfl. hefði eignað sér frelsið í byggingarmálunum. Nú vildi hann hins vegar helzt ekki við það kannast. Þetta er auðvitað fullkomin rangfærsla. Sjálfstfl. hefur eignað sér — það er rétt — frelsið í byggingarmálunum, og ráðh. upplýsti hér sjálfur og staðfesti, að það hefði verið Sjálfstfl., sem hefði lagt áherzlu á að fá fjárhagsráð afnumið og fjárfestingarhömlurnar á íbúðabyggingum og byggingum í sveitum, eins og hv. 1. þm. Rang. gerði hér grein fyrir. Svo sagði ráðh. í sambandi við þetta, þar sem hann

þóttist kenna einhvers tviskinnungs í okkar málflutningi, sem er mesti misskilningur, af því að það er enginn tviskinnungur, því að við höldum því fram, sem við héldum fram þá, og blygðumst okkar ekki fyrir að hafa átt hlut að því og barizt fyrir því, að það frelsi var gefið, — en þá sagði ráðh. í því sambandi, hvort sjálfstæðismenn hefðu þá logið eða sagt satt. Nú vil ég vísa þessu aftur til hæstv. ráðh. og benda honum á, að hann ætti að lesa blað sitt, ef hann ekki gerir það. Ef hann hefur ekki gert það, þá ætti hann að gera það sér til upplýsingar í þessu máli að lesa blað sitt fyrir síðustu bæjarstjórnarkosningar hér í Rvík. Það væri hollt fyrir hann, og þá kannske kæmist hann að raun um, hvort Tíminn hefði þá verið að tala um frelsisskrum og annað þess háttar. Nei, þá var Reykvíkingum sagt, að eina leið þeirra til þess að fá frelsi í byggingarmálum væri að stórauka fylgi Framsfl. Og við skulum bíða og sjá, hvað Tíminn segir, þegar fer að nálgast næstu bæjarstjórnarkosningar, hvort það verður þá haldið mjög á lofti, að það hafi verið sjálfstæðismenn, sem beittu sér fyrir byggingarfrelsinu, eða ekki. Það verður gaman að bera það saman.

Það var svo aðeins annað atriði, sem gaf mér tilefni til þess að óska hér eftir að fá að gera athugasemd, en það var í sambandi við þá yfirlýsingu hæstv. fjmrh., að sjálfstæðismenn hefðu verið honum mjög óþægur ljár í þúfu við fjármálastjórnina síðustu árin.

Það vill svo til, að ég veit dálítið um þessi mál nú síðustu árin og hvernig búið hefur verið að hæstv. fjmrh. í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, og ég verð að segja það, að mig undrar mjög, að hann skuli leyfa sér að fara með þá ósanngjörnu staðhæfingu, bera hana hér á borð, eins og hann gerði, eftir að hann veit mætavel, hvaða stuðning hann hafði frá Sjálfstfl. við skynsamlega afgreiðslu fjárlaga, sem bezt kemur fram í því, að á síðustu árum hefur fjárhagsafkoma ríkissjóðs verið slík, að það hefur verið tugmilljóna króna greiðsluafgangur hjá ríkissjóði. Og ég veit, að ef hann talaði ekki hér af einhverjum óskiljanlegum hita og ofsa um þetta mál, mundi hann játa það, sem rétt er og satt, að hann hefur notið sem fjmrh. nú þessi síðustu ár a. m. k., sem ég þekki til, alveg óvenjulegs — verð ég að segja — stuðnings frá sínum meðstarfsmönnum, bæði í fjvn. og í Sjálfstfl. yfirleitt við afgreiðslu skynsamlegra fjárlaga. Ég mótmæli því harðlega og tel algerlega ósæmandi fyrir hæstv. ráðh. að bera þær fullyrðingar á borð, sem hann hér hefur flutt.

Að það sé svo borið á hann, að hann standi í vegi fyrir útgjöldum til ýmissa þarfra hluta, það getur vel verið, að einhvern tíma hafi það verið sagt, og ég hugsa, að það hafi stundum verið rétt. En mér verður nú á að spyrja, hvort hann muni ekki hafa orðið var við eitthvað svipaðar ásakanir á sig í hæstv. núv. ríkisstjórn.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég skal láta þessum umr. lokið og ekki deila á hv. þm., sem hafa talað og notað sína athugasemdatíma. En ég vil taka fram, að það kom nú fram hjá hv. 2. þm. Eyf., og staðfestist þá það, sem ég var að benda á áðan, að hann vill mjög fast halda sér við, að Sjálfstfl. hafi beitt sér harðsnúið fyrir auknu frelsi í fjárfestingarmálum, það hafi verið hans verk. Þetta kemur nú raunar illa heim við sumt af því, sem áður hefur verið sagt hér í dag og annars staðar. En út af þessu vil ég bara kasta fram þessari spurningu: Halda menn þá ekki, að stefnan í fjárfestingarmálum hafi haft einhver áhrif á þróunina í efnahagsmálum undanfarið?

Þá sagði hv. 2. þm. Eyf., að það væri mjög ósanngjarnt af mér að halda því fram, að ég hafi orðið að standa á móti háum útgjaldakröfum sjálfstæðismanna í sambandi við fjárlögin. Það er alls ekki ósanngjarnt af mér að halda þessu fram, vegna þess að þetta er satt. Það hefur verið sótt gífurlega á að hafa fjárlögin hærri en þau hafa verið. En mundi hv. 2. þm. Eyf., — hann svarar því bara seinna, — mundi hv. 2. þm. Eyf. með þeim kunnugleika, sem hann hefur á þessum málum, treysta sér til þess að taka undir þau ummæli hv. 1. þm. Rang., að ég hafi staðið fyrir því að hækka fjárlögin um 100 millj. á ári undanfarin ár? Ég efast um það. En ég ætlast ekki til, að því sé svarað núna. Ég varpa þessu fram til íhugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 207, n. 251, 264).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt af ríkisstj. og hefur verið til athugunar hjá fjhn. Samkv. 1. gr. frv. er til þess ætlazt, að einstakir skattgreiðendur, sem hafa tekjur upp að vissu marki, fái lækkun á tekjuskatti, sem nemur 33⅓ af hundraði. Tekjumarkið, sem miðað er við, er sett þannig, að skattlækkunin reiknast af tekjum hjóna með eitt barn á framfæri, ef þær nema allt að 47500 kr., þ. e. a. s. hreinar árstekjur, og tekjuskattur annarra gjaldenda, sem lögin ná til, á að lækka um sömu hundraðstölu, ef tekjuskattur þeirra skv. ákvæðum skattalaganna er jafnhár eða lægri en tekjuskattur þeirra hjóna, sem ég nefndi, þ. e. a. s. hjóna, sem hafa eitt barn á framfæri og hreinar árstekjur, er nema 47500 kr. eða lægri upphæð.

N. mælir með því, eins og segir á þskj. 251, að frv. verði samþ., en tveir nefndarmanna, hv. 9. landsk. og hv. 5. þm. Reykv., flytja brtt. á þskj. 264. Út af þeirri till. vil ég aðeins segja það, að í frv. þessu er ekki gert ráð fyrir því, að settur verði í lög nýr skattstigi, eins og mér virðist þeir gera ráð fyrir í sinni brtt.

Eftir að frv. þetta verður orðið að lögum, ef það verður það, eins og það liggur fyrir á þskj. 207, verður tekjuskatturinn reiknaður eins og nú er, eftir þeim gildandi skattstiga, sem er í lögunum um tekju- og eignarskatt frá 1954, en alls ekki gerður nýr skattstigi. Síðan fá þeir, sem hafa tekjur fyrir neðan ákveðið mark, eins og ég hef áður sagt, þennan afslátt, sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég geri ráð fyrir því, að það yrði nokkuð erfitt í framkvæmd að taka til greina brtt. þessara tveggja nm.

Út af þessu máli vil ég enn fremur benda á það, að það er ekki nýmæli að veita slíkan afslátt á skatti af lágtekjum. Með lögum nr. 60 árið 1950 var ákveðin sérstök lækkun tekjuskatts af lágtekjum. Í þeim lögum var ákveðið að veita tilslökun í tekjuskatti af hreinum tekjum, 20 þús. kr. eða lægri, og skattlækkunin var jafnmikil og gert er ráð fyrir í þessu frv., þ. e. a. s. skattur þeirra, sem voru fyrir neðan þetta tekjumark, var lækkaður um 33⅓ af hundraði. Þessi lög munu hafa verið í gildi frá 1950 og fram til 1954, þegar nýju skattalögin voru sett og komu til framkvæmda, og varð þess ekki vart, að neinir erfiðleikar væru á þessari framkvæmd eða nein óánægja út af því. Það er því till. meiri hl. n., að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá hæstv. stjórn, og er það á þskj. 207.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Eins og kom fram í ræðu hv. frsm., áskildum við tveir nm. í fjhn., hv. 5. þm. Reykv. og ég, okkur rétt til þess að bera fram brtt. við frv. eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma.

Það er út af fyrir sig álitamál, hvort þetta frv. gangi eins langt og ástæða væri til í því efni að lækka tekjuskatt á lágtekjum. Það má til sanns vegar færa, að um þetta muni ekki svo ákaflega mikið. En samt sem áður höfðum við ekki hugsað okkur að flytja neinar róttækar brtt. við frv., sem hefðu í för með sér verulegan tekjumissi fyrir ríkissjóð. Hins vegar flytjum við þá brtt., sem fyrir liggur á þskj. 264, til þess að bæta úr agnúa, sem á frv. er, en þessi agnúi er í því fólginn, að þar sem tekjuskatturinn kemur til að lækka um þriðjung af tekjum fyrir neðan ákveðið lágmark, skapar þetta alveg óeðlilega stighækkun á því tekjubili, sem er þar fyrir ofan.

Frv. gerir ráð fyrir því, að tekjuskattur hjóna með eitt barn, sem hafi 47500 kr. í hreinar tekjur, lækki um þriðjung. Af því leiðir, að hjón með eitt barn, sem teldu fram 100 kr. meira, kæmu af þessum 100 kr. til að borga 400 kr. í skatt. Slíkt getur ekki verið álitamál. En við 1. umr. var það upplýst, að tekjuskattslækkunin fyrir hjón, sem hefðu þessar umræddu tekjur, mundi vera um 400 kr. Hafi þau 100 kr. meira, fá þau ekki þessa ívilnun, þannig að skatturinn af þessum 100 kr., sem eru fram yfir, verður þá 400 kr. Slíkt verður að telja með öllu óeðlilegt, og brýtur það í bág við þær reglur, sem almennt liggja til grundvallar ákveðnum skattstigum. Að vísu má um það deila, hversu stighækkandi skatturinn skuli vera almennt, en hitt er með öllu óeðlilegt, að stighækkunin skuli verða mörg hundruð prósent á vissu tekjubili, þar sem um lágtekjur er að ræða.

Þessi brtt. er borin fram til þess að bæta úr þessum agnúa. Að vísu mundi það stökk, sem þarna er um að ræða, ekki verða afnumið með öllu, en það væri þó mjög verulega minnkað frá því, sem nú er. Svo að við höldum okkur að þessu dæmi, sem ég nefndi áðan, þá mundu hjón, sem væru 1000 kr. fyrir ofan lágmarkið, í stað þess að borga 400 kr. af þessum umframtekjum, ekki borga nema 40 kr., sem er hámark núgildandi skattstiga.

Þær röksemdir, sem hv. frsm. bar fram gegn því, að þessi breyting væri gerð, var í fyrsta lagi sú, að þetta hefði komið fyrir áður, þegar lækkaður hefði verið skattstiginn undir tilteknu tekjumarki. En ég tel, að þó að slík skekkja hafi komið fyrir einhvern tíma áður, e. t. v. af athugaleysi, þá sé engin ástæða til þess að halda því áfram, ef hægt er að komast hjá því með góðu móti. Hin röksemdin var sú, að þetta mundi skapa skattayfirvöldunum óeðlilega mikla fyrirhöfn. Eftir því sem ég fæ komizt næst, mundi þessi brtt. aðeins ná til tekjubilsins á næstu 1200 krónunum fyrir ofan þetta tilskilda hámark, svo að það er á mjög litlu tekjubili, sem þessa gætir.

Auðvitað er það ekki þannig, að skattayfirvöldin reikni út skattinn fyrir hvern einstakling, heldur er það gert í eitt skipti fyrir öll að reikna út, hvað skatturinn eigi að vera af einhverjum tilteknum tekjum. Ég býst við, að útreikningur á þessu mundi fyrir glöggan reikningsmann e. t. v. taka einn til tvo klukkutíma. Það verður auðvitað alltaf matsatriði, hvort í slíkan kostnað skuli leggja, en ég tel, að í það beri ekki að horfa, með tilliti til þess, að það fólk, sem er á því tekjubili, sem hér er um að ræða, mundi verða fyrir miklu ranglæti. Fjárhagsatriðið getur ekki orðið teljandi, því þó að skatturinn komi að vísu til að lækka á nokkrum aðilum, sem eru á þessu tekjubili, verður hvötin minni til þess að gæta þess við skattframtalið, að tekjurnar fari ekki yfir það hámark, sem ívilnunin nær til. Það er því alveg eins líklegt, að það teljist þá fram þeim mun meiri tekjur, þannig að fjárhagsatriðið hefur ekki neina þýðingu. Þetta atriði virðist mér raunar að meiri hl. n. hafi einnig verið ljóst.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég verð að segja, að það er mjög ánægjulegt að sjá afgreiðslu á frv. frá hv. n., því að það er nú sjaldgæft að sjá örar afgreiðslur, bæði frá þessari n. og öðrum, en þó held ég, að hv. fjhn. hafi sýnt einna minnsta röggsemi í afgreiðslu þeirra mála, sem vísað hefur verið til nefndarinnar. Það eru óafgreidd hjá nefndinni hvorki meira né minna en 11 mál, sem var vísað til hennar fyrir áramót. Það kann vel að vera, að hv. n. hafi mikið að starfa, en mér finnst þessi afgreiðsla vera heldur léleg, og mér finnst, að ekki væri til of mikils mælzt, að hv. n. afgreiddi mál, sem fyrir liggja, á eitthvað styttri tíma en 3—4 mánuðum. Ég vildi því gjarnan beina því til hæstv. forseta, að hann hlutaðist til um, að n. færi að afgreiða þau mál, sem hafa legið hjá henni þegar í nokkra mánuði.

Forseti (HÁ): Út af ummælum hv. þm. hef ég verið áheyrandi að því, að forseti hefur áður mælzt til þess við þingnefndir að hraða störfum og afgreiðslu mála, eftir því sem unnt er, og má gjarnan taka undir það hér með.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Út af því, sem fram kom í ræðu hv. 2. þm. Reykv., vil ég benda á það, að fjhn. mun senilega hafa afgreitt frá sér fleiri mál en nokkur önnur n., að kannske undanskilinni hv. fjhn. Ed.; ég geri ráð fyrir, að

málafjöldinn sé svipaður þar. Ég hef ekki gert á því athugun, en ég gæti vel trúað, að það kæmi í ljós, ef athugun væri á því gerð einnig, að fjhn. hefði ekki afgreitt hlutfallslega færri mál af þeim, sem hún hefur fengið, heldur en aðrar nefndir, en það munu nú vera langflest málin, sem eru til meðferðar í deildinni, einmitt hjá þeirri nefnd eða fara þangað til athugunar. Hitt er annað mál, að það er náttúrlega sjálfsagt, að sú n. sem aðrar afgreiði mál, eftir því sem ástæður leyfa. Það hefur verið gert og verður væntanlega þannig.

Það er ekki margt, sem ég þarf að segja út af því, sem fram kom hjá hv. 9. landsk. um þetta frv., en ég efast nokkuð um, að hann og meðflm. hans að brtt. á þskj. 264 hafi gert sér grein fyrir því, hvernig ætti að framkvæma það, sem þeir leggja til. Og ég get búizt við því, að það yrði nokkru örðugra í framkvæmd en hann gerir ráð fyrir. Hann talar um agnúa á þessu frv. Eins og ég hef gert grein fyrir, er þetta byggt upp nákvæmlega á sama hátt og þau lög, sem giltu hér í fjögur ár fyrir skömmu um lækkun tekjuskatts af lágtekjum, og varð þá aldrei vart við neinn agnúa á framkvæmd ákvæðanna. Eins og ég hef áður bent á, er hér ekki ætlazt til að setja nýja skattstiga, heldur aðeins að veita þennan afslátt á skatti hjá mönnum, sem hafa tekjur undir vissu marki, og þannig var þetta einnig 1950.

ATKVGR.

Brtt. 264 felld með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁS, BÓ, JóhH, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, PO, RH.

nei: SvbH, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, EirÞ, GíslG, GÞG, HS, KGuðj, PÞ, PP, SkG, HÁ.

ES, GJóh greiddu ekki atkv.

9 þm. (StgrSt, BG, EmJ, EystJ, GÍG, HV, IngJ, LJós, SÁ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 61. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 62. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þegar gengið var frá frv. um útflutningssjóð og öðrum ráðstöfunum í efnahagsmálum í því sambandi nú fyrir jólin í vetur, ákvað ríkisstj. að beita sér fyrir nokkurri lækkun á tekjuskatti af lægri tekjum og hafði um það samráð við stuðningsflokka sína á hv. Alþingi.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er till. ríkisstj. í þessu máli, sem hefur nú hlotið samþykki hv. Nd. Ég sé ekki ástæðu til að rekja einstök atriði frv., þar sem það er mjög ljóst og einfalt, en legg til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 207, n. 315).

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. þd. er kunnugt, er frv. þetta stjórnarfrv. og er komið frá Nd., þar sem það hlaut einróma samþykki.

Eins og segir í aths. við frv., ákvað hæstv. ríkisstjórn fyrir áramótin, þegar lögin um útflutningssjóð o. fl. voru undirbúin, að beita sér fyrir lækkun tekjuskatts af lágtekjum á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Var þetta fastmælum bundið milli fulltrúanefndar, sem kosin var á þingi Alþýðusambands Íslands til þess að fjalla um efnahagsmálin, annars vegar, og ríkisstjórnarinnar hins vegar, og felur frv. í sér fullar efndir á þeim fyrirheitum, sem ríkisstj. gaf n. um þetta atriði sérstaklega.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um frv., nema sérstakt tilefni gefist til, enda er það ekki mjög flókið.

Í 1. gr. þess er svo á kveðið, að lækka skuli tekjuskatt hjóna, ef tekjur þeirra eru 47500 kr. hreinar árstekjur eða lægri, og annarra gjaldenda að sömu hundraðstölu, ef skattur þeirra er jafnhár eða lægri en áðurgreindra hjóna, ef þau nytu ekki skattalækkunarinnar. Þannig mundu einstaklingar, sem hafa 37500 kr. eða lægri hreinar tekjur, njóta lækkunarinnar og hjón með meiri ómegð en eitt barn, sem hafa í hreinar tekjur áðurgreinda upphæð, að viðbættum persónufrádrætti fyrir þá ómaga sína, sem umfram eru einn, eða þá lægri tekjur.

Í 2. gr. eru svo ákvæði, sem takmarka skattalækkunina við innlenda og erlenda einstaklinga og hjón, en undanskilja félög og stofnanir þessari lækkun.

Mér telst til, að þessi skattalækkun geti numið allt að rúmlega 440 kr. fyrir hjón eða einstakling, en í heild er áætlað, að lækkunin muni vera 5 millj. kr. að frv. samþykktu, og er gert ráð fyrir þeirri tekjurýrnun ríkissjóðs í fjárl. yfirstandandi árs.

Enda þótt ekki sé um víðtækari lækkun á tekjuskatti láglaunafólks að ræða en hér er gert ráð fyrir og ýmsir mundu vilja ganga lengra í þessu efni, er þó tvímælalaust stefnt á rétta leið með því að létta nokkuð skattabyrðar þeirra, sem búa við þurftarlaun eða minna, enda lögð áherzla á þetta mál af hendi fulltrúa þeirra samtaka, sem láglaunafólk hefur sér til varnar og sóknar.

Fjhn. d. hefur athugað frv. og er sammála um að leggja til, að það verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 329).

---

21. Kosningar til Alþingis (atkvæðagreiðsla utan kjörfundar).

Á 21. fundi í Ed., 30. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 80 7. sept. 1942 [70. mál] (stjfrv., A. 98).

Á 22. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 98, n. 119).

Frsm. (Jón Kjartansson): Herra forseti. Það þarf ekki langa framsögu fyrir þessu máli. Þetta er staðfesting brbl., sem gefin voru út 26. maí vegna kosninganna. Þessi brbl. eru búin að hafa sínar verkanir, og sýnist máske óþarfi að afgreiða þetta sem lög, en það mun engu að síður vera venja til þess að staðfesta þær gerðir ríkisstj., sem fram fóru. Allshn. leggur til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 27. og 30. fundi í Ed., 11. og 17. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 31. fundi í Ed., 17. des., var frv. enn tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 33. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 34. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 98, n. 222).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. er borið fram af hæstv. ríkisstj. til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 26. maí 1956 um frestun á atkvgr. utan kjörfundar, vegna þess að landskjörstjórn hafði þá ekki lokið störfum.
Allshn. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 382).

---

22. Sala og útflutningur sjávarafurða.

Á 44. fundi í Nd., 24. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl. [99. mál] (stjfrv., A. 193).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 45. fundi í Nd., 25. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir nýrri skipan á útflutningi og sölu sjávarafurða. Það er öllum kunnugt, að á undanförnum árum hafa oft og tíðum verið uppi allmiklar deilur um það skipulag, sem í gildi hefur verið um sölu sjávarafurða á erlendum markaði. Einkum hefur mikil óánægja komið fram með þau sérréttindi einstakra samtaka um söluréttindi á tilteknum vörum sjávarframleiðslunnar, sem í gildi hafa verið. Þetta hefur alveg sérstaklega átt sér stað með þá einkaréttaraðstöðu, sem í gildi hefur verið í sambandi við útflutning á saltfiski, eins og kunnugt er. Þá hefur óánægja manna með ríkjandi skipulag um sölu sjávarafurða einnig beinzt að því, að í þessum efnum væri ríkjandi verulegt skipulagsleysi og misræmi í reglum varðandi útflutning og sölu á hinum einstöku greinum sjávarafurða.
Þetta frv. gerir ráð fyrir fastari skipan þessara mála, og jafnframt gerir það ráð fyrir því, að

tekið verði upp opinbert eftirlit með öllum þáttum útflutningsframleiðslunnar, en ekki aðeins nokkrum greinum, eins og verið hefur. Það skipulag, sem nú er gert ráð fyrir að taka hér upp í þessum efnum, er mjög í samræmi við það, sem gildir hjá Norðmönnum, og hefur verið stuðzt við samningu þessa frv. við þær reglur, en þó að sjálfsögðu tekið tillit til ýmissar sérstöðu, sem við hljótum að hafa.

Áður en ég vík að einstökum atriðum frv., þykir mér rétt að gera hér stutta grein fyrir því, hvernig þessum málum hefur verið háttað hér í aðalatriðum. Þessum málum hefur verið þannig fyrir komið, að einn aðili, Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, hefur í rauninni haft einkaútflutningsrétt á saltfiski, og þar hafa ekki aðrir aðilar getað komið til greina. Þessum samtökum hefur flest árin verið veitt þessi einkaréttaraðstaða, en önnur árin hefur verið þannig haldið á þessum málum, að öðrum aðilum hefur beinlínis verið synjað um rétt til þess að fá að fást við saltfiskssölumál, og þannig hefur sölusambandinu í framkvæmd verið tryggð einkaréttaraðstaða.

Síldarútvegsnefnd hefur raunverulega á sama hátt haft einkaréttaraðstöðu með sölu á allri saltsíld frá landinu. Fyrirkomulagið í þeim efnum hefur verið á svipaða lund. Nefndin hefur fengið árlega viðurkenningu þess ráðuneytis, sem farið hefur með sölu sjávarafurða, fyrir þessari einkaréttaraðstöðu, og hafa því ekki aðrir aðilar flest árin getað komið til greina í sambandi við útboð og sölu á saltaðri síld.

Sala á frosnum fiski hefur aftur á móti verið með þeim hætti, að raunverulega hafa þrír aðilar haft með þau mál öll að gera, þ. e. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Samband ísl. samvinnufélaga og fiskiðjuver ríkisins. Þessir aðilar hafa að vísu þurft að hafa samráð við það ráðuneyti, sem farið hefur með þessi mál, um söluna, en aðrir en þessir þrír hafa ekki getað komið til greina að fá að annast útboð og sölu þessarar framleiðslugreinar. Enn annað form hefur svo verið haft í sambandi við sölu á skreið og fiskimjöli, lýsi og ýmsum öðrum framleiðsluvörum sjávarútvegsins. Þar hafa verið margir útflytjendur, sem í hverju einstöku tilfelli hafa fengið útflutningsleyfi hjá þar til settum manni af ráðuneytinu, sem veitt hefur slík útflutningsleyfi.

Þannig hefur þessu verið komið fyrir í aðalatriðum, og sjá menn, að það er rétt, að hér hefur í rauninni ekkert fast skipulag verið á. Í sumum greinum hefur verið einkaréttaraðstaða við útflutning. Í öðrum tilfellum hafa verið teknir út úr 2—3 útflytjendur og þeir raunverulega látnir einir hafa með útflutninginn að gera. Í enn öðrum greinum hafa útflytjendur verið margir og þá ýmist samtök framleiðenda, framleiðendur sjálfir eða einstaklingar, sem aðeins hafa fengizt við verzlunarstörf.

Eins og ég sagði hér í upphafi, er það álit flestra, að þetta skipulag geti ekki verið til frambúðar, það verði að takast fastari tökum, og margir eru á þeirri skoðun, að hér hafi ríkt hið mesta misrétti og jafnvel mikil verðmæti farið forgörðum vegna skipulagsleysis.

Aðalatriði þessa frv. eru fólgin í því, að gert er nú ráð fyrir, að skipuð verði sérstök þriggja manna útflutningsnefnd, sem hafi ein yfirstjórn þessara mála með höndum og veiti öllum aðilum útflutningsleyfi, og geta þá að sjálfsögðu jafnt komið til greina samtök framleiðenda, einstakir framleiðendur eða aðrir, sem með sölu á sjávarafurðum hafa að gera, með að fá þessi útflutningsleyfi. Þá er gert ráð fyrir því, að þessi útflutningsnefnd sjávarafurða verði sérstaklega ríkisstj. til ráðuneytis um allt það, sem varðar fisksölumál, enn fremur að hún fylgist með markaðsmálum og reyni að afla nýrra markaða, eftir því sem möguleikar eru á, og þá síðast en ekki sízt, að þessi nefnd hafi beinlínis á hendi eftirlit með öllum þeim, sem útflutning sjávarafurða hafa með höndum, og er gert ráð fyrir í þessu frv., að n. verði veitt allvíðtækt vald í þeim efnum til þess að kalla eftir upplýsingum frá einstökum útflytjendum um allt það, sem varðar sölufyrirkomulag þeirra. Með þessum hætti ætti að vera hægt í fyrsta lagi að tryggja samræmi í þessum efnum, þannig að allar greinar sjávarframleiðslunnar búi við hliðstætt skipulag með sölu á sínum varningi. Enn fremur ætti að vera hægt betur en nú er að koma í veg fyrir það, að um misbeitingu á valdi einstakra samtaka geti verið að ræða. Og þá standa vonir til þess, að með þessu skipulagi væri hægt að draga nokkuð úr þeirri miklu tortryggni, sem nú hefur verið á einstökum aðilum, sem með þessi mjög svo þýðingarmiklu mál þjóðarinnar hafa haft að gera.

Nú vaknar að sjálfsögðu sú spurning, hvort með þessu nýja skipulagi eigi að leggja niður þau sölusamtök framleiðenda, sem starfað hafa hér á undanförnum árum, eða hvort á einn eða annan hátt eigi að gera þeim ókleift um starf. Til þess er ekki ætlazt á neinn hátt í sambandi við þetta nýja skipulag. Að sjálfsögðu geta framleiðendur haft sín framleiðslusamtök, og þeir geta áfram unnið að sölu á sínum framleiðsluvörum. En þeir verða, í hverri greininni sem um er að ræða, að afla sér nauðsynlegra útflutningsheimilda, hafa fengið samþykki útflutningsstjórnarinnar fyrir verði og fyrir því, hvert selt er og með hvaða skilmálum selt er hverju sinni. Og þessi samtök, ef þau vilja taka að sér útflutninginn, verða að undirgangast það að veita þessum stjórnskipuðu aðilum allar þær upplýsingar, sem þeir óska eftir í sambandi við afurðasöluna. Til þess er svo aftur ekki ætlazt, að neinum einstökum samtökum verði veitt einkaréttaraðstaða til útflutnings eða sölu á sjávarafurðum. Hitt gefur svo auga leið, ef framleiðendur óska allir eftir því að vera í einum samtökum og fela þeim samtökum sölu á allri sinni framleiðslu, að þau samtök mundu að sjálfsögðu fá möguleika til þess að selja alla framleiðsluna, svo framarlega sem þau samtök vilja að öðru leyti fara eftir settum opinberum reglum.

Ég tel því, að það sé ástæðulaus ótti, sem fram hefur komið, að hér eigi að gera samtökum framleiðenda ókleift að starfa, því að það er síður en svo. Hins vegar geta einstök samtök ekki vænzt þess að njóta meiri eða frekari réttar um sína starfsemi heldur en önnur samtök sambærilegs eðlis fá þá fyrir sitt leyti.

Eins og ég minntist hér á í upphafi máls míns, eru ýmis atriði varðandi það skipulag, sem hér

er gert ráð fyrir að taka upp, miðuð við það, sem þekkist hjá Norðmönnum. Vissulega eru þessi útflutningsmál þeirra miklu viðtækari og meiri og margbrotnari en okkar hér. Því er það skipulag ríkjandi hjá þeim, að slíkar útflutningsstjórnir eru raunverulega þar margar, einnig varðandi sjávarútveg. En hér er gert ráð fyrir aðeins einni útflutningsstj. í sambandi við allar útflutningsgreinar sjávarútvegsins. Þar eru í gildi þau ákvæði, að útflutningsstjórnin ákveður, hverjir það eru, sem leyfi fá hverju sinni til þess að bjóða út og selja þeirra sjávarafurðir á erlendum mörkuðum, og útflutningsstjórn þeirra hefur a. m. k. jafnviðtækt og mikið vald og gert er ráð fyrir í þessu frv. að útflutningsstjórn sjávarafurða hér fái til þess að hafa eftirlit með afurðasölunni.

Í þessu frv. til laga er að vísu ekki að finna mörg ný ákvæði, sem ríkisstj. hefur ekki heimild til að notfæra sér nú í dag skv. eldri lögum, því að löggjöf sú, sem í gildi er varðandi þessi mál, skapar ríkisstj. svo að segja ótakmarkað vald til þess að setja reglur og ákvæði varðandi allt útboð á sjávarafurðum og sölu þeirra erlendis. En sú löggjöf hefur verið framkvæmd á mjög óákveðinn hátt, og því þótti mér miklu eðlilegra að slá því föstu hér með lagasetningu frá Alþingi, hvaða form yrði tekið upp skv. þessum mjög svo víðtæku heimildum, sem annars eru til í lögum um þessi efni, — hvaða form skyldi tekið upp og látið gilda varðandi sölumál sjávarútvegsins í heild.

Hitt veit ég svo að eru skiptar skoðanir um, eins og þær hafa verið, hvernig notfæra eigi sér þessar heimildir, hvort t. d. á að veita einstökum félagasamtökum, eins og t. d. Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, einkaréttaraðstöðu til sölu á saltfiski eða hvort þau samtök eiga að sætta sig við sams konar reglur og t. d. Samlag skreiðarframleiðenda verður að búa við í dag eða jafnvel eins og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna verður nú að búa við, en þessir aðilar hafa á engan hátt haft sambærileg réttindi til sölu á sinni framleiðslu eins og Sölusamband ísl. fiskframleiðenda hefur haft á saltfiskinum. Það eru vissulega til þeir menn, sem telja, að einkasöluformið í höndum framleiðenda eða þeirra samtaka, sem hluti þeirra hefur myndað með sér, sé hið bezta, og vilja halda í það af miklu kappi. Mín skoðun er aftur sú, að það sé eðlilegra, eins og þessum málum er komið nú, að ríkið hafi strangt eftirlit með því, hvernig að þessum málum er staðið, en hins vegar geti framleiðendur myndað með sér samtök, skipulagt sig í þessum efnum eins vel og þeirra er kostur, en að þeir verði þrátt fyrir allt að sætta sig við það að víkja til hliðar með leyfi fyrir öðrum, ef aðrir geta staðið sig betur í sambandi við söluna heldur en samtök framleiðenda kunna að gera í einstökum tilfellum.

Mér er það að vísu ljóst, að með þessu frv., eins og það liggur hér fyrir, er ekki sagt í einstökum atriðum, hvernig framkvæmd þessara mála verður. Ég tel ekki heldur rétt að binda hendur útflutningsstjórnar nema að litlu leyti, því að hún verður að finna það í framkvæmd, hvernig bezt verður á þessum málum haldið. En það mundi ég leggja áherzlu á, að hin nýja útflutningsstjórn reyndi að hafa sem nánast samstarf við framleiðendur um sölu á þeirra framleiðsluvörum. En takist það ekki á þeim megingrundvelli, sem frv. gerir ráð fyrir, sem sé á þann hátt, að þeir sætti sig við opinbert eftirlit í þessum efnum og að þeir geti lagt sín skjöl á borðið fyrir þá n., sem til þess er skipuð af ríkisins hálfu að líta eftir þessum málum, þannig að tryggt megi telja, að þjóðarhags hafi verið gætt við afurðasöluna, þá vitanlega hljóta þau samtök framleiðenda að dæma sig úr leik að mínum dómi. Aftur á móti er ekki gert ráð fyrir því í þessu frv., að ríkið taki að sér útflutningsmálin eða söluna í heild. En vissulega getur komið alltaf til þess í einstaka tilfellum, að nefnd frá hálfu ríkisstj. sjái beinlínis um sölusamninga, eins og hefur verið gert á undanförnum árum í sumum tilfellum, en þá yrði vitanlega slíkt gert einnig í nánu samstarfi við samtök framleiðenda.

Eitt atriði er það enn, sem mér þykir rétt að gera hér nokkra frekari grein fyrir, en það er í sambandi við skipulagið á sölu á saltsíld. Þar hefur verið nokkuð sérstakt form á, þar sem opinber nefnd, sumpart kosin af Alþingi og sumpart tilnefnd fulltrúum frá framleiðendum, hefur haft með sölu á saltsíld að gera.

Samkvæmt því, sem hér er gert ráð fyrir, getur síldarútvegsnefnd að sjálfsögðu starfað áfram sem sölusamtök framleiðenda í þessari sérstöku grein, en hún yrði, eins og önnur sölusamtök, að falla undir þetta skipulag, lúta því, lúta eftirliti þessarar nefndar og verða að sækja um útflutningsleyfi til hennar eða samþykkis um einstaka sölusamninga. Sem sagt, að þó að gildandi séu um síldarútvegsnefnd sérstök lög, þá er ekki gert ráð fyrir því, að hún hafi neina sérstöðu eða nein sérstaða verði varðandi sölu á þeim þætti sjávarframleiðslunnar.

Ég vil svo óska þess, að frv. verði vísað til sjútvn. að lokinni þessari umr. Málið verður að sjálfsögðu athugað í nefnd, og það er sjálfsagt að taka það til greina, sem n. við nánari athugun telur að betur mætti fara. En ég vænti, að það komi í ljós, að það sé brýn þörf á því að fella í fastara skipulag en verið hefur mál þessi öll og skapa ríkinu sterkari aðstöðu en verið hefur í framkvæmd til eftirlits á þessum mjög svo þýðingarmikla þætti í þjóðarbúskap okkar, sem er salan á öllum okkar sjávarafurðum.

Ólafur Thors: Herra forseti. Frv. því, sem hér er til umr., var útbýtt hér á Alþingi í gær, og okkur hefur þess vegna ekki, a. m. k. stjórnarandstöðunni, gefizt verulegur tími til að athuga það. Persónulega hafði ég ekki hugboð um, að það frv. kæmi einmitt í gær, og hafði heitið að mæta á fimm fundum í gær og einum í morgun. Ég viðurkenni þess vegna, að þær athugasemdir, sem ég nú mun setja fram, mundu verða ýtarlegri, ef ég hefði haft meiri tíma til að athuga frv.

Ég tel rétt að segja nokkur orð þegar á þessu stigi málsins, einnig vegna þess, að ég á ekki sæti í þeirri nefnd, sem fjallar um þetta mál.

Með brbl., sem voru út gefin haustið 1939 og

seinna voru staðfest á Alþingi 12. febr. 1940, er ákveðið, að ríkisstj. hafi heimild til að ákveða, að engar vörur megi bjóða til sölu, selja né flytja úr landi, án þess að ríkisstj. veitti til þess sérstakt leyfi. Í skjóli þessara laga hafa svo ríkisstjórnirnar haft hönd í bagga með sölu á allri útflutningsvöru frá landinu, ýmist með því að fela frjálsum samtökum framleiðenda einkaumboð til sölunnar eða með því að veita einstaklingum eða félögum leyfi, sem þau þá hafa sótt um hverju sinni. En með þær leyfisveitingar hefur farið viðskiptadeild utanrrn. undir yfirstjórn og ábyrgð þess ráðherra, sem hverju sinni hefur farið með útflutningsmálin. Sá ráðh. hefur að gildandi lögum getað haldið á þeim málum eftir sinni beztu samvizku og í samræmi við það, sem hann hefur talið að þjónaði bezt þjóðarhagsmunum hverju sinni.

Frv. það, sem hér er til umræðu, virðist mér að geri ekki neina breytingu í þessum efnum. Valdið var allt hjá ráðherra, og það er í raun og veru allt hjá ráðherra enn. Hæstv. sjútvmrh. var að leitast við að gera grein fyrir, í hverju nýjungarnar í þessu frv. lægju. Ég gat ekki fundið, að honum tækist það, og hef ég þó nokkurn kunnugleika á þessum málum.

Ég hygg, að enn sem fyrr fari allt eftir framkvæmdinni. Það er að sönnu rétt, að í þessu frv. er gert ráð fyrir, að sett sé á laggirnar nefnd, skipuð 3 mönnum og 3 varamönnum, og að þessi nefnd megi svo ráða sér fulltrúa, einn eða fleiri, og þeir megi ráða sér aðstoðarmenn eftir þörfum eða geðþótta, — hvort sem það eru nú þarfir sjálfs viðfangsefnisins eða þarfir skjólstæðinga fyrir atvinnu, sem þar ráða, það læt ég alveg liggja milli hluta.

Þetta bákn, sem hér á að hleypa af stokkunum, á þá að koma í stað þess manns, sem farið hefur með þessi mál undir yfirstjórn ráðherra, og þeirrar aðstoðar, sem hann hefur notið varðandi skrifstofustörfin í viðskiptadeild utanrrn. Nefndin á svo, eins og stendur í frv., að „vera ráðherra til ráðuneytis um sölu og útflutning sjávarafurða“, eins og það er orðað. Ég vil nú ekki vera með neina útúrsnúninga, en mér virðist þetta orðalag benda til þess, að ráðh. ætli nú að færast meira í fang en við höfum gert, þeir, sem áður höfum verið í því sæti, sem hann nú er í, því að þetta bendir til þess, að hann ætli að bæta ofan á sína smáu pinkla því að selja fiskinn og afurðirnar sjálfur og hafa þarna menn til þess að ráðleggja sér, hvernig hann geti bezt að þessu farið. En það er að sjálfsögðu ekki tilgangurinn, og mætti þá lagfæra orðalagið, ef það þætti betur fara. En sé tilgangur þessa frv. annar og meiri en sá að skapa þarna atvinnu fyrir nokkra menn, fleiri eða færri, þá sé ég ekki, að um annað sé að ræða en að brjóta niður þá varnarmúra, sem framleiðendur með frjálsum samtökum hafa reist til framdráttar sínum hagsmunum. Um þetta segir ekkert í frv. og um þetta sagði hæstv. ráðh. í rauninni heldur ekki neitt í sinni ræðu, ekki neitt, sem úr skar. Hins vegar eru í grg. frv. og raunar einstökum ummælum ráðh. í framsöguræðunni vissar bendingar um, að hann hyggist að beita því valdi, sem hann nú hefur án lagabreytinga, með öðrum hætti en verið hefur. Og ef maður auk þess lítur á ummæli blaðs ráðh., þá virðist þar enn þá skýrara að kveðið, því að í blaði ráðh., Þjóðviljanum, segir miðvikudaginn 12. des. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Afurðasalan hefur verið í höndum einokunarhringa eins og S. Í. F., og að sjálfsögðu ber vinstri stjórn þegar að afnema það kerfi og koma á réttlátu fyrirkomulagi.“

Ég beini athygli manna að því, að hér er gefið fyrirheit, væntanlega í umboði hæstv. ráðh., um að breyta kerfinu. Það er ekki rætt um einokunarhring, heldur einokunarhringa, og S. Í. F. tekið sem dæmi, og vinstri stjórn á að dómi blaðsins og sennilega í umboði ráðh. að sjálfsögðu þegar að afnema það kerfi og koma á réttlátu fyrirkomulagi. Ég viðurkenni, að þetta skýtur nokkuð skökku við það, sem hæstv. ráðh. sagði, og ég viðurkenni enn fremur, að það skýtur þó enn meir skökku við það, sem útgerðarmenn hafa sagt mér um skoðanir og ummæli hæstv. ráðh., þegar hann á viðtöl við þá.

Ég hef sjálfur um nokkurt árabil haft þessi mál í mínum verkahring. Ég hef áður lýst minum skoðunum um, hvers vegna ég hef hagað framkvæmdinni eins og ég hef gert, bæði hér á Alþ. hef ég gert þetta að umræðuefni að gefnum tilefnum vegna málflutnings andstæðinga minna í stjórnmálum um breytingar á minni framkvæmd málanna, og ég hef raunar rætt þetta opinberlega annars staðar, og mér þykir rétt nú þegar á þessu stigi að gera nokkra grein fyrir, hvers vegna ég hef hagað framkvæmdinni eins og ég gerði, einnig vegna þess að hæstv. sjútvmrh. var að reyna að láta í það skína, að hann teldi, að sú framkvæmd hefði verið skaðvænleg.

Þegar ég fór með þessi mál, var framkvæmdin sú, að það voru í meginefnum 4 aðilar, sem höfðu sérstöðu; það var síldarútvegsnefndin varðandi síldina, fisksölusamlagið varðandi saltfiskinn, en varðandi hraðfrysta fiskinn var það í aðalatriðum Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna annars vegar og Samband ísl. samvinnufélaga hins vegar. Þessir aðilar máttu heita að hefðu allir einkasöluaðstöðu. Aðrir og varðandi aðrar vörur höfðu svo aðgang að rn., sem með þessi mál fór, og sendu þangað beiðnir sínar um útflutningsleyfi og samþykki fyrir verðlagi og skilmálum.

Ég ætla að styðjast við þessar ræður, sem ég hef um þetta flutt, í aðalefnum til þess að verða ekki of margmáll um mín sjónarmið.

Varðandi síldina, sem síldarútvegsnefnd hefur farið með sölu á, er það að segja, að síldarútvegsnefndin er kosin af Alþ., útvegsmönnum og Alþýðusambandi Íslands. Síldarútvegsnefndin heldur árlega fundi og leitar þar álits framleiðenda um, hvaða skipan þeir óski að ríki í þessum efnum, og ég held, að ég segi það rétt, og a. m. k. var það svo, meðan ég fór með þessi mál, að nær ævinlega var það langsamlega yfirgnæfandi meiri hluti síldarútvegsmanna, sem óskuðu eftir, að síldarútvegsnefndin ein færi með málin. Ég lét þessi sjónarmið ráða, og það hafa fyrirrennarar minir í embættinu einnig gert. Og ég held, að ég mæli ekki um of, þegar ég leyfi mér að staðhæfa, að þessi skipan málanna hefur verið landinu í heild, ekki aðeins útgerðarmönnum og sjómönn-

um, heldur öllum landsmönnum til mikillar farsældar.

Ég man vel, að meðan ég stundaði þennan atvinnurekstur, var það mjög algengt, að því meira sem aflaðist, því meira töpuðu síldarsaltendur. Þetta var ákaflega nákvæm loftvog. Ef aflinn var lítill, gat síldin rokið upp úr öllu verði, en ef aflinn varð meiri en eðlileg og venjuleg neyzla, þá varð líka verðfallið mjög snöggt og áþreifanlegt. Af þessum ástæðum hafa útgerðarmenn samkvæmt dómi reynslunnar fyrr og síðar óskað eftir þessum samtökum, og ég vil ekkert leyna því, að ég tel það þjóðhættulegt að breyta um þessa skipun. Mér finnst það vera beinlínis þjóðhættulegt.

Varðandi saltfiskinn verð ég að vera nokkuð fjölorðari, bæði vegna þess að að saltfisksölunni hefur gagnrýninni í verulegum atriðum verið stefnt meira en gagnvart annarri skipan málanna, og ég hef einnig sjálfur meiri þekkingu á saltfisksölu en sölu annarra íslenzkra afurða. Með saltfisksöluna hefur Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda, S. Í. F. svokallað, farið, en það eru frjáls félagssamtök útvegsmanna, opin öllum þeim, sem saltfisk framleiða eða eiga. Félag þetta var stofnað, eins og menn kannske muna, 1932, og það hefur farið síðan með sölu á allri framleiðslu landsmanna af saltfiski ævinlega nema allra fyrstu árin, að smáafvik voru gerð frá þessu, en það þótti þá nauðsynlegt til að ná í öndverðu allsherjarsamkomulagi um málið. Mér er vel kunnugt um aðdragandann að stofnun þessa félags, og ég ætla aðeins stuttlega að víkja að honum, vegna þess að ég tel, að það skýri málið og glöggvi sjónarmið manna á, hvað rétt muni vera og þjóðhollt í þessum efnum.

Eins og suma menn rekur minni til, var þannig ástatt um saltfisksölu landsmanna um og eftir 1930, að við mjög mikla örðugleika var að stríða. Útflytjendur voru þá margir, og samkeppni af hendi sumra þeirra var miskunnarlaus, fávís og hörð. Sumir höfðu þá líka aðallega það sjónarmið að græða sjálfir á verzluninni, alveg án allrar hliðsjónar af því, hvað framleiðendum var fyrir beztu. Um þessar mundir vann ég hjá hlutafélaginu Kveldúlfi. Þetta félag var þá í senn stærsta útgerðarfélag landsins og langstærsti fiskútflytjandi landsins. Ég held, að þegar bezt lét þá fyrir okkur, höfum við flutt út 3 fiska af hverjum 5, sem á land komu hér á landi, og ég held, að við höfum a. m. k. sjálfir talið okkur kunna nokkur skil á þessari verzlun, og mig minnir, að ég megi staðhæfa, að við höfum aldrei tapað á fiskverzluninni út af fyrir sig sjálfir. En þó kom þar, að við töldum okkur nauðbeygða til að afsala okkur gróða fiskverzlunar til þess með þeim hætti að forðast þau geigvænlegu töp, sem þessi óeðlilega samkeppni leiddi yfir okkur og aðra, sem fisk framleiddum, því að þessi samkeppni hafði þá oft leitt til óþarflega óhagstæðs verðs fyrir Íslendinga.

Ég ætla ekki að gera okkur, sem þá stjórnuðum Kveldúlfi, neitt verri en við erum, og ég viðurkenni þess vegna, að okkur tók sárt að sjá, hvernig sjómenn og útgerðarmenn voru leiknir af þessum ástæðum. En mér dettur ekki heldur í hug að vera að gera neina tilraun til að gera okkur neitt betri en við erum, og ég hygg þess vegna, að mér sé alveg óhætt að viðurkenna, að meginástæðan fyrir því, að við fórum að beita okkur fyrir stofnun sölusamlags íslenzkra framleiðenda, var sú, að við sáum okkar hag bezt borgið sem framleiðendum með þeim hætti.

Þetta má segja að skipti ekki mál. Aðalatriðið er, að við hófumst handa um að stofna þessi félagssamtök. Við áttum um það samtöl við stjórn Landsbanka Íslands og við ríkisstjórnina, og báðir aðilar tóku mjög vel á þessu máli, og ég minnist í því sambandi einkum Magnúsar heitins Sigurðssonar þjóðbankastjóra, sem manna bezt og öflugast studdi þennan félagsskap og um langt árabil fór sjálfur með formennsku í honum.

Ég vil nú leyfa mér aðeins að varpa fram þessum spurningum: Dettur nokkrum manni í hug, að stærsti fisksali landsins hefði að þarflausu átt að því frumkvæði að svipta sjálfan sig frelsi til fisksölu, sem hann ævinlega hafði rekið með hagnaði? Dettur nokkrum þetta í hug? Heldur nokkur maður, að stjórn þjóðbankans og stjórn sjálfs ríkisins hefði stutt þessa framkvæmd, nema gild rök hefðu legið til þess? Og loks spyr ég: Trúir nokkur því, að undantekningarlítið hefði hver einasti íslenzkur fiskframleiðandi fallizt á þessa skipan af frjálsum vilja, eins og þeir gerðu, nema því aðeins, að þörfin hefði verið brýn og augljós? Ég held, að það sé óhætt að svara öllum þessum spurningum afdráttarlaust neitandi.

En sé svo, hafi þessi frjálsu samtök fiskframleiðenda til samsölu á framleiðsluvöru þeirra, sem undanfarið höfðu farið með alla saltfisksölu Íslendinga, verið æskileg eða jafnvel óumflýjanleg nauðsyn 1932, hvað er það þá, sem veldur því, ef menn vilja nú gera leik að því að brjóta skarð í þessa skjólgarða, sem útvegsmenn sjálfir reistu sér til að reyna að halda uppi verði á sínum afurðum? Hefur reynslan e. t. v. kveðið upp dóm gegn þessari skipan málanna? Ég spyr hæstv. ráðh. Er það hans dómur, að verðsveiflurnar hafi orðið tíðari, óhöppin örlagaríkari eða töpin geigvænlegri, eftir að þessi skipan var tekin upp, heldur en áður? Er þetta hans skoðun? Ég hygg, að hann muni svara í hjarta sínu, hvernig sem varirnar hreyfast nú á eftir, — ég hygg, að hann muni svara því afdráttarlaust neitandi.

Með starfsemi S. Í. F. hófst nýtt tímabil öryggis og festu í fisksölumálum Íslendinga, og frá því hafa síðan engin afvik orðið, og það er einmitt vegna þessara staðreynda, sem meginþorri fiskframleiðenda hefur fram að þessu, eftir því sem ég bezt veit, krafizt þess, að þessi samtök þeirra séu vernduð og fái að fara ein með saltfisksölu Íslendinga. Og við þessum tilmælum hafa hlutaðeigandi ráðh. alltaf orðið fram að þessu, eins og hæstv. ráðh. líka tók fram.

En ég spyr aftur: Hefur þá e. t. v. eitthvað breytzt varðandi hagi og aðstöðu erlendra fiskkaupmanna eða kaupenda, sem því valdi, að nú beri að neita að verða við þessum óskum framleiðenda? Því fer víðs fjarri, því fer mjög víðs fjarri. Að sönnu hafa orðið breytingar og það stórvægilegar breytingar í þessum efnum. En þær hníga allar til rökstuðnings því að halda, en ekki breyta núverandi skipan íslenzkrar salt-

fisksölu. Breytingarnar eru nefnilega í því fólgnar, að í stað þess, að áður fyrr voru margir fiskinnflytjendur í sérhverju viðskiptalandi Íslendinga, er nú svo komið, að í Spáni, í Portúgal, Grikklandi og ég held líka í Ítalíu í framkvæmdinni a. m. k. er aðeins einn aðili, sem fer með innkaupin, ýmist í umboði sjálfs ríkisins eða vegna allsherjarsamtaka fiskkaupenda.

Þessi staðreynd, þessi breyting, sem á er orðin, þótt engu öðru væri til að dreifa, nægir til þess, að frá mínu sjónarmiði eigi Íslendingar tæplega annars úrkosta en að láta einn aðila fara með fisksölu sína. Eða trúir nokkur því, að betur sé borgið hagsmunum Íslands með því móti, að margir íslenzkir aðilar bjóði sömu vöru sama kaupanda á sama tíma? Ég endurtek: Trúir nokkur því, að hagsmunum Íslendinga sé betur borgið með því, að margir íslenzkir aðilar bjóði sömu vöruna á sama tíma einum innkaupanda, sem er fyrir hvert af þessum aðalviðskiptalöndum Íslendinga á þessu sviði? Hvor aðilinn halda menn nú að mundi græða á þessu, Íslendingar eða hinn erlendi kaupandi? Er það ekki alveg augljóst mál, að slík orusta þeirra, sem fiskinn eiga að selja, verður háð á kostnað Íslendinga, en ekki á kostnað fiskkaupenda? Hinir erlendu kaupmenn bíða auðvitað átekta og etja seljendunum saman og kaupa svo að lokum af þeim, sem býður við lægstu verði. Þeim er vorkunn, þó að þeir geri það.

Ég hef mjög heyrt tæpt á því, að undir þennan leka megi setja með því, að hið opinbera setji hámarksverð á vöruna, á fiskinn, og banni mönnum að selja undir því hámarksverði. Varðandi saltfisk er þetta að mínu viti framt að því óframkvæmanlegt. Þegar menn athuga hin mismunandi viðskiptalönd og hinar mjög mörgu tegundir, mörgu verkunarstig hverrar tegundar, sem um er að ræða, þá skilja menn, að þetta er framt að því óhjákvæmanlegt, að ég segi ekki algerlega óframkvæmanlegt. Og ég vil segja það, að sá ráðh., *sem ætlar að taka að sér að fara með* þetta vald og bera á því ábyrgð, verður að hafa þekkingu, mjög ríka þekkingu á fisksölunni og geta fórnað til þess tíma ofan á öll sín embættisverk, sem ég hygg nú að enginn ráðh. kæmist yfir, og enginn yrði a. m. k. öfundsverður af því og mundi sennilega heldur enginn lána sig í það.

Þessi lausn málsins er þess vegna frá mínu sjónarmiði þegar af þeirri ástæðu miklum vandkvæðum bundin og í sjálfu sér alveg óraunhæf. Slíkt er auðvitað framkvæmanlegt um vöru eins og fiskimjöl, lýsi, síldarolíu, þar sem um einhæfa vöru er að ræða. Menn mega ekki rugla þessu saman og allra sízt menn, sem hafa þekkingu á *sjávarútvegsmálum, eins og hæstv. sjútvmrh.* hefur. Hann hlýtur að gera sér það ljóst, að þetta er ekki sambærilegt.

En auk þessa, sem ég nú hef nefnt, eru á þessari skipan margir aðrir gallar, sem ég skal ekki fara út í við þessa umr. málsins.

Þetta mál skýrðist allt allvel á fundi sölusamlagsins 1951, og þar hygg ég að hæstv. sjútvmrh. hafi verið staddur. En þar fór aðalforstjóri Sambands íslenzkra samvinnufélaga fram á það, að Sambandið fengi útflutningsréttindi við hliðina á Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda. En hins vegar tók hann alveg skýrt fram, að hann ætlaðist ekki til, að aðrir fengju þennan rétt. Forstjóranum var þá, að mig minnir af mér, bent á það, að það væri út af fyrir sig til nokkuð mikils mælzt, að ef höfuðspámenn samvinnunnar hleypa úr hlaði burt frá samvinnunni og yfir í lendur samkeppninnar, þá væru allir aðrir gæddir þeim samvinnuþroska að halda tryggð við þessa samsölu fiskframleiðendanna; þess vegna mætti ætla, að þeir, sem fisksölu réðu, áður en S. Í. F. var myndað, mundu óska eftir að fá sinn rétt að nýju, að sínu leyti eins og ekki væri þá óeðlilegt, ef samkeppni á annað borð væri hleypt af stokkunum í þessum efnum, að við skulum segja Vestmanneyingar segðu: Við viljum hafa okkar samlag, Faxaflóamenn segðu: Við viljum hafa okkar samlag, Norðlendingar, sem höfðu, a. m. k. meðan ég var í fiskverzlun, vöru, sem var talin eftirsóknarverðari en önnur vara, vildu hafa sitt samlag, Austfirðingar kannske líka. Og þannig mætti gera ráð fyrir, að ef ráðh. á annað borð færi að veita undanþágu í þessum efnum, þá væri honum illa stætt á því að veita einum og neita öðrum, þar á meðal þeim, sem stærstu fiskverzlun hefðu rekið áður, og þeim, sem mest fiskmagnið hefðu í dag. Ég óttaðist þá, að slík meðferð þess valds, sem ég að lögum fór með þá, mundi leiða til ófremdar. Það tókst að ná samkomulagi við þá verzlunarfróðu menn, sem þar var um að ræða, þannig að ekki var stýrt í nein vandræði, heldur hafa þeir verið áfram í samtökunum og góðir samstarfsmenn þar, eftir því sem ég bezt veit.

Og það er einmitt út frá þessum meginsjónarmiðum, sem ég hef hér verið að skýra, sem allur þorri útvegsmanna fram á þennan dag, eða a. m. k. meðan ég fór með þessi mál, var sammála um að óska eftir, að sú skipan ríkti áfram, sem nú ríkir. Og þeir hafa borið fram um þetta margendurteknar og rökstuddar óskir og áskoranir, *ekki aðeins Sölusamband ísl. fiskframleiðenda,* heldur líka Landssamband ísl. útvegsmanna, en það eru heildarsamtök íslenzka útvegsins, eins og menn þekkja. Og ég held, að allar þessar áskoranir, meðan þær bárust mér a. m. k., hafi verið samþykktar einróma, ef frá eru skilin í þetta eina skipti atkvæði þeirra manna, sem sjálfir vildu öðlast réttindin, en ekki veita öðrum þau. Þarna eru þó menn óskyldra skoðana að verki, og ég man mjög vel eftir því, að einmitt árið 1951, þegar þetta var til umr. á aðalfundi S. Í. F., voru það einmitt framsóknarmenn úr röðum fiskframleiðenda, sem hvað harðast beittu sér gegn því, að Sambandið fengi útflutningsleyfi.

Ég skal hér ekki að þessu sinni gera sérstaklega að umræðuefni, hverja afstöðu flokksbræður hæstv. sjútvmrh. hafa haft í þessum efnum né hv. Alþýðuflokksmenn, en ég geri það þá e. t. v. seinna, ef sérstakt tilefni verður til þess. Og ég vil segja það um saltfisksöluna, af því að að henni er hér mest stefnt örvum eða beint skeytum, að mín skoðun er sú og það er minn spádómur, að ef í verulegum efnum verður vikið frá því, sem nú gildir, þá muni skapast hér öngþveiti, sem eftir örlagarík töp og mikið tjón muni

leiða til þess, að núverandi skipan verði tekin upp að nýju.

Flest þetta, sem ég hef sagt um saltfisksöluna, á í rauninni að meira eða minna leyti líka við um hraðfrysta fiskinn, þó með þeim afvikum eða þeirri breytingu, að innflutningur á hraðfrystum fiski er miklu víðar alfrjáls en á saltfiski. Það eru löndin austan járntjalds, sem þar hafa stjórnskipaðar nefndir, sem fyrir hönd ríkisins kaupa vöruna, en alls staðar annars staðar er innflutningurinn frjáls. Og ég verð að segja alveg eins og er, að ég hefði kosið heldur, að hraðfrysti fiskurinn væri á einni hendi, heldur en eins og hann hefur verið, að það sé aðallega Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Samband ísl. samvinnufélaga, sem með söluna fara. Ég hefði heldur kosið, að það væri á einni hendi, og teldi það sterkara. Og ég reyndi ævinlega að beita mér, meðan ég var ráðh., fyrir góðu samkomulagi á milli þessara aðila, þó að það tækist misjafnlega. En venjulega var þó stýrt hjá stærri ógæfu, enda báðir aðilarnir vanir að fara með slík mál.

Ég viðurkenni það, að ég hef sjálfur trú á, að samkeppni og frelsi hafi sína kosti, en einnig sína ágalla. Kostirnir njóta sín óvíða verr en í sölu margra íslenzkra sjávarafurða, m. a. vegna þess, sem ég gat um áðan, að innflutningur til neyzlulandanna er víðast, þar sem mestu máli skiptir fyrir okkur Íslendinga, á einni hendi. Af sömu ástæðum aukast og margfaldast ágallar frelsis og samkeppni við sölu þessarar vöru fyrir okkur Íslendinga. Ég viðurkenni, að ég aðhyllist athafnafrelsi í sem allra ríkustum mæli og á sem flestum sviðum. En engin regla er án undantekningar. Og svo sem högum okkar Íslendinga er háttað og þegar athugaðir eru þeir örðugleikar, sem við eigum við að stríða um afurðasölu sjávarútvegsins og raunar afurðasölu okkar yfirleitt, þá hygg ég, að íslenzkum hagsmunum sé bezt borgið með því, að fullt frelsi ríki í innflutningsverzluninni, svo að samkeppnin verði íslenzkum kaupsýslumönnum spori til að leggja fram krafta sína, þrek og þekkingu til að tryggja þjóðinni sem ódýrasta neyzluvöru. En ég tel alveg jafntvímælalaust, að að sama skapi sé farsælast, að sala íslenzkra útflutningsafurða sé á sem fæstum höndum, ekki sízt meðan einkasala eða einn aðili fer með þessi mál í neyzlulöndunum.

Ég var, meðan ég fór með þessi mál, trúr þessari skoðun minni, og meðan fiskframleiðendur leituðu henni skjóls hjá mér, veitti ég henni það skjól, sem ég gat. Ég mun hins vegar, og það hef ég oft sagt útgerðarmönnum, að sjálfsögðu beygja mig fyrir vilja útgerðarmanna, ef þeir breyta um skoðun í þessum efnum, vegna þess að ég hef enga sönnun fyrir því, að ég sé alvitur eða vitrari en þeir um þetta. Ég hef aldrei ætlað mér einn að vera þeirra forsjón, þó að mér falli vel, að þeirra skoðanir hafa fallið saman við mína skoðun. Auk þess er ég andvígur því, að ríkisvaldið taki fram fyrir hendur framleiðenda. Mín afstaða hefur byggzt á því, að þeir hafa borið fram óskir við mig, sem ég hef talið landi og þjóð til farsældar að fullnægja. Á því hefur öll mín afstaða byggzt.

Ég endurtek, að mér er ekki kunnugt um, að útgerðarmenn hafi breytt um skoðun í þessum efnum. Mér er ekki kunnugt um það. En það getur verið fyrir því. Þeim ber engin skylda til að tilkynna mér það. Og ég sé þá líka, að í sjálfum aths. við frv. segir á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú um nokkurt skeið hafa heyrzt mjög háværar raddir um, að breytinga væri þörf á því fyrirkomulagi, sem gilt hefur um sölu og útflutning sjávarafurða. Bera þær greinilega vott um allmikla óánægju, er skapazt hefur um ýmsa þætti í framkvæmd þessara mála, enda því nær eingöngu komnar frá þeim framleiðendum sjávarafurða, er mestra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við þessi viðskipti.“

Þetta stendur í grg. Nú skora ég á hæstv. ráðh. að færa þessum orðum sínum stað. Það getur vel verið, að hann geri það. Það getur þá vel verið líka, að það beri minna á milli okkar um afgreiðslu málsins, þegar þar að kemur. Ég hef lýst áður, eins og ég tók fram, þeirri skoðun minni, að ég treysti mér ekki að vera forsjón útvegsmanna í þessum efnum. Og geti hann fært þessum orðum sínum stað, þá getur, eins og ég segi, líka mikið dregið saman með okkur um framkvæmd málsins. Sé það rétt, eins og ráðh. segir, að meiri hluti eða mikill hluti útvegsmanna vilji breyta til, því þá ekki það? Þeir verða að bera ábyrgð á sér. Og ég gæti líka vel trúað, að ef ég fengi sannfæringu fyrir því, að mjög verulegur hluti útvegsmanna vildi breyta til, þó að það væri minni hlutinn, þá nægði það mér. En ég hef hins vegar ekki viljað, að örfáir menn gætu rekið fleyg í þessi þjóðþrifasamtök, hvort heldur er síldin, saltfiskurinn eða hraðfrysti fiskurinn. Og einmitt af því að ég veit, að það nægir einn gikkur í hverri veiðistöð, eða af því að ég veit, að tiltölulega fáir menn, ef þeir fá frelsi til þess að reyna að skaða heildarsamtökin, geta gert ótæmandi bölvun, þá hef ég viljað vernda þessi samtök með sem víðtækustum einkaaðstöðuréttindum.

Ég sé, að hæstv. ráðh. byggir sínar till. einmitt á þessu, að mjög rík óánægja hafi gert vart við sig og það einmitt hjá þeim, sem mestra hagsmuna hafa að gæta. Af því leiðir, eins og ég segi, að sjálfsögðu, úr því að hann segir Alþingi frá þessu, að honum ber að sanna það. Af því leiðir aftur, að honum ber að sjá um það, að álit þessara aðila komi fram hér á Alþingi. Og ég á ekki bara við álit stjórnar þessara aðila. Ég tel ekki nóg, þó að sjútvn. sendi t. d. þessum umdeilda aðila, S. Í. F., fyrirspurn um, hvernig þeir litu á málið. Ég tel, að stjórn S. Í. F. beri að kalla saman í skyndi á fund, þar sem allir fiskframleiðendur fá aðstöðu til að mæta og vita, um hvað er að ræða, og segja sitt álit.

Það er ekki hægt fyrir ráðh. að bera fram till., þó að þær breyti ekki í raun og veru að forminu til neinu frá því, sem nú gildir, en þó fela í sér, að hann ætlar, samkv. hans eigin umsögn og skv. vissu orðalagi grg., að breyta um fyrirkomulag. Hann ætlar að beita sínu valdi öðruvísi en við, sem á undan honum höfum farið með þetta embætti, höfum gert. Hann ætlar að beita því öðruvísi, og hann segist gera það vegna þess, að útgerðarmenn vilji þetta. Þá er ekki hægt fyrir hann að staðhæfa þetta á Alþ., og gefa ekki

útgerðarmönnum kost á að segja: Er það rétt eða er það rangt. Ráðh., segir: Það er mín skoðun, að það á að gera þetta, vegna þess að útgerðin vill það. Ég segi: Ef útgerðin vill það, þá erum við sammála, ef hún vill það ekki, þá skilja leiðir, en þá ber líka ráðh. að segja: Ég ætla að hafa vit fyrir útgerðinni, hún hefur ekki vit á því sjálf eða vit fyrir sér sjálf.

Ég endurtek þess vegna, að ég tel, að í þessum orðum ráðh. felist fyrirheit um það, að hann muni hlutast til um, að sú nefnd, sem fær málið til meðferðar, leiti þessara álita og einnig að þeirra sé leitað þannig, að þau verði ekki vefengd.

Hæstv. ráðh. sagði í sinni ræðu, að það hefði ekkert fast skipulag ríkt í þessum efnum fram að þessu. Hann lýsti þó því, að það hefði verið fast skipulag. Um alla meginþætti framleiðslunnar hefði ríkt skipulag, sem hann sjálfur lýsti, og ekkert verið vikið frá því. Það hefði þess vegna verið fast. Og um aðrar minni háttar framleiðslugreinar hefði líka verið fast skipulag, að ákveðinn embættismaður í umboði ráðh. og samráði við ráðh. fór með þau mál, en valdið var allt hjá ráðh., eins og það verður eftir sem áður. Og ráðh. kvað miklu fastar á í sinni ræðu en hann gerir í grg. Hann sagði, að það væri álit flestra, að þetta skipulag geti ekki verið til frambúðar. Hverjir eru þessir flestu? Okkur langar að horfa framan í þá, vita, hverjir þeir eru og á hverju þeir byggja þetta. Ég skammast mín ekkert fyrir það, þó það yrði mitt hlutskipti að verða í minni hluta með mína skoðun í þessum efnum og beygja mig algerlega fyrir útgerðarmönnum í því. En ég vil ekki beygja mig að nauðsynjalausu. Ég vil þá láta þvinga mig til þess, ef það á að vera, af öðrum ástæðum.

Einnig sagði hæstv. ráðh., að það hefði verið margvíslegum misrétti beitt. Ég vil gjarnan, að hann finni þeim orðum sínum stað líka. Hann hefur sjálfur samstarf við þá embættismenn, sem unnu þarna á mína ábyrgð. Ég held þeir muni frekar kvarta undan, að ég hafi of lítið skipt mér af málunum. En ég hygg, að enginn þeirra beri, að ég hafi nokkurn tíma reynt að hafa í frammi nokkurt misrétti eða draga fram hlut eins á kostnað annars.

Hæstv. ráðh. sagði, að þetta frv. væri borið fram í þeim tilgangi, að það, ef að lögum verður, geti komið í veg fyrir misbeitingu einstakra samtaka á því valdi, sem þau hafa fengið. Ég bendi hæstv. ráðh. á það, sem hann veit líka sjálfur, að hann sem ráðherra getur sett hvaða skilyrði sem hann vill. Hann getur t. d. sagt við Sölusamband ísl. fiskframleiðenda: Ég skal veita ykkur útflutningsleyfi, einkaleyfi, eins og aðrir hafa gert, en þið verðið bara að fullnægja vissum skilyrðum, sem ég set. — Það er alveg skýrt ákvæði í núgildandi lögum, að þetta getur ráðh. Og ég man ekki til, að þessi hæstv. ráðh., sem er útgerðarmaður, hafi verið í hóp þeirra niðri í fisksölusamlagi, sem vildu breyta til, meðan Ólafur Thors fór með valdið. En þegar Lúðvík Jósefsson á að fara með valdið, þá er orðið svo hættulegt, að ráðh. ráði, að þá þarf að bera fram frv. um að taka valdið af honum og setja það til einhverra annarra.

Ég þakka fyrir traustið. En ég tel ekki heldur, að hann þurfi að bera neinn kinnroða fyrir sína framkomu að þessu. Ég hef ekki heyrt nein afglöp í þeim efnum af hans hendi, og ég mundi alveg treysta honum til þess að beita því valdi með réttlæti og samkvæmt sinni embættisskyldu.

Hæstv. ráðh. sagði: Það er ekki ætlazt til að spilla frjálsum samtökum útvegsmanna með þessu, og ég held, að hann meini þetta. En ég spyr: Er hann ekki enn þá nægilega kunnugur aðstöðunni í þessum efnum til að vita, að hér er einmitt á ferðinni, ef hann hagar framkvæmdum eins og ræða hans bar vott um, mjög mikil hætta á, að samtökunum sé spillt? Veit ekki hæstv. ráðh., að þeir, sem eru að kaupa fiskinn, fara oft fram á tryggingar fyrir því, að engir aðrir geti fengið ódýrari fisk, við skulum segja í 2—3 mánuði? Hvernig ætlar nú ráðh. að samræma það, að stórir kaupendur setja oft þessi skilyrði, við hitt, að það sé engin hætta í því að leysa upp þessa skipun og innleiða í staðinn hættuna fyrir þessa erlendu kaupendur á því, að eftir að þeir kaupa stórt magn fyrir hátt verð, við skulum segja mánuði eftir og meðan þeir eiga meginhluta magnsins óseldan, þá geti kannske komið annar kaupandi við hliðina á honum, sem hefur fengið keyptan fisk frá Íslandi fyrir miklu lægra verð?

Mér fannst sannast sagna á ræðu hæstv. ráðh., að hann hefði enga trú á, að nein breyting í þessum efnum hefði neina þýðingu, nema ef það væri til bölvunar. Mér fannst þessi hæstv. ráðh. tala af lítilli sannfæringu um málið, og það er líka í samræmi við það, sem ég hef áður heyrt af hans skoðunum um þetta mál, og sérstaklega í samræmi við það, sem ég hef nú upp á síðkastið heyrt að hann hafi sagt við útvegsmenn um sínar skoðanir.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ekki að finna mörg ný ákvæði í frv. Það er mjög viturlega til orða tekið. Aðalefni málsins er, eins og ég hef áður tekið fram, að frv., ef að lögum verður, er að því leyti eins og þau lög, sem nú gilda, að valdið er það sama. Allt veltur á því, hvernig valdinu er beitt. Og meðan þessi hæstv. ráðh. hefur valdið í sinni hendi, skil ég ekki, hvers vegna hann er að bera fram einhverjar málamyndabreytingar til þess að draga úr því valdi eða sýnast vera að draga úr því.

Hæstv. ráðh. sagðist gjarnan vilja slá föstu með lögum, hvernig framkvæmdin ætti að vera. Hann játaði þó sjálfur í ræðu sinni, að um þetta væri engu slegið föstu, enda þarf ekki annað en lesa frv., til þess að menn skilji, að það er alveg sama skipan í gildi enn, eftir að frv. yrði samþykkt, eins og nú, að allt valdið er hjá ráðh. Ráðh. gat alveg eins vel sparað sér að bera fram þetta frv. og staðið hér upp og sagt: Ég er óánægður með vissa þætti í skipan þeirri, sem ríkir í afurðasölu Íslendinga. Ég ætla mér — og lýsi því yfir að gefnu tilefni — að breyta eitthvað til um framkvæmd. Ég ætla t. d. að hafa meira eftirlit með saltfisksölu, ég ætla ekki að gefa sölusamlaginu einkasölu, nema því aðeins að ég fái að hafa nánara eftirlit með símskeytasendingum, ég þarf að hafa menn í stjórn o. s. frv. — Ég man ekki betur en að það væri einu sinni þannig af hendi ríkisvaldsins, að það væru 2 menn af 7 í

stjórn. — Ég vil hafa meira eftirlit með þessu. — Þetta gat hann alveg eins gert án þess að fara fram á lagabreytingar. Hann hefur allt valdið, og ég verð að segja það, að eftir ræðu ráðh. er það mín skoðun, að hann hafi enga trú á neinu, sem í þessu frv. stendur, það sé borið fram til að sýnast gagnvart einhverjum öðrum en mér eða honum sjálfum eða útgerðarmönnum.

Ég vil svo ekki á þessu stigi málsins fara um þetta fleiri orðum. Ég sé ekki ástæðu til að vera hér að rekja einstök atriði. Þetta mál fær auðvitað þinglega meðferð. Það er ekkert, sem rekur svo á eftir þessu, að því verði jafnað við „jólagjöfina“, sem við köllum. Ég vona þess vegna, að þingið fái alla aðstöðu til að skoða þetta rólega og allar upplýsingar megi fram koma, sem mönnum þykir máli skipta. Ég ætla mér engan þátt að eiga í neinu málþófi um þetta, en lýk mínu máli nú með því að segja, að ég treysti því, að hæstv. ráðh. telji það skyldu sína eftir greinargerð frv., þar sem hann telur, að háværar raddir hafi komið fram frá þeim, sem mestra hagsmuna eiga að gæta, um breytingu á núverandi skipan, — og um þetta kvað hann enn sterkara að orði í ræðu sinni, — frv. er af hans hendi flutt hér sem útrás fyrir þessar óánægjuraddir, sem hann hefur heyrt eða telur sig hafa heyrt, og það byggist á því, okkar afstaða margra, að honum takist að sanna okkur, að þær séu raunverulegar, en ekki ímyndaðar.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Þessi ræða hv. þm. G-K. gefur í sjálfu sér ekki tilefni til ýkja mikilla umræðna um þetta frv. Meginhluti ræðu hans snerist um það áhugamál hans, að Sölusamband ísl. fiskframleiðenda fengi áfram að halda þeirri sérstöðu, sem það hefur notið með því að vera löggilt sem einkaútflytjandi að saltfiski.

Það er honum hins vegar ljóst, eins og ég tók hér skýrt fram í minni ræðu, að það er beinlínis tilætlunin með þeirri breyttu skipan, sem hér er gert ráð fyrir, að engum aðila, hvorki Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda né öðrum slíkum sölusamtökum verði veitt þessi einkaaðstaða áfram, að verða einkaútflytjendur að sinni vöru.

Um þetta geta auðvitað verið skiptar skoðanir manna. Ég veit vel, að hann er á þeirri skoðun,, að það fyrirkomulag, sem gilt hefur á saltfisksölunni, sé hið eina rétta, og hann vill mjög halda í það. Aðrir eru á annarri skoðun. — Hann eyddi svo löngum tíma í að rekja alla söguna frá stofnun Sölusambands ísl. fiskframleiðenda fram til þessa dags, hvaða tildrög hefðu legið að stofnun sölusambandsins, þátttöku hins mikla útgerðarfélags Kveldúlfs á sínum tíma að stofnun þessara samtaka og reynslu þá, sem hann hefði haft og þetta útgerðarfélag af sölu á saltfiski. Ég sé sem sagt ekki ástæðu til þess á þessu stigi málsins að fara langt út í að rekja þessi atriði. Þau eru meira og minna fyrir utan þetta mál og eru að vísu margrædd líka.

Mér kemur ekki til hugar að halda því fram, og það hef ég satt að segja heyrt fáa gera, að það ástand, sem hér var ríkjandi í saltfisksölumálum okkar Íslendinga, áður en að Sölusamband ísl. fiskframleiðenda var stofnað, á meðan útgerðarfélögin Kveldúlfur og Alliance og nokkrir slíkir höfðu svo að segja með allan útflutning Íslendinga á saltfiski að gera, hafi verið eitthvað miklu betra en síðan skapaðist með sölusambandinu. Þeir eru áreiðanlega fáir, sem halda því fram, að fyrirkomulagið áður hafi verið betra. En þá ríkti líka í þessum málum fullkomið skipulagsleysi og afskiptaleysi frá hálfu ríkisins, þannig að þá var ekki haft eftirlit með þessum málum, svo að neinu nam, og þá mátti segja, að það voru hagsmunir fisksölusamtakanna, sem voru allsráðandi í þessum málum, en ekki nema að litlu leyti hagsmunir framleiðenda og ekki nema að litlu leyti hagsmunir þjóðarheildarinnar.

En jafnvel þó að stofnun sölusambandsins hafi verið til nokkurra bóta frá því vandræðaástandi, sem áður ríkti, þá er ekki þar með sagt, að það fyrirkomulag, sem sölusambandið hefur leitt hér inn í þessum málum, sé hið æskilegasta fyrirkomulag.

Hv. þm. G-K. lagði svo á það nokkra áherzlu hér, að hann kannaðist ekki við það, að þau orð í grg. þessa frv., þar sem segir, að umkvartanir hafi einmitt komið frá ýmsum framleiðendum um skipulag þessara mála nú, eigi við rök að styðjast, og lagði mikla áherzlu á, að ég færði þessum orðum stað. Mig undrar það nokkuð, að hann skuli hér lýsa eftir þessu, svo gerkunnugur sem hann hlýtur að vera þessum málum. Ég get t. d. sagt það, að ég held, að það hafi verið fyrsta atvikið, sem lagðist á mitt borð í stjórnarráðinu, það var beinlínis kæruefni frá einum þeim aðila, sem fengizt hefur hér við framleiðslustörf nokkuð, beinlínis kæra út af misrétti, sem hann taldi sig hafa orðið fyrir í sambandi við þessi mál, einmitt sölu á saltfiski, og allvíðtæk kæra varðandi það, hvernig á þessum málum væri haldið af hálfu þess aðila, sem einn hefur nú með sölu á saltfiski að gera á erlendum vettvangi.

Það er ekkert nýtt atriði, að slíkar umkvartanir og kærur komi fram frá einstökum aðilum, þær hafa komið fram á fundum, og þær eru í raun inni öllum kunnar.

Af því hefur m. a. leitt það, að heilir stjórnmálaflokkar hér í landinu hafa sett ofarlega á stefnuskrár sínar að knýja það fram, að breyting verði gerð á í þessum efnum.

Síðast, en ekki sízt, er svo að nefna það dæmi í þessu, sem hv. þm. G-K. nefndi hér sjálfur, þegar hann skýrði frá því, sem gerðist í sjálfum samtökunum, samtökum saltfiskframleiðenda, sölusambandinu, árið 1950 eða 1951, — ég man nú ekki nákvæmlega, hvort árið það var, þegar stærsti aðilinn í saltfiskframleiðslumálum okkar, Samband ísl. samvinnufélaga í umboði allra þeirra, sem á þeirra vegum eru, krafðist þess að fá aðstöðu til útflutnings á framleiðslu sinna meðlima og rétt til þess að selja hana hvar sem væri. Einmitt þetta atvik sýnir, að saltfiskframleiðendur voru síður en svo allir á einu máli um að búa við þau kjör, sem þeir bjuggu við í Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda. Hv. þm. G-K. veit líka, hvernig þessu máli lyktaði. Því lyktaði einmitt á þá lund, sem bezt sýnir það og sannar, að það skipulag, sem við búum við í þessum efnum, getur ekki verið til frambúðar og er óþolandi til

frambúðar, því að þessum deilum innan sölusambandsins við Samband ísl. samvinnufélaga í þessu tilfelli lyktaði þannig, að það varð að semja af hálfu sölusambandsins við Samband íslenzkra samvinnufélaga um, að það fengi að fara með saltfisksölumálin í tilteknum löndum heims.

Þá var svo komið, að búið var að skipta niður, annars vegar á milli S. Í. F., sölusambandsins, tilteknum landssvæðum, þar sem það eitt mátti selja saltfisk, og svo var búið að úthluta Sambandi ísl. samvinnufélaga öðrum svæðum, og þar átti það að fara með saltfisksölumálin.

Nokkuð svipuð deila reis svo aftur upp nokkru seinna, þar sem togaraútgerðarmenn kröfðust þess að fá að fara að sínu leyti með saltfisksölumálin í Bretlandi, og urðu þá allhörð átök líka í Sölusambandi ísl. saltfiskframleiðenda, þegar ekki var orðið við þessum óskum þeirra. Vitanlega hefði það alveg eins getað komið til mála að fela samtökum togaraeigenda að fara með saltfisksölumálin í Bretlandi og leysa þannig þetta kerfi upp og framselja síðan einstökum samtökum eða einstökum aðilum sölumálin í hverju landinu um sig. Þetta sýnir aðeins það, að menn eru ekki á eitt sáttir með það skipulag, sem þarna hefur verið ríkjandi, og ýmsir vildu komast í þessa sérstöðu og hafa með hana að gera, og það er sem sagt staðreynd, að margir eru þeir framleiðendur um allt land, sem hafa kvartað og kært yfir þessu, og þeir eru ekki aðeins hérlendis, heldur á þetta sér einnig stað erlendis frá. Ég veit, að hv. þm. G-K. hlýtur að þekkja dæmi þess eins og ég, að erlendir aðilar, t. d. suður á Ítalíu, sem keypt hafa inn til þess lands allmikið af saltfiski, hafa beinlínis kvartað undan því opinberlega, að þeir gætu ekki átt kost á því með eðlilegum hætti að kaupa saltfisk frá Íslandi, vegna þess að á Íslandi væri aðeins einn aðili, sem hefði með útflutninginn að gera, hann hefði aðeins tiltekinn aðila sem umboðsmann sinn á Ítalíu, og án þess að kaupa í gegnum hann væri þeim ekki unnt að komast inn í viðskiptin við Íslendinga.

Þó að ég greini frá þessu, þá er ég ekki þar með að kveða upp nein dóm um það, hvernig á þessum málum hefur verið haldið að öðru leyti. Það kann vel að vera, að þeir, sem stjórnað hafa S. Í. F., hafi haft gild rök fyrir ýmsu af því, sem þeir hafa gert, þó að þeir hafi verið sakfelldir fyrir að gera það. Ég hef ekki haft aðstöðu til að kynnast því til hlítar. Ég veit, að þeir menn, sem þar hafa farið með þessi mál, hafa að ýmsu leyti staðið sig sæmilega. En það er mér ljóst, að störf þeirra hafa mætt allmikilli gagnrýni í ýmsum tilfellum, og það er mér einnig ljóst, að sú einokunaraðstaða, sem þarna kemur fram í sölumálunum, er mjög svo óviðfelldin, og það verður ekki annað séð en að í ýmsum tilfellum beinlínis komi hún í veg fyrir, að við fáum notið beztu kjara. Hitt er svo eins og ég sagði hér í minni upphaflegu ræðu, að mér finnst, að saltfiskframleiðendur, sem stofnað hafa með sér samtök eins og S. Í. F., væru fullsæmdir af því eins og aðrir framleiðendur í öðrum samtökum að búa við hin sömu kjör og þeir. Ef allir saltfiskframleiðendur vilja vera í S. Í. F. og láta þau samtök fara með saltfisksölumálin, þá verður það að sjálfsögðu í framkvæmd.

Það skipulag, sem hér er gert ráð fyrir, mundi vitanlega veita S. Í. F. rétt til þess að halda áfram saltfisksölu, svo lengi sem það getur rekið saltfisksölumálin á hinn heppilegasta hátt að dómi útflutningsnefndar og svo lengi sem þessi samtök vilja hlíta almennu eftirliti um sín mikilvægu störf. En því er vissulega ekki að neita, að það hefur allmjög borið á því, að það er eins og þeir kveinki sér undan því, að opinbert eftirlit verði með þeirra störfum.

Ég vil t. d. í þessu efni benda á, að vitanlega er alveg fullkomlega hliðstætt að ætlast til þess, að skreiðarframleiðendur hefðu sömu aðstöðu og saltfiskframleiðendur hafa með söluréttindi á sinni framleiðslu á erlendum vettvangi, en þeir hafa það ekki nú í dag. Salan á skreið er fyllilega eins margbrotin og salan á saltfiski. Skreiðarframleiðendur hafa með sér sölusamlag, að vísu ekki allir í því, vegna þess að þar geta einstakir framleiðendur fengið leyfi til þess að selja framleiðslu sína sjálfir án þess að vera í nokkrum sérstökum samtökum, en þetta samlag skreiðarframleiðenda hefur ekki fengið einkaútflutningsaðstöðu, eins og Sölusamband ísl. fiskframleiðenda hefur á saltfiskinum. Ég tel því, að saltfiskframleiðendur geti alveg eins unað við þetta eftirlit af hálfu ríkisins eins og skreiðarframleiðendur og eins og þeir, sem hafa með sölu á fiskimjöli og lýsi og öðrum sjávarafurðum að gera, og að það sé ekki á neinn hátt blakað við þeirra samtökum, svo lengi sem þau vilja vinna á heilbrigðum grundvelli, þó að þau fái ekki þessa einkaréttaraðstöðu.

Hv. þm. G-K. vék hér að því, að hann teldi, að hér væri verið að gera tilraun til þess að setja upp eitthvert starfsmannabákn, það ætti að reyna að koma hér einhverjum mönnum í vinnu, það væri sennilega aðaltilgangurinn, og væri svo gert ráð fyrir heilli nefnd manna og starfsfólki í staðinn fyrir það, að að þessum málum hefði unnið að undanförnu einn maður með starfsliði úr utanríkisráðuneytinu.

Ég veit nú, að hv. þm. sér það, að ef þetta hefði verið tilgangurinn, þá hefði mér aldrei komið til hugar að flytja þetta frv. og vera að vekja svona sérstaka athygli á því, vegna þess að það er eins og hann segir, að vissulega hafði ég sem sá ráðherra, sem fer með útflutningsmálin, vald til þess að ráða til þessara starfa eins marga menn og þörf þótti á, og það var hægt að breyta um þessa skipan, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, samkv. núgildandi lögum, vegna þess að núgildandi lög um þessi efni segja, að ráðherrann megi gera alla hluti — hvað sem hann vill — varðandi þessi mál. En ég taldi hins vegar réttara, að meginatriðið í þessum efnum yrði ákvarðað með lögum, en ekki, að þessi mjög svo víðtæka heimild yrði notuð. Ég er á þeirri skoðun, og það ætla ég að séu nú flestir, að það sé ekki sæmilegt, að aðeins einn maður eigi að úrskurða um það, hverjir af fjölmörgum aðilum fá leyfi í hverju einstöku tilfelli til þess að selja sjávarafurðir Íslendinga úr landi og með hvaða verði þeir fá rétt til þess að selja þessar útflutningsvörur og með hvaða öðrum skilyrðum. Það er varla frambærilegt að fela

slík störf aðeins einum manni. Ástæðan til þess, að þetta var gert, var sú, að upphaflega var hér um aðeins *lítið* verksvið að ræða og tiltölulega fá leyfi veitt, en þetta er sífellt að verða yfirgripsmeira og yfirgripsmeira, þar sem stór hluti framleiðslunnar er að falla undir þetta, eins og t. d. skreiðarframleiðslan öll nú, sem skiptir orðið mörgum tugum milljóna króna. Og það er vitanlega miklu eðlilegra, að hér sé um skipaða fasta nefnd manna að ræða, sem á að skera úr um, hvort þessi eða hinn fær fremur leyfi til þess að selja út úr landinu andvirði, sem nemur tugum milljóna króna, en að slíkt vald sé ekki aðeins í hendi eins manns, þó að hann sé skipaður af ráðherra. Ég vil segja það, að oft áður hefur verið sett niður nefnd manna til þess að hafa minni og ómerkari störf með höndum en þó að þrír menn hefðu það starf, í stað þess að einn hefur farið með þetta nú.

Meginefni þess skipulags, sem hér er gert ráð fyrir að taka upp í sambandi við söluna á sjávarafurðum, er einmitt það, að öll sölusamtök, sem mynduð eru, eða allir útflytjendur sjávarafurða búi við einn og sama rétt, að þeir þurfi allir að fá útflutningsleyfi hverju sinni og fá sína sölusamninga viðurkennda, þeir verði allir að lúta hliðstæðu eftirliti, en að það sé ekki gert upp á milli útflytjenda, eins og nú er, þar sem sumir eru látnir hafa einkaréttaraðstöðu, aðrir verða að hlíta leyfum, sumir eru undir talsverðu eftirliti, en aðrir undir engu opinberu eftirliti. Tilgangur frv. er einmitt að koma þessari skipan á, og þetta þýðir auðvitað í framkvæmd, að einkaréttaraðstaðan verður afnumin.

Þá er hinn megintilgangurinn sá að koma á föstu eftirliti með þessum mikilvægu málum, til þess m. a. að *létta af þeirri stórhættulegu* tortryggni, sem á hefur verið í þessum efnum, því að vissulega er það stórhættulegt fyrir okkur, að það skuli vera á slík tortryggni um sölu á okkar útflutningsvörum, eins og óneitanlega hefur verið. Hver sá, sem fylgzt hefur með blaðaskrifum og hlustað hefur á ræður manna, bæði hér á Alþingi og annars staðar, varðandi þessi mál, getur vitanlega ekki neitað því, að í þessum efnum hefur verið gífurlega mikil tortryggni og jafnvel stórar og miklar ásakanir bornar fram. Ég held því, að fyrir sjálf samtök framleiðenda sé það beinlínis fyrir beztu, að þau geti unnið þannig að þessum málum, að þau sýni sín skjöl, þau bjóði sínar bækur, þegar þess er krafizt, og þau vinni þannig, að þau þurfi ekkert fyrir réttum opinberum aðilum að hylja, og þá er vitanlega sjálfsagt að heimila þeim í umboði framleiðenda að fara með þessi mál, svo lengi sem þannig er að þeim unnið, að það sé í samræmi við þjóðarhagsmuni.

Það er því mín skoðun, að það sé ekki sízt hagsmunamál beinlínis samtaka framleiðenda að koma þessari skipan á í staðinn fyrir það form, sem gilt hefur fram til þessa.

Það atriði, sem hv. þm. G-K. sagði, að vissulega *hefði verið hér fast skipulag á í þessum málum*, tel ég að fram hafi komið greinilega í þessum umr. að er með öllu rangt. Skipulagið hefur verið mjög laust í böndum á allan hátt. Það hefur verið fast að því leyti til, að einn aðili hefur haft með alla saltfisksöluna að gera, en slíkt skipulag hefur ekki gilt í sambandi við útflutning á öðrum *sjávarafurðum, og alveg hliðstæð* samtök í öðrum greinum hafa ekki notið þessara sérréttinda, eins og t. d. þeir, sem með saltfiskútflutninginn hafa haft að gera.

Það furðaði mig svo nokkuð, hvers konar boðskap hv. þm. G-K., sem jafnframt er form. Sjálfstfl., flutti hér, því að einhvern tíma hefði verið kallað, að þetta væri hreinn einokunarboðskapur, sem hann flutti hér, þar sem hann hélt langa ræðu um það, að varast bæri á allan hátt frelsi útflytjenda í sambandi við útboð og sölu á þessum framleiðsluvörum, en dásamaði á hinn bóginn það form að fela einum aðila algeran einkarétt; og þar máttu ekki einu sinni aðrir fá neina aðstöðu til þess að keppa við þennan aðila, ekki einu sinni þó að um opinbert eftirlit í sambandi við þessa samkeppni væri að ræða. Þetta verður *nú að segjast að er furðulegt af form.* þess flokks, að boða þetta, sem annars er boðberi hinnar frjálsu samkeppni á öllum sviðum og sérstaklega í verzlunarmálum. Ég held, að hann hljóti að verða að viðurkenna, að þessi boðskapur hans sé ekki þess eðlis, að hann eigi að gilda aðeins í þeim takmörkuðu greinum, sem honum hentar sjálfum í hverju einstöku tilfelli, en þó að um algerlega hliðstæðar greinar sé að ræða, sem aðrir hafa með að gera, þá passi ekki þessi boðskapur þar.

Þetta á að vera bezta leiðin í sambandi við sölu á saltfiski. En hvers vegna tók þá ekki þessi hv. þm., þegar hann réð þessum málum, hvers vegna tók hann þá ekki þetta skipulag einnig upp, t. d. í sambandi við skreiðarsöluna? Af hverju tók hann það ekki upp? Af hverju voru framleiðendur ekki alveg ákveðnir í því, að þetta væri bezta skipulagið? Það er vegna þess, að þó að framleiðendur viðurkenni, að það sé nauðsynlegt að hafa hömlur á því, hvernig menn geti staðið að því að bjóða út íslenzkar sjávarafurðir á erlendum markaði, þó að nauðsynlegt sé að hafa á þessu hömlur, þá eru þeir flestir, að ég ætla, á þeirri skoðun, að heilbrigt og gott sé að leyfa þar takmarkaða samkeppni, þannig að ríkisvaldið hafi þar hönd í bagga með, hvernig framboðum er háttað, og hinir ýmsu aðilar fái tækifæri til þess, ef þeir geta sannað, að þeir bjóði betri kjör en aðrir, að þá fái þeir líka leyfi til þess að koma *slíkum sölum* fram.

Það er ábyggilegt, að það var þetta, sem var vilji skreiðarframleiðenda. Þeir vildu reyna að notfæra sér þessi atriði, einmitt að fenginni reynslu í saltfisksölumálunum, að skapa sér þá aðstöðu, að þó að þeir hefðu nokkuð sameiginleg útboð og þess yrði gætt, að ekki yrði um verulega undirboð að ræða, þá yrði þó samkeppni um það, hvernig til tækist með verð á þessum vörum og sölu á erlendum markaði.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um þetta mál á þessu stigi, en tel eins og áður, að reynslan hafi leitt í ljós, að það skipulag, *sem gilt hefur fram til þessa í afurðasölu*málum okkar, sé svo laust í böndunum, að þar þurfi verulegar breytingar til að koma og það sé hægt með eðlilegu ríkiseftirliti í þessum efnum að ná þarna verulegum árangri og koma á meiri

jöfnuði hjá þeim, sem hafa með þessi útflutningsmál að gera, og að hægt sé með slíku eftirliti að tryggja betur þjóðarhagsmuni í sambandi við sölu okkar sjávarafurða en reynzt hefur mögulegt með því skipulagi, sem hefur verið.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Málatilbúnaður og málflutningur hæstv. viðskmrh. í sambandi við mál það, sem hér liggur fyrir, minnir mig á söguna um nýju fötin keisarans. Keisarinn hélt, að hann væri í spánnýjum, dýrum og fallegum fötum, en almenningur sá, að hann var bara fatalaus, vesalings keisarinn.

Hæstv. viðskmrh. er búinn að halda hér tvær langar ræður og heldur, að hann sé að tala fyrir till. um nýmæli í lögum um fisksölumálin. Það eru engin nýmæli í lögum í þessu frv., sem hér liggur fyrir. Að þessu vildi ég víkja sérstaklega og minni þá á það, að þegar þessu frv. var útbýtt hér og þm. sáu það fyrst í gær, þá var eðlilegt, að sjálfstæðismenn teldu, að það væri þörf á því að fá venjulega þinglega meðferð á málinu, þannig að menn fengju að athuga það, áður en frv. kæmi til umr., vegna þess að hér var eitt af þeim málum, sem ríkisstj. hafði talið að væri meðal hinna stóru mála. Og fyrir jólin, áður en þing fór í jólafrí, var því lofað af hálfu ríkisstj. eða gefin yfirlýsing um það, að hún mundi bera fram frv. um endurskipulagningu fisksölumálanna til útlanda.

Þegar við fengum svo tækifæri til að skoða þetta frv., þá verð ég að segja, að ég átti erfitt með að átta mig á þeirri endurskipulagningu fisksölumálanna til útlanda, sem í þessu frv. fælist. 7. gr. frv. segir, að með lögum þessum séu úr gildi felld lög nr. 11 12. febr. 1940. Ég sló upp á þessum lögum til þess að sjá, hvaða nýmæli fram yfir eldri lögin væru í þessum nýju lögum, og ég held, að það sé nú gott að rifja þau upp fyrir hv. þm., því að það er tæplega hægt, finnst mér, að eyða tíma þingsins í umr. um frumvörp og láta heita, að hér sé um einhver nýmæli að ræða, ef það reyndist svo, að ekkert fælist í þeim umfram það, sem væri í þeim eldri lögum, sem verið er að afnema.

Það er munur á heitinu, því að hér er frv. til laga um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl., en eldri lögin hétu: lög um sölu og útflutning á vörum. En 1. gr. er þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engar vörur megi bjóða til sölu eða selja til útlanda eða flytja úr landi nema að fengnu leyfi hennar og með þeim skilyrðum, sem hún setur.“ Og 2. gr.: „Leyfi til útflutnings á íslenzkum vörum, sem veitt hafa verið af ríkisstjórninni eða einstökum stofnunum fyrir gildistöku þessara laga, eru úr gildi fallin.“ 3. gr.: „Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engir megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja vörur úr landi, aðrir en þeir, sem til þess hafa fengið sérstaka löggildingu ríkisstjórnarinnar.“ 4. gr.: „Ríkisstjórnin getur falið nefnd,“ hér á ríkisstj. að skipa útflutningsnefnd, á því er kannske einhver stigsmunur, en enginn eðlismunur, — ríkisstj. sem sagt getur falið n. samkv. 4. gr., „er hún skipar, að fara með það vald, er henni er veitt samkvæmt lögum þessum.“ 5. gr.: „Með reglugerð, er ríkisstj. setur, er heimilt að skipa nánar fyrir um allt, er við kemur framkvæmd þessara laga, og þar á meðal um greiðslu kostnaðar við framkvæmdina.“ Svo eru venjuleg ákvæði um gildistöku og sektir, og ég sé það, að sektarákvæðin eru helmingi hærri í þessu frv., það á að vera hægt að sekta menn allt að 200 þús. kr., en var 100 þús. kr. í eldri lögunum.

Mig langar til þess að beina þeirri fsp. til hæstv. viðskmrh., hvort það sé eitthvað í þessu frv., sem hér er lagt fram, eitthvað ákvæði, sem ekki er í eldri l., því að það gæfi þá tilefni til, ef svo reyndist, að það yrði sérstaklega rætt, og hvað er hér verið að gera með framburði þessa frv. fram yfir það, sem áður var fyrir hendi.

Það er sagt í grg. þessa frv.: „Það skipulag, sem frv. gerir ráð fyrir, er að nokkru leyti sniðið eftir dæmi Norðmanna.“ Hvað þýðir þetta í grg. frv., það skipulag, sem frv. gerir ráð fyrir? Frv. og lög geta ekki gert ráð fyrir neinu öðru en því, sem í þeim stendur, m. ö. o. þá skipulag það, sem frv. ákveður. Og þá spyr ég enn: Hvaða nýtt skipulag á afurðasölumálunum til útlanda er ákveðið með þessu frv.?

Hæstv. viðskmrh. talar æ ofan í æ um, að eitthvað sé tilætlunin með breyttri skipan, sem hér er tekin upp með þessu frv. En það ber að sama brunni, að það liggur ekki í augum uppi a. m. k., hvaða breytta skipan sjálft frv. felur í sér.

Það, sem hér hefur gerzt, er m. ö. o., að hæstv. viðskmrh. hefur haldið framsöguræðu og aðra ræðu fyrir frv., en allur málflutningur ráðh. hefur snúizt um annað en það, sem í frv. felst og ákveðið er í frv. Þetta er vægast sagt mjög óþinglegt og óvanaleg meðferð á þingmálum í sölum Alþingis.

Ég skal ekki blanda mér neitt inn í þær umr., sem hér hafa farið fram um þau efni, sem eru utan við ákvarðanir þessa frv., hvort eitt skipulag sé betra en annað. En í sambandi við það viðurkennir hæstv. viðskmrh., að áður en þetta frv. er flutt, geti hann haft í hendi sér eða hæstv. ríkisstj. að gera allar þær breytingar á fisksölumálunum, sem hann hefur óbeint eða beint vikið að að ástæða væri til að gera. En það er ekki eitt einasta ákvæði í sjálfu frv. um skipulag þessara mála. Mér hefur fundizt, að það væri einkum og sér í lagi eitt atriði, sem æ ofan í æ hefur komið fram í ræðu hæstv. viðskmrh. að óeðlilegt væri í skipulagi þessara mála nú, að einum aðila, Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, hefði verið falin einkasala á saltfiski. Þeirri skipan mála er ekki breytt með þessu frv. Og ef það á að vera aðaltilgangurinn, ef dæma má eftir ræðum hæstv. ráðh. til þessa, þá er auðvitað eðli málsins samkvæmt rétt að álykta, að um það atriði bæri þá að kveða á í frv., m. ö. o., að það ætti að bera fram frv. um endurskipulagningu fisksölunnar, að slíkt frv. fæli í sér einhver ákvæði um fisksöluna. En ég fæ ekki séð, að það feli í sér nein ákvæði um skipulag fisksölunnar umfram það, sem gildir í eldri lögum, en ég hef nú spurt hæstv. ráðh. um það, og hann væntanlega gerir þá nánari grein fyrir því.

Þess vegna, miðað við þennan skilning minn, eru alveg meiningarlaus ákvæðin í grg. frv., eins og þau, sem hér greinir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta skipulag“ — sem gert er ráð fyrir að taka upp í frv., en fyrirfinnst ekki í ákvæðum frv. — „mun því tryggja sterkari stjórn afurðasölumálanna í heild, eyða þeirri skaðlegu tortryggni, sem fyrr er á minnzt, og tryggja, að misnotkun geti ekki átt sér stað af hendi einstakra útflytjenda. Samkvæmt þessu fyrirkomulagi“ — og ætti þá væntanlega að vera átt við ákvæði frv. — „fær enginn útflytjandi einkarétt á útflutningi neinnar vörutegundar.“

Hvar stendur það í frv., að enginn útflytjandi fái einkarétt á útflutningi neinna vörutegunda?

Ég skal láta þessi orð nægja. Ég hef aðeins rætt um formshlið þessa máls, en ekki um efnishlið málsins í heild, hvort eitt skipulag sé öðru betra. En ég tel, þegar hæstv. ríkisstj. leggur fyrir frv. og lætur heita, að það eigi að fela í sér löggjafarákvæði, eftir að það hefur verið samþykkt af þinginu, um skipulag einhverra mála, að það verði þó að fyrirfinnast eitthvað um skipulag þessara umræddu mála í sjálfu málinu umfram það, sem áður var í þeim lögum, sem úr gildi eru felld.

Þetta finnst mér að sé hið minnsta, sem hægt sé að ætlast til, ekki sízt þegar um er að ræða mál, sem mikið er af látið af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj., og allmikið fer fyrir frásögnum í dagblöðunum í dag um flutning þessa stórþýðingarmikla máls, sem ég því miður fæ ekki séð af efni þess sjálfs að sé neitt fram yfir það, sem áður var í lögum.

Ólafur Thors: Herra forseti. Það er ekki margt, sem ég þarf að víkja að eftir seinni ræðu hæstv. sjútvmrh. Hann sagði, að meginatriðið í minni ræðu hefði verið að færa rök að því, að það væri rétt, að S. Í. F. hefði einkasöluaðstöðu. Ég svaraði ummælum úr hans ræðum um þetta, og auk þess gerði ég sjálfur grein fyrir, að ég væri fjölorðari um þessa hlið málsins af því, að ég hefði meiri þekkingu á henni, en gerði jafnframt grein fyrir, að það sama, sem ætti við um saltfiskinn, ætti að verulegu leyti einnig við um hraðfrysta fiskinn og saltsíldina.

Hæstv. ráðh. sagði, að engum aðila yrði veitt einkaaðstaða, og það var í tilefni af þeirri fullyrðingu hans, sem ég var að leiða athygli að því, að ég teldi hættulegt, ef síldarútvegsnefnd væri að því leyti afnumin eða hennar vald rýrt, að samkeppni á því sviði varðandi útflutninginn væri hættuleg, og að alveg hið sama gilti um saltfiskinn og gildir raunar, þó að í minni mæli sé, um hraðfrysta fiskinn.

Hæstv. ráðh. sagði, að mér ætti að vera kunnugt um mikil kærumál í þessum efnum, og sagði, að einhver aðili hefði verið að kæra framkvæmdina. Ég segi eins og er: Ég hef ekki heyrt neitt um það, og ég kannast ekki við, að á mínu borði hafi legið neitt um það, þegar ég fór úr embættinu. Það getur vel verið, að einhverjir aðilar, sem eru óánægðir, hafi talið blása byrlegar, þegar hann var setztur í stólinn, um slíkar kærur, einkum varðandi saltfiskinn, vegna þess að hans blað hefur mjög ráðizt á þá skipan, sem þar hefur ríkt. En ég hefði gaman af að vita, hverjir það eru, sem kærðu. Eru það innlendir framleiðendur, eða eru það erlendir menn, eða eru það einhverjir menn, sem vilja fá að flytja út fiskinn, en eru ekki framleiðendur? Ég vænti, að hann svari því.

Hæstv. ráðh. sagði, að Samband ísl. samvinnufélaga hefði heimtað rétt sér til handa, og mér ætti einmitt að vera kunnugt um það og hlyti þess vegna að vita, að óánægja ríkti meðal framleiðenda. Ég viðurkenni það, eins og ég sagði í minni frumræðu, að Sambandið fór fram á rétt, en það fór fram á, að það eitt fengi réttinn, en enginn annar. Það var skýrt tekið fram, að þeir vildu fá réttinn, en meina öðrum þess að njóta sama réttar, og Sambandið hafði það ár, sem það fór fram á þessi sérréttindi sér til handa, aðeins um 3% af framleiðslumagninu, þó að það árið áður hefði 16%.

Hæstv. ráðh. sagði, að mér ætti að vera kunnugt um, að þessu máli hafi lokið með því, að Sambandinu hefði verið falin fisksala í vissum löndum. Þetta er mjög villandi blær og raunar efnislega skökk mynd af því, sem gerðist. Sambandið fékk söluumboð á vissum stöðum, en það er auðvitað S. Í. F., sölusamlag íslenzkra framleiðenda, sem ræður öllu um söluna, magnið, verðlagið og allt, sem máli skiptir. Hér blandar hæstv. ráðh. saman annars vegar umboðsmanninum eða umboðsmennskunni og hins vegar þeim, sem er eigandi fisksins.

Ég vil nú spyrja hæstv. ráðh., sem nú er að tilkynna, að það sé þjóðarnauðsyn, að það séu fleiri en einn, sem fari með sölu á þessum fiski: Hvað lagði hann til sjálfur, þegar Sambandið fór fram á þessi réttindi? Man hann það? Var hann þá á þeirri skoðun, að það væri nauðsynlegt, að það væru fleiri en einn, sem væru að selja? Eða var hann algerlega andvígur því? Ef hann var andvígur því þá, hvers vegna er hann þá orðinn hlynntur því núna? Hvað hefur skeð á þeim tíma, sem síðan hefur liðið? Og ég segi það, að ég man ekki betur en að ráðh. væri algerlega andvígur því.

Hæstv. ráðh. nefndi sem sönnun fyrir óánægju, að einstakir aðilar hefðu viljað fá söluumboð. Það er ekki nema eðlilegt. Ég segi fyrir mig, að ég mundi þiggja það, ef ég fengi söluumboð í einstökum löndum fyrir sölusamlagið. Það skarar hver eld að sinni köku í þeim efnum. Ef menn geta fengið arðvænleg umboð, þá þakka menn fyrir það, og ég er ekkert hissa á því, þótt togaraeigendafélagið hafi óskað eftir því.

Hæstv. ráðh. færði það enn fram sínu máli til sönnunar, að erlendir aðilar hefðu kvartað. Ég er ekkert hissa á því, þó að einstakir erlendir aðilar hafi kvartað. Ég hef einmitt haldið fram, að það séu íslenzkir hagsmunir, sem hér eiga að ráða. Og þó að þeir stundum eigi samleið með erlendum hagsmunum, þá eiga þeir það ekki alltaf, það gefur auga leið um það, en það eru þeir íslenzku, sem eiga að ráða. Mér finnst gæta grundvallarmisskilnings í öllum málflutningi ráðh., að svo miklu leyti sem hann er ekki alveg í rökþrotum, um það, eins og hann kemst að orði, að Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda og síldarútvegsnefnd og þeir, sem fara með sölu hraðfrysta fisksins, megi út af fyrir sig vera ánægðir, það eigi ekki að ganga neitt á þeirra hlut, þeir megi selja eins og aðrir, og ef allir framleiðendur vörunnar séu sammála og vilji vera í einu samlagi,

þá fái auðvitað engir aðrir að flytja út. Ég er nú ekkert hissa á því, að ef allir, sem eiga síld, vilja selja í einu samlagi, þá fái þeir að selja síldina, og ef allir, sem eiga saltfisk eða hraðfrysta fiskinn, vilja selja í einu samlagi, þá fái þeir að selja saltfiskinn eða hraðfrysta fiskinn. Þetta liggur í hlutarins eðli. En meginatriðið, sem hér er verið að deila um, er það: Verður það heildinni af framleiðendum til bölvunar, eða verður það til blessunar, ef aðili, sem ræður yfir litlu magni, eða aðilar, sem ráða yfir litlu magni, fá að skjóta fleyg inn í starfsemi þeirra, sem fara með umboð heildarinnar og flestra útgerðarmanna? Mín skoðun hefur verið sú og er sú og ég færði rök að henni, að a. m. k. á meðan einkasala ríkir hjá neytendum og þar sem hún ríkir, þá sé á þessu stór hætta, og raunar miklu víðar. Við erum hér að tala um kerfi. Við erum ekki að tala um, hvort það sé nógu gott fyrir útgerðarmanninn Lúðvík Jósefsson að fá að njóta sömu kjara og útgerðarmaðurinn Ólafur Thors, við erum ekki að tala um það. Við erum að tala um, hvort sé sjálfum heildarhagsmununum betra, að það kerfi ríki, að einn haldi á sölu afurðanna, einkum þar sem um einkasölu er að ræða í kaupendalöndunum, eða hvort það sé farsælla, að margir íslenzkir aðilar keppi um það að geta selt einum og sama erlenda aðila sömu vöru á sama tíma. Það er það, sem við erum að ræða um. Og mér finnst misskilningurinn hafa komið svo oft fram í þessum tveimur ræðum hæstv. ráðh., að hann er farinn að telja mér trú um það í alvöru, að honum yfirsjáist, um hvað er verið að ræða, að hann skilji ekki sjálfan kjarna málsins.

Hæstv. ráðh. var með dylgjur um það, að ég vildi láta einkasölu ríkja, þar sem ég ætti sérstakra hagsmuna að gæta. Hvaða hagsmuna á ég að gæta um saltfisk meira en ég á um skreið? Vill hann svara því? Er hann að bera á mig einhverja óráðvendni eða eitthvað slíkt í þessum efnum? Ég get reyndar sagt honum, að það gæti vel verið, ef ekki lánið kemur fyrir hann vitinu í þessum efnum og hann leysir upp Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda, að hann gerði mér meiri greiða en hann veit, ef miðað er við mína sérhagsmuni. Félagi, sem áður hefur farið með útflutning á ⅝ hlutum saltfisks, gæti verið vandi að neita að selja fisk. Það gæti verið, að hann sjálfur yrði feginn sem útgerðarmaður að fela þessu félagi að selja fisk. Það gæti komið fyrir hann.

Nei, það er alveg óþarfi að vera með neinar dylgjur í minn garð í þessum efnum. Hann trúir ekki á þær sjálfur og veit, að þær eru líka fullkomlega óverðskuldaðar.

Hann spyr: Af hverju kom þá ekki Ólafur Thors á því kerfi með skreiðina, að þar væri einkasala, úr því að hann hélt fast við það með saltfiskinn? Hann veit miklu betur, ráðherrann, heldur en hann spyr. Hann veit, að mér tókst ekki þrátt fyrir tilraunir og þær margar að fá skreiðareigendur til að verða í einu samlagi og selja allir saman. Ég þurfti ekki að eiga neinn hlut að þessu á seinni árum um saltfiskinn, því að útgerðarmennirnir sjálfir vildu selja saman, með þeim örfáu undantekningum, sem þar kunna að vera og honum er kannske kunnara um en mér. Ég sá vel, að það var heppilegra fyrir útgerðarmenn að selja skreiðina saman heldur en að vera margir um það.

En þessi hæstv. ráðh. þarf ekki að halda, að hann sé með neina stóra speki eða harðar árásir á mig, þó að hann segi, að það sé undarlegt, að maður, sem þykist vera fylgjandi frjálsri verzlun, eins og hann kemst að orði, skuli vilja hafa aðra tilhögun á innflutningi en á útflutningi. Ég hef gert alveg fulla grein fyrir, hvers vegna ég vil hafa innflutninginn frjálsan. Ég hef líka gert alveg fulla grein fyrir, hvers vegna ég tel öðru máli gegna um útflutninginn. Og þó hef ég gert ýtarlegasta grein fyrir, að gefnu tilefni, að ég tel nauðsyn á að hafa samtök um útflutninginn því meiri, sem þau lönd eru fleiri, sem hafa aðeins einn aðila, sem annast innkaupin. Við eigum áreiðanlega eftir að hittast, hæstv. ráðh. og ég, á opinberum fundi með útgerðarmönnum. Ég vona, að hann hlutist til um með mér, að sá fundur verði boðaður og við ræðum þar alveg í bróðerni okkar sjónarmið. Hann á eftir að deila þar við mig um þessi mál og færa rök að því, að það sé farsælast fyrir Íslendinga, að þau séu margir aðilar að reyna að selja einum aðila sömu vöru á sama tíma.

Ég hef svo lýst yfir, að ef sú skoðun, sem hann lýsir nú vera sína skoðun og ég ærlega talað trúi ekki að sé hans skoðun, — kannske gæti ég líka vottfest það, ef hann langar til, — en ef sú skoðun er ofan á hjá útgerðarmönnum, þá hef ég lýst því, að það skal ekki standa á mér, af því að ég vil ekki, að það opinbera taki völdin af þeim.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði verið að gera því skóna, að meginkjarni þessa frv. væri sá að setja á laggirnar nefnd, sem hefði marga starfsmenn í sinni þjónustu. Ég viðurkenni, að samkv. lögunum, sem nú gilda, gat hann gert þetta. Hitt kann svo að hugsast, að ráðh. hefði átt erfiðara með eftir eldri lögunum að hafa þessa hjörð nógu mannmarga, vegna þess að hann hefði þurft að spyrja félaga sinn í ráðuneytinu um leyfi, áður en hann réð þessa menn, því að sú skipan gildir nú, að einstakir ráðh. mega ekki ráða menn til starfa nema með samþykki fjmrn. Það verður auðvitað nokkru skýrara, þetta eina ákvæði um fjölgun manna, ef það eru sett um það ný lög, heldur en ef ætti að styðja það við eldri lög, 17 ára gömul.

Hæstv. ráðh. sagði, að það hefði oft verið sett nefnd á laggirnar af minna tilefni, enda gæti það ekki gengið, að einn maður réði svo miklu sem hér væri um að ræða. En allt valdið endar nú að lokum hjá einum manni, hjá ráðh., sem getur í þessu efni ráðið því, sem hann vill, og hvort hann fær um það till. frá einum manni eða þremur, sem kannske eru þá ókunnugri en sá eini, sem fram að þessu hefur farið með það, það skiptir kannske ekki alltaf öllu máli.

Ráðh. sagði, að það væri tilgangur þessa frv. að koma á réttlátari skipan. Ég er búinn að margbenda á það með ótvíræðum rökum, sem ráðh. hefur ekki gert tilraun til þess að hrekja, og nú áðan ítrekaði hv. 5. þm. Reykv. fsp. um það, hvað væri nýtt í þessu frv. og hvernig stæði á því, að ráðh. gæti komið á réttlátri skipan samkv. því

frv., en ekki samkv. gildandi lögum. Ef það er rétt, að ekkert nýtt sé í frv., og ráðh. verður að benda á, hvað það er, ef það er eitthvað, þá er þetta bara sýndarfrv. Ef ráðh. gat komið fram öllum sínum vilja samkv. eldri lögum, hví er hann þá að bera þetta fram? Er það aðeins til að sýnast, er það til að þóknast einhverjum öðrum, sem minna vit hafa á málunum heldur en hann? Hvað annað getur það í raun og veru verið?

Ég vil svo í tilefni af því, að hæstv. ráðh. sagði í lok sinnar seinni ræðu, að flestir framleiðendur séu á þeirri skoðun, að bezt sé að hafa hæfilega samkeppni eða nokkra samkeppni á útboðum á íslenzkri vöru, biðja hann að vera minnugan þessara orða og að færa þeim stað, eins og ég áður hef beðið hann um, því að okkar afstaða margra hér á þingi veltur á þessu. Við skulum ekki hafa þetta í neinum flimtingum, því að mér er það full alvara, að ég skal beygja mig undir vilja útgerðarmanna, ef hann upplýsist á þá lund, sem hæstv. ráðh. hefur sagt. Og hann hefur í dag hvað eftir annað tekið það fram, að margir útgerðarmenn vildu breyta um þetta og hafa meiri samkeppni í sölu afurðanna en verið hefur.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta. Ég lýk mínu máli á því, að ég hef ekki komið auga á, að neitt nýtt sé í þessu frv. Ég endurtek þess vegna, að hér var engin þörf fyrir ráðh. að bera neitt frv. fram. Það er ekkert nýtt í því, og það er engin sannfæring á bak við orð og ummæli ráðh. né málflutninginn í heild í þessum efnum.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Það voru nú aðeins nokkur orð. — Hv. 5. þm. Reykv. *hélt því* hér fram, eins og reyndar hv. þm. G-K., að í þessu frv. væri ekkert nýtt að finna, sem ekki væri í eldri lögum, og því væri hér um sýndarfrv. að ræða og engin þörf á að samþ. frv.

Ég gat þess hér í upphafi, að þau ákvæði, sem nú eru í lögum varðandi sölu á sjávarafurðum, eru þannig, að ráðh. hefur nær ótakmarkað vald til hvers, sem hann vill. (Gripið fram í.) Nei, það var eitt af því, sem ég tók fram, hvað það er, sem vakir fyrir mér með flutningi þessa frv. Ég vil, að sett verði löggjöf um það, í hvaða farveg framkvæmd þessara mála á að falla í höfuðatriðum. Ef þessi röksemd ætti að takast gild hjá hv. 5. þm. Reykv. og þm. G-K., þá væri vitanlega alveg eins hægt að segja: Það er alls ekki hægt að setja nein lög á Alþingi um skipan á útflutningi sjávarafurða, vegna þess að þetta er allt saman fyrir í lögum. — Þegar gripið hefur verið til slíks, eins og gert var á stríðsárunum, árið 1940, að *heimila ríkisstjórninni að setja hvaða* skilyrði og gera hvað sem hún vildi í sambandi við þessi mál — og þessar tvær setningar hafa verið látnar standa — þá er vitanlega hægt að segja á eftir, hvað sem ákveðið er, hvort sem ákveðið er að taka einkaréttaraðstöðu af saltfiskútflytjendum, hvort sem ákveðið er að taka einkaréttaraðstöðu af síldarútvegsnefnd og hvað annað sem ákveðið er til breytingar: Ja, raunverulega þurfti ekki að setja nein lög um þetta, ráðh. gat bara fyrirskipað þetta. — Það er mér alveg ljóst. Ráðh. gat notað þessi almennu ákvæði í eldri lögum til þess að gera hvað sem hann vildi. Og framkvæmdin varð líka sú, að í einu tilfelli var þetta ákveðið, í öðru tilfelli var hitt ákveðið, og því varð það skipulagsleysi úr, sem ég hef hér nokkuð rakið í mínum fyrri ræðum í þessu máli.

Hv. 5. þm. Reykv. spyr svo um það: Hvaða nýtt skipulag á hér að taka upp? Hvaða breyting á hér að verða? Það er greinilegt, að þm. hefur alls ekki lesið frv., og það hlýtur líka að vera greinilegt af þessu, að hann hefur alls ekki hlustað á þær ræður, sem hér hafa verið fluttar. Með frv. er t. d. það tekið upp, sem ekki hefur verið í núverandi skipulagi í þessum málum, að skipa skal fasta þriggja manna nefnd, sem á að *hafa yfirstjórn þessara mála með höndum. Slík* föst nefnd hefur ekki verið fyrir hendi. Nú á þessi nefnd að fá mjög víðtækt vald til þess að hafa eftirlit með þeim sölusamtökum, sem hafa með útflutningsmálin að gera. Slíkt eftirlit hefur ekki verið haft með höndum. T. d. hafa saltfiskútflytjendur fengið sinn einkarétt viðurkenndan og síðan verið látnir starfa án frekara eftirlits. Hér er vitanlega grundvallarmunur á framkvæmd fyrirhugaður. Nú er gert ráð fyrir því, að þessi þriggja manna útflutningsstjórn veiti útflutningsleyfi fyrir öllum útflutningi á íslenzkum sjávarafurðum. Hingað til hafa saltfiskútflytjendur ekki þurft að sækja um leyfi, þegar þeir hafa framkvæmt sölu. Hingað til hafa saltsíldarframleiðendur ekki þurft að sækja um leyfi, vegna þess að þeir hafa haft einkaréttaraðstöðu. Nú verða þeir í hverju einstöku tilfelli að fá samþykki útflutningsstjórnarinnar fyrir sínum sölum, og þeir verða að leggja á borðið allar upp*lýsingar, sem þessi útflutningsstjórn óskar, til* þess að sanna, að þeir séu að gera það, sem sé þjóðinni hagkvæmast í hverri sölu fyrir sig. Þetta hefur ekki verið. Þetta er vitanlega grundvallarmunur á skipulagi og framkvæmd. Hitt veit ég, að það er vitanlega hægt að segja: En það var hægt að fyrirskipa þetta. — Það er rétt. Ráðh., sem hafði ótakmarkað vald, gat gefið út þessa fyrirskipun nú og aðra næst. Það var alveg rétt. En þó að til séu nú í lögum ákvæði um það, að ráðh. megi gera það, sem honum sýnist, þá tel ég það ekki réttlæta, að það sé ekki rétt að setja löggjöf, sem marki í höfuðatriðum, hvernig á að halda á jafnmikilvægum og merkilegum málaflokki og hér er um að ræða. En það sýnir manni bezt, að þeir sjálfstæðismenn, sem hér hafa talað og talað nokkuð langt mál um þetta frv., finna það á sér, að hér stendur til að breyta talsvert verulega um skipulag og taka upp nokkuð aðra starfshætti en verið hefur, að þeir eru greinilega *uggandi um, hvað hér sé á ferðinni, og á móti* málinu. Það leynir sér ekki. Og sérstaklega er hv. þm. G-K. algerlega andvígur því, að einkaréttaraðstaðan verði tekin af saltfiskútflytjendum, því hefur hann lýst hér mjög greinilega.

Þetta mál virðist vera sama eðlis og mörg önnur mál, sem hér hafa verið til afgreiðslu nú á þessu þingi, að afstaða Sjálfstfl. er hin kynlegasta. Ég vil t. d. minna á efnahagsmálin. Efnahagsmálin voru þess eðlis, sögðu talsmenn Sjálfstfl., að raunverulega var hér um stefnu Sjálfstfl. að ræða, ekkert annað en endurtekningu á henni. — En auðvitað voru þeir á móti afgreiðslu

málsins og héldu uppi löngum umr. hér á Alþingi gegn þeim till., sem hér lágu fyrir.

Í hinum margumtöluðu varnarmálum var vitanlega framkvæmd hér stefna Sjálfstfl. út í æsar í öllum greinum, en þeir hafa flutt hér till. á Alþingi um það, að ríkisstj. segi tafarlaust af sér fyrir svik hennar í öllum málum og fyrir það, að hún er ómöguleg. Maður skal a. m. k. ætla, jafnvel þótt menn séu utan ríkisstj., að ef ríkisstj. er að framkvæma þeirra eigin mál og að þeirra vild, eins og þeir vildu helzt á málunum halda, þá væru þeir menn ekki að heimta ríkisstj. í burtu.

Eins var þetta í sambandi við löggjöf um bindingu kaupgjalds eða vísitölu á tímabili og verðfestingu. Þetta höfðu sjálfstæðismenn alltaf prédikað. Þeir höfðu alltaf haldið þessu fram. Það höfðu verið vondir menn, kommúnistar, sem höfðu alltaf staðið á móti þessu. En þeir voru alveg æfir hér í umr. og annars staðar í skrifum sínum út í þessa löggjöf á allan hátt.

Eins er með þetta frv., sem hér liggur fyrir. Raunverulega er ekkert nýtt í þessu, þetta eru bara lögin, sem við höfum alltaf unnið eftir, þetta eru öll ákvæðin, sem við höfum haft í gildi. Þetta er það skipulag, sem við höfum talið bezt, sem við höfum unnið eftir. Hér er því ekkert nýtt. En samt kemur það fram, að þeir eru uggandi og þeir eru á móti málinu.

Nei, sannleikurinn er sá, að þessir aðilar, sem svona málflutning iðka, vita, að það er öllum ljóst, að þeirra skoðanir í þessum efnum eru aðrar en þeir vilja almennt láta uppi. Hið rétta er, og það er rétt að viðurkenna, að í þessum málum er það svo, að þeir sjálfstæðismenn vilja, t. d. viðvíkjandi saltfisksölumálum, veita Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda einkaréttaraðstöðu og þar komist ekki aðrir að. Þetta er alveg ákveðið þeirra stefna, og við því er í rauninni ekkert að segja. Form. Sjálfstfl. hefur rökstutt sitt mál mjög frambærilega í þessum efnum sem sína skoðun. Það eru hins vegar margir aðrir menn á því, að það fari ekki vel á því að hafa þetta þannig. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé engin nauðsyn á því, eins og saltfisksölumálunum er háttað, að veita Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda einkaréttaraðstöðu til þess að fara með þau mál. Ég álít, að þau sölusamtök, að því leyti til, sem þau hafa reynzt vel, geti haldið sinni starfsemi áfram undir því skipulagi, sem hér er fyrirhugað, geti fengi útflutningsleyfi í hverju einstöku tilfelli, þegar þau eru að gera rétta sölu og selja vel, og eigi að þola það, að haft sé opinbert eftirlit með þess gerðum, og það eigi að þola fullkomna opinbera gagnrýni. Þarna er um skoðanamun að ræða. Ég álít líka, og það gera margir fleiri, að það sé full ástæða til þess að hafa sama skipulag á um sölufyrirkomulag á skreið, á fiskimjöli, á lýsi og ísfiski og öðrum slíkum sjávarafurðum eins og t. d. á sér stað um saltfisk, en saltfiskurinn eigi ekki að hafa þar neina sérstöðu, og ég tel, að það sé hægt að ná þar góðum og miklum árangri, að það geti verið fleiri en einn útflytjandi í viðkomandi grein, en föst útflutningsstjórn reyni að hafa hemil á því, að ekki verði um óeðlileg undirboð að ræða á erlendum vettvangi og reynt að fá hið bezta út úr sölunni, sem hægt er fyrir þjóðarheildina.

Ég álít líka, að það sé engin þörf á því að veita síldarútvegsnefnd einkaréttaraðstöðu í sambandi við sölu á saltsíld, það sé engin ástæða til þess. En hins vegar tel ég heldur ekki rétt að leggja síldarútvegsnefnd niður. Ég tel, að hún hafi margt gott gert og hennar starfsemi megi vera áfram, en hún eigi líka að þola það að vera undir opinberu eftirliti með sín störf og geti sótt um útflutningsleyfi hverju sinni og fengið sínar sölur samþykktar af löggiltri útflutningsstjórn, sem ráðgert er nú að setja samkv. þessu frv.

Þá er auðvitað í miklu fleiri greinum gengið út frá verulegum breytingum frá því, sem áður hefur verið. Nú er t. d. ráðgert, að þessi fasta útflutningsstjórn reyni að afla nýrra markaða, hún kynni sér sem bezt aðstæður allar í markaðslöndunum. Enginn slíkur aðili hefur verið fyrir hendi frá hálfu hins opinbera, því þó að einum manni hafi verið falið að veita í vissum greinum útflutningsleyfi, þá hefur hann ekki haft til þess aðstöðu að kynna sér sérstaklega eða fylgjast með markaðsmálum erlendis eða söluaðstöðu á hinum ýmsu mörkuðum.

Hér er því vissulega tekið upp nýtt skipulag, þó að hv. 5. þm. Reykv. gæti ekki séð það, og ég held, að í rauninni sé ekki honum hægt að ráðleggja neitt annað en að lesa frv., kynna sér grg. þess og kynna sér þá þessi mál, eins og þau hafa verið í framkvæmd, og vita, hvort hann sannfærist ekki um það, að hér sé fitjað upp á nýju skipulagi og allt öðru skipulagi en hér hefur verið gildandi.

Ég skal svo segja það í tilefni af því, sem hér kom fram hjá hv. þm. G-K., að ég hefði verið hér með dylgjur í hans garð, að það er misskilningur, og hafi orð mín á einhvern hátt legið þannig, að hafi gefið ástæðu til, að hann skildi þau svo, þá er það rangt, því að það var ekki mín meining að vera með neinar dylgjur í hans garð. Ég vék aðeins að því, að mér þætti, að hann hefði lagt meiri áherzlu á að halda uppi einkaréttaraðstöðu fyrir saltfiskútflytjendur en hann hefði a. m. k. í framkvæmd haft gagnvart annarri útflutningsframleiðslu, og þannig kemur þetta mér fyrir sjónir, að hann hafi haft þar miklu meiri áhuga á að koma því þannig fyrir. En þetta ber ekki að skoða á neinn hátt sem dylgjur í hans garð um, að það hafi hann gert af einhverjum sérhagsmunum sínum.

Það er svo rangt hjá honum, þó að hann reyni hins vegar að dylgja um það í minn garð, að tilgangurinn með þessu frv. hjá mér sé að auðvelda mér eitthvað að ráða til mín starfsmenn í sambandi við framkvæmd þessara mála frá því, sem verið hefur, þar sem hann reynir enn að halda því fram, að það muni verða auðveldara eftir þessa lagasetningu að koma við fjölgun starfsmanna, m. a. vegna þess, að í hinu fyrra tilfellinu hefði ég þurft að fá samþykki fjmrh. fyrir launagreiðslum til nýrra starfsmanna í þessum efnum, sem ég þurfi ekki, þegar búið sé að lögfesta þetta. Þetta er líka misskilningur, og það hlýtur hann að vita, því að í þessu frv. er gert ráð fyrir nákvæmlega sama tekjustofninum og þessi útflutningsmál höfðu annars, þar sem var um sérstakt útflutningsgjald að ræða, sem víðtæk heimild var til að breyta, hækka eða lækka,

svo að ef hefði þurft á auknum peningum að halda til að standa þar undir frekari launagreiðslum, þá væri í rauninni ekki annað fyrir ráðh. en að nota þessa miklu og víðtæku heimild til þess að hækka útflutningsgjaldið fyrir leyfisveitingar. Var því öll aðstaða til hins sama og miklu betra að koma slíku við, hefði það vakað fyrir mér að fjölga hér starfsmönnum, að vera ekki með frv. á Alþingi um þetta mál, eins og ég hef einmitt valið. Engu síður er því til að dreifa, heldur er hitt meginatriði, að ég tel, eins og ég hef lýst hér áður, að það sé gagnlegt og nauðsynlegt fyrir framleiðendur sjávarafurða að koma þessum málum í fastara form en þau hafa verið í til þessa. Ég álít, að það sé mjög þýðingarmikið fyrir einmitt samtök framleiðenda að koma þessum málum fyrir á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, og að það hafi ekki í rauninni verið viðunandi að búa við það skipulagsleysi, sem í þessu hefur verið hingað til. Það er það, sem vakir fyrir mér með þessu frv., að ákveða í meginatriðum, hvernig staðið skuli að þessum málum, og þá eru aðalatriðin þessi, að skipa sérstaka útflutningsstjórn, sem hefur með málin að gera, sem veitir öllum, sem uppfylla viss skilyrði, leyfi, og að koma á fullkomnu ríkiseftirliti hjá þeim aðilum, sem fara með jafnmikilvæg mál og útflutning sjávarafurða. Það er megintilefni þess, að þetta frv. er flutt.

Umr. frestað.

Á 46. fundi í Nd., 28. jan., var fram haldið 1. umr. um frv.

Ólafur Thors: Herra forseti. Mér nægir alveg þessi stutta aths. Það var ekkert veigamikið í ræðu hæstv. sjútvmrh., sem ég var ekki búinn að koma að í mínum fyrri ræðum.

Það, sem á milli ber í þessum umræðum, er, hvort það sé nokkur þörf fyrir nýja lagasetningu. Ég hef haldið því fram, að hæstv. ráðh. hafi allar þær heimildir í gildandi lögum, sem hann nú vill sækjast eftir með nýrri löggjöf, og mér hefur ekki fundizt hann færa nein gagnrök gegn því. Ég skal þar alveg sérstaklega vitna í ræðu hv. 5. þm. Reykv. og raunar til ýmissa fyrri ummæla minna. Ég spurði svo hæstv. ráðh., hvað væri nýtt í þessari lagaheimild, og hæstv. ráðh. sagði: Það á að skipa nefnd. — Það var nú, ef ég man rétt, í gömlu reglugerðinni, settri 1940 í sambandi við framkvæmd á þessum lögum frá 11. febr. 1940, þar var einmitt gert ráð fyrir sérstakri nefnd, og hún var sett á laggirnar til ráðuneytis fyrir ráðherra. Í öðru lagi sagði hæstv. ráðherra: Það á að hafa eftirlit með þeim, sem flytja út vöruna, og ríkisstj. vill með því móti tryggja sér nánari kunnugleika á því, sem fram fer. Í þriðja lagi viljum við með þessu gera ráðstafanir til öflunar markaða.

Ég vil um tvö fyrri atriðin segja, að ef ráðh. telur, að þetta sé svona áríðandi, bæði með nefndarskipunina og eftirlitið, þá endurtek ég það, sem ég áður hef sagt: Hann hefur allar slíkar heimildir og þarf ekki ný lög fyrir því. Og varðandi markaðsöflunina skal ég hreinskilnislega játa: Ég hef nú ekki neina trú á því, að stjórnskipuð nefnd bæti nokkuð um eða við það, sem þeir aðilar hafast að, sem nú fara með þessi mál, síldina, hraðfrysta fiskinn og saltfiskinn, enda er honum vel kunnugt um, að þeir aðilar, sem um þessi mál fjalla, hafa mjög vel gegnt þeirri skyldu að rannsaka möguleika fyrir nýjum mörkuðum.

Og fátt er nú orðið um varnir, þegar hæstv. ráðh. segir: Hvað sem rökunum líður, þá stendur það alveg eftir, að sjálfstæðismenn finna á sér, að eitthvað er í vændum í þessum efnum, og þess vegna eru þeir nú svona viðkvæmir fyrir þessu öllu.

Ég hef ekkert farið dult með það, að ég tel, að ráðh. hafi það vald, sem hann þarf, til að koma á sérhverri þeirri meðferð þessara mála, sem hann hefur trú á. Það, sem okkur ber á milli, er hins vegar það, að hann hyggur, að það sé óhætt og líklega til bóta að beita öðrum aðferðum en ég hef talið nauðsynlegt að beita. Þetta er hreinn málefnalegur ágreiningur á milli okkar, sem kannske ekkert sker úr nema reynslan. Það er þá bara mín von, að reynslan verði ekki of dýr. Ég hyggst hafa fært að því alveg málefnaleg rök, á hverju þessi ótti minn byggist. Þeim rökum hefur ekki verið mótmælt með gagnrökum, sem hafa sannfært mig, og ef ráðherrann, sem nú hefur valdið að óbreyttum lögum og líka að breyttum lögum, hefur aðra skoðun og framkvæmir hana, þá segi ég: Ég vil aðeins hafa aðvarað.

Ég endurtek svo að lokum, að það er ekkert nýtt í þessu frv. Ég tel enga þörf fyrir það, og mér hefur ekki fundizt ráðherrann hafa sterka sannfæringu fyrir sínu máli. Ég vona svo, að ráðh. verði við þeim tilmælum mínum að styðja að því, að framleiðendur í landinu komi saman til fundar og segi sína skoðun. Ráðh. hefur byggt sína stefnu, að mér skilst, í þessum málum meira á nýjum viðhorfum, sem hann telur sig hafa orðið varan við, heldur en á sinni eldri sannfæringu. Ég kannast ekki við, að hann hafi haft sig í frammi um miklar breytingar sem útgerðarmaður. En mér finnst ósköp eðlilegt, að ráðh. vilji taka tillit til þess, sem útvegsmenn óska, og það er það sama, sem ég vil gera. Og mér finnst það ekki nema hans skylda að standa með mér að því, að sannar upplýsingar komi í ljós, með því að slíkur fundur framleiðenda yrði haldinn. Og ég segi fyrir mig, ég er alveg reiðubúinn að mæta á slíkum fundi og rökstyðja mínar skoðanir, og ég álít, að við getum gert það báðir án þess að þurfa neinn kinnroða að bera fyrir, að við erum ekki sammála um meðferð þessa máls.

Ráðh. sagði hér á föstudaginn var, að það væri mikill misskilningur, ef ég héldi, að hann væri að beina að mér einhverjum dylgjum í þessu máli um, að ég væri með einhverja eiginhagsmuni. Ég veit ekki, hvort hann hefur lesið sunnudagsprédikun blaðsins síns um þjófnaðinn og múturnar og annað því um líkt. En ekki hefur hann látið leiðrétta róginn. En hvað um það. Rétt er að ræða þetta mál málefnalega og reyna ekkert að fela skort á sannfæringu með stóryrðum og brigzlyrðum. Ég vona sem sagt, að við getum átt kost á því að tala um þetta í áheyrn útgerðarmanna og ganga úr skugga um, hver er þeirra vilji.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 193, n. 298 og 309).

Frsm. meiri hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 193 til 2. umr., er flutt af ríkisstj. Sjútvn. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Minni hl., hv. þm. Borgf. og hv. þm. Snæf., mælir gegn frv., en meiri hl., hv. þm Siglf., hv. 2. landsk. og ég, leggur til, að það verði samþykkt. Ég leyfi mér í sambandi við þetta að vitna til nál. meiri hl. á þskj. 298.

Í lögum nr. 11 frá 12. febr. 1940, um sölu og útflutning á vörum, segir svo í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engar vörur megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi nema að fengnu leyfi hennar og með þeim skilyrðum, er hún setur.“ Í 3. gr. sömu laga, segir: „Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engir megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja vörur úr landi aðrir en þeir, sem til þess hafa fengið sérstaka löggildingu ríkisstj.“ Og í 4. gr. laganna segir: „Ríkisstjórnin getur falið nefnd, er hún skipar, að fara með það vald, er henni er veitt samkv. lögum þessum.“ Enn fremur er í lögunum frá 1940 heimild til að setja reglugerð og að þar megi m. a. ákveða greiðslu kostnaðar við framkvæmd laganna.

Þetta er aðalefni þeirra laga, sem nú eru í gildi um sölu og útflutning vara. Samkvæmt þeim hefur ríkisstj. meira en hálfan annan áratug haft mikið vald í þessum efnum. Samkvæmt þessum lögum hefur ríkisstj. t. d. haft vald til þess að löggilda aðeins einn útflytjanda í saltfiskverzluninni, og með því að gera það hefur hún veitt þessum aðila einkasölu á saltfiskframleiðslu landsmanna.

Eins og nú standa sakir, er skipulag útflutningsverzlunarinnar með sjávarafurðir í meginatriðum á þá leið, sem ég nú mun nefna, samkv. því, sem skýrt er frá í athugasemdum við stjórnarfrv. á þskj. 193.

Sölusamband ísl. fiskframleiðenda hefur haft einkaútflutning á saltfiski. Síldarútvegsnefnd hefur haft með höndum allan útflutning á saltsíld. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Samband ísl. samvinnufélaga og fiskiðjuver ríkisins hafa annazt allan útflutning á frosnum fiski. Hins vegar hefur útflutningur á skreið, fiskimjöli, lýsi og nokkrum öðrum vörum verið í höndum ýmissa aðila.

Þá er enn þess að geta, að útflutningur á frosnum fiski, skreið, fiskimjöli og lýsi og nokkrum minni vörutegundum hefur verið háður útflutningsleyfum og eftirliti af hálfu ríkisins.

Eins og kunnugt er, hefur það ekki verið óalgengt í seinni tíð og raunar bæði fyrr og síðar, að komið hafi fram í blöðum og á mannfundum, m. a. hér á hinu háa Alþingi, gagnrýni á því fyrirkomulagi að veita Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda einkaleyfi til útflutnings á saltfiski. Tel ég ekki þörf á að rekja það mál.

Hins vegar hefur verið minna um gagnrýni á öðrum greinum útflutningsverzlunarinnar, enda þar ekki um einkaútflutning að ræða, nema á saltsíldinni, en síldarútvegsnefndin, sem hefur haft þann útflutning með höndum, hefur þá sérstöðu að vera opinber stofnun, starfandi samkv. sérstökum lögum og kosin að meiri hluta af Alþingi. Virðist yfirleitt hafa verið gott samkomulag um að fela henni einkasölu á saltsíldinni frá ári til árs, samkvæmt heimildarákvæði laga um það efni. Mér sýnist flest benda til þess, að heppilegast muni að halda því fyrirkomulagi áfram.

Ég er líka þeirrar skoðunar, að það þurfi út af fyrir sig ekki að vera óheppilegt fyrirkomulag að hafa einkasölu á útflutningsvörum, en um réttmæti þess fer þó að sjálfsögðu mjög eftir því, hversu til tekst og hvernig farið er með einkasöluréttinn. Skiptir þá líka miklu máli, að þannig sé um búið, að sem minnst hætta sér á tortryggni meðal almennings í garð skipulagsins eða þeirra, sem þar hafa forustu, og er það almenn staðreynd, sem naumast verður um deilt.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er á ýmsan hátt nánar ákveðið en verið hefur um meðferð þess valds, sem ríkisstj. var fengið með lögunum frá 1940, um sölu og útflutning sjávarafurða. Samkvæmt því, þ. e. a. s. þessu frv., ber ráðh. að skipa þriggja manna útflutningsnefnd sjávarafurða, er hafi með höndum veitingu útflutningsleyfa, en um löggildingu útflytjenda svo og um greiðslu kostnaðar við framkvæmd laganna o. fl. má ákveða í reglugerð. Nefndin skal og samkv. frv. hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja sjávarafurðir á nýja markaði eða auka sölu þeirra á eldri mörkuðum. Um starfsemi n. og skyldur útflytjenda gagnvart henni eru svo nánari ákvæði í 1., 2. og 3. gr. frv. Í 4. gr. er heimilað að láta starfsemi n. taka til fleiri vara en sjávarafurða. Í 6. gr. eru sektarákvæði. Og með 7. gr. eru, ef frv. verður að lögum, lög nr. 11 12. febr. 1940 felld úr gildi, þ. e. a. s. lögin, sem ég gat um áðan, um sölu og útflutning á vörum.

Sjútvn. hefur haldið nokkra fundi um málið og sent það ýmsum aðilum til umsagnar, og skal ég um það vísa til nál. meiri hl. á þskj. 298. Niðurstöður þessara umsagna eru ekki samhljóða um afstöðu til frv., og er skýrt frá því nánar í nál., hverja afstöðu hver einstakur aðili, sem leitað var umsagnar hjá, hefur tekið til frv. Hins vegar hefur hv. minni hl. látið prenta kafla úr flestum þessara umsagna á þskj. 309.

Eins og tekið er fram í nál., hafa ýmis þar til greind samtök útflytjenda svo og Landssamband ísl. útvegsmanna mælt gegn frv. Það virðist yfirleitt gert með þeim rökum, að ekki sé heppilegt að breyta því útflutningsskipulagi, sem nú er. Hins vegar er því haldið fram af sumum aðilum í þessu sambandi, að í frv. sé ekkert nýtt, aðeins endurtekning þess, sem nú sé í lögum. Þetta hvort tveggja fær hins vegar varla staðizt samtímis. Sannleikurinn er sá, að það er á valdi ríkisstj. samkv. gildandi lögum t. d. að löggilda fleiri en einn útflytjanda í saltfiskverzluninni. En ríkisstj. hefur talið rétt að leggja nú fyrir Alþingi frv. til nýrra laga, þar sem nánar sé ákveðið um meðferð þess valds, sem henni er fengið með lögunum frá 1940, og um að fela það að verulegu

leyti stjórnskipaðri nefnd, sem hafi það hlutverk að sinna sérstaklega þessum málum.

Þessu er meiri hl. sjútvn. samþykkur, enda er það út af fyrir sig fullkomlega eðlilegt, að ríkisstj. láti endurskoða lög, sem sett voru fyrir 16 árum og þá á óvenjulegum tímum.

Ég get ekki heldur séð, að í grg. þeirra aðila, sem látið hafa nefndinni í té slíkar grg. um kosti og galla einkasölu og frjálsrar sölu afurða úr landi, felist rök gegn því frv., sem hér liggur fyrir.

Niðurstaðan er því sú, að meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt, og skal ég svo ekki hafa um það fleiri orð að sinni.

Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen): Herra forseti. Ég þarf ekki af hálfu okkar minnihlutamanna í sjútvn. um þetta mál að hafa langa framsögu. Við höfum í alllöngu nál. gert grein fyrir afstöðu okkar til málsins, eins og það liggur nú fyrir, og niðurstaðan hjá okkur hefur orðið sú að leggja til við hv. deild, að þetta frv. yrði afgr. með rökstuddri dagskrá, og það er byggt á tveimur atriðum þessa máls, sem ég skal síðar koma að.

Eins og í nál. getur og raunar í nál. beggja aðila, var þetta frv. að frumkvæði okkar sjálfstæðismanna í sjútvn. sent til umsagnar tíu aðila, og okkur þótti rétt til þess að styrkja frásagnir um niðurstöður þessara umsagna að birta útdrátt úr þeim sem fylgiskjal með nál.

Niðurstaðan er þá sú, að einn aðili, sem gaf umsögn um frv., sem sé Alþýðusamband Íslands, mælir með samþykkt þess. Síldarútvegsnefnd telur hagkvæmast, að sala og útflutningur síldar verði áfram eins og verið hefur um skeið í höndum eins aðila, sem sé að ekki verði breytt til frá því fyrirkomulagi, sem verið hefur á um þetta. Þriðji aðilinn, sem er Samband ísl. samvinnufélaga, telur heppilegast, að minnst tveir útflytjendur séu löggiltir til þess að hafa á hendi útflutning sjávarafurða. En allir hinir aðilarnir, sjö að tölu, mæla gegn samþykkt frv.

Ég vil í sambandi við umsögn Sambands ísl. samvinnufélaga strax geta þess, að mér hafa borizt um það ábyggilegar frásagnir, að það muni á þessu ári eins og að undanförnu ætla að fela sambandi ísl. fiskframleiðenda sölu á öllum sínum saltfiski, svo að eftir því að dæma virðast sakir í því efni standa þannig nú, að Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda muni á þessu ári hafa á hendi sölu alls útflutts saltfisks frá landinu. Þetta byggist á því, að allir þeir, sem framleiða saltfisk, hafi sameinazt um það á þessu ári sem að undanförnu að fela þessum félagssamtökum framleiðendanna alla sölu saltfisksins. Og ég vil geta þess í sambandi við það, sem hv. frsm. meiri hl. minntist hér á, að þetta fyrirtæki hefði sætt að undanförnu nokkurri gagnrýni í sambandi við það umboð, sem það hefur haft til einkasölu á saltfiskinum, að þá má á það benda, að þeirri gagnrýni er vel og rækilega svarað með þeim samtökum, sem nú hafa með frjálsum hætti verið mynduð um að fela sambandinu að hafa á hendi alla saltfisksöluna á þessu ári.

Þá skal ég víkja að þeim tveimur atriðum, sem við minnihlutamenn í sjútvn. byggjum á niðurstöður okkar.

Það orkar ekki tvímælis, að það frv., sem hér liggur fyrir um útflutning sjávarafurða, felur ekki í sér neina aukna heimild til handa ríkisstj. til afskipta af þessum málum frá því, sem nú er í lögum, enda hefur ríkisstj. mjög víðtæka heimild í þessu efni. Það er engu bætt við í þessu frv. og heldur ekki að neinu leyti skert sú heimild, sem ríkisstj. hefur í þessu efni.

Á einum fundi, sem rætt var um þetta mál í sjútvn., mætti hæstv. sjútvmrh. þar, og n. ræddi mjög ýtarlega við hann um málið. Viðurkenndi hann þar alveg fullkomlega, að ríkisstj. hefði að öllu leyti þær heimildir nú í þessu efni, sem í þessu frv. felast. Það getur því ekki orkað neinum ágreiningi.

Að þessu leyti til er frv. algerlega óþarft. Allar þessar heimildir, sem þarna er um að ræða, hefur ríkisstj., enda kemur það greinilega fram í þeim umsögnum, sem n. hafa borizt um þetta mál, að gagnrýnin gagnvart þessu frv. tekur ekkert til þeirrar hliðar málsins, enda var það heldur ekki hægt. Þeir, sem áður felldu sig við að hlíta þessum afskiptum ríkisstj., hlutu vitanlega einnig að gera það nú, þar sem engu var breytt.

Gagnrýnin snýst um allt annað, og það er þá annar þátturinn, sem við byggjum á afstöðu okkar til þessa máls. Gagnrýnin snýst að því, að í grg. fyrir þessu frv. er því beinlínis lýst yfir, að nú verði eftirleiðis breytt um stefnu í framkvæmd ríkisstj. í þessum málum. Ríkisstj. hefur að undanförnu látið framleiðendurna vera alveg sjálfráða um það, hvaða form þeir veldu þeim félagssamtökum sínum, sem hafa haft söluna með hendi, og þannig er það, að í tveimur tilfellum hafa félagssamtök haft einkasölu á vissum tegundum. Annars vegar er síldarútvegsnefnd, sem flytur út og selur alla saltsíld, hún hefur haft til þess einkaleyfi. Hins vegar er Samband ísl. fiskframleiðenda, sem haft hefur með hendi einkasölu á öllum saltfiski. Þessi ákvörðun þeirra, sem að þessu standa, og óskir hafa ekki að neinu leyti verið skertar af áhrifavaldi ríkisstj. að undanförnu, heldur veittur stuðningur til þess að tryggja framleiðendunum þessa tilhögun með því að láta þessum fyrirtækjum í té leyfi til einkaútflutnings og sölu.

Nú er það mjög skýrt fram tekið í grg. þessa frv., að með því sé fyrst og fremst gengið inn á nýja braut og að samkvæmt þessu fyrirkomulagi fær enginn útflytjandi einkarétt á útflutningi neinnar vörutegundar, en hverjum sem vill gefst kostur á að sýna hæfni sína og möguleika þá, sem fyrir hendi eru. Það er þessi íhlutun, sem hér er boðuð af hálfu ríkisstj., sem hefur vakið andúð og mótmæli framleiðendanna, sem að þeim félagssamtökum standa, sem hafa á hendi sölu þessara vara. Það er þessi boðskapur, að nú skuli tekinn af þeim rétturinn til þess að velja fyrirtækjum sínum það söluform, sem þeir telja að skapi þeim sterkasta aðstöðuna á erlendum markaði til þess að selja framleiðsluna. Þessi erlendi markaður fyrir þessa einhæfu framleiðslu okkar Íslendinga er allþröngur víðast hvar og margir, sem keppa þar við okkur með sams konar vörur, og þess vegna hafa framleiðendurnir af langri reynslu komizt að þeirri niðurstöðu, að þegar svona sérstaklega stendur á, sé heppilegra og

raunhæfara fyrirkomulag, að einn aðili standi að sölu varanna, heldur en að hún sé á hendi fleiri manna, sem máske eru þá ekki svo samstilltir um það að haga framboði og öðru þannig, að það geti ekki skapað erlendis rangar hugmyndir um það magn, sem hér geti verið árlega á boðstólum. Og þó að ríkisstj. hafi heimild og beiti henni til þess að ákveða lágmarksverð á sölunni, þá nær það ekki nema að takmörkuðu leyti *tilgangi sínum, því að þetta fyrirkomulag* á þeim þrönga og einhæfa markaði, að margir bjóði sömu vöruna, getur skapað kaupandanum rangar hugmyndir um það, hvað sé hér mikið á boðstólum, og þá að sjálfsögðu leiða þeir hugann að því, hvort þeir geti ekki fengið betra verð, fengið verðið lækkað, ef framboðið sé máske meira en þröng takmörk markaðarins krefja á hverjum tíma.

Þetta er nú svona, að þetta hefur orðið reynslan og niðurstaðan hjá útflytjendum þessara vara, og á þessum grundvelli er reist það fyrirkomulag, sem þeir nú hafa á sölu varanna.

Um freðfiskinn er það að segja, að það eru hér um bil að heita má eingöngu tveir aðilar, sem hafa hann á boðstólum, og þessir aðilar hafa auk þess samband sín á milli, svo að með því fyrirkomulagi, að þeir standi einir að framboðinu, á það að vera alveg tryggt, að ekki geti komið upp hjá kaupandanum rangar hugmyndir um það, um hvað mikið magn sé að ræða, sem sé til framboðs á hverju ári af þessum vörum, auk þess sem þeir að sjálfsögðu haga samstarfi sínu þannig, samband hraðfrystihúsanna og Samband ísl. samvinnufélaga, að stilla verðinu upp í félagi, svo að ekki geti hlotizt af því neitt undirboð eða breyting á verðinu, önnur en sú, sem alveg er óhjákvæmileg af markaðsástæðum á hverjum tíma.

Það er stefnubreytingin í þessu frv., að hér er boðað beinlínis, að hvernig sem framleiðendurnir líti á það, þá eigi enginn útflytjandi að fá einkarétt til útflutnings, og þetta tekur þá, eins og sakir standa núna, fyrst og fremst til síldarútvegsnefndar og sölusamlags íslenzkra saltfiskframleiðenda.

Nú sé ég það í nál. meiri hl., að þeir telja það þar, að heppilegast muni vera að því er snertir síldarútvegsnefndina, að þar verði í engu breytt frá því, sem verið hefur, og leggja það beinlínis til, og hv. frsm. meiri hl. áréttaði þetta einnig nú í sinni ræðu.

Einnig er það víst, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að samband íslenzkra saltfiskframleiðenda muni verða eitt um framboðið á fiskinum á þessu ári, eftir því sem upplýsingar, að ég ætla nokkuð ábyggilegar, liggja fyrir um.

Hér verður því annaðhvort að ske, að horfið verði frá því ráði, sem boðað er í grg. frv., að enginn einstakur aðili fái einkarétt, og þetta tekur þá líka til sambands íslenzkra saltfiskframleiðenda, ef þeir nú hafa sjálfir allt í sínum höndum, alla framleiðslu saltfisksins, — þá verður annaðhvort að ske, að ríkisstj. hverfi frá eða réttar sagt sjútvmrh., sem falin eru í þessu frv. öll völd í þessum málum, hverfi frá því, sem hann boðar hér í grg., eða þá að hann fari að beita valdi sínu, og sé ég nú ekki vel, hvernig slíkt valdbeiting geti orðið gagnvart sölusamlagi íslenzkra saltfiskframleiðenda, ef allir standa nú þar eins og einn maður. Hins vegar má segja máske, að hann hafi frekar vald á síldarútvegsnefnd, og það verður þó að sjálfsögðu örðugt líka, því að eftir því sem ég bezt veit og fram kemur í álitum frá tveimur félögum síldarsaltenda hér, þá leggja þeir á það höfuðáherzlu, að aðstaða síldarútvegsnefndar til einkaútflutnings verði ekki skert.

Hér er þess vegna ekki hægt að samrýma þá aðstöðu, sem þessi félög hafa nú, við þessa yfirlýsingu, sem gefin er í grg. fyrir þessu frv., og við, sem að þessu nál. stöndum, væntum þess að sjálfsögðu, að ekki verði gripið til þess óheillaráðs, eins og fram kemur í okkar nál., að fara að taka fram fyrir hendur framleiðendanna í þessum málum og leyfa þeim ekki að ákveða það söluform, sem þeir telja hagsmunum sínum bezt borgið með.

Við höfum þess vegna með tilliti til þess, hvernig ástatt er með þetta hvort tveggja, lagt til, að málið yrði afgr. með rökstuddri dagskrá, sem er svo hljóðandi:

„Þar sem ríkisstj. hefur í gildandi lögum og reglugerð allt það vald í þessum málum, sem í frv. felst, og að telja verður varhugaverða þá nýju stefnu í framkvæmd þessara mála, sem boðuð er í grg. frv., þ. e. a. s. að leyfa framleiðendum ekki að ákveða það söluform, sem þeir telja hagsmunum sínum bezt borgið með, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Við, sem að þessu nál. stöndum, erum ekki í neinum vafa um, að það væri gengið inn á mjög varhugaverða braut, ef nokkuð væri gert til þess að stöðva þá þróun, sem verið hefur í þessu núna á undanförnum áratugum, að framleiðendurnir sjálfir hafi þessi mál, útflutningsmál og sölumál, í sínum eigin höndum og að þeir fái að ráða því, eftir því sem löng reynsla hefur kennt þeim, hvaða form þeir velja þessum samtökum sínum, til þess að tryggja þeim sem beztan árangur, að því er snertir það verð, sem fyrir afurðirnar fæst.

Ég tel svo ekki þörf á því af hálfu okkar í minni hl. að hafa fleiri orð um þetta að svo stöddu, nema því aðeins, að það gefist að nýju tilefni til þess.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Eins og tilgreint er í nál. meiri og minni hl. sjútvn. á þskj. 298 og 309, var frv. það, sem hér er tekið til umr., sent til umsagnar tíu aðilum, sem ríkra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við sölu sjávarafurða á erlendum mörkuðum. Allir hafa þessir aðilar látið n. í té umsagnir sínar, og eru margar þeirra mjög ýtarlegar. Eru þær allar prentaðar, að því leyti sem mestu máli skiptir, sem fylgiskjöl með nál. okkar í minni hl. á þskj. 309.

Sjö þessara aðila gera annað tveggja í umsögnum sínum að mæla gegn samþykkt frv. eða telja, að engin ný ákvæði séu þar fyrir hendi, sem ekki eru í löggjöf um sölu og útflutning á vörum frá 12. febr. 1940, og telja því frv. óþarft.

Síldarútvegsnefnd, sem eingöngu ræðir um útflutning saltsíldar, telur æskilegt, að það fyrirkomulag, sem verið hefur undanfarna rúma tvo áratugi, verði með sama hætti framvegis, að

henni verði falin sala saltsíldar eins og verið hefur.

Alþýðusamband Íslands mælir hins vegar með samþykkt frv., og Samband ísl. samvinnufélaga telur í umsögn sinni, að heppilegt sé, að minnst tveir útflytjendur séu löggiltir til að hafa á hendi útflutning og sölu sjávarafurða.

Í aths. með frv. segir, með leyfi hæstv. forseta, á þskj. 193:

„Nú um nokkurt skeið hafa heyrzt mjög háværar raddir um, að breytinga væri þörf á því fyrirkomulagi, sem gilt hefur um sölu og útflutning sjávarafurða. Bera þær greinilega vott um allmikla óánægju, er skapazt hefur um ýmsa þætti í framkvæmd þessara mála, enda því nær eingöngu komnar frá þeim framleiðendum sjávarafurða, er mestra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við þessi viðskipti."

Síðan er getið um þá aðila, sem annast þessa sölu og útflutning, og síðan segir:

„Þetta fyrirkomulag hefur, eins og fyrr er sagt, ekki þótt gefast vel. Með þessu frv. er því gengið inn á nýja braut."

Þetta eru aths. með frv. frá hæstv. ríkisstj.

Ég leyfi mér að mótmæla því, að heyrzt hafi mjög háværar raddir um, að breytinga væri þörf á því fyrirkomulagi, sem gilt hefur um sölu og útflutning sjávarafurða. Sömuleiðis ber að andmæla þeirri fullyrðingu í grg. með frv., að það fyrirkomulag, sem nú gildir um sölu og útflutning sjávarafurða, hafi ekki þótt gefast vel.

Þó að við í minni hl. sjútvn. höfum allrækilega rökstutt till. okkar um frávísun á frv. í nál. á þskj. 309 og vitnað þar í umsagnir hinna ýmsu félagasamtaka máli okkar til stuðnings, vil ég þó segja hér nokkur orð til viðbótar.

Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda var stofnað á miðju ári 1932, eftir að mestu hörmungatímar höfðu gengið í sambandi við sölu á saltfiski og riðið mörgum fiskframleiðendum þá að fullu. Ég minnist þess, að á árinu 1931 voru send frá Breiðafirði til Ítalíu 2700 skippund af léttverkuðum smáfiski í umboðssölu, með því að engin leið var að fá fiskinn seldan á föstu verði. Voru háværar raddir á meðal kaupenda á Ítalíu um, að fiskbirgðirnar hér á landi væru miklu meiri en raun var á. Af þessari ástæðu héldu kaupendur að sér höndum og vildu ekki kaupa á föstu verði, þar sem þeir óttuðust verðfall. Aðalorsakir þessara fullyrðinga hinna erlendu kaupenda um óeðlilegar fiskbirgðir hér á landi og ótta þeirra um að kaupa fiskinn föstu verði voru þær, að margir seljendur voru með sama fiskmagnið í framboði við hina erlendu kaupendur. Þegar sala þessara 2700 skippunda af smáfiski var endanlega gerð upp, fékk seljandinn 26 kr. fyrir skippundið, sem voru aðeins ⅝ hlutar eða 40% þess verðs, sem Sölusamband ísl. fiskframleiðenda seldi sams konar fisk á, strax og það tók til starfa.

Það, sem mælir gegn því, að of margir aðilar séu að bjóða sömu framleiðsluvöruna á erlendum markaði, og er sama hvort um er að ræða saltfisk, saltsíld, frystan fisk eða aðrar sjávarafurðir, er hættan, sem af því leiðir, að hinir erlendu kaupendur þori ekki að festa kaup af þeirri ástæðu, að þeir óttast, að miklu meira vörumagn sé á boðstólum en raunverulega er. Getur þetta framboð margra manna á sama vörumagni orðið þess valdandi, eins og með smáfiskinn frá Breiðafirði 1931, að kaupendur þori ekki að festa kaup vegna rangra hugmynda um offramleiðslu og af ótta við verðfall í því sambandi.

Ég tel, að frv. það frá hæstv. ríkisstj., sem hér er til umr., geti, ef það verður lögfest, orsakað sams konar öryggisleysi með sölu og útflutning sjávarafurða og átti sér stað með saltfiskinn 1931.

Ég held, að það sé ekki ofmælt, að almenn ánægja sé ríkjandi með störf síldarútvegsnefndar, enda má segja, að öll sjútvn. sé sammála um það. Í nál. hv. meiri hl. sjútvn. á þskj. 298 segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Um síldarútvegsnefnd vill meiri hlutinn taka það fram sérstaklega, að hún hefur að verulegu leyti sérstöðu sem opinber stofnun, enda gerir meiri hl. ráð fyrir því, að heppilegast reynist, að hún starfi áfram á svipaðan hátt og verið hefur, sbr. lög nr. 74/1934."

En þó að hv. meiri hl. sjútvn. beri þessa frómu ósk fram í nál. sínu, getur hæstv. ráðh. eftir sem áður kollvarpað öllu starfi síldarútvegsnefndar eða látið væntanlega útflutningsnefnd sjávarafurða annast það.

Ég held, að óhætt sé að fullyrða, að enginn síldarsaltandi óski breytinga á því fyrirkomulagi, sem nú gildir um sölu og útflutning á saltsíld. Það hefur sýnt sig, að þetta fyrirkomulag hefur tryggt bæði sjómönnum, útvegsmönnum og saltendum meira öryggi í framleiðslu og sölu saltsíldar á erlendum markaði en áður þekktist.

Sá háttur, sem síldarútvegsnefnd hefur haft, allt frá því að hún tók til starfa á árinu 1935, að selja fyrir fram mestan hluta framleiðslunnar, hefur fært okkur heim þau sannindi, að allir þeir aðilar, sem hagsmuna hafa að gæta í sambandi við sölu saltsíldarinnar á erlendum markaði, hafa öðlazt meira öryggi með framleiðslu þessarar vörutegundar en áður átti sér stað.

Áður en síldarútvegsnefnd var stofnuð, lifðu síldarsaltendur í algeru öryggisleysi með sölu síldarinnar, sérstaklega ef veiði var góð og mikið var saltað. Eru mörg sorgleg dæmi frá hinum stóru síldarárum, er mikið var saltað, án þess að sala væri jafnframt tryggð á framleiðslunni.

Þessi háttur í framleiðslu síldarinnar orsakaði oft stórkostlegt verðfall á henni, þar sem hinir erlendu kaupendur höfðu í fullu tré við síldarsaltendur hér heima, með því að þeir voru sér þess meðvitandi, að saltendur áttu ekki margra kosta völ og neyddust því í flestum tilfellum til að selja þeim framleiðsluna á stórkostlega lækkuðu verði og með miklu tapi.

Margs konar fyrirgreiðslu hefur síldarútvegsnefnd fyrir saltendur, bæði með kaup á síldartunnum, salti og ýmsu öðru til söltunarinnar. Tel ég það mjög misráðið að hrófla við starfi síldarútvegsnefndar með því að gefa sölu á saltsíld frjálsa.

Sem útvegsmaður og eigandi vinnslustöðvar er ég meðlimur í nær öllum þeim félagssamtökum, sem útvegsmenn og vinnslustöðvar sjávarútvegsins standa að. Allt eru þetta frjáls samtök og opin öllum þeim, sem óska að gerast meðlimir

þeirra vegna atvinnurekstrar á sviði sjávarafurða. Hæstv. sjútvmrh. er einnig meðlimur í þessum samtökum fyrir fyrirtæki þau, er hann veitir forstöðu. Höfum við haft ánægjulegt samstarf innan þessara félagssamtaka, bæði á stjórnarfundum og aðalfundum þeirra. Aldrei hef ég með einu orði orðið þess var á þeim fundum, sem ég hef setið með hæstv. ráðh., að heyrzt hafi mjög háværar raddir um, að breytinga væri þörf á því fyrirkomulagi, sem gilt hafi um sölu og útflutning sjávarafurða. Ég minnist þess ekki, að nokkru sinni hafi verið raddir uppi um það innan Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna eða Skreiðarsamlagsins, að þörf væri breytinga á því fyrirkomulagi, sem þessi samtök vinna við. Þar hefur ríkt einhugur um nauðsyn þess, að þessi félagssamtök mættu starfa áfram með sama hætti og hingað til, enda veit ég, að hæstv. sjútvmrh., sem mætt hefur á aðalfundum þessara samtaka, auk þess sem hann er stjórnarmeðlimur í öðru þeirra, veit af eigin raun, að engar raddir hafa heyrzt um, að þetta fyrirkomulag hafi ekki þótt gefast vel.

Á undanförnum 10 árum hefur útgerð vélskipaflotans gengið mjög erfiðlega víðast hvar á landinu og þá sérstaklega í sambandi við síldveiðarnar norðanlands. Til skuldaskila fyrir vélbátaeigendur var stofnað með lögum frá 1935 og í annað sinn með lögum frá 1950. Gera má ráð fyrir, að ekki verði langt að bíða þriðju skuldaskilanna fyrir vélbátaeigendur og þá ekki ólíklegt, eins og nú horfir, að togaraeigendur þurfi á sams konar aðstoð að halda.

Ef nú til viðbótar þeim miklu erfiðleikum, sem útvegsmenn hafa átt við að etja mörg undanfarin ár vegna aflaleysis og annarra vandræða í sambandi við útgerðina, á að svipta þá ráðstöfunarrétti á sölu afurðanna, virðist of langt gengið.

Hæstv. sjútvmrh. hefur um langt árabil haft togaraútgerð með höndum, auk þess sem hann veit glögg skil á útgerð vélbáta. Hann veit hug þeirra manna, sem útgerð og vinnslu sjávarafurða hafa með höndum, til frv., enda kemur hann berlega fram í umsögnum þeim um frv., sem borizt hafa sjútvn. frá hinum frjálsu samtökum útgerðarmanna og vinnslustöðva.

Ég verð að lýsa undrun minni yfir meðmælum hv. þm. Siglf. (ÁkJ) með samþykkt frv. á þskj. 298, sérstaklega eftir þær umræður, sem fram fóru í sjútvn. milli hans og hæstv. sjútvmrh., sem mættur var á fundinum. Marglýsti hv. þm. Siglf. yfir því við hæstv. ráðh., að frv. væri með öllu óþarft og ekki til þess fallið að koma á betri skipan en nú er á sölu og útflutningi sjávarafurða.

Eins og tekið er fram í nál. okkar minni hl. á þskj. 309, munum við, þá er séð er, að knýja á frv. fram þrátt fyrir andmæli þeirra félagssamtaka, sem hafa sölu og útflutning sjávarafurða með höndum, flytja við 3. umr. frv. brtt. við 1. og 2. gr. þess.

Ólafur Thors: Herra forseti. Ég hef við 1. umr. þessa máls fært allskýr rök að því, hvers vegna ég framkvæmdi eins og ég hef framkvæmt þær heimildir, sem nú eru í gildandi lögum, og ég skal ekki tefja þessar umræður með því að endurtaka það. Ég tel, að ég hafi gert mína skyldu með því að gefa þær skýrslur, sem ég þá gaf, þar sem ég varaði við því, sem nú er fyrirhugað. Ef mínar aðvaranir verða ekki teknar til greina, þá sætti ég mig við það, eins og aðrir menn verða að gera hér á hv. Alþ., en ég hef þó gert skyldu mína.

Hv. þm. Borgf. (PO) og hv. þm. Snæf. (SÁ) hafa báðir — bæði í ýtarlegu nál. og með mjög greinargóðum málflutningi hér — skýrt mönnum frá sínum skoðunum í málinu, og ég hef í sjálfu sér litlu við það að bæta. Ég er alveg sammála þeim og tel, að þeirra rök séu sterk, haldgóð, enda ómótmælt.

Ástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér hljóðs, er ekki sú, að ég vilji gera neina tilraun til að seinka meðferð þessa máls. Ég tel jafnvel til bóta, að ef þetta á að ná fram að ganga, þá nái það fyrr en síðar lögfestingu, svo að óvissan, sem ríkir í þessum málum, skaði okkur ekki meira en nauðsyn krefur. Ég get ekki dulið ótta minn um afleiðingar frv. í framtíðinni. En ef menn, eins og ég segi, vilja ekki meta þau rök, sem ég hef fært fram, þá er ekkert við því að segja. Ég bæti aðeins því við, að ég tel, að dráttur á málinu geti skaðað okkur enn meira, því að ég hygg, að það sé þannig komið högum sjávarútvegsins og fjármálalífi þjóðarinnar, að við þurfum að selja okkar vörur fyrr en síðar. En það er áreiðanlega víst, að meðan hinn erlendi kaupandi veit ekki, hvernig þessu máli reiðir af, né getur gert sér grein fyrir þeim nýju viðhorfum, sem þá skapast, mun fremur af því leiða sölutregðu en hitt.

Ég kvaddi mér þess vegna ekki hljóðs til þess að hefja hér með málalengingum neinar tilraunir til að tefja framgang þessa máls. Aðeins vildi ég leyfa mér að beina þeirri fsp. til hæstv. sjútvmrh., hvort hann enn treysti sér að staðhæfa það, sem hann áður staðhæfði og greinilega kemur fram í grg. frv. sjálfs, að það sé mjög megn og almenn óánægja með þá skipan málanna, sem fram að þessu hefur ríkt, og að þessarar óánægju gæti mest hjá þeim, sem mest eiga undir, að vel fari um sölu afurðanna. En hæstv. ráðh. rökstuddi þessi ummæli fyrst og fremst með þeirri óánægju, sem ríkti í garð þeirra, sem fara með saltfisksöluna.

Nú liggur það fyrir, eins og hv. minnihlutamenn hafa báðir skýrt frá, að saltfiskframleiðendur virðast einhuga um að breyta í engu til, a. m. k. á þessu ári, frá þeirri skipan, sem fram að þessu hefur ríkt. Lög Sölusambands ísl. fiskframleiðenda eru þannig, að þeir meðlimir félagsins, sem ekki tilkynna fyrir 1. marz árlega, að þeir óski ekki eftir að vera meðlimir, eru af sjálfsdáðum meðlimir án nokkurra frekari ráðstafana. Og ég hef um það rétta vitneskju frá hv. þm. Borgf. o. fl., að þessa tilkynningu hefur ekki einn einasti fiskframleiðandi gefið. Nú spyr ég hæstv. ráðh.: Er það nú líklegt, ef jafnalmenn óánægja ríkti í þessum efnum, að enginn, ekki einn einasti fiskframleiðandi óskaði eftir að vera laus með sína vöru? Er það hugsanlegt, að það geti átt sér stað? Ég þarf ekki að spyrja. En hvaða galdramenn eru það, sem halda þarna um stjórn-

völinn, ef enginn, sem er sáróánægður með meðferð málanna, hefur djörfung til þess að segja: Ég vil heldur vera laus. — Það er þó sannarlega enginn glæpur, ef ég á vöru og treysti ekki þeim, sem er að selja hana, fyrir góðri meðferð minna mála, eða trúi kannske bara á aðra skipan án nokkurs mats á mönnunum, sem þar eru að verki, — það er sannarlega enginn glæpur, þó að ég segi: Ég vil heldur vera laus, ég vil reyna nýja skipan. — Ég segi: Er til öruggari vitneskja um það, að mennirnir, sem hér eiga allt í húfi, trúa ekki á nýja skipan málanna, en biðja þvert á móti um afskiptaleysi Alþingis af þessum málum, enda er það dómur minn a. m. k. sem kunnugs manns þessum málum, að það fylgi viss og kannske nokkuð mikil hætta þeirri óvissu, sem nú á að innleiða í þessum efnum. Þessari fsp. leyfi ég mér að beina til hæstv. ráðh.

Ég leyfi mér að beina þeirri smáfyrirspurn til hv. frsm., hvort hann geti gefið mér á því skýringar, að í bréfi, sem Samband ísl. samvinnufélaga hefur skrifað n., sjútvn., segir Sambandið: Ég tel farsælast, að hér séu a. m. k. tveir útflytjendur, m. a. á saltfiski. — Ef þetta er skoðun Sambandsins, og hér eru engin aular að verki, — þetta eru þrautreyndir og mjög hæfir viðskipta- og verzlunarmenn, hvernig stendur þá á því, að þeir gerðu ekki ráðstafanir til þess að vera lausir með sinn saltfisk á árinu 1957? Ef það er rétt og nauðsynlegt, að það séu tveir söluaðilar, því er það þá ekki rétt á árinu 1957, eins og það er rétt á árinu 1958? Og ég leiði athygli hv. frsm. n. að því, að þegar Sambandið er búið að gefa þessa umsögn, að það sé heppilegast, að það séu tveir aðilar, þá ekki aðeins lætur það undir höfuð leggjast að losa sinn fisk með einfaldri tilkynningu til Sölusambands ísl. fiskframleiðenda um það, að það óski eftir að vera laust með sína vöru, heldur gerir það þvert á móti jákvæðar ráðstafanir til að tilkynna fisksölusamlaginu, að þeir óski ekki eftir að vera lausir, þeir ætli að halda áfram að vera þátttakendur. Getur hv. þm. gefið mér skýringu á þessu? Ég get í raun og veru sjálfur enga skýringu fundið aðra en þá, að þeir, sem bera ábyrgð á hagsmunum útflytjenda, segi: Við viljum ekki hætta á breytingu á þessari skipan. Við teljum ríkjandi skipulag að öllu þessu athuguðu farsælast. Við teljum það kannske það eina, sem sé æskilegt. — Það sé þess vegna þeirra vilji, að engu verði breytt frá því, sem er. Hins vegar hafi þeir — kannske fyrir áhrif annarra, sem síður þurfa að gæta hagsmuna fiskframleiðendanna og hafi fleiri tillit að taka, t. d. pólitískt tillit — látið til leiðast að svara, að þeir vilji helzt hafa tvo.

Mennirnir, sem bera ábyrgðina á fisksölunni, segja: Jú, í orði viljum við hafa tvo, en við gerum bara samtímis ráðstafanir til þess, að við getum ómögulega verið annar þeirra, því að við bindum okkur hjá fisksölusamlaginu. Er til skýrari umsögn um þetta? Er til gleggri vottur um innri mann, er til gleggri vottur um ábyrgðartilfinningu og þekkingu þeirra manna, sem þarna eru að tala?

Ég hef náttúrlega margt annað um þetta mál að segja. Ég hef þó sagt það, sem mér finnst mestu máli skipta. Ég aðvara gegn því, sem í uppsiglingu er. Ég hef gert skyldu mína með að aðvara með þeim rökum, sem mér hafa fundizt réttust; hvort sem mér hefur auðnazt að leggja þau fram jafnskýrt og hægt er kannske með nánari undirbúningi undir slíkan málflutning. Ég gerði það við 1. umr. Minir flokksbræður hafa gert það hér í dag á þann hátt, sem ég tek undir. En málþóf um málið tel ég til bölvunar. Ég óska aðeins eftir skýringum á þessum atriðum. Annað, sem á milli bar, hafði ég talað um við hæstv. sjútvmrh. hér við 1. umr. og að sönnu ekki fengið svör, en ég fæ áreiðanlega heldur engin svör um það nú.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það hefur nú verið, frá því að þetta mál fyrst var lagt hér fyrir hv. Alþ., heldur einkennileg máltúlkun frá hálfu sjálfstæðismanna í sambandi við þetta mál. Þeir hafa jöfnum höndum sagt, að í þessu frv. fælist ekkert nýtt og því í rauninni væri með öllu þýðingarlaust að samþykkja frv., en að hinu leytinu aðvara þeir svo þunglega við því að samþ. þetta frv., sem ekki breytir út af fyrir sig að þeirra áliti nokkrum sköpuðum hlut. Þetta eitt út af fyrir sig er auðvitað harla einkennilegt.

Síðan hefja þeir upp mikinn áróður — ekki aðeins hér á Alþ., heldur einnig utan þings — um það, að nú standi til að svipta útvegsmenn sjálfsforræði í sambandi við afurðasölumálin, nú eigi að taka af þeim þann rétt, sem þeir hafa haft til þess að skipuleggja sig í sölufélögum og hafa með sölu á sínum afurðum að gera.

Nú vita þessir menn, sem þessum áróðri hafa haldið uppi, að þetta er með öllu rangt. Ekkert slíkt felst í því frv., sem hér liggur fyrir, og ekkert slíkt felst heldur í grg. fyrir frv., en ég hef hér á Alþ. hvað eftir annað gefið yfirlýsingar um alveg hið gagnstæða. Ég hef beinlínis lýst því yfir, eins og auðveldast er að sanna með því að tilfæra hér kafla úr mínum ræðum, að það væri ekki hugmyndin með hinu nýja skipulagi í sambandi við sölu á sjávarafurðum að skerða á neinn hátt samtök fiskframleiðenda frá því, sem verið hefur með gildandi reglum, eða að ganga á eðlilegan rétt þeirra til þess að geta farið með sölu á afurðum sinna meðlima, aðeins þetta, að félagssamtökin byggju öll við alveg sérstök kjör, sem önnur framleiðendasamtök hafa ekki getað fengið sér til handa.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir því að gera aðstöðu hliðstæðra framleiðendafélaga alveg sambærilega.

Þegar hv. þm. Snæf. (SÁ) minnist hér á framleiðendasamtök, eins og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og samtök skreiðarframleiðenda, sem ég hafi setið á aðalfundum hjá og hafi starfað í, þá hefði hann gjarnan mátt minnast á það líka, að þessi stóru samtök búa við nákvæmlega það skipulag nú í dag í sambandi við sína afurðasölu, sem það frv., sem hér er til umræðu, gerir ráð fyrir að taka upp í öllum greinum, og því skipulagi verða þessi samtök að beygja sig fyrir í öllum aðalatriðum, sem ég hef hér túlkað að rétt væri að taka upp í öllum framleiðslugreinum. En S. Í. F., sem fer með saltfisksölumálin, hefur

notið hér algerra sérréttinda. Það hefur fengið einkaaðstöðu í sambandi við útflutning á saltfiski, sem hinir aðilarnir hafa ekki fengið, og þeir telja það alveg lífsskilyrði, að þeir hafi einir allra þetta einkasölufyrirkomulag, á sama tíma sem form. Sjálfstfl., sem fór áður með afurðasölumálin í ríkisstj., taldi enga nauðsyn á því að beita sér fyrir því eða koma því í gegn, að skreiðarsamlagið fengi einkasölurétt eða hliðstæðan rétt og saltfisksalan hefur nú í dag. Eða var það kannske það, að skreiðarframleiðendur í landinu óskuðu alls ekki eftir þessu skipulagi? Hafði það þá reynzt þannig í saltfiskinum, að þeir vildu alls ekki endurnýja það, þegar til skreiðarsölunnar kom?

Ég held fyrir mitt leyti, að það sé ofur eðlilegt, að saltfiskframleiðendur í landinu hafi með sér framleiðendasamtök eins og S. Í. F. Það er sjálfsagður hlutur. Ef saltfiskframleiðendur eru alveg einhuga um að fela þessum samtökum sölu *á allri sinni framleiðslu, þá mundu að sjálfsögðu* þessi samtök fá útflutningsleyfi og fá rétt til þess að selja allan saltfiskinn.

En það er nú ekki það, sem dugir samkvæmt kenningum þeirra sjálfstæðismanna. Það þarf að lögbinda það á einn eða annan hátt, að þessi félagssamtök hafi sérstöðu, þau eigi að hafa einkarétt, á sama tíma sem aðrir hafa það ekki. Ég tel enga þörf á þessu. Hitt tel ég miklu eðlilegra, að þeir, sem annast saltfisksöluna, búi þarna við hliðstæða aðstöðu og aðrir, verði að lúta sama eftirliti frá hálfu hins opinbera eins og aðrir og að þeir eigi að sætta sig við það.

Til þess að taka af allan vafa í þessum efnum, þykir mér rétt að lesa hér upp nokkur orð úr fyrri ræðum mínum um þetta mál. Í framsögu minni fyrir málinu komst ég m. a. að orði á þessa leið; þegar ég hafði rakið efni frv. og tilgang, þá sagði ég þannig: „Nú vaknar að sjálfsögðu sú spurning, hvort með þessu nýja skipulagi eigi að leggja niður þau sölusamtök framleiðenda, sem starfað hafa hér á undanförnum árum, eða hvort á einn eða annan hátt eigi að gera þeim ókleift um starf. Til þess er ekki ætlazt á neinn hátt í sambandi við þetta nýja skipulag. Að sjálfsögðu geta framleiðendur haft sín framleiðslusamtök, og þeir geta áfram unnið að sölu á sínum framleiðsluvörum. En þeir verða, í hverri greininni sem um er að ræða, að afla sér nauðsynlegra útflutningsheimilda, hafa fengið samþykki útflutningsstjórnarinnar fyrir verði og fyrir því, hvert selt er og með hvaða skilmálum selt er hverju sinni.“

Það er þetta, sem skreiðarframleiðendur og þeir, sem selja frosna fiskinn, verða að gera núna. Ég sagði enn fremur:

„Og þessi samtök, ef þau vilja taka að sér útflutninginn, verða að undirgangast það að veita þessum stjórnskipuðu aðilum allar þær upplýsingar, sem þeir óska eftir í sambandi við afurðasöluna.“

Það er vitanlega aðeins eðlilegur hlutur, um jafnþýðingarmikil mál og afurðasöluna, að þar áskilji hið opinbera sér rétt til þess að fylgjast með því, sem gert er, og hvort það er í samræmi við þjóðarhagsmuni. Og ég tel það mjög óeðlilegt, ef forustumenn slíkra samtaka sem þessara eru að skorast undan því að leggja fram gögnin á borðið við opinbera aðila eða vilja sýna það, svo að ekki verður um villzt, hvernig þeir vinna að þessum málum.

Ég sagði hér einnig í minni ræðu fyrr um þetta mál: „Það skipulag, sem hér er gert ráð fyrir, mundi vitanlega veita S. Í. F. rétt til þess að halda áfram saltfisksölu, svo lengi sem það getur rekið saltfisksölumálin á hinn heppilegasta hátt að dómi útflutningsnefndar og svo lengi sem þessi samtök vilja hlíta almennu eftirliti um sín mikilvægu störf.“

En því er vissulega ekki að neita, að það hefur allmjög borið á því, að þeir menn, sem fara með forustu í þessum samtökum, kveinki sér undan því, að opinbert eftirlit verði með þeirra störfum, og það tel ég, eins og ég hef sagt hér áður, merg málsins í þessum efnum, að þeir, sem hér hafa sig mest í frammi, eru að kveinka sér undan því, að haft sé eðlilegt opinbert eftirlit með þessari *starfsemi. Hér er ekki verið að taka* eðlilegan rétt af neinum

Ég hef einnig lýst því yfir hér í þessum umræðum áður, að það er síður en svo tilætlunin að fara að gefa nú öllum kost á því að taka svo að segja hömlulaust þátt í því að bjóða út á erlendum mörkuðum framleiðsluvörur Íslendinga og skapa þar þannig einhvern glundroða. Ég hef hins vegar sagt, að það væri mín skoðun, að jafnan ætti að hafa sem fæsta aðila í sambandi við útboð á þessum framleiðsluvörum okkar. Það væri að vísu heilbrigt að hafa þarna takmarkaða samkeppni til þess að skapa aðhald, en hitt væri ekki æskilegt, að þarna væru að verki allt of margir aðilar. Það er því alger blekking, sem reynt er hér að halda á lofti, að nú eigi að fara að umturna því skipulagi, sem hér hefur verið, og taka upp skipulagsleysi fyrri ára, með því að nú eigi að heimila öllum að komast inn í þessi sölumál og þannig að Íslendingar eigi að undirbjóða hver annan á erlendum mörkuðum. Þetta er algerlega rangt með farið.

Það er því sannast mála, að andstaða sú, sem fram hefur komið við þetta frv., er grundvölluð á röngum forsendum. Því hefur jafnan verið haldið fram í ýmsum samþykktum, sem gerðar hafa verið, að hér eigi að brjóta niður frjáls samtök framleiðenda. Þetta er rangt. Þetta er þveröfugt við það, sem lýst hefur verið hér yfir. Þetta er aðeins upptuggin áróðursaðferð af hálfu sjálfstæðismanna, sem eru að slást um allt annað. Þeir eru að reyna að koma ákveðnum aðilum undan því að þurfa að komast undir opinbert eftirlit með slík stórmál eins og þarna eru á ferðinni. Það er það, sem um er slegizt.

Þá spurði þm. G-K. að því, hvort ég vildi enn halda því fram, að það væri til staðar óánægja margra framleiðenda með það skipulag, sem ríkt hefur hér í afurðasölumálunum, eins og fram hefði komið áður í ræðu hjá mér og í grg. fyrir frv., nú, eftir að sýnt væri, að t. d. engir þeirra, sem eru í Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, hefðu sagt sig úr þeim samtökum nú fyrir 1. marz. Já, ég fullyrði það, að skoðun mín í þeim efnum er alveg óbreytt. Ég veit fyllilega vel um það og eins vel og hann um það af langri reynslu í þessum efnum, að það er mjög fjarri því, að

framleiðendur séu almennt ánægðir með það skipulag, sem er ríkjandi í afurðasölumálunum. Og þær samþykktir, sem gerðar hafa verið eða viðbrögð manna í þessum efnum afsanna ekkert af því, sem ég hef sagt um þetta. Mér hefði t. d. ekki komið til hugar í sambandi við þau fyrirtæki, sem ég hafði áður veitt forustu, þegar ég kom fram sem félagsmaður í Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, að segja þau fyrirtæki úr þessum framleiðendasamtökum. Ég álít, að þessi framleiðendasamtök eigi að vera. Ég álít, að þau eigi að starfa. Og mér hefði ekki komið til hugar að beita mér fyrir neinni úrsögn úr þeim og ekki úr neinum af þessum sölusamtökum. Vitanlega sannar það ekkert, þó að þau og önnur félagssamtök framleiðenda hafi ekki nú fyrir 1. marz sagt sig úr S. Í. F. En hitt er svo annað mál, að þessir aðilar geta eftir sem áður verið á þeirri skoðun, að S. Í. F. geti unnið að saltfisksölumálunum bæði á annan hátt en gert hefur verið og einnig eftir þeim reglum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir og grg. sú, sem því hefur fylgt, en sjá hins vegar ekki ástæðu til þess að vera með allt það brambolt, sem Sjálfstfl. hefur staðið fyrir til mótmæla í sambandi við þetta frv. Það er ábyggilegt, að það er líklega alveg einróma álit framleiðenda í landinu, að framleiðendasamtökin eigi rétt á sér og þau eigi að starfa. En hitt er svo annað mál, að það eru líka margir þeirrar skoðunar, að það þurfi að verða allverulegbreyting á framkvæmd þessara mála í höndum hinna einstöku framleiðendasamtaka frá því, sem verið hefur, og alveg sérstaklega í sambandi við framkvæmd þessara mála hjá S. Í. F., sem þó hefur, eins og ég hef einnig lýst hér yfir áður, gert margt vel í sambandi við sölumál saltfisks.

En það mun vera mjög almennt álit saltfiskframleiðenda, að S. Í. F. hafi ekki verið byggt upp eða ekki starfað nú um langan tíma sem eðlileg framleiðendasamtök, hafi verið um of byggt upp að ofan frá, frá mönnum, sem voru löngu komnir út úr raunverulegum hagsmunum þeirra, sem að framleiðslunni stóðu og framleiðsluna áttu.

Eitt aðalefni þessa frv., sem hér liggur fyrir, er það, að gert er ráð fyrir því með þessu frv., að lögskipuð verði þriggja manna nefnd, sem á að hafa í umboði ráðherra yfirstjórn með þessum afurðasölumálum. En framkvæmdin hefur verið sú, eins og ég hef lýst hér áður, að með þetta verkefni hefur farið einn einasti maður í umboði ráðherra. Ég tel, og ég er alveg sannfærður um það, að það er almennt skoðun framleiðenda, að verkefni þessa aðila hafi farið svo stórkostlega vaxandi á undanförnum árum, að það sé ekki forsvaranlegt að láta aðeins einn mann hafa með þessi mál að gera, að veita öll útflutningsleyfi og ráða um það raunverulega, hvort selt er til þessa lands eða hins í fjölmörgum tilfellum og hvort þetta eða hitt skilyrðið er sett í sambandi við þá sölu, sem fram er að fara. En nú er þessu svona fyrir komið um t. d. söluna á öllu fiskimjöli úr landinu, öllu lýsi og allri skreið og raunverulega miklum hluta af frosna fiskinum, að einn maður hefur með það að gera að veita útflutningsleyfi og líta eftir þessum málum í umboði ráðherra. Það er miklu eðlilegra að fela þetta viðtæka starf fastri nefnd þriggja manna, sem skapi sér fast form í þessum efnum, og er ég þó ekki að segja á neinn hátt með þessu, að sá maður, sem með þessi störf hefur farið, hafi unnið óeðlilega að þeim. En hitt er svo aftur augljóst mál, að það er engan veginn eðlilegt að fela svona víðtæk störf einum manni. Um þessi atriði þurfa vitanlega að skapast fastar og mótaðar reglur, og það er betra, að föst nefnd, sem vinnur í þessu frá ári til árs, hafi með þetta að gera, heldur en að það kerfi sé, sem nú er.

Þetta tel ég fyrir mitt leyti þýðingarmikla breytingu, og meðan ég hef sem ráðherra yfirstjórn þessara mála með höndum, tel ég miklu eðlilegra, að þannig sé haldið á málunum, heldur en eins og gert hefur verið.

Í beinu framhaldi af þessari skipulagsbreytingu kemur svo það, að til þess er ætlazt, að þessi þriggja manna nefnd, sem á að vera til ráðuneytis ráðherra þeim, sem hefur með yfirstjórn afurðasölumálanna að gera, kynni sér sem allra bezt afurðasölumálin sem heild, hvernig þau ganga fyrir sig í einstökum greinum, svo að m. a. hægt sé að létta af þeim skefjalausa áróðri, sem oft og einatt hefur komið upp um það, hvernig þetta gengi, þar sem brigzlin hafa gengið á víxl um það, að í frammi hafi verið höfð hin herfilegustu svik eða mistök í afurðasölumálunum, eins og alþjóð er kunnugt. Ég teldi t. d., að það væri ólíkt betra fyrir saltfiskframleiðendur eða samtök þeirra að geta unnið að þeim sölumálum, sem þeir hafa með að gera, í samráði við slíka fastskipaða nefnd, sem fylgdist með sölunum hverju sinni og hefur lagt blessun sína á það verð, sem samþykkt hefur verið, og þær sölur, sem fram hafa farið, þannig að framleiðendasamtökin verði ekki á neinn hátt með réttu sökuð um misferli, nema þá það, sem hið opinbera hefur lagt beinlínis blessun sína yfir, heldur en að liggja undir slíkum áróðri, eins og nú hefur verið, og áburði á ýmsan hátt, sem allir kannast við.

Það er rétt, eins og ég tók fram hér strax í upphafi þessa máls, að samkvæmt gildandi lögum hefur sjútvmrh. heimild til þess að setja flestar eða allar þær reglur um framkvæmd afurðasölumálanna, sem felast í þessu frv. Ég hefði því vel getað unnið að framkvæmd þessara mála á þann hátt, sem hér er markað í þessu frv., án þess að leggja fram sérstakt frv. um málið á Alþingi. En ég taldi réttara, að Alþ. sjálft stæði að því að lögfesta í meginatriðum þær reglur, sem það vildi að unnið yrði eftir í sambandi við afurðasölumálin, þótt hins vegar hendur þeirra yrðu ekki bundnar um of, sem með framkvæmdina eiga að hafa að gera. Ég taldi þetta miklu réttara en að hafa þann hátt, sem hefur verið á undanförnum árum, að ráðherra hefur svo að segja getað ráðskað í þessum málum eins og honum hefur dottið í hug hverju sinni. Af þeim ástæðum er það m. a., sem ég taldi rétt að slá því föstu, að engin útflutningsgrein skyldi búa við önnur almenn kjör en aðrar útflutningsgreinar, þær skyldu allar sætta sig við hið sama, en ekki að skapa einni algera sérstöðu, eins og nú hefur verið.

Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum að sinni, en segja aðeins það, að sú andstaða, sem hér hefur komið fram, bæði hér á Alþingi og einnig í þeim samþykktum, sem pantaðar hafa verið eða mjög hefur verið unnið að af hálfu eins stjórnmálaflokks að fá fram í ýmsum samtökum, er að verulegu leyti fram komin eða grundvölluð á röngum forsendum. Því er haldið fram, að það eigi að framkvæma þessi mál á allt aðra lund en hér hefur verið lýst yfir og ætlunin er, og það er verið að mótmæla því, sem alls ekki stendur til að framkvæma. En hins vegar er reynt að fara í felur með það, sem er hið sanna, að það er veruleg óánægja með það hjá tilteknum mönnum og hópum manna, að það skuli eiga nú að fara að líta eftir framkvæmd þessara mála, sem þeir hafa hingað til komizt upp með að vinna að án eftirlits hins opinbera.

Umr. frestað.

Á 63. fundi í Nd., 7. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen): Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs, þegar umr. um þetta mál var frestað, og gerði ég það vegna þess, að mér fannst ástæða til að svara nokkrum ummælum, sem féllu hjá hæstv. sjútvmrh. í sambandi við þetta mál.

Hæstv. sjútvmrh. þótti framkoma okkar minnihlutamanna í n. eða sjálfstæðismanna, eins og hann orðaði það, harla einkennileg í þessu máli. Þetta er mér alveg óskiljanlegt, að hæstv. sjútvmrh. skuli líta þannig á, því að afstaða okkar er alveg sérstaklega skýr í málinu, og hún markast, eins og ég þóttist þá taka mjög greinilega fram, af tveimur atriðum, sem við leggjum alveg sérstaka áherzlu á. Annað er það, að frv. þetta sé gersamlega óþarft, af því að allur sá réttur, sem þetta frv. veitir ríkisstj., sjútvmrh. einum, að mestu leyti, eins og ég kem að síðar, er alveg sams konar réttur og nú felst í löggjöf um þetta efni frá 1940 og reglugerð um hið sama. Þetta orkar ekki tvímælis, m. a. af því, að hæstv. sjútvmrh. hefur viðurkennt oftar en einu sinni, að þetta er svona.

Hitt atriðið var svo það, sem við leggjum áherzlu á, að í þessu frv. eða grg., sem því fylgir, er boðuð ný stefna í framkvæmd þessa máls, sem við lítum svo á að sé allvarhugaverð. Hæstv. ráðh. vildi nú andmæla þessu, því að hann sagði, að það fælist heldur ekkert í grg., sem benti í þessa átt. Þetta þóttu mér alveg sérstaklega einkennileg ummæli, því það stangast svo ljóslega og greinilega á við það, sem sagt er berum orðum í grg. Þar stendur, að með þessu frv. sé gengið inn á nýja braut. Það stendur enn fremur, að samkvæmt þessu fyrirkomulagi, sem frv. gerir ráð fyrir, fái enginn útflytjandi einkarétt að útflutningi neinnar vörutegundar, og hverjum sem er gefist kostur á að sýna þar hæfni sína. Það er sagt í grg. enn fremur: að sjálfsögðu munu núverandi stofnanir halda áfram starfsemi sinni. — Og svo segir enn, að með þessu verði sköpuð samkeppni milli þeirra og annarra aðila, sem við útflutning fást. Það er einmitt þessi boðskapur í grg., sem við leggjum áherzlu á og vörum hæstv. ráðh., sem samkv. frv. á að vera einráður um afskipti af útflutningi sjávarafurða, við, að ganga í berhögg við vilja framleiðendanna og meina þeim að nota þau söluform, sem reynslan hefur sýnt að bezt henta þeim til þess að halda uppi vöruverðinu.

Við í minni hl. sjútvn. stöndum ekki einir að þessu áliti, því að 7 af 10 aðilum, sem mál þetta var sent til umsagnar, hafa allir á grundvelli þessarar nýju stefnu andmælt og lagt á móti samþykkt frv. Aðeins einn aðilinn af þessum 10 hefur mælt með samþykkt þess.

Það verður þess vegna ekki fram hjá því komizt, að það er mjög fjarri því, sem í þessari grg. stendur, að það sé ekki boðuð nein ný framkvæmd í þessum lögum eða breyting frá því, sem verið hefur. Fram hjá þessu kemst hæstv. ráðh. ekki. Hitt verð ég að virða við hann, að hann hefur við nánari athugun séð, hve varhugavert það er, — og þar með í rauninni tekið góðar og gildar okkar aðvaranir í þessu máli, — hve varhugavert það er að fara að gera ráðstafanir, sem ganga í berhögg við þrautreynda framkvæmd í höndum þeirra manna, sem eiga allt sitt undir því, hve vel takist um sölu þessara afurða.

Það var auðheyrt strax við 1. umr. þessa máls, að hæstv. ráðh. var nokkuð farinn að draga í land með það frá því, sem berum orðum er sagt í grg. frv., og enn þá skýrara kom þetta í ljós við fyrri hluta þessarar 2. umr. hjá honum, þar sem það virtist vera alveg skýrt, að hann ætlaði ekki að framkvæma þessi mál á þann veg eða á þá lund, sem lesa má út úr skýrum orðum grg. Ég verð að virða þetta við hæstv. ráðh., að hann skuli gera svo.

Það er nú líka þannig, að hæstv. ráðh. á ekki, eins og nú er komið, hægt um vik að koma fram því, sem sagt er í þessari grg., því að það er upplýst hér, að þeir, sem að saltfiskútflutningnum standa, standa allir að því sem einn maður að halda því skipulagi, sem verið hefur á sölu saltfisksins um hríð. Og ég upplýsti það hér við umr., að smiðshöggið á þetta hefði Samband ísl. samvinnufélaga rekið nýlega með því að verða með í þessum samtökum. Þess vegna er ekki hægt, þó að meiningin væri sú, að koma við neinni stefnubreytingu að því er snertir saltfisksöluna.

Ég býst einnig við, að sama sé upp á teningnum að því er snertir útflutning á saltsíld. Ég held, að allir síldarsaltendur og útflytjendur að saltsíld standi að því sem einn maður að fela síldarútvegsnefnd sölu saltsíldarinnar, svo að það er enginn þar líklegur til þess að sækja um leyfi til þess að flytja út saltsíld og hefja í því efni samkeppni við síldarútvegsnefnd.

Þarna eru því í þessum tilfellum báðum lokaðar leiðir að því, að það væri hægt, þó að vilji væri fyrir hendi til þess, að koma við neinni skipulagsbreytingu í framkvæmd þessa, nema þá, sem náttúrlega er þess eðlis, að það er ekki ástæða til þess að tala um það, að banna þessum félagssamtökum að flytja vörurnar út. Til þess kemur að sjálfsögðu ekki undir neinum kringumstæðum.

Hæstv. ráðh. talar um það hér í grg., að þetta skipulag, að útflutningur sé á einni hendi,

hafi skapað tortryggni, skaðlega tortryggni, eins og það er orðað hér, sem hann ætlar að koma í veg fyrir með því að fela n. eftirlit með þessu og tryggja, að misnotkun geti ekki átt sér stað af hendi einstakra útflytjenda. Þessi tortryggni eða gagnrýni í þessu efni hefur í litlum mæli snúizt gegn síldarútvegsnefnd, en aftur allmikið borið á því, sérstaklega í einu blaði hér í Reykjavík, að gagnrýni hafi verið á starfsemi sölusamlags ísl. saltfiskframleiðenda. En þessu hefur nú verið svarað — að vísu ekki með neinum stóryrðum eða brambolti — þessari gagnrýni hefur verið svarað með því, sem er enn áhrifaríkara, og það er með því, að allir aðilar, sem standa að þessu sölufyrirkomulagi, hafa bundizt um það samtökum að standa nú eins og einn maður að þessu á þessu ári. Þar með virðist þessari gagnrýni og því, sem sagt er og þ. á m. hér í grg., vera andmælt á þann kröftuglegasta hátt, sem verið getur.

Hæstv. sjútvmrh. talaði nokkuð um það hér, að slík n. gæti beitt sér í því að rannsaka þetta og slá þetta niður. Mér skilst, að það sé, eins og nú er komið, alveg gersamlega ástæðulaust að vera með nokkra afskiptasemi í þessu og að gera nokkrar opinberar ráðstafanir til þess að tryggja þetta sölufyrirkomulag, því að það á að vera nægileg trygging fyrir því, að þeir menn, sem að þessu fyrirkomulagi standa, hafa vitanlega hver og einn allan aðgang að rekstri þessa félagsskapar og geta gert þar við sínar athugasemdir, ef þeim býður svo við að horfa.

Ég sé þess vegna ekki, hvernig opinber n., sem skipuð væri, ætti að neinu leyti að bæta þar um. Hins vegar finnst mér, að í því felist nokkurt vantraust á hæfni og hæfileikum þessara manna til þess að sjá um eigin hag.

Hæstv. ráðh. talaði um það hér allmikið í sambandi við þetta frv., að það væri mikill aðstöðumunur á því að láta n., eins og gert er ráð fyrir í frv., hafa með höndum þessi mál undir yfirumsjón ráðh., í stað þess að að undanförnu hafi þetta verið framkvæmt þannig, að einn maður hefði á hendi þetta eftirlit.

Ég vil benda hæstv. sjútvmrh. á það, að hann þarf ekki að flytja neitt lagafrv. eða fá neina nýja alþingissamþykkt til þess að koma á laggirnar n. til þess að gera þetta, því að í l. frá 1940, í 4. gr. þeirra, er það skýrt tekið fram, að ríkisstj. geti falið n., er hún skipar, að fara með það vald, er henni er veitt samkvæmt þessum lögum. Það þarf ekki að vera að gera neina alþingissamþykkt um það. Það liggur í skauti ríkisstj. að skipa slíka n. og láta hana fara með það vald gagnvart útflytjendunum, sem sú n. á að fara, sem ætlazt er til að verði lögfest í þessu frv. Þess vegna er, eins og áður hefur verið sagt, þetta frv. algerlega óþarft að því leyti, að það gerir hvorugt að auka vald ríkisstj. til áhrifa á þessi mál né að skerða vald ríkisstj. til áhrifa í sambandi við þetta mál.

Ég held, að ég hafi þá svarað þeirri gagnrýni, sem hann beindi að málflutningi okkar minnihlutamanna í sambandi við þetta mál.

En það er annað í þessu frv., sem fullkomlega er ástæða til að vekja athygli á og ég minntist ekki á í minni fyrri ræðu hér og ekki er heldur minnzt á í nál. okkar minnihlutamanna. Það er verulegt atriði, og ég skil vel og eiginlega eingöngu með tilliti til þess þá miklu sókn hjá hæstv. sjútvmrh., sem hann færir hér fyrir því að fá þetta frv. staðfest.

Samkvæmt þessu frv. er gerð sú höfuðbreyting, að í stað þess, að ríkisstj. nú samkv. gildandi l. fer öll með framkvæmd þessara mála allra, bæði sjávarútvegsins og landbúnaðarins, þá á nú að láta sjútvmrh. fá alræðisvald yfir öllum þeim málum í þessu efni, sem sjávarútveginn snerta. Það stendur, að ráðh., sem fer með sjávarútvegsmál, skipi n., hann skipi formanninn, og það er allt lagt í hans skaut. Þetta er markað enn skýrara með öðrum ákvæðum þessa frv., því að í 4. gr., eftir að komið er yfir það, að sjútvmrh. einn eigi að fara með alla framkvæmd allra þessara mála að því er sjávarútveginn snertir, þá stendur: „Ríkisstjórnin getur ákveðið, að aðrar vörur en sjávarafurðir megi ekki bjóða til sölu eða selja til útlanda nema að fengnu leyfi hennar og með þeim skilyrðum, er hún setur.“ Vald ríkisstj. í þessum útflutningsmálum öllum tekur aðeins til þess hluta af útflutningnum, sem er utan sjávarafurðanna og er þá aðallega sá litli hluti, sem fluttur er út af landbúnaðarvöru. Það er þessi mikla breyting, sem hér er gerð og ég ætla að ekki hafi getað farið fram hjá þeim mönnum, sem nú fjalla um þetta mál. En þetta er höfuðbreyting. Ég veit að vísu, að í framkvæmdinni er þetta í flestum tilfellum þannig, að sá ráðh., sem þau málefni heyra undir, fer að langsamlega mestu leyti með þau mál. En þegar lögin um þetta voru sett 1940, þótti vera um svo stórt og mikilsvarðandi mál að ræða, að rétt væri og sjálfsagt, að þessi mál heyrðu undir ríkisstj. alla, hún bæri öll, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á framkvæmd þeirra, þó að hún svo aftur skipti með sér verkum í þessu efni innan ríkisstj. Nú er frá þessu horfið, og það getur þó ekki verið byggt á því, að nú sé minna um varið um framkvæmd þessara mála en áður var, því að alltaf hefur þó verið þróun í þessu og vandinn í þessum efnum hefur sízt minnkað frá því, sem var fyrir hálfum öðrum áratug, að það var ákveðið, að þetta skyldi vera svona.

Ég vil vekja athygli á þessu, því að ef þetta frv. verður lögfest, þá eru allir aðrir ráðh. en sjútvmrh. dæmdir úr leik til afskipta af þessum málum, að því er sjávarútveginn snertir. Hinir ráðh. koma ekkert til, nema þegar um er að ræða að flytja út landbúnaðarafurðir, sem manni sýnist þó vera, miðað við útflutningsmagnið, — það er náttúrlega vandi á höndum í sambandi við söluna í báðum tilfellunum, en ef miðað er við útflutningsmagnið, þá ætti þó ekki að vera brýnni þörf á því að búa svona miklu betur um að því er þetta litla magn snertir.

Það má vel vera, — það veit ég að sjálfsögðu ekkert um, — að máske hafi þetta verið tekið upp í stjórnarsamninginn, þegar hann var gerður, að sjútvmrh. fengi þetta alræðisvald, þ. e. a. s. eins og það er markað innan ramma laganna. Út fyrir það getur hann að sjálfsögðu ekki farið. Þá er ekki undarlegt og verður í rauninni skiljanlegra, að hæstv. sjútvmrh. sæki það nú fast, að þetta frv., sem veitir honum þetta óskoraða vald, verði samþ. Og það verður enn fremur miklu

skiljanlegra en það er miðað við eðlilega afstöðu til málefna, að sumir af þm. úr stjórnarflokkunum, þrátt fyrir það að þeir málefnalega séu okkur minnihlutamönnum alveg sammála, ætla samt og það af stjórnarhollustu einni saman að fylgja þessu frv. Ef þetta er svona, sem líklegt má telja, þá er nú þessi aðstaða skiljanlegri en ella.

Ólafur Thors: Herra forseti. Ég hef ekki miklu að bæta við hina rökföstu ræðu hv. þm. Borgf. (PO), en þó voru það nokkur ummæli í ræðu hæstv. sjútvmrh., sem gefa mér tilefni til stuttrar athugasemdar. Sú ræða, sem hæstv. ráðh. flutti, skaut nokkuð skökku við það, sem fram er tekið í grg. frv., eins og líka hv. þm. Borgf. benti greinilega á. Ég verð að játa það, að mér fannst ræða hæstv. ráðh. bera vott um mikla hugarfarsbreytingu í málinu, svo framarlega sem fyrri ræða hans lýsti innri manninum, sem ég þó ævinlega hef leyft mér að draga í efa, einnig vegna ummæla, sem ég hef heyrt eftir honum um þetta mál fyrr og síðar.

Í ræðunni, sem hæstv. ráðh. flutti hér í fyrradag, var eiginlega megináherzla lögð á það, að hann vildi ekki í einu né neinu spilla samtökum útvegsmanna, þeim sem hann þó hefur í grg. frv. talið að mættu ekki vera svo einráð um þessi mál sem þau hafa verið. Hann sagði auk þess, að sölusamlag íslenzkra framleiðenda, sem mest hefur verið gert að umræðuefni í þessum umr., hefði margt vel unnið. Og hann sagði í þriðja lagi, að hann hefði ekkert illt um þetta fyrirtæki sagt og að það væri, í fjórða lagi, alger misskilningur, sem minni hl. sjútvn. hefði sagt við þessa umr., að nú stæði til að veita mörgum útflutningsleyfi í stað eins áður.

Ég vil nú leyfa mér að minna á það, sem þessi hæstv. ráðh. hefur um þetta sagt áður, ekki aðeins það, sem stendur í grg. og ég mundi hafa lesið hér upp, ef ekki hv. þm. Borgf. nú áðan hefði gert það, heldur einnig það, sem hæstv. ráðh. sagði í þeim ræðum, sem hann um þetta flutti við fyrri umr. málsins. Þá sagði hæstv. ráðh.: „Það er álit flestra, að þetta skipulag geti ekki verið til frambúðar, það verði að takast fastari tökum, og margir eru á þeirri skoðun, að hér hafi ríkt hið mesta misrétti.“ Ráðh. sagði í öðru lagi: „Enn fremur ætti betur en nú að vera hægt með þessari nýju skipan að koma í veg fyrir það, að um misbeitingu á valdi einstakra samtaka geti verið að ræða.“ Hann sagði í þriðja lagi, að „nú ber að veita öllum aðilum útflutningsleyfi, og geta þá að sjálfsögðu jafnt komið til greina samtök fiskframleiðenda, einstakir framleiðendur eða aðrir, sem með sölu á sjávarafurðum hafa að gera, um að fá þessi útflutningsleyfi.“ Og í fjórða lagi sagði ráðh., að þeir, þ. e. a. s. heildarsamtökin, „verði þrátt fyrir allt að víkja til hliðar með leyfi fyrir öðrum, ef aðrir geta staðið sig betur í sambandi við söluna heldur en sambönd framleiðenda kunni að gera í einstökum tilfellum.“ Allt þetta er orðrétt upp úr ræðum hæstv. ráðh. Hér er um algera breytingu að ræða nú, þegar hann segir: Ég hef hvergi viljað gera þessum samtökum mein. Ég hef þvert á móti talið þau vinna vel sitt verk, og ég hef ekkert illt um þau sagt. — Ég veit ég þarf ekki að endurtaka eða benda mönnum skýrar á en ráðh. hefur sjálfur gert með sínum orðum, að hér er það tekið aftur í seinni ræðunni, sem sagt var í fyrri ræðunni eða fyrri ræðunum.

Ég get vel skilið, hvað það er, sem þessari tónbreytingu veldur. Síðan hæstv. ráðh. flutti sína fyrri ræðu, hafa skeð þeir atburðir, sem rétt er að séu skráðir í þingtíðindunum. Stjórn þessara samtaka, S. Í. F., hafði borizt fsp. frá sjútvn. um, hverjum augum hún liti á fyrirhugaða framkvæmdabreytingu, því að lagabreytingin hefur, eins og er margtekið fram, ekki neina verulega þýðingu í þessu sambandi. Stjórnin sagði um það sitt álit, en taldi, að mínu viti alveg réttilega, að langtum eðlilegra og sterkara væri að láta framleiðendur sjálfa einnig kveða upp sinn dóm. Nú stóð þannig á, að það var erfitt um samgöngur, líka vegna þess vinnuófriðar, — ég sagði ekki vinnufriðar, — sem þá ríkti í landinu, þannig að flugsamgöngur voru stöðvaðar, og auk þess var að öðru leyti mjög stirt um samgöngur. Fresturinn til að boða fundinn var mjög stuttur. Samt sem áður er þessi fundur mjög fjölsóttur. Þegar á fundinn kemur, er spurt um það, hverjir óska eftir óbreyttri skipan, þ. e. a. s. ekki því, eins og hæstv. ráðh. boðar, að sá, sem í einstökum tilfellum geti boðið betur en annar, skuli mega kljúfa samtökin, heldur hverjir telji að sínum hag sé bezt borgið með óbreyttri skipan. Um þetta er spurt. Og af 998 atkvæðum, sem fram komu á fundinum, eru það einir 4, sem óska eftir breyttri skipan. Og þetta er ekki til að vera augnaþjónar þeirra manna, sem þessum samtökum stjórna, til þess kosnir af framleiðendum sjálfum, því að þetta er við leynilega atkvæðagreiðslu. Og um þessi 4 atkvæði af þúsundinu eða 998 er svo það að segja, að þegar á hólminn kemur, segja þeir einnig: Við viljum samtökin óbreytt, — því að eins og hér hefur verið sagt frá áður, mæla lög þessara sölusamtaka þannig fyrir, að þeir, sem ekki óska eftir að vera áfram þátttakendur í þeim, eiga að segja til um það fyrir 1. marz árlega, og geri þeir það ekki, þá eru þeir bundnir. Einnig þessir fjórir af 998 brugðust vináttunni við hæstv. ráðh., þegar á þann hólm kom, að þeir í alvöru áttu að segja: Vil ég standa ábyrgur fyrir sölu minnar vöru utan við þessi samtök, eða vil ég það ekki? — Einnig þeir létu undir höfuð leggjast að óska þess frelsis, sem þeir áttu kost á, en fólu áfram hagsmuni sína undir verndarvæng þessa margrógborna fyrirtækis.

Um þetta vil ég ekki segja annað en það, að það er ástæða, eins og hv. þm. Borgf. sagði, að gleðjast yfir hugarfarsbreytingu hæstv. ráðh. og að hann hefur látið sér nokkuð segjast við þá ábendingu og áminningu, sem hann fékk hjá framleiðendunum. Batnandi manni er bezt að lifa.

Ég vil að öðru leyti aðeins leiðrétta örfá atriði og þó ekki fara í neinn sparðatining, því að þetta mál er að verða nokkuð þrautrætt, og eins og hv. þm. Borgf. sagði, skýrustu ræðuna um þetta mál hafa menn flutt með sinni afstöðu til þessara sölusamtaka, þar sem allir undantekningarlaust fela þeim áfram sína forsjá. Og ég

bæti því einnig við, sem ég sagði hér í fyrradag við umr., að ef þessi nýja skipan á að komast á, tel ég heldur betur, að hún komi fyrr en síðar. Ég hef þess vegna enga tilhneigingu til málþófs eða að ræða annað en það, sem ég tel að mestu skipti um þann misskilning, sem hér er á ferðinni.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri mjög áberandi, að við sjálfstæðismenn værum með falsrök í þessum efnum, og það, sem fyrir okkur vekti, væri alveg sérstaklega að hlífa þessum sölusamtökum við, að þau kæmust undir eitthvert meira opinbert eftirlit en þau hefðu verið fram að þessu. Ég skal nú fyrir mitt leyti gefa þá hreinskilnislegu játningu, að ég tel enga þörf á öðru eða meira eftirliti en framleiðendurnir sjálfir hafa með því að kjósa þá og þá eina menn í stjórnina, sem þeir trúa til þess að fara heiðarlega og vel með sín mál. En í öðru lagi bendi ég á, að ráðh. getur sett án lagabreytinga sín skilyrði. Útvegsmenn svo um það, hvort þeir hlíta þeim. Við skulum koma að því seinna.

Það eru þess vegna ekki nein falsrök hjá okkur sjálfstæðismönnum í þessum efnum. Það eru röng rök — ég vil ekki kalla þau falsrök — hjá hæstv. ráðh., þegar hann lætur sér skjótast yfir vítandi vits eða af umhugsunarleysi, að hann getur haft sama eftirlit að óbreyttum lögum, ef hann telur eftirlits þörf og ef útvegsmenn vilja á annað borð hlíta hans forsjá í þessum efnum.

Okkar rök í þessu máli eru þau, að við viljum, að útvegsmenn hafi frelsi til að ráða sínum málum sjálfir og einir. Útvegsmenn segja: Við óskum eftir því, að á meðan allur þorri okkar sjálfra vill, að samtökin séu ein og salan á einni hendi, þá sé það þannig. — Ráðh. segir aftur á móti í sínum ræðum og í sinni grg.: Þannig skal það ekki vera, því að ef einhver einn einhvern tíma getur boðið betra en heildarsamtökin, þá skal hann fá réttinn. — Þessi hæstv. ráðh. hefur nokkur afskipti haft af atvinnurekstri, og hann hlýtur að skilja það, að ef samtök útvegsmanna, sem eiga að selja hundruð þúsunda skippunda af fiski, eiga að keppa við þann, sem þarf eingöngu að selja, við skulum segja 5 þús. skippund eða 2 þús. skippund, þá er ekkert líklegra en sá, sem er utan við samtökin, einhvern tíma, á heppilegri stundu geti náð hagstæðara verði en hinir geta náð fyrir heildina eða fyrir allt heildarmagnið. En það hlýtur hann líka að vita, að þetta er ekki sönnun og fjarri því, það færir ekki einu sinni neinar líkur að því, að sú skipan sé betri, að fisksalan sé á mörgum höndum heldur en á einni hendi. Hann hlýtur að skilja það. Hann hlýtur einnig að skilja, að tiltölulega lítið magn getur skapað tortryggni hjá kaupendum á erlendum markaði, tiltölulega lítið magn, sem er fyrir utan heildarsamtökin, og þannig getur hið litla stórspillt hinu mikla og stóra. Um þetta eru óteljandi dæmi í okkar eigin verzlunarsögu og ekki síst einmitt í saltfiskverzluninni.

Í öðru lagi segir hæstv. ráðh. æ ofan í æ það, sem ég áður minntist á, að það sé verið að reyna að koma undan eftirliti þessu fyrirtæki. Ég bendi á, eins og ég sagði, að hann á eftir að færa rök fyrir því, að það vaki fyrir einhverjum að gera það, og ég bendi á, að hann getur sett sín skilyrði án lagabreytingar. En ég bendi í þriðja lagi á, að það er svo útgerðarmannanna sjálfra að segja til um það, hvort þeir vilja fara eftir þeim fyrirmælum eða ekki. Þessi ráðh. hefur engan kjark til að segja við útgerðarmenn, sem nú eru allir í einum samtökum, að ef þeir ekki vilji lúta hans fyrirmælum, þá fái þeir ekki að selja fisk, enda er honum hentast að skilja, hvar hans vald er og hvað langt það nær. Ef útgerðarmenn segja við hæstv. ráðh.: Við þurfum engar leiðbeiningar og enga hjálp, og við erum andvígir því, — þá stendur ráðh. valdvana gegn einhuga samtökum útgerðarmanna. Ég álít hins vegar, að það sé engin goðgá, þó að sá ráðh., sem á að bera ábyrgð á þessu, vilji gjarnan hafa um það meira eftirlit, og ég álít enga ástæðu heldur fyrir útvegsmenn að setja sig á móti því, að hann fylgist með málum þar, þó að ég sem framleiðandi segi: Ég trúi eins vel þeim mönnum, sem ég hef sjálfur kosið, eins og einhverjum, sem ráðh. skipar þar fyrir sína hönd.

Í þriðja lagi hefur hæstv. ráðh. lagt æ ofan í æ megináherzlu á það, að einmitt hjá Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda sé þörf breytinga. Leyfist mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort hann, sem er meðlimur í þessum samtökum, hafi nokkru sinni gert nokkra tilraun til þess að koma á þeim breytingum, sem hann nú telur æskilegar innan þeirra samtaka? Hefur hann svo mikið sem orðað það á einum einasta félagsfundi? Er ein einasta ræða, sem hann hefur flutt þar, sem bendir til þess? Er eitt einasta orð í einni einustu ræðu hans fluttri í S. Í. F., þar sem hann segir það, sem hann nú er að segja hér á þinginu? Sé það ekki, og það er ekki, fer þá ekki fleirum en mér að verða á að treysta varlega því, sem hann hér er að segja á þinginu? Mundi ekki fleirum en mér verða á að segja: Framleiðandinn Lúðvík Jósefsson trúir þeim, sem standa fyrir þessu fyrirtæki. Hann trúir því, að ríkjandi skipulag sé bezt. En stjórnmálamaðurinn Lúðvík Jósefsson er kominn í þá aðstöðu, að hann þarf að segja í þessum efnum annað en hann meinar.

Hæstv. ráðh. stagaðist enn á ný í sinni ræðu á því, að það væri talsverð óánægja með það skipulag, sem ríkti hjá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda. En hvernig í lífandis ósköpunum getur staðið á því, að ef þessi óánægja er svona eins og hann segir og ef hún er þannig einmitt hjá þeim, sem mestra hagsmuna eiga að gæta, að þá skuli hver einn og einasti fiskframleiðandi fela þessum samtökum að selja sinn fisk? Ég skal minna á það, sem hann sagði sjálfur. Ég tel, að þeir, sem eru óánægðir eða ekki alls kostar ánægðir, séu þó ekki svo óánægðir, að þeir vilji fara úr samtökunum. Og ég fyrir mitt leyti, sagði hann, mundi ekki ganga úr samtökunum, þó að ég nú stjórnaði þeim fyrirtækjum, sem ég í bili ekki stjórna, en hef stjórnað og mun kannske stjórna í framtíðinni. En hvað er þá orðið um þessa megnu óánægju? Og hvernig stendur þá á því, að við leynilega atkvæðagreiðslu skuli enginn svo að kalla gefa þessum samtökum áminningu. Slíkt gæti þó verið bending um það, að eitthvað þætti þeim að, þó að þeir svo, þegar á hólminn kemur, vildu ekki eða þyrðu ekki að

hætta sínum hagsmunum í annarra hendur. En ekki heldur þetta skeði, eins og ég áðan gat um.

Þá sagði hæstv. ráðh. í fimmta lagi, og bið ég menn að veita því athygli: Hvernig stendur á því, segir hann, að Ólafur Thors skyldi ekki leggja jafnt áherzlu á það, að skreiðareigendur fengju einkasöluaðstöðu eins og saltfiskeigendur? Hvernig stendur á því? Hæstv. ráðh. veit vel hið einfalda svar við þessu. Hið einfalda svar við þessu er það, að saltfiskeigendur hafa sjálfir og allir, eins og er margtekið fram, óskað eftir að standa saman og beðið um að fá sinn rétt. Skreiðareigendur hafa ekki gert það. Og það er ekki mitt frekar en ég álít að það sé hans að neyða framleiðendurna til þess að standa saman. Ég hef marglýst því yfir, að þó að ég hafi sjálfur mesta trú á þeirri skipan, sem nú ríkir, þá mundi mér ekki eitt einasta augnablik detta í hug að halda þeirri skipan við gegn vilja útvegsmanna, að sama skapi eins og ég hef ekki notað mitt vald, meðan ég hafði það, til þess að neyða skreiðareigendur til þess að standa saman. Ég lét skreiðareigendur vita, að ég teldi, að þeirra hagsmunum væri bezt borgið með því móti. Á það féllust margir, en ekki allir. Og þeir urðu þá að ráða og fengu að ráða. Það er enn og æ það sama, sem hefur ráðið hjá mér og ræður hjá okkur sjálfstæðismönnum. Við viljum, að útvegsmenn hafi sjálfir frelsi til að velja þær leiðir, sem þeir telja að þeim henti bezt. Það er það, sem ber á milli, að við höfum hagað framkvæmdum okkar þannig, að útvegsmenn ráða sjálfir. Hæstv. ráðh. segir: Ég vil ekki haga framkvæmdum þannig. Ég vil a. m. k. ekki vernda 95% af framleiðendunum, ef 5% vilja vera utan við þá, — þó að hann viti vel, að þeir 5%, sem eru utan við 95%, gætu stórlega skaðað hagsmuni heildarinnar. Það er þetta, sem á milli ber.

Ég vil svo að lokum segja þetta: Tilgangur þessa frv. er að veita ráðh. það, sem hann kallar siðferðilega aðstöðu til þess að taka völdin af útvegsmönnum. Ég hef aðvarað gegn þessu og ég endurtek þá aðvörun. Ef til vill, og það vil ég leggja áherzlu á að menn taki eftir, ef til vill er þó hættunni afstýrt á þessu ári. En það er ekki vegna þess, að ríkisstj. hafi tekið völdin af útgerðarmönnum. Það er vegna hins, að útgerðarmenn hafa tekið völdin af ríkisstj. með því allir sem einn að skipa sér undir verndarvæng sinna sölusamtaka og fela þeim forsjá sína. Ef, ég endurtek það, ef voðanum er afstýrt að þessu sinni og á þessu ári, þá er það ekki vegna þess, að stjórnin tæki völdin af útvegsmönnum, þótt hún vildi það, heldur af hinu, að útvegsmennirnir tóku völdin af ríkisstj. með því allir sem einn að skipa sér undir verndarvæng sinna eigin samtaka.

Það er ekki hægt fyrir neina stjórn að taka af þeim völdin, meðan þeir allir standa saman.

Ég skal svo aðeins að lokum minna hv. frsm. meiri hl. á það, að ég bar upp fyrir hann fyrirspurn sem kunnugan mann í röðum samvinnumanna. Fyrirspurnin var á þá leið: Hvernig getur á því staðið, að Samband íslenzkra samvinnufélaga skuli bréflega tjá sjútvn., að þeir telji, að útflutningurinn á saltfiski eigi að vera í höndum tveggja útflytjenda hið minnsta, en nokkrum dögum seinna, þegar augljóst er, að þetta frv. nær fram að ganga, og öllum vitanlegt, að Sambandið getur orðið útflytjandi um sinn fisk og raunar annarra líka, sem skipa sér undir þeirra merki, þá gerir Sambandið ráðstafanir til þess, að þó að útflytjendurnir yrðu tveir eða fleiri, þá sé það a. m. k. öruggt, að þeir verði ekki annar eða einn af útflytjendunum, — hvernig stendur á þessu?

Ég veit, að margan hv. þm. langar að vita rökin fyrir þessu, og ég endurtek, að hér er ekki um neina sveinstaula að ræða, þetta eru vel æfðir og vel hæfir viðskipta- og verzlunarmenn. Og það er nokkuð undarlegt, að þessir menn skuli, um leið og þeir skriflega lýsa því yfir, að það eigi að vera tveir eða fleiri útflytjendur, gera ráðstafanir til, að þeir geti a. m. k. ekki orðið annar eða einn af útflytjendunum. Þetta getur ekki stafað af öðru en því, að þessir hæfu menn skilja, að það fylgir talsverð áhætta því, ef hér verða margir útflytjendur, tveir eða fleiri, og þeir vilja ekki taka á sig ábyrgðina af þeirri áhættu.

Frsm. meiri hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki vera langorður um þetta mál, enda hef ég sem frsm. meiri hl. sjútvn. ekki tilefni til þess að gera verulegar aths. við þær umr., sem hér hafa farið fram í hv. d. af hálfu andmælenda frv. Þær umr. hafa að tiltölulega litlu leyti snúizt um það frv., sem fyrir liggur, og efni þess, heldur hafa þær fallið nokkuð á víð og dreif um kosti þess, að vissar tegundir sjávarvara séu í einkasölu, og um grg. þá, sem fylgdi stjórnarfrv., — en eins og ég sagði, um frv. sjálft hafa þær að litlu leyti snúizt og gefa því ekki verulegt tilefni til frekari umr. af minni hálfu eða meiri hl. nefndarinnar.

Þó vil ég í tilefni af ræðu þeirri, sem hv. frsm. minni hl., hv. þm. Borgf. (PO), flutti hér áðan, segja það, að ég hef litið svo á, og mér virðist það hafa komið fram á undanförnum árum, — þá hafa oft verið samsteypustjórnir hér í landi og af þeim ástæðum kannske fremur tilefni til þess, að það atriði kæmi til meðferðar, — að það væri lítill merkingarmunur á því talinn í lögum, hvort þar er rætt um ráðh. eða ríkisstj. Ég hirði ekki að nefna dæmi þessa. Ef ætlazt er til, að einhver ákvörðun sé tekin af ráðherrunum öllum, en ekki einum ráðh., þá er venjulega notað annað orðalag um þetta. Það ætla ég, að hv. þm. kannist við.

Þá vildi ég nota tækifærið til þess að koma í veg fyrir þann misskilning, sem kynni að geta stafað af ummælum í nál. hv. minni hl. á þskj. 309, 1. bls., en þar er frá því sagt, að þeir minnihlutamenn, sem undir álitið rita, hafi lagt það til, að frv. yrði sent til umsagnar nokkrum aðilum o. s. frv. Þetta kynni e. t. v., þó að minni hl. hafi sjálfsagt ekki ætlazt til þess, að skiljast svo, að við í meiri hl., hv. 2. landsk. (KGuðj), hv. þm. Siglf. (ÁkJ) og ég, höfum verið því andstæðir, a. m. k. í byrjun, að frv. væri sent til umsagnar. Það var alls ekki svo, að við værum því andstæðir. Hins vegar má vel vera, að það hafi verið stungið upp á því af hv. minnihlutamönnum, öðrum eða báðum, ég man það ekki greinilega, að málið væri sent einhverjum til umsagnar. Eins og hv. þm. kannast við, eru nefndar-

fundir oft í samtalsformi, en í fundargerð sjútvn. er ekkert bókað um neina sérstaka till. um að leita þessara umsagna né hverjir hafi verið tillögumenn. Ég hygg, að nm. hafi yfirleitt verið því hlynntir, að málið væri sent til umsagnar, enda er það venja, ef ekki þarf að hraða málinu því meira. Og ef ég man rétt, þá vorum við í félagi um það í n. að ákveða það, þegar þar að kom, hvaða aðila skyldi velja til þess að hafa málið til umsagnar.

Ég vildi aðeins geta um þetta til þess að koma í veg fyrir misskilning, þó að vera megi, að ummæli hv. minni hl. gefi ekki beinlínis tilefni eða hafi ekki af þeirra hálfu verið til þess ætluð að *koma af stað slíkum skilningi.*

Hitt er svo það, að það er annað mál, hvort nefndir telja rétt og eðlilegt að senda frumvörp til umsagnar eða hvort þær telja ástæðu til þess að fara eftir till. þeirra, sem umsagnir gefa um mál, enda er það nú svo, að í þessu tilfelli, sem hér er um að ræða, er það ekki hægt, þar sem umsagnir voru ekki samhljóða.

En ég minnist þess t. d. í umr. hér, sem fram fóru *í þessari viku, að þá var þar mál til af*greiðslu og hafði verið í n., og ég heyrði það í umr., að n. hafði leitað umsagnar eins aðila, sem var embættismaður ríkisins, og n. hafði síðan, eftir að umsögnin kom, ákveðið afstöðu sína, ekki eins og lagt var til í umsögninni, heldur beint gegn því, sem þar var lagt til af þeim, sem spurður hafði verið. Slíkt kemur vitanlega oft fyrir, og er ekkert óeðlilegt við það, að nefndir þingsins sæki ekki afstöðu sína til þeirra, sem gefa umsagnir um málin. Það, sem til þeirra er verið að sækja, eru upplýsingar og rök með og móti málunum, en vitanlega verða nefndir og einstakir nm., eins og þm. yfirleitt, að taka sína afstöðu. Það eru þeir, sem ábyrgðina bera á henni og á lögum, sem sett eru, en ekki aðilar, sem beðnir eru um upplýsingar og umsagnir.

Ég hef látið þessi orð falla, vegna þess að það er eins og sums staðar *hafi komið* fram einhvers konar undrun yfir því, að meiri hl. n. skuli hafa tekið afstöðu til þessa máls, sem er önnur en afstaða meiri hl. þeirra aðila, sem umsagnir létu í té. Það er eins og einhverjir búist við því, að vinnuaðferð í n. á Alþingi sé sú, ef margir eru beðnir umsagnar, að umsegjendurnir séu látnir greiða atkvæði um það, hvaða afgreiðslu málin eigi að fá. Slíkt kemur vitanlega ekki til greina, hvorki í þessu máli né öðrum.

Ég vil benda á það líka í sambandi við þá, sem mælt hafa með og móti þessu frv., að meðal þeirra, sem ekki hafa mælt gegn frv., eru ákaflega fjölmenn samtök í landinu.

Það hefur í þessum umr. nokkuð sérstaklega verið rætt um einn þann aðila, sem hefur með höndum útflutning á sjávarafurðum, þ. e. a. s. Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda, sem undanfarið *hefur haft einkaútflutning á vissri* vöru, og því hefur verið haldið fram af hv. þm. G-K. (ÓTh), að á fundi, sem Sölusambandið hélt nýlega í tilefni af framkomu þessa frv., hafi komið í ljós mjög eindreginn vilji fiskframleiðenda í þá átt, að þessi stofnun héldi áfram einkaútflutningi sínum.

Ég vil aðeins gera eina aths. við það, sem um þetta hefur verið sagt, án þess að ég ætli að fara að ræða um fisksölusambandið almennt eða starfsemi þess. Í bréfi Sölusambandsins til sjútvn., dags. 16. febr., er sagt frá fundi, aukafundi Sölusambandsins og atkvgr., sem fram fór um ályktun, sem þar var borin fram. Hv. þm. gat þess, sem rétt er, að samkvæmt þessu bréfi hafa ekki verið greidd nema 4 atkv. gegn þessari till., en hann gat þess ekki, sem líka er rétt að komi fram, að þar stendur, að 195 atkvæðaseðlar hafi verið auðir. Auðvitað er rétt, að það komi fram líka, þegar rætt er um þennan fund og þessa atkvgr.

Sami þm., hv. þm. G-K., gerði fsp. til mín í ræðu sinni í fyrradag sem frsm. meiri hl. n., og hann endurtók þessa fsp. *með svipuðum orðum aftur* í umr. áðan.

Ég get nú ekki séð, að ég hafi tilefni til þess sem frsm. meiri hl. sjútvn. í þessu máli að svara þessari fsp. Ég held, að hann verði að fá svarið hjá hlutaðeigendum í því máli, sem hann var að tala um.

Það gladdi mig mjög sem samvinnumann að heyra þau lofsamlegu ummæli, sem þessi hv. þm. *lét falla um fyrirsvarsmenn Sambands* ísl. samvinnufélaga í afurðasölumálunum, þar sem hann lét þess getið, að þarna væri um menn að ræða, sem væru mjög hæfir og reyndir í viðskiptum og gættu vel hags sinna umbjóðenda. Ég held, að hann hafi endurtekið svipuð ummæli um þá aftur í dag, og gleður það mig sannarlega, að svo mikils virtur maður skuli líta svo á starfsemi þessara fyrirsvarsmanna samvinnufélaganna.

En niðurstaðan er nú sú, að *þessir mjög svo* hæfu og reyndu menn í viðskiptum hafa í bréfi sínu til sjútvn. látið uppi, að þeir telji heppilegast, að minnst tveir útflytjendur séu löggiltir til að hafa á hendi útflutning á öllum sjávarafurðum. Mér skilst, að við hljótum að verða sammála um það, hv. þm. G-K. og ég, að þetta séu mikilsverð ummæli frá þeim mönnum, sem hann hefur lýst áður svo lofsamlega sem hann hefur *gert í sambandi* við þekkingu þeirra á viðskiptum. Hitt er svo annað mál, að mér er ekki kunnugt um það, hvaða ástæður Samband ísl. samvinnufélaga eða aðrir, sem verið hafa í Sölusambandinu, hafa hverju sinni til þess að halda þeim viðskiptum áfram fyrir það ár, sem er að líða, hjá þessari stofnun, sem einkaútflutninginn hefur og hefur haft.

Ég held, að það sé nú ekki annað, sem ég þykist *hafa ástæðu til að segja í sambandi* við þetta mál í tilefni af þeim umr., sem hér hafa farið fram.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Við þessar umr. rifjast það nokkuð upp fyrir mér, einkanlega undir ræðu hv. þm. G-K. (ÓTh), að á síðasta kjörtímabili mælti hann úr þessari sömu ræðukompu fyrir frv. einu, sem þáverandi ríkisstj. lagði fyrir Alþ. um breytingar á innflutn*ingi til landsins*, þ. e. a. s. um innflutningsskrifstofuna o. fl. Þetta frv. hófst á orðunum: „Frjáls skal vera innflutningur“ o. s. frv. Og hann var hreint ekkert lágkúrulegur yfir þessu stóra stefnumiði Sjálfstfl., sem þarna væri komið í verk með því að setja nú þessi tiltölulega fallegu orð fremst á frv. um innflutning til landsins. Síðan fór hv. þm. G-K., sem þá var forsrh., mörg-

um og fögrum orðum um það, að með því að hafa innflutninginn til landsins jafnfrjálsan og hann vildi vera láta að frv. markaði, mundi það bæta hag þjóðarinnar ekki á einn, heldur á alla kanta, það mundi lækka vöruverð í landinu, það mundi auka samkeppni, það mundi skila betri vörum o. s. frv., o. s. frv., og allt þetta taldi hann vera því að þakka, að sjálfstæðismenn hefðu náð undir sig það miklum völdum í landinu, að þeir gætu nú komið fram þeim hugsjónum sínum að hafa verzlunina sem allra frjálsasta. Það er svo annað mál, þó að hans menn, stuðningsmenn þeirrar ríkisstj. sæju það, þegar þeir fóru að glöggva sig betur á frv., að þessi upphafsorð þess voru geip eitt, og þeir strikuðu þau út og töldu þau vera í fullkomnu ósamræmi við aðrar ákvarðanir frv. Og það varð endirinn á, að þetta frv. var að vísu samþykkt, en þessar skrautfjaðrir þáverandi forsrh. voru strikaðar út úr því. En ég minnist þess líka, að við þessar umr. lagði ég fram brtt. um, að þetta frelsi skyldi einnig ná til útflutningsins. Þá reis upp þáverandi hæstv. forsrh. og varð að vísu alveg eins hnarreistur yfir því og sagði, að það væri engin þörf á því að hafa þau mál með neinu frelsi, þau væru nú einmitt þannig, að útflytjendurnir sjálfir, þ. e. a. s. framleiðendurnir sjálfir, eins og hann kallaði þá, réðu þessu öllu saman, þar væri í rauninni ekki hægt neinu við að bæta og þar væri orðið frelsi með öllu óþarft.

Ég hef nú aldrei skilið það, ef frelsi í innflutningi er ákaflega nauðsynlegt og til mikilla heilla, hvers vegna Sjálfstfl., sem berst fyrir því, að því er hann sjálfur segir, þó að hann sýni það ekki svo mjög í reynd, þegar hann getur þeim hlutum ráðið, — ég hef aldrei skilið það, hvers vegna frelsi í útflutningi getur ekki verkað á svipaðan hátt. Ég skal taka fram, að í þeirri till., sem ég gerði um, að þetta frelsi, sem það frv. talaði um, næði til útflutningsins, var það þeim skilyrðum bundið, að ríkisstj. gæti ákveðið lágmarksverð, til þess að ekki kæmi til þess, að íslenzkir aðilar byðu niður íslenzkar framleiðsluvörur á erlendum markaði hver fyrir öðrum. En á slíkt var ekki hlustað. Samtök allra fiskframleiðenda fóru með útflutning á fiski. Það var kenning þeirra sjálfstæðismanna, og því er verið að reyna að halda fram enn þá.

Ég vil í fyrsta lagi taka það fram, að þetta er alger firra. Það eru alls ekki samtök allra fiskframleiðenda, sem eiga hlutdeild í Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda. Ég hef áður bent á, að þar er aðeins um þá menn að ræða, sem eru eigendur fisks, ekki endilega framleiðendur. Þeir hafa ekki allir eignazt hann og fæstir af þeim að nokkrum hluta sem framleiðendur. Þeir hafa keypt hann. Þetta eru þess vegna verzlunarmenn að verulegu leyti, kaupmenn. Eigendur að meira en helmingi af þeim afla, sem að landi er dreginn á Íslandi, eru sjómenn, og þeir eiga enga hlutdeild sem slíkir í Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda. Þeir eru þar algerlega útilokaðir, fá þar ekki eitt atkvæði. Þar er atkvæðisréttur bundinn við þorskkíló. Sá, sem á þetta mörg kíló af þorski, hefur þetta mörg atkv., og þeir útreikningar, sem hv. þm. G-K. hefur hér verið að gefa á því, að það hafi einungis 4 atkv. komið fram gegn því áliti, sem Sjálfstfl. hér flytur, á fundi í Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, segir ekkert um það, hvern hug fiskframleiðendur að meiri hluta bera til þessara mála.

Ástæðan er sem sagt sú, að í fyrsta lagi er það bara lítill minni hluti af fiskframleiðendum, sem á fulltrúarétt eða atkvæðisrétt í Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, og í öðru lagi eru fulltrúar þangað kosnir með þeim hætti, að t. d. þar sem um samlög er að ræða, sem flytja út fisk eða selja fisk frá sér, þá er það bara meiri hl. í samlagi, sem kýs fulltrúana, og það geta verið fjöldamargir fiskframleiðendur í því, sem eru mjög óánægðir með stefnu S. Í. F. í útflutningsmálum eða stefnu Sjálfstfl. í útflutningsmálum, þó að þeir eigi ekki fulltrúa á þeim fundum, sem S. Í. F. kallar saman, þegar þeim finnst það henta.

Sú firra, að það sé meiri hl., að maður nú ekki tali um, að það séu allir fiskframleiðendur, sem hér eiga hlut að máli og hafi samlagið á sinni hendi, er næsta fáránleg.

Við skulum nú hugsa okkur, að Framsfl., sem telur sig eiga flestum flokkum meiri samstöðu með Sambandi ísl. samvinnufélaga, hefði einhverju sinni komið því inn í lagabálka eða reglugerðir, sem byggðar voru á l., að t. d. allar matvörur og öll vefnaðarvara skyldi vera í einkasölu hjá S. Í. S. Þá hefði samt sem áður þurft mikla ósvífni af þeirra hálfu til þess að halda því fram, að þar væri um að ræða samstöðu allra neytenda í landinu, en það hefðu þeir auðvitað getað með sama rétti og Sjálfstfl. reynir hér að túlka það, að Sölusamband ísl. fiskframleiðenda sé samtök allra fiskframleiðenda á Íslandi. Framsóknarmenn hefðu getað sagt undir slíkum kringumstæðum: Jú, það eru að vísu fleiri, sem éta mat og klæðast fötum, heldur en þeir, sem eru í S. Í. S., en þeir eru ekki raunverulegir neytendur, af því að þeir kaupa þetta ekki inn í landið. Þetta væru hliðstæðar röksemdir, og vænti ég þess, að Sjálfstfl. mundi hafa töluvert við þær að athuga, ef þeim væri haldið hér fram á þeim grundvelli, sem ég hef nú lýst, að hægt væri að gera með nákvæmlega sama rétti og Sjálfstfl. hefur túlkað hér Sölusamband ísl. fiskframleiðenda sem samlag allra íslenzkra fiskframleiðenda.

Ég skal svo taka það líka sérstaklega fram, að það er engan veginn þýðingarlaust, að sá hluti framleiðenda, sem ekki eru útflytjendur sjálfir, þ. e. a. s. fyrst og fremst sjómennirnir, eigi fullan aðgang að því og geti fylgzt með því, hvernig sölu íslenzkra sjávarafurða er yfirleitt varið. Það eiga þeir alls ekki um þessar mundir að því er varðar salfiskútflutninginn. Ég get bent á það, að einmitt þetta saltfisksölufyrirtæki, sem hér hefur aðallega verið rætt um, hefur iðulega selt stóran hluta af íslenzkum saltfiski beint í hendurnar á okkar aðalkeppinautum á heimsmarkaðinum um þessa vöru, Færeyingum og Norðmönnum, og það hefur meira að segja komið fyrir, að það hafa verið valdar úr íslenzkum fiski þær stærðir, sem helzt gátu bætt upp smærri fiskinn, og seldar Norðmönnum, til þess að þeir gætu komið út sínum smáa fiski.

Það er ekki nema eðlilegt, meðan engar skýringar liggja fyrir um slíka hluti, að sá hluti ís-

lenzkra framleiðenda, sem ekki á þess kost að fylgjast með því, hvernig þessi vinnubrögð ganga fyrir sig, vilji fá þannig breytt fyrirkomulag á afurðasölunni, að það sé a. m. k. hægt að fá einhverjar skýringar á svona fyrirtæki og svona verzlunarháttum. Það hefur heldur aldrei verið gefin nein skýring á því til fiskframleiðenda íslenzkra almennt, hvernig á því stendur, að þetta saltfisksölufyrirtæki, S. Í. F., leggur 1.2 millj. kr. í íbúðabyggingar í Morgunblaðshöllinni hér í Reykjavík og lætur þær standa auðar og ónotaðar. Mér er alls ekki grunlaust um, að þetta komi niður á fiskverðinu til landsmanna, og ég hygg, að það væri engu tapað, þó að þeir, sem framleiða fisk á Íslandi, fengju aðgang að einhverri stofnun, sem gæti gefið skýringar á svona hlutum. Það er sem sagt ekki alveg einhlítt, hvað Sjálfstfl. stendur óskaplega fastan vörð um það, að það skuli ekki vera opnuð nein smuga fyrir almenna fiskframleiðendur á Íslandi til þess að fylgjast með því og til þess að eiga rétt til að sjá, hvernig afurðasölunni er varið. Ég lít svo á, að það frv., sem hér liggur fyrir, jafnvel þó að það breyti ekki skipulaginu á afurðasölunni stórlega, opni möguleika til þess, að þeir, sem raunverulega framleiða, geti líka fengið að vita, hvað hægt er að fá fyrir fiskinn og hvernig sala hans fer fram. Ég bendi enn fremur á, að þetta er ekkert lítilvægt atriði. Á hverju einasta ári fara fram samningar um það milli útgerðarmanna og sjómanna, hvaða verð sjómenn skuli fá fyrir sinn aflahlut, og það er kunnara en svo, að hér þurfi sérstaklega að rekja þá sögu, að oftlega hefur komið til meiri háttar framleiðslutruflana vegna þess, að sjómenn hafa haldið því fram, að eðlilegt fiskverð til þeirra gæti verið hærra en þeir gátu a. m. k. með auðveldu móti náð samningum um.

Það er alveg ástæðulaust að láta íslenzka fiskiflotann liggja kannske mánuðum saman aðgerðalausan, vegna þess að ekki næst samkomulag um fiskverð, ef það er í rauninni svo, að ágreiningurinn byggist ekki á neinum efnahagslegum ágreiningi í raun og veru, heldur eingöngu á hinu, að annar aðilinn, sem þarna á hlut að máli, fær bókstaflega ekki tækifæri til þess að vita um það, hvaða verð hægt er að fá fyrir íslenzkar sjávarafurðir. Allt, sem miðar í þá áttina, að hinir raunverulegu fiskframleiðendur, hvort sem þar er um að ræða útgerðarmenn eða sjómenn, geti átt aðgang að því að vita hið rétta um, hvernig afurðasalan gengur fyrir sig, hlýtur að vera bætandi fyrir atvinnulífið og er líklegt til þess að geta komið í veg fyrir þær framleiðslutruflanir, sem á mörgum undanförnum árum hafa háð íslenzku framleiðslunni.

Ég gæti nú máske spurt þá, sem hér telja sig helzt vera í fyrirsvari fyrir einkasamtök saltfiskútflytjenda og halda því fram, að alveg sé óhugsandi, að málum geti á nokkurn annan hátt verið betur skipað í afurðasölunni en gert er hjá þeim samtökum: Hvers vegna kölluðu þeir ekki saman ráðstefnu um það, hvort þeir ættu nú að leggja verulegt fjármagn af fé samtakanna í áróðursmiðstöð Sjálfstfl.? Einhvern veginn töldu þeir ekki ástæðu til þess að kalla neina ráðstefnu saman um það. Ég gæti líka spurt: Hvers vegna hafa þeir ekki gefið neina skýringu á því, að verulegur hluti af íslenzkri saltfiskframleiðslu hefur oft verið seldur beinum keppinautum Íslendinga á mörkuðum? Það mætti máske ætlast til þess af slíkum forsvarsmönnum, að þeir létu eitthvað uppi um það, af hverju slíkir hlutir, sem vissulega eru tortryggilegir í augum þeirra, sem ekki hafa á þeim aðrar skýringar en hinn almenni borgari, — af hverju þeir gefa ekki upplýsingar um það, hvernig á slíkum hlutum getur staðið, þegar þeir eru að útskýra það hér fyrir okkur fávísum alþm., að enginn hlutur geti verið jafngagnlegur og S. Í. F. að því er varðar sölu á íslenzkum sjávarafurðum.

Ég vænti þess að fá svar við slíkum spurningum, og raunar er ýmislegt fleira, sem vert væri að spyrjast fyrir um, ef við ætlum að halda hér áfram að ræða um, hversu ágætur og ómissandi félagsskapur þau samtök eru, sem hér hafa aðallega verið til umr.

Mér virðist á hv. Sjálfstfl., að hann beri eingöngu kvíðboga fyrir afdrifum Sölusambands ísl. fiskframleiðenda og ekki öðrum samtökum í sambandi við það lagafrv., sem hér er til umr. Nú gerir þetta lagafrv. alls ekki ráð fyrir því að taka neinn rétt af S. Í. F. nema einkaréttinn. Einkarétt eiga þeir að vísu ekki að fá, en ef þeir geta selt saltfisk miklu betur en allir aðrir, þá ættu þeir ekki að vera í neinni hættu með að hafa áfram á hendi saltfisksöluna, þegar það frv., sem hér liggur fyrir, er orðið að lögum, ef það á fyrir því að liggja, sem ég vænti að hljóti að verða.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég alveg sérstaklega taka það fram, að slíkar blekkingar, að hér sé um að ræða samtök allra þeirra, sem framleiða fisk á Íslandi, eru með stærstu ósannindum, sem ég hef yfirleitt heyrt menn flytja hér í málum á Alþingi. Ég hef sýnt fram á það, að hér er eingöngu um að ræða samtök manna, sem ekki hafa sem framleiðendur yfir að ráða nema minni partinum af íslenzkri fiskframleiðslu. Sjómennirnir eru eigendur að meiri hluta hennar. Þetta veit ég að hv. Sjálfstæðisflokksmenn vita, ef þeir á annað borð vilja vita það, og ég held, að þeir ættu líka að haga málflutningi sínum hér á Alþingi í samræmi við þessa staðreynd.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það voru hér nokkur atriði, sem fram hafa komið í þessum umr., sem ég tel rétt að gera hér athugasemdir við.

Það var frsm. minni hl., hv. þm. Borgf. (PO), sem sagði hér, að afstaða þeirra minnihlutamanna til þessa frv. hefði markazt fyrst og fremst af tvennu: annars vegar af því, að frv. væri í sjálfu sér óþarft, og hins vegar af því, að í grg. frv. væri boðuð ný stefna, sem þeir teldu vera varhugaverða.

Ég vil nú víkja örlítið að þessari skilgreiningu hans á afstöðu þeirra. Hér hefur áður verið rætt nokkuð um það, hvort þörf hefði í raun og veru verið á því að flytja það frv., sem hér liggur fyrir um skipulag afurðasölumála sjávarútvegsins. Ég hef haldið því fram, að það væri eðlilegt, að Alþingi sjálft setti í meginatriðum reglur um það, hvernig það vill skipa afurðasölumálum

sjávarútvegsins. Hins vegar hef ég játað það, að ráðh. skortir ekki í dag heimildir til þess að skipa þessum málum á þá lund, sem hann kýs nú hverju sinni.

Vissulega geta menn haft misjafnar skoðanir á því, hvort réttara er að hafa þann háttinn á, að sjútvmrh. eins og verið hefur fram til þessa, hafi alveg óbundnar hendur um það, hvernig hann hagar afurðasölumálum sjávarútvegsins, hvort hann veitir einni útflutningsgreininni einkaréttaraðstöðu, en neitar annarri um það, eða yfirleitt hvaða skipulag hann vill hafa á þessu ýmist á þessu ári eða hinu, en sem sagt að halda sér við þá reglu, sem verið hefur, að ráðh. hafi alveg óbundnar hendur um framkvæmd málsins. Ég er hins vegar á hinni skoðuninni og hef túlkað hana m. a. með því að flytja þetta frv., að ég tel eðlilegt að reyna að skipa þessum málum á nokkurn fastari hátt en gert hefur verið að undanförnu og að láta hinar ýmsu greinar sjávarútvegsins búa við sömu reglur um afurðasöluna, láta þær allar lúta einum lögum, einum reglum og reyna að koma þessu í nokkru fastara form en verið hefur. Ég tel svo óþarft að vera að deila mikið um þetta atriði við hv. þm. Borgf. eða þá minnihlutamenn í þessu máli. Ég veit það, að til eru þeir menn, sem með ráðherravald fara, sem óska eftir því að hafa sínar hendur sem allra minnst bundnar, að þeir geti hagað framkvæmdinni eins og þeim býður við að horfa í hvert eitt sinn. Aðrir eru aftur á hinni skoðuninni, og þar í hópi er ég, að ég álít miklu eðlilegra um jafnmikilsvert og þýðingarmikið mál eins og þetta, að Alþingi setji höfuðreglurnar og við þær sé reynt að binda sig í framkvæmdinni.

Þá var hitt atriðið, sem myndaði afstöðu þeirra minnihlutamanna, en það er, að í grg. frv. sé boðuð ný stefna um framkvæmd þessara mála, sem sé hættuleg. Að vísu sagði hv. þm. Borgf. fyrir hönd þeirra minnihlutamanna, að ég hefði hér í ræðu minni, þegar þetta mál var síðast til umræðu, viljað taka þetta að nokkru leyti aftur og í rauninni hefði ég boðað, að í frv. fælist engin ný stefna. Þetta hlýtur að vera á misskilningi byggt hjá hv. þm. Borgf. Ég hef ekki sagt það, að í frv. fælist engin ný stefna. Síður en svo. Ég hef einmitt túlkað það hér í mínum ræðum, að bæði grg. frv. og frv. sjálft boðar nokkuð aðra framkvæmd á þessum málum en verið hefur. Það boðar þá stefnu, að í stað þess að fela einum einstökum manni að hafa með höndum veitingu á öllum útflutningsleyfum, er ákveðið, að föst þriggja manna nefnd skuli hafa þessa yfirstjórn með höndum. Þetta er vitanlega mjög veruleg breyting, þegar það svo er enn fremur ákveðið, að þessi n. er ekki aðeins sett til stutts tíma, hún er sett í lög af Alþingi og á þá vitanlega í framtíðinni að skapa þessu miklu fastara form og það um lengri tíma. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að engin af þeim útflutningssamtökum, sem nú fara með sölu á sjávarafurðum, skuli hafa einkaréttaraðstöðu. Hér er vitanlega líka um talsverða breytingu að ræða, einkum og sérstaklega varðandi söluna á saltfiski, þar sem þau samtök, sem þar hafa aðallega annazt söluna, hafa undanfarið haft einkaréttaraðstöðu í þeim efnum.

Ég hef vitanlega ekkert tekið aftur í sambandi við þessa yfirlýsingu, því að hún er alveg ótvíræð og skýr, að það er ekki meiningin að veita neinum útflutningssamtökum einkaréttaraðstöðu.

Hitt er svo algerlega rangtúlkað, að því sé haldið fram í grg. eða því hafi verið hér haldið fram af mér, að allir, sem sækja um útflutningsleyfi, skuli fá útflutningsleyfi, og að þannig verði hér skapaður glundroði í sambandi við útboð á okkar vörum á erlendum markaði.

Þetta kemur ekki fram í grg., og þetta hefur ekki verið hér boðað af mér. Það er ranglega túlkað. Hins vegar geta allir vitanlega sótt um útflutningsleyfi, og sú nefnd, sem á að hafa með að gera framkvæmd þessara mála, verður að sjálfsögðu að meta það, hvort hún vill halda sér við einn aðalútflytjanda eða hvort hún telur rétt í einstökum tilfellum að víkja þar frá, af því að einhverjir aðilar, sem nú koma inn í útflutninginn, sýna svo ótvíræða yfirburði í sambandi við sína sölu. Það er þetta, sem hefur verið gert í öðrum greinum í sambandi við útflutning á sjávarafurðum.

Það kom hér fram í ræðu hv. þm. Borgf. og einnig í ræðu hv. þm. G-K., að nú hefðu framleiðendur að saltfiski talað á mjög ótvíræðan hátt um vilja sinn um skipulag þessara mála, og ekki aðeins það, að þeir hefðu hér haldið fund með sér og lagzt gegn þessu frv., sem hér liggur fyrir, heldur beinlínis hafi þeir nú með því að tilkynna ekki til Sölusambands ísl. fiskframleiðenda fyrir 1. marz, að þeir vilji ekki fela Sölusambandinu sölumeðferð á sinni framleiðslu, raunverulega falið Sölusambandinu að selja alla sína framleiðslu, a. m. k. á þessu ári. Þetta áttu að vera alveg sérstaklega þung rök og margendurtekin hér af formanni Sjálfstfl. í sambandi við þessar umr.

Ég hef áður sagt það hér, að þetta eru vitanlega afar léttvæg rök, þegar það er haft í huga, að hér er ekki deilt um það, hvort menn vilja segja sig úr þessum samtökum, hvort menn vilja leysa Sölusamband ísl. fiskframleiðenda upp eða ekki, og þegar þess er líka gætt, að þó að þessi ákvæði séu í lögum Sölusambandsins, þá hafa þau aldrei verið notuð. Fiskframleiðendur hafa aldrei verið spurðir fyrir 1. marz um það, hvort þeir ætluðu að fela Sölusambandinu sölu á sínum saltfiski á þessu ári eða ekki. Það er mér vel kunnugt um, því að ég hef aldrei nokkurn tíma þau ár, sem ég hef haft með þessi mál að gera, fengið neina fsp. frá þeim í þessa átt, og það gerðu þeir heldur ekki nú að þessu sinni. Þeir sendu engar fyrirspurnir út til manna um það, hvort þeir óskuðu eftir því að láta Sölusambandið eitt hafa með söluna á þeirra saltfiski að gera að þessu sinni eða ekki, svo að þetta út af fyrir sig sannar ekki nokkurn skapaðan hlut. (Gripið fram í.) Jú, en ég veit það. Þegar farið er að segja mér frá, að þetta sé í lögum, þá kannast ég við það, en ég veit, að þeir hafa aldrei verið látnir gera þetta. Það hefur aldrei verið gengið eftir þessu. Þetta hefur því verið dauður bókstafur allan tímann og er það að sjálfsögðu eins enn. En það er eins og annað í sambandi við túlkun þessara mála, að þar skirrast menn vitanlega ekki við að rangtúlka þetta eins og þeir

mögulega geta, ef það gæti orðið þeirra málstað eitthvað til framdráttar.

Því hefur verið haldið hér fram, að á þeim fundi, sem Sölusamband ísl. fiskframleiðenda boðaði til, hafi hvorki meira né minna en 900 og ég held 998 atkv. mælt gegn samþykkt þessa frv. og aðeins 4 verið á móti. Annar ræðumaður minnti hér á það, að undan hefði verið skotið því, að nærri 200 atkv. hefðu svo setið hjá. En þar er ekki öll sagan sögð. Hið rétta er, að á þessum fundi, sem hér var boðað til, — og það þótti nú rétt að haga honum þannig, að t. d. var mér ekki gefinn kostur á því að mæta á þeim fundi til þess að skýra það mál, sem hér lá fyrir, sem hefði þó verið mjög eðlilegt, og þegar rödd kom fram um það í stjórn samtakanna, þá var þetta kveðið niður af formanninum þar. (ÓTh: Þetta eru hrein ósannindi.) Þetta er rétt. (ÓTh: Það eru vísvitandi ósannindi.) Það er mér vel kunnugt um, að það kom fram í stjórn samtakanna, en það var hins vegar kveðið niður. En hitt stendur þó alveg óumdeilt, og það er það, að það þótti ekki fært að gefa mér kost á því að mæta á þessum fundi, þar sem þetta mál var til umræðu. En vitanlega var svo framkvæmdin sú, að fjöldamargir saltfiskframleiðendur víðs vegar að af landinu höfðu enga aðstöðu til þess að mæta á þessum fundi og mættu þar ekki.

Það er auðvitað vorkunnarmál út af fyrir sig, þó að þeir, sem hafa forgöngu um mál, vilji búa áfram við þau sérrétindi, sem þeir hafa einir notið. En hið rétta er það, að á þessum fundi vantaði um helming allra atkvæða þeirra, sem atkvæðisrétt áttu að eiga á þessum fundi. Það hefur verið birt í Morgunblaðinu, að á bak við þessi atkvæði hafi staðið saltfiskmagn, sem nemur 25 þús. tonna, og ég skal út af fyrir sig ekki vefengja, að það muni vera nokkurn veginn rétt. En hitt veit ég, að útflutningurinn á saltfiski á s. l. ári nam nærri 50 þús. tonna. Það veit ég, af því að um það hef ég alveg óræka skýrslu fyrir framan mig, og hvar eru þá hin 25 þús. tonnin, sem einnig áttu að leggja fram atkvæði á þessum fundi?

Vitanlega var það svo, að menn úr heilum landsfjórðungum höfðu enga aðstöðu til að mæta þarna, og þeir mættu ekki. Þarna voru engir fulltrúar frá heilum landsfjórðungum, og mjög stórir fiskframleiðendur höfðu ekki aðstöðu til þess eða kærðu sig ekki um að mæta á þessum fundi.

En það, sem svo eftir stendur í þessum efnum, er, að forustumenn þeir, sem hafa verið í stjórn saltfisksölusamtakanna nú um margra ára skeið, hafa haldið mjög fast í að hafa þarna einkaréttaraðstöðu og fá að búa þar við söluskipulag, sem aðrir framleiðendur hafa ekki ýmist fengið, þó að þeir hafi óskað eftir því, eða þá að þeir hafa ekki viljað koma á í sínum starfsgreinum slíku skipulagi.

Ég vil líka í þessu efni vekja athygli á því, að það var býsna athyglisvert að heyra það af munni hv. þm. G-K. (ÓTh), formanns Sjálfstfl., þegar hann sagði, að það, að skreiðarútflytjendur byggju ekki við sama skipulag og saltfiskútflytjendur, væri svo sem ekki honum að kenna, hann hefði raunverulega boðið þeim einkaréttaraðstöðu. En á hverju stóð þá? Það stóð á því, segir hann, að framleiðendurnir sjálfir vildu það ekki. Þeir óskuðu ekki eftir því. Og hann, eins og hann orðaði það, vildi ekki neyða þá til þess að taka upp þetta skipulag. Þar sýndi það sig, að fjöldamargir framleiðendur, sem standa að skreiðarframleiðslunni, þó að jafnvel þeir hefðu myndað með sér sölusamlag margir hverjir, óskuðu ekki eftir því að taka upp það skipulag að veita einum aðila einkaréttaraðstöðu til sölu á skreið. Þeir töldu hitt skipulagið eins æskilegt, að fleiri mættu koma að þessu verki, og það væri aðeins heilbrigt, að nokkrir útflytjendur ættu þarna kost á því að fylgjast með gangi þessara mála, og það væri ekki nein veruleg hætta á því, að um undirboð yrði að ræða eða tjón af völdum slíks.

Skreiðarsalan er ekki ómerkilegri en svo, að á s. l. ári var seld skreið úr landinu fyrir 103 millj. kr., að vísu af allmörgum aðilum. Í sambandi við söluna á skreið hefur einmitt ríkt það skipulag, sem ég hef hér boðað að ætti nú að taka upp einnig gagnvart saltfiski og öðrum útflutningsgreinum sjávarútvegsins, að þeir aðilar, sem hafa með söluna að gera, yrðu að afla sér útflutningsleyfa hverju sinni, opinberir aðilar yrðu að samþykkja sölur þær, sem fram fara, yrðu að samþykkja verðið og gætu sett skilyrði fyrir framkvæmd málanna í heild.

Hitt verð ég svo að segja að er alveg furðulegt, þegar því er haldið fram og það í fullri alvöru, að það sé eðlilegt að láta aðeins einn mann hafa með slíka yfirstjórn að gera eins og að velja á milli fjölmargra útflytjenda um það, hvort þeir fá heimild til þess að selja og fyrir hvaða verð og til hvaða landa hverju sinni, þegar um jafnmikinn útflutning er að ræða og t. d. á allri skreiðarframleiðslu landsmanna, sem s. l. ár nam 103 millj., og er nú í sambandi við útflutning á öllu fiskmjöli, sem nam s. l. ár um 67 millj. kr., og á öllu lýsi, sem nam að útflutningsverðmæti um 81 millj. kr. Það er vitanlega mjög óeðlilegt, að leyfi fyrir þessum útflutningi séu í höndum aðeins eins manns. Miklu eðlilegra er að skipa þessu á fastan hátt og fela þetta vald þremur mönnum, sem Alþingi hefur ákveðið að ættu að starfa í þessu.

Þá kom hér fram eitt atriði í ræðu hv. þm. Borgf., sem ég tel ástæðu til þess að víkja að með örfáum orðum, en það var, að í þessu frv. væri gert ráð fyrir þeirri meginbreytingu, að útflutningsmál sjávarútvegsins væru nú algerlega falin sjútvmrh. einum og aðrir ráðh. í ríkisstj. hefðu þar ekkert um að segja; að sjútvmrh. fengi sem sagt, eins og hann sagði hér, algert alræðisvald, en fram til þessa hefði það verið þannig orðað, a. m. k. í lögum, að ríkisstj. öll ætti hér hlut að máli.

Þetta er hinn mesti misskilningur hjá hv. þm. Borgf. *Í þessum efnum er engin breyting gerð* með þessu frv., sem hér liggur fyrir. Það er kunnugt, að þegar út var gefin við myndun núverandi ríkisstj. yfirlýsing um skiptingu starfa ráðh., þá var það mjög greinilega fram tekið í því opinbera plaggi, að sjútvmrh. fari með sölu sjávarafurða úr landi, en það er líka jafnframt tekið þar fram, að landbrh. fer með sölu á landbúnaðarafurðum úr landi og iðnmrh. fer með sölu

á iðnaðarvörum úr landi. Þetta er því allt saman opinberlega alveg ákveðið fyrir fram.

Frv. gerir því ekki ráð fyrir nokkurri breyt. í þessum efnum, hvorki frá því, sem hefur verið í framkvæmd, eða því, sem er yfir lýst. Hér er því ekki verið að færa sjútvmrh. neitt aukið vald frá því, sem verið hefur. Hann hefur haft möguleika til þess að ráða öllu um það, hvernig hefur verið staðið að þessum málum samkvæmt lögum og reglum og öllum venjum, og þetta frv. er því ekki flutt á neinn hátt til þess að auka þar við valdsvið hans eða skerða þar vald einhverra annarra.

Þá vildi hv. þm. G-K. gera hér mikið úr því, að síðasta ræða mín um þetta mál hefði verið mjög á aðra lund og í henni hefði verið allt annar tónn, eins og hann sagði, heldur en í fyrri ræðum mínum um málið eða í grg. frv., og hann reyndi svo að rökstyðja þetta með því að lesa nokkrar tilvitnanir í mínar ræður. En það fór nú eins og vill verða, að hann sleit þar orð alveg úr samhengi og mistúlkaði alveg á hinn herfilegasta hátt.

Mín afstaða hefur verið alveg ljós og skýr í þessu frá upphafi, og það var einmitt eitt meginatriði í minni síðustu ræðu um þetta mál hér á Alþ. að lesa upp úr mínum fyrri ræðum til þess að sýna, hverju ég hefði haldið fram um tilætlunina með framkvæmd á þessum lögum, þar sem ég var þá að afsanna það, að tilætlunin væri sú að rífa niður samtök framleiðenda, eins og þeir sjálfstæðismenn hafa reynt að halda að mönnum að ætlunin væri.

Hv. þm. G-K. sagði, að nú hefði ég t. d. sagt, að Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, sem annazt hefði saltfisksöluna, hefði margt vel gert. En hann hefði nú einnig mátt muna það, að nákvæmlega það sama hafði ég sagt hér áður um þessi sömu samtök. Það var ekki í fyrsta skipti á þessum fundi. Ég hef sem sagt sagt það áður. Mér hefur aldrei komið það til hugar, — ég lýsti því reyndar yfir í sömu ræðu, — og ég mundi ekki hafa beitt mér fyrir því, ef ég hefði áfram verið umboðsaðili fyrir þau framleiðslufyrirtæki, sem ég stjórnaði um hríð, að þau segðu sig úr Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda. Ég álít þvert á móti, að saltfiskframleiðendur eins og aðrir framleiðendur eigi að hafa með sér framleiðendafélög, sem gjarnan vinni að sölu á sjávarafurðum, og reyni að byggja sig þar upp á eðlilegan hátt. Og ég tel að S. Í. F. hafi fulla aðstöðu til þess að sinna þessum hagsmunamálum saltfiskframleiðenda á eðlilegan hátt samkvæmt því frv., sem hér liggur fyrir, þótt að lögum yrði, þó að það hafi ekki einkaréttaraðstöðu, eins og hv. þm. G-K. berst svo mjög fyrir að samtökin fái að hafa áfram.

Mér kemur því ekki til hugar að halda því fram, að þessi framleiðendasamtök hafi ekki margt vel gert. En ég hef líka lýst því hér yfir og ætla að halda mér við það, að ég tel enga ástæðu til þess að fara að draga hér inn í þessar umr. og rífast hér um margt það, sem þeir hafa líka illa gert eða þeim hefur tekizt illa með. Ég hef ekki farið í neinn slíkan tiltíning og ætla mér ekki að gera það, því að ég tel, að það sé með öllu óþarft í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir.

Þá minntist hv. þm. G-K. á það, að ég hefði látið hér orð falla um, að það væri álit manna, að það skipulag, sem nú ríkti í afurðasölumálunum, gæti ekki staðið til lengdar. Það er það, sem ég segi enn. Ég tel, að það sé með öllu óeðlilegt, að sala á saltfiski sé bundin þeim reglum, að þar gildi einkaréttaraðstaða, en um sölu á frosnum fiski megi ekki hafa sama háttinn á og um sölu á skreið megi ekki heldur hafa sama háttinn á, og sala á fiskimjöli, lýsi og öðru slíku eigi að lúta allt öðrum reglum. Ég tel miklu eðlilegra, að sala á öllum þessum greinum sjávarafurða eigi að fara fram með svipuðu skipulagi og það eigi að löggilda einu og sömu aðferð um söluform á þessu í öllum greinum.

Framleiðendur viðurkenna það almennt, að skipulag á þessu hefur verið lélegt, mjög lélegt, og þeir eru ábyggilega ekki margir framleiðendur, sem ekki viðurkenna, að það hljóti að verða mjög tímabundin sú framkvæmd að láta aðeins einn mann hafa með það að gera að veita útflutningsleyfi fyrir jafnmiklu af útflutningi sjávarafurða og nú á sér stað.

Þá var á það minnzt, að ég hefði sagt, að í ýmsum greinum hafi ríkt hér misrétti. Það er einmitt þetta misrétti, sem ég var núna að greina frá. Það hefur verið misrétti um skipulag í þessum málum á milli hinna ýmsu framleiðslugreina og milli hinna ýmsu aðila, sem með þessi mál hafa farið, og það á að breyta því. Það á að setja eina og almenna reglu yfir útflutning sjávarafurða.

Þá þótti það voðalegt, að ég hefði sagt, að samtök framleiðenda yrðu að víkja í sambandi við sölu á sjávarafurðum, ef það kæmi í ljós, að þau gætu ekki gert jafnvel og aðrir um söluna. Ég held mér við þetta og vil endurtaka það enn, að ég álít það með öllu rangt, jafnvel þó að svo sé komið einhverjum samtökum framleiðenda, að þau fari með sölu á allmiklu magni af framleiðslunni, að þá eigi ekki að láta þau komast upp með það að selja framleiðsluna á miklu lægra verði en sannanlega er hægt.

Ég álít, að í sambandi við sölu á útflutningsvörum landsmanna eigi þjóðarhagsmunir að gilda, en ekki sérhagsmunir einstakra hópa.

Að þessu leyti til verður vitanlega réttur framleiðenda í framleiðslusamtökum að takmarkast við hagsmuni heildarinnar. Þetta vitanlega þýðir ekki það, að með þessu sé ekki ætlazt til þess, að framleiðendur geti haft með sér samtök, sem vinni á eðlilegan hátt að sölu á þeirra framleiðsluvörum.

Ég hirði svo ekki að fara út í að ræða hér í löngu máli, þó að það væri svo sem á ýmsan hátt girnilegt, þær raunverulegu hótanir, sem fram komu hér hjá hv. þm. G-K. í nafni útvegsmanna, þar sem hann vildi gera mikið úr því, að ríkisstj. gæti ekki skipað þeim fyrir nema mjög takmarkað og að þeir hefðu nú tekið völdin af ríkisstj. í þessum málum. Ég er alveg fullviss um það, af því að ég hef kynnt mér vel afstöðu útvegsmanna til þessara mála, að þeir eru ekki óánægðir með þá skipan, sem ég hef hugsað mér og ég hef hér túlkað á þessum málum, þó að nokkrir þeirra séu að vísu óánægðir, — það er rétt, það veit ég um. Ég hef orðið var við það

frá upphafi, og ég veit ósköp vel, hve djúpt þau mótmæli rista, sem frá sumum þessara samtaka koma, þó að þau séu nú fram komin. Ég kannast t. d. mætavel við það, að þegar ég átti í samningum við útvegsmenn um rekstur sjávarútvegsins nú á þessu komandi ári, þegar ég átti í samningum við þá dagana fyrir jólin, þá var mjög gengið fast að ýmsum fulltrúum sjávarútvegsins með að eiga ekki neina samninga við ríkisstj. um rekstrargrundvöll bátaútvegsins á þessu ári nema með því meginskilyrði, að afurðasölulöggjöfinni yrði ekki breytt, með því meginskilyrði, að Sölusamband ísl. fiskframleiðenda skyldi áfram hafa einkaréttaraðstöðu í sambandi við sölu á saltfiski.

Ég vék að þessu nokkuð hér í umr. um þetta mál, þegar það bar á góma í Ed., og þegar einn af þm. Sjálfstfl. innti margsinnis eftir því, hvort það væri ekki skilyrði frá hálfu útvegsmanna í sambandi við það, að þeir byrjuðu róðra upp úr áramótum, að sama skipulag skyldi gilda um sölu sjávarafurða og hefði verið og þar yrðu ekki gerðar breytingar á, þó að ríkisstj. hefði boðað nýtt frv. um skipan þeirra mála, þá ræddi ég þetta þar og sagði þá frá þessu, sem mér var fullkunnugt um, að ýmsir forustumenn Sjálfstfl. gengu þá mjög fast á útvegsmenn að rifta því samkomulagi, sem þeir þá raunverulega höfðu gert varðandi rekstrarafkomu bátanna á komandi ári, með því að setja nýtt skilyrði fram varðandi þessi mál. En það fór svo, að þeir útvegsmenn, sem gerðust þar talsmenn þessara forustumanna Sjálfstfl., sem höfðu áhuga í þessum efnum, urðu að láta í minni pokann. Hinir aðrir útvegsmenn tóku þar völdin og ákváðu að halda sér við gert samkomulag. Og þegar þeir höfðu fengið að sjá það frv., sem hér liggur nú fyrir, og hvaða skipan þessara mála var hér hugsuð, þá undu þeir sínum hag vel. Þeir sáu, að það var ekki meiningin að raska á neinn hátt því söluskipulagi, sem t. d. útvegsmenn hafa byggt sér upp í sambandi við sölu á frosnum fiski eða í sambandi við sölu á skreið eða öðru slíku. Og þeir lýstu því þar einnig margir yfir, að þeir teldu enga ástæðu til þess, að saltfisksalan færi fram með öðrum hætti en salan á öðrum afurðum.

Við þessar umr. lýsti ég því líka yfir, sem ég hef marggert síðan, að það hefði ekki verið mín meining á nokkurn hátt að ætla að veitast að samtökum framleiðenda. Það er algerlega rangtúlkað af nokkrum forustumönnum Sjálfstfl., sem reyna að halda því fram.

Hitt var svo annað mál, að ég taldi rétt, eins og ég hef hér sagt, að settar yrðu nokkru fastari reglur um framkvæmd þessara mála heldur en gilt hafa og að tök væru á því að koma hér við eðlilegu, opinberu eftirliti með framkvæmd málanna og einnig að ákveða sama söluform á öllum greinum sjávarútvegsins.

Og það er það sama, sem hér er svo aftur að endurtaka sig, að það eru nokkrir af forustumönnum Sjálfstfl., sem brjótast um á hæl og hnakka og eru mjög illir yfir því, að það er ætlað að framkvæma málið þannig, að Sölusamband ísl. fiskframleiðenda fái ekki að njóta þeirra sérréttinda, sem það hefur notið, þeirrar einkaréttaraðstöðu, að það verði sem sagt að beygja sig undir það, sem hin samtökin hafa þurft að búa við. Nokkrir forustumenn Sjálfstfl. mega ekki til þess hugsa og reyna að skapa allan uppsteyt, sem þeir geta, út af þessu, bæði hér á Alþingi og annars staðar. En ég fyrir mitt leyti, jafnvel þó að hv. þm. G-K. hafi hér uppi hótanir um það, hvernig útvegsmenn muni taka bæði þessum lögum og öðrum fyrirskipunum ríkisstj. varðandi þessi mál, er ekki vitundar ögn hræddur við þessar hótanir, af því að ég veit nefnilega miklu betur en hann um það, hver er afstaða framleiðenda til þessara mála almennt, og ég veit, að hann getur ekki, þó að hann vildi leggja sig fram, fengið þá til þess að fara út í neinar ógöngur í sambandi við þá skipan þessara mála, sem hér er gert ráð fyrir að lögfesta.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð mín öllu fleiri að sinni, en held nú, að það liggi mjög ljóst fyrir öllum, að það, sem lagt er til með þessu frv., er í rauninni ofur eðlilegt. Hér er ekki gert ráð fyrir því að svipta útvegsmenn aðstöðu til þess að eiga hér hlut að máli. Hins vegar er óneitanlega gert ráð fyrir því, að mjög vafasöm einkaréttaraðstaða í framkvæmd þeirra mála verði afnumin. Svo er það bara manna að gera það upp við sig, hvort þeir vilja endilega berjast með því áfram, að þessi sérstaða, sem skapazt hefur hjá S. Í. F., eigi hér að halda áfram öllu lengur en verið hefur. Þeir, sem eru á því, að það þurfi endanlega að vernda þessa sérstöðu, verða vitanlega á móti þessu frv. í von um, að þeir geti þannig komið í veg fyrir, að þar verði breytt til, en hinum er eflaust líka ljóst, hvað við á að taka, sem vilja aftur styðja þetta frv.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég er ekki sérfræðingur í fisksölumálum og hafði þar af leiðandi ekki hugsað mér að taka til máls í sambandi við þetta mál. En það, sem kom mér til að standa hér upp, voru ummæli í ræðu hv. 2. landsk. þm. (KGuðj), sem hann flutti hér áðan.

Hann talaði um það sem ósamræmi í málflutningi sjálfstæðismanna í verzlunarmálunum, að þeir vildu takmarka samkeppnina á sviði útflutningsverzlunarinnar, jafnframt því sem þeir boði frjálsa samkeppni á sviði innflutningsins, en svipuð ummæli hafa mjög oft komið fram í skrifum stjórnarblaðanna um þessi efni.

Að mínu áliti er þessi áróður yfirborðskenndur og missir marks. Eins og kunnugt er og varla er ágreiningur um, þá er einokunarverð yfirleitt hærra en samkeppnisverð. Einkasala er því seljanda að jafnaði í hag, en kaupanda í óhag. Ef þeirri stefnu væri fylgt að framfylgja „prinsípum“ frjálsrar samkeppni óháð því, hvort það hentar innlendum aðilum og þeirra hagsmunum eða erlendum aðilum, þá mætti vissulega segja, að það sé ósamræmi í því að vilja takmarka samkeppnina á sviði útflutningsframleiðslunnar, en hafa innflutninginn sem frjálsastan. En sjálfstæðismenn álíta og um það held ég að ætti ekki að vera ágreiningur, að stefnuna í verzlunarmálunum eigi fyrst og fremst að miða við hagsmuni landsmanna, eða það, að þeir njóti sem hagstæðastra verzlunarkjara. Af þessu leiðir, að á þeim sviðum, þar sem við erum seljendur, nefnilega á sviði útflutningsframleiðsl-

unnar, er okkur hagkvæmt að hafa einkasölu. Á því sviði aftur á móti, þar sem við erum kaupendur, eða á sviði innflutningsins, er hagkvæmast að hafa verzlunina frjálsa, það tryggir, að þeir innflytjendur, sem hagkvæmust gera innkaup, sitji fyrir innflutningnum. Þetta er sú stefna, sem skapar Íslendingum hagkvæmust verzlunarkjör, og það er aðalatriðið. Stefna vinstri flokkanna í þessum efnum virðist hins vegar vera sú gagnstæða. Á þeim sviðum, þar sem við erum seljendur, á samkeppnin að vera frjáls, á þeim sviðum aftur á móti, þar sem við erum kaupendur, eiga að vera höft og einokun, sem aftur skapar okkur óhagstæðari kjör, því að þá er ekki nein trygging fyrir því, að þeir, sem hagkvæmust innkaupin gera, sitji fyrir innflutningnum, og ætti ljóst að vera, að einmitt frá hagsmunasjónarmiði heildarinnar er okkar stefna í þessum málum til muna skynsamlegri en andstæðinganna. Það hefur að vísu verið á það bent, að koma megi í veg fyrir, að frjáls samkeppni í útflutningnum eða það fyrirkomulag, að útflytjendur séu margir, lækki verðið, með því að setja lágmarksverð á útfluttar afurðir. Ég fæ satt að segja ekki séð, þó að það gæti verið til bóta, að slíkt lágmarksverð mundi þó koma í veg fyrir undirboð, því að auðvitað er það svo, jafnvel þótt slíkt lágmarksverð væri sett, að æskilegt er að selja á sem hæstu verði yfir lágmarksverðinu. Lágmarksverðið getur því að mínu áliti ekki verið trygging fyrir slíkum undirboðum, þó að ég að öðru leyti játi takmarkaða þekkingu mína á fisksölumálunum.

Ólafur Thors: Herra forseti. Út af því, sem hv. þm. N-Þ. sagði varðandi Samband ísl. samvinnufélaga, leiði ég aðeins athygli að því, að það hlýtur að vega þyngra, sem þessir ágætu menn gera, heldur en það, sem þeir láta í ljós í bréflegri umsögn. Þeir hafa skrifað, að þeir telji, að það eigi að vera minnst tveir útflytjendur, en í verkinu hafa þeir tryggt, að þeir geti ekki orðið annar, og skal ég svo láta útrætt um það.

Ég vissi nú sannast sagna ekki, hvaða erindi hann átti í lónið, hv. 2. landsk. þm. Ég held hann hafi minnt, að hann væri kominn í pontuna sem barnakennari og væri hér með fræðslu handa mönnum, sem lítið þekktu þetta mál.

Hv. síðasti ræðumaður svaraði honum varðandi innflutnings- og útflutningsverzlunina, svo að ég skal ekki endurtaka það, enda er hann mér færari um það, en það er auðvitað rétt og óhagganlegt, sem hann þar um sagði.

Það eru skrýtin rök, sem hv. 2. landsk. færir hér fram, að fiskframleiðendur hafi ekki mætt á þessum fundi. Sjómennirnir séu þeir raunverulegu framleiðendur. Þeir hafi bara selt fiskinn. Svo leyfi kaupendurnir sér að mæta og fjalla um það, hvernig fara eigi með fisksöluna úr landi. Þetta eru of hláleg rök til að bera þau hér fram.

Ég verð að stikla á stóru og hlaupa yfir flest í þessari stuttu athugasemd. Ég sé nú ekki, að þetta samvinnufélag útgerðarmanna eða fisksölusamlagið sé nein glæpasamkunda, þó að það leyfi sér að kaupa þak yfir höfuð sér. Ég veit ekki til, að það sé neinn meinbugur á því. Það var veitt fjárfestingarleyfi fyrir því húsnæði og til afnota fyrir skrifstofuhúsnæði, og ég hygg, að það geti þá sætt eins mikilli gagnrýni fyrir að sitja í dýru húsnæði og sér óhentugu. Er það svona til merkis um, að þessi maður veit lítið, hvað hann er eiginlega að tala um og hver er kjarni málsins.

Hv. þm. sagði, að ágreiningur um fiskverð væri oft á milli sjómanna og útvegsmanna, hann væri óheppilegur og honum mætti auðvitað eyða með nánari þekkingu beggja aðila á hvors annars hag. Ég fellst á, að það er mjög heppilegt, að báðir aðilar hafi sem mestar upplýsingar um kjarna málsins. En við sjáum í dag, hvort það er einhlítt. Hér stendur yfir þjóðhættuleg deila á milli sjómanna og skipaeigenda. Hverjir eru þessir skipaeigendur? Það er ríkið með Ríkisskip og strandferðaskipin, það er Samband ísl. samvinnufélaga með sína 20 þús. meðlimi og Eimskipafélagið með sína 14—15 þús. meðlimi. Allur almenningur á að eiga aðgang að því, sem þar er kjarni málsins. En það virðist ekki hafa nægt til að hindra þá deilu.

Ég skal svo ekki svara þessum hv. þm. meira, enda er lítil þörf fyrir löng svör honum til handa.

Ég hefði kunnað betur, að hæstv. ráðh. hefði haldið sína löngu og óheilu ræðu, meðan ég hafði lengri tíma til andsvara en örstutta athugasemd.

Hæstv. ráðherra leggur á það megináherzlu, — það gerði að sumu leyti hv. 2. landsk. líka, — að allir eigi að lúta einum reglum um útflutning og útflutningsréttindi. Og ég er sammála þessu. Ég veit ekkert um, hvað hv. 2. þm. landsk. veit um þetta, en ég er alveg sannfærður um, að hæstv. ráðh. hlýtur að vera að gera tilraun til þess að villa mönnum sýn. Það er gersamlega útilokað, að það hafi farið fram hjá honum, sem er kjarni þessa máls, að ég fyrir mitt leyti hef viljað láta útgerðarmenn og fiskeigendur njóta sama réttar og sama frelsis. Sömu reglur hafa gilt um skreiðina og fiskinn. En eins og ég áður sagði, þar sem allir saltfiskeigendur hafa viljað standa saman, hef ég viljað og getað verndað það. En þar sem skreiðareigendur hafa ekki óskað sjálfir eftir að standa saman, hef ég ekki viljað þvinga þá. Það getur ekki farið fram hjá útvegsmanni, sem þó er þetta kunnugur verzlunarviðskiptum sem hæstv. sjútvmrh. er, að þetta mál liggur alveg ljóst fyrir. Það er um það að ræða: mega útvegsmenn ráða eða mega þeir ekki ráða?

Þá er það líka meginvilla hjá hæstv. ráðh., að hann geti ekki ráðið um framkvæmd þessara mála nema með nýjum lögum. Og vil ég einnig segja hæstv. ráðherra það, að þó að þessi lög verði sett, þá getur nýr ráðh. farið með þau eins og hann vill. Það er þess vegna ekki búið að tryggja neina festu í framkvæmdinni, sem hann er alltaf að tala um. Á enga lund.

Ég vil svo ekki fara langt út í það, sem ég áður er búinn að margskýra, að hæstv. ráðh. hefur með ótvíræðum orðum sagt, að heildarsamtök útvegsmanna verði að víkja í einstökum tilfellum fyrir hverjum einum, sem þá stundina geti selt fyrir hærra verð. Orðrétt ummæli hans um þetta eru þau, „að heildarsamtökin verða þrátt fyrir allt að víkja til hliðar með leyfi fyrir öðrum, ef aðrir geta staðið sig betur í sam-

bandi við söluna en samtök framleiðenda kunni að gera í einstökum tilfellum". Það er einmitt þetta, sem okkur ber á milli málefnalega, að ég óttast, að ef menn með lítið magn í einstökum tilfellum geta spillt því trausti, sem heildarsamtökin hafa, þá geti það orðið þjóðhættulegt og til stórskaða fyrir landsmenn alla.

Nú lifa framleiðendur á því, að heildarsamtök þeirra segja t. d.: Ef þið kaupið af mér í dag 100 þús. tonn, þá skal ég ábyrgjast ykkur, að enginn annar skal koma við hliðina á ykkur eftir hálfan mánuð og undirbjóða ykkur. Ég skal ábyrgjast það og ég skal standa við það, því að ég ræð fisksölunni á Íslandi. — Þetta segja heildarsamtökin. Ef aftur á móti annar kemur eftir hálfan mánuð með útflutningsleyfi, er býður t. d. fyrir 10 pund lægra tonnið, þá er öryggið horfið og verðið fallið. Íslendingar og engir aðrir borga þann brúsa. Það er afar hættulegt, ef sjútvmrh. hefur ekki gert sér grein fyrir þeim voða, sem þarna kann að vera á ferð. Þessum voða vona ég að sé afstýrt í þetta skiptið, vegna þess að saltfiskeigendur ætla allir að standa saman.

Ég vil svo alveg sérstaklega gera það þinginu kunnugt, að það eru alveg staðlausir stafir, að nokkur rödd hafi komið fram um það í stjórn fisksölusamlagsins að bjóða ráðh. að mæta á þeim fundi, sem þar var haldinn, og að þessi rödd hafi verið barin niður af formanninum. Það er skárri maðurinn, sem ráðh. heldur að hann sé orðinn. Ég hefði t. d. kannske ekki verið mjög hræddur við að koma og tala þar við hann, þó að útgerðarmenn heyrðu. Ég hefði ekki verið mjög hræddur við það, og ég gat komið þar alveg eins og hann. Ég bað um, að mér yrði gert aðvart, ef hann hætti sér á fundinn, svo að við gætum leitt saman hesta okkar. En hann mætti ekki, hvernig sem á því stóð. Ég vona, að hann sé ekki orðinn svo finn, að hann geti ekki mætt hjá útvegsmönnum, ef hann hefur tíma til þess, þó að hann kallist ráðherra í dag. Ef hann er orðinn svo finn, þá held ég, að það væri tími til að færa hann úr „úniforminu".

Ég árétta enn, að minn vilji hefur verið sá, að framleiðendur stæðu saman, en ef þeir hafa ekki viljað standa saman, þá hafa þeir fengið að ráða því. Það getur ekki verið, að þessi kjarni málsins fari fram hjá ráðh., og fari hann ekki fram hjá ráðh., þá er ráðh. að tala utan við allt efnið meginpart af sinni ræðu.

Hæstv. ráðh. réðst alveg óþarflega hér að útvegsmönnum, og ég vil mótmæla þeim ásökunum, sem hann þar ber á þá. Hann segir, að þeir segi við sig allt annað undir fjögur augu en þeir segja með sínum atkvæðum niðri á sölusamlagsfundi og með sinni þátttöku í sölusamlaginu. Hann segir, að þeir hafi margsagt við sig, þegar hann var að semja við þá fyrir áramótin, að þeir kæri sig ekkert um nein sérréttindi, eins og hann kallar það, þ. e. a. s. nein einkasöluréttindi fyrir saltfiskinn. En ef þeir kæra sig ekki um það, af hverju standa þeir þá allir saman um saltfiskinn? Það er alveg óþarfi fyrir ráðherrann að koma hér upp í þingsalinn og bera útgerðarmenn þeim brigzlum, að þeir séu þær kvígur, að þeir þori ekki að segja við hann það, sem þeir meina, og ég veit, að hann segir það ósatt.

Ég þakka hæstv. forseta fyrir að hafa gefið mér þetta tækifæri og sýnt mér þolinmæði og skal ekki misnota það meira.

Umr. frestað.

Á 64. fundi í Nd., 8. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Ég hefði vænzt þess, að hæstv. sjútvmrh. yrði viðstaddur hér í deildinni, þegar þetta mál væri til umr. Mun ég aðallega beina orðum mínum til hans. Eru það mér töluverð vonbrigði, að hann skuli ekki vera mættur hér.

Frá því að frv. um sölu og útflutning sjávarafurða var lagt fram í hv. deild, hefur hæstv. sjútvmrh. marglýst yfir í umr., að hann meti hin frjálsu samtök, sem annast sölu og útflutning afurða sjávarútvegsins. Jafnframt hefur hæstv. ráðh. lýst yfir, að ekki eigi á neinn hátt að skerða ráðstöfunarrétt þessara samtaka yfir afurðum meðlima sinna og þau eigi að fá að starfa með sama hætti og hingað til og án frekari afskipta ríkisvaldsins af störfum þeirra en verið hefur fram til þessa. Frv., ef lögfest verður, eigi ekki að valda neinum breytingum um starfsemi og ákvörðunarrétt samtakanna um sölu og útflutning afurða meðlima sinna, nema hvað samtökin eigi að leita samþykkis útflutningsnefndar um söluverð, í stað þess að það er nú undir eftirliti fulltrúa hæstv. ráðh.

Það er ekki að ástæðulausu, þó að spurt sé, hver sé þá tilgangur hæstv. ríkisstj. með flutningi þessa frv. Málflutningur hæstv. ráðh. og hin vinsamlega afstaða hans til flestra samtaka framleiðenda og útflytjenda sjávarafurða stangast mjög á við ýmis ákvæði frv.

Í 2. gr. frv., þar sem rætt er um störf útflutningsnefndar, 3. lið, er rætt um það, að n. eigi að hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja sjávarafurðir á nýja markaði og auka sölu þeirra á eldri mörkuðum og annað það, er lýtur að útflutningi sjávarafurða. Ég leyfi mér að beina þeirri spurningu til hæstv. ráðh., hvort það sé áform hans, ef frv. verður lögfest, að fela útflutningsnefnd sjávarafurða og öðru starfsliði hennar að annast að mestu eða ef til vill öllu leyti markaðsleit og sölu sjávarafurða á erlendum markaði. Þar sem hæstv. sjútvmrh. er ekki mættur hér, vænti ég þess, að hæstv. ríkisstj. eða þeir hæstv. ráðh. sem hér eru mættir, svari fyrir hans hönd.

Það er ekki að ástæðulausu að þessari spurningu er beint til hæstv. ráðh. Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að ráðh. skipi 3 menn í útflutningsnefnd sjávarafurða. Útflutningsnefndin má með samþykki ráðh. ráða sér fulltrúa og aðstoðarfólk, eftir því sem nauðsyn krefur. Með þessu ákvæði frv. virðist vera í uppsiglingu stórt skrifstofubákn, sem mun, ef að líkum lætur, heimta þann rétt, sem það telur sig eiga samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Þegar svo þessar tvær hliðar frv. eru nánar íhugaðar, annars vegar þriggja manna útflutningsnefnd ásamt fulltrúa og öðru starfsfólki og hins vegar verksvið útflutningsnefndar og starfsliðs hennar, sbr. 2. gr., sem á að hafa forgöngu

um markaðsleit og tilraunir til að selja sjávarafurðir á nýja markaði og auka sölu þeirra á eldri mörkuðum, er ekki að ástæðulausu, þó að samtök fiskframleiðenda, sem á undanförnum árum hafa með mjög góðum árangri annazt þessi viðskipti eða fyrirgreiðslu fyrir meðlimi sína, spyrji: Hver er tilgangurinn með frv.? Er hann nokkur annar en að taka umráðaréttinn yfir sölu sjávarafurða úr höndum samtaka fiskframleiðenda og flytja hann yfir til útflutningsnefndar sjávarafurða?

Ýmis ummæli hæstv. ráðh. í umr. í gær gefa aðra og lakari mynd af hug hans til samtaka útvegsmanna og vinnslustöðva en þá, er ég nefndi hér áðan. Hann ræddi um sérhagsmuni einstakra hópa innan samtakanna og ýmislegt annað, er hann taldi að orsakaði tortryggni og óvild til samtakanna. Virtist hann aðallega beina skeytum sínum í þessu sambandi til Sölusambands ísl. fiskframleiðenda.

Ég harma það, að hæstv. ráðh. skuli hafa slík orð yfir hér í hv. d. Hæstv. ráðh. hlýtur að vita, að meðlimum innan samtaka framleiðenda sjávarafurða er ekki misjafnað í verði á afurðum sömu tegundar. Allir meðlimir, hvort heldur þeir eru stórir eða smáir í framleiðslunni, fá sama verð fyrir afurðir sínar innan samtakanna, ef um sams konar tegundir og gæði er að ræða.

Þá sagði hæstv. ráðh., að nokkrir af forustumönnum Sjálfstfl. brytust um á hæl og hnakka gegn samþykkt frv. Á ég að trúa því, að hæstv. ráðh. hafi ekki veitt því athygli, að það eru ekki sjálfstæðismenn einir innan samtaka útflutningsaðila sjávarafurða, sem mælt hafa gegn lögfestingu frv., heldur einnig margir stjórnarliðar, sbr. undirskrift þeirra undir umsagnir um frv., sem við í minni hl. sjútvn. létum prenta sem fylgiskjöl með nál. okkar á þskj. 309?

Það er því hrein firra að reyna að telja hv. alþm. trú um, að sjálfstæðismenn einir séu frv. andvígir og telji það beinlínis til þess fallið, ef lögfest verður, að veikja þann mikla og góða árangur, sem náðst hefur á undanförnum áratugum í sambandi við ómetanlegt starf samtakanna að sölu og útflutningi sjávarafurða.

Ég fullyrði, að það eru engu síður meðlimir innan sölusamtakanna, sem telja sig fylgja öðrum stjórnmálaflokkum að málum, sem eru ákveðnir í þeirri afstöðu sinni, að fenginni reynslu undanfarinna ára, að bezt sé og affarasælast fyrir þjóðarheildina, að sami háttur sé á hafður um sölu og útflutning sjávarafurða og verið hefur á undanförnum árum og gefizt vel.

Þessir ágætu stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., sem unnið hafa að framleiðslustörfum sjávarútvegsins, sumir þeirra mikinn hluta ævi sinnar, og kunna glögg skil á þessum málum, hafa einnig mælt gegn lögfestingu frv., eins og umsagnir þeirra um frv. á þskj. 309 bera með sér.

Félagasamtök framleiðenda á sviði sjávarafurða hafa nær einróma mælt gegn lögfestingu frv. Þeir munu innan skamms komast að raun um, hversu mikið tillit er tekið til viðhorfs þeirra til frv. hér á hinu háa Alþingi.

Við 3. umr. mun hv. þm. Borgf. (PO) og ég flytja brtt. við 1. og 2. gr. frv., eins og við höfum áður lýst hér yfir.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 309 felld með 19:10 atkv.

Ólafur Thors: Herra forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram, að hv. frsm. minni hl. er hér ekki staddur, vegna þess að hann varð að fara á áríðandi fund ásamt með 2 öðrum þdm., en með því að ég geri ráð fyrir, að það hafi engin áhrif á atkvgr., þá óska ég ekki eftir, að henni verði frestað. Ég vildi aðeins, að þetta væri skjalfest.

Forseti (HÁ): Ég get upplýst hv. þm. um það, að umræddur hv. þm. Borgf. átti tal við mig um leið og hann fór, fór með mínu leyfi, og lét þess getið, að það mundi enga úrslitaþýðingu hafa í sambandi við þessa atkvgr.

1. gr. samþ. með 21:7 atkv.
2.—8. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:5 atkv.

Á 65. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 193, 333).

Afbrigði um brtt. 333, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen): Ég gat þess við 2. umr. þessa máls, að ef svo færi, að hin rökstudda dagskrá, sem minni hl. sjútvn. lagði til að mál þetta yrði afgreitt með, yrði felld, þá mundum við ef til vill flytja brtt. við frv. núna við 3. umr. Höfum við því lagt hér fram brtt., sem að aðalefni til er breyting á 1. gr. frv. Það er aðeins lítils háttar breyting einnig við 2. gr., en bara til samræmingar við það, sem yrði, ef brtt. okkar við 1. gr. yrði samþykkt.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að sjútvmrh. eða sá ráðh., sem fer með sjávarútvegsmál, skipi 3 manna n., sem nefnist útflutningsnefnd sjávarafurða. Með þessu frv. er sú breyting gerð á gildandi l. um þetta efni, að nú á sjútvmrh. einn að fara með öll þau mál, sem snerta útflutning sjávarafurða, í stað þess að í gildandi lögum er gert ráð fyrir, að ríkisstj. hafi þetta öll með höndum. En um aðrar útflutningsvörur, sem þá eru sérstaklega landbúnaðarvörur, íhlutun um þær á hins vegar að heyra undir ríkisstj. alla.

Ég benti á það í umr. um þetta mál við 2. umr., að ég teldi dálítið einkennilegt, miðað við efni þessa máls, að þessi mál skyldu ekki framvegis, svo sem verið hefur allar götur frá því 1940, heyra undir ríkisstj. alla. En það var lítið þá svo á, að þetta væri svo mikilvert atriði og gripi svo mjög inn á þýðingarmikið starfssvið, sem er útflutningur sjávarafurða, að eðlilegt væri, að þetta væri í höndum ríkisstj. allrar, þó að í framkvæmdinni um ýmis atriði væri það að sjálfsögðu sá ráðh., sem fer með sjávarútvegsmál, sem væri þar í fararbroddi um framkvæmdina. Þannig er þetta einnig nú að því er snertir innflutninginn eða íhlutun um innflutningsverzlunina, að það mál, þ. e. a. s. innflutningsnefndin, sem hefur það með höndum, heyrir undir ríkis-

stj. alla, en ekki einstakan ráðh. Það virðist því vera ákaflega eðlilegt, að sama skipulagið sé á um þetta hvort tveggja, því að hér er algerlega um hliðstæður að ræða, sem er útflutningurinn annars vegar og innflutningurinn hins vegar. Þess vegna felur þessi breyting það í sér m. a., að þetta heyri undir ríkisstj. alla.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því með þessari brtt., að Alþ. kjósi þessa 3 manna n., í stað þess að í frv. er gert ráð fyrir, að ráðh. geri það.

Við í minni hl. lítum svo á, að úr því að það þykir rétt að fara að lögfesta að nýju ákvæði um þetta og að Alþ. geri það í stað þeirra heimildarlaga, sem ríkisstj. hefur nú í þessu efni frá 1940, þá verði sú skipun á höfð, að Alþ. kjósi þessa n., og virðist það þá vera í meira samræmi við venjulegan gang slíkra mála, að sú aðferð verði við þetta höfð. Það, sem í þessari brtt. felst, er það, að í stað þess, að ráðh. skipi nú n., kjósi Alþ. hana, og í stað þess, að í frv. er gert ráð fyrir því, að útflutningur sjávarafurða heyri undir sjútvmrh. einan, sé það ríkisstj. öll, sem hafi þetta með höndum, svo sem nú er í gildandi l. um þetta efni.

ATKVGR.
Brtt. 333,1 felld með 15:11 atkv.
— 333,2 felld með 15:11 atkv.
Frv. samþ. með 17:10 atkv. og afgr. til Ed.

Á 67. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 68. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Ed., 14. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir, að tekin verði upp nokkuð breytt skipan á reglum þeim, sem í gildi hafa verið um sölu og útflutning sjávarafurða.

Þetta mál hefur nú verið rætt hér allýtarlega á Alþingi og einnig rætt talsvert mikið í blöðum, svo að ég sé ekki ástæðu til þess hér við 1. umr. málsins að fara um það mjög mörgum orðum, en mun reyna að gera hér grein fyrir nokkrum aðalatriðum málsins, en væntanlega yrðu þá ýtarlegri umr. hér, þegar málið kemur úr nefnd.

Eins og kunnugt er, hafa aðalreglur þær, sem í gildi hafa verið um útflutning og sölu sjávarafurða, verið þannig, að nokkuð mismunandi skipulag hefur gilt um sölu hinna einstöku útflutningsvara sjávarútvegsins. Þannig hefur t. d. aðeins ein stofnun haft með að gera sölu á öllum saltfiski landsmanna nú um nokkurra ára skeið, þ. e. Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, sem hefur haft einkarétt til útflutnings á saltfiski. Á svipaðan hátt hefur verið einn aðili, sem haft hefur með að gera sölu og útflutning á saltaðri síld frá landinu, en það er síldarútvegsnefnd, sem er að hálfu leyti opinber stofnun, þar sem Alþingi kýs hana að meiri hluta til. En síldarútvegsnefnd hefur einnig fengið löggildingu sem einkaútflytjandi venjulega árlega frá viðkomandi sjútvmrh.

Sala á frosnum fiski hefur verið með þeim hætti, að það hafa aðallega þrír aðilar farið með sölumálin, þ. e. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, en í þeim samtökum eru langsamlega flest frystihús landsins, Samband ísl. samvinnufélaga, en það hefur með að gera rekstur margra frystihúsa í landinu, og þriðji aðilinn hefur svo verið fiskiðjuver ríkisins.

Nokkur dæmi eru til þess á undanförnum árum, að fleiri aðilar hafi haft með að gera sölu á lítils háttar eða nokkrum hluta af frosna fiskinum, en það er fyrst og fremst um þessa þrjá aðila að ræða.

Sala á skreið hefur verið í höndum skreiðarsamlagsins og í höndum Sambands ísl. samvinnufélaga og einnig í höndum nokkurra annarra stærri skreiðarframleiðenda í landinu.

Útflutningur og sala á öðrum sjávarafurðum, eins og fiskimjöli, lýsi og ýmsum öðrum afurðum, hefur svo verið í höndunum á ýmsum aðilum, mörgum í hverri grein fyrir sig.

Það er því augljóst af þessu, að það hafa ekki gilt sömu reglur um fyrirkomulag varðandi útflutning og sölu hinna einstöku greina sjávarútvegsins, þar er allmikill munur á, sums staðar er um einkaréttaraðstöðu að ræða, en í öðrum tilfellum eru tiltölulega fáir, sem annast útflutninginn, og í enn öðrum tilfellum eru aðilarnir margir.

Með þessu frv. er lagt til að koma á samræmdu skipulagi í þessum efnum, þannig að sömu ákvæði gildi um útflutning og sölu á öllum helztu greinum sjávarútvegsins, og þá gert ráð fyrir því, að enginn aðili fái einkaleyfisaðstöðu, en stefnt verði að því að samtök framleiðenda geti farið með sölumálin, en þurfi þó að leita eftir útflutningsleyfum til sérstakrar stjórnar útflutningsmála, sem samþykkir þá þær sölur, sem leyfðar verða hverju sinni.

Eins og núgildandi lagaákvæði eru, hefur í raun og veru sjútvmrh. alveg óbundnar hendur um það, hvaða reglur hann vill setja um útflutning og sölu sjávarafurða. Það má segja, að með lögunum frá 1940, sem sett voru á stríðsárunum, hafi sjútvmrh. ótakmarkað vald í þessum efnum. Hann hefur svo notað þetta vald á undanförnum árum eins og honum hefur þótt henta í hverju tilfelli um sig, en tiltölulega lítið fastar reglur hafa skapazt af þessum ástæðum.

Með þessu frv. er lagt til, að Alþingi setji nú með löggjöf fastar nokkrar aðalreglur í þessum efnum, m. a. með því að ákveða, að föst þriggja manna n. skuli hafa með höndum yfirstjórn þessara mála í umboði ráðh. og hún skuli veita öll útflutningsleyfi, fylgjast með öllum útflutningi, fylgjast með aðstöðu í markaðslöndunum og geta krafið alla útflytjendur um allar þær upplýsingar, sem hún telur að máli skipti í sambandi við afurðasöluna.

Á undanförnum árum hefur sjútvmrh. komið þessum málum fyrir á þá lund, að hann hefur falið einum manni að gefa út öll þau útflutningsleyfi, sem veitt hafa verið, en útflutningsleyfi hefur þurft að fá í sambandi við allan útflutning annan en útflutning á saltfiski og saltaðri

síld. Það hefur sem sagt verið í höndum eins manns að hafa úrslitavald um það, hvort sala var leyfð eða leyfð ekki og með hvaða skilyrðum fyrir útflutningi, sem numið hefur mörg hundruð milljónum króna. Ég hygg, að það séu flestir útflytjendur á einu máli um það, að ekki sé eðlilegt að búa við skipulag eins og þetta til frambúðar, en hitt sé miklu eðlilegra, að þetta mikla vald verði sett í hendur fleiri manna og reynt verði að samræma þær reglur, sem unnið er eftir í þessum efnum. Og að því miðar þetta frv. einnig.

Þá er það svo a. m. k. í þeim tilfellum, þar sem útflytjendur sjávarafurða hafa nú haft einkaréttaraðstöðu, einkaleyfisaðstöðu, að þá má segja, að þeir hafi með öllu verið eftirlitslausir af hálfu hins opinbera. En með þessu frv. er gert ráð fyrir því, að einnig þeir aðilar, sem þannig hafa unnið á undanförnum árum, verði látnir lúta sömu ákvæðum og aðrir hvað eftirlit snertir og þeir séu skyldir að gefa útflutningsstjórn allar þær upplýsingar, sem hún óskar eftir, varðandi gang sölumálanna. Þetta tel ég mjög mikilsvert atriði, bæði fyrir hið opinbera og eins fyrir þau framleiðendasamtök, sem taka að sér afurðasölurnar sjálfa. Það er alkunna, að uppi hefur verið mikil tortryggni á því, hvernig á þessum málum hefur verið haldið, og ýmsu haldið fram um það á undanförnum árum, hvort vel eða illa í einstökum tilfellum hefur verið staðið að þessum málum, og ég tel, að það væri á allan hátt bezt fyrir þessi samtök sjálf, sem fara með framkvæmd málanna, að vinna þannig í beinu samstarfi við opinbera nefnd, sem þyrfti í hverju einstöku tilfelli að samþykkja það, sem gert er í sambandi við útflutning og sölu sjávarafurða.

Ég ætla svo að víkja að örfáum atriðum, sem fram hafa komið í almennum umr. um þetta mál að undanförnu, þeim þeirra, sem ég tel að skipti nokkru máli um afstöðu þm. til frv.

Því hefur verið haldið fram, að það sé ekki þörf á því að lögleiða það frv., sem hér liggur fyrir, af þeim ástæðum, að í frv. felist engar nýjar heimildir fyrir ríkisstj. varðandi framkvæmd þessara mála frá því, sem verið hefur.

Um þetta atriði er enginn ágreiningur við mig eða ríkisstj., sem stendur að flutningi þessa frv. Okkur er það ljóst, að núgildandi lagaákvæði heimila þeim ráðh., sem fer með útflutning sjávarafurða, í rauninni allt það vald, sem hægt er að veita einum aðila varðandi þau mál.

Með þessu frv. er því ekki verið að leita eftir neinum nýjum heimildum. En ástæðan til þess, að rétt þykir að setja þau lagaákvæði, sem eru bundin í þessu frv., er sú, að ég er þeirrar skoðunar, að Alþingi eigi í meginatriðum að slá föstu með lagasetningu því skipulagi, sem það telur eðlilegt að hafa á þessum málum, en ekki hafa þau svo laus að segja svo að segja í einni setningu, að ráðh. sá, sem fer með þessi mál, geti farið með þau að eigin vild.

Ég tel miklu eðlilegra, að Alþingi slái föstu í löggjöfinni nokkrum meginatriðum, eins og t. d. því, að sérstök þriggja manna útflutningsstjórn hafi yfirstjórn þessara mála með höndum, veiti öll útflutningsleyfi og geti fylgzt með framkvæmd hinna þýðingarmiklu afurðasölumála.

Þá hefur því nokkuð verið haldið fram, að með þessu frv. væri verið að boða nýja afstöðu til félagssamtaka framleiðenda, og jafnvel hefur það verið sagt í því efni, að hér væri verið að boða útvegsmönnum stríð á hendur af hálfu ríkisstj.

Hér er vitanlega mjög ranglega frá skýrt. Ég hef þvert á móti margsinnis lýst því yfir, að það er mín skoðun, að það beri á allan hátt að styðja á eðlilegan hátt félagssamtök framleiðenda, sem vilja taka að sér sölu á framleiðsluvörum þeirra, enda er ekki gert ráð fyrir því í því nýja skipulagi, sem hér er boðað, að svipta þessi félagssamtök á neinn hátt eðlilegri aðstöðu til þess að fjalla um þessi mál.

Það er að vísu rétt, að það er gert ráð fyrir því, að þau félagssamtök, sem til eru og notið hafa algerra sérréttinda fram yfir önnur félagssamtök eða framleiðendasamtök, njóti ekki þeirra sérréttinda áfram, heldur verði að búa við þær almennu reglur, sem öðrum framleiðendasamtökum er ætlað að búa við og önnur framleiðendasamtök hafa þurft að búa við á undanförnum árum.

Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, sem hefur haft einkaleyfi til útflutnings og sölu á öllum saltfiski, getur að sjálfsögðu haldið áfram að starfa sem samtök saltfiskframleiðenda, og það mun að sjálfsögðu fá leyfi til þess að annast saltfisksölu áfram. Og sé málunum þannig háttað, að allir saltfiskframleiðendur í landinu óski eftir því að veita þeim samtökum umboð sitt til þess að annast söluna, þá vitanlega verður það einka-útflytjandi í reynd.

En ég tel, að það sé eðlilegt að segja við Sölusamband ísl. fiskframleiðenda það sama og sagt er við Samlag skreiðarframleiðenda eða Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eða önnur framleiðendasamtök: Þið getið unnið að sölumálum á ykkar sviði undir eðlilegu eftirliti ríkisins með því að sækja um útflutningsleyfi hverju sinni, en þið þurfið ekki að hafa nein sérréttindi fram yfir önnur framleiðendasamtök.

Þá hefur því stundum verið haldið fram, að með þeirri stefnubreytingu, sem hér er boðuð, sé hætta á því, að skapað verði hér öngþveitisástand í sambandi við útboð á sjávarafurðum á erlendum markaði, með því að margir aðilar bjóði út sömu vöruna og valdi þannig undirboðum og skaða fyrir landsmenn sem heild.

Þetta tel ég að sé líka rangt, því að það er ekki á neinn hátt boðað hér í sambandi við þessa skipulagsbreytingu, að stefna beri að því að fjölga stórlega útflytjendum. Ég álít, að það sé rétt að fara þar varlega í og dreifa útflutningnum ekki á allt of margar hendur. En hins vegar álít ég, að heilbrigð samkeppni nokkurra aðila geti komið að miklu gagni, og tel, að framleiðendur hafi beinlínis sýnt það, þar sem þeir hafa fengið að ráða þessum málum alveg óhindrað sjálfir á undanförnum árum, að þeir líta einmitt svona á. Það var t. d. mjög athyglisvert, þegar skreiðarútflutningur kom til sögunnar fyrir nokkrum árum, þá áttu framleiðendur skreiðar kost á því að fá einkaréttaraðstöðu í sambandi við útflutning á skreið fyrir sitt skreiðarsamlag, á hliðstæðan hátt eins og Sölusamband ísl. fiskframleiðenda hafði haft í saltfisksölumálunum,

en fyrrv. forsrh., Ólafur Thors, sem jafnframt var sjútvmrh., hefur upplýst, að þó að hann hafi boðið framleiðendum upp á þessi kjör, hafi þeir svarað neitandi og ekki óskað eftir því, að neinn aðili fengi einkaleyfisaðstöðu í sambandi við útboð og sölu á skreið, en óskuðu einmitt eftir því að byggja þarna upp á þeim megingrundvelli, sem markaður er með þessu frv. Þeir gátu þar byggt upp sín sölusamtök, Samlag skreiðarframleiðenda, þar gat Samband ísl. samvinnufélaga sameinað sína aðila undir einum útflutningi, og þar gátu ýmsir aðrir útflytjendur að skreið einnig fengið að athafna sig. En allir þessir aðilar þurftu að sækja um útflutningsleyfi hverju sinni og fá viðurkenningu þess manns, sem til þess var skipaður af ráðh. að hafa þar eftirlit með útflutningnum og verðlagi hverju sinni.

Ég tel einmitt, að það, sem þarna gerðist af frjálsum vilja framleiðenda, hafi sýnt það, að þeir drógu mjög í efa, að rétt væri að fara í það einkaréttarhorf, sem hafði þó verið í gildi í saltfisksölunni um margra ára skeið.

En á það hefur nú verið bent, að framleiðendur hafi sagt sitt álit um þetta frv. og mælt gegn því og að af þeim ástæðum sé rétt, að Alþingi fari sér hægt um það að setja þessi lög.

Það er nú í fyrsta lagi, að ég tel, að málið hafi verið mjög ranglega túlkað á þeim fundum, þar sem málið hefur verið rætt af ýmsum aðilum, þar sem því hefur beinlínis verið haldið fram, að hér væri verið að ganga á eðlilegan rétt framleiðslufélaga og að af því séu ýmsar samþykktir, sem gerðar hafa verið, ekki rökréttar út frá því, sem efni málsins segir til um. Einnig er það, að sá eini aðilinn, sem haldið hefur hér fund um málið, samtök saltfiskframleiðenda, sem notið hafa nokkurra sérréttinda, — það var svo sem ekki óeðlilegt, að þau félagssamtök reyndu að spyrna við fótum og vildu halda áfram í sín sérréttindi. En þó er það svo, að samþykktir hjá saltfiskframleiðendum segja enn þá harla lítið um það, hvernig raunveruleg afstaða saltfiskframleiðenda í landinu er.

Á það hefur verið bent, að á þessum fundi Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, sem haldinn var um málið, hafi atkv. fallið þannig, að þeir, sem voru þar umboðsmenn fyrir um 25 þús. tonna af saltfiski eða greiddu þar atkv. í krafti 25 þús. tonna af saltfiski, hafi verið málinu andvígir, en hins vegar hafi miklum mun færri, eða þeir, sem fóru þar með atkv., sem samsvöruðu 6—8 þús. tonnum, hygg ég, setið hjá eða verið málinu hlynntir. Þessar tölur eru vægast sagt mjög villandi, í fyrsta lagi vegna þess, að það er augljóst þeim, sem til þekkja, að á þessum fundi koma hvergi nærri fram öll þau atkv., sem að eðlilegum hætti hefðu átt að koma fram í þessum samtökum. Saltfiskútflutningurinn á s. l. ári nam rétt um það bil 50 þús. tonna, svo að greinilegt er, að á þetta hefur vantað akvæðamagn frá nærri helmingnum af þeim aðilum, sem hér eiga hlut að máli, og þó er sennilegt, að þegar miðað er við tölur aðilanna sjálfra, hafi vantað mikinn meiri hluta, því að nokkrir þeir stærstu, sem heima eiga hér í nágrenni við fundarstaðinn, voru vitanlega mættir, en hinir smærri, sem heima eiga víðs vegar úti á landi, höfðu enga aðstöðu til að mæta. Auk þess er svo það, að þeir, sem eiga verulegan hlut að máli, sjómennirnir á fiskiflotanum, eru hér ekki beinir aðilar að, þó að þeir séu rökformlega eigendur að rúmlega helmingi alls fiskafla í landinu. En þeir eiga sér ekki neinn atkvæðisrétt um þessi mál í Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, en frá þeim hafa einmitt komið á undanförnum árum allverulegar umkvartanir um það, hvernig haldið væri á þessum afurðasölumálum.

Þau önnur framleiðendafélög, sem látið hafa til sín heyra um þetta frv., hafa verið harla fáorð um það, og sýnilega láta þau flest þeirra málið ekki verulega til sín taka, þar sem líka skipan sú, sem frv. gerir ráð fyrir, breytir yfirleitt sáralitlu í framkvæmd afurðasölumálanna hjá þeim. En það er sem sé staðreynd, að nokkur pólitískur úlfaþytur hefur orðið út af frv. þessu, og það fer ekki leynt, að einn stjórnmálafl. hefur sérstaklega staðið að þeim úlfaþyt og ekki aðeins nú, þegar frv. kom fram, heldur einnig hér á Alþ. nokkru áður en það kom fram.

Ég þykist vita það, að einmitt hv. þm. hér í þessari d. kannist við það um þetta mál, sem dróst hér nokkuð inn í umr. dagana fyrir jólin, þegar var verið að semja við útvegsmenn um rekstrargrundvöll báta og togara á þessu ári, að þá leyndi það sér ekki, að vissir menn hér lögðu á það mikla áherzlu og höfðu beitt sér mjög fast fyrir því hjá bátaútvegsmönnum, að þeir settu einmitt skilyrði fyrir öllu samkomulagi við ríkisstjórnina um það, að frv. það, sem hér liggur fyrir, yrði ekki gert að lögum. Hins vegar fóru þeir leikar þá svo, að útvegsmenn urðu ekki við þessum óskum ýmissa forustumanna Sjálfstfl. Þeir neituðu eftir alllangar og miklar umr. í sínum félagssamtökum að gera það að neinu skilyrði, þó að þeir hefðu kynnt sér frv. og lesið það allt saman eins og það liggur hér fyrir, þar sem þeir litu svo á, að hér væri ekki á neinn hátt skert aðstaða þeirra félagssamtaka, sem þeir annars báru nokkuð fyrir brjósti.

Það er rétt, að það komi skýrt fram, að sá ágreiningur, sem hér hefur komið upp varðandi þetta mál, snýst auðvitað fyrst og fremst um það, hvort á áfram að veita tilteknum sölusamlögum sérréttindi fram yfir það, sem önnur sölusamtök hafa, hvort þau eiga að vera áfram undanþegin eðlilegu opinberu eftirliti í sambandi við það mikilvæga verkefni, sem þau annars hafa með höndum fyrir þjóðarbúið.

Um það er ágreiningurinn, en ekki um þær reglur, sem þetta frv. boðar um nokkru fastari framkvæmd þessara mála, því að það hygg ég að flestir verði að viðurkenna, að á slíku er vitanlega full þörf.

Eins og ég sagði hér í upphafi míns máls, sé ég ekki ástæðu til þess að rekja hér þetta mál öllu lengur, án þess að sérstakt tilefni gefist til við þessa umr., en tel hins vegar eðlilegt, að aðalumr. um málið verði eftir að það hefur hér verið athugað í n. og tillögur og greinargerðir manna koma fram hér og afstaða þeirra til málsins.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég á sæti í þeirri hv. n., sem fjalla mun um þetta mál,

þannig að ég get verið stuttorður um það efnislega á þessu stigi meðferðar þess. Þó vil ég ekki láta þessari 1. umr. um þetta frv. ljúka svo hér í hv. þingdeild, að ekki komi fram nokkrar athugasemdir við það og nokkur andmæli gegn ýmsum þeim staðhæfingum, sem hæstv. sjútvmrh., er lagði málið fyrir, lét sér um munn fara.

Það er fyrst að athuga við þetta mál, að það er fyrst og fremst liður í pólitískri herferð kommúnista á hendur framleiðslunni og í sókn þeirra fyrir auknum áhrifum á íslenzk efnahags- og viðskiptamál. Það er þess vegna hin mesta firra, þegar hæstv. sjútvmrh. lætur að því liggja, að sjálfstæðismenn hafi vakið pólitíska úlfaþyt um hagsmunamál útflutningsframleiðslunnar. Það, sem gerzt hefur, er það, að Sjálfstfl. hefur tekið upp hanzkann og tekið sér stöðu við hlið framleiðenda, sem svo að segja allir í einum kór hafa mótmælt þessu frv., sem fyrst og fremst er verið að reyna að knýja fram af hæstv. sjútvmrh. kommúnista.

Þetta er það, sem raunverulega hefur gerzt, en ekki hitt, að sjálfstæðismenn hafi að fyrra bragði hafið pólitíska úlfaþyt um þessi mjög svo þýðingarmiklu mál, þ. e. a. s. skipulag útflutningsframleiðslunnar.

Ég vil fyrst leyfa mér að vekja athygli á því, áður en ég minnist lauslega á nokkur efnisatriði málsins, að í hv. Nd. hefur sú n., sem um málið hefur fjallað, þ. e. a. s. sjútvn., leitað álits allra þeirra aðila um það, sem það fyrst og fremst snertir, þ. e. a. s. fyrirsvarsmanna útflutningssamtaka sjávarútvegsins. Þessir aðilar eru, með leyfi hæstv. forseta:

1. Síldarútvegsnefnd.
2. Sölusamband ísl. fiskframleiðenda.
3. Alþýðusamband Íslands.
4. Félag síldarsaltenda á Suðvesturlandi.
5. Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi.
6. Samband ísl. samvinnufélaga.
7. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
8. Samlag skreiðarframleiðenda.
9. Landssamband ísl. útvegsmanna.
10. Fiskifélag Íslands.

Allir þessir aðilar hafa orðið við þeim tilmælum hv. sjútvn. Nd. að láta í ljós álit sitt á þessu frv. Og niðurstaðan hefur orðið sú, eins og sést á fylgiskjölunum, sem fylgja nál. sjútvn. Nd., að aðeins einn aðilinn, Alþýðusamband Íslands, mælir með samþykkt frv. Síldarútvegsnefnd lýsir því yfir sem sinni skoðun, að hagkvæmast sé, að sala og útflutningur síldar verði áfram eins og verið hefur nú um skeið í höndum eins aðila, og mælir gegn því, að frá því ráði verði horfið.

Samband ísl. samvinnufélaga telur heppilegast, að minnst tveir útflytjendur séu löggiltir til að hafa á hendi útflutning sjávarafurða, en allir hinir sjö aðilarnir mótmæla því harðlega, að sá háttur verði á hafður, sem lagður er til í frv. þessu, og mótmæla því, að frv. verði samþykkt.

Ég álít, að það gefi bezta hugmynd um það, hversu gagnlegt þetta frv. muni vera sjávarútveginum og útflutningsframleiðslunni, hvernig þeir aðilar, sem með þau mál fara nú, hafa snúizt við því, og þeir hafa, eins og ég sagði, allir í einum kór mótmælt frv.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ranglega frá skýrt, að ríkisstj. sé í stríði við framleiðendur, hún vilji þvert á móti styðja samtök framleiðenda. Hvernig stendur þá á mótmælum allra þessara aðila, sem nú fara með stjórnina á útflutningi sjávarafurða? Ef það er raunverulega þannig, og ef það er hægt að lesa það út úr efni þessa frv., að ríkisstj. vilji styðja samtök framleiðenda, hvers vegna er þá verið að mótmæla þessu frv.?

Getur hæstv. ráðh. gefið gleggri skýringar á því? Getur verið, að þessi samtök framleiðenda séu að mótmæla auknum stuðningi, auknum skilningi á starfi þeirra og þýðingu þeirra fyrir hagsmuni sjávarútvegsins og þess fólks, sem að því starfar? Það er frekar ótrúlegt a. m. k.

Nei, það verður vissulega að ætla, að framleiðendurnir sjálfir og þau samtök, sem þeir hafa myndað, beri gleggst skyn á það, hvað er þeim fyrir beztu, og það er staðreynd, sem ekki verður sniðgengin, að þau samtök, sem nú fara með stjórn útflutningsmálanna, hvort á sínu sviði, eins og ég gat hér að ofan, hafa fyrst og fremst verið byggð upp af framleiðendunum sjálfum. Sums staðar hefur stuðningur ríkisvaldsins komið til og ábending um það, að slík samtök væru heppileg, og ríkisvaldið átti þátt í því að setja löggjöf, sem lagt hefur grundvöllinn að starfsemi þessara félagssamtaka. Þetta á t. d. við um Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, sem stofnað var, þegar samkeppnin í útflutningnum var að setja sjávarútveginn á hausinn. Þetta á við um síldarútvegsnefnd, og þetta á við um ýmis fleiri samtök, sem nú fara með stjórn útflutningsmála sjávarútvegsins. En það er gegn þessum samtökum, sem hæstv. ríkisstj. hefur ráðizt með flutningi þess frv., sem hæstv. ráðh. var að mæla hér fyrir og taldi fyrst og fremst vera til þess að koma öruggari og fastari skipan á útflutningsmál sjávarútvegsins.

Ég vil þessu næst minnast á það, að skv. lögum frá 1940 um sölu og útflutning á vörum og reglugerð um sama efni er ríkisstj. veitt mjög víðtækt vald yfir útflutningnum, þ. á m. á sjávarafurðum, og það hefur verið talið af þeim, sem bezt skyn bera á, að ekki séu í frv. þessu, sem hér liggur fyrir, nokkur þau ákvæði, sem fyrrgreind lög og reglugerð fela ekki í sér, það sé ekki um neinar sérstakar nýjungar að ræða í sjálfri lagasetningunni, að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir í þessu frv., að ráðherra skipi valdamikla nefnd, sem hafi yfirstjórn allra þessara mála.

Á þeim tíma, þeim rúmlega hálfum öðrum áratug, sem ríkisstj. hefur haft þetta vald, hefur þróunin yfirleitt gengið í þá átt, að framleiðendurnir hafa falið félagssamtökum sínum að sjá um sölu afurða sinna. Þannig er það nú, að framleiðendur saltfisks hafa myndað samtök, er nefnast Sölusamband ísl. fiskframleiðenda og annast sölu á saltfiski. Freðfiskssalan er að mestu leyti í höndum tveggja félagssamtaka, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, sem algerlega er byggð upp af eigendum hraðfrystihúsa og fiskiðjuvera í landinu, og Sambands ísl. samvinnufélaga, sem hefur annazt sölu afurða þeirra frystihúsa, sem sambandskaupfélögin eiga víðs vegar um land. Þá hefur Samband skreiðarframleiðenda í sínum höndum sölu á um 70% af allri skreiðarfram-

leiðslunni. Þau samtök eru byggð upp af skreiðarframleiðendum og eru einna yngst þessara samtaka, þar sem skreiðarframleiðslan hefur fyrst færzt verulega í aukana á síðustu árum. Og loks er það síldarútvegsnefnd, sem sér um sölu á allri útfluttri saltsíld. Þessir aðilar hafa í umboði framleiðendanna og undir stjórn þeirra annazt sölu á íslenzkum sjávarafurðum úr landi.

Það er, hygg ég, óhætt að segja, að framkvæmd þess víðtæka valds, sem ríkisstj. hefur samkv. lögunum frá 1940 og hún raunar hefur haft nokkru lengur á einstökum sviðum, hefur yfirleitt farið þannig úr hendi, að fimm síðustu árin hafa ekki komið fram till. á Alþingi um nýja skipan þessara mála. Og það er athyglisvert, að allan þennan tíma hefur þó t. d. núv. hæstv. sjútvmrh. átt sæti á Alþingi. Hann hefur þrátt fyrir það ekki séð ástæðu til þess að flytja frv. um skipulagsbreytingu á þessum málum, og hann hefur meira að segja sjálfur verið þátttakandi í samtökum saltfisksútflytjenda, og að því er vitað er, þá hefur ekki frá honum heyrzt sérstök gagnrýni á starfshætti þeirra samtaka.

Á það hefur verið bent, að það, sem fyrst og fremst vakir fyrir hæstv. sjútvmrh. með flutningi þessa máls hér nú, sé að koma á stefnubreytingu í meðferð þess valds, sem ríkisstj. hefur haft og henni er ætlað að hafa framvegis í þessum málum. Það er það, sem samtök framleiðenda hafa verið að mótmæla. Þau hafa lýst yfir, eins og greinilega kemur fram í umsögnum þeirra, sem eru fskj. með nál. sjútvn. Nd., að milli ríkisvaldsins og samtakanna hafi verið hin bezta samvinna á undanförnum árum, nú sé því hins vegar lýst yfir, að ætlunin sé að breyta mjög verulega *til um framkvæmd þessa valds, sem ríkisstj.* hefur í sinni hendi og mun hafa áfram í sinni hendi. Á það er m. a. bent, að í grg. fyrir frv., sem hæstv. ríkisstj. flytur, er greinilega að þessu vikið. Þar er m. a. komizt að orði á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt þessu fyrirkomulagi fær enginn útflytjandi einkarétt á útflutningi neinnar vörutegundar, en hverjum sem vill gefst kostur á að sýna hæfni sína og möguleika þá, sem fyrir hendi eru.“

Það er þetta, sem samtök framleiðenda eru að mótmæla. Þau hafa leitt rök að því, bæði saltfiskframleiðendur og síldarframleiðendur og raunar framleiðendur allra sjávarafurða leggja áherzlu á það, að heppilegra sé, að útflytjandinn sé einn, og meira að segja Samband ísl. samvinnufélaga lýsir því yfir í sinni álitsgerð um frv., að það telji rétt, að útflytjendur séu ekki færri en tveir. En það hefur á sama tíma og það lýsir þessu yfir falið Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda að annast sölu á sínum fiski á þessu ári, þ. e. a. s., það hefur lýst því yfir, að á þessu stigi málsins telji það æskilegast, að útflytjandi saltfisksins sé einn.

Það er óþarfi að vera að lesa upp úr álitsgerðum þessara samtaka þau ummæli, sem hníga í þá átt, sem ég hér hef gert, en ég tel þó rétt að minnast á nokkur þessara ummæla.

Sölusamband ísl fiskframleiðenda kemst t. d. að orði m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Fengin reynsla hefur sýnt, að öruggasta leiðin að þessu marki (að því að fá sem hæst verð fyrir afurðirnar) er einmitt sú, að framleiðendur standi óklofnir að sölusamtökum sínum og að öll sala á erlenda markaði sé á einni hendi. Samkeppni margra útflytjenda um sölu á einni og sömu vöru á sama markaði og oft og tíðum samtímis til eins og sama kaupanda eða innflutningsaðila getur aldrei orðið til að halda uppi vöruverðinu, heldur hlýtur slík samkeppni jafnan að leiða að meira eða minna leyti til undirboða og verðfellingar, og það því fremur sem framboðið er meira. Auk þess fær hinn erlendi kaupandi oftast ranga hugmynd um hinar raunverulegu birgðir í landinu, þegar boð berast honum úr öllum áttum, enda þótt það sé í raun réttri einungis svo, að fleiri aðilar eru samtímis að bjóða út sama vörumagnið, en reynsla hefur leitt í ljós, að það verkar ávallt sem hemill á kaupendur, ef þeir halda, að miklar birgðir séu fyrir hendi. Álíta verður því, að það mundi að verulegu leyti veikja aðstöðu Íslendinga um saltfisksölur, ef einstökum aðilum yrði leyfður útflutningur á saltfiski, jafnvel þótt í smáum stíl væri.“

Þetta segir Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, og á aukafundi þess, sem haldinn var hinn 8. febr. s. l., voru samþykkt eindregin mótmæli gegn því frv., sem hér liggur fyrir, og ályktunin samþ. með 802 atkv. gegn 4, en 195 atkvæðaseðlar voru auðir.

Það er af þessu ljóst, hversu einhuga útflytjendur saltfisks eru í andstöðu sinni gegn þessu frv. Í áliti Félags síldarsaltenda á Suðvesturlandi er komizt að orði m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Vér viljum þegar í upphafi lýsa þeirri skoðun vorri, að bezt fari á því, að sala sjávarafurða til útlanda sé á sem fæstra höndum, og að framboð margra aðila á þeim vörum hafi oftlega valdið stórtjóni. Að öðru leyti munum vér í þessu bréfi voru halda oss eingöngu við sölufyrirkomulag saltsíldar.“

Í lok umsagnar sinnar kemst Félag síldarsaltenda á Suðvesturlandi svo að orði á þessa leið:

„Vér viljum enn fremur leggja áherzlu á, að nú hagar svo til um sölu saltsíldar, að aðeins fá lönd eru kaupendur að henni og meginhluti sölunnar á sér stað með milliríkjasamningum. Mælir þetta mjög gegn framboði margra aðila eða fleiri en eins. Í þeim tilfellum, sem salan fer fram á annan hátt, er víst, að kaupendur, auk framleiðenda hér heima, telja hag sínum betur borgið, þegar við einn aðila er að skipta með saltsíldarkaup, sem getur þá tryggt þeim, að undirboð verði ekki gerð.

Með tilliti til framanritaðs leyfum vér oss að mæla eindregið gegn því, að umrætt frv. verði samþykkt.“

Er þá komið að áliti Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi. Í álitsgerð þess um frv. hæstv. ríkisstj. eða hæstv. sjútvmrh. er m. a. komizt að orði á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar eð vér berum traust til núv. síldarútvegsnefndar og teljum, að starf hennar hafi orðið að miklu gagni, einkum vegna þess, að framboðið hefur verið á einni hendi og nefndinni hefur tekizt að halda vel á síldarsölumálunum, þá mót-

mælum vér mjög eindregið framkomnu frv. um sölu og útflutning sjávarafurða, að því leyti sem það snertir útflutning þeirrar greinar sjávarútvegsins, saltsíldarframleiðslunnar, sem vér höfum með höndum. Vér leyfum oss því að mæla eindregið gegn því, að umrætt frv. verði samþykkt."

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna telur einnig upp allmörg atriði, sem stofnunin telur mæla gegn samþykkt þessa frv., og segir síðan:

„Að öllu þessu athuguðu leggjum vér til, að frv. það, er hér um ræðir, verði ekki samþykkt."

Samband ísl. samvinnufélaga hafði, eins og ég gat um áðan, lýst því yfir, að það teldi heppilegast, að minnst tveir útflytjendur séu löggiltir til að hafa á hendi útflutning á öllum sjávarafurðum, en stjórn Sölusambandsins lýsti ekki yfir neinum stuðningi við frv., og í álitsgerð hennar felst þvert á móti andstaða við efni þess og eðli. *Samlag skreiðarframleiðenda telur upp fjölmörg* rök, sem mæli gegn frv., og lýsir því að lokum yfir, að „vér teljum umrætt frv. á engan hátt vera til bóta fyrir sölu sjávarafurða, heldur til hins gagnstæða, og mælum eindregið á móti lögfestingu þess."

Loks kemur yfirlýsing frá Landssambandi ísl. útvegsmanna og Fiskifélagi Íslands. Í niðurlagi umsagnar Landssambandsins er m. a. komizt að orði á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef margir eru um að selja sömu vöruna, virðist *kaupendum oft og tíðum, að um miklu meira* framboð sé að ræða en í raun og veru er, og hefur það áhrif til lækkunar á söluverði afurðanna. L. Í. Ú. leggur höfuðáherzlu á, að sala sjávarafurða verði í höndum félagssamtaka framleiðenda sjálfra, og telur afkomu sjávarútvegsins velta á því, að sem bezt takist til um sölu afurðanna, og telur því, að það geti haft mjög alvarlegar afleiðingar, ef fulltrúar, sem ekki eiga sameiginlega hagsmuni með framleiðendum, verði settir til úrslitaáhrifa í sölumálum sjávarútvegsins. Þar sem téð frv. felur í sér þessa hættu, skorar stjórn L. Í. Ú. á Alþingi að samþykkja ekki umrætt frv."

Álit Fiskifélagsins er mjög stutt, en þó greinilegt. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, í niðurlagi þess:

„Svo sem segir í athugasemdunum, er meginhluti útflutnings fiskafurðanna í höndum samtaka framleiðenda sjálfra eða aðila, sem studdir eru af þeim, og hefur svo verið um langa hríð. Telja verður, að þetta fyrirkomulag hafi sannað *gildi sitt, enda er ekki kunnugt um annað en að* framleiðendur yfirleitt hafi talið það henta sér bezt."

Ég hef þá getið og rifjað upp ummæli í álitsgerðum samtaka framleiðenda um þetta frv., sem hæstv. sjútvmrh. hefur nú lagt fyrir hv. þd. Það kemur greinilega fram af þeim, að því fer fjarri, að meginstaðhæfing hæstv. ráðh. fái staðizt, því fer víðs fjarri, en meginstaðhæfing hans og rök fyrir frv. eru þau, að megn óánægja ríki með núverandi skipulag á útflutningsmálum sjávarútvegsins. Samkvæmt þeim álitsgerðum, sem hér liggja fyrir, frá öllum þessum samtökum, kemur ekkert fram um þessa óánægju. Þvert á móti er það kjarni þeirra, að telja verður, að þetta fyrirkomulag hafi sannað gildi sitt, enda er ekki kunnugt um annað en að framleiðendur yfirleitt hafi talið það sér bezt henta, eins og segir í niðurlagi álitsgerðar Fiskifélags Íslands. Þetta er raunverulega kjarni allra álitsgerðanna frá samtökum útflutningsframleiðslunnar.

Það kemur einnig mjög greinilega í ljós á atkvæðagreiðslunni innan Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, að þar er ekki um mikla andúð að ræða á því skipulagi, sem ríkir í þessum efnum. Aðeins fjögur atkvæði koma fram gegn ályktun, þar sem frv. er mótmælt. Ef allt logaði nú í óánægju innan þessara samtaka sjávarútvegsins, hvernig ætlar þá hæstv. ráðh. að fara að skýra þá staðreynd, að aðeins fjögur mótatkvæði koma fram? Hvernig ætlar hann að fara að skýra þá staðreynd einnig, að í þessum samtökum öllum, sem ég hér hef minnzt á, eru það menn úr öllum stjórnmálaflokkum, sem standa að mótmælunum *gegn frv. hæstv. ráðh. Ég veit ekki*, hvort það eru margir kommúnistar, sem að þeim standa. Ég hygg, að þeir muni vera einhverjir, en ég veit fyrir víst, að það eru menn úr öllum hinum stjórnmálaflokkunum, það eru sjálfstæðismenn, Alþýðuflokksmenn og framsóknarmenn, og er þó sambúðin ekki svo góð milli sjálfstæðismanna annars vegar og tveggja fyrrgreindra stjórnarflokka hins vegar, að það sé það, sem knýr þá til samvinnu og samstöðu um þessi mál.

Nei, hitt mun sanni nær, að þessir menn viti, hvað *hentar bezt hagsmunum sinnar atvinnu*greinar og hagsmunum þjóðarinnar í heild, og þess vegna hafi þeir þá ábyrgðartilfinningu að skipa sér saman í eina fylkingu, þegar um það er að ræða að taka afstöðu til þessa frv.

Ég vil svo að lokum, því að ég ætlaði mér ekki að fjölyrða mjög um þetta mál á fyrsta stigi þess, aðeins minna á, að það, sem trúlegast er orsök þess, að þetta mál er flutt hér á Alþingi nú í þeim búningi, sem raun ber vitni, er sú, að á undanförnum árum hefur flokkur hæstv. núv. *sjútvmrh. oft og einatt haft uppi gífuryrði* um framkvæmd á stjórn útflutningsmála okkar. Hann hefur að vísu ekki getað fundið stóryrðum sínum stað með rökum, og framleiðendur, hvar í stjórnmálaflokki sem þeir hafa staðið, hafa haldið áfram að byggja upp samtök sín, og þeir hafa haldið áfram að fela þessum samtökum að annast stjórn á útflutningsmálum sínum. Meira að segja núv. hæstv. sjútvmrh. hefur verið einn þeirra manna, sem hafa tekið þátt í þessum samtökum, hefur setið fundi þeirra ár eftir ár án þess að *bera fram gagnrýni og mótmæli á starfsháttum* samtakanna, þvert á móti lýst yfir ánægju sinni með starfshætti þeirra. Þegar á allt þetta er litið, fer ekki hjá því, að það hljómi hálfhjákátlega, þegar hæstv. ráðh. ætlar nú að fara að telja þingi og þjóð trú um, að hér sé um að ræða einthvert stórkostlegt umbótamál fyrir sjávarútveginn, eitthvert stórkostlegt réttlætismál, sem hann ætli sér að knýja fram í hreinni andstöðu við svo að segja alla sjávarútvegsafurðaframleiðendur í landinu. Þetta hljómar hálfhjákátlega, og ég býst við, að hæstv. ráðh. *eigi erfitt með að sannfæra* fleiri en hv. þm. hér á Alþingi um það, að hann standi í einhverri heilagri réttindabaráttu fyrir sjávarútveginn með flutningi þessa frv.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það voru nokkur atriði, sem ég tel rétt að víkja hér að nokkrum orðum, af því, sem hér kom fram í ræðu hv. þm. N-Ísf.

Hann hóf ræðu sína með því að halda því fram, að þetta frv. væri aðeins einn liðurinn í þeirri herferð, sem kommúnistar væru nú að fara gegn framleiðslunni í landinu. Ekki fór hann frekari orðum um það, í hverju þessi herferð hefði yfirleitt verið fólgin. En það mætti spyrja hann að því, hvernig afstaða þeirra manna, sem hann kallar almennt kommúnista, og svo afstaða hans og annarra sjálfstæðismanna hefði verið nú um síðustu áramót, þegar var verið að ganga frá mestu hagsmunamálum sjávarútvegsins, sem jafnan koma hér fyrir á hverju þingi. Var þá ekki framgangur málsins sá, að þessir voðalegu menn, sem eru nú í herferð gegn framleiðendum sjávarafurða í landinu, beittu sér hér fyrir þeirri lausn á aðalvandamálum sjávarútvegsins, sem útvegsmenn lýstu alveg einróma yfir að væri bezta og hagstæðasta lausnin, sem þeir hefðu getað náð í sínum hagsmunamálum á undanförnum árum, og þessi voðalega herferð þeirra manna, sem hv. þm. N-Ísf. kallar kommúnista, kom þannig fram, að þeir náðu mjög auðveldlega góðu samstarfi og samkomulagi við allar greinar sjávarútvegsins í tæka tíð um ráðstafanir þeim til aðstoðar á komandi ári? En hver var svo aftur afstaða Sjálfstfl., hver var afstaða hv. þm. N-Ísf. til þessara hagsmunamála sjávarútvegsins? Hvað lagði hann til að gert yrði, og hvernig hafði hans flokkur staðið að hagsmunamálum sjávarútvegsins, þegar þau höfðu legið hér fyrir til afgreiðslu á undanförnum árum? Þá var afstaðan sú að bjóða sjávarútveginum upp á slíka lausn sinna mála, að flestar greinar sjávarútvegsins sögðu „nei takk“ og stöðvuðu sinn rekstur vikur og jafnvel svo að mánuðum skipti. En þegar þessir voðalegu menn, sem hann segir að séu nú að ofsækja sjávarútveginn í öllum greinum, áttu samningsaðstöðu við forsvarsmenn sjávarútvegsins, þá tókust samningar strax, og þeir lýstu því yfir, að nú hefði þeirra sjónarmiðum verið meira og betur mætt en nokkurn tíma áður. Heldur nú hv. þm. N-Ísf., að honum gangi vel með þetta í baksýn að reyna að halda þessari fjarstæðu fram, að núv. ríkisstj. og við, sem að henni stöndum, séum sérstaklega að leggja okkur í framkróka með að vega að samtökum útvegsmanna og skerða þeirra kjör almennt?

Sjálfstfl. var við síðustu áramót, þegar þessi mál lágu hér fyrir til umr., stefnulaus með öllu. Hann hafði ekkert fram að leggja, ekki neitt, nema ég held að það hafi komið fram ein tillaga um að skerða nokkuð þá tekjuöflun, sem aðstoðin til útvegsins byggðist á. En annað hafði Sjálfstæðisflokkurinn ekki fram að færa í þeim efnum.

Nei, Sjálfstfl. rak sig á það hér um síðustu áramót, að þó að hann beitti sínum aðalforustumönnum til þess að hlaupa á milli samtaka framleiðenda sjávarútvegsins og óska eftir því, að þeir settu þannig skilyrði, að ekki gæti tekizt samkomulag um lausn vandamála sjávarútvegsins um áramótin, þá fékk hann ekki óskum sínum framgengt í samtökum sjávarútvegsmanna, m. a. varðandi kröfuna um, að þetta frumvarp kæmist ekki í framkvæmd.

Man hv. þm. N-Ísf. ekki eftir því, að fulltrúar Sjálfstfl. hér í deild inntu eftir því æ ofan í æ dagana fyrir jólin, þegar var verið að samþykkja ráðstafanirnar til lausnar á vandamálum sjávarútvegsins, hvort það hefðu ekki verið sett skilyrði af hálfu útvegsmanna fyrir því, að þeir byrjuðu rekstur um áramót, að ríkisstj. lýsti því yfir, að hún breytti ekki skipulagi á afurðasölu sjávarútvegsins, og ég lýsti því hér yfir, að þeir hefðu ekki sett þessi skilyrði? Ég vissi mætavel, að forustumenn Sjálfstfl. höfðu lagt mjög hart að þeim og nokkrir af forustumönnum sjávarútvegsins voru að reyna í umboði Sjálfstfl. eins og oft áður að koma þessum aukaskilyrðum fram. En þegar útvegsmenn voru búnir að kynna sér það frv., sem hér liggur fyrir, neituðu þeir með öllu að setja nokkur skilyrði um þetta atriði, þó að Sjálfstfl. hefði mikinn áhuga á því að reyna að tryggja þá einkaaðstöðu, sem hann hefur náð sér til handa í sambandi við sölu á saltfiski, að tryggja það, að slíkt yrði.

Hv. þm. N-Ísf. gerði hér nokkuð mikið úr þeim umsögnum, sem fyrir lægju frá ýmsum þar til greindum framleiðslusamtökum eða félögum útvegsmanna um afstöðuna til þessa frv. Hann vitanlega mistúlkaði, eins og við var að búast, stórlega þessar umsagnir. Sannleikurinn er sá, að nokkrir þessara aðila segja svo að segja ekkert gegn þessu frv., sem hér liggur fyrir. Fiskifélagið mótmælir ekki frv. Það er algerlega rangt. Það segir aðeins, að það telji, að það þurfi ekki að setja nein ný lög til þess að afla ríkisstj. frekari heimilda í sambandi við framkvæmd þessara mála en nú eru í gildi. En Fiskifélagið mótmælir ekki frv. Það er rangt hjá hv. þingmanni. Alþýðusambandið mælir eindregið með frv. og talar þar án efa í umboði sjómannastéttarinnar í landinu. Samband ísl. samvinnufélaga mælir líka raunverulega með frv., því að það leggur eindregið til, að það verði a. m. k. tveir aðilar viðurkenndir sem útflytjendur í hverri grein fyrir sig. Hitt var svo ofur eðlilegt, að stjórn saltfisksölusamtakanna mælti á móti frv. Það hefði engum manni í landinu komið annað til hugar. En það vita líka flestir framleiðendur og reyndar allmargir fleiri, og hv. þm. N-Ísf. ætti einnig að vita það, að um langan tíma hefur Sölusamband ísl. fiskframleiðenda verið þannig, að það hefur ekki verið neitt venjulegt framleiðendafélag. Þar hafa framleiðendur ekki haft síðasta orðið. Sannleikurinn hefur verið sá, að þar hafa farið með framkvæmd mála ýmsir þeir menn, sem náð hafa undir sig þessum samtökum á liðnum árum, en eru löngu hættir nokkuð að hafa með sjávarútvegsmál sem slík að gera. Formaður samtakanna, Richard Thors, hann og hans fyrirtæki hefur t. d. ekki átt einn einasta saltfisk í a. m. k. 15 ár, ekki einn einasta saltfisk. Hið gamla stóra útgerðarfélag, Kveldúlfur, sem eitt sinn var stærsta saltfiskframleiðendafélag í landinu og sölufélag að saltfiski, hefur ekki framleitt nokkurn saltfisk, ekki einn einasta ugga, um margra ára skeið. Og Richard Thors komst inn í þessi samtök upp úr þeirri aðstöðu, sem hann og hans félag hafði á sínum tíma sem stórframleiðandi að saltfiski

og stór aðili að saltfisksölunni. Þarna eru líka í stjórn bæði bankastjórar og ýmsir aðrir, sem engra beinna hagsmuna eiga að gæta sem framleiðendur að þessari vöru. Í samtökum saltfiskframleiðenda hafa verið uppi á undanförnum árum mjög háværar óánægjuraddir um þetta, og meira að segja á þeim aukafundi, sem nú var boðað til, þegar reynt var að fá fram mótmæli gegn þessu frv. í samtökum saltfiskframleiðenda, komu fram tillögur, sem samþykktar voru þrátt fyrir mótmæli Richards Thors, formanns samtakanna, sem skoruðu á stjórnina að fara nú að beita sér að almennum hagsmunamálum saltfiskframleiðenda, skoruðu á stjórnina að snúa sér að því að láta sig skipta almenn hagsmunamál saltfiskframleiðenda. Með því var í rauninni verið að segja, að stjórnin hefði ekki gert það fram til þessa.

Hitt er svo líka ekki til þess að verða hissa á, þó að nokkrir af aðalforustumönnum Sjálfstfl. hér á Suðvesturlandi í síldarútvegsmálum, eins og Sveinn Benediktsson og aðrir slíkir, taki undir kröfu aðalforustumanna sjálfstæðismanna og mæli gegn því, að nokkrar breytingar verði samþykktar á þeim sérréttindum, sem Sölusamband ísl. fiskframleiðenda hefur haft í saltfisksölumálunum. Það verður væntanlega enginn verulega hissa á því, þó að þaðan berist mótmæli um það. En hitt hefði líka gjarnan mátt minnast á, að hliðarfélag síldarsaltenda, sem annars vill mæla með því, að helzt einn aðili verði löggiltur sem útflytjandi í hverri grein um sig, minnist á það, að þeir vilji mjög gjarnan, að síldarframleiðendur einir saman fái þessi réttindi, núverandi skipulagi í sambandi við sölu á síld verði breytt, og félag síldarsaltenda fái það vald, sem síldarútvegsnefnd hefur nú í sambandi við útflutning á síld. Það kemur því strax upp, að þeir eru ekki alls kostar ánægðir með það skipulag, sem nú er, eða a. m. k. vildu ná nokkru meira valdi undir sig en þeir hafa skv. reglunum í dag.

Og svo kemur hér hv. þm. N-Ísf. og segir, að allir framleiðendur í einum kór hafi mótmælt frv. Ja, hann er nú ekki hissa á því, hvernig hann hnýtir að þessu. Ég hygg nú samt, að hann þurfi að endurskoða þessa fullyrðingu sína. Ég hafði hér upplýst, að jafnvel innan samtaka saltfiskframleiðenda kom greinilega í ljós við atkvgr., að þar vantar a. m. k. helming þeirra, sem í þeim samtökum eiga að vera. Þeir tóku ekki þátt í þessari atkvgr., af því að þeir höfðu ekki aðstöðu til þess að mæta. Ég veit um það, að umboðsmenn saltfiskframleiðenda úr heilum landsfjórðungum voru ekki mættir á þessum fundi. Það skorti því vitanlega mikið á það. En þó var vitanlega helzt við því að búast, að saltfiskframleiðendur, sem þarna hafa búið við sérstöðu, vildu halda í þessa sérstöðu sína áfram. Hitt mun svo koma glöggt í ljós, eins og það kom í ljós um áramótin, þegar foringjar Sjálfstfl. voru að reyna að fá útvegsmenn til þess að fara í stríð út af þessum málum, að framleiðendur að frosnum fiski, sem nú búa við það skipulag og hafa búið við það skipulag, sem hér er boðað, fara ekki, jafnvel þó að foringjar Sjálfstfl. óski eftir því, í neinar deilur við ríkisstj. út af þeirri framkvæmd þessara mála, sem hér er boðuð. Þeir geta að vísu tekið undir það sem góðir sjálfstæðismenn, framámenn þar, að mæla gegn því, að það sé verið að taka þessi sérréttindi af þeim saltfisksölumönnum. En dýpra rista heldur ekki þeirra mótmæli, það er mér vel kunnugt um.

Hv. þm. N-Ísf. endurtók svo það, sem þeir sjálfstæðismenn hafa reynt að halda hér fram um þetta mál og sérstaklega hafa staglazt á í Morgunblaðinu, að með þessu frv. sé verið að ráðast gegn samtökum framleiðenda, þó að það sé beinlínis boðað í frv. og margyfirlýst hér í umr. um málið á Alþ., að til þess er beinlínis ætlazt, að samtök framleiðenda hafi forgangsrétt til þess að fá útflutningsleyfi og geta annazt sölu á framleiðsluvöru sinna meðlima. Samt er verið að segja, að með þessu frv. sé verið að ráðast gegn samtökum framleiðenda. Af hverju þora þeir ekki að segja það, sem rétt er, að það sé verið að bjóða öllum félögum framleiðenda upp á sömu kjör? Af hverju þora þeir ekki að segja það? Hvernig stendur á því, að þeir þora ekki að segja það, sem rétt er, að það sé verið að bjóða öllum samtökum framleiðenda upp á sömu aðstöðu, ef einn þarf að sækja um útflutningsleyfi, þá skuli annar þurfa að gera það líka? Ef Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna þarf að sækja um útflutningsleyfi og samþykki hverju sinni fyrir þeim sölum, sem hún gerir á frosnum fiski, þá er Richard Thors heldur ekkert of góður til þess að gera það í sambandi við þá sölu á saltfiski, sem hann kann að hafa með höndum. Og ef Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna þarf að leggja sín spil á borðið fyrir ríkisstjórnina um það, hvernig unnið hefur verið að sölu á frosnum fiski, við hvaða verði og með hvaða skilmálum og hvernig að því hefur verið staðið, þá geta þeir líka, sem hafa með sölu á saltfiski að gera, tekið á sig þá skyldu að leggja fram sín gögn, þegar þeir eru spurðir. Til þess er engin ástæða, að þeir séu undanþegnir þessu almenna eftirliti. Og það er alveg furðulegt, að þeir menn skuli vera til eftir allt það, sem á undan er gengið í þeim málum, í sambandi við alla þá tortryggni, sem upp hefur komið varðandi framkvæmd saltfisksölumálanna, að þeir skuli berjast um á hæl og hnakka og biðjast undan því að lúta sama eftirliti og aðrir verða að lúta í þessum málum. Slíkt vitanlega ætti að gefa ábendingu um það, að þeir óttist eitthvað í þessum efnum.

Svo kom hv. þm. N-Ísf. að því, að ég hefði meira að segja verið sjálfur þátttakandi í félagssamtökum saltfiskframleiðenda. Ég segi aðeins: Hvar annars staðar gat ég verið, fyrst við áttum og höfðum með að gera sölu á þúsundum tonna af saltfiski? Hvar gátum við annars staðar verið en í þeim samtökum, sem lögum samkv. höfðu allan rétt til þess að selja allan okkar saltfisk? Og eins og ég hef einnig lýst hér yfir í umræðum um þetta mál áður á þingi, þó að það skapaðist möguleiki t. d. fyrir það fyrirtæki, sem ég stjórnaði, til þess að fara með sína saltfisksölu sjálft, þá mundi ég ekki vinna að því að segja það fyrirtæki úr samtökum saltfiskframleiðenda. Ég hef sagt það: Ég álít, að þessi samtök saltfiskframleiðenda, Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, hafi margt vel gert. Jú, það hefur svo verið

tekið, þegar ég hef sagt þetta, og blásið upp og sagt, að ég hafi hælt því á hvert reipi og sagt, að það væri algott. Ég er ekkert hræddur við að segja það, að ég tel, að þessi samtök hafi margt vel gert. En með því hef ég aldrei sagt, að þau hafi allt gott gert. Síður en svo. Ég veit, að þau hafa gert ýmislegt, sem ekki verður talið gott og er verulega aðfinnsluvert. En þar með óska ég ekki eftir því að rifta þessum samtökum framleiðenda, en tel, að þau geti látið sér nægja að búa við það skipulag í sambandi við sölu á saltfiski, sem önnur hliðstæð félög verða að búa í hliðstæðum greinum.

Þá vék hv. þm. N-Ísf. að því, að í grg. frv. væri beinlínis á það minnzt, að nú yrði hverjum sem er gefinn kostur á því að sýna hæfni sína við hliðina á sölusamtökum framleiðenda. Það er rétt, að með því að enginn fær einkasöluaðstöðu, þá vitanlega getur hver sem er sótt um það til réttra útflutningsyfirvalda að óska eftir því að taka að sér sölu og útflutning sjávarafurða. Það getur hver sem er fengið að sanna það, hvað hann kemst langt. Með þessu er ekki sagt, að það eigi að veita öllum leyfi til þess að taka þátt í útboðum á fiski, hverjum þeim sem til útflutningsstjórnarinnar sækir. Síður en svo. Ég hef einmitt lýst því yfir, að ég tel rétt að reyna að hafa hóf í því, hvað margir aðilar verða í hverri grein, sem taka þátt í sölunni, og gæta vel að því, að þar sé ekkert öngþveiti skapað. En hins vegar tel ég nokkra samkeppni í þessum efnum heilbrigða og góða.

Þá minntist hv. þm. N-Ísf. á það, sem hér hefur verið reynt að halda fram í þessum umr. áður, að það sýndi bezt, hversu ánægðir menn væru með söluna á saltfiskinum og S. Í. F., að meira að segja S. Í S., sem annars vildi komast inn í útflutninginn, hefði nú falið Sölusambandinu umboð sitt til þess að selja alla sína framleiðslu á þessu ári. Og í Nd. orðaði formaður Sjálfstfl. þetta á þá lund, að allir saltfiskeigendur í landinu hefðu nú vottað S. Í. F. sérstakt traust með því að fela því að selja alla sína framleiðslu á þessu ári, hvað sem liði öllum lögum, og þetta hefði verið gert á þann hátt, að þeir hefðu ekki tilkynnt Sölusamlaginu fyrir 1. marz, að þeir ætluðu að ganga úr samtökunum.

Ég vitanlega leiðrétti þennan misskilning í Nd., og ég þarf að leiðrétta hann hér aftur í Ed., að þetta er vitanlega algerlega rangur málatilbúnaður og sýnir á engan hátt það, sem hv. þm. N-Ísf. vill vera láta. Það er að vísu rétt, ég kannast við það, að það er til lagaákvæði hjá Sölusambandinu, sem segir, að fyrir 1. marz skuli félagsmenn tilkynna, hvort þeir ætli að fela samtökunum umboð til þess að selja sína framleiðslu. En þetta atriði, sem hér á að nota til þess að sanna mönnum, hve allir dáist nú að þessu skipulagi og séu ánægðir með samtökin, hefur aldrei verið notað í framkvæmd. Enginn aðili hefur snúið sér á undanförnum árum til Sölusambandsins fyrir 1. marz og tilkynnt því neitt í þessum efnum. Og Sölusambandið hefur hvorki nú né áður snúið sér til framleiðenda til þess að spyrja þá um neitt í þessum efnum. Þetta hefur verið algerlega dauður lagastafur í þessum samtökum. Og því er það, að þó að enginn hafi nú tilkynnt, að hann ætli að ganga úr samtökunum fyrir 1. marz, þá segir það ekkert um afstöðu til þessa frv. eða til framkvæmdanna hjá S. Í. F. á sölunni á saltfiskinum.

Ég skal aðeins minna á það, að það liggur þannig fyrir, að ekki verður um deilt, að í Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda hafa verið uppi mjög skiptar skoðanir um marga hluti á undanförnum árum, og það hefur komið fyrir, að allstórir aðilar hafa beinlínis gert kröfu til þess, að skipulagi samtakanna yrði algerlega breytt. Síðast var þetta frá hálfu Sambands ísl. samvinnufélaga, sem beinlínis hótaði því að ganga úr samtökunum, ef það fengi ekki mjög verulega breytingu þar á framkvæmd mála. Þetta endaði svo með því samkomulagi, sem frægt er orðið, að Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, sem hefur einkarétt á að selja allan saltfisk úr landinu, varð að framselja þennan rétt sinn til Sambands ísl. samvinnufélaga að nokkru leyti, þannig að Samband ísl. samvinnufélaga fer eitt með sölu á saltfiski í nokkrum þar til greindum löndum. Þegar t. d. við óbreyttir saltfiskframleiðendur þurftum að selja saltfisk til Danmerkur, þá var það komið út á áhrifasvæði Sambands ísl. samvinnufélaga, og við þurftum bæði að greiða umboðslaun til Sambands ísl. samvinnufélaga og til S. Í. F., sem hafði framselt Sambandinu þetta umboð að nokkru leyti. Það, sem þarna gerðist, sýndi auðvitað mjög ljóslega, að það voru uppi verulega skiptar skoðanir um þetta skipulag, og það hefur komið þar fram í miklu fleiri tilfellum en þessu.

Ég skal svo láta þessu lokið, þar sem komið er fram yfir réttan fundartíma, enda geri ég ráð fyrir því, að betra tóm skapist síðar, þegar n. hefur fengið að fjalla um málið, og ég teldi æskilegast, ef hægt hefði verið að koma málinu til nefndar, en þá ætti að skapast aðstaða til þess að ræða ýtarlegar um einstök atriði þessa máls.

Umr frestað.

Á 70. fundi í Ed., 15. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Þegar hæstv. sjútvmrh. lagði þetta mál hér fyrir í hv. d., gat hann þess í upphafi máls síns, að samkvæmt gildandi lögum hefði ráðh. ótakmarkað vald til þess að setja sérhverjar þær reglur, sem honum sýndist, um sölu og útflutning sjávarafurða. Það væri því ekki vöntun lagaákvæða, sem ylli því, að þetta mál væri fram borið, heldur væri ástæðan sú, sagði hæstv. ráðh., að rétt þætti, að Alþ. setti þær reglur, sem gilda ættu um þessi atriði.

Nú er það að sjálfsögðu svo, að þau lög, sem í gildi eru og að dómi hæstv. ráðh. veita honum óskorað vald til að setja sérhverjar þær reglur, sem honum sýnist, voru sett af Alþ. á sínum tíma. Hér er því ekki um nýmæli að ræða. Alþ. hefur sett reglur, sett lög um meðferð þessara mála, sem veita ráðh. þetta vald. Væri hins vegar ætlunin sú með flutningi þessa frv. að draga að einhverju leyti úr hinu óskoraða valdi ráðherra, flytja það t. d. á Alþingi að einhverju leyti, þá væri skiljanlegt, að þetta frv. er komið fram, og þá ætti það vissulega einhvern tilverurétt.

En hvernig er svo þessu háttað í sjálfu frv.?

Í 1. gr. þess segir, með leyfi hæstv. forseta: „Ráðh. sá, sem fer með sjávarútvegsmál, skipar þriggja manna nefnd, sem nefnist útflutningsnefnd sjávarafurða. Jafnframt skal skipa varamenn. Ráðh. skipar formann nefndarinnar.“

Hér er því ekki um neina efnisbreytingu að ræða, aðeins vill ráðh. fá lögfest, að það skuli vera þrír menn, í stað þess, að nú er það einn maður, sem fer með þetta mikla vald í umboði ráðh. En ráðh. getur sett eins marga menn og honum sýnist yfir þessi mál. Hann getur haft þá tvo, þrjá, fjóra, fimm eða hve marga sem honum sýnist. Það er ekkert því til fyrirstöðu að lögum.

Það kom glögglega í ljós, að það var ekki ætlun ráðh. að afsala sér nokkru af því valdi, sem hann hefur nú. Það kom fram í Nd. brtt. við 1. gr. frv. um að láta Sþ. kjósa í nefndina í stað skipunar ráðh. Hæstv. ráðh. lagðist gegn þessari till., og hún var felld. Allt virðist hér því vera eintómur sjónleikur.

Hæstv. ráðh. vildi sem minnst gera úr umsögnum félagasamtaka framleiðenda, sem fyrir liggja í þessu máli. Hann lét sér meira að segja sæma að segja, að málið hefði verið ranglega túlkað fyrir þessum aðilum. Ég spyr: Í hverju var þessi ranglega túlkun fólgin? Hví nefnir ekki ráðh. þetta, og hví segir hann ekki hv. deild frá því, hvernig þetta var?

En þar sem ráðh. hefur aðeins komið með þessa staðhæfingu, hlýtur hún að falla niður dauð og ómerk. Sjálft málið lá greinilega fyrir öllum þessum aðilum, sem umsögn hafa gefið, og þeir vissu því glögglega, hvað það var, sem þeir voru að gera.

Hæstv. ráðh. sagði, að umsögn félagasamtakanna væri komin frá fáeinum „hinna stóru“, hinir smærri víðs vegar úti um land hefðu hins vegar ekkert látið til sín heyra, og skilja mátti, að þeir væru á móti þessum umsögnum. Ég leyfi mér þá að spyrja: Hví í ósköpunum láta þessir menn ekkert til sín heyra, ef þeir telja þessar umsagnir rangar eða þeir eru á móti þeim? Hví þegja þeir? Ég sé ekki betur en að þögn þeirra hnekki algerlega þeirri fullyrðingu ráðh., að þeir séu á móti umsögnunum.

Ég vil að síðustu að gefnu tilefni frá hæstv. ráðh. ræða nokkuð afstöðu Sambands ísl. samvinnufélaga til þessa máls.

Þegar hæstv. ráðh. var að svara hv. þm. N-Ísf., sagði hann, að í samþykktum Sambands ísl. fiskframleiðenda væri svo fyrir mælt, að ef aðili innan samtakanna hefði ekki sagt sig úr fyrir 1. marz, þá væri litið svo á, að hann yrði í samtökunum áfram. En hæstv. ráðh. bætti því við, að þetta væri dauður bókstafur, sem allir hefðu fyrir löngu gleymt, og þetta væri ein af ástæðunum fyrir því, að S. Í. S. hefði ekki sagt sig úr samtökunum. Það væri m. ö. o. gleymska, en ekki viljaleysi. Hvað er hæft í þessari fullyrðingu hæstv. ráðh? Og hví í ósköpunum er hann að flytja þetta hér inn í deildina? Hann veit, að hér fer hann með rangt mál.

Samkvæmt áreiðanlegum upplýsingum, sem ég hef fengið, hefur S. Í. S. síðustu þrjú árin öll sagt sig úr samtökunum, en jafnan með þeim fyrirvara, að ef það hefði ekki tilkynnt fyrir 1. marz, að það óskaði að vera með, stæði úrsögn þess í fullu gildi.

Af þessu er ljóst, að það er ekki gleymska af hálfu S. Í. S., að það hafði ekki sagt upp. Það er eitthvað annað. Og nú er sérstök ástæða til þess að spyrja enn fremur: Hver var afstaða S. Í. S. einmitt nú, eftir að þetta frv. er fram komið frá hæstv. ráðh.? Hver er afstaðan?

Nú er aðstaðan öll sú, að S. Í. S. hlaut að geta gengið út frá, að það yrði fyrsti aðili, sem yrði löggiltur til þess að vera útflytjandi, hliðstæður öðrum þeim stærstu, sem það væru. Það er augljóst mál. En hvað gerði S. Í. S.? Það fór nákvæmlega eins að og áður, sagði upp, en tilkynnti fyrir 1. marz, að það óskaði að vera með í samtökum S. Í. F. áfram. Þetta er sannleikur málsins. Þetta ættu a. m. k. þingmenn Framsfl. að íhuga, áður en þeir láta teyma sig lengra út í ófæruna.

Benda má og á það, að S. Í. S. hefur umboð hinna smærri framleiðenda víðs vegar úti um land, sem ráðh. vildi gefa í skyn að væru andvígir umsögnum þeim, sem fyrir liggja.

Mér sýnist því allt á sömu bókina lært. Það eru engin frambærileg rök fram borin, sem styðja það, að þetta mál er flutt á Alþingi.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Mér finnst fyllilega eðlilegt, að hæstv. sjútvmrh. leggi sig fram um að verja það afkvæmi sitt, sem hér liggur fyrir til umr. Það er í samræmi við mannlegt eðli, að menn snúast til varnar, þegar sótt er að afkvæmum þeirra. Hitt finnst mér öllu óvirðulegra, að hæstv. ráðh. skuli í vörn sinni grípa til rakalausra ósanninda um staðreyndir, sem honum sem sjútvmrh. ættu að vera kunnari en flestum öðrum.

Hæstv. ráðh. upplýsir það í ræðu sinni hér í gær, þegar hann er að sýna fram á það, hversu illa hafi verið sóttur fundur Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, sem um þetta mál ræddi, að heildarframleiðsla saltfisks á árinu 1956 hafi verið 50 þús. tonn og að útflutningurinn hafi numið þessu magni. Þetta endurtekur blað hæstv. ráðh. í dag. Jafnhliða lýsti ráðh. því yfir, að umboðsmenn fyrir aðeins um 25 þús. tonn af saltfiski hefðu verið mættir á fyrrgreindum fundi. Mætti af þessu marka, hversu illa fundurinn hefði verið sóttur, og til viðbótar mætti benda á það, sagði hæstv. ráðh., að heilir landshlutar hefðu engan fulltrúa átt á þessum fundi.

Hver skyldi nú sannleikurinn vera í þessu? Hann er í fyrsta lagi sá, að hæstv. sjútvmrh. leyfir sér að fara með rangar tölur um saltfiskútflutninginn. Hann segir, að hann hafi á s. l. ári numið 50 þús. tonnum. Staðreyndin er hins vegar sú, að samkvæmt skýrslum Fiskifélags Íslands, sem sjútvmrh. hefur vissulega ekki síður aðgang að en aðrir, hefur heildarframleiðslan á árinu orðið 39500 tonn. Frá því dragast svo 15 hundruð tonn, sem fara til innanlandsneyzlu, þannig að heildarútflutningurinn hefði átt að verða 38 þús. tonn, en frá þeirri upphæð dragast enn 1000 tonn, sem er venjuleg rýrnun, þannig að heildarútflutningur á saltfiski hefur á árinu 1956 orðið 37 þús. tonn í staðinn fyrir 50 þús. tonn, eins og hæstv. ráðh. upplýsti.

Ég spyr nú bara: Hvernig stendur á því, að hæstv. ráðh. er að grípa til svona ósanninda um staðreyndir, sem hver einasti maður í landinu og að sjálfsögðu hver einasti þm. getur sannfært sig um með því að fletta upp í opinberum skýrslum að eru rangar? Ég verð að segja það, að málstaður hæstv. ráðh. er vissulega ekki góður, þegar hann þarf í vörn sinni að grípa til slíkra bragða. Sannleikurinn er auðvitað sá, að á þessum fundi S. Í. F., þar sem mótmælt var harðlega frv. ráðh., voru mættir fulltrúar fyrir saltfiskframleiðendur í öllum landshlutum, og þar voru mætt atkv. fyrir 27 þús. tonn af þessum 37 þús. tonnum, sem út voru flutt á árinu. Má segja, að þessi fundur hafi verið eins vel sóttur og aðalfundur fyrirtækisins er að jafnaði.

Það er þess vegna fullkomin blekking hjá hæstv. ráðh., þegar hann er að burðast við að halda því fram, að aðeins lítill hluti af saltfiskeigendum hafi verið mættur á þessum fundi S. Í. F., þar sem afstaða var tekin til afkvæmis hæstv. ráðh. og frv. harðlega mótmælt.

Ég taldi rétt að upplýsa þetta hér, vegna þess að hæstv. ráðh. lagði svo mikla áherzlu á þetta, á hve veikum grundvelli þessi fundur hefði staðið og hversu þýðingarlítil þau mótmæli þess vegna væru, sem frá honum hefðu borizt og ég vitnaði til og liggja hér fyrir hv. Alþingi.

Þá gerði hæstv. ráðh. það einnig að miklu ádeiluatriði á þessi heildarsamtök saltfiskútflytjenda í landinu, að í þeim hefði um langt skeið átt sæti einn af bankastjórum Landsbankans. Ég býst við því, að hæstv. ráðh. viti, að einn af frumkvöðlum þess, að saltfiskútflytjendur mynduðu með sér samtök, þegar undirboðin og samkeppnin voru að eyðileggja íslenzkan sjávarútveg, var einmitt einn af bankastjórum Landsbankans, Magnús heitinn Sigurðsson, sem var framsýnn og vitur maður og hafði mikla reynslu á sviði útflutningsmála. Hann var kosinn í fyrstu stjórn S. Í. F. og svo lengi sem honum entist líf og heilsa. Það var talið vel fara á því, að þessi brautryðjandi um þessi þýðingarmiklu félagasamtök útvegsins ætti sæti í stjórn þeirra. Síðan var talið ekki óeðlilegt, að einn af bankastjórum Landsbankans ætti sæti í stjórninni, og fyrst á eftir Magnúsi Sigurðssyni var Pétur heitinn Magnússon valinn í stjórnina og síðan Jón Maríasson. Nú gerir hæstv. sjútvmrh. það að stórkostlegu ádeiluatriði á samtökin, að þessi háttur skuli hafa verið á hafður. Ég segi enn: Þessi hæstv. ráðh. hlýtur að vera í hraki með rök, þegar hann grípur til annarra eins staðhæfinga og þeirra, sem hann lét sér um munn fara í sambandi við setu eins bankastjóra frá þjóðbankanum í stjórn þessara samtaka.

Þá gerði hæstv. ráðh. það einnig að ádeiluatriði á sölusamtök saltfiskframleiðenda, að fáir sjómenn eða engir ættu aðild að samtökunum.

Í fyrsta lagi er þetta nú algerlega rangt. Fjöldi sjómanna, sem eiga báta og verka saltfisk, eru aðilar að S. Í. F., — það veit ég að hæstv. ráðh. veit, — og það jafnvel menn úr hans landsfjórðungi. En í öðru lagi er þess að geta, að sjómennirnir hafa ekki fyrst og fremst hagsmuna að gæta í sambandi við þessi samtök. Það er ekki fyrst og fremst eðlilegt, að þeir fylli þessi samtök, þeir gæta hagsmuna sinna í sambandi við sjávarútveginn, sem að sjálfsögðu eru ríkir, á öðrum stöðum og í öðrum samtökum. Sjómennirnir eru nefnilega búnir að selja fiskinn, og þeir eru ekki lengur eigendur að honum, þegar kemur til kasta þessara sölusamtaka að selja fiskinn úr landi. Engum kemur til hugar að krefjast áhrifa eða atkvæðisréttar kaupafólksins, kaupakonunnar eða kaupamannsins, um ráðstöfunarrétt bóndans yfir afurðum sínum. Á sama hátt er ekki eðlilegt, að sjómaðurinn, sem búinn er að selja fiskinn, hafi fyrst og fremst áhrif í þessum samtökum.

Þessi ádeila hæstv. ráðh. á samtök saltfiskseljenda, útflytjenda, eru þess vegna harla veigalítil.

Hæstv. ráðh. blandaði inn í þetta mál afstöðu Sjálfstfl. til lausnar á vandamálum sjávarútvegsins, sem hæstv. ríkisstj. hefði beitt sér fyrir fyrir síðustu áramót. Hvaða „lausn“ á hæstv. ráðh. við? Á hann við þau skattafrv., sem afgr. voru og flutt af hæstv. ríkisstj. hér fyrir jólin? Það er líklegast. Engum hefur komið til hugar að halda því fram, nema þá hæstv. ráðh., að þar væri um nokkra „lausn“ að ræða á vandamálum sjávarútvegsins. Hæstv. ríkisstj. hafði að vísu lofað „varanlegum úrræðum“ og „nýjum leiðum“ til lausnar á vandamálum útflutningsframleiðslunnar. Hvorki þessar „nýju leiðir“ né „varanlegu úrræði“ hafa sézt hér á hv. Alþingi. Það eina, sem gerzt hefur, er það, að flutt hafa verið frv. um gífurlegar nýjar skattaálögur á þjóðina, og hluta af því fé hefur að vísu verið varið til þess að borga hluta af hallarekstri sjávarútvegsins, togara og vélbáta. Það hefur engin „ný leið“ verið mörkuð.

Sjálfstæðismenn deildu á ríkisstj. fyrst og fremst fyrir úrræðaleysi hennar í þessum málum. Ég tók það hins vegar þvert á móti fram í ræðu, sem ég flutti hér um það mál, í hv. Ed., að að svo miklu leyti, sem stefnt væri að því að styðja útflutningsframleiðsluna með þessu frv., þá áteldi ég ekki ríkisstj. fyrir það, en ég áteldi hana fyrir hitt, að hafa heitið þjóðinni því, bæði flokkar hennar, áður en þeir mynduðu ríkisstj., og eins eftir að ríkisstj. var mynduð, að leggja fram till. um nýjar leiðir og varanleg úrræði til lausnar erfiðleikum sjávarútvegsins, en svíkja svo þetta allt saman, koma með nákvæmlega ekki neitt nema nýjar skattaálögur, sem nema hundruðum milljóna króna á almenning, hafandi þó í höndunum yfirlýsingu frá þeim samtökum, sem stjórnin leggur mikið upp úr að hafa gott samstarf við, Alþýðusambandi Íslands, um það, að ekki kæmi til mála, að nýjar álögur verði lagðar á almenning til þess að afla fjár til styrktar framleiðslunni.

Alþýðusamband Íslands lýsti því yfir fáum vikum áður en hæstv. ríkisstj. lagði fram tolla- og skattafrv. sín, að ekki kæmi til mála, að lagðar yrðu stórkostlegar nýjar byrðar á þjóðina til þess að afla tekna til styrktar sjávarútveginum, og meira að segja sumir hæstv. ráðh. stóðu að því að semja þessa ályktun. Hæstv. félmrh., sem einnig er forseti Alþýðusambands Íslands, kom með þessa ályktun í vasanum upp í stjórnarráð á fund til hæstv. ríkisstj. og segir: Gerið þið svo vel. Þetta segir Alþýðusambandið. — Og svo

sezt þessi hæstv. ráðh. með hæstv. sjútvmrh. og öðrum ráðh. hæstv. ríkisstj. og semur frv. nákvæmlega um það, sem Alþýðusambandið var að mótmæla. Svo segjast þessir menn vera í sérstaklega nánum tengslum við verkalýðssamtökin í landinu og grobba af því í tíma og ótíma.

Hæstv. ráðh. sagði hér í ræðu sinni í gær, þegar ég lýsti þeirri skoðun minni, að þetta frv. væri liður í baráttu kommúnista fyrir auknum áhrifum á útflutningsverzlunina, að það væri ótrúlegt, að sjútvmrh., þ. e. a. s. hann, væri að flytja frv., sem stefndi að því að þröngva kosti sjávarútvegsins, það væri fyrst og fremst hlutverk sitt að styðja sjávarútveginn, greiða götu hans og þess fólks, sem að honum starfaði. Vissulega er þetta hlutverk hans. En hefur þetta ekki verið hlutverk sjútvmrh. á undanförnum árum, þó að hann hafi ekki setið í ríkisstjórn? Hann hefur verið kosinn á þing af sjávarútvegskjördæmi, mörgum sjómönnum og útvegsmönnum og verkafólki í kaupstöðum og sjávarþorpum. En hver hefur afstaða hæstv. ráðh. verið til þeirra úrræða, sem fyrrverandi ríkisstjórnir hafa gripið til? Það kemur fyrst í huga minn afstaða hæstv. sjútvmrh. veturinn 1950, þegar breytt var skráningu á gengi ísl. krónu, sem var ákaflega ríkt hagsmunamál útvegsins, því að hann hafði þá á undanförnum árum verið neyddur til þess að selja þann erlenda gjaldeyri, sem hann aflaði, á gengi, sem var allt annað en hið raunverulega gengi krónunnar.

Hv. þáv. landsk. þm., Lúðvík Jósefsson, vissi mætavel, að þetta var **langliklegasta leiðin til** þess að bæta aðstöðu útgerðarinnar, og hann fór ekki í neinar felur með þá skoðun sína við menn, þegar hann var staddur annars staðar en í ræðustól á Alþingi. En á Alþingi barðist hann eins og ljón gegn þessari nauðsynlegu leiðréttingu, sem útvegurinn þurfti á að halda, bæði togaraútgerðin og vélbátaútgerðin. Hann var ekki sjálfum sér samkvæmari þá en það, að hann lét sig hafa þetta.

Nú segist hæstv. ráðh. vera að berjast fyrir hagsmunum útvegsins, en flytur svo frv., sem öll samtök sjávarútvegsframleiðslunnar í landinu mótmæla harðlega. Ég býst við, að útvegsmenn geti sagt gagnvart hæstv. ráðh. eins og einn vitur maður sagði fyrir allmörgum öldum: „Guð varðveiti mig fyrir vinum mínum.“ Guð varðveiti sjávarútveginn fyrir þeim vinum hans, sem þannig haga stuðningi sínum við hann.

Svo grípur hæstv. ráðherra til þess úrræðis, þegar hann fær hvern hóp manna á fætur öðrum frá samtökum framleiðenda, að fullyrða, að Sjálfstfl. hafi náð einkaaðstöðu sér til handa í þessum samtökum, eins og hæstv. ráðh. orðaði það.

Því fer víðs fjarri, að Sjálfstfl. eða sjálfstæðismenn meðal útvegsmanna og sjómanna standi einir að þessum mótmælum, eins og ég benti á í gær. Og ef hæstv. ráðh. vill líta á útdrættina úr umsögnum þessara samtaka, sem fylgja sem fskj. með nál. sjútvn. neðri deildar, þá sér hann mörg nöfn manna, sem hingað til hafa a. m. k. ekki verið taldir í Sjálfstfl.

Ég veit t. d. ekki til þess, að Valtýr á Rauðuvík við Eyjafjörð hafi verið talinn sjálfstæðismaður, þó að hann undirriti ein mótmælin. Ég veit heldur ekki til þess, að Óskar Jónsson í Hafnarfirði, einn af aðalleiðtogum Alþfl. þar, hafi verið talinn tryggur stuðningsmaður Sjálfstfl., eða hefur hæstv. sjútvmrh. upplýsingar um það?

Nei, ég álít, að það væri sæmra fyrir hæstv. ráðh. að draga úr gífuryrðum sínum og fullyrðingum í þessu máli, reyna að gera tilraun til þess að halda sér við staðreyndir og við sannleikann í málinu, og hann er sá, að útvegsmenn úr öllum flokkum, jafnvel úr kommúnistaflokknum, hafa risið upp gegn þessu yfirborðsfrv. ráðh. og mótmælt því harðlega.

Svo reynir hæstv. ráðh. að hengja sig í það, að Alþýðusamband Íslands hafi ekki mótmælt þessu, heldur mælt með því. En hvaða rök færir stjórn Alþýðusambandsins fyrir því, að hún mæli með frv. Svar hennar við fsp. sjútvn. Nd. um málið er eitthvað 5 línur. Án þess að færa ein einustu rök fyrir því, að þetta sé hagkvæmara fyrir útveginn, fyrir sjómenn og fyrir efnahag þjóðarinnar í heild, lýsir stjórn Alþýðusambandsins því yfir, að hún sé samþykk frv. Flokksbróðir hæstv. sjútvmrh. í hæstv. ríkisstj. gerir þessum flokksbróður sínum þann greiða, að hann skrifar upp á þennan víxil fyrir hann, en sér sér þó ekki fært að láta fylgja meira en 5 línur án nokkurs rökstuðnings fyrir því, að málið sé skynsamlegt og samrýmist hagsmunum framleiðenda.

Þá segir hæstv. ráðh., að Fiskifélag Íslands hafi ekki mótmælt frv. Ég þekki nú hæstv. sjútvmrh. frá því, að við vorum í skóla, og ég veit, að hann er greindur maður og mjög vel læs. Þess vegna er hann að gera sér upp óþarfa heimsku, þegar hann kemur með svona staðhæfingar. Ég las upp þessi ummæli Fiskifélagsins í gær, og ég skal gera það aftur fyrir minn gamla skólabróður honum til upplýsingar. Ég er alltaf óþreytandi í að vilja honum vel. Í svari Fiskifélagsins segir á þessa leið í niðurlaginu, með leyfi hæstv. forseta:

„Svo sem segir í athugasemdunum, er meginhluti útflutnings fiskafurðanna í höndum samtaka framleiðenda sjálfra eða aðila, sem studdir eru af þeim, og hefur svo verið um langa hríð. Telja verður, að þetta fyrirkomulag hafi sannað gildi sitt, enda er ekki kunnugt um annað en að framleiðendur yfirleitt hafi talið það henta sér bezt.“

Ég fæ nú ekki betur séð en að í þessum ummælum sé tekinn af allur vafi um það, hver afstaða Fiskifélagsins er í þessu máli. (**Gripið fram** í: Þið ættuð að lesa þetta allt saman.) Það náttúrlega getur orðið nauðsynlegt að gera það, ef hæstv. ráðh. hefur mislesið þetta allt, allar þessar álitsgerðir, álíka eins og þessa frá Fiskifélagi Íslands. En ég vil nú ekki þreyta hæstv. forseta með því, þó að ég kynni gjarnan að vilja leggja þann kross á hæstv. ráðh.

„Telja verður, að þetta fyrirkomulag hafi sannað gildi sitt, enda er ekki kunnugt um annað en að framleiðendur yfirleitt hafi talið það henta sér bezt.“ Eftir þetta þarf vissulega enginn að *fara í neinar grafgötur um afstöðu Fiskifélags* Íslands. Hún er alveg skýlaus. Þeir telja þetta frv. með öllu óþarft, því að það fyrirkomulag hafi sannað gildi sitt, sem nú ríki í þessu máli.

Hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni hér í gær, að sjálfstæðismenn hefðu verið að hvetja framleiðendur til þess að fara í stríð við ríkisstjórnina, og mér skildist, að framleiðendur hefðu að einhverju leyti orðið við þessari hvatningu sjálfstæðismanna um að fara í stríð við ríkistjórnina. Ég held, að hæstv. ráðh. hafi þarna snúið staðreyndum alveg gersamlega við. Framleiðendur sjávarafurða hafa ekki hafið neitt stríð við hæstv. ríkisstj. og hæstv. ráðh. Hann gat þess raunar í upphafi ræðu sinnar í gær, að útvegsmenn hefðu verið mjög fúsir til samstarfs við hæstv. ríkisstj. um síðustu áramót, og ég skal ekkert hafa á móti því, að útvegsmenn hafi verið það. Það er yfirleitt eðlilegt, að hinar ýmsu atvinnustéttir þjóðfélagsins vilji hafa sem bezt samstarf við ríkjandi stjórn í landinu á hverjum tíma. Það er engin ástæða til þess fyrir stéttirnar að fara í stríð við ríkisstjórnirnar yfirleitt. Stjórnir sitja yfirleitt á grundvelli kosningaúrslita, lýðræðislegra kosningaúrslita, og atvinnustéttirnar verða að sætta sig við það.

Það, sem hins vegar hefur gerzt í þessu máli, er það, að hæstv. sjútvmrh. hefur farið í stríð við framleiðendur. Hann hefur flutt frv., sem hefur vakið tortryggni og ugg allra sjávarútvegsframleiðenda í öllum landshlutum og í öllum flokkum. Þess vegna liggja þessi mótmæli fyrir, sem ég las upp úr hér í gær og ég hef lítillega vitnað til í dag, vegna þess að hæstv. sjútvmrh. hefur hafið illdeilur við framleiðendur. Svo kemur hæstv. ráðh. og ætlar að fara að telja manni trú um það hér, að Sjálfstfl. hafi látið framleiðendur hefja illdeilur við stjórnina. Heldur hæstv. ráðh. því fram, að þessi mótmæli hefðu komið fram, ef hann hefði ekki flutt þetta frv.?

Sá veldur miklu, sem upphafinu veldur. Það er vegna þess, að þetta frv. er um að skerða áhrif framleiðenda — sjálfsögð og eðlileg áhrif framleiðenda — á skipulag afurðasölu þeirra, sem samtök þeirra hafa sent hæstv. ríkisstj. og Alþingi mótmæli. Það er því fljótsvarað þessari staðhæfingu hæstv. ráðh.

Það, sem hér er að gerast, í stuttu máli sagt, er það, að annar af ráðh. kommúnista í núverandi hæstv. ríkisstj. hefur tekið sér það fyrir hendur að skerða áhrif framleiðenda sjávarafurða á skipulag afurðasölumála þeirra, skipulag, sem þeir hafa sjálfir byggt upp og stundum með stuðningi og hvatningu frá ríkisvaldinu, skipulag, sem meira að segja kommúnistar hafa ekki s. l. 5 ár gert minnstu tilraun til þess að breyta hér á hv. Alþingi. Í staðinn fyrir það, að framleiðendur fái sjálfir að hafa úrslitaáhrif á skipulag afurðasölumála sinna, ætlar núverandi hæstv. sjútvmrh. að setja upp pólitískt bákn, sem á að verða alls ráðandi yfir útflytjendum sjávarafurða. Hann hefur í hótunum í grg. þessa frv., sem hér liggur fyrir, hótunum, sem eru svo greinilegar og ótvíræðar, að ekki verður um villzt. Það er þetta, sem hefur knúið fram harða andstöðu, ekki aðeins sjálfstæðismanna í útvegsmannahópi og sjómanna, heldur manna úr öllum flokkum, jafnvel flokki hæstv. ráðh., en þó fæstum að sjálfsögðu þaðan.

Ég álít, að hér sé um mjög varhugaverða braut að ræða, og ég endurtek það, að stefna okkar sjálfstæðismanna hefur á undanförnum árum verið sú og er sú enn í dag, að framleiðendur eigi að ráða sem mestu um skipulag afurðasölu sinna. Þeir hafa bezta aðstöðu til þess að vita, hvar skórinn kreppir að, þeir þekkja sjálfir bezt sína eigin hagsmuni, og þeir hafa þess vegna bezta aðstöðu til þess að halda skynsamlega á þessum málum, sem öll þjóðin á vissulega mikið undir komið að vel og skynsamlega sé á haldið.

Ég get svo að lokum ekki komizt hjá því að aðeins vekja athygli á því, hversu feiminn hæstv. sjútvmrh. virtist vera við það, þegar ég talaði um hann sem kommúnista: „Þeir menn, sem hv. þm. N-Ísf. (SB) kallar kommúnista.“ Og það var eins og hæstv. ráðh. fengi gæsahúð af hryllingi yfir því, að hann skyldi vera ávarpaður með slíkri nafngift.

Ég er alveg hissa á þessu. Ég er nú búinn, eins og ég sagði, að þekkja þennan hæstv. ráðh. frá því að við vorum unglingar. Og hann hefur aldrei skammazt sín fyrir það að vera kallaður kommúnisti. Nú roðnar hann eins og siðprúð heimasæta, þegar hann er bendlaður við kommúnista.

Jæja, þetta er kannske tákn um einhverjar innri hræringar, eitthvað stórkostlegt og merkilegt, sem er að gerast. Ég skal ekkert fullyrða um það. Menn geta leitt að því getum. En vegna þess að ég hef í sambandi við þetta mál deilt á hæstv. sjútvmrh. fyrst og fremst og einnig á hæstv. ríkisstj. fyrir handahófslegar aðfarir í sambandi við þetta mál, þá get ég ekki stillt mig um að láta í ljós gleði mína yfir því að hafa eignazt bandamann úr hinni ólíklegustu átt, þ. e. a. s. úr hópi sjálfs hæstv. sjútvmrh. Það er nú svo komið, að ekki aðeins það vonda blað Morgunblaðið fer litlum viðurkenningarorðum um núverandi hæstv. ríkisstj. og þennan hæstv. ráðh., heldur einnig blað stærsta stjórnarflokksins, „Þjóðviljinn“.

Í dag birtist grein, sem er mjög athyglisverð, einmitt um hæstv. ríkisstj., og af því að ég er ekki alveg vonlaus um, að þessi afstaða blaðsins til stjórnarinnar spretti af því, að því kunni nú að ofbjóða yfirborðsháttur inn í sambandi við flutning þessa frv., sem ég hef hér verið að gagnrýna og er til umr. hér í hv. þd., þá langar mig til þess að lesa upp niðurlag þessarar forustugreinar úr stærsta stuðningsblaði hæstv. ríkisstj. og sérstöku stuðningsblaði hæstv. sjútvmrh., sem þó fær gæsahúð, ef hann er nefndur kommúnisti.

Í blaðinu er komizt að orði á þessa leið, í niðurlagi forustugreinar, með leyfi hæstv. forseta:

„Sem stendur verður ekki séð, að ríkisstj. í heild eigi til þá stefnufestu, sem ein endist til árangurs. Einstakir ráðherrar virðast líta hvikulum sjónum í ólíklegustu áttir. Það er sannarlega tími til kominn, að stjórnin haldi á nýjan leik einarðlega í þá stefnu, sem mörkuð var í upphafi.“ (**Sjútvmrh.**: Þetta er nú fallega mælt.) Það er meira en fallega mælt. Þetta virðist vera mælt, aldrei þessu vant, af miklu raunsæi. Og ég vænti, að hæstv. ráðh. eftir þær umr., sem farið hafa fram um þetta mál hér í hv. þd., hugsi nú sitt ráð, geri að nýju tilraun til þess að vera sjálfum sér samkvæmur, þannig að hann verði ekki talinn í hópi þeirra „einstöku ráðherra, sem

virðast líta hvikulum sjónum í ólíklegustu áttir.“ Ég vænti, að hæstv. ráðh. verði við þessum tilmælum mínum, og ef hann verður það, þá mun hann sjá, að þetta frv. er óburður, sem bezt fer á að dagi uppi og ekki miðar að því, að betur verði gætt hagsmuna sjávarútvegsframleiðenda í landinu, heldur þvert á móti að hinu, að setja á stofn pólitískt bákn, sem engum verður til þurftar og að lokum mun verða mjög lélegur minnisvarði um sjávarútvegsmálaráðherratíð hæstv. ráðh., sem ég að öðru leyti engu spái um hversu löng kann að verða.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Hér hafa nú komið fram við þessa umr. ýmis þau atriði, sem rétt er að víkja að, þó að margt hafi vitanlega flotið inn í þessar umr., sem ekki tekur að vera að elta ólar við.

Hér ræddi fyrst á þessum fundi um frv. hv. þm. V-Sk. (JK). Hann vék hér sérstaklega að því atriði, að ég hefði farið hér með rangt mál, síðast þegar mál þetta var til umr., varðandi þær reglur, sem almennt hefðu verið í gildi í Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda varðandi tilkynningarskyldu einstakra aðila í þeim samtökum fyrir 1. marz hvert ár um það, hvort þeir ætluðu að *fela samtökunum umboð til þess að selja sína* framleiðslu eða hvort þeir ætluðu að ganga úr samtökunum. Og í sambandi við þetta sagði hann hér frá því, að hann hefði kynnt sér, að Samband íslenzkra samvinnufélga hefði nú um nokkurra ára skeið sagt sig allt af úr samtökunum, en þó þannig, að ef þeir hefðu ekki tilkynnt aftur fyrir 1. marz, þá mætti líta svo á, að þeir ætluðu að vera áfram. Þetta atriði kemur fyllilega heim og saman við það, sem ég sagði einmitt í þessum umr. Ég minntist þá á það, að nú um nokkurt skeið hefði verið uppi verulegur ágreiningur í þessum samtökum, m. a. um það, hvort Samband ísl. samvinnufélaga vildi vera áfram aðili að þessum saltfisksölusamtökum. Og þegar, eins og ég skýrði frá, Sambandið eitt árið, *ég hygg að það hafi verið 1952*, tilkynnti, að það vildi vera laust úr samtökunum, þá tókst svo samkomulag innan samtakanna um það, að saltfisksölusamtökin, S. Í. F., veittu S. Í. S. fullnaðarumboð til sölu á saltfiski í nokkrum löndum, m. a. í Danmörku, eins og ég minntist hér á. Þetta hafði skapað Sambandi ísl. samvinnufélaga nokkra sérstöðu þarna meðal annarra saltfiskútflytjenda, þar sem það hafði náð býsna sérkennilegum samningi. Þrátt fyrir þá einkaútflutningsaðstöðu, sem S. Í. F. hefur, hafði það framselt þennan rétt til Sambandsins á tilteknum svæðum. En eftir stóð það, sem ég sagði um þetta atriði, að saltfisksölusamlagið hefur aldrei *gengið eftir því við einstaka meðlimi sína*, að þeir þyrftu að tilkynna um það, hvort þeir ætluðu að halda áfram veru sinni í samtökunum, fyrir 1. marz. Þetta er mér mjög vel kunnugt um, þar sem ég hef haft þarna hagsmuna að gæta um margra ára skeið, að stjórnendur þessara samtaka hafa aldrei snúið sér til einstakra félagsmanna og óskað eftir því, að þeir segðu til samkvæmt þessum ákvæðum laganna um veru sína í samtökunum fyrir 1. marz, enda reynir hv. þm. V-Sk. ekki að halda því fram, því að ég vænti, að hann hafi ekki fengið neinar upplýsingar um slíkt. Hann rifjar hér aðeins upp það, sem ég minntist á, að Samband ísl. samvinnufélaga hefur nú um nokkurn tíma verið með slíka óánægju bundið í þessum samtökum, að það hefur verið að endurnýja úrsögn sína úr samtökunum. Þetta atriði hv. þm. afsannar því ekkert af því, sem ég hafði sagt hér um þetta atriði. Það stendur enn óbreytt, að þó að einstakir saltfiskframleiðendur hafi ekki tilkynnt, að þeir ætluðu að hverfa úr þessum samtökum fyrir 1. marz, þá er *það engin sönnun fyrir því*, að þeir óski annars eftir að vera í samtökunum, ef saltfisksalan væri orðið frjálsari en hún hefur verið, vegna þess að þetta hefur mestmegnis verið dauður lagabókstafur í samtökunum og kannske í því einu tilfelli komið til greina, þar sem aðili beinlínis var óánægður og var að búa sig undir að ganga endanlega úr samtökunum.

Þá kom hv. þm. V-Sk. að því, að hann teldi, að frv. væri óþarft, þar sem sjútvmrh. hefði beinlínis samkvæmt gildandi lögum aðstöðu til þess að setja hvaða reglur sem hann vildi varðandi útflutning á sjávarafurðum. Ég hafði vikið að þessu atriði hér í framsögu minni um málið og vil enn á ný undirstrika það, að hér geta menn *vitanlega haft skiptar skoðanir*. Ef það er bundið í lögum, að einn ráðherra megi setja hvaða reglur sem honum sýnist viðvíkjandi framkvæmd einhverra tiltekinna mála, ef þannig er gengið frá þessu og slík ákvæði hafa jafnvel verið sett á stríðstímum, er þá þar með sagt, að ekki sé lengur ástæða til þess að setja neina löggjöf framar um slík málefni? Mundi t. d. sjálfstæðismönnum finnast það viðeigandi, ef ég notaði mitt vald í sambandi við þessi mál þannig, að ég löggilti einn aðila, einhvern aðila — ja, við skulum segja Samband ísl. samvinnufélaga — sem einkaútflytjanda að öllum sjávarafurðum Íslendinga? Ég hef til þess heimild samkvæmt þessu víðtæka valdi, sem ráðh. er þarna veitt. Mín skoðun er sú, að *þetta ákvæði sé í eðli sínu mjög óeðlilegt*, að láta ráðherra hafa þetta ótakmarkaða vald, miklu eðlilegra sé, að Alþingi setji í löggjöf fram þau meginatriði um framkvæmd málanna, sem Alþingi telur eðlilegt að farið sé eftir. Og það er vegna þess, að ég hef þessa skoðun, sem ég hef lagt til, að þetta frv. yrði gert að lögum, þar sem því yrði slegið föstu, hvert skal vera skipulagið í afurðasölumálunum í aðalatriðum, en frv. er ekki flutt til þess að óska eftir víðtækari heimild en nú þegar er fyrir hendi.

Ég hafði lýst því hér, að ég teldi eðlilegt, að hinar einstöku greinar sjávarútvegsins byggju við sama söluskipulag, þannig að þau framleiðendasamtök, sem selja frosinn fisk, hefðu sömu aðstöðu við sölu á sinni framleiðslu og t. d. þau samtök hafa, sem selja saltfisk. Þetta er ekki nú í dag. Nú er á þessu verulegur mismunur. Annar aðilinn hefur sérréttindi, hefur einkaaðstöðu, hinn hefur það ekki. Það er einmitt eitt meginákvæði, sem felst í þessu frv., að nú er gert ráð fyrir því að taka upp samræmt skipulag í þessum efnum, sömu framkvæmdina í öllum greinum, en ekki að láta einn aðila hafa nein sérréttindi.

Ég kem þá að ræðu hv. þm. N-Ísf., en hún var nú nokkuð sérstaks eðlis. Það, sem hann vék hér

fyrst að, var það, að alveg væri furðulegt, að ég hefði haldið hér fram beinlínis röngum fullyrðingum í sambandi við útflutning á fiski á s. l. ári og reynt á þann hátt, með því að segja þar ranglega til um, að halda fram þeirri skoðun eða rökstyðja þá fullyrðingu mína, að fundur sá, sem saltfiskframleiðendur héldu hér fyrir skemmstu í bænum, hafi raunverulega verið fremur fáskipaður en hitt, eða þar hafi vantað mjög verulega marga aðila af hinum eiginlegu saltfiskútflytjendum. Ég lét hér orð falla um það, að útflutningurinn á s. l. ári af saltfiski hefði verið um það bil 50 þús. tonn, en samkv. því, sem fram hefði komið í fréttum frá þessum fundi, hefðu þar komið fram atkvæði fyrir um það bil 25 þús. tonn af saltfiski og hefðu þeir aðilar mælt gegn samþykkt þessa frv. og því skorti hér allverulega á, að öll atkv. kæmu fram.

Nú þóttist hv. þm. N-Ísf. sanna það, að útflutningurinn hefði ekki verið þessi, sem ég hafði hér látið orð um falla, heldur miklum mun minni. Hvað er nú rétt í þessu? Það er eflaust ekki gott fyrir menn að trúa neinu um það, þegar hann fullyrðir ákveðna tölu og ég enn aðra. En ég hef hér fyrir framan mig nýjasta heftið af tímariti Fiskifélagsins, Ægi, sem gefur upp nákvæmar tölur um útflutninginn á saltfiski á s. l. ári. Ég þykist að vísu alveg sjá það strax, í hverju þessi mismunur liggur hjá mér og hv. þm. N-Ísf., og ég flokka hann einfaldlega undir það, að ég þekki miklu betur til þessara mála en hann og hann skilji ekki þessar tölur. Það er rétt, að út var flutt á s. l. ári rúmlega 33 þús. tonn og 28 kg betur af óverkuðum saltfiski, en það er líka til annað, sem heitir verkaður saltfiskur, og hann mælist í talsvert öðrum þunga en óverkaður saltfiskur. Sé þetta umreiknað á eðlilegan hátt og eftir þeim tölum, sem um það gilda, þá sýnir það sig, að þar hafa verið flutt út 8260 tonn af fullverkuðum fiski og aðallega Brazilíu-verkuðum fiski, — þá kemur líka í ljós, sé þetta reiknað út eftir þeim tölum, sem Fiskifélagið gefur upp, að hér er um útflutning að ræða, sem er mjög nærri því að vera 49 þús. tonn. Og þá ætla ég, að ég hafi ekki mikið sagt rangt, þegar ég sagði, að útflutningurinn mundi hafa verið mjög nærri því að vera um 50 þús. tonn, eða um það bil 50 þús. tonn, eins og ég orðaði það. En auk þessa er svo enn annar saltfiskútflutningur, sem venjulega hefur verið talinn með í saltfiski, a. m. k. hafa þessi saltfisksölusamtök mjög gengið fast eftir að telja undir sín yfirráð, en það er útflutningur á söltuðum þunnildum, sem nema 2421 tonni, þar að auki.

Þegar ég nefndi mína tölu, hafði ég sem sagt athugað þessa skýrslu, og ég er alveg fullviss um það, að hún er rétt. En þær tölur, sem hann er með, eru rangar. Hann hefur í bezta falli hlaupið í þá töluna, sem tilgreindi aðeins upphæðina á útflutningi óverkaðs saltfisks.

Það stendur því hér alveg í fullu gildi, að einnig á þessum skyndifundi, sem hér var boðað til af Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, skorti stórkostlega á það, að þar væru samankomnir allir saltfiskútflytjendur. Og það gefur alveg auga leið, að þar vantaði fyrst og fremst allan þann mikla fjölda af saltfiskframleiðendum, sem heima eiga úti á landi og höfðu enga aðstöðu til þess að sækja þennan fund um þetta leyti.

Þá gerði hv. þm. N-Ísf. allmikið úr því, að ég hafði hér minnzt á það, að Sölusamband ísl. fiskframleiðenda hefði þegar fengið nokkra sérstöðu í uppbyggingu sinni og skipulagningu sem framleiðendafélag frá því, sem önnur framleiðendafélög hafa hér meðal sjávarútvegsmanna, sem kæmi meðal annars fram í því, að ýmsir af helztu forustumönnum þessara sölusamtaka eru löngu hættir að vera framleiðendur, og ég minntist þar á það, að formaður S. Í. F., Richard Thors, og það fyrirtæki, sem hann var þarna fulltrúi fyrir, hefur ekki verið eigandi að saltfiski hér um 15 ára skeið a. m. k. Þetta er alveg rétt, þessu verður ekki neitað, enda reyndi hv. þm. N-Ísf. ekki að neita því. Ég hef einnig minnzt á það, að í forustu þessara samtaka væri m. a. bankastjóri, — það væri væntanlega ekki heldur hægt að neita því, en vegna þess að einn af bankastjórum Landsbankans, sem nú er látinn fyrir mörgum árum, hafi verið áhugamaður um sölu saltfisks og hafi komizt inn í þessi samtök á sínum tíma, þá á það að vera hneykslunarhella, að á það sé minnzt, að nú sé í staðinn fyrir venjulegan fiskframleiðenda bankastjóri í stjórn þessara samtaka. Það, sem ég sagði í þessum efnum, var fullkomlega rétt. Þarna hafa þeir menn verið í forustu nú um nokkurra ára skeið, sem ekki hafa haft hagsmuni sem beinir framleiðendur. Það er rétt, og það er öfugt við það, sem er í hinum öðrum samtökum fiskframleiðenda hér á landi. En það hefur líka margt verið með S. Í. F. verulega á annan veg en um önnur samtök framleiðenda, og það hefur t. d. alltaf krafizt þess að fá að njóta ýmiss konar sérréttinda um söluaðstöðu, sem önnur venjuleg framleiðendasamtök hafa ekki fengið.

Hv. þm. N-Ísf. þyrsti sig hér talsvert, þegar hann minntist á þau orð mín úr síðustu umr., að mér hefði fundizt að lítið hefði komið til skilnings og stuðnings Sjálfstfl. við vandamál sjávarútvegsins, þegar þau lágu hér til úrlausnar dagana fyrir síðustu jól. Og hann spurði af miklum þjósti: Hvaða lausn var þetta á vandamálum sjávarútvegsins, hvaða lausn var þetta eiginlega? Voru það skattarnir, sem hérna voru lagðir á? segir hann. Ja, það er von, að sá þm., sem svona spyr og svona talar, telji sig vera sjálfkjörinn til þess að tala hér um málefni sjávarútvegsins á Alþingi, tala hér um frv., sem hér liggur fyrir. Hann veit ekki til þess, að hér hafi legið fyrir á Alþingi neitt af vandamálum sjávarútvegsins til úrlausnar nú fyrir síðustu áramót. Hann vissi af því, að það var verið að leggja hér á einhverja skatta, en hann vissi ekki um það, að hér var verið að staðfesta samkomulag, samning, sem gerður var við allar helztu greinar sjávarútvegsins, öll hans helztu félagasamtök, og þessi félagasamtök lýstu yfir, að það væri sjávarútveginum hagstæðari samningur en þau hefðu nokkurn tíma átt kost á á undanförnum árum. En hv. þm. N-Ísf. þekkir þetta ekki, hann veit ekkert um þetta. En það mætti kannske spyrja þennan hv. þm. um það, hverjar voru till. hans til þess að leysa vandamál sjávarútvegsins nú um síðustu áramót og hverjar voru till. Sjálfstfl. Hvað vildi Sjálfstfl. gera fyrir útvegsmenn til þess að greiða

fram úr þeirra vandamálum nú um síðustu áramót? Hvað vildi Sjálfstfl. gera? Hann vildi, vænti ég, ekki leggja á skatta. En hvernig ætlaði hann að leysa vandann? Vill nú ekki hv. þm. N-Ísf., næst þegar hann kemur hérna upp, skýra frá því, hvað Sjálfstfl. og hann sérstaklega vildu gera til þess að leysa vandamál sjávarútvegsins, þannig að sjávarútvegurinn gæti haldið áfram sínum eðlilega rekstri? Vill hann ekki skýra frá því? Hann minntist hér á það, sem helzt hefði þá mátt líklega taka sem skýringu á því, hvað hann og hans flokkur hefðu viljað í þessum efnum, að árið 1950 hefði verið samþ. gengislækkun, sem hefði verið mjög til stuðnings sjávarútveginum og ég og aðrir þeir, sem voru hér á Alþingi og þá í stjórnarandstöðu, þegar það var samþ., hefðum þá beitt okkur gegn, og þó hefði ég sem fulltrúi sjávarútvegsmanna átt að vita það, að hér var sérstaklega verið að leysa vandamál sjávarútvegsins. Ef til vill má skilja þessi orð hv. þm. N-Ísf. á þá leið, að enn hafi það verið hugmynd Sjálfstfl., að það ætti að lækka gengi íslenzkrar krónu og leysa þannig vanda útvegsins. En það væri mjög þakkarvert, ef hann vildi lýsa því yfir, að það hafi verið stefna Sjálfstfl., það hafi verið það, sem þurfti að gera sjávarútveginum til aðstoðar.

En svo að maður minnist á gengislækkunina frá 1950 og afstöðuna til hennar, þá hefur mín afstaða til gengislækkunarinnar þá og til annarra till., sem hér hafa komið fram á undanförnum árum varðandi málefni sjávarútvegsins, verið mjög skýr í þeim efnum. Ég sagði, þegar till. lágu hér fyrir um gengislækkunina, að það væri alveg augljóst, eins og reyndar flestir sjávarútvegsmenn sögðu þá líka, að eins og sú gengisbreyting var framkvæmd, hlyti hún að koma þannig út, að hún hlyti aðeins að gera erfiðan rekstur sjávarútvegsins verri. Og hvernig fór? Hvernig fór með þessa framkvæmd? Ég skal nefna eitt dæmi, sem lýsir þessu nægilega skýrlega, án þess að það sé verið að fara út í flóknari hliðar þess máls. Fiskverðið, sem bátarnir í landinu bjuggu þá við, áður en gengisbreytingin kom, var 75 aura verð fyrir hvert kg af fiski upp úr sjó. Það var það fiskverð, sem bátaflotinn okkar bjó við. Hvað breyttist fiskverðið mikið við gengislækkunina 1950? Hvað var fiskverðið á árinu 1950? Veit hv. þm. N-Ísf. það? Fiskverðið hækkaði ekki um einn einasta eyri. En hvað gerðist við gengislækkunina? Vitanlega hækkaði allt það, sem útgerðin þurfti til sinna nota, stórkostlega í verði. Olían stórhækkaði, veiðarfæri stórhækkuðu, og allt, sem þurfti til viðhalds skipa, útgerðarrekstrarins, það stórhækkaði í verði. Útkoman varð auðvitað sú, að eftir fyrsta gengislækkunarárið komu útvegsmenn og sögðu við stjórnarvöldin: Nú hefur allt alveg endastungizt, nú er allt orðið hálfu verra en það var áður. Nú fyrst höfum við stórkostlega tapað, og nú verðum við að fá nýjar stórfelldar uppbætur. — Þá varð að grípa til nýrra ráða, og þá var bátagjaldeyriskerfið sett á, sem þýddi þá strax um 100 millj. í tekjuyfirfærslum til útgerðarinnar eftir þeirri leið.

Það er svo sem von, að hv. þm. N-Ísf. og aðrir, sem að þessari löggjöf stóðu, hælist nú um á eftir yfir því, hvað þeir hafi verið að gera útveginum mikinn greiða með þessari lagasetningu. Það var öllum vitað, að þessi lagasetning, eins og hún kom fram, var þannig úr garði gerð, að hún hlaut að verða ýmsum aðilum í landinu til stuðnings, en hún gat ekki orðið sjávarútveginum til stuðnings, eins og málin þá orðið lágu.

Þegar hér hafa legið fyrir á Alþingi till. frá ríkisstj. á undanförnum árum til þess að mæta vandræðum sjávarútvegsins og greiða úr þeim vandamálum, hefur mín afstaða alltaf verið sú, að ég hef ekki dregið í efa, að sjávarútvegurinn hafi þurft a. m. k. á því að halda, sem þar hefur verið gert ráð fyrir að styðja hann með. Hins vegar hefur verið uppi ágreiningur um það, og hann var eins til á þessu ári, hvernig ætti að afla fjár til stuðnings sjávarútveginum. Þegar t. d. fyrir rúmu ári þáverandi ríkisstj. ákvað að leggja á rúmlega 200 millj. kr. í nýjum tollum og sköttum, þá var ég algerlega andvígur því, hvernig þeirra tekna var aflað. Ég taldi, að það ætti að afla þeirra tekna á allt annan veg, og ég flutti um það brtt. hér á Alþingi, sem auðvitað þm. N-Ísf. og aðrir fleiri felldu. Þeir vildu afla teknanna á enn annan veg. Þeir vildu t. d. fara þá leið, sem þá var farin, að hækka innflutningstolla á yfirleitt öllum vörum, þörfum og óþörfum, að jöfnum hluta. Sú leið var valin fyrir rúmu ári. Vitanlega hlaut hún að þýða það, að allar vörur í landinu hækkuðu óðfluga, og af því leiddi síðan, að vísitalan hækkaði, kaupgjald hækkaði, og afleiðingar af því skullu svo aftur á framleiðslunni rétt strax á eftir.

En að þessu sinni voru farnar talsvert mikið aðrar leiðir í þessum efnum. Nú þurfti að vísu að afla allmikilla tekna til stuðnings sjávarútveginum, og það var ekki nema eðlilegt, að það yrði enn þá ágreiningur um það, hvernig teknanna ætti að afla. Við því var í rauninni ekkert að segja. Það var ekkert við því að segja, þó að t. d. fulltrúar Sjálfstfl. væru á móti því, að þessara tekna yrði aflað til stuðnings sjávarútveginum m. a. með því að lækka álagningu heildsala og láta þá á þann hátt bera verulegan hluta af þessari skattlagningu. Við því var í rauninni ekkert að segja, það var vitanlega frjálst af sjálfstæðismönnum að hafa þá afstöðu. Þeir hafa hins vegar falið sig mjög á bak við það að viðurkenna, að þetta hafi verið þeirra afstaða. Ég taldi hins vegar fyrir mitt leyti, að þessi leið, að koma verulegum hluta af þessum álögum yfir á verzlunarstéttina, væri eðlileg. Það var líka mín skoðun, að það færi vel á því, að bankar landsins, sem höfðu grætt mjög verulega á undanförnum árum, m. a. á skiptum sínum við útveginn, yrðu látnir leggja fram nokkra fjárhæð í sambandi við aukna tekjuþörf sjávarútvegsins. Það var alveg vitað mál, að Sjálfstfl. var á móti því að leggja þetta á bankana. Við vorum hins vegar ýmsir á annarri skoðun, og ég er reyndar á þeirri skoðun, að það hefði mátt leggja mun meira á bankana en gert var. Ég var líka alveg sannfærður um, að það var réttmætt að reyna að koma verðlagsmálunum þannig fyrir, að t. d. olíufélögin í landinu og ýmsir aðrir tækju á sig miklu stærri hlut en þau hafa verið látin taka á sig á undanförnum árum í sambandi við þessa tekjumillifærslu. Það hefur verið gert nú, en

það hefur svo sem ekki hlotið neitt lof Sjálfstfl., nema síður sé.

Það er rétt að viðurkenna það, eins og það er, að þegar menn standa frammi fyrir þeim vanda, að það þarf að auka tekjur sjávarútvegsins, ef hann á að geta starfað með eðlilegum hætti, þá er ekkert óeðlilegt, að það séu uppi skiptar skoðanir um, hvar eigi að taka þetta viðbótarfé, sem sjávarútvegurinn þarf. Og um það hafa deilurnar staðið á undanförnum árum, hvar ætti að taka þetta fé, og um það standa þær raunverulega í dag. Ég býst við því, að ágreiningur minn við hv. þm. N-Ísf. og fleiri sjálfstæðismenn sé ekki um það í sjálfu sér, að sjávarútvegurinn hafi ekki þurft á því aukna fé að halda, sem honum var ætlað nú, með þeim ráðstöfunum, sem samþykktar voru hér fyrir áramótin. En ágreiningurinn er um hitt, hver átti að leggja fram féð, hvernig átti að afla þess. Sjálfstfl. þorði ekki að birta neina till. um það, hvernig átti að útvega það fé, sem hann taldi þó að sjávarútvegurinn þyrfti að fá, og hann hefur ekki enn þá fengizt til þess að segja, hvernig átti að afla þessa fjár.

En ef til vill vill nú hv. þm. N-Ísf., fyrst hann hefur nú farið að ræða um þessi mál, skýra frá því hér í þessum umr., hver hans leið var og hvernig hann vildi standa að þeim málum.

Það er svo vitanlega mikill misskilningur og vægilega til orða tekið að halda því fram, að ríkisstj. hafi í þessum ráðstöfunum sínum til stuðnings sjávarútveginum komið hér fram á Alþ. með nákvæmlega ekki neitt. Hið rétta er það, að hún kom fram með till., sem þýddu stórauknar tekjur fyrir hinar ýmsu greinar sjávarútvegsins. Það hafði verið metið svo, að miðað við meðalafla togara mundu tekjur togarans aukast á ári um í kringum 1 millj. kr. við þessar ráðstafanir, og það hefði mátt búast við því, ef eðlilegt fiskirí hefði verið á togurum, að þá hefði togarareksturinn átt að geta borið sig eftir þessar auknu bætur, sem þarna voru samþykktar, að öllu eðlilegu. Svipað var þetta með bátaflotann, að þar voru lögfestar bætur, sem voru allverulega miklar.

Þetta atriði, að staglast svo sí og æ á því, að ríkisstj. hafi verið að leggja á þjóðina svona og svona miklar álögur, — vitanlega þýðir ekki að neita því, að ef á að færa sjávarútveginum viðbótartekjur, sem nema 160—180 millj. kr. á ári, þá verður að taka þessar tekjur einhvers staðar. Það er ekki verið að leggja þær neitt sérstaklega á þjóðina. Þarna er um greinilega millifærslu að ræða. Það er verið að færa þetta yfir til sjávarútvegsins og einhverjir verða að borga. Sjónarmið Sjálfstfl. hefur alltaf verið það: Almenningur í landinu verður að borga, verkamenn, sjómenn og aðrir slíkir, þeir hafa pressað út of hátt kaup, þeir verða að skila þessu aftur. — Þetta hefur verið sjónarmið Sjálfstæðisfl. Þeir hafa viljað ná þessu aftur, ef ekki með beinni kauplækkun, þá a. m. k. með því að hækka almennt vöruverð í landinu og ná þessu þannig aftur.

Við margir höfum verið á móti þessari skoðun og talið, að þessara tekna ætti að afla með talsvert öðrum hætti, m. a. þeim hætti, sem nú var farið eftir og Sjálfstfl. ætlar alveg að ærast út af.

Svo segir hv. þm. N-Ísf., að meira að segja Alþýðusamband Íslands hafi mótmælt alveg þessum álögum, það hafi verið búið að lýsa því yfir, að það samþykkti engar nýjar álögur. Hv. þm. hefði nú mátt muna, að það var einmitt Alþýðusamband Íslands og mjög fjölmenn ráðstefna á vegum verkalýðssamtakanna í landinu, sem beinlínis samdi við ríkisstj. um, að svona skyldi málið leyst, fór yfir allar till. frá grein til greinar og samþykkti alveg þær aðgerðir, sem þarna voru síðan samþykktar.

Þá endurtók hv. þm. N-Ísf. það, að ríkisstj. hefði hafið stríð með flutningi þessa frv. á hendur framleiðendum í landinu og að ríkisstj. stæði nú í stríði við framleiðendur með því að hugsa sér að breyta nokkuð um skipulagshætti í afurðasölumálunum. Þetta er mesti misskilningur. Ríkisstj. hefur ekki átt í stríði við nokkurn framleiðanda. En hinu skal ekki neitað, að hér hefur verið uppi nokkur styrjöld, svona eins og gengur í málþófi og skrifum á milli flokka, en stríðið hefur verið milli mín annars vegar og hverra? Morgunblaðsins hins vegar, Vísis og nokkurra helztu foringja Sjálfstfl. hér á Alþ. Þetta eru aðilarnir, sem stríðið hefur staðið við. Það hefur ekkert stríð verið við framleiðendur, það er mesti misskilningur. Mér er ekki kunnugt um, að nokkur framleiðandi hafi nokkurs staðar komið hér fram með skrif um þessi mál eða flutt neinar ræður, og ekki hafa þeir komið á minn fund á nokkurn hátt til þess að mótmæla því, sem hér er gert, enda eins og ég hef sagt hér áður í umr. um málið, að þegar samningar voru gerðir um áramótin við samtök útvegsmanna um rekstrargrundvöll þeirra á þessu ári, þá kynntu þeir sér það frv. um breytingu á afurðasölulögunum, sem hér liggur fyrir, þeir lásu það yfir frá orði til orðs, og eftir að hafa kynnt sér það, neituðu þeir foringjum Sjálfstfl. um að setja fram skilyrði fyrir samkomulagi um áramótin um það, að þetta frv. yrði ekki lagt fram.

Þetta liggur allt saman fyrir. Það stendur því alveg fyllilega, sem ég hef sagt, að foringjar Sjálfstfl. hafa verið óþreytandi í því frá því í haust og þangað til nú, þeir hafa barizt um á hæl og hnakka að reyna að fá framleiðendur út í stríð við ríkisstj., neita eðlilegu samkomulagi við ríkisstj. um lausn á vandamálum sjávarútvegsins nú um áramótin, ef það ætti að láta saltfisksölufyrirtæki það, sem sjálfstæðismenn hafa mjög hreiðrað um sig í, búa við sömu reglur varðandi afurðasöluna og önnur framleiðendasamtök hafa þurft að búa við. En þessar tilraunir sjálfstæðismanna hafa sem sagt ekki borið neinn árangur, og ég er ekki með neinn kvíða út af því, að það hefjist út af þessum málum neitt stríð á milli mín og samtaka framleiðenda, nema ég veit það, að Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, sem selt hefur saltfiskinn, eða forustuliðið þar er óánægt, það vill halda í sín sérréttindi, og ég skil það mætavel. En ég held bara, að þeir verði að sætta sig við það að lúta sömu reglum og aðrir.

Það er því alger blekking að halda því fram, að með þessu frv. sé verið að gera tilraun til þess að brjóta niður það söluskipulag, sem framleiðendur hafa byggt upp hjá sér sjálfir. Hér er

ekki á neinn hátt verið að brjóta niður það skipulag, sem framleiðendur hafa byggt upp hjá sér sjálfir með eðlilegum hætti. Hér er einmitt verið að gera ráð fyrir því, að framleiðendasamtök geti tekið eðlilegan þátt í sölu afurðanna, en þau verða að sætta sig við það að lúta opinberu eftirliti, öll eins og öll sömu reglum.

Ég hafði farið hér nokkrum orðum áður um þau mótmæli, sem borizt hafa frá nokkrum samtökum gegn þessu frv., og hirði nú ekki að fara út í það frekar. En hér hafði hv. þm. N-Ísf. farið að endurtaka það, að Fiskifélagið hefði raunverulega mótmælt frv. í umsögn sinni. Þetta er vitanlega algerlega rangt, það gerir Fiskifélagið ekki, það hefur ekki mótmælt þessu. Það getur hver sá séð, sem les umsögn þeirra. En lokaorðin í umsögn Fiskifélagsins eru á þessa leið, svo að þau séu öll lesin og undandráttarlaust: „Svo sem segir í athugasemdunum, er meginhluti útflutnings fiskafurðanna í höndum samtaka framleiðenda sjálfra", — það stendur beinlínis í athugasemdum frv., þeir eru að vitna í það, — „eða aðila, sem studdir eru af þeim, og hefur svo verið um langa hríð. Telja verður, að þetta fyrirkomulag hafi sannað gildi sitt, enda er ekki kunnugt um annað en framleiðendur yfirleitt hafi talið það henta sér bezt." En hvergi nokkurs staðar er að finna í umsögninni bein mótmæli gegn frv.

Ég hef bent á það hér áður, og hv. þm. N-Ísf. hefur hins vegar ekki vikið að því einu einasta orði, að þegar þessir sömu framleiðendur áttu að byggja sér upp nýtt söluskipulag nú fyrir skemmstu í sambandi við skreiðina, í sambandi við sölu á skreið, þá óskuðu þeir alls ekki eftir því að byggja það upp á sama hátt og Sölusamband ísl. fiskframleiðenda hefur verið varðandi saltfiskútflutninginn. Þeir óskuðu ekki eftir því, að samlag skreiðarframleiðenda yrði gert að einkaútflytjanda. Og formaður Sjálfstfl., Ólafur Thors, sem einna mest hefur barizt gegn þessu frv., játaði í umr. í Nd., að hann hefði boðið framleiðendum upp á það að fá einkaréttaraðstöðu fyrir skreiðarsamlagið til útflutnings á allri skreið, en hann sagði, að framleiðendur hefðu ekki viljað það; og þá gat hann ekki, eins og hann orðaði það, farið að þvinga slíkt skipulag upp á framleiðendur. Framleiðendur höfðu sem sagt kynnzt því af reynslunni, að það var mjög eðlilegt, að það gæti komið til fleiri en einn útflytjandi að sömu vörum, og það væri heilbrigt að hafa þar nokkurt aðhald með takmarkaðri samkeppni, slíkt væri aðeins heilbrigt, og það er einmitt það skipulag, sem hér er lagt til að taka upp með þessu frv. Það er einmitt það, sem framleiðendur sjálfir hafa kosið sér varðandi útflutning á skreið.

Hvernig stendur nú á þessu? Vill ekki hv. þm. N-Ísf. skýra þetta fyrirbæri? Hvernig stóð á því, að skreiðarframleiðendur töldu ekki alveg nauðsynlegt að fenginni reynslu frá saltfisksölunni að óska eftir einkaréttaraðstöðu varðandi útflutning og sölu á skreið? Hvernig stóð á því?

Að því hefur ekki verið vikið hér nánar í umr., en ég hef á það minnzt, að það verður að teljast mjög óeðlilegt, að aðeins einn maður fari með það mikla vald að veita útflutningsleyfi, eins og nú er gert, og ráða um sölu á hinum einstöku útflutningsvörum sjávarútvegsins fyrir útflutning, sem nemur mörg hundruð millj. kr. En núna eru allar þessar leyfisveitingar í höndum eins manns varðandi útflutning á öllu mjöli, öllum frosnum fiski og allri skreið. Ég hygg, að það séu flestir á þeirri skoðun, að það sé miklu eðlilegra að skipa þessu á fastari hátt, ákveða þarna fasta þriggja manna nefnd, sem stjórni þessum málum, gefi út þessi útflutningsleyfi og setji þau skilyrði, sem n. telur eðlilegt að setja varðandi hverja einstaka sölu um sig.

Hvernig stendur á því, að hv. þm. N-Ísf. minnist ekki á þetta atriði, en þetta er þó eitt af meginatriðum frv.?

Ég skal svo að lokum aðeins draga saman það, sem ég tel vera höfuðatriði varðandi efni frv., eins og það liggur hér fyrir.

Sú skipulagsbreyting, sem hér er gert ráð fyrir að taka upp, er í því fólgin í fyrsta lagi að skipa sérstaka þriggja manna nefnd, sem hafi yfirstjórn útflutningsmálanna með höndum, sem verður bæði ríkisstj. til ráðuneytis varðandi afurðasöluna sem heild, veiti öll útflutningsleyfi og kynni sér, eftir því sem aðstæður leyfa, horfur og útlit í markaðslöndunum. Á þessu er núna ekkert fast skipulag, það hefur verið settur einn maður til þess að stjórna þeim þættinum, sem lýtur að því að gefa út útflutningsleyfi, en engin föst stjórn er á þessum þætti þessara mála.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að allar greinar sjávarútvegsins skuli búa við sams konar reglur varðandi útflutning og sölu á sínum afurðum, að engin grein búi við sérréttindi, að t. d. félag saltfiskframleiðenda hafi ekki einkaréttaraðstöðu, á sama tíma sem félag skreiðarframleiðenda eða félagssamtök annarra fiskframleiðenda hafa ekki slík réttindi, að samræma reglurnar, láta eitt gilda yfir alla.

Í þriðja lagi, sem einnig er mjög mikilvægt atriði, séu allar þessar greinar háðar því meginskilyrði að verða að lúta opinberu eftirliti um framkvæmd afurðasölumálanna, að þessi opinbera n. geti krafizt þess af þeim samtökum, sem fara með afurðasölumálin, að þau leggi sína reikninga á borðið, sé þess óskað, gefi upplýsingar um það, hvernig afurðasölumálunum hefur verið háttað í framkvæmd. Þetta eftirlit er vissum samtökum mjög illa við. Þau vilja fá fyrir fram til eins árs í senn einkaleyfisaðstöðu og vera án alls eftirlits, þó að síðan haldi áfram þrotlausar deilur í blöðum og flokka á milli um það, hvernig hefur verið haldið á framkvæmd málanna. Ég held, að þetta opinbera eftirlit sé eðlilegt og það sé réttmætt að taka það upp, og það ætti að tryggja betur framkvæmd þessara mála en verið hefur og tryggja almenningshag.

Ég vil svo að lokum geta þess, að það skipulag, sem hér er lagt til að taka upp, er tekið alveg nákvæmlega upp eftir þeim reglum, sem gilda í Noregi um sölu sjávarafurða þar. Þetta er norska kerfið tekið upp hér, það er ákveðið að fara inn á það í öllum meginatriðum. Var stuðzt við samningu þessa frv. við norska löggjöf og tekin þar upp öll meginatriði, nema í norsku l. eru þó öll ákvæði enn harðari og sterkari varðandi hið opinbera eftirlit með framkvæmd laganna.

Þetta er nú það efni, sem frv. raunverulega

snýst um. Það er ekki verið að fara fram á það að gefa ráðh. í hendur neitt aukið vald við það, sem hann hefur nú. Ráðh. gæti sett upp þetta skipulag án þess að sýna þetta frv. En ég taldi, að það væri miklu eðlilegra að láta Alþ. segja til um það, hvort það er samþykkt því að breyta skipulagi þessara mála frá því, sem verið hefur, á þá lund, sem ég hef nú hér gert grein fyrir, en notfæra mér ekki það ótakmarkaða vald, sem er þó til í l., frá því að lög voru um þetta sett í skyndi á stríðsárunum.

Hver sem athugar þessi atriði út af fyrir sig, sér svo, að það er vitanlega algerlegur útúrsnúningur að reyna að halda því fram, að hér sé á ferðinni löggjöf, sem miði að því að brjóta niður samtök framleiðenda. Þvert á móti gera lögin á allan hátt ráð fyrir því og um það hafa verið gefnar hér margar og endurteknar yfirlýsingar á Alþ., að tilætlunin er sú, að samtök framleiðenda, sem vilja vinna að sölu afurðanna, geti starfað áfram með eðlilegum hætti. Og ef framleiðendur í einni grein eru svo samtaka um sín félagssamtök, að þeir vilji þar allir vera, og vilja allir fela þeim samtökum að selja sínar framleiðsluvörur, þá kemur það af sjálfu sér, að það verða þessi framleiðendasamtök, sem ein fá útflutningsleyfi, en lúta hins vegar opinberu eftirliti.

Ég læt svo mínu máli lokið um þetta. Hitt getur svo vitanlega haldið áfram lengi, að þreyta kapp við þá Morgunblaðsmenn um ýmis almenn atriði stjórnmálalegs eðlis, þau sem þeir vilja nú vefja inn í þetta mál í allri baráttu sinni fyrir því að reyna að halda áfram þeim sérstöku fríðindum, sem þeir hafa á vissan hátt náð undir sig í vissum samtökum í sambandi við afurðasöluna.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. úr þessu. Ég veit, að hv. dm. hafa veitt því eftirtekt, að hæstv. ráðh. viðurkennir enn það, sem hann sagði í upphafi, þegar hann lagði þetta mál fram, að hann teldi sig hafa í gildandi lögum óskorað vald til að setja sérhverjar þær reglur, sem þyrfti varðandi útflutning sjávarafurða. En ráðh. bætti því við nú, að hann kvaðst ekki vilja einn hafa svona mikið vald. Þetta voru hans orð. Hann vildi sem sé dreifa valdinu. Þetta væri nú gott og blessað út af fyrir sig, ef ráðh. sýndi í verki, að þetta væri hans meining.

Í frv. sjálfu kemur ekkert fram, sem bendir til þessa, annað en það, að mennirnir, sem eiga að vera ráðh. til aðstoðar, verða þrír í staðinn fyrir einn nú. En ráðherra getur samkv. gildandi lögum haft þá þrjá án breytinga samkv. þessum lögum. Hann getur það auðveldlega. Ef ráðh. vildi létta af sér einhverju valdi í sambandi við þetta mál, þá er nær að spyrja: Hví í ósköpunum lagðist hann gegn brtt. á þskj. 333, sem fram kom í hv. Nd., þar sem lagt var til, að Sþ. kysi hlutbundinni kosningu menn í þessa n., sem eigi að hafa þetta mikla vald, í stað þess í frv., að ráðh. vill einn skipa þá? Hvers vegna gerir hann ekki þetta, ef hann vill létta af sér einhverju af þessu valdi?

Ég saknaði þess í hinni löngu ræðu hæstv. ráðh., að hann ræddi ekki þá afstöðu Sambands ísl. samvinnufélaga, sem það hefur tekið nú til þessa máls. Ég benti á það í minni fyrri ræðu, að aðstaða Sambandsins hefði verið með þeim hætti að þessu sinni, að það gat að sjálfsögðu treyst því að geta fengið löggildingu fyrst allra aðila til sölu sjávarafurða í stærra mæli en það nú hefur. En hvað gerir Sambandið og það eftir að frv. hæstv. ráðh. kom fram? Það beinlínis skrifaði Sölusambandi ísl fiskframleiðenda og óskaði að vera áfram í samtökum þess. Hvernig ber að skilja þetta? Er hægt að skilja þetta á annan veg en að S. Í. S. treystir ekki hæstv. ráðh. til þess að fara með þessi mál, þannig að vel fari? Ég get ekki skilið það öðruvísi. Það væri æskilegt, að hv. þm. Framsfl. hér í þessari hv. d. leggi sér á minni þessa afstöðu Sambandsins, því að hún er skýrt og glöggt merki þess, að Sambandið hefur ekkert traust á þessu brölti hæstv. ráðh.

Ég skal svo af minni hálfu láta útrætt um málið að þessu sinni.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir, að hann sýnir mér þá mildi að mega gera hér stutta aths.

Hæstv. ráðh. lauk máli sínu með því að endurtaka þá staðhæfingu sína, að hann væri ekki í stríði við framleiðendur með þessu frv.. heldur við Morgunblaðið og Sjálfstfl. En ég leyfi mér þá að spyrja enn einu sinni: Hvers vegna eru þá öll útflutningssamtök sjávarútvegsins að mótmæla, ef hæstv. ráðh. er ekki í neinu stríði við þau? Eru þau þá að gera það upp á sport að senda þessi mótmæli til Alþ., eða finna þau svona rika hvöt hjá sér til þess að leggja Sjálfstfl. lið og Morgunblaðinu í stríðinu, sem hæstv. ráðh. segir að þessir aðilar séu í við sig? **(Gripið fram í:** Ætli það sé ekki svoleiðis?) Það er eitthvað bogið við málafærslu hæstv. ráðh.

Staðreyndirnar virðast hníga á þá lund, að það sé einmitt vegna þess, að samtökunum finnist höggvið nærri sér, að þau séu að mótmæla. Þetta er auðvitað kjarni málsins, og þetta veit hæstv. ráðh. að er satt og rétt.

Það er ekki ég, sem hef hafið almennar umræður um úrræði hæstv. ríkisstj. til lausnar vanda sjávarútvegsins í sambandi við þetta mál; það gerði hæstv. ráðh. í upphafi síðari ræðu sinnar í gær. En af því tilefni, að hæstv. ráðh. heldur því mjög fram, að hann af miklum vísdómi og landsföðurvizku hafi leyst öll vandamál sjávarútvegsins, þannig að hann baði nú í rósum, þá get ég ekki komizt hjá því að benda á, að það er ekki lengra síðan en 28. febr. s. l., að kvaddur var saman fulltrúafundur í Landssambandi ísl. útvegsmanna, og þar var m. a. gerð svo hljóðandi ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundur í fulltrúaráði L. Í. Ú., sem boðaður hefur verið vegna greiðsluerfiðleika útvegsins, beinir þeim eindregnu tilmælum til ríkisstj., að hún geri nú þegar ráðstafanir til þess að gera útflutningssjóði kleift að greiða allar gjaldfallnar skuldbindingar sínar vegna sjávarútvegsins, svo og að séð verði um, að sjóðurinn geti greitt skuldbindingar sínar jafnóðum og í þeirri röð, sem þær falla í gjalddaga samkvæmt því sam-

komulagi, sem L. Í. Ú. og önnur samtök framleiðenda hafa gert við ríkisstjórnina.“

Hvað sannar nú þessi yfirlýsing?

Hún sannar aðeins það og fyrst og fremst það, að ríkisstj. hefur ekki staðið við það, sem hún samdi um við Landssamband ísl. útvegsmanna og vélbátaútvegsmenn um síðustu áramót. Vélbátaútvegurinn er, þegar þetta gerist, kominn í fullkomin þrot og greiðsluvandræði. Útflutningssjóðurinn hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar, og allt er í eins miklu öngþveiti og hugsazt getur. Ég skal ekkert fullyrða um, hvernig þessi mál standa núna. Væntanlega hefur eitthvað tekizt að greiða úr þeim, en á þessu stigi málsins neyðist L. Í. Ú. til að kalla saman fulltrúafund til þess að knýja á hjá ríkisstj. um það, að hún standi við þær skuldbindingar, sem hún hefur gengizt undir um s. l. áramót við útveginn. Ég held, að hæstv. ráðh hafi ekki af neinum ósköpum að státa í þessum efnum.

Hæstv. ráðh talaði um það, að Sjálfstfl. hefði ekki viljað skýra frá till. sínum eða leiðum um það, hvernig leysa skyldi vanda útvegsins um síðustu áramót, en aðeins deilt á hæstv. ríkisstj. fyrir hennar tillögur. Ég vil í þessu sambandi upplýsa það, að ríkisstj. hafði meginhluta s. l. sumars og allt s. l. haust sérfræðinga, innlenda og erlenda, að störfum til þess að gera „úttekt“, eins og það hefur verið kallað, á þjóðarbúinu, til þess að framkvæma rannsókn á því, hvernig ástandið væri, og á grundvelli þessarar rannsóknar og þessarar úttektar átti að byggja nýjar till. um varanlegar leiðir í efnahagsvandamálunum.

Ekki einungis Sjálfstfl., heldur sjálfir þm. stjórnarflokkanna hafa verið leyndir niðurstöðu þessarar rannsóknar og þessarar „úttektar“. Ríkisstj. hafði ekki fyrir því að gera almenningi ljós svo mikið sem meginatriðin úr þessari rannsókn, þegar hún lagði fram till. sínar til stuðnings útveginum fyrir jólin. Það má hver lá sjálfstæðismönnum sem vill, þó að þeir hafi ekki lagt fram ákveðnar till. um það, hvernig snúast skyldi við vanda útvegsins, þegar þeir fá ekki einu sinni að vita frumdrættina í þeirri rannsókn og þeirri úttekt á efnahagsmálunum, sem farið hefur fram á vegum hæstv. ríkisstj.

Að öðru leyti get ég vísað til þess, sem sjálfstæðismenn hafa gert á undanförnum árum til stuðnings útveginum. En það er of langt mál — og ég vil ekki þreyta hæstv. forseta eða misnota hans mildi — til þess að fara að ræða um það.

En að lokum eru hér tvö atriði, sem ég þarf að minnast á, og það er í fyrsta lagi um útflutninginn á saltfiski árið 1956. Þær tölur, sem ég nefndi um þetta mál í fyrri ræðu minni í dag, voru um áætlaða framleiðslu ársins 1956, og þær voru, eins og ég sagði, 32 þús. af óverkuðum fiski, 7500 af verkuðum saltfiski, þ. e. a. s. samtals 39500. Frá þessu drógust svo 1500 tonn, sem er til innanlandsneyzlu, og 1000 tonna rýrnun, þannig að samtals var áætlað, að út mundi verða flutt um 37 þús. tonn. Endanlega niðurstaðan hefur svo orðið sú, að út hefur verið fluttur óverkaður saltfiskur 33028 tonn, verkaður 8620 tonn og tunnusaltaður um 149 tonn. Samtals gerir þessi útflutningur tæp 41800 tonn.

Hæstv. ráðh. staðhæfði hins vegar í gær, að útflutningurinn hefði verið 50 þús. tonn, og hélt fast við þá villu sína núna, m. a. með því að telja með þunnildi, sem alls ekki eru flutt út á vegum S. Í. F. Ég hef þessar tölur nákvæmlega frá Fiskifélaginu, ekki aðeins upp úr blaði, eins og hæstv. ráðh. sagði, heldur hreinlega beint frá skrifstofu Fiskifélagsins. (Gripið fram í.) Hæstv. ráðh. kemst ekki fram hjá því, að hann hefur farið með algerlega villandi tölur í þessu efni.

Að lokum svo aðeins eitt atriði. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri hin mesta firra hjá mér, að Alþýðusamband Íslands hefði mótmælt nýjum álögum á þjóðina, stjórn Alþýðusambandsins hefði þvert á móti verið í samráði við hæstv. ríkisstj. og farið yfir skattafrv. grein fyrir grein.

Ég vil þó aðeins leyfa mér að lesa hér örstutta ályktun frá síðasta þingi Alþýðusambands Íslands, sem stendur í því ágæta blaði Þjóðviljanum, sem þó er nú orðinn svo „dumdristig“, að það er farið að deila á hæstv. sjútvmrh. En með leyfi hæstv. forseta, þá stendur þar í ályktunum þings Alþýðusambandsins, sem birtar eru í Þjóðviljanum 22. nóv. s. l., í ályktunum þingsins um efnahagsmál:

„Þingið lýsir því yfir, að við aðgerðir þær í efnahagsmálunum, er nú standa fyrir dyrum, er það algert lágmarksskilyrði verkalýðshreyfingarinnar, að ekkert verði gert, er hafi í för með sér skerðingu á kaupmætti vinnulaunanna, og að ekki komi til mála, að auknum kröfum útflutningsframleiðslunnar verði mætt með nýjum álögum á alþýðuna.“ — „Ekki komi til mála, að auknum kröfum útflutningsframleiðslunnar verði mætt með nýjum álögum á alþýðuna.“

Þetta var yfirlýsing A. S. Í.

Svo getur hæstv. ráðh. glímt við það hér á eftir að halda því fram, að Alþýðusamband Íslands hafi krafizt þess, að „nýjar álögur yrðu lagðar á alþýðuna“ til þess að mæta „auknum kröfum útflutningsframleiðslunnar“.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Ég sé, að hv. þm. N-Ísf. (SB) hefur gaman af orðaleikjum, og verður hann vitanlega að halda áfram við það, svo lengi sem hann vill. Ég sagði um afstöðu Alþýðusambandsins, að Alþýðusambandið hefði beinlínis samþ. þá löggjöf, sem hér var sett. Þetta er rétt. Hv. þm. getur ekki borið á móti því.

En hitt var svo aftur það, sem ég hafði líka greinilega fram tekið, að í sambandi við þá tekjuöflun, sem fram þurfti að fara til stuðnings sjávarútveginum, voru vitanlega uppi mismunandi skoðanir á því, hvaðan tekjurnar ættu að koma.

Þegar Alþýðusambandið hafði kynnt sér það, hvernig teknanna átti að afla að þessu sinni, þá féllst það á þessa tekjuöflun og taldi, að hér væri ekki um lífskjaraskerðingu að ræða, og vildi samþykkja þetta, en hins vegar hafa forustumenn Sjálfstfl. ekki viljað una við þessa tekjuöflunarleið, og það skilur á milli, annað ekki.

Viðvíkjandi svo þessum einkennilega reikningi hv. þm. N-Ísf. um hið útflutta saltfiskmagn, þá er það alveg augljóst mál, hvað á milli ber. Það sé ég nú. Hann leggur nefnilega einfaldlega saman útflutningsmagnið á óverkuðum saltfiski,

sem hv. þm. hlýtur að vita alveg full skil á hvað er, og á verkuðum fiski, þurrum, Braziliu-hertum saltfiski, en þetta er ekki eitt og hið sama. Það þarf nefnilega að breyta kílóaþunganum, sem upp er gefinn í sambandi við Braziliu-verkaða fiskinn. Þegar reiknað er með 8600 tonnum af Brazilíuverkuðum fiski, þá jafngildir það á milli 15 og 16 þús tonnum af óverkuðum fiski, og það er slík tala, sem á að leggjast við óverkaða fiskinn, því að svona er ekki hægt að reikna eins og hv. þm. gerir. Hans samlagning á þessu er byggð á miklum misskilningi, en þær tölur, sem ég gaf hér upp, eru fullkomlega réttar.

Þá minntist hv. þm. á, að það væri ekki lengra síðan en nú 28. febr., að Landssamband ísl. útvegsmanna hefði boðað hér til fundar út af vandamálum sjávarútvegsins og þar m. a. samþ. áskorun á ríkisstj. um að reyna að sjá um, að útflutningssjóður fengi nægilegar tekjur nú strax til þess að standa við allar skuldbindingar sínar.

Mér hefur vitanlega aldrei komið til hugar að halda því fram, hvorki fyrr né síðar, að öll vandamál sjávarútvegsins hafi verið leyst með því samkomulagi, sem gert var við útvegsmenn nú um áramótin, síður en svo, og okkur var það fyllilega ljóst, að það mátti búast við því, að sá stóri og mikli skuldahali, sem myndazt hafði frá því skipulagi, sem ríkt hafði á undanförnum árum varðandi stuðninginn við sjávarútvegsinn, yrði ekki allur greiddur upp á samri stundu og þessi lög höfðu tekið gildi. Þetta var öllum ljóst, sem eitthvað þekktu til þessara mála. Ég veit líka, að útvegsmenn viðurkenna, að á þeim tveimur mánuðum, sem liðnir eru, síðan lögin tóku gildi, hefur verið vel að því unnið að greiða upp gömlu skuldirnar, sem safnazt höfðu með því kerfi, sem í gildi var áður, en útflutningssjóður hefur borgað útvegsmönnum hverja eina og einustu krónu, sem þeir áttu að fá samkvæmt lögunum, hverja einustu krónu vegna útflutnings, sem tilheyrði þessu ári. Og þegar þessi fundur var haldinn, hafði sjóðurinn borgað rétt rúmlega 40 millj. kr. upp í gamla skuldahalann, sem var frá tíð fyrrv. ríkisstj., sem hljóp frá þessu öllu á þá lund, að stórar skuldir stóðu þar eftir, og útvegsmenn vitanlega kvörtuðu undan því að fá það ekki greitt. Á þessum tveimur mánuðum hafði útflutningssjóður greitt sem sagt allar sínar skuldbindingar tilheyrandi útflutningi þessa árs og rúmlega 40 millj. upp í gamla skuldahalann. En eigi að síður voru þó eftir um þetta leyti liggjandi kröfur upp á nærri 14 millj. kr. Og vitanlega hefði verið ákaflega æskilegt, að tekjur útflutningssjóðs hefðu verið svo miklar, að hægt hefði verið í febrúarlok að borga upp allar gömlu vanskilaskuldirnar.

En ég ætla að segja það, að hv. þm. N-Ísf. og aðrir þeir, sem meir bera ábyrgð á því kerfi, sem hér var ríkjandi áður, heldur en ég ber, varðandi bátagjaldeyrisfyrirkomulagið og framleiðslusjóðinn, ættu að ásaka einhvern annan um það fremur en mig, að þessi skuldahali er ekki að fullu upp greiddur strax á eftir. Þeir mega sjálfum sér um kenna að hafa haft í gildi þau lagaákvæði, sem lofuðu útvegsmönnum verulegum greiðslum, sem tekjur voru ekki útvegaðar á móti til þess að standa undir, og því höfðu þarna safnazt verulegar skuldir.

Landssamband ísl. útvegsmanna þurfti ekki undan því að kvarta á neinn hátt og hefur ekki heldur gert við mig, að það hafi ekki verið að öllu leyti staðið við það, eftir því sem þessi lög gáfu tilefni til, að reyna að borga upp þessar vanskilaskuldir. Hitt var svo annað mál, að vegna þess, að tveir fyrstu mánuðir af þessu ári hafa verið erfiðir fyrir sjávarútveginn í rekstri, hlutu þeir vitanlega að leggja enn meiri áherzlu á það, að ríkisstj. útvegaði fé nú þegar til þess að greiða upp þessar gömlu vanskilaskuldir til viðbótar við það, sem útflutningssjóður þegar hefur gert.

Enn fremur var þetta svo nátengt því, að það hefur ekki í tíð þessarar stjórnar frekar en annarrar verið neitt auðveldur hlutur að koma því svo fram, að bankar landsins, þar sem sjálfstæðismenn ráða þó meiri hluta í, vildu fallast á sjónarmið útvegsmanna um lánveitingar út á þá framleiðslu, sem til er fallin hverju sinni. Og hefðu bankarnir orðið við óskum ríkisstj. og útvegsmanna í þeim efnum, þá hefði vitanlega verið hægt að borga þessar gömlu skuldir upp að fullu fyrir þennan fund, svo að í þeim efnum geta sjálfstæðismenn líka sjálfum sér um kennt fremur en öðrum.

Og svo kemur þessi merkilega afsökun, sem þeir sjálfstæðismenn alltaf hafa á reiðum höndum í sambandi við það, þegar lýst er eftir till. þeirra varðandi lausn á vandamálum sjávarútvegsins, að þeir geti ekkert sagt um það, hvað átti að gera fyrir bátaútveginn, togaraflotann í landinu og aðrar framleiðslugreinar, vegna þess að þeir hafi ekki fengið að sjá einhver rannsóknarskjöl, sem tveir erlendir hagfræðingar, sem hingað komu, hafa samið eftir tveggja vikna dvöl hér í landinu.

Flokkur, sem hefur verið í ríkisstj. samfleytt síðustu 17 árin, hefur stjórnað sjávarútvegsmálunum allt fram að síðustu dögum, getur ekki myndað sér neina skoðun á því, hvað á að gera í málefnum sjávarútvegsins, vegna þess að hann hefur ekki fengið þessa skyndiskýrslu þessara tveggja útlendinga. Ýmsu má nú bregða fyrir sig. (Gripið fram í.) Nei, það var hreint ekkert gagn að skýrslunni varðandi lausn á þessum málum, því að það lá nefnilega alveg ljóst fyrir hjá öllum, sem til þekktu, að skjöl útvegsmanna höfðu legið á borðinu hjá ríkisstj. fyrr en þessari og allar upplýsingar um það, hvernig þar var ástatt. Það voru uppi skiptar skoðanir um það, í fyrsta lagi, að hve miklu leyti ætti að mæta þessum kröfum. Það hefur verið á undanförnum mánuðum, og það gátu engir tveir útlendingar sagt okkur neitt nýtt í því, hvað ætti að ganga langt til móts við kröfur útvegsmanna, það voru þeir ekki eins færir um og við að segja, og enn fremur var uppi ágreiningur um það, hvernig ætti að afla fjár til þess að mæta þessum auknu kröfum útvegsins.

Útlendingarnir hafa eflaust haft sínar skoðanir á því, hvernig mætti afla fjárins, en Sjálfstfl. er sem sagt svo gersamlega á þrotum með eðlilega hugsun í þessum málum, að sjálfur getur hann ekki fundið út úr því á neinn hátt, hvernig eigi

að afla tekna til þess að standa undir þörfum útvegsins. Sjálfur hefur hann enga skoðun á því.

Sannleikurinn er nú sá, að Sjálfstfl. hefur nú, þegar betur er að gáð, skoðun á málinu, það hefur hann sýnt á undanförnum árum. Hann hefur alveg skýra skoðun á því, hvernig átti að afla teknanna, og hann hefði ekki verið í neinum vandræðum með það, ef hann hefði haft meirihlutaaðstöðu á Alþingi, að koma fram með þá skoðun. Skoðun hans hefur nefnilega verið sú og er sú, þó að hann telji ekki hagstætt fyrir sig að flíka því núna í stjórnarandstöðu, að teknanna hefði átt að afla annaðhvort með almennri gengislækkun, sem hefði þýtt stórkostlega lífskjaraskerðingu í landinu hjá vinnandi fólki, almenningi, eða þá á þann háttinn, sem mjög verkar á sömu lund, að leggja á tolla eða skatta, sem ganga jafnt yfir allan vöruinnflutning til landsins og kemur niður á almenningi á sama hátt.

Þetta hefur verið skoðun Sjálfstfl., og ég veit, að þetta er skoðun Sjálfstfl., en hann telur hins vegar ekki heppilegt að flíka þessari skoðun núna í stjórnarandstöðunni, því að hann þarf á því að halda núna að segja við launafólk: Það er verið að leggja á ykkur skatta, nú eru vörurnar að hækka. — Og það er ekki vel gott að kvarta undan því, að vörurnar séu að hækka í verði, á sama tíma og maður tilkynnir, að maður hefði annars verið með till. um almenna gengislækkun, sem hefði þýtt stórkostlega vöruverðshækkun í öllum greinum í landinu.

Það er þessi feluleikur Sjálfstfl. að þora ekki að segjast vera raunverulega með um að leysa þetta á þennan hátt, sem gerir hann hlægilegan, þannig að hann verður að standa frammi fyrir þjóðinni og játa það, að hann hafi engar till. getað lagt fram í sambandi við vandamál sjávarútvegsins, vegna þess að hann hafi ekki fengið að sjá tilteknar skyndiskýrslur, sem tveir útlendingar sömdu varðandi efnahagsmálin á tveggja vikna tímabili, sem þeir dvöldu hér.

Fleiri atriði hafa ekki komið hér fram, sem ég tel að skipti neinu verulegu máli varðandi þetta frv. Framhaldsumr. fara hér eflaust fram um það, þegar málið kemur hér aftur úr nefnd.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Ed., 18. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Ed., 26. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 193, n. 363 og 371).

Frsm. meiri hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft það frv., sem hér liggur fyrir, til meðferðar, og leggur meiri hl. n. til, að það verði samþ. án breytinga, eins og nál. ber með sér, en minni hl., hv. þm. N-Ísf. (SB), er frv. mótfallinn og skilar séráliti.

Aðalefni frv. er í stuttu máli þetta: Í 1. gr. eru fyrirmæli um, að sjútvmrh. skipi þriggja manna n., sem nefnist útflutningsnefnd sjávarafurða. — Í 2. gr. er verksvið n. ákveðið. Skal hún vera ráðh. til ráðuneytis um sölu og útflutning sjávarafurða. — Hún skal veita útflutningsleyfi fyrir sjávarafurðum með þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja, og að lokum ber henni að hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja sjávarafurðir á nýja markaði og auka sölu þeirra á þá, sem fyrir eru. — Í 3. gr. er svo ákveðið, að útflytjendur séu skyldir til að gefa útflutningsnefnd allar upplýsingar, sem hún óskar, um allt, sem varðar sölu og útflutning sjávarafurða, og að n. hafi frjálsan aðgang að verzlunarbókum og skjölum þar að lútandi. — Að lokum koma svo ákvæði um, að ríkisstj. geti einnig ákveðið, að ekki megi bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda aðrar vörur en sjávarafurðir nema að fengnu leyfi n. og með þeim skilyrðum, sem hún setur.

Ég tel sjálfsagt í upphafi að gera sér ljóst, í hverju helzt felast breytingar í þessu frv. frá þeim l. og reglum, sem gildandi hafa verið um þetta efni.

Í l. nr. 11 frá 12. febr. 1940 segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engar vörur megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi nema að fengnu leyfi hennar og með þeim skilyrðum, er hún setur.“ — Enn fremur: „Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engir megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja vörur úr landi, aðrir en þeir, sem til þess hafa fengið sérstaka löggildingu ríkisstj.“ — Og enn segir svo: „Ríkisstj. getur falið nefnd, er hún skipar, að fara með þetta vald, er henni er veitt samkv. lögum þessum, og með reglugerð, er ríkisstj. setur, er heimilt að skipa nánar fyrir um allt, sem við kemur framkvæmd þessara laga.“

Núgildandi skipan útflutningsmálanna er að verulegu leyti byggð á þessum heimildarlögum. Með þeim er ríkisstj. og viðkomandi ráðh. í rauninni gefið algert sjálfdæmi um meðferð þeirra, og er auðsætt, að samkv. þessum lögum getur ríkisstj. á hverjum tíma sett hverjar þær reglur sem hún vill og þarf til þess engra ráða að leita eða um leyfi að spyrja. Í framkvæmdinni hefur lögum þessum verið beitt á mjög mismunandi hátt gagnvart einstökum greinum útflutningsins, eins og rakið er ýtarlega í grg. frv.

Fyrrverandi sjútvmrh., Ólafur Thors, veitti á sínum tíma einum aðila, Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, einkaleyfi til útflutnings á saltfiski. Öðrum aðila, síldarútvegsnefnd, hafa með árlegri löggildingu verið veitt einkaréttindi til útflutnings saltsíldar. Þremur aðilum hefur verið veittur réttur til útflutnings á frystum fiski, og allmörgum aðilum hefur verið leyft að annast útflutning annarra sjávarafurða. Hefur vald til að veita útflutningsleyfi á skreið, frosnum fiski, fiskimjöli, lýsi og nokkrum fleiri vörum verið í höndum eins manns, sem ráðherra hefur skipað.

Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að þeirri skipan verði komið á framkvæmd þessara mála, að einkaréttaraðstaða einstakra útflutningsaðila verði afnumin og þeim

öllum gert að lúta sömu skilyrðum, séu allir undir sams konar eftirliti af hálfu ríkisvaldsins, verði allir að sækja um útflutningsleyfi og verði allir skyldir að veita útflutningsnefndinni þær upplýsingar, sem hún kann að óska eftir.

Þetta virðist í alla staði vera eðlileg skipan málanna og illskiljanlegt, að hún skuli sæta gagnrýni og andstöðu af hálfu þeirra, sem telja sig bera hagsmuni sjávarútvegsins sérstaklega fyrir brjósti.

Nú segja andstæðingar frv., stjórnarandstæðingar, að vísu: Núverandi skipulag hefur sannað gildi sitt, og því er engin ástæða til neinna breytinga. Samkv. þeirri kenningu er það hagkvæmast og bezt, að einokun sé á útflutningi einnar vörutegundarinnar, þ. e. saltfisksins, raunveruleg ríkiseinkasala á annarri vörunni, saltsíldinni, frjálst framtak framleiðenda verði heimilt á frosnum fiski, skreið, lýsi o. fl. með eftirliti ríkisstj. eða eins manns í umboði hennar. Sem sagt, allar þessar þrjár aðferðir eru ágætar og nánast svo óaðfinnanlegar, að það nálgast glæp að hrófla við nokkurri þeirra, — eða með svolitið breyttu orðalagi: Það er ágætt, að hófleg samkeppni sé um að ná sem beztum mörkuðum og sem hæstu verði fyrir frosinn fisk, skreið og lýsi og kannske allar aðrar sjávarafurðir nema bara saltfiskinn. Þar verður einokunin að ríkja. Þar mega engir nýir aðilar fá tækifæri til að sýna hæfni sína og þá möguleika, sem kunna að vera fyrir hendi.

Ég verð nú að segja það, að mér finnst þetta vera helzt til gagnsæjar mótsagnir til þess að bera þær fram fyrir menn með sæmilegri dómgreind.

Fullyrðingunum um ágæti einokunarinnar, sem þó stangast á við kenningarnar, sem jafnframt eru bornar fram um það fyrirkomulag, sem hefur verið á öðrum greinum útflutningsins, væri helzt hægt að finna einhvern stuðning með því að fullyrða, að Sölusamband ísl. fiskframleiðenda sem elztu samtök framleiðenda sjávarafurða væri til slíkrar fyrirmyndar um alla starfsemi sína frá fyrstu tíð, að engin önnur samtök kæmust þar í nokkurn samjöfnuð.

Þessu reyna þó hv. sjálfstæðismenn ekki af ofur skiljanlegum ástæðum að halda fram. Til þess er forsaga þessa fyrirtækis og þær mörgu deilur, sem um það hafa verið, sú mikla gagnrýni og tortryggni, sem það hefur sætt, mönnum of ofarlega í huga.

Ég ætla, að það hafi komið fram í ræðum hv. þm. G-K. (ÓTh), þegar frv. þetta var til umr. í hv. Nd., að samtök skreiðarframleiðenda hafi látið í ljós, að þau vildu ekki, þótt í boði hefði verið frá hans hendi, þiggja einkaleyfi til útflutnings á sinni vöru.

Mér finnst þetta vera næsta athyglisverð ummæli. Þessi framleiðendasamtök kærðu sig ekkert um að setja sig í þá aðstöðu, að engin leið væri fyrir framleiðendur að gera samanburð á hæfni þeirra í sölumálunum og annarra útflytjenda. Þau vildu ekki eiga á hættu þá tortryggni, sem alltaf hlýtur að vera fylginautur slíkrar einokunar sem Samband ísl. fiskframleiðenda hefur iðkað. Þau töldu sér frjálsa aðild framleiðenda að samtökunum heppilegri.

Það er líka vert að gefa því gaum, að þótt Sölusamband ísl. fiskframleiðenda sé langelzt þeirra samtaka, sem við útflutning sjávarafurða fást, hafa engin þeirra, sem síðar komu til skjalanna, tekið byggingu þess og starfsaðferðir sér til fyrirmyndar.

Það er ekki heldur ástæða til að líta fram hjá þeirri staðreynd, að á sama tíma og stórfelldir markaðir hafa unnizt fyrir frosinn fisk og hertan á síðari tímum, hefur mjög hjakkað í sama fari um markaði okkar fyrir saltfisk. Auðvitað eiga nýir framleiðsluhættir sinn þátt í þessari þróun svo og aukin framleiðsla. En því fer þó víðs fjarri, að ástandið í markaðsmálum saltfisksins sé nokkuð til að hælast yfir, og alveg óséð, hvaða þátt einokunin á þar að.

Það fer víst ekki á milli mála, að höfuðástæðan fyrir nærri því að segja sjúklegri andstöðu Sjálfstfl. við þetta frv. er fyrst og fremst sprottin af ótta við það, að Sölusamband ísl. fiskframleiðenda verði látið sitja við sama borð og aðrir útflytjendur. En hvað hafa menn að óttast í því sambandi?

Það er sagt: Allir útflytjendur að saltfiski vilja vera þátttakendur í sambandinu og eru harðánægðir með alla starfsemi þess. — Ef þetta væri nú rétt, hvað hafa mennirnir þá að óttast? Ef allir framleiðendur að saltfiski vilja áfram fela sambandinu umboð til að selja alla framleiðsluna, hvernig getur þá aðstöðu þess og framtíð verið hætta búin með ákvæðum þessa frv.? Engan stafkrók er þar að finna né heldur nokkuð í málflutningi þeim, sem fram hefur komið með frv., sem gefur minnsta tilefni til að ætla, að nokkrum hafi dottið í hug, að aðili, sem slíkrar tiltrúar nyti af framleiðenda hálfu, gæti ekki haldið starfsemi sinni að öllu óbreyttri. Þvert á móti hefur t. d. hæstv. sjútvmrh. lagt á það alveg sérstaka áherzlu í sínum ræðum, að frjáls samtök framleiðenda ættu að njóta stuðnings ríkisvaldsins í afurðasölumálum sínum.

Ef ótti sjálfstæðismanna við það, að Sölusamband ísl. fiskframleiðenda verði að draga saman seglin, hefur við rök að styðjast, þá getur það ekki stafað af öðru en því, að einhver hluti fiskframleiðenda, stór eða lítill, æski breytinga og vilji heldur freista að fela öðrum umboð til að selja sína vöru.

Önnur ástæða fyrir ótta sjálfstæðismanna gæti auðvitað stafað af því ákvæði frv., sem fjallar um eftirlit útflutningsnefndar. T. d. það, að S. Í. F. verði ekki eftirlitslaust, eins og raunverulega hefur verið, heldur verði það að lúta sömu reglum í því efni og aðrir, verði skylt að gefa útflutningsnefndinni upplýsingar um starfsemi sína o. s. frv.

En auðvitað ætti þetta engum að koma betur en þeim, sem hreinan skjöld hefðu, og það ætti að vera vel til þess fallið að eyða skaðlegri tortryggni og lítt rökstuddum ásökunum, ef þær væru fyrir hendi.

Nei, sannleikurinn er sá, að röksemdir sjálfstæðismanna gegn frv. snúast í einu og öllu gegn því óskabarni þeirra, sem þeir eru að reyna að verja, og hljóta að styrkja mjög þær skoðanir manna, að forusta þeirra í afurðasölumálunum sé ekki alveg eins óaðfinnanleg og þeir vilja

vera láta, enda mun það sannast mála, að hún er það ekki.

Eins og ég gat um í upphafi máls míns, hefur ríkisstj. á undanförnum árum haft lagaheimildir til svo að segja hverra þeirra afskipta í útflutningsmálunum sem skyldi. Og auðvitað hefði ríkisstj. nú getað breytt að vild sinni um reglugerðir og framkvæmd þeirra án þess að breyta lögum. En hún hefur talið eðlilegra að viðhafa þá aðferð, þegar hún vill koma hagstæðri og nokkuð breyttri skipan á þessi mál, að leita til þess samþykkis Alþingis. Sjálft frv. felur m. a. í sér skerðingu á valdi ráðh. til að skipa þessum málum. Samt eru þeir til, sem hafa brjóstheilindi til þess að halda því fram, að hér séu einhver kúgunarlög á ferðinni. Þegar það er sannað, að frv. stefnir einmitt að auknu frelsi framleiðenda sjálfra til að velja eða hafna umboðsmönnum, sem útflutninginn annast, er hrópað um, að verið sé að hefja herferð gegn þeim. Jafnframt er svo sunginn söngur um það, að frv. sé tilgangslaust, að í því felist ekkert nýmæli. Ja, hver veit, hvað er upp og hvað er niður, þegar slíkum málflutningi er beitt?

Andmælendur frv. reyna að halda dauðahaldi í þær umsagnir, sem um frv. hafa borizt frá stjórnum nokkurra fiskframleiðendasamtaka og frá svokölluðum fulltrúafundi Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda. Allar þessar umsagnir, nema frá S. Í. F., eru aðeins frá stjórnarmeðlimum samtakanna einum, og í sumum tilfellum a. m. k. verður það að teljast mikið vafamál, að þessir stjórnarmeðlimir hafi kynnt sér eða getað séð frv., þegar þeir léðu nöfn sín undir þessar umsagnir, og kemur það fram í sumum umsögnunum, að það hafi aðeins verið hóað í stjórnarmeðlimina í síma út á land.

En að öðru leyti er það um stjórnir þessara aðila að segja, að þær eru að langmestu leyti skipaðar einlitu liði sjálfstæðismanna, og eftir því ofurkappi, sem flokkurinn hefur lagt á að vinna gegn frv., er næsta líklegt, að ekki sé meira sagt, að flokkshollusta hafi sett sinn svip á samþykktirnar. Hitt er svo ekki heldur nema mannlegt, að hverjum þyki sinn fugl fagur og að forráðamennirnir, sem þessum samtökum stjórna, hlaupi ekki til að viðurkenna, að líklegt væri, að aðrir gætu gert betur en þeir.

Í sambandi við þessar umsagnir er þó sérstaklega athyglisvert, að tvö fjölmennustu hagsmunasamtök meðal þjóðarinnar, þ. e. a. s. Alþýðusamband Íslands og Samband ísl. samvinnufélaga, mæla bæði með frv., og hljóta þær umsagnir að verða þungar á metunum, þegar þær eru teknar til athugunar.

Það er líka full ástæða til að benda á það, að sala og útflutningur sjávarafurða er langt frá því að vera nokkurt einkamál þeirra, sem endanlega að nafninu til teljast eigendur afurðanna, þegar þær eru fluttar úr landi. Sjómennirnir, sem eru nú orðnir skyndilega, eins og þm. í d. heyrðu núna áðan, sérstakir skjólstæðingar Sjálfstfl., eru þeir menn, sem mest leggja af mörkum til sköpunar þessara verðmæta. Þeir eru á vissu stigi málsins formlegir eigendur afurðanna að allt að hálfu leyti.

Því var að vísu haldið fram hér af hv. þm. N-Ísf. við 1. umr. þessa máls, að afurðasalan kæmi sjómönnunum ekkert við, vegna þess að þegar varan væri seld úr landi, hefðu þeir þegar afsalað sér sínum hlut á samningsbundnu verði, og þess vegna kæmi sjómönnum það blátt áfram ekkert við, hvernig þessum málum væri fyrir komið.

Auðvitað er þetta ákaflega þröngur bókstafsskilningur, og það er af þeirri einföldu ástæðu, að samningar sjómanna um fiskverð hljóta á hverjum tíma að ákvarðast af því, sem endanlega fæst fyrir afurðirnar, og þannig eiga þeir vitanlega alla sína afkomu undir því, hvernig á þessum málum er haldið. Þeim er því málið ekkert síður skylt en þeim, sem endanlega teljast lögformlegir eigendur, og ættu að réttu að hafa jafnmikinn íhlutunarrétt.

En það eru ekki aðeins sjómennirnir einir og skráðir eigendur framleiðslutækjanna, sem að réttu eiga aðild að meðferð þessara verðmæta. Allir landsmenn leggja sjávarútveginum fjármagn, bæði til kaupa á framleiðslutækjunum sjálfum og til rekstrar hans, og meginhlutinn af öllu fjármagni, sem í þessum höfuðatvinnuvegi okkar er bundið, er sameign allrar þjóðarinnar, og hún á öll lífsskilyrði sín og efnalegt sjálfstæði undir því komið, að af fyrirhyggju og með alþjóðarhag fyrir augum sé haldið á stjórn þessa atvinnuvegar í öllum greinum.

Það fer því víðs fjarri, að heil brú sé í þeirri kenningu, að þeim, sem að nafninu til teljast eigendur afurðanna þegar þær eru fluttar úr landi, beri nokkur úrslitaréttur um ákvarðanir í afurðasölumálunum umfram það, sem samrýmist hagsmunum allrar þjóðarinnar.

Það kemur greinilega fram í nál. minni hl., hv. þm. N-Ísf., að hann treystist í rauninni ekki til að mótmæla nokkrum stafkrók, sem máli skiptir, í frv. sjálfu. Hann segir aðeins, að frv. sé óþarft, þar sem ríkisstj. hafi hvort eð er í gildandi lögum allt það vald í þessum málum, sem í frv. felst. Samkvæmt þessu er frv. sjálft því ekki neitt hættulegt að hans dómi, heldur er það aðeins rökstuðningurinn með frv., sem hann er svona hræddur við, og þær fyrirætlanir, sem hann heldur að ríkisstj. hafi í þessum málum. M. ö. o., hvort sem frv. er samþ. eða fellt, getur ríkisstj. gert hvað sem henni þóknast til að skipa afurðasölumálunum eins og hún vill. Frv. breytir þar engu um. En af því að ríkisstj. er vond að dómi þessa hv. þm., þá óttast hann framkvæmdir í þessum málum.

Ja, maður getur nú spurt: Ef frv. breytir engu um vald ríkisstj., hvernig getur þá samþykkt þess haft nokkur áhrif á gang málanna? Og ef ríkisstj. er í einhverri krossferð gegn framleiðendum, eins og hv. þm. N-Ísf. hefur reynt að halda hér fram í d., hvernig getur þá frv., sem færir henni ekkert aukið vald, magnað hætturnar, sem hann telur vera fyrir hendi?

Ég hef nú af ýmsum ástæðum ákaflega góðan vilja á því að skilja hugsanagang þessa hv. þm. En ég verð að viðurkenna það, að ég hef algerlega gefizt upp við það í þessu máli.

Deilan stendur sem sagt ekki um sjálft frv., ekki um það mál, sem um er að tefla að taka ákvarðanir um, heldur um það, hvernig tökum

ríkisstj. muni taka á þessum málum. Látum það gott heita. En hvað er það þá, sem andstæðingar frv. óttast í því efni? Jú, þeir segjast óttast undirboð á afurðunum, ef aðrir geti fengið tækifæri til að selja þær en þeir, sem nú hafa til þess réttindi.

Auðvitað er þetta hreinn fyrirsláttur og markleysa, því að í frv. er tryggilega frá því gengið, að útflutningsnefndin hafi fullt vald til þess að koma í veg fyrir undirboð, og um það eru alveg sérstök og greinileg ákvæði. Eftirlit útflutningsnefndarinnar veitir einmitt betri tryggingu fyrir því en nú er fyrir hendi eða hefur verið, að hæsta hugsanlegt verð fáist fyrir afurðirnar.

Svo er það sjálf nefndarskipunin, sem er andstæðingum frv. þyrnir í augum. Þeir virðast ætla, að hagkvæmara sé, að einn maður fari með það vald, sem þremur mönnum er nú ætlað. Ekki held ég, að þessi skoðun sé líkleg til að hljóta mikinn byr, heldur munu flestir verða sammála um, að í þessu efni sem öðrum sjái betur augu en auga og að úrslitavald eins manns sé líklegra til að leiða af sér, að einhæf sjónarmið ráði, heldur en ef fleiri fjalla um.

Þá er það hlutverk útflutningsnefndarinnar, sem athugasemdir hafa verið gerðar við: Í fyrsta lagi, að ráðherra megi ekki og eigi ekki að leita ráða annarra en þeirra, sem nú fara með útflutninginn, vegna þess að þeir hafi bezt allra vit á málefnum hans. Og í öðru lagi, að útflutningsnefndin megi alls ekki hafa forgöngu um markaðsleitir og það, sem því tilheyrir, þar eigi aðrir að koma nærri en núverandi útflytjendur. Auðvitað hljóta allir að sjá, sem hafa haft fyrir því að kynna sér frv., að með þeim ákvæðum frv., sem um þetta fjalla, eru síður en svo nokkrar hömlur lagðar á samtök framleiðenda um það að koma ráðleggingum sínum til ráðherra eða til útflutningsnefndarinnar, og engin ástæða til að ætla, að báðir þessir aðilar muni ekki meta þær að verðleikum. Ekki er heldur á nokkurn hátt takmarkaður réttur útflytjenda til að leita nýrra markaða eða sölu á þeim, sem fyrir eru. Þveröfugt hafa framleiðendur nú rýmri hendur til þess en verið hefur. Ef á að taka alvarlega andstöðuna gegn því, að útflutningsnefnd geti einnig haft forgöngu um markaðsleit, þá lýsir það aðeins vantrausti á þá, sem áður hafa einir annazt þann starfa, og trú á það, að henni kunni að takast betur en þeim.

Þetta eru, að ég held, helztu mótbárurnar, sem fram hafa komið og nokkur leið er að ræða á málefnalegum grundvelli, gegn þeirri skipan útflutningsmálanna, sem nú er gert ráð fyrir að upp verði tekin. Þær reynast þó allar heldur léttvægar, þegar hróflað er eitthvað við þeim, og eftir stendur aðeins sú ömurlega staðreynd, að allur bægslagangur hv. stjórnarandstæðinga gegn frv. er aðeins hafður í frammi í veikri von um það, að þeim reynist unnt að halda hlífiskildi yfir sérréttindaaðstöðu, sem valdamenn þeirra og framámenn hafa veitt sjálfum sér í trássi við hagsmuni þjóðarinnar.

Frsm. minni hl. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Sjútvn. þessarar hv. deildar hefur ekki orðið sammála um frv. það, sem hér liggur fyrir. Meiri hl. n., hv. þm., sem styðja núverandi ríkisstj., leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hl., fulltrúar Sjálfstfl., leggur til, að því verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Það skal tekið fram, að annar fulltrúi Sjálfstfl. í n., hv. þm. Vestm. (JJós), gat ekki tekið þátt í afgreiðslu málsins þar sakir sjúkleika.

Enda þótt ég hafi við 1. umr. þessa máls hér í hv. þd. gert nokkra grein fyrir afstöðu minni og Sjálfstfl. til þess, tel ég þó rétt að fara enn á ný nokkrum orðum um frv. og þau rök, sem til grundvallar því liggja og hafa verið flutt af hæstv. sjútvmrh.

Hann hefur haldið því fram, að það, sem fyrst og fremst sannaði nauðsyn þessarar lagasetningar, væri mikil óánægja með núverandi skipulag á útflutningi sjávarafurða. Af því tilefni fannst mér rétt að athuga, hverjir hafi annazt stjórn afurðasölu sjávarútvegsins á undanförnum árum. Það kemur þá í ljós, að það eru fyrst og fremst samtök framleiðendanna sjálfra. Þannig hafa eigendur saltfisks falið Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda sölu á öllum útfluttum saltfiski. Framleiðendurnir hafa sjálfir byggt þessi samtök upp, og rætur þeirra liggja aftur í þeim tíma, þegar taumlaus samkeppni ógnaði hagsmunum útgerðarinnar og undirboð voru algeng og við borð lá, að saltfiskverzlun Íslendinga lamaðist og yrði undir í samkeppninni við erlenda keppinauta. Af líku hefði að sjálfsögðu ekki leitt tjón aðeins fyrir framleiðendur fisks á Íslandi, heldur og fyrir þjóðina í heild, sem byggði afkomu sína fyrst og fremst á útflutningi sjávarafurða.

Útflutningur hraðfrysta fisksins hefur svo að segja allur verið í höndum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Sambands ísl. samvinnufélaga. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna er byggð upp af eigendum þessara atvinnutækja. Þessi samtök voru í upphafi veik og lítils megandi, en hafa með vaxandi fiskiðnaði fært mjög út kvíarnar og eru nú í dag mjög öflug samtök framleiðenda, samtök, sem freðfiskframleiðendur standa mjög einhuga saman um. Hins vegar hefur Samband ísl. samvinnufélaga söluumboð á hraðfrystum fiski fyrir þau frystihús, sem kaupfélögin reka víðs vegar um land. Þau eru allmörg, en þó miklu færri en þau frystihús, sem eru innan vébanda Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna.

Um skreiðarútflutninginn er svo það að segja, að Samlag skreiðarframleiðenda annast nú sölu á um það bil 70% af allri skreiðarframleiðslu landsmanna. Einnig hér er um að ræða frjáls samtök, sem framleiðendurnir hafa byggt upp og síðan skipað sér einhuga um.

Að því er snertir sölu á útfluttri saltsíld, þá hefur síldarútvegsnefnd séð um hana, en sú stofnun er einnig byggð upp af síldarsaltendum í samvinnu við ríkisvaldið.

Ég hef þá talið hér upp meginútflutningsvörur sjávarútvegsins. Sölu og útflutning á þeim annast í stuttu máli sagt stofnanir og samtök framleiðenda sjálfra.

Nú er það svo, að með l. frá 1940, um sölu og útflutning á vörum, og reglugerð um það efni er ríkisstj. veitt mjög víðtækt vald yfir útflutningi hvers konar framleiðsluvara landsmanna og þá einnig sjávarafurða. Hefur verið á það bent

í umr. um þetta frv., að í því felist engin þau ákvæði, sem fyrrgreind lög og reglugerð feli ekki í sér. Ríkisstj. þær, sem setið hafa á hverjum tíma í s. l. 1½ áratug, hafa hins vegar ekki beitt því valdi, sem í þessum l. felst, til þess að taka ráðin af framleiðendum um sölu og útflutning afurða þeirra, heldur hafa þær haft samvinnu við samtök framleiðenda og talið skynsamlegast að efla þau og láta þau ráða sem mestu um þessi hagsmunamál sín. Hygg ég, að varla nokkrum manni geti blandazt hugur um það, að sá háttur sé skynsamlegri en hinn að taka fram fyrir hendur framleiðendanna, sem mestra hagsmuna hafa að gæta og mesta reynslu hafa á þessu sviði. Þeir hafa sjálfir byggt samtök sín upp til þess að annast afurðasöluna og kunna gleggst skil á því, hvaða ályktanir eigi að draga af þessari reynslu.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, og í grg. þess er það greinilega tekið fram, að einn höfuðtilgangur þess sé að skerða það frjálsræði, sem framleiðendur hafa búið við um uppbyggingu félagssamtaka sinna. Það er skoðun minni hl. sjútvn. og okkar sjálfstæðismanna yfirleitt, að þessi stefna frv. sé hin háskasamlegasta og feli ein í sér nægileg rök fyrir frávísun þess.

Af því, sem ég hef sagt nú, sést það, að sú staðhæfing sjútvmrh., að það hafi verið fyrst og fremst nauðsynlegt að flytja þetta frv. vegna óánægju með skipulag útflutningsmála undanfarin ár, fær ekki staðizt. Fyrir Alþingi liggja nú enn fremur umsagnir frá öllum þeim aðilum, sem haft hafa nokkur afskipti af afurðasölu sjávarútvegsins undanfarin ár. Eru það samtals 10 aðilar. Má segja, að a. m. k. einn þeirra hafi ekki haft afskipti af afurðasölu sjávarútvegsins, en engu að síður taldi sjútvn. hv. neðri deildar rétt að leita álits þessa aðila, þ. e. a. s. stjórnar Alþýðusambands Íslands. En aðeins þessi aðili, þessi eini aðili, stjórn Alþýðusambandsins, mælir með samþykkt frv. í bréfi, sem er aðeins fjórar línur að lengd. Í þessu bréfi er ekki gerð minnsta tilraun til þess að rökstyðja þá skoðun stjórnar A. S. Í., að skynsamlegt sé að samþykkja þetta frv. Stjórn þessara víðtæku launþegasamtaka gerir ekki einu sinni minnstu tilraun til þess að færa þeim orðum sínum stað, að skynsamlegt sé að samþykkja frv. Það getur því varla verið mikið leggjandi upp úr umsögn þess aðila um þetta frv.

Samband ísl. samvinnufélaga mælir ekki með samþykkt frv., en lýsir því hins vegar yfir, að það telji heppilegast, að minnst tveir útflytjendur séu löggiltir til að hafa á hendi útflutning á öllum sjávarafurðum. Í áframhaldi af því má benda á það, að Samband ísl. samvinnufélaga hefur á þessu ári falið Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda útflutning á öllum sínum saltfiski, og hafa þá allir saltfiskframleiðendur í landinu falið S. Í. F. að annast útflutning fyrir sig á þessu ári.

Ég tel það ekki djarfa ályktun hjá mér, sem ég dreg af þessari staðreynd, að þetta sýni, að framleiðendur, eigendur saltfisks í landinu, telji, að þessi samtök hafi gætt vel hagsmuna þeirra á undanförnum árum og að það skipulag, sem samtökin eru byggð upp um, sé gagnlegt og að ekki séu líkur til þess, að með þessu frv., ef að lögum yrði, yrði hagsmuna þeirra gætt betur en með því skipulagi, sem nú ríkir og framleiðendur hafa sjálfir sett á laggirnar.

Loks er á það bent í umsögn síldarútvegsnefndar, að hún telji hagkvæmast, að sala og útflutningur síldar verði framvegis, eins og verið hefur, í höndum eins aðila, og mótmælir nefndin því, að frá þeirri skipan verði horfið.

Allir hinir 7 aðilarnir, sem ég skal ekki telja hér upp að þessu sinni, — það hefur verið gert áður, — mæla gegn því, að frv. verði samþykkt, og leiða rök að því, að það sé mjög hættulegt fyrir útflutningsverzlun þjóðarinnar að fara út á þá braut, sem rætt er um í grg. frv.

Í þessu frv. og í grg. felst hótun við framleiðendur og samtök þeirra, hótun um það að láta þau ekki hafa það frjálsræði að hafa afurðasöluna á sínum höndum, sem þau hafa notið undanfarin ár, þrátt fyrir það mikla vald, sem ríkisvaldið hefur haft í l. frá 1940. Það er álit minni hl. sjútvn., að það sé hið mesta glapræði af ríkisvaldinu að virða mótmæli allra þessara samtaka, allra félagssamtaka og stofnana sjávarútvegsins, að vettugi og samþykkja það frv., sem hér liggur fyrir.

Að minni hyggju hefur reynslan sýnt og sannað, að öruggasta leiðin til þess að ná hagstæðu verði fyrir íslenzkar sjávarafurðir er að láta framleiðendurna sjálfa um að annast söluna, um að gæta sinna eigin hagsmuna. Og þeir hafa valið þann kostinn að láta söluna á erlendum markaði vera á sem fæstra höndum. Það er skoðun okkar sjálfstæðismanna, að á sama hátt og samkeppni um innflutninginn til landsins sé nauðsynleg og sjálfsögð, þá geti samkeppni margra útflytjenda um sölu á einni og sömu vöru á sama erlenda markað oftast verið skaðleg og geti leitt til undirboða og verðfellingar. Og það er einmitt þetta, sem samtök framleiðendanna óttast og benda rækilega á í umsögnum sínum um frv.

Þegar Alþingi tekur afstöðu til þessa frv. og boðskaps hæstv. sjútvmrh. í sambandi við það, verður það fyrst og fremst að hafa þetta í huga.

Það skipulag, sem nú ríkir í afurðasölumálunum, er byggt upp af framleiðendum sjálfum og lýtur þeirra stjórn. Því fer víðs fjarri, að hér sé um að ræða einhverja sérhagsmunaklíku, sem einna helzt sé byggð upp af einum pólitískum flokki, eins og hv. frsm. meiri hl. sjútvn. vildi vera láta í framsöguræðu hér áðan.

Hv. 8. landsk. sagði, að andstaða sjálfstæðismanna gegn þessu frv. væri „sjúkleg". Þetta er hinn mesti misskilningur. Andstaða sjálfstæðismanna gegn þessu frv. byggist fyrst og fremst á virðingu þeirra fyrir reynslunni og þeirri skoðun þeirra, að framleiðendurnir sjálfir eigi að fá að ráða skipulagi afurðasölumála sinna.

Umsagnir framleiðendasamtakanna og fyrrgreindra stofnana sjávarútvegsins bera það einnig með sér, að þau telja þetta skipulag hafa reynzt vel og vilja, að það gildi áfram, þangað til reynslan hefur sannað, að annað henti betur.

Að lokum vil ég svo benda á það, sem ég einnig nefndi við 1. umr. þessa máls, að innan fyrrgreindra sölusamtaka og stofnana sjávarútvegsins, sem látið hafa í ljós álit sitt um þetta mál, eru menn — útvegsmenn og sjómenn — úr öllum

hinum pólitísku flokkum í landinu. Engu að síður hafa allir þessir menn orðið sammála um afstöðuna til þessa frv. Þeir hafa allir mótmælt því, hvar í flokki sem þeir hafa staðið, hvort sem þeir hafa verið sjálfstæðismenn, Alþýðuflokksmenn, framsóknarmenn eða jafnvel kommúnistar.

Þetta sprettur af því, að í þessum almennu samtökum framleiðenda líta menn fyrst og fremst á heill, heiður og velferð sinnar atvinnugreinar, sinnar stéttar, en láta pólitíska togstreitu síður vaða uppi. Þess vegna er það, að menn úr öllum flokkum hafa ekki hikað við að sameinast í andmælunum gegn þessu frv., sem þó er flutt hér af hæstv. ríkisstj., en fyrst og fremst fyrir forustu og frumkvæði hæstv. sjávarútvegsmálaráðherra.

Ég er þeirrar skoðunar, að það sé hið mesta hættuspil og raunar glæfraspil fyrir þessa litlu þjóð að gera útflutningsverzlun sína og hin þýðingarmestu mál þannig að pólitísku bitbeini. Okkur getur greint á um margt og hlýtur að greina á um margt, en við verðum að gæta þess að kunna að setja deilum okkar einhver takmörk. Og það verða að vera til svið, sem eru friðhelg fyrir hinum pólitísku togstreitum og fyrir hinum hörðu deilum. Ég álít, að framleiðendur úr hinum ýmsu stjórnmálaflokkum hafi verið þroskaðri en hv. Alþingi í þessum efnum. Þeir hafa staðið sameinaðir um sín samtök á grundvelli sinnar reynslu, á sama tíma sem hæstv. ríkisstj. hefur ætt út í það fyrirhyggjulaust að flytja frv. það, sem hér liggur fyrir, fyrst og fremst til þess að styrkja aðstöðu sína pólitískt og ná sér niðri á pólitískum andstæðingum, því að það hefur engum getað dulizt, sem heyrt hefur málflutning hæstv. sjútvmrh. fyrir þessu máli, hver tilgangur hans hefur verið með því. Hann hefur ekki getað fært nein rök fyrir því, að það, sem hann stefnir að með þessu frv., mundi tryggja hagsmuni útvegsmanna og sjómanna. Hann hefur ekki heldur getað kveðið niður þau rök, sem samtök framleiðendanna sjálfra hafa lagt fyrir Alþ. í álitsgerðum sínum og prentuð hafa verið og legið fyrir í nefndarálitum. Það er aðeins einn sterkur, þungur undirtónn hjá honum, það er hin pólitíska nauðsyn fyrir hann og hans flokk og kannske fleiri stjórnarflokka til aukinna pólitískra ítaka um málefni útflutningsframleiðslunnar og sjávarútvegsins.

Að athuguðum öllum þeim rökum, sem ég hef dregið fram í minnihlutaáliti mínu, er það till. minni hl., að þessu frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. En verði hún felld, mun ég flytja brtt. við frv. við 3. umr. þess. Sú brtt. mun fyrst og fremst miða að því, að Alþ. kjósi þá nefnd, sem gert er ráð fyrir að skipuð verði í frv.

Það eru aðeins örfá atriði í ræðu hv. 8. landsk., frsm. meiri hl., sem ég vildi gera nokkrar athugasemdir við, en ég vil skýra hæstv. forseta frá því, að ég geri ráð fyrir, að það geti dregizt nokkuð fram yfir venjulegan fundartíma, að ég ljúki máli mínu. (**Forseti**: Ætli það sé þá ekki bezt að fresta því?) Ef hæstv. forseti telur það skynsamlegra, þá er ég reiðubúinn til þess. — [Fundarhlé.]

Ég skal ekki ásaka hæstv. forseta fyrir það, að hv. frsm. sjútvn. er fjarstaddur, þegar umr. fer fram, en ég verð að telja það mjög vítaverð vinnubrögð af hálfu hv. meiri hl. og hæstv. ríkisstj., að hvorki frsm. sjútvn. né hæstv. sjútvmrh. skuli vera viðstaddur, þegar rætt er um þetta þýðingarmikla mál, þó að þeir hafi verið hér viðstaddir í upphafi 2. umr.

Hv. 8. landsk. þm., frsm. meiri hl., flutti langa og allvel samda ræðu fyrir hönd meiri hl. En málstaður hans var slæmur, og þá duga góðar umbúðir lítt, og honum tókst ekki að berja í þá bresti, sem í málinu voru eftir umr. þær, sem fram fóru um það við 1. umr. í þessari hv. þingdeild.

Hv. þm. sagði, að andstaða okkar í minni hl. gegn þessu frv. væri „sjúkleg“. Ég benti á það áðan, að við sjálfstæðismenn stæðum í þessu máli við hlið framleiðendanna, sem hafa byggt upp þau samtök, sem hér er verið að ráðast gegn. Ég álít, að í þessu sé ekkert sjúklegt. Þvert á móti bendir hitt til einhvers veikleika, að hæstv. ríkisstj. skuli semja frv., sem hún stefnir að að verði að lögum, en hún getur engin rök fært fyrir að muni leiða til gagns fyrir þá atvinnugrein, sem við þessa löggjöf á að búa. Takmark löggjafar hlýtur jafnan að vera að bæta að einhverju aðstöðu þess fólks, sem við hana á að búa, eða að styrkja með því þjóðfélagið sem heild. Enginn hefur getað bent á, að það væri tilgangur þessarar löggjafar eða að slíkt takmark mundi með henni nást.

Hv. 8. landsk. þm. spurði, hvernig Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda gæti stafað hætta af þessu frv., ef allir framleiðendur væru fylgjandi núverandi skipulagi og vildu fela þessum samtökum að annast sölu afurða sinna. Vissulega getur þessum framleiðendasamtökum engu að síður stafað hætta af því, sem hér er á ferðinni, vegna þess að það á ekki að taka tillit til vilja útvegsmannanna sjálfra, það á að sniðganga algerlega álitsgerðir þeirra og reynslu þeirra og knýja fram, hvað sem hver segir, þennan pólitíska óskapnað, sem sjútvmrh. kommúnista hefur aðallega verið látinn beita sér fyrir.

Hv. 8. landsk. kvað í þessu felast „aukið frelsi“ til framleiðenda. Í hverju er það aukna frelsi fólgið, og hvernig stendur þá á því, að framleiðendur snúast jafnhart gegn þessu frv. og raun ber vitni?

Sannleikurinn í málinu er auðvitað sá, að hér er ekki um aukið frjálsræði að ræða. Þvert á móti. Boðskapur frv. og hæstv. sjútvmrh. er skerðing á því frjálsræði, sem útvegsmenn hafa notið innan sinna eigin samtaka til þess að annast sölu afurða sinna, og er á það bent í nál. sjútvn. Nd., að í grg. frv. er m. a. komizt að orði á þessa leið:

„Samkvæmt þessu fyrirkomulagi fær enginn útflytjandi einkarétt á útflutningi neinnar vörutegundar, en hverjum sem vill gefst kostur á að sýna hæfni sína og möguleika þá, sem fyrir hendi eru.“

En þetta er einmitt það, sem samtök framleiðenda hafa talið mjög hættulegt, og ekki aðeins ólíklegt til þess að bæta aðstöðu þeirra í samkeppninni á erlendum mörkuðum, heldur megi telja öruggt, að það verði til þess að skerða hags-

muni íslenzkra fiskútflytjenda að miklum mun og þar með þjóðarinnar í heild.

Varðandi svo það, að kommúnistar séu að berjast hér fyrir málstað frelsisins, þá verð ég nú að segja, að það hljómar eins og öfugmæli.

Hvar stefna kommúnistar eiginlega að auknu frelsi, og hver trúir því, að þeir geri það? Hvernig er það frelsi t. d., sem þeir hafa búið þeim þjóðum, sem þeir ráða yfir. Auðvitað verður að kveða upp dóminn á grundvelli reynslunnar, reynslu þeirra þjóða, sem búið hafa við kommúnistiskt skipulag.

Við getum tekið fyrst Sovétríkin, sem kommúnisminn hefur lengst ráðið ríkjum í. Það vita allir menn, að þar er ekkert frelsi til. Þar er svartasta einræði, sem sagan getur um. Það er sama, hvert er litið, hvort heldur er á svið framleiðslu eða menningar, lista og vísinda. Ríkið hefur einokun á allri verzlun t. d., útflutnings- og innflutningsverzlun. (Gripið fram í.) Já, eins og t. d. síld, sem keypt er frá Íslandi. (**BjörnJ:** Eins og t. d. S. Í. F., sagði ég.) S. Í. F. er ekki ríkiseinokun. S. Í. F. er byggt upp af framleiðendunum sjálfum, því fólki, sem á fisk og selur fisk frá Íslandi, en það er ekki ríkið sjálft, sem hefur einokun á útflutningi á fiski frá Íslandi. Það er allt annað en gerist í hinum kommúnistisku ríkjum, þar sem ríkið sjálft er aðilinn að verzluninni og allri starfsemi.

Lítum svo á svið menningarmála. Skáldin hafa *ekki leyfi til þess að yrkja eins og þeim sýnist.* Enginn rithöfundur hefur frelsi til þess að semja skáldsögur eins og honum sýnist, enginn hljómlistarmaður frelsi til þess að semja hljómlistarverk að sínu skapi, enginn myndlistarmaður frelsi til þess að mála myndir eða móta í leir eða höggva í stein. Allt verður að lúta einni *stjórn og stefnu.* Hlutverk listarinnar í hinu sósialistiska ríki er fyrst og fremst að boða þá stefnu, sem valdhafarnir fylgja.

Þetta er frelsi sósialismans á hinu andlega sviði, og ég hef áður lýst því á sviði framleiðslu og atvinnumála. Hvernig ætlast svo hv. 8. landsk. þm. til þess, að hv. þm. hér trúi því, að kommúnistar séu með þessu frv. að berjast fyrir auknu frelsi?

Nei, ég álít, að hv. 8. landsk. ætti að læsa slíkar setningar niðri í skúffu sinni og taka upp einhverjar aðrar, sem eitthvað eru nær raunveruleikanum en það, að kommúnistar séu með þessu eða yfirleitt með nokkru að berjast fyrir frelsi einum eða neinum til handa.

Hv. 8. landsk. lagði mikla áherzlu á það, að stjórnir allra þessara samtaka, sem látið hafa álit sitt í ljós á þessu frv., væru „einlitar", skipaðar sjálfstæðismönnum einum.

Í fyrsta lagi er þetta nú rangt. Þessar stjórnir eru ekki „einlitar". Í stjórnum flestra þeirra samtaka, sem hér hafa sent umsagnir, sitja menn úr öllum hinum pólitísku flokkum. En segjum nú svo, að þetta væru einlitar stjórnir sjálfstæðismanna, réttlætti það þá ofsókn gegn samtökum framleiðenda, sem á sér stað af hálfu hæstv. ríkisstj. og fyrst og fremst hæstv. sjútvmrh.?

Það getur vel verið, að hv. 8. landsk. finnist það alveg sjálfsagt, að ef einhverri stofnun er stjórnað eingöngu af andstæðingum hans eða andstæðingum núv. ríkisstj., þá beri að segja henni stríð á hendur, hvernig sem málstaður hennar er og þeirra samtaka, sem hún stýrir. Ég er ekki á þessari skoðun, og ef við sjálfstæðismenn hefðum verið á svipaðri skoðun og hv. 8. landsk. undanfarin ár, þegar við höfum verið í stjórnaraðstöðu, þá liti margt öðruvísi út í þessu þjóðfélagi en það gerir í dag.

Vitanlega eiga samtök framleiðslunnar, hvort sem það er landbúnaðarins eða sjávarútvegsins, að hafa frelsi til þess að fela þeim mönnum trúnaðarstörf, sem þeim sýnist og þau treysta bezt. Það er alveg rétt, að margir þessara manna, þótt það séu ekki allir, eru framámenn í Sjálfstfl. En að það eigi að réttlæta þetta frv., sem miðar að því að taka ráðin af framleiðendum sjálfum, fæ ég ekki séð að verði stutt með rökum. Í ríkjum kommúnista mundi slíkt að vísu vera talið sjálfsagt, þar sem ekki er leyfður nema einn flokkur og það er glæpur að vera á móti stjórninni. Á Íslandi er það þó ekki enn þá talið.

Nei, kommúnistar eru ekki að berjast fyrir auknu frelsi til handa framleiðendasamtökunum í landinu með þessu frv., og það sannast bezt á því, sem ég hef margbent á, að þessi samtök sjálf hafa snúizt hart gegn frv.

Hv. 8. landsk. ræddi allmikið um það, að nú liti svo út sem sjómenn væru orðnir sérstakir skjólstæðingar Sjálfstfl.

Ég álít það bera vott um nokkurn ókunnugleika hjá hv. frsm. meiri hl., ef hann uppgötvar þetta nú í fyrsta skipti.

Sjálfstfl. er að vísu flokkur allra stétta og telur sér skylt að gæta hagsmuna þeirra allra, og það er meginskoðun hans, að á því sé rík nauðsyn fyrir þjóðfélagið, að stéttirnar starfi saman og að hlutur einnar sé ekki dreginn um of á kostnað annarrar.

Engu að síður verður að viðurkenna það, sem er satt og rétt, að sjálfstæðismenn hafa alltaf haft glöggan skilning á hagsmunum og þörfum sjómannastéttarinnar, einfaldlega vegna þess, að þeir hafa gert sér ljóst, hversu þýðingarmikil störf hún vinnur, eins og bent var á í sambandi við annað mál, sem hér lá fyrir til umræðu. Það er staðreynd, sem ekki verður sniðgengin, að sjómennirnir afla meginhluta útflutningsverðmæta þjóðarinnar. Það segir sig þess vegna sjálft, að það er geysiþýðingarmikið, að þjóðin vilji taka þátt í þessum störfum, vilji leggja sig í þá áhættu, sem í þeim felst. Sjálfstæðismenn hafa á undanförnum árum haft og munu halda áfram að hafa glöggan skilning á þeirri miklu þýðingu, sem starf sjómannsins hefur fyrir þjóðarheildina. Sjómennirnir hafa einnig sýnt sinn skilning á afstöðu Sjálfstfl. til þeirra, þar sem mikill fjöldi þeirra fyllir okkar flokk eins og stór hluti útgerðarmanna landsins. Þetta er heldur engin tilviljun, því að yfirleitt hygg ég, að sjómenn séu frelsisunnandi menn, þeir vilja ekki hafa yfir sér einokun og kúgun. Þeir hljóta þess vegna að vera andstæðir kommúnistum og fylgjandi frjálslyndum borgaralegum flokki eins og Sjálfstfl. Þetta kom m. a. fram í afstöðu t. d. Sjómannafélags Reykjavíkur á s. l. vetri, þegar einhverjir fylgismenn núv. ríkisstj. ætluðu að knýja fram meðmæli með stofnun olíueinkasölu. Í staðinn fyrir,

að Sjómannafélag Reykjavíkur samþykkti slík meðmæli, voru samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta harðorð mótmæli gegn því, að til slíkrar einokunar yrði gripið. Auðvitað sögðu kommúnistarnir, sem hafa beitt sér fyrir því máli, að þetta ætti að vera til þess að bæta kjör sjómannastéttarinnar. Það vantar svo sem ekki, að einokun og frelsisskerðingar eiga allar að verða til þess að bæta hagsmuni fólksins. En sjómennirnir áttuðu sig á því, að þarna var ekki um neitt slíkt að ræða, heldur lævíslega tilraun kommúnista til að setja upp pólitískt bákn, sem átti að fóðra einhverja gæðinga þeirra, alveg það sama og er að gerast með þessu frv., sem hæstv. sjútvmrh. berst eins og ljón fyrir, einn allra úr ríkisstj. Ég veit ekki, hvernig það hefur verið í hv. Nd. En hér í hv. Ed. hefur enginn hæstv. ráðh. sagt eitt orð til stuðnings þessu frv., svo að ég muni til, og mun ég þó hafa verið viðstaddur allar þessar umræður. Þetta er engin tilviljun. Hæstv. sjútvmrh. er að reyna að knýja hér fram óvinsælt mál, sem ríkisstj. að vísu stendur á bak við í heild, en er um og ó. Einstök málgögn hennar eru búin að tala yfir sig í þessu máli, þannig að hæstv. ríkisstj. finnst, að hún verði að sýna einhvern lit á því að standa við stóru orðin, og þess vegna er þessi óburður kominn hingað upp í hv. Ed.

Ég get svo undir lok míns máls ekki komizt hjá því að benda á það, að lítið er nú orðið úr öllum yfirlýsingum hv. stjórnarflokka um það, að þeir vilji fyrst og fremst standa vörð um „hagsmuni framleiðendanna“ í landinu. Þeir hafa marglýst því yfir, sem líka er satt og rétt, að grundvöllurinn undir þjóðfélagsstarfinu myndist af því fólki, sem framleiðir verðmæti og þá ekki síst til útflutnings, þess vegna beri að styðja þetta fólk og þess samtök, hins vegar beri að heyja stöðugt stríð við það, sem þeir kalla „milliliði“ og „afætur“ og „gróðastéttir“.

Ég fæ nú ekki betur séð en þetta hafi snúizt þannig, að hæstv. ríkisstj. undir forustu sjútvmrh. sé fyrst og fremst í stríði við framleiðendasamtökin í landinu. Hún hefur neytt þau öll saman í eina fylkingu til baráttu gegn fyrirætlunum ríkisstj. um skipulag útflutningsmálanna. Þetta er þá orðið úr loforðum hæstv. ríkisstj. um vernd og skjól fyrir framleiðendurna við sjávarsíðuna. Kannske kemur röðin seinna að framleiðendunum í sveitunum.

Ég á nú eftir að sjá, hvernig hv. Framsfl. snýst við, ef á að fara að taka samtök landbúnaðarframleiðenda eitthvað svipuðum tökum og stefnt er að að beita gegn sjávarútvegsframleiðendum í þessu frv. Ég er hræddur um, að þá mundi koma hljóð úr horni frá samtökum bænda, ekki síður en samtök framleiðenda við sjávarsíðuna hafa látið til sín heyra, þegar átt hefur að þröngva upp á þau skipulagi, sem virðist hafa fæðzt í höfði hæstv. sjútvmrh.

Nei, hér er lagt út á óheillabraut. Ég hafði haldið, að allir lýðræðissinnaðir menn í þessu landi væru a. m. k. sammála um það í aðalatriðum, að skynsamlegast væri og bezt færi á því, að framleiðendur til lands og sjávar fengju sjálfir að byggja upp sín samtök og skipuleggja afurðasölu sína. Því miður setur að manni efasemdir um, að þessi eining sé fyrir hendi, þegar Framsfl. og Alþfl. láta kommúnista nota sig til þess að knýja í gegn frv. eins og það, sem hér liggur fyrir.

Ég endurtek svo það, að það er till. minni hl. og Sjálfstfl. í þessu máli, að þessu frv. verði vísað frá.

Að lokum vildi ég leyfa mér að beina stuttum fyrirspurnum til hæstv. sjútvmrh.

Hann kvað það hrein ósannindi, er ég minntist á það í umr. um þetta mál hér í hv. þd. fyrir skömmu, að ríkisstj. hefði vanefnt þá samninga við útveginn, er hún gerði við síðustu áramót. Vitnaði ég þá til ályktunar frá fulltrúafundi útvegsmanna, þar sem skorað var á stjórnina að standa við samninga sína og fyrirheit. Hæstv. ráðh. kvað það sem sagt með öllu rangt, að um nokkrar vanefndir væri að ræða, útflutningssjóður og ríkisstj. hefðu staðið til fullnustu við öll sín fyrirheit við útflutningsframleiðsluna.

Ég vildi nú mega beina þeirri fsp. til hæstv. ráðh., hvort hann vildi ekki gefa mér upplýsingar um það við þessa umræðu, hvernig þessi mál standi nú, og hvort hann sé reiðubúinn til þess að endurtaka þá yfirlýsingu sína, að um engar vanefndir sé að ræða af hálfu útflutningssjóðs og hæstv. ríkisstj. við útvegsmenn á þeim loforðum, sem gefin voru um síðustu áramót.

Hæstv. ráðh. sagði hér fyrir skömmu, að ríkisstj. hefði staðið við öll sín fyrirheit í þessum efnum og hennar borð væri hreint. Ég bið þess nú að heyra þá yfirlýsingu á ný frá hæstv. ráðherra.

Frsm. meiri hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég get í raun og veru verið ákaflega stuttorður um ræðu hv. þm. N-Ísf. Ég held, að hún breyti ekki miklu um það, sem ég sagði hér í minni frumræðu, jafnvel þó að þingmaðurinn reyndi að fara allvíða máli sínu til stuðnings, m. a. með því að gera hér að umtalsefni, hvernig skáldskapur væri í sósíalistisku ríkjunum, og annað því um líkt. Þingmaðurinn hefur oft sýnt talsverða hæfileika í þá átt að hlaupa dálítið út frá því málefni, sem um hefur verið að ræða, og það er ekki óeðlilegt, að hann leiti á það lagið núna, þegar lítið gerist um röksemdir í sjálfu málinu. Mér finnst það næsta athyglisvert, að í þessari löngu ræðu hv. þm. reyndi hann ekki að sýna fram á neina kosti, sem einokunin í útflutningi saltfisksins hefði til að bera, enda mun sannast mála, að það sé næsta erfitt.

Það má vel vera, að þingmaðurinn hafi ætlazt til þess, þegar hann fór að tala hér um sósíalistisku ríkin, að ég færi að halda hér einhvern fræðandi fyrirlestur fyrir hann um þau lönd, sem sjálfsagt veitti nú ekki af, en ég mun heldur kjósa að halda mér við það mál, sem hér er til umræðu, og gefa honum örlitlar upplýsingar varðandi starfsemi fisksöluhringsins, sem hann ber svo mjög fyrir brjósti, og sýna honum með örlitlum dæmum, sem ég þekki, hvernig einokunin hefur reynzt í einstökum tilfellum.

Það gefur náttúrlega auga leið, að einokun eins og sú, sem hefur verið á saltfiskútflutningnum, opnar ýmsar leiðir til margs konar misnotkunar á kostnað framleiðenda, og það mætti kannske

minna hv. þm. N-Ísf. á það, þegar hann hefur verið að ræða hér um „gifuryrði kommúnista“ í garð einokunarhringsins, að það var einmitt umboðsmaður Landssambands ísl. útvegsmanna, sem ljóstraði upp um eitt stórfelldasta hneykslið, sem hefur orðið í sögu þessa hrings, gerði það 1949. Það var sem sagt umboðsmaður útvegsmanna sjálfra, sem þá húðfletti þetta fyrirtæki miskunnarlaust og sýndi fram á, hvernig það hefði misnotað aðstöðu sína í saltfisksölunni, bæði til Ítalíu og til Grikklands. Ef hv. þm. N-Ísf. óskar eftir því, þá er hægt að rekja þá sögu nákvæmlega fyrir honum, en ég geri tæplega ráð fyrir því, að hann hafi sérstaklega mikinn áhuga fyrir því að þurfa að standa upp og verja þær aðgerðir allar.

Ég benti á það í minni framsöguræðu, að það mundu vera æði margir, sem væru ekki alveg vissir um það, að framámenn saltfiskhringsins hefðu alltaf gætt hagsmuna framleiðenda sem skyldi, og að það hefðu einmitt verið þeir, sem hefðu oft og tíðum fundið það á sínum eigin bökum, hvernig það er að hafa slíka stofnun yfir sér. Ég ætla ekki að fara langt aftur í tímann til þess að nefna dæmi um þetta, en ég veit, að t. d. okkur Akureyringum er það nokkuð ofarlega í huga, að núna rétt fyrir s. l. áramót lágu 3000 tonn af saltfiski, sem togararnir þar höfðu aflað, þar í geymslum og undir skemmdum, en nálega allir aðrir saltfiskframleiðendur í landinu höfðu fengið sinn fisk afsettan. Útgerðarfélag Akureyringa varð af þessum ástæðum fyrir tjóni, sem nemur tæplega 1 millj. kr., og hefur gert skaðabótakröfu á hendur Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda fyrir misnotkun á valdi sínu um útflutninginn. Þegar þetta gerðist voru, eins og ég sagði, aðeins um 3½ þús. tonn af saltfiski til í landinu, en Akureyringarnir voru látnir sitja algerlega hjá um afsetningu og urðu fyrir stórfelldu vaxtatapi og hreinum skemmdum á fiskinum af þessum sökum. Ég geri nú fastlega ráð fyrir því, að flestir muni nú sjá, að aðra eins framkomu og þessa mundi enginn leyfa sér nema í skjóli einokunar. Ef einhverra annarra kosta væri völ um viðskipti, þá mundu þeir ekki, sem slíkri rangsleitni væru beittir, kjósa hana yfir sig áfram. Þeir mundu þá frekar leita annarra umboðsmanna en þeirra, sem hefðu farið með málin á þennan hátt.

Það er líka dálítið athyglisvert í sambandi við þetta mál, að í raun og veru var þetta nokkurs konar refsing fyrir það, að Útgerðarfélag Akureyringa hefur yfirleitt framleitt betri saltfisk en aðrir, og um framleiðslu þess hafa ekki komið neinar kvartanir frá kaupendum í markaðslöndunum. En þannig var málið vaxið, að það átti síðasta hluta ársins að senda framleiðsluna til þeirra, sem mestar kröfur gerðu um gæði, og þess vegna var fiskur Útgerðarfélags Akureyringa geymdur. Það voru sem sagt verðlaunin, sem einokunarhringurinn gaf Útgerðarfélagi Akureyringa fyrir að framleiða betri fisk en aðrir saltfiskframleiðendur, að láta það verða fyrir tjóni, sem nam, eins og ég sagði áðan, um 1 millj. kr. og mun verða reynt með laganna vendi að hafa út úr þessum einokunarhring.

Ég gæti nefnt fleiri dæmi þessu hliðstæð. Það mætti t. d. nefna það, að á árunum áður en Sölusamband ísl. fiskframleiðenda tók til starfa var það algild venja, að bátafiskur af Norðurlandi var greiddur 8—10 kr. hærra verði hvert skippund en fiskur annars staðar af landinu, og var ástæðan sú, að þessi fiskur, sem var mest vor- og sumarveiddur, var að ýmsu leyti miklu verðmætari, m. a. eggjahvíturíkari en annar fiskur vegna þeirrar fæðu, sem hann hefur. Á þessum árum var það yfirleitt skilyrði í markaðslöndum okkar frá hendi þeirra, sem gerðu mestar kröfur um vörugæði, að af hverri sendingu væri nokkur hlutinn Norðurlandsfiskur. Auðvitað var einokunarhringurinn ekki lengi að afnema þetta fyrirkomulag, og Norðlendingar hafa ekki síðan notið þess að neinu, þó að þeir hafi framleitt betri fisk en aðrir.

Slík dæmi eins og þessi, sem eru náttúrlega mýmörg, eru aðeins dæmi um ókosti einokunarinnar.

Hv. þm. N-Ísf. klappaði enn þann steininn, að það væri verið að gera Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda *eiginlega ómögulegt að starfa* vegna þess, að það fengi ekki algert einkaleyfi á útflutningi saltfisks. Hann gat ekki bent á neitt annað í frv., sem sannaði, hvað það væri ómögulegt, annað en það, að S. Í. F. gæti ekki selt allan fiskinn, ef það yrði samþykkt. Hins vegar endurtók hann enn þá í þriðja eða fjórða skiptið, síðan umræður hófust um þetta, að það vildu allir fela S. Í. F. umboðið. En ég spyr nú bara: Hver selur fiskinn, ef allir þeir, sem framleiða hann, vilja engum fela umboðið, vilja ekki láta hann í hendur neinna nema S. Í. F.? Er eitthvert ákvæði í lögunum, sem skyldar framleiðendur til þess að láta fiskinn í hendur annarra útflytjenda? Ég held, að það verði dálítið erfitt fyrir þingmanninn að sýna fram á það. Ef Sölusamband ísl. fiskframleiðenda hefur það traust, sem þm. fullyrðir að það hafi, þá verður vitanlega engin breyting á því, að það flytur út fiskinn. En það er svo aftur annað mál, að allir, sem eitthvað þekkja til útflutningsins og til þeirrar óánægju, sem er víða um framkvæmdir þessa einokunarhrings, geta ekki verið í nokkrum vafa um, að það muni ýmsir aðrir verða til þess að leita nýrra úrræða um sölu afurðanna. En ég held þó, að jafnvel þó að svo yrði ekki, þá yrði bara sá möguleiki, sem lögin gera ráð fyrir, að einhverjir aðrir fengju leyfi til þess að flytja út, nokkurt aðhald þessu fyrirtæki um að beita ekki framleiðendur þeim fantatökum, sem það hefur oft og tíðum gert.

Ég held, að þetta sé efnislega það helzta, sem ég hefði viljað gera að svo komnu máli að umtalsefni af því, sem hv. þm. N-Ísf. sagði. Um útúrdúra hans ætla ég ekki að ræða, heldur halda mig við það mál, sem hér er til umræðu. Þó get ég nú ekki alveg stillt mig um að vekja athygli á fullyrðingum hans um það, að sjómennirnir séu sérstaklega hlynntir einokunarhring þeirra sjálfstæðismanna og Sjálfstfl. yfirleitt. En hann sagði, að þetta væri ákaflega eðlilegt, að einmitt sjómennirnir aðhylltust Sjálfstfl., sem væri nú að vísu flokkur allra stétta, ekki bara sjómannanna. En það skyldi nú aldrei vera, að hagsmunir þeirra stétta, sem Sjálfstfl. er sérstaklega

fulltrúi fyrir, hefðu aldrei rekizt á við hagsmuni sjómannanna? Ég held, að það sé ákaflega erfitt, jafnvel þótt af miklum velvilja væri leitað gegnum söguna, að finna þess mörg dæmi, að Sjálfstfl. hafi borið hag sjómannanna fyrir brjósti. Ég held, að því sé alveg öfugt farið, allt frá því að t. d. togaravökulögin voru sett. Ég ætla ekki að hrella þingmanninn með því að fara að minna á, hvernig afstaða formanns hans flokks var í því máli, en sú afstaða er í raun og veru sígilt dæmi um hlýhug Sjálfstfl. í garð sjómannanna.

Fullyrðingar hv. þm. N-Ísf. um vanefndir útflutningssjóðs á þeim loforðum, sem hafa verið gefin framleiðsluatvinnuvegunum, ætla ég ekki hér að gera að umtalsefni, enda ekki dagskrármál.

Umr. (atkvgr.). frestað.

Á 75. fundi í Ed., 28. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 371 felld með 9:4 atkv.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—9. gr. samþ. með 9:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EggÞ, KK, PZ, SE, AG, BjörnJ, FRV, FS, BSt.

nei: GTh, JJós, JK, SB, SÓÓ.

3 þm. (FÞ, HermJ, BjörgJ) fjarstaddir.

Á 80. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 193, 383).

Frsm. minni hl. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja tvær brtt. ásamt hv. þm. Vestm. við þetta frv. Fyrri brtt. er um það, að nefnd sú, sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frv., skuli kosin af Alþ. hlutbundinni kosningu til tveggja ára í senn, í stað þess að gert er ráð fyrir í frv., að nefndin verði skipuð af sjútvmrh. Leggjum við til, að 1. gr. frv. verði orðuð þannig:

„Sameinað Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til tveggja ára í senn þrjá menn í nefnd, sem nefnist útflutningsnefnd sjávarafurða. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt. Nefndin kýs sér formann. Með samþykki ríkisstjórnarinnar getur útflutningsnefnd sjávarafurða ráðið sér starfsmenn, eftir því sem nauðsyn krefur."

Breytingin, sem í okkar till. felst, er sem sagt fyrst og fremst sú, að við leggjum til, að í stað þess, að ráðh. skipi nefndina, verði hún kosin hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi til tveggja ára í senn.

Að því þarf naumast að færa rök, að þessi háttur er miklu eðlilegri og lýðræðislegri, að Alþ. kjósi slíka n., heldur en að skipun hennar verði á valdi ráðherra eins.

Þá leggjum við til í brtt. okkar, sem er önnur brtt. á þskj. 383, að þar sem talað er um „ráðherra" í 2. gr. frv., skuli koma „ríkisstjórninni". Einnig þetta er eðlilegri háttur, að ríkisstj. í heild hafi það vald, sem þarna um ræðir, en ekki einstakur ráðherra. Hefur svo einnig verið í þeim lögum, sem í gildi hafa verið um þessi efni frá 1940.

Ég vænti, að úr því að hv. þd. hefur ekki viljað fallast á þá till. okkar fulltrúa Sjálfstfl. í sjútvn. að vísa þessu óþurftarmáli frá, þá verði þó a. m. k. á það fallizt að samþykkja þær brtt., sem hér liggja fyrir og ég hef nú lýst.

Forseti (BSt): Með því að hæstv. sjútvmrh. er hér ekki viðstaddur og mér hefur borizt ósk frá hv. þm. Vestm. um, að honum gefist kostur á að taka þátt í meðferð þessa máls, en hann er nú við jarðarför, þá er umr. frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 81. fundi í Ed., 2. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég veit að vísu, að fyrri flm. brtt. á þskj. 383, hv. þm. N-Ísf., hefur mælt fyrir till. Ég var þar að vísu ekki áheyrandi, en hef sannar fregnir af, að svo hafi verið. En af því að ég er meðflm. að þessari till., vildi ég frá mínu sjónarmiði leitast við að rökstyðja efni hennar varðandi þetta mál, úr því sem komið er.

Það er öllum hv. dm. vel kunnugt, að hér er um mjög umdeilt mál að ræða, þessa tilvonandi lögfestingu á frv. um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl., og beinlínis með því veitzt að heildarsamtökum útvegsmanna og framleiðenda á sjávarafurðum, þar sem er vitað og hefur sannanlega fram komið í opinberum þskj., að mikill meiri hluti þeirra, sem að þessum málum standa, er mótfallinn lagasetningunni. Það kann nú að vera að bera í bakkafullan lækinn að telja þeirra rök að nýju fram hér, og var ekki mín meining með því að biðja um orðið að fara að endurtaka hér allar þær umr., sem fram hafa farið, bæði í hv. Nd. og í þessari hv. deild, um þetta mál. En sú staðreynd er óhrekjanleg, að ég hygg, að með samþykkt slíks frv. sem hér um ræðir og einkanlega á þeim forsendum, er því fylgdu upphaflega af hálfu þess hæstv. ráðh., sem stendur að baki frv., er freklega gengið á sjálfsákvörðunarrétt stórmikils meiri hluta framleiðenda við sjóinn.

Mér finnst, að sú ríkisstj., sem hefur talið það sína mestu prýði að stjórna í samráði við stéttir landsins til lands og sjávar, sé hér með víxlspor og að það fari illa á því, að þessi hæstv. ríkisstj. taki fyrir eina stétt landsins og leggi kapp á að hnekkja uppbyggingu hennar og fyrirkomulagi að því er snertir það að koma vöru sinni á markað. En það er óhrekjanlega gert með þessu frv. og með öllum þeim fullyrðingum, bæði í ræðum og riti, sem því fylgja og hafa fylgt af hálfu stjórnarvaldanna.

Á það hefur verið bent, að gildandi lög feli í sér mjög rúma heimild fyrir ríkisstj. að hafa allt hæfilegt eftirlit með þessari verzlun, og verður það víst tæplega hrakið, að í lögunum frá 1940, minnir mig, eru þessar heimildir til, enda hefur þeim verið beitt og er beitt enn í dag.

Ég hef mikil og löng kynni af sölufyrirkomu-

lagi því, sem sérstaklega hefur ríkt að því er saltfiskinn snertir, því að ég hef verið í stjórn Sölusambands ísl. fiskframleiðenda frá því, held ég, að sölusambandið var stofnsett, og setið þar með merkum mönnum úr öðrum sölusamtökum og úr öðrum stjórnmálaflokkum fyrir utan þá, sem ég hef talið flokksbræður mína í pólitískum skilningi. Ég veit þess vegna mjög vel um það fyrirkomulag og þann traustleika í þessum málum, sem vannst á við það, þegar bankarnir fyrir eitthvað 24 eða 25 árum tóku sig til og gengust beinlínis fyrir því, að útflutningurinn sameinaði krafta sína skipulega. Ástæðan fyrir því, að þetta gerðist svo, var ósköp augljós, og við, sem stóðum í stríði eða höfðum staðið í stríði undanfarin ár, áður en sölusamlagið var stofnað, höfðum mjög fundið til þess, hve sundrungin á þessu sviði hafði áhrif á sölu afurðanna. Löngu fyrir þann tíma höfðum við, sem að þessum málum unnum, t. d. í Vestmannaeyjum, byggt upp okkar einstöku samlög á þessu sviði og þekktum af eigin sjón og reynd, hvað mikið ávannst við það, að við störfuðum saman. Það voru þá þrjú kaupfélög starfandi í Eyjum, þegar þetta átti sér stað, og þau með einni eða tveimur kaupmannsverzlunum unnu saman að þessum málum í miklu bróðerni, og við hvað okkur snerti fögnuðum því mjög, þegar það ljós rann upp fyrir ráðandi mönnum hér í höfuðstaðnum, að efnt var til allsherjar landssamtaka um sölu saltfisksins. Það var í rauninni verið að endurtaka í stærri og fullkomnari stíl það, sem við höfðum verið að leitast við í okkar heimahéruðum ýmsir, ekki einasta Vestmanneyingar, heldur fleiri, til þess að reyna að bæta hag þeirra, sem stunda útveginn.

Ég veit af eigin reynd og hef þreifað á, hvaða styrkleiki það er á þessu höfuðútflutningssviði sjávarútvegsins, sem lengi var, að hafa þetta allt í einni hendi hér innanlands, og ég hef sérstaklega fundið til þess síðar, þegar ég hef starfað við sölusamtök, sem ekki hafa haft neina opinbera vernd sams konar og Sölusamband ísl. fiskframleiðenda er.

Í því sambandi, sem í daglegu máli er kallað S. Í. F., hef ég í mörg ár fylgzt mjög nákvæmlega með því, sem gerzt hefur, sem stjórnarmeðlimur, og stundum í forföllum framkvæmdastjóranna á víxl átti ég kost á því að vera þar sem starfandi framkvæmdastjóri um nokkurra mánaða skeið í hvert skipti og komst þá vitaskuld mjög meira inn í það, sem maður kallar „gang hlutanna", heldur en sem stjórnarmeðlimur.

Ég veit, að það hefur ávallt verið mikill styrkur, að sölusamlagið hefur haft nokkurs konar einkarétt á útflutningnum á saltfiskinum, einkanlega gegn þeim áróðri, sem oft vill spretta upp í sumum markaðslandanna, þar sem flaggað er framan í mann ýmsum fréttum um undirboð á vörunni, íslenzkri vöru á erlendum markaði, og oft látið bera þannig að, að það er sagt, að frá einhverju okkar nágrannalanda sé þetta og þetta boðið fram á lægra verði en sölusambandið heimti.

Í S. Í. F. hefur verið einfalt mál að ráða við slíkan áróður, sem oft hefur ekki verið grundvallaður á réttum staðreyndum. Eftir að hlutaðeigandi fréttaburði er hægt að mæta með því að segja, að þetta geti ekki átt sér stað, vegna þess að öll salan fari fram í gegnum þessa skrifstofu hér á landi og henni sé ekki kunnugt um þetta undirboð, hafa þessar áróðursraddir oft og tíðum látið sér það nægja og ekki streitzt við að hamra það fram, að þeir hefðu undirboð á hendinni.

Ég hef sérstaklega tekið eftir því, síðan við fórum að starfa og ég gerðist starfsmaður hjá skreiðarsamlaginu, hve berskjaldaðri slík samtök eru fyrir svona tilraunum til að lækka verðið heldur en t. d. Sölusamband ísl. fiskframleiðenda. Við erum miklu berskjaldaðri þar fyrir því, að reynt sé að „svekkja", reynt sé að ráða niðurlögum okkar, ef svo mætti segja, á útlendum markaði með fölskum fréttum um undirboð á sömu vöru, við skulum segja í gegnum Kaupmannahöfn eða Bergen eða eitthvað því um líkt, heldur en að saltfiskframleiðendur þurfa að vera með því fyrirkomulagi, sem hingað til hefur gilt og er búið að gilda í tugi ára.

Framboð á markaðinum á sömu vöru, oft og tíðum á sama tíma mörg framboð, miða auðsjáanlega aldrei að því að styrkja aðstöðu seljandans til að halda uppi verði, heldur þvert á móti, þau veikja hana, og það eru höfuðrökin fyrir því, að rétt hefur þótt af stjórnarvöldum undanfarin ár og verið samkvæmt vilja fiskeigendanna sjálfra að fela Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda söluna frá ári til árs tímabundið, á þann hátt sem gert hefur verið. Þetta hefur verið brúkað sem nokkurs konar áróður á samlagið nú upp á síðkastið — og raunar ekki alveg nýtilkomið — af ýmsum og vegna ýmissa ástæðna, ég held í flestum tilfellum í eigingjörnum tilgangi þeirra, sem fyrir slíkum áróðri hafa staðið, eða þeirra bakhjarla. Það hefur verið vægðarlaus og mér liggur við að segja samvizkulaus áróður rekinn í þessu efni, og hann hefur gengið svo langt, að jafnvel þeir menn, sem hafa verið trúnaðarmenn Íslendinga á erlendum vettvangi og eru það í fleiri en einum skilningi, t. d. bæði á Ítalíu og ég held í Grikklandi líka, hafa hlotið hnútuköst héðan að heiman, sérstaklega hjá vissum blöðum, fyrir það, að þeir hafa léð starfskrafta sína til þess að selja íslenzka útflutningsvöru á erlendum markaði í stórum stíl.

Þetta framferði, þessi aðferð kann ekki góðri lukku að stýra, og ég harma það, að svo langt sé gengið í þessu efni sem hér er í ljós komið með flutningi þessa frv. Sumir hafa sagt, að hæstv. ríkisstj. hefði heimild í l. frá 1940 til alls þess, sem hér er í þessu frv. Ég vil nú ekki fyllilega taka undir það, ekki í öllum greinum, en hún hefur fulla heimild til alls þess í því, sem getur greitt fyrir aðstöðu Íslendinga á erlendum markaði með þeim l., sem þegar eru í gildi. Aftur á móti er í þessu frv. gert ráð fyrir, að þeir menn, er hafa eiga framkvæmd þessara l. með höndum, eigi nú að vasast í mörgu fleiru, því að það er jafnvel gert ráð fyrir, að þeir eigi að gangast fyrir því að leita markaðar fyrir íslenzka vöru og þá sennilega fisk. Það verkefni er þegar í höndum þeirrar n., sem ræður yfir fiskimálasjóði, að ég held, mig minnir, að löggjöfin sé frá 1935. Fiskimálasjóður hefur heimild til að verja fé til

markaðsleitar eða til að styðja markaðsleit, eins og raunar margt annað, sem getur orðið atvinnuveginum til framdráttar, og ég held, að fiskimálasjóður hafi gert talsvert að því á undanförnum árum að styðja slíkt. Það hefur eiginlega verið hans veglegasta verkefni, svokölluð markaðsleit.

Ég sé ekki, að gert sé ráð fyrir í þessu frv., að lögin um fiskimálasjóð eigi að nema úr gildi. Það hefur þá farið fram hjá mér, ef það stendur í því. Ég hef ekki séð, að það sé gert. Það má nú kannske segja sem svo, að það sé gott, að tvær stofnanir hafi þetta með höndum, en hér hallast mjög á, því að í frv. er ekki séð, að stjórnarnefnd sú, sem á að setja á stofn í þessu, hafi neina fjármuni til að styðja markaðsleitina, en aftur á móti hefur fiskimálasjóður yfir fé að ráða, sem hann getur notað í því skyni.

Ég held nú sannast að segja, hvað það sérstaka verkefni snertir, markaðsleit, að það sé enn ósannað mál, hvort vald til þeirra hluta er betur komið í höndum tveggja stofnana en einnar.

Þá er það eitt, sem hefur verið talið að gæti verið hlutverk þeirrar nefndar, sem hér á að vera í fyrirrúmi, að jafna verði milli tegunda og sjá til þess, að hver framleiðandi beri sjálfur ábyrgð á þeim skakkaföllum, sem koma fyrir á hans vörum.

Ákvæði um að jafna verð milli tegunda eru sjálfsagt til í lögum S. Í. F. og ég held líka í lögum skreiðarsamlagsins. Hjá báðum þessum stofnunum finnast ákvæði um það, að hver skuli bera ábyrgð á gallaðri vöru, sem frá honum kemur. En það hefur reynzt ákaflega erfitt að framkvæma slík ákvæði, vegna þess líka að í svo til öllum tilfellum getur sá, sem talinn er eiga gallaða vörusendingu, að einhverju leyti vísað til matsvottorðs, og matsvottorðin eru gefin út af opinberum aðila, en sá aðili hefur ekki, svo að ég viti til, orðið nokkurn tíma að bera fjárhagslega ábyrgð á sínum vottorðum.

Kvartanir yfir vöru, t. d. fiski, berast að öllum jafnaði ekki hingað til lands, ef það er frá útlöndum, fyrr en eftir þann tíma, sem búið er að borga út til framleiðenda hlut þeirra í sendingunum, og gerir það mjög erfitt fyrir um að krefja þá endurgreiðslu til bóta, ef til þarf að taka. Greiðslurnar fara líka stundum og núna á síðari árum oft beint til bankanna, sem hafa lánað til útgerðarinnar, og verður það sennilega jafnerfitt fyrir væntanlega útflutningsnefnd að eiga við þetta fyrirbæri samkv. þessum l., ef til kæmi, eins og það hefur verið torvelt að framfylgja því út í yztu æsar samkv. þeim reglum, sem gilt hafa.

Það var svo að sjá, að mig minnir, m. a. í forsendunum fyrir þessu frv., þegar það kom frá hæstv. ráðh. eða hæstv. ríkisstj., að hann hefði komið auga á fyrirmynd, sem vert væri að fara eftir, og vildi með þessari lagasetningu beina útflutningsverzluninni á sjávarafurðum inn í eitthvert gósenland, sem Íslendingar hefðu áður ekki þekkt, og var þar sérstaklega vitnað til norsks fyrirkomulags.

Við höfum nú á undanförnum árum nokkuð lengi haft svo að segja samsiglingu með Norðmönnum hvað snertir sölu á fiski á erlendum mörkuðum. Það hefur verið sérstaklega milli S. Í. F. og Norðmanna talsvert náin samvinna til að reyna að halda uppi verði, en það er komið í ljós, einkum núna síðari árin, að þrátt fyrir þær útflutningsreglur, sem kunna að gilda í norskum lögum, og reglugerðum, þá er því engan veginn að treysta, að þær nægi, þegar til framkvæmdarinnar kemur, til þess að halda uppi eða festa verð vörunnar, vegna þess að sá leiði síður virðist hafa komizt inn í þá verzlun hjá Norðmönnum að borga ýmiss konar aukauppbætur til kaupendanna eftir ýmsum leiðum, sem Íslendingar hafa hvorki vilja né getu til þess að fara inn á. Fyrir því hafa borizt sannanir í skýrslum umboðsmanna sölusamlagsins, einkum og sér í lagi nú upp á síðkastið frá Brazilíu, þar sem bætt hefur verið við mjög hæfum Íslendingi núna fyrir skömmu til þess að líta eftir þessari verzlun.

Ef maður lítur í norskt blað, þá kemst maður varla hjá því að sjá þar stórar deilugreinar milli framleiðenda og ríkisstjórnarinnar, því að það virðist vera langt frá því, að norskar útflutningsreglur og norskt sölueftirlit, sem ríkisstj. stendur fyrir, hafi vinsældir hjá framleiðendunum þar í Noregi. Ég held því, án þess að fara of langt út í að skýra frá því, að það sé ekki, þegar til framkvæmdarinnar er litið og niðurstöðunnar, neitt til fyrirmyndar fyrir okkur Íslendinga að elta Norðmenn í þessu sambandi. Hitt vitum við, að oft hafa heyrzt um það raddir, ekki einasta hjá Norðmönnum, heldur hjá öðrum líka, sem hafa látið í ljós, að sölufyrirkomulag Íslendinga væri betra en margra annarra, ekki sízt vegna þess, að með því fyrirkomulagi er hægt að gefa kaupandanum einhverja vernd, en slíka vernd krefjast menn að fá nú á dögum, sem kaupa mikið magn af vörum, hvort sem það eru neyzluvörur eða aðrar, þó sérstaklega neyzluvörur, og hún er þá aðallega í því fólgin, að þeir fái öryggi fyrir því eða tryggingu, sem kallað er, að ekki sé dembt á markaðinn ódýrari vörum, á meðan þeir eru að selja þá vöru, sem þeir kaupa hverju og einu sinni. En útflutningsstofnun hérlend, sem veit sig vera aðeins með einn hluta af útflutningnum á sinni hendi, getur ekki veitt slíka vernd, ekki neitt sem jafnast á við það, sem hægt er, þegar salan er á einni hendi.

Þess arna er krafizt oft og tíðum af okkur, sem vinnum í skreiðarsamlaginu, að kaupendurnir telja sig þurfa að vera tryggða fyrir því, að við sjáum til þess, að ekki komi skreið á markaðinn á þessu og þessu tímabili fyrir lægra verð en þeir hafa sem grundvöll. En við höfum ekki í okkar hendi að veita slíkt, því að við verðum að sækja um útflutningsleyfi í hvert skipti fyrir okkar sendingar og verðum auðvitað að sætta okkur við, að það eru margir fleiri á leiðinni, sumpart sem við vitum af og sumpart sem við vitum ekki af.

Ég tel nú líklegt, að hæstv. ríkisstj. muni ætla að halda þessu máli til fullrar streitu, að hverju sem stefnir, og taki eða ætli sér ekki að taka neinum sönsum í því. Það hefur a. m. k. ekki komið fram við meðferð málsins í hv. Nd. og kannske ekki hér frekar. Ætlar ríkisstj. að ganga í berhögg með opnum augum við framleiðendur á þessu sviði, þó að það sé illsamræmanlegt við þá samstöðu, sem hæstv. ríkisstj. telur sig hafa með ýmsum öðrum stéttum landsins? Ég var

sjálfur staddur á þeim fundi, sem Sölusamband ísl. fiskframleiðenda hélt sérstaklega út af framkomu þessa frv., og tók þar lítils háttar þátt í og hlustaði mikið á umr. og taldi upp fundarmenn með sjálfum mér og veit, að þar var yfirgnæfandi meiri hluti, sem óskaði þess, að sölufyrirkomulaginu yrði ekki breytt með nýrri lagasetningu.

Þessi hópur manna á í dag erfiða aðstöðu með sinn atvinnurekstur af mörgum ástæðum, sem hvorki ríkisstj. né Alþingi ráða við, en hér við bætist það, að með þessum lögum virðist eiga að ganga feti lengra gagnvart fiskframleiðendum með opinberum afskiptum og þvíliku heldur en nokkrum öðrum og heldur en nokkurn tíma áður hefur verið gert á friðartímum a. m. k.

Ég skal engu spá um það, hversu til kann að takast með framkvæmd þeirra laga, sem hér eru á ferðinni. En það er að vísu með öll lög svo, að mikið veltur á því, hvernig framkvæmdin er. Og ég tel fyrir mitt leyti, að það sé ekki einasta rétt, heldur skylt, að sú yfirstjórn, sem framkvæmdina á að hafa á höndum og vera hæstv. ráðh. til ráðuneytis, sé kosin af Alþingi, en ekki háð kannske duttlungum einhvers stjórnarherra. Fyrir því hef ég ásamt hv. þm. N-Ísf. staðið að flutningi brtt. á þskj. 383, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta, að 1. gr. frv. orðist svo:

Sameinað Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til tveggja ára í senn þrjá menn í nefnd, sem nefnist útflutningsnefnd sjávarafurða, og jafnmarga varamenn til sama tíma og að sú nefnd kjósi sér formann.

Meðan við í þessu landi eigum að heita að búa við lýðræðisstjórnarfyrirkomulag, finnst mér það vera í miklu meira samræmi við lýðræðislegt skipulag á hlutunum, að nefnd, sem á að hafa þessa hluti með höndum varðandi einn stærsta atvinnuveg landsins, sé kosin af sameinuðu Alþingi, en ekki skipuð af ríkisstj. eða ráðherra, sem er fyrirkomulag, sem hefur miklu meiri einræðiskennd á sér en það, að Alþingi ráði því, hverjir í slíkri nefnd sitja, enda er þess fjöldi dæma í nefndum og störfum, sem eru ætluð til þess að hafa alþjóðahagsmuni með höndum, að Alþingi kýs til þess hlutbundinni kosningu þá, sem framkvæmd slíkra mála hafa með höndum. Að því leyti til er þessi till. í fullu samræmi við aðrar gerðir hv. Alþingis varðandi alþjóðarmál.

Ég leyfi mér að vænta þess, að hv. Ed., sem oft hér á fyrri árum a. m. k. var talin eiga að taka um stjórnvölinn í afgreiðslu mála á Alþingi, þegar þörf þætti, jafnvel þó að það kæmi í berhögg við gerðir hv. Nd., sé svo lýðræðissinnuð enn í dag og svo sjálfstæð, að hún geti fallizt á þessa till. um, að Alþingi kjósi með hlutbundinni kosningu þá, sem eiga að framkvæma það, sem samkvæmt þessu frv. á að framkvæma, hvað sem efni frv. að öðru leyti líður.

ATKVGR.

Brtt. 383,1 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SB, SÓÓ, FÞ, GTh, JJós, JK.

nei: SE, AG, BjörgJ, BjörnJ, FS, EggÞ, KK, BSt.

3 þm. (FRV, HermJ, PZ) fjarstaddir.

Brtt. 383,2 felld með 9:6 atkv.

Frv. samþ. með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FS, EggÞ, KK, PZ, SE, AG, BjörgJ, BjörnJ, BSt.

nei: FÞ, GTh, JJós, JK, SB, SÓÓ.

2 þm. (FRV, HermJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 398).

23. Dýravernd.

Á 1. fundi í Sþ., 10. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um dýravernd [10. mál] (stjfrv., A. 10).

Á 5. fundi í Nd., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Upphaf þessa lagabálks er það, að Dýraverndunarfélag Íslands sneri sér til fyrrv. menntmrh. (BBen) og mæltist til þess, að frv. um þetta efni yrði samið. Ráðherrann fól í okt. 1955 Ármanni Snævarr prófessor að semja frv. til nýrra dýraverndunarlaga, og samdi hann frv. það, sem hér liggur nú fyrir til 1. umr. Fyrir vangá hefur láðst að geta þess í grg., að höfundur frv. sé Ármann Snævarr prófessor, og bið ég velvirðingar á því.

Í grg. frv. er m. a. rakin rækilega saga dýraverndarlöggjafar hér á landi. Það er athyglisvert og hefur menningarsögulega þýðingu, að upptök fyrstu heildarlaga um dýravernd hér á landi, opins bréfs frá 29. ág. 1862, má að nokkru rekja til erindis, sem Alþingi barst 1859 frá fundi í Þingmúla. Sýnir sú samþykkt, og það er sú staðreynd, sem er mjög athyglisverð, að alþýða manna hér á landi hefur haft ríkan og vakandi áhuga á dýravernd á þeim tíma. Til hins sama bendir hin mikla og almenna gagnrýni, sem 299. gr. hegningarlaganna frá 1869 sætti, en samkv. því ákvæði, sem kom í stað hins opna bréfs, mátti refsa manni fyrir þrælslega misþyrmingu eða aðra grimdarfulla meðferð á skepnum, einkum húsdýrum. Þetta ákvæði var hins vegar svo þröngt að efni til, að það reyndist haldlítið í framkvæmd. Beitti Dýraverndunarfélag Íslands sér mjög fyrir því, að ný löggjöf yrði sett um þetta efni, og fyrir atbeina þess var flutt frv. til dýraverndunarlaga á Alþingi 1915. Naut frv. mikils fylgis í þinginu og var staðfest sem lög nr. 34 frá því ári.

Þessi lög voru síðan lítið breytt í gildi fram til þess, er almenn hegningarlög voru sett 1940. Þá var horfið að því ráði að taka 1. gr. laganna frá 1915 upp í hin almennu hegningarlög, sbr. 179. gr. þeirra laga, en efni laganna frá 1915 hélzt að öðru leyti óbreytt.

Þannig hefur lagasetningin frá 1915 um dýravernd verið frumlög um þessi efni í rösk 40 ár. Þessi lög voru mikil réttarbót á sínum tíma, en hafa reynzt orðin úrelt að ýmsu leyti.

Við samningu þessa frv. hafa dýraverndunarlögin frá 1915 og 179. gr. hinna almennu hegningarlaga verið tekin til endurskoðunar. Meginsjónarmiðið hefur verið það, að kröfur almenn-

ings til aukinnar dýraverndar hafa aukizt. Enn fremur hafa verið höfð til hliðsjónar dýraverndarlög á Norðurlöndum, en þau eru tiltölulega nýleg, og sömuleiðis þýzk dýraverndarlög.

Þar sem í lagabálki þessum er um að ræða ýmis nýmæli, bæði að formi til og efni, og mörg þeirra merkileg, vildi ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um þau og vekja sérstaka athygli á þeim, sem ég tel helzt.

Þess er þá fyrst að geta, að í þessu frv. er horfið að því ráði að nema ákvæði um dýravernd úr almennum hegningarlögum. Í þess stað er lagt til, að heildarrefsiákvæði um illa meðferð á skepnum verði í einum lögum, í lögum um dýravernd. Hér er því lagt til, að aftur verði tekinn upp sami háttur og hafður var á í dýraverndunarlögunum frá 1915. Með þessari skipan vinnst það, að dýraverndarlög verða heildarlög um þessi efni, enda er illgerlegt að kveða náið á um illa meðferð á skepnum í einu hegningarlagaákvæði.

Frumatriði dýraverndarlaga er að sjálfsögðu að kveða á um, hvaða meðferð á skepnum skuli teljast vítaverð og refsiverð. Um þetta er fjallað í I. kafla frv. Þar er mörkuð sú stefnuyfirlýsing, að skylt sé að fara vel með dýr, svo að þau þjáist ekki að nauðsynjalausu. Ég vil vekja athygli á því, að hér er mönnum beinlínis boðið að fara vel með skepnur, en ekki látið við það eitt sitja að banna illa meðferð á dýrum. Auk þessa almenna boðorðs í 1. gr. eru síðan gerðar ýmsar nánari kröfur til eigenda dýra eða forráðamanna í öðrum ákvæðum frv. Hlýtur það að teljast ávinningur að sérgreina þær kröfur, sem ber að gera til forráðamanna dýra, m. a. sakir þess, að almenningi verða þá ljósari þau víti, sem ber að varast í þessum efnum. Bannákvæði I. kafla laganna um almenna meðferð dýra eru mun sérhæfðari en áður var. Í 4. gr. er ákvæði um tamningu dýra eða ögun, og mun það vera nýmæli, og hið sama á við um 4. gr. frv., þar sem lagt er til, að leyfis lögreglustjóra verði að leita til þess að efna til dýrasýninga hér á landi. Slíkar sýningar hafa farið mjög í vöxt hin síðari ár, og er full þörf á, að ríkisvaldið hafi nokkur afskipti af þeim. Þá er einnig í 4. gr. nýmæli, sem varðar stofnun dýragarða. Í 5. gr. er og nýmæli, en hún fjallar um eyrnamörkun dýra.

Þá er í I. kafla enn fremur lögð ríkari skylda en áður var á forráðamenn dýra til þess að sjá þeim fyrir viðunandi vistarverum og fóðri. Í 6. gr., sem er að **mestu** nýmæli, er eiganda dýrs gert að skyldu að **sjá** dýri fyrir hæfilegri umönnun, ef það **slasast eða** sýkist. Þá er og í 7. gr. nýmæli, þar **sem það** er gert að skyldu að gæta þess við **flutning á** dýrum, að þau njóti hæfilegs aðbúnaðar. Flutningar á dýrum í ýmsum samgöngutækjum fara nú mjög í vöxt, og mun ekki vanþörf á því að brýna fyrir mönnum að hlynna vel að dýrum við slíka flutninga.

Í II. kafla laganna eru ákvæði um deyðingu dýra og aðgerðir á dýrum. Í núgildandi lögum eru ekki ákvæði, sem skylda forráðamenn dýra til að leita löggiltra dýralækna til þess að framkvæma slíkar aðgerðir á dýrum. Er þetta andstætt því, sem mælt er fyrir um í Norðurlandalöggjöf og löggjöf margra annarra menningarríkja. Virðist tímabært að setja um þetta ákvæði hér á landi.

Í III. kafla eru nokkur ákvæði um notkun dýra í vísindalegum tilgangi. Þessi ákvæði eru ný að stofni til í íslenzkum lögum. Notkun dýra í þessu skyni fer mjög í vöxt hér á landi, og virðist æskilegt, að opinberu eftirliti verði þar komið við. Í samræmi við það er lagt til, að sá, sem notar dýr í þessu skyni, þurfi að fá til þess opinbert leyfi. Þá eru einnig fyrirmæli um að skylda menn til að deyfa dýr, ef því verður við komið, þegar þau eru notuð í þessu skyni.

Í IV. kafla eru síðan ákvæði, er lúta að réttarvörzlu í sambandi við framkvæmd laganna. Löggæzlumönnum er þar boðið að hafa vakandi auga með því, að menn hlíti ákvæðum frv., ef að lögum verður, og getur lögreglustjóri skyldað forráðamenn dýra, að viðlögðum dagsektum, til að bæta úr því, sem talið er ábótavant um aðbúnað að dýrum. Skeyti hlutaðeigandi aðili því ekki, er gert ráð fyrir því, að lögreglustjóri geti hlutazt til um framkvæmd á fyrirmælum á kostnað eiganda dýrsins.

Í gildandi lögum eru ekki sérstök ákvæði um stjórn dýraverndarmála, en þörf virðist að skipuleggja þau mál betur en nú er gert. Í samræmi við það er í V. kafla lagt til, að menntmrn. hafi yfirstjórn þessara málefna, en sérstök nefnd, dýraverndarnefnd, aðstoði ráðuneytið um stjórn þeirra.

Í grg. er það rakið rækilega, að dýraverndarmálefni lúta víða um lönd landbúnaðarráðuneyti. Hér á landi hefur þróunin hins vegar óðfluga stefnt í þá átt að fela menntmrn. yfirstjórn friðunarlöggjafarinnar í heild. Þetta á t. d. við um fuglafriðunarmálefni og náttúruvernd. Þess vegna hefur verið talið heppilegt að láta þessa löggjöf einnig lúta menntmrn. Hitt er svo ljóst, að mikil og náin samvinna þarf að vera á milli menntmrn. og landbrn. um framkvæmd dýraverndarlöggjafar. Ástæða þess er m. a. sú, að yfirdýralæknir, sem mjög fjallar um dýraverndarmálefni, lýtur landbrn., og auk þess eru sumir þættir þessara mála nátengdir málum, sem landbrn. fer með. Engu að síður hefur niðurstaðan orðið sú að leggja til, að þessi mál heyri undir menntmrn., í því skyni, að friðunarlöggjöfin öll lúti einu og sama ráðuneyti.

Í VI. og síðasta kaflanum eru ákvæði um refsingu og önnur viðurlög við brotum. Meginákvæðið þar er það, að heimilt skuli vera að svipta mann, sem hefur gerzt sekur um stórfellt og ítrekað brot á dýraverndarlöggjöf, heimild til þess að eiga dýr eða hafa þau í vörzlu sinni.

Þetta eru helztu atriði frv., og hef ég einkum vakið athygli á þeim, sem telja má til nýmæla. Ég er þeirrar skoðunar, að nái frv. þetta fram að ganga, verði aukið mjög mikilvægum þætti í íslenzka friðunarlöggjöf.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 20 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 225, 226).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Menntmn. hefur haft frv. þetta til athugunar alllengi. N. sendi það til umsagnar Dýraverndunarfélagi Íslands, Búnaðarfélagi Íslands og Dýralæknafélagi Íslands, og bárust n. umsagnir og ábendingar ýmsar frá öllum þessum aðilum. N. hafði þær ábendingar til hliðsjónar við samningu þeirra brtt., sem hún flytur við frv. á þskj. 226. Nefndin hafði öll fjallað um málið og efnislega um þær brtt., sem hún ber fram við frv., en einn nm., hv. 5. landsk. þm., gat ekki komið því við að mæta á fundi n., þegar gengið var að lokum frá nál.

Það er langt síðan fyrst var um það rætt á Alþ., að setja þyrfti lög um dýravernd og veita aðhald af hálfu ríkisvaldsins í því efni. Meðan Alþ. hafði aðeins ráðgefandi vald, voru sendar bænarskrár til konungs um, að gefin yrðu út lagaboð til hegningar fyrir vísvitandi illa meðferð á kvikfénaði. Leiddi það til þess, að 1862 var af hálfu konungs gefið fyrirmæli um það, að ákvæði danskra laga um þetta efni skyldu gilda á Íslandi. Fáum árum síðar voru með ákvæði í almennum hegningarlögum ákveðin viðurlög við því að verða brotlegur í þrælslegri misþyrmingu eða annarri grimmdarfullri meðferð á skepnum, einkum húsdýrum. Var það lagaboð í gildi til 1915, þegar sett voru sérstök lög um dýravernd.

Óhætt mun að fullyrða, að á hinum síðustu áratugum hafi meðferð á húsdýrum og viðhorf manna til dýraverndunar breytzt til bóta. Félagsstarf áhugamanna á þessu sviði hefur haft mikil áhrif og góð í þá átt. Fóðrun og hirðing búfjár af hálfu bænda hefur tekið miklum framförum. Veldur því ekki eingöngu hagnaðarvon í sambandi við aukinn arð búfjárins, heldur jafnframt sjónarmið mannúðar í sambandi við meðferð húsdýranna. Að þessu styður einnig það, að dýralæknar þekkja nú og veita almenningi fræðslu um mildari aðgerðir og betri tæki til að ráða bót á ýmsum kvillum búfjár heldur en áður tíðkaðist. Eigi að síður er rétt og sjálfsagt, að lagaákvæði um dýravernd séu ótvíræð og skýr. Lög um dýraverndun eru orðin 40 ára gömul, og þótt þau hafi veitt aðhald um meðferð dýra, þá er orðið tímabært að endurskoða þau og setja fyllri ákvæði um þetta efni en nú eru í lögum.

Menntmn. leggur því til, að frv. þetta verði samþ., með þeim breytingum, sem prentaðar eru á þskj. 226.

1. brtt. felur í sér lítils háttar orðalagsbreytingu á 3. gr. frv., og er sú brtt. flutt eftir ábendingu bæði Búnaðarfélags Íslands og Dýralæknafélags Íslands. Enn fremur leggur n. til, að 4. tölul. 3. gr. falli niður. Það ákvæði, sem þar stendur í frv., mun vera óþarft og raunar óraunhæft, miðað við aðstöðu hér á landi.

2. brtt., sem er við 4. gr., felur ekki heldur í sér efnisbreytingu, heldur aðeins breytingu á orðalagi.

Þá er komið að brtt. við 9. gr. frv. Á það hefur verið bent, bæði af hálfu dýralæknanna og Búnaðarfélagsins, að orðalag þeirrar gr., eins og hún er í frv., þurfi breytingar við. Það má raunar segja, að sú gr. eigi naumast heima í þessu frv., og bendir til þess það ákvæði, að gert er ráð fyrir samkv. frv., að framkvæmd ákvæða þeirrar gr. sé í höndum annars rn. en frv., ef að lögum verður, að öðru leyti.

Um þá sérstöku aðgerð á húsdýrum, sem þar ræðir um, eru í gildi lög, sem engar tillögur hafa verið gerðar um að þyrfti að breyta. Menntmn. gerir það því að till. sinni að fella þessa gr. burt úr frv., en láta lög nr. 123 27. des. 1935, um gelding húsdýra, halda gildi sínu eins og þau hafa verið og eru nú.

4. og 5. brtt. eru aðeins leiðréttingar, sem leiðir af 3. brtt.

Þá er komið að brtt. við 15. gr. frv. Ákvæði frv. í þeirri gr. um áfrýjunarrétt aðila, ef nauðsyn þykir að deyða dýr, vegna þess að það sé sjúkt eða lemstrað, þykja n. of flókin og margþætt. Mun framkvæmd þeirra geta haft í för með sér mikil umsvif og jafnvel óþarfa kostnað, og leggur því n. til að færa ákvæði þeirrar frvgr. í einfaldara form en í frv. sjálfu er gert ráð fyrir. Orðalagið, sem n. leggur til að haft verði á gr., er í samræmi við álit og tillögur dýralæknanna sjálfra, sem sent hafa n. ábendingu um þetta atriði. Leggur því n. til, að gr. verði umorðuð eða stytt eins og greinir á þskj. 226.

Í 17. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að rn., sem hefur yfirstjórn þessara mála, njóti aðstoðar dýraverndarnefndar, sem menntmrn. skipar, fjóra nefndarmenn eftir tilnefningu vissra aðila, en yfirdýralæknir á að vera sjálfskipaður formaður nefndarinnar.

Menntmn. lítur svo á, að ekki muni vera þörf á að setja upp n. til að aðstoða rn. við framkvæmd þessara laga. Er það álit n. meðal annars byggt á því, að um langt skeið hefur starfað hér í landinu félag áhugamanna, Dýraverndunarfélag Íslands, sem hefur helgað sér þetta starfssvið, sem gert er ráð fyrir að n. eigi að annast.

Í umsögn Dýralæknafélags Íslands segir m. a. svo um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér á landi hafa um langt skeið verið starfandi dýraverndarfélög, sem unnið hafa mjög merkilegt og þarft starf í þágu dýraverndunarmála og orkað mjög á hugsunarhátt almennings í þessum efnum. Samkv. ákvæðum 17. gr. er gert ráð fyrir, að dýraverndarnefnd grípi mjög inn á verksvið dýraverndunarfélaga og njóti til þess fjárframlaga frá ríkissjóði. Teljum vér bæði óþarft og raunar ómaklegt að láta lögskipaða nefnd grípa þannig inn á verksvið, sem aðrir hafa helgað sér og rækt með prýði, því að allir, sem til þekkja, hljóta að viðurkenna, að mikið hefur áunnizt fyrir störf dýraverndunarfélaganna undanfarna áratugi.“

8. og 9. brtt. eru aðeins leiðréttingar í samræmi við aðrar till., sem lýst hefur verið, og 10. brtt. stendur og í sambandi við þá till. n. að láta 9. gr. falla burt, en lög nr. 123 1935 halda gildi sínu.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka hv. menntmn. og frsm. hennar fyrir þá vinnu, sem n. hefur lagt í að gerskoða þetta frv. Ég vil aðeins taka það fram, að ég fyrir mitt

leyti get fallizt á þau rök, sem hv. frsm. nefndarinnar flutti fyrir hönd n. fyrir þeim brtt., sem n. hefur flutt á þskj. 226, og mæli með því, að þær brtt. nái fram að ganga. Ég vil mjög eindregið óska þess, að frv. haldi síðan áfram og verði afgreitt úr þessari hv. d. sem fyrst, þannig að von geti verið til þess, að frv. nái samþykki á Alþingi því, er nú situr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 226,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 226,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
5.—7. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 226,3 (9. gr. falli burt) samþ. með 19 shlj. atkv.
10. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 226,4 samþ. án atkvgr.
11. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 226,5 samþ. án atkvgr.
12. og 13. gr., svo breytt (verða 11.—12. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
14. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 226,6 (ný 15. gr., verður 14. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
16. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 226,7 (ný 17. gr., verður 16. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
— 226,8 samþ. án atkvgr.
18. gr., svo breytt, og 19.—20. gr. (verða 17.—19. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 226,9 samþ. án atkvgr.
21. gr., svo breytt, og 22. gr. (verða 20.—21. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 226,10 samþ. með 20 shlj. atkv.
23. gr. (verður 22. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 12. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 227).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með **27** shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 54. fundi í **Ed., s. d.,** skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 55., 59. og 60. fundi í Ed., 14., 15. og 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 61. fundi í Ed., 22. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá hv. Nd., sem afgreiddi málið með mjög óverulegum breytingum. Meginbreytingarnar voru þær, að felld var niður ein grein í frv., eins og það var upphaflega, 9. gr., sem fjallaði um geldingu dýra, og breyting var gerð á 15. gr., sem fjallar einkum og sér í lagi um meðferð sjúkra og lemstraðra dýra og deyðingu þeirra. Hvorug þessara breytinga getur talizt mikilvæg, svo að málið kemur fyrir þessa hv. deild í aðalatriðum í sama búningi og það var lagt fyrir hv. Nd. Ég sé því ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um málið hér, en vildi þó aðeins vekja athygli hv. þingdeildar á helztu meginatriðum þess.

Við samningu þessa frv., sem var undirbúið af fyrrverandi hæstv. menntmrh., Bjarna Benediktssyni, en hann hafði falið Ármanni Snævarr prófessor að semja frv., voru dýraverndunarlögin frá 1915 og 179. gr. almennra hegningarlaga tekin til athugunar og höfð til hliðsjónar. Meginsjónarmiðið hefur verið, að kröfur almennings til aukinnar dýraverndar hafa á undanförnum árum stóraukizt. Við undirbúning málsins var enn fremur höfð hliðsjón af dýraverndarlögum á Norðurlöndum og í Þýzkalandi. Gildandi dýraverndarlög hafa verið í gildi svo til óbreytt frá 1915, en áður höfðu um dýravernd ekki verið önnur ákvæði í l. en ákvæði 299. gr. hegningarlaganna frá 1869.

Í þessu frv. er horfið að því ráði að nema almenn ákvæði um dýravernd úr hegningarlögum. Í stað þess er lagt til, að heildarrefsiákvæði um illa meðferð á skepnum verði í einum lögum, þ. e. lögum um dýravernd. Þessi háttur var tekinn upp í dýraverndunarl. frá 1915. Þegar hegningarl. voru endurskoðuð 1940, var aftur horfið að þeirri reglu, sem gilt hafði fyrir setningu fyrstu dýraverndunarl. frá 1915, að ákvæði voru tekin upp í hin almennu hegningarlög um refsiverða meðferð á skepnum.

Frumatriði allra dýraverndarlaga er að sjálfsögðu að kveða á um, hvaða meðferð á skepnum skuli teljast refsiverð eða vítaverð. Í þessu frv. er mörkuð sú almenna stefnuyfirlýsing, að skylt sé að fara vel með dýr, svo að þau þjáist ekki að nauðsynjalausu. Það er rétt að vekja sérstaka athygli á því, að í þessu frv. er mönnum beinlínis boðið að fara vel með dýr, en ekki látið við það sitja að banna illa meðferð á dýrum.

Þá eru og sérgreindar nokkrar þær kröfur, sem gerðar eru til forráðamanna dýra, til þess að almenningi verði ljósari þau víti, sem varast ber í þessum efnum. Allmiklu ríkari skylda er nú lögð á forráðamenn dýra en áður um að sjá þeim fyrir viðunandi vistarverum og fóðri. Þá er eiganda dýrs einnig gert að skyldu að sjá dýri fyrir hæfilegri umönnun, ef það slasast eða sýkist. Varðandi flutning á dýrum er gert að skyldu, að þess sé gætt, að þau njóti hæfilegs aðbúnaðar. Flutningar á dýrum fara nú mjög í vöxt í ýmsum samgöngutækjum, og hefur ekki verið talin vanþörf á því að brýna fyrir mönnum að hlynna vel að dýrum í sambandi við slíka flutninga.

Í upphaflega frv. var gert ráð fyrir því að skylda forráðamenn dýra til þess að leita löggiltra dýralækna til að framkvæma aðgerðir á dýrum, en þetta ákvæði var fellt úr frv. í hv. Nd., eins og ég gat um í upphafi máls míns.

Þá eru og í frv. nokkur ákvæði um notkun dýra í vísindalegum tilgangi, og eru þessi ákvæði

nýmæli í íslenzkum lögum. Notkun dýra í þessu skyni fer mjög í vöxt, bæði hér og annars staðar, og hefur þótt hæfilegt, að opinberu eftirliti verði beitt í þessu sambandi. Hér er gert ráð fyrir því, að sá, sem notar dýr í þessu skyni, þurfi að fá til þess opinbert leyfi. Fyrirmæli eru enn fremur um það, að skylt skuli að deyfa dýr, þegar því verður viðkomið, þegar þau eru notuð til vísindalegra rannsókna.

Í gildandi l. eru ekki sérstök ákvæði um stjórn dýraverndarmála, en það hefur þótt eðlilegt að skipuleggja þau mál nokkru betur en nú er gert.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að yfirstjórn dýraverndarmála verði í menntmrn. Sá háttur er þó víða annars staðar, að þessi mál lúta landbúnaðarráðuneytum. Var þetta mál rætt mjög ýtarlega í menntmn. Nd., og sýndist mönnum þar nokkuð sitt hvað um þetta efni. Niðurstaðan varð þó sú eftir rækilega athugun, að n. varð sammála um, að þeim hætti skyldi haldið, sem gert var ráð fyrir upphaflega í frv., þ. e., að menntmrn. skyldi hafa yfirstjórn allra mála, er varða dýravernd, en hins vegar bætt inn í ákvæði um það, að leita skyldi tillagna Dýraverndunarfélags Íslands, Búnaðarfélags Íslands, Dýralæknafélags Íslands og Hins ísl. náttúrufræðifélags, eftir því sem við verði komið, við setningu reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna um dýravernd. Vona ég, að samkomulag geti einnig orðið um það í þessari hv. deild, að þessi háttur verði á hafður, enda hefur það á síðari árum orðið meginstefna í íslenzkri löggjöf að sameina yfirstjórn allra friðunarmála, þ. á m. dýraverndarmála, í einu og sama ráðuneyti, menntmrn. Hitt er svo sjálfsagt og nauðsynlegt, að á milli þess og landbrn. sé jafnan náin samvinna, þar eð dýraverndarmálin snerta mjög ýmis atriði, sem þar koma til meðferðar.

Í þessum fáu orðum hef ég vakið athygli á þeim ákvæðum frv., sem ég tel að helzt megi telja til nýmæla. Það er skoðun mín, að nái þetta frv. fram að ganga, sé þar með aukið mikilvægum þætti í íslenzka friðunarlöggjöf, og vildi ég því leyfa mér að mælast til þess við hv. deild, að hún taki málið þann veg til meðferðar, að það auðnist að afgreiða það á þessu þingi.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. menntmn.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Af sérstöku tilefni langar mig til að fara nokkrum orðum um mál, sem snertir þetta frv.

Frv. til l. um dýravernd, sem liggur hér fyrir, er ætlað að ná til meðferðar á öllum dýrum. Það er ekki aðeins um að ræða góða meðferð á húsdýrum, heldur mannúðlega meðferð á öllum dýrum, þar með villtum dýrum. Að vísu kemur þetta ekki greinilega fram, að minum dómi, í frv. sjálfu, en það kemur greinilega fram í þeirri greinargerð, sem því fylgir.

Í 8. gr. er kveðið á um, að þegar dýr séu deydd, beri að gæta þess, að deyðing fari fram með jafnhröðum og sársaukalitlum hætti og frekast er völ á. Þetta ákvæði mun því samkvæmt greinargerð frv. ná til allra dýra, líka villtra dýra, hér á landi. En það, að ég stend upp hér nú, er einmitt í sambandi við þetta og blaðaskrif um illa og ómannúðlega meðferð á villtum dýrum, blaðaskrif, sem hafa nýlega birzt. Ég minnist þess, að tveir nafngreindir menn hafa nýlega skrifað í blöðin um ómannúðlega meðferð á refum. Það eru þeir Ásgeir Erlendsson og Guðmundur Einarsson frá Miðdal. Í blaðinu Tímanum 12. febr. 1957 skrifar Ásgeir Erlendsson grein, sem hann nefnir „Til skammar og skaða.“ Hann lýkur þessari grein með svofelldum orðum, með leyfi hæstv. forseta: „Meðan eitrun á sér stað hér á landi, er framkvæmdur að fyrirlagi löggjafarvaldsins verknaður, sem ekki er siðuðum mönnum samboðinn og kemur ekki að tilætluðum notum, en elur upp skaðræðisbíti og eyðir þessum fáu örnum, sem eru hér eftir. Ég skora fastlega á Dýraverndunarfélag Íslands að beita sér af alefli fyrir því, að eitrun fyrir tófur sé ekki lögboðin, heldur bönnuð. Við eigum ekki að kvelja og drepa þetta fallega og stolta fjalladýr á eitri, það á að falla fyrir byssuskoti.“ Þannig farast greinarhöfundi orð.

Í l. nr. 56 1949, um eyðingu refa og minka, segir svo í 10. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Skylt er að eitra fyrir refi og minka þriðja hvert ár í afréttum og heimalöndum. Oddvitar sjá um eitrunina, hver á sínu svæði, en þar sem fleiri hreppar eiga afréttir saman, skulu hlutaðeigandi oddvitar hafa samráð um eitrunina eða fá til sérstakan mann til að sjá um hana. Héraðslæknar eða lyfjabúðir láta oddvitum í hendur eitur eftir fyrirmælum landbúnaðarráðherra.“

Aðrir en þeir menn, sem ég tilgreindi áðan að skrifað hefðu í blöðin um, að þessi eitrunarherferð væri mjög ómannúðleg, hafa tjáð mér svipað í þessu efni. Þeir telja, að dýrunum sé misþyrmt með þessu, mörg þeirra deyi ekki, en líði kvalir eða deyi þá fyrst að loknum löngum þjáningum.

Ég vildi aðeins vekja máls á þessu atriði nú við 1. umr. um frv. þetta, sérstaklega í því skyni að vekja athygli hv. menntmn. á þessu. Ég teldi það þess vert, að þetta yrði tekið til athugunar um leið, hvort hér þyrfti einhverrar viðbótar við í þetta lagafrv. eða hvort ekki væri æskilegt, að tekin yrði þá til athugunar samtímis niðurfelling á þeirri lagagrein, sem ég las upp áðan, en hef svo ekki um þetta fleiri orð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Ed., 21. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 227, n. 357).

Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Gildandi lög um dýravernd eru nr. 34 frá 1915, eða rúmlega 40 ára gömul. Sem að líkum lætur, er orðið tímabært að endurskoða þau vegna breyttra aðstæðna í þessum málum. Í október 1955 fól þáv. menntmrh., Bjarni Benediktsson, Ármanni Snævarr prófessor að semja frv. til

nýrra dýraverndarlaga, og samdi prófessorinn frv. það, sem hér liggur fyrir.

Frv. er í sjö köflum, og því fylgir ýtarleg og fróðleg grg., þar sem rakin er saga dýraverndarmála frá fyrstu tíð og lögskýrð.

Frv. þetta kemur í stað 179. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 1940 og laga um dýraverndun, nr. 34 1915, ásamt breytingu, sem á þeim var gerð og er nr. 31 1922.

I. kafli frv. fjallar um meðferð dýra, og segir í 1. gr.:

„Skylt er að fara vel með dýr, svo að þau þjáist ekki að nauðsynjalausu.“

Um 1. gr. segir í athugasemdum við frv:

„Ákvæði þetta er mjög víðtækt og felur í sér stefnuyfirlýsingu um dýravernd.“

1. gr. lætur ekki við það sitja að banna illa meðferð á dýrum, heldur geymir hún jákvætt boð um, að menn fari vel með dýr. Á þessum grundvelli er frv. byggt.

II. kafli frv. er um deyðingu dýra og aðgerðir á dýrum. Eru þar ákvæði um, að dýralæknum einum sé heimilt að framkvæma allar meiri háttar aðgerðir á dýrum, og fleiri ákvæði þessu viðkomandi.

III. kafli er um notkun dýra í vísindalegum tilgangi.

IV. kafli er um eftirlit með framkvæmd laganna og fleira. V. kafli er um stjórn dýraverndarmála, VI. kafli um refsingu og önnur viðurlög og loks VII. kafli um almenn ákvæði, gildistöku laganna og brottfallin lög.

Af þessu yfirliti er ljóst, að hér er um ýtarleg ákvæði um dýravernd að ræða og mjög til bóta frá því, sem gilt hefur fram að þessu.

Frv. var lagt fram í hv. Nd., og tók það þar nokkrum breytingum. Var leitað umsagnar um það hjá Dýraverndunarfélagi Íslands, Dýralæknafélagi Íslands og Búnaðarfélagi Íslands. Umsagnir bárust frá öllum þessum aðilum. Dýraverndunarfélagið lagði til, að frv. yrði samþykkt óbreytt, en Dýralæknafélagið og Búnaðarfélag Íslands lögðu til, að það yrði samþykkt með nokkrum breytingum, og tók menntmn. Nd. till. þessara félaga að nokkru leyti til greina við samningu brtt. sinna.

Ég vil þá koma með nokkrum orðum að þeim breytingum, sem frv. tók í Nd.

Fyrsta breytingin, sem segja má að sé efnisbreyting, er, að 9. gr. frv. er felld niður, en sú grein var um vananir húsdýra. Dýralæknarnir og Búnaðarfélagið höfðu lagt til, að þessari grein yrði breytt allverulega, en samkomulag varð innan menntmn. Nd. að leggja til, að greinin yrði felld niður, og má í því sambandi benda á, að um þessar aðgerðir á húsdýrum gilda sérstök lög. Það eru lög nr. 123 27. des. 1935. Engin ósk hefur komið fram um, að þessum lögum yrði breytt nú, og þykir eðlilegt, að þau gildi áfram.

Þá var 15. gr. breytt, umorðuð og gerð einfaldari. Var það gert eftir ábendingu dýralæknanna.

Þá var gerð breyting á 17. gr. frv., en hún fjallar um stjórn dýraverndarmála. Í frv. var gert ráð fyrir, að menntmrn. skipaði fimm manna dýraverndarnefnd til fjögurra ára í senn. Skyldi einn skipaður eftir till. Dýraverndunarfélags Íslands, einn samkv. till. Hins íslenzka náttúrufræðifélags og einn eftir till. Dýralæknafélags Íslands. Menntmrn. átti að skipa einn nm., en yfirdýralæknir skyldi sjálfskipaður form. n. Skyldi nefnd þessi vera ráðuneytinu til aðstoðar um allt, sem snerti dýravernd og framkvæmd laga þar um. Breytingin, sem samþ. var í Nd., er í því fólgin, að fellt er niður ákvæðið um sérstaka nefndarskipun, en 16. gr. frv., eins og það er nú, sem fjallar um stjórn dýraverndunarmála, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Menntamálaráðuneyti hefur yfirstjórn allra mála, er varða dýravernd. Tillagna Dýraverndunarfélags Íslands, Búnaðarfélags Íslands, Dýralæknafélags Íslands og Hins íslenzka náttúrufræðifélags skal leitað, eftir því sem við á, við setningu reglugerða eða annarra stjórnarvaldsreglna um dýravernd.“

Annað segir ekki í þessari grein. Bæði Búnaðarfélag Íslands og Dýralæknafélag Íslands lögðu til, að nefnd þessi skyldi ekki skipuð, þ. e. a. s. þessi nefnd, sem talað var um í frv. og ég gat um áðan, og bentu í því sambandi á, að starf n. yrði að mestu það sama sem dýraverndunarfélög hefðu haft með höndum undanfarið, en þau hefðu ávallt unnið mjög merkilegt og þarft starf í þágu dýraverndunarmála og óráðlegt væri að láta lögskipaða nefnd grípa inn á þetta verksvið þeirra.

Menntmn. þessarar hv. deildar hefur, eftir að hún hefur athugað frv. og þær umsagnir um málið, sem leitað hefur verið eftir og borizt hafa, orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá hv. Nd. og er á þskj. 227. Einn nm., hv. 6. þm. Reykv., var ekki viðstaddur á nefndarfundi, þegar málið var endanlega afgreitt.

Hv. 1. landsk. þm. beindi því til n. við 1. umr. málsins, hvort ekki væri rétt að athuga í sambandi við þetta frv. um dýravernd ákvæði laga um eyðingu refa og minka, þar sem svo er mælt fyrir, að skylt er að eitra fyrir þessi villtu dýr þriðja hvert ár. Benti hann á, að eitrun fyrir dýr væri ómannúðleg aðferð við útrýmingu þeirra og þau liðu kvalafullan dauða á misjafnlega löngum tíma.

Nefndin tók til athugunar þessar ábendingar hv. þm., en var sammála um, að ekki væri rétt að taka ákvæðið um eitrun refa og minka upp í frv. um dýravernd. Um það mál gilda, sem kunnugt er og hv. þm. benti sjálfur á, sérstök lög. Ef banna ætti t. d. að eitra fyrir refi og minka, yrði slíkt ákvæði að koma sem breyting á þeim lögum, en ekki sem sérstakt ákvæði í lögum um dýravernd.

Ég vil svo endurtaka það, að nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það er á þskj. 227.

Páll Zóphóníasson: Það er eitt atriði í þessu frv., herra forseti, sem mig langar til að gera hér að umtalsefni.

Þegar ég heyrði, hvert málið hefði verið sent til umsagnar af nefndinni í Nd., þá var það sent Búnaðarfélagi Íslands og dýralæknunum. En hví var það ekki sent menntamálaráði eða háskólanum eða menntamönnunum? Hvers vegna var

það nú ekki sent þangað, þegar það á að heyra undir menntmrh. að öllu leyti?

Þeir hafa fundið, að efni þess var ekki í neinum sérstökum tengslum við menntamennina og listamennina, heldur væru þau meiri við búnaðinn, og þess vegna hafa þeir, þrátt fyrir það þótt þeir ætli að láta þetta allt saman heyra undir menntmrn. og það úrskurða þetta allt saman, sent þeim aðilum það, sem fást við búnaðinn. Og ég held líka, að svo eigi að vera. Við skulum segja, að það haldist þessi tíð, sem núna er, nokkuð lengi, og svo komi að því svona einhvern tíma í kringum sumarmálin, að það þurfi að sjá um fóður, til þess að skepnur líði ekki hungurdauða hér og þar úti á landinu, — það getur verið, að það fari svo — haldið þið þá, að menntmrh. fari að koma til skjalanna og senda hey, til þess að búfé falli ekki? Nei, það verður landbrn., sem kemur til skjalanna og hefur fyrirsögn um það, sem gera þarf. Ég held, að það sé alveg misskilningur að ætla menntmrh. — hver sem hann er, það skiptir ekki neinu máli — að hafa eftirlit og framkvæmd með þessum hlutum. Það er alveg nátengt búskapnum í landinu. Það er búfé, sem bændurnir hafa með að gera, sem hér er verið að ræða um, og það heyrir alveg undir landbrn., finnst mér. Ja, mér finnst þetta, og ég vildi biðja nefndina að athuga þetta. Ég skal taka dæmi frá í fyrravetur, og án þess að nefna nokkur nöfn, þá var maður til í fyrravetur, bóndi, sem átti búfé og fór illa með það. Hann hugsaði ekki einu sinni um að hafa nóg hús og rými í þeim. Það var svo þröngt í húsunum, að þegar hann gaf sauðfénu, komst það ekki allt á garða, og það misfórst herfilega hjá honum, þannig að þegar kom fram á veturinn dálitið, einmánuðinn, var það vitað mál, að um sumt af hans fé var þannig ástatt, að því var ekki lífvænt, nema gert væri eitthvað til þess að ráða bót á þessu. Haldið þið, að menntmrh. hafi farið að skipta sér af því? Það minntist enginn úr menntmrn. á það við mig einu orði. Ég var beðinn að fara þarna og hlutast til um, að þetta yrði lagað. Og ég gerði það fyrir áhrif frá landbrh., landbrn., en ekki frá menntamönnunum í landinu eða menntmrn. Svoleiðis held ég að verði allt af og ævinlega, og ég held þess vegna, að það eigi að breyta frv., og mun þess vegna benda n. á það milli umr. að láta það vera landbrn. á hverjum tíma, sem hefur yfirumsjón með þessu, en ekki menntmrn.

ATKVR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
8.—10. gr. samþ. með 13 shlj. akv.
11.—12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
13.—15. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
17.—19. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
20.—22. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 227, 372).

Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Það var við 2. umr. þessa máls, að hv. 1. þm. N-M. kvaddi sér hljóðs og lét það álit sitt í ljós, að sér fyndist ekki rétt, að þessi lagabálkur um dýravernd væri látinn heyra undir menntmrn., eins og frv. gerir ráð fyrir, og fór hann þess á leit, að nefndin athugaði milli umræðna, hvernig hún liti á þetta mál. Nú hefur hv. þm. lagt fram brtt. við frv., sem fer í þessa átt, að alls staðar þar, sem talað er um menntmrn., komi landbrn. í staðinn — og menntmrh., þar komi landbrh. í staðinn.

Menntmn. hefur ekki haldið fund um þetta mál, en ég get upplýst, að fjórir nm. eru andvígir því, að þessar brtt. á þskj. 372 verði samþykktar. Það er um þetta að segja, að friðunarlög, sem ekki er langt síðan samþykkt voru hér á hv. Alþingi, heyra undir menntmrn. Það eru lög um fuglaveiði og fuglafriðun og lög um náttúruvernd. Þessir lagabálkar báðir heyra undir menntmrn., og það er litið svo á, að lög um dýravernd séu skyld þessum málum að því leyti, að það fari ekki illa á því, að þau heyri einnig undir menntmrn. Auðvitað grípur þessi lagabálkur nokkuð inn á svið þeirra mála, sem heyra undir landbrn. og landbrh., þar sem er t. d. um meðferð búfjár að ræða og annað slíkt, svo að óhjákvæmilegt er, að það verði nokkur samvinna þar á milli. En sem sagt, fjórir nm. leggja á móti því, að þessar brtt. verði samþykktar, og leggja til, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir. Um afstöðu eins nm. er mér ekki kunnugt, það er hv. 4. landsk. þm. Hann var fjarverandi, þegar málið var til meðferðar í nefndinni, var þá erlendis, en varamaður hans tók þátt í afgreiðslu málsins og var sammála nm. um að leggja það til við hv. d., að málið yrði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið og ekki vera mikið að fylgja minum till. eftir, enda þótt ég álíti þær sjálfsagðar. Ég vil benda á það, og það er rétt hjá frsm., hv. 2. þm. Árn., að dýraverndarmálin hafa alltaf heyrt undir menntmrh. og eru búin að gera það, síðan lög urðu til um dýravernd hér á landi. En hvenær hefur menntmrh. skipt sér af því? Mig langar til að biðja hæstv. þm. að nefna eitt dæmi í þau milli 20 og 30 ár, sem lög hafa verið í gildi um dýravernd hér á landi, þar sem menntmrh. hefur látið það til sín taka. Ég tala nú ekki um, ef hann gæti nefnt ein tvö, þrjú.

Ég skal viðurkenna það fúslega, að það eru tvær dálitið ólíkar línur, sem þarna liggja. Menntamálanefndarmennirnir, sem þetta frv. hefur heyrt undir, hafa dregið línuna þannig, að það yrði sem allra bezt farið með dýrin, og óttast, að ef landbrh. hefði yfir málunum að segja, verði línan dregin með tilliti til þess, að arðurinn af dýrunum verði sem mestur. Þessar línur liggja þess vegna ekki „parallelt", segja þeir, og þess vegna sé nauðsynlegt að hafa þetta undir menntmrn. Frsm. sagði nú þetta ekki, en þetta sagði t. d. skrifstofumaður úr stjórnarráðinu, sem var að tala við mig í gær og biðja mig að taka þessar till. aftur, það ætti að heyra undir menntmrh., því að krafan um góða meðferð

skepnanna væri og yrði allt önnur hjá landbrn., það langt á milli þessara tveggja lína, þeirrar, sem landbrh. vildi setja fyrir hagsmuni bændanna annars vegar gagnvart dýrunum, og þeirrar, sem menntmrh. vildi setja hins vegar fyrir þeirra vellíðan fyrst og fremst. En nú er þetta svo, að þessar tvær línur eru ekki eins langt hvor frá annarri og haldið var í gamla daga. Í gamla daga voru til menn, og þeir eru einhverjir til enn, sem halda, að það sé hægt að hafa mest upp úr dýrunum, búfénu, sem hér er um að ræða, með því að fá að kvelja það. Sú skoðun er horfin ákaflega mikið. Það eru eftir af henni dálitlir steinrunnir steingervingar hér og hvar meðal þjóðarinnar, en hún er ákaflega mikið horfin, og þar með eru þessar tvær línur komnar hvor nálægt annarri.

Nú vil ég nefna nokkur dæmi, sem sýna, hvað menntmrh. gerir í málunum. Fyrir nokkrum árum var nokkuð almennt heyleysi í vissum hreppi á Norðurlandi. Það varð til þess, að stjórn Búnaðarfélags Íslands, sem á að hafa yfirumsjón með fóðagæzlunni, lét fara fram aukaskoðun, beitti sér fyrir því og fékk það fram í hreppsnefndinni, að færi fram aukaskoðun, þegar vantaði svona viku til sumars, og enn þá var allt haglaust. Þá lokaði einn maður öllum húsunum sínum með lás og sagðist ekki láta skoða hjá sér, það kæmi engum við, hvernig sínar skepnur væru og hvernig með þær væri farið, — lokaði húsunum með lás. Hreppsnefndin fór nú til sýslumannsins og heimtaði, að það væri gengið í að hleypa þeim inn og lofa þeim að sjá, hvernig þarna væri ástatt, svo að þeir gætu gert sínar ráðstafanir, því að menn vissu, að hann átti ekkert hey orðið eða svo til handa búfénu. Sýslumaðurinn sagði: Ja, þið verðið að malla þetta sjálfir. Það er ómögulegt fyrir mig að fara að skipta mér af þessu. — Hringdi hann til menntmrh.? Nei, það gerði hann ekki. Hann hringdi í mig, sem kom náttúrlega málið við að nokkru leyti sem manni, sem hafði það á hendi í og með að sjá um framkvæmdina á fóðagæzlunni fyrir hönd landbrh. Eftir að ég hafði talað við hreppsnefndina, komst ég að raun um, að það var orðið svo stift á milli hennar og mannsins, að það þýddi ekkert að reyna að láta hreppsnefndina hafa með það að gera. Mér datt meira en svo í hug menntmrh. og dýravernd. Ég gerði það nú ekki. Ég hringdi til föðurbróður hans, sem bjó í allt öðrum hrepp langt frá og ég vissi að hafði næg hey, og bað hann að fara að heimsækja hann svona að gamni sínu, — það væri langt síðan hann hefði komið þangað o. s. frv., og endirinn varð sá, að hann fór og heimsótti hann, og þegar þeir voru búnir að spjalla saman um kvöldið, sendi hann honum tvo heysleða morguninn eftir, og allt bjargaðist. Það var ekki menntmrh., sem kom neitt að þessu, — ekki nokkur hlutur og engar ábendingar frá honum um það.

Ég gæti tínt til ákaflega margar sögur svipaðar þessari. Ég gæti sagt sögu úr allt annarri sveit og allt öðrum parti af landinu. Þetta var norðan af Norðurlandi. En vestur á Vestfjörðum var sýnilegt að hausti til, að mann vantaði töluvert mikið fóður til að hafa handa sínum skepnum, og fóðagæzlumennirnir, sem áttu að sjá um það heima fyrir, sáu, hvað hann átti og að það var ekki nóg, og töluðu um það við hann. Ja, hann sagðist nú kaupa bara fóður; ef og þegar það vantaði og ef það yrði hart í vetur, þá keypti hann fóður. Þeir sögðust hafa bent honum á, að hann væri nú þar á landinu, sem draga þyrfti að sér á sjó, og byggi við svo lygnan og lítinn fjörð, að hann legði stundum langt út, svo að það væri ómögulegt að draga að sér neitt að vetrinum, því að hann er ekki í vegasambandi. Ja, það leggst nú ekki svoleiðis að veturinn, sagði hann, og gerði ekki neitt. Nú hvert fóru þeir svo? Þeir fóru suður í Búnaðarfélag og töluðu um þetta við mig. Ég sagði þeim: Farið þið bara í sýslumann. Látið hann fyrirskipa manninum. Hann getur gert það, hvort heldur sem vera skal eftir lögunum um dýravernd, sem þá giltu, ellegar eftir lögunum um fóðagæzluna. Ja, það er nú alveg ómögulegt að gera það. Ég get ekki sent sýslumanninn á mann, sem er giftur systur minni, sagði annar fóðagæzlumaðurinn. Og svo varð ég að fara aftur aðrar krókaleiðir til að ná markinu. Og það náðist.

Þess vegna hef ég enga trú á því, að menntmrh. geri nokkurn hlut í svona málum, þegar til þarf að taka, sem að gagni má verða viðvíkjandi dýravernd. Ég held það ekki. Og ég held, að línurnar liggi orðið svo „parallelt“, þessi, sem menntamálanefndarmennirnir leggja, sem eru með það sjónarmið, að öllum skepnum hér á jarðríki eigi að líða sem allra bezt, og við skulum segja að sé sjónarmið menntamálanefndarmannanna, — ég held, að það sé orðið svo mjótt millibil á milli þess sjónarmiðs og hins, að það sé farið þannig með skepnurnar, að þær gefi sem mestan arð til eigendanna, að það sé rétt að láta það vera allt hjá einum og sama manninum, landbrh. Ég held það, því að mannskepnan er nú einu sinni þannig, að enn þá er það svo, að þó að það eigi að snerta hana eitthvað mál, sem við koma almennum hlutum og meira og minna eru þó tilfinningamál á andlega sviðinu, eins og meðferð á einhverri skepnu, þá snerti það 90% af þjóðinni miklu minna en ef það snertir budduna beint. Þá fara menn að kveinka sér. Þá fara menn að taka tillit til hlutanna. Þess vegna á að fylgja neðri línunni, ef það er eitthvert verulegt bil á milli þeirra enn þá, sem ekki er nú orðið víðast hvar á landinu. Það er það, sem ég tel að sé rétt að gera.

Auk þess arna var ég þarna með eina brtt., ósköp litla. — Mér fannst það vera hortittur í 10. gr. að vísa í 9. gr. Það er ekkert í 9. gr., sem hægt er að vísa á, nema vera kynni: „ákvæði þessi eiga einnig við um skurð á hala á kúm eða á eyrum og rófum á hundum“. Það getur ekki átt við það. Það má enginn gera það nema dýralæknir. Þó er öðrum en dýralæknum heimilt að stýfa rófu af hvolpum, vikugömlum og yngri. En það er samróma álit dýralækna og annarra, að yfirleitt á þeim aldri sé það þeim ekki meira en ef maður rispar sig með títuprjóni í hönd eða eitthvað svoleiðis og sé þess vegna engin ástæða til að vera að vitna í, að dýralæknir þurfi að framkvæma slíka aðgerð. Það skiptir ekki neinu máli. Sem sagt ég legg ekkert kapp á þetta mál að neinu leyti. En mér finnst þetta vera hortittur, og mér finnst málinu í heild betur borgið með

því að draga tvær „parallelar" línur saman, — þær eru komnar hér um bil saman, — og láta þann þeirra, sem hefur á hendinni þau mál, sem eru þess eðlis, að þau koma við pyngju manna, hafa yfir þeim að ráða, en ekki hinn, sem á bara að tala til tilfinninganna.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Þetta frv. til l. um dýravernd hefur verið mjög rækilega undirbúið. Fyrrv. menntmrh. fól það Ármanni prófessor Snævarr, og hefur hann lagt í það mikla vinnu og vandvirkni að gera frv. sem bezt úr garði. Frv. var lagt fyrir Nd. sem stjórnarfrumvarp.

Menntmn. þessarar deildar ræddi málið ýtarlega á fjórum fundum. Ég hreyfði því í n., að af þeim breytingum, sem Nd. hefði gert á frv., teldi ég eina verulega til hins verra, og það væri að fella niður ákvæði 17. gr. frv. um sérstaka dýraverndunarnefnd, sem skyldi vera ráðuneytinu til aðstoðar í þessum málum. Svo illa hittist á, að ég gat ekki sótt þann nefndarfund, þegar málið var svo afgreitt, og aðrir nm. mæltu með frv. óbreyttu.

Ég hef ekki flutt brtt. um þetta, vegna þess að ég vissi, að ýmsir lögðu áherzlu á að fá málið samþ. óbreytt hér í d., svo að það þyrfti ekki að ganga aftur til Nd. Nú hafa hins vegar verið bornar fram allýtarlegar brtt., sem skipta töluverðu máli, af hv. 1. þm. N-M., og ég tel því rétt að hreyfa þessu máli nú og vil biðja hæstv. forseta um að fresta málinu, til þess að færi gæfist til þess að koma þessari till. að, en þetta mun vera 3. umr.

Það segir í grg. þessa frv., að sums staðar sé sá háttur hafður um dýraverndarmál, að sérstakar dýraverndarnefndir, nefndir kunnáttumanna og áhugamanna, séu starfandi til ráðuneytis valdamönnum í þessu efni. Í grg. er m. a. bent á, að sá háttur sé á hafður í Noregi, og hefur verkefni þessara nefnda verið að hafa vakandi auga á brotum á dýraverndarlögum og eiga frumkvæði að því, sem horfa má til framdráttar dýravernd þar í landi. Hafa þessir hættir þótt gefast vel, segir í grg. frv. Þessi háttur er svo upp tekinn af höfundi frv., og í 17. gr. hins upphaflega frumvarps segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Menntamálaráðuneyti hefur yfirstjórn allra mála, er varða dýravernd. Ráðuneytið nýtur aðstoðar dýraverndarnefndar um stjórn þeirra málefna. Menntamálaráðuneyti skipar nefndina til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti fimm menn. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tillögum Dýraverndunarfélags Íslands, einn eftir tillögum Hins íslenzka náttúrufræðifélags, einn eftir tillögum Dýralæknafélags Íslands. Menntamálaráðuneyti skipar einn nefndarmann, en yfirdýralæknir er sjálfskipaður formaður nefndarinnar."

Ég tók það fram í n. og vil taka það fram enn, að ég tel rétt að halda þessari skipan eins og frv. lagði til, að hafa dýraverndarnefnd og eins skipaða og þar er, að öðru leyti en því, að ég tel sjálfsagt, að Búnaðarfélag Íslands tilnefni þó einn mann í nefndina. Gæti þá orðið sú breyting á, að þessir þrír aðilar, sem hér eru nefndir, tilnefndu menn, auk þess Búnaðarfélagið og yfirdýralæknir yrði sjálfkjörinn formaður nefndarinnar.

Síðan segir í 17. gr.:

„Tillagna dýraverndarnefndar skal leitað við setningu reglugerða eða annarra stjórnvaldsreglna um dýravernd. Nefndinni er skylt að gera tillögur til menntmrn. um allt, sem horfir til framdráttar dýravernd" o. s. frv. Dýraverndarnefnd skal starfa kauplaust. En þó að nefndarmenn fengju ekki laun, þá er því ekki að leyna, að óhjákvæmilega yrði einhver kostnaður af störfum hennar.

Ég tel af ýmsum ástæðum þessa skipun heppilegri, að hafa þarna ráð eða nefnd kunnáttu- og áhugamanna, heldur en að það heyri eins og hvert annað venjulegt mál undir ráðuneytið beint og starfsmenn þess.

Í grg. segir m. a. um þetta, að það mundi vera hagur að því fyrir ráðuneytið að hafa sér við hlið nefnd kunnáttumanna og áhugamanna um dýravernd, þegar til framkvæmdar á lögunum kemur. — M. a. á nefndin að láta í té umsagnir handa löggæzlumönnum, ákæruvaldi og dómstólum um þessi mál. Enn fremur er það verkefni nefndarinnar að beita sér fyrir aukinni þekkingu manna og skilningi á dýraverndarmálum. Er hér einkum höfð í huga ýmiss konar útbreiðslustarfsemi í ræðu og riti, fræðsla í skólum og útvarpi, efling félagsstarfsemi, er lætur sig dýravernd varða, o. s. frv.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri að sinni. Ég tel miður farið, að Nd. felldi þetta ákvæði niður, og vil sem sagt fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann fresti þessari umr. til næsta fundar, svo að færi gæfist á að semja og koma á framfæri þessari brtt.

Varðandi það atriði, undir hvaða rn. þessi mál eigi að heyra, þá er það náttúrlega mikið álitamál, og ég skal viðurkenna, að það er margt í málflutningi hv. 1. þm. N-M., sem ég get alveg fallizt á. Það er líka þannig, að í ýmsum löndum er þessu ólíkt farið. Í Noregi heyra dýraverndarmál undir landbrn., eins og hv. þm. leggur til að verði gert hér. Í Danmörku heyra þessi mál hins vegar undir dómsmrn. En ástæðan til þess, að hér hefur verið lagt til í þessu frv., að dýraverndarmál heyri undir menntmrn., er sú, að svo hefur jafnan verið um dýraverndarmálin, ég held frá upphafi, og önnur friðunarmál heyra einnig undir það rn. Þannig er ákveðið t. d. í lögunum um fuglaveiðar og fuglafriðun, sem voru samþ. hér á Alþ. fyrir þrem árum, að þau mál heyra undir menntmrn., og sama er í lögunum um náttúruvernd, sem samþ. voru á síðasta þingi, að þau mál heyra undir menntmrn. Þess vegna hafa þótt hyggilegri vinnubrögð að sameina öll þessi friðunarmál á einn stað, í eitt og sama ráðuneyti, og hef ég orðið öðrum nm. í menntmn. sammála um, að rétt sé að halda þessari skipan, þó að ég hins vegar, eins og ég tók fram, geti fallizt á ýmis af rökum hv. þm. fyrir brtt. hans.

Umr. frestað.

Á 81. fundi í Ed., 2. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 227, 372, 395).

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Síðan þessari umr. var frestað s. l. föstudag, hefur menntmn. haldið fund og orðið á einu máli um að flytja brtt. við 16. gr. frv. Efni þeirrar brtt. er að taka upp það ákvæði, sem var í frv. upphaflega, þ. e. í 17. gr., að sérstök dýraverndarnefnd skuli vera menntmrn. til aðstoðar. Skuli hún þannig skipuð, eins og greinir í brtt. á þskj. 395, og starfa kauplaust. Nefndin á að vera skipuð eins og upphaflega var lagt til í stjórnarfrv., að öðru leyti en því, að tekin er inn tilnefning eins manns af hálfu Búnaðarfélags Íslands, þannig að menntmrh. skipi n. til fjögurra ára, skuli einn nm. skipaður eftir till. Búnaðarfélags Íslands, einn eftir till. Dýraverndunarfélags Íslands, einn eftir till. Hins ísl. náttúrufræðifélags, einn eftir till. Dýralæknafélags Íslands, menntmrh. skipar einn nm. án tilnefningar, en nefndin kjósi sér sjálf formann.

Þetta mál var rætt nokkuð hér við fyrri hluta þessarar umr., og sé ég ekki ástæðu til að bæta þar neinu við, en menntmn. leggur til, að þessi till. á þskj. 395 sé samþykkt.

Nefndin hefur einnig rætt um brtt. frá hv. 1. þm. N-M. á þskj. 372 og telur ekki ástæðu til að mæla með samþykkt þeirra.

ATKVGR.
Brtt. 372,1 felld með 9:2 atkv.
— 372,2 tekin aftur.
— 372,3 felld með 8:1 atkv.
— 372,4—6 tekin aftur.
— 395 samþ. með 13:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 49. fundi í Sþ., 3. apríl, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 399).

Á 80. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið aftur til þessarar hv. d. frá Ed. Í hv. Ed. hefur verið gerð breyting á einni gr. frv., og tel ég eðlilegt, áður en málið verður endanlega lögfest, að menntmn. þessarar d. gefist kostur á að athuga að nýju þá breytingu. Ég vil mælast til þess, að hæstv. forseti fresti afgreiðslu þessa máls nú á þessum fundi, en að menntmn. gefist tækifæri til að líta á málið, og mun það ekki þurfa að tefja fyrir afgreiðslu þess að neinu ráði, gæti jafnvel orðið tilbúið á næsta fundi.

Umr. frestað.

Á 81. fundi í Nd., 5. apríl, var fram haldið einni umr. um frv.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Menntmn. hefur athugað þetta frv. að nýju og orðið ásátt um að fallast fyrir sitt leyti á þá breytingu, sem gerð var á málinu í hv. Ed., og leggur til, að frv. verði lögfest, eins og það liggur nú fyrir.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 418).

---

24. Vísitala byggingarkostnaðar.

Á 66. fundi í Ed., 8. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um vísitölu byggingarkostnaðar [133. mál] (stjfrv., A. 325).

Á 68. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það mun hafa verið sumarið 1955, að þáverandi félmrh. skipaði tvo menn, þá Guðlaug Þorvaldsson deildarstjóra í hagstofunni og Bárð Ísleifsson arkitekt, til þess að endurskoða grundvöll vísitölu byggingarkostnaðar. Nál. barst frá þessum mönnum núna á s. l. hausti, og lögðu þeir fram ýtarlegar till. að nýjum grundvelli vísitölu byggingarkostnaðar.

Þetta nál. hefur nú verið prentað, og var því útbýtt fyrir nokkru hér á Alþingi, svo að hv. alþm. gætu átt kost á að kynna sér það rækilega. Ég tel, að í þessu nál. sé mjög mikill fróðleikur um kostnað við byggingar í Reykjavík, og það er í raun og veru grundvöllurinn undir þessu frv.

Það er upplýst af þessum áðurnefndu nm., að þeir sóttu mikinn fróðleik til Tómasar Vigfússonar byggingarmeistara um byggingarhætti og byggingarkostnað og byggja, eins og þeir sjálfir segja, mjög mikið útreikninga sína um þennan vísitölugrundvöll á upplýsingum hans, en þessar sundurliðuðu upplýsingar Tómasar Vigfússonar eru allar í nál., sem ég áður minntist á.

Í þessu nál. eru sundurliðaðar upplýsingar um kostnað hins svonefnda vísitöluhúss og enn fremur samanburður á því og kostnaði við hið svonefnda vísitöluhús 1939.

Ákvæði um vísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík og útreikning hennar voru í lögum um brunatryggingar í Reykjavík, en ákvæðin voru numin úr gildi með lögum nr. 25 frá 1954, um brunatryggingar í Reykjavík, en síðan hafa engin bein lagafyrirmæli verið til um, að þessi vísitala skyldi reiknuð út. Þetta hefur hagstofan þó gert á sama grundvelli og áður fram að þessu, en telur ekki rétt, að grundvöllur þessa starfs hvíli áfram í lausu lofti.

Lagafyrirmæli hafa líka verið til um, að hagstofan skuli árlega reikna út vísitölu byggingarkostnaðar fyrir kaupstaði og kauptún og að teiknistofa landbúnaðarins eigi að sínu leyti að reikna út sambærilegan vísitölugrundvöll byggingarkostnaðar í sveitum. Þetta hefur teiknistofa landbúnaðarins þó ekki gert, sennilega ekki treyst sér til að framkvæma það, enda munu þessi lagaákvæði hafa verið sett án samráðs bæði við hagstofuna og teiknistofu landbúnaðarins á sínum tíma.

Hagstofan hefur ekki heldur reiknað út sérstaka byggingarvísitölu fyrir kaupstaði og kauptún utan Reykjavíkur, heldur hefur þessi háttur verið á hafður, að hagstofan hefur áætlað vísitölu byggingarkostnaðar fyrir kaupstaði og kauptún með hliðsjón af byggingarkostnaðinum í Reykjavík, eins og hann hefur verið árlega, og sú vísitala hefur síðan verið látin gilda einnig fyrir sveitirnar.

Nú mundu menn spyrja: Hvaða gagn er að því að hafa slíka vísitölu byggingarkostnaðar, eða undir hvaða kringumstæðum hefur hún komið til notkunar?

Um það atriði skal ég aðeins segja þetta, að vísitala byggingarkostnaðar hefur aðallega verið notuð við ákvörðun söluverðs íbúða í verkamannabústöðum og í byggingarsamvinnufélögum og svo á tímabili til þess að ákveða brunabótaverð húsa.

Með tilliti til þeirrar kaupjöfnunar, sem nú er orðin í landinu, er lagt til í þessu frv., að framvegis verði reiknuð út aðeins ein vísitala fyrir landið allt og hún verði miðuð við verðlag í Reykjavík.

Samkvæmt fyrri ákvæðum var vísitalan reiknuð út aðeins einu sinni á ári, en í þessu frv. er gert ráð fyrir, að vísitala byggingarkostnaðar verði reiknuð út þrisvar sinnum á ári, miðað við verðlagið í febrúarmánuði, júní og október. Það er hagstofustjóri, Klemenz Tryggvason, sem hefur samið þetta frv. og byggir frv. á þeim grundvelli, sem lagður var með nefndarstarfi þeirra Guðlaugs Þorvaldssonar og Bárðar Ísleifssonar, sem ég hef áður vitnað til.

Ég tel, að með þessu frv. sé þessum málum komið á öruggan og traustan grundvöll, og tel nokkra nauðsyn vera á því og mæli með því, að þetta frv. verði samþ. og afgr. á þessu þingi.

Ég legg til, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 325, n. 366).

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Það mál, sem hér er til umræðu, er allviðamikið og felur í sér miklar breytingar, og mér hefur ekki tekizt, síðan n. fjallaði um málið, að vinna úr þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu, og vildi þess vegna eindregið mælast til þess við forseta, að umr. um þetta mál yrði á þessu stigi frestað til morguns, sem ég vona að sé nægjanlegur tími fyrir mig að öllu forfallalausu til þess að ljúka því, sem ég tel nauðsynlegt að fram komi í framsöguræðu fyrir málinu, þegar það verður tekið fyrir.

Umr. frestað.

Á 77. fundi í Ed., 26. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. til laga um vísitölu byggingarkostnaðar á þskj. 325, sem hér liggur nú fyrir, hefur heilbr.- og félmn. rætt og yfirfarið og mælir einróma með samþykkt þess, eins og nál. á þskj. 366 ber með sér.

Frv. fylgir allýtarleg grg., og enn fremur hefur verið til útbýtingar hjá skjalaverði álit eða grg. þeirra Guðlaugs Þorvaldssonar í Hagstofu Íslands og Bárðar Ísleifssonar hjá húsameistara ríkisins, en frv. í sinni núverandi mynd er til orðið fyrir þeirra atbeina og samið endanlega af Hagstofu Íslands.

Samkvæmt lögum, sem sett voru um vísitölu byggingarkostnaðar árið 1943, hefur Hagstofa Íslands annazt árlegan útreikning hennar á grundvelli þeirra laga. Vísitöluhús það, sem lagt var til grundvallar þessum útreikningum, er miðað við byggingarvenjur í byrjun síðari heimsstyrjaldarinnar, við kröfur þess tíma. Var það talið vandað að framlagi og frágangi, en án íburðar. Húsið var tvílyft, 64 fermetrar að flatarmáli, en 500 rúmmetrar að teningsmáli.

Nú hefur það ekki farið á milli mála, að nokkur ágreiningur eða réttar sagt ádeilur hafa verið uppi um það í byggingariðnaðinum, hvort þetta 16 ára gamla vísitöluhús væri réttur grundvöllur laganna. Ýmsir hafa talið, að margt hafi tekið þeim breytingum í byggingarháttum á þessum síðari árum, að nauðsynlegt væri að endurskoða grundvöllinn og reikna út að nýju. Í ýmsum greinum athafnalífsins hafa og gerzt stórfelldar breytingar og kröfur almennings til íbúðarhúsa stórvaxið.

Eðlilegt var því talið, að fram færu nýir útreikningar á grundvelli byggingarvísitölunnar, og er tilgangur frv. þessa sá að lögfesta hinn nýja grundvöll.

Við útreikninga þessa hafa þeir Guðlaugur og Bárður notið mikilsverðrar aðstoðar Tómasar Vigfússonar byggingarmeistara, sem lét þeim í té ýtarlegar og traustar upplýsingar um byggingarkostnað og byggingarhætti.

Þeir Guðlaugur og Bárður skiluðu áliti sínu til ráðuneytisins haustið 1956 og gerðu þar till. um hinn nýja vísitölugrundvöll, sem lagður er til grundvallar frv. þessu.

Í gildandi lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur og eldri lögum um sama efni er gert ráð fyrir, að hagstofan reikni út sérstaka vísitölu fyrir kaupstaði og kauptún utan Reykjavíkur, en svo aftur sérstaklega fyrir Reykjavík samkvæmt lögum um brunatryggingar þar. En við síðustu breytingu þessara laga fyrir tveim árum var ákvæðið um vísitölu byggingarkostnaðar ekki endurnýjað, og eru því engin bein lagafyrirmæli um, að slík vísitala væri reiknuð út nú í dag. Teiknistofu landbúnaðarins hefur hins vegar verið falinn útreikningur á byggingarvísitölu í sveitum, en hefur ekki treyst sér til þess vegna ólíkra aðstæðna. Hagstofan hefur hins vegar áætlað vísitölu byggingarkostnaðar fyrir kaupstaði og kauptún með hliðsjón af vísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík, en sú áætlun hefur og verið grundvöllur fyrir sveitirnar og dreifbýlið.

Hver er þá höfuðtilgangurinn með útreikningi þessarar byggingarvísitölu? Tilgangurinn er í höfuðatriðum tvenns konar: Í fyrsta lagi er grundvöllurinn notaður til þess að ákveða söluverð íbúða í verkamannabústöðum og samvinnubyggingarfélagshúsum. Í öðru lagi til þess að ákveða brunabótaverð húsa.

Vegna þeirrar heildarsamræmingar, sem gerð hefur verið í kaupgjaldsmálum undanfarin ár úti um landið, og aukinnar hlutdeildar launa í byggingarkostnaði hefur verið talið eðlilegt, að sama byggingarvísitala væri látin gilda um land allt.

Frv. þetta, ef að lögum verður, felur í sér þessa sjálfsögðu breytingu.

Í fyrrnefndum lögum, nr. 87 1943, er gert ráð fyrir, að byggingarvísitala skuli reiknuð út einu sinni á ári, en það hefur mjög rýrt gildi vísitölunnar. En frv. þetta gerir ráð fyrir, að hún sé framvegis reiknuð út þrisvar á ári, miðað við verðlag í febrúar, júní og október hvert ár.

Þetta ákvæði hefur sérstaka þýðingu fyrir ákvörðun um söluverð á íbúðum byggingarsamvinnufélagshúsa og verkamannabústaða, og ætti þessi breyting að tryggja það, að meira tillit yrði til vísitölunnar tekið og nákvæmni hennar meiri um raunverulegan kostnað á hverjum tíma.

Í áliti þeirra Guðlaugs og Bárðar eru gerðar till. um nýtt vísitöluhús, er leysi hið eldra af hólmi, en eins og áður er sagt, hafa um hið eldra hús staðið deilur og það talið vera orðið í ósamræmi við nútímakröfur um byggingu íbúðarhúsa.

Hið nýja vísitöluhús er tvær hæðir, kjallari og ris. Kjallarinn er 115.48 fermetrar, en rúmmál hússins alls er 1205 teningsmetrar. Húsið er steinsteypt og samkvæmt lýsingu þeirra félaga miðað við fyllstu nútímakröfur. Gert er ráð fyrir, að hin nýja vísitala eftir 1. okt. 1955 verði fundin á grundvelli þessa húss og þá einnig tengd eldri vísitölu, reiknaðri út samkvæmt áðurnefndum lögum, nr. 87 1943, með því að margfalda hina fyrrnefndu með tölunni 9.69. Hagstofunni er enn falinn úrskurður vafaatriða.

4. gr. frv. gerir og ráð fyrir, að hagstofunni ásamt húsameistara ríkisins verði falin athugun á tíu ára fresti um það, hvort byggingartaxtinn hafi breytzt svo, að endurskoðun á grundvelli vísitölunnar sé nauðsynleg.

5. gr. frv. gerir ráð fyrir, að fyrsti útreikningur samkvæmt fyrrgreindri aðferð verði miðaður við verðlag í febrúar 1957.

Í fyrrnefndu áliti er gerður nokkur samanburður á þessum nýja grundvelli og hinum eldri á 14 kostnaðarliðum byggingana, miðað við verðlag 1. okt. 1955 í báðum tilfellum.

Þessir liðir eru:

1. Trésmíði. 2. Múrsmíði. 3. Erfiðisvinna og akstur. 4. Málun. 5. Raflögn. 6. Eldfæri, miðstöð, hreinlætistæki o. fl. 7. Pappi, veggfóðrun, gólfdúkur. 8. Þakjárn, steypujárn, vír o. fl. 9. Hurða- og gluggajárn, saumur, gler o. fl. 10. Timbur. 11. Hurðir og gluggar. 12. Sement og kalk. 13. Sandur og möl. 14. Ýmislegt.

Samkvæmt þessum samanburði hafa aðeins tveir liðir lækkað, múrsmíði um 4.8% og raflögn um 1.3%. Einn liður, þakjárn, steypujárn, vír o. fl., stendur í stað, en allir aðrir liðir hækka eitthvað. Mest er hækkun á sandi og möl, 4.4%, og minnst á hurðum og gluggum, 0.3%. Til grundvallar þessum samanburði er lagður kostnaðarsamdráttur gamla vísitöluhússins.

Mikið hefur verið rætt um byggingarkostnað á undanförnum árum og þá sérstaklega, hverja leið beri að fara til þess að lækka hann. Efni til bygginga og vinnulaun hafa hækkað, og sífellt aukast kröfurnar um vandaðra og íburðarmeira húsnæði.

Með tilliti til þessarar staðreyndar hefur mönnum verið mikill vandi á höndum varðandi tillögur um lækkaðan byggingarkostnað. Í þessu sambandi hafa hugir manna beinzt æ meir að byggingu fjölbýlishúsa. Get ég ekki stillt mig um að lesa hér upp niðurstöður þeirra Guðlaugs og Bárðar af athugunum þeirra um þetta efni, með leyfi hæstv. forseta, en þeir segja svo:

„Niðurstaða þessara athugana er sú, að fengizt hafa upplýsingar um tvær sambyggingar, þar sem raunverulegt kostnaðarverð á teningsmetra, fært frá raunverulegum byggingartíma til 1. okt. 1955 nokkurn veginn eftir breytingum á kostnaðarverði vísitöluhússins á sama tíma, er 822 og 780 kr. á rúmmetra, og er þá talið, að söluhagnaður jafngildi meistaraálagi, sem ekki virðist óeðlilegt. Auk þess hafa fengizt upplýsingar um tvær íbúðir í sambyggingu, þar sem hliðstæð tala er 792 og 797 kr. á rúmmetra. Kostnaðurinn 1. okt. 1955 á vísitöluhúsinu er 925 kr. á rúmmetra, þannig að íbúðirnar í sambyggingunum eru 11—15½% ódýrari. Miðað við 11.9% hækkun byggingarkostnaðar frá 1. okt. 1955 til 30. sept. 1956 mun teningsmetrinn í sambyggingunum kosta 873 kr. til 920 kr. Þar sem slíkur samanburður getur aldrei orðið fullkomlega nákvæmur, þar sem vísitöluhúsið er ekki nákvæmlega þverskurður áðurgreindra bygginga, heldur öllu vandaðra, virðist ekki ástæða til annars en að binda sig við það, sem áður hefur verið sagt í samræmi við reynslu þekktra byggingarfrömuða, að það sé yfirleitt a. m. k. 10% ódýrara að byggja í sambyggingu en sjálfstætt."

Þetta er umsögn þeirra félaga um þá athugun, sem þeir hafa gert. Hér er þó ekki reiknað með þeirri lækkun, sem eðlilega yrði á kostnaði bæjar- og sveitarfélaga, ef byggingarframkvæmdum íbúðarhúsa yrði beint að sem mestu leyti inn á byggingu fjölbýlishúsa. Kostnaður við gatnagerð, holræsa- og raflagnagerð yrði að sjálfsögðu mun minni og möguleikar til skattalækkunar þar af leiðandi meiri.

Þessar staðreyndir er rétt að menn hafi í huga, þegar rætt er um lausn hins gífurlega húsnæðisskorts annars vegar og ástæðurnar, sem liggja til þess neyðarástands, sem nú ríkir hjá húsbyggjendum, hins vegar.

Ég hef hér reynt að drepa á það helzta, sem tengt er þessu máli, samkvæmt þeim gögnum, er fyrir liggja. Rétt er þó að geta þess að lokum, að n. þótti ekki ástæða til þess að leita umsagnar um svo vel undirbúið mál, en hagstofustjóri hafði haft með í ráðum teiknistofu landbúnaðarins, og hafði hún engar athugasemdir við frv. að gera.

N. leggur — eins og ég gat um í upphafi — til, að frv. verði samþ. eins og það var í upphafi fram borið.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Þó að ég kveðji mér hljóðs, þá er það í raun og veru ekki til þess að gera neinar aths. við frv. út af fyrir sig, en það er til að biðja n. að athuga, hvort mögulegt kunni að vera — ég efast um, að það sé hægt — að koma inn í þetta frv. eða á annan veg ákvæðum, sem geri meira samræmi í vátryggingarverði húsa en nú er. Ég hef fjöldamörg dæmi um það, að nákvæmlega eins hús eru vátryggð fyrir ákaflega mismunandi upphæðir, og þegar ég hef verið að reyna að leita mér upplýsinga

um, af hverju þetta stafi, þá hefur mér helzt skilizt, að það stafi af því, að áður fyrr fékk hver húseigandi að ráða, hvað mikið hann vátryggði sitt hús fyrir, og þá voru sumir þannig gerðir, að þeir vildu vátryggja þannig, að þeir fengju fullar bætur fyrir andvirði hússins, ef það brynni, svo að þeir gætu byggt sér annað, en aðrir vildu spara sér aura í von um, að það brynni ekki, og höfðu því vátryggingarverðið lægra. Þegar svo komu þau ákvæði, að eftirleiðis skyldi vátryggingarverðið breytast eftir vísitölunni, var grunnurinn afar misjafn um það, hvernig húsin voru virt. Sum voru þó þannig vátryggð, að þau voru vátryggð fyrir allt að því helmingi lægri upphæð en önnur. Þessu er að engu leyti breytt í frv. Það er bara ætlazt til, að eftir þessari nýju byggingarvísitölu hækki í framtíðinni vátryggingarupphæðin, en ekki reynt á neinn hátt að rétta grunninn, svo að hann sé sambærilegur, áður en hækkunin kemur, jöfn á allt. — Það var bara til að vita það og spyrja n. að því, hvort þeir gætu ekki hugsað sér það milli umræðna að athuga, hvort það mundi vera möguleiki á því að finna leið til þess að láta grunninn vera sambærilegan, þegar vísitalan fer að verka áfram til hækkunar, því að það er hann ekki núna, það skal ég fullyrða, og gæti komið með dæmi um ótal húseignir í bænum alveg nákvæmlega eins, t. d. að taka fyrstu húsin, sem byggð voru hérna vestur í bænum hjá samvinnufélagi, Byggingarsamvinnufélagi Reykjavíkur. Þau voru byggð eins fleiri, og það munar upp undir helming á vátryggingarupphæðinni á þeim eftir því, hvað hátt þau voru þá vátryggð, þegar vísitalan fór að verka og láta þær hækka eftir henni.

Þetta vildi ég biðja n. að athuga, því að ég hef ekki athugað þetta sjálfur, fyrr en ég las frv. núna, og er ekki viss um, hvort það er hægt að setja inn nein ákvæði, sem leiðrétti þennan mismun á sjálfu grunnverðinu á vátryggingunni núna, áður en vísitalan leggst á. En ef það væri mögulegt, þá teldi ég það til ákaflega mikilla bóta.

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Ég vildi aðeins taka það fram út af ummælum hv. þm. N-M. (PZ), að ég tel það alveg sjálfsagt, að það verði rætt við höfunda frv. um möguleika á því atriði, er hann nefndi, þó að ég efist eftir minn yfirlestur á frv. um, að það sé mögulegt nema með gerbyltingu á frv., á grunni þess. En ég vil aðeins, að það komi hér fram þegar við umr., að ég mun koma því á framfæri við form. n., að hann athugi um þetta við höfunda frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 76. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 77. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 325, n. 425).

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þetta er stjórnarfrv., borið fram í Ed. og var afgreitt þar, að ég hygg, samhljóða. Það hefur legið fyrir heilbr.- og félmn. þessarar deildar, og varð samkomulag um það í nefndinni að mæla með frv. eins og það liggur fyrir. Ég sé ekki ástæðu til að fara að rekja efni frv. Það liggur mjög ljóst fyrir, bæði í frv. sjálfu og þeim athugasemdum, er því fylgja á þskj. 325.

Heilbr.- og félmn. leggur því til, að frv. verði afgr. óbreytt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 443).

---

25. Happdrætti háskólans.

Á 72. fundi í Ed., 19. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 14 4. apríl 1955, um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland [137. mál] (stjfrv., A. 358).

Á 74. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12:1 atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 358, n. 373).

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Árið 1933, með lögum nr. 44 frá því ári, var stofnað til happdrættis fyrir Ísland, þ. e. a. s. ríkisstj. veitt heimild til þess að veita Háskóla Íslands einkaleyfi til að starfrækja happdrætti. Þetta happdrætti háskólans hefur nú starfað í nær aldarfjórðung og orðið til mikils gagns og

góðs. Fyrir ágóðann af happdrættinu skal samkv. lögunum reisa hús handa háskólanum, og hefur bæði háskólabyggingin sjálf og aðrar byggingar á háskólalóðinni verið reistar fyrir þetta fé. Enn fremur hefur af þessum ágóða verið varið stórum fúlgum til lagfæringar á háskólalóðinni. En nú stendur fyrir dyrum fyrst og fremst bygging náttúrugripasafns, sem háskólinn hefur tekið að sér að reisa fyrir ágóða af happdrættinu. Ýmsar aðrar byggingarframkvæmdir standa fyrir dyrum, svo sem bygging fyrir læknadeildina, en nú er orðið fullþröngt um hana í háskólabyggingunni sjálfri, enda þörf á húsrúmi þar til annarra nota.

Í lögunum var upphaflega ákveðið, hver hámarkstala hluta í happdrættinu skyldi vera. Þessi hámarkstala hefur verið hækkuð öðru hverju síðan, og nú síðast fyrir tveim árum var hún hækkuð upp í 40 þús. Háskóli Íslands hefur óskað eftir því, að þessi hámarkstala yrði enn hækkuð og upp í 55 þús., þannig að hann hefði heimild til útgáfu svo margra hluta, í von um, að þeir seljist að verulegu leyti.

Þetta frv. er stjórnarfrv., flutt að tilmælum Háskóla Íslands, og fjhn. mælir einróma með því, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 78. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 79. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 358, n. 427).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Mál það, er hér liggur fyrir, er stjórnarfrv., flutt samkv. tilmælum Háskóla Íslands, en meginefni þess er að heimila að hækka hluti í happdrætti háskólans úr 40 þús. kr. í 55 þús. kr., en happdrætti háskólans er sem kunnugt er rekið í því skyni að afla fjár til byggingarframkvæmda á vegum háskólans.

Fjhn. hefur athugað frv. þetta og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 444).

---

26. Heilsuverndarlög.

Á 22. fundi í Sþ., 30. jan., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á heilsuverndarlögum, nr. 44/1955** [102. mál] (stjfrv., A. 204).

Á 48. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Mþn. sú, sem annaðist endurskoðun almannatryggingalaganna, lét fylgja frv. um almannatryggingar tvö önnur frumvörp. Annað þeirra frv. var þetta frv., sem hér liggur fyrir. Þessi n. áleit, að það væri nauðsynlegt, ef almannatryggingalögin yrðu samþ. í aðalatriðum eins og n. skilaði áliti um þau, að samþykkja bæði þessi frv. helzt samtímis.

Nú fór það svo, að þetta frv. fór til nefndar ásamt almannatryggingalögunum og var afgreitt einróma úr nefnd á síðasta þingi, allir sammála um það, en í lokaannríki þingsins í fyrra gleymdist þetta mál og hlaut sem sé ekki afgreiðslu. Nú knýr nauðsyn á, að þetta frv. verði afgreitt, og get ég ekki meint, að það geti valdið nokkrum ágreiningi, þar sem það leiðir af afgreiðslu almannatryggingalaganna í fyrra, að þessi lagaákvæði þurfa að koma til framkvæmda á vissu atriði þeirra, en það er um greiðslu launa þeirra lækna, sem starfa við heilsuverndarstöðvar. En kaflinn um heilsugæzlu var, eins og kunnugt er, felldur út úr lögunum frá 1946 við setningu nýju almannatryggingalaganna á síðasta þingi.

Ég mæli með því, að frv. fari þó til hv. heilbr.- og félmn. að þessari umr. lokinni, en óska eftir því, að afgreiðslu málsins verði hraðað svo sem föng eru á. Get ég ekki séð, að nein vandkvæði geti verið á því.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 204, n. 396).

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er stjfrv. á þskj. 204 og nál. er nr. 396. Nefndin hefur rætt þetta

frv. á nokkrum fundum og er einróma sammála um að leggja til, að það sé samþykkt. Þannig stendur á því, að þetta frv. er lagt fram, að þegar lögin um almannatryggingar voru endurskoðuð á síðasta þingi, varð að ráði að hrófla ekki við heilsuverndarlögunum, sem höfðu verið sett á þinginu þar næst á undan. En þar sem það var ákveðið, þá þótti ekki lengur ástæða til að hafa í almannatryggingalögunum heilsugæzlukaflann, sem fjallaði að verulegu leyti um sama efni, og var talið eðlilegra að fella þau ákvæði þess kafla, sem áður hafði verið beitt við heilsuverndina, þ. e. a. s. skipun yfirlækna heilsuverndarstöðvanna, inn í lögin um heilsuvernd. Og þetta er meginefni þessa máls. Var þetta lagt til upphaflega af nefndinni, sem endurskoðaði almannatryggingalögin, flutt á síðasta þingi af þáverandi hæstv. ríkisstj., og var þá einróma samþykkt af þeirri n., sem um það fjallaði í þessari hv. d., og samþykkt út úr deildinni, en varð ekki lokið á því þingi. Síðan hefur hæstv. núverandi ríkisstj. flutt þetta, og nefndin, sem nú hefur fjallað um það, leggur einróma til, að það sé samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 83 fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 85. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 10 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 204, n. 434).

Frsm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á heilsuverndarlögum, nr. 44 1955, er komið frá hv. Nd. Heilbr.- og félmn. hefur rætt það á einum fundi og nefndarmenn orðið á einu máli um að mæla með samþykkt þess.

Í frv. felst efnislega það eitt, að inn í heilsuverndarlögin verði bætt nýrri gr. á þá leið, að ráðh. skipi fasta lækna heilsuverndarstöðva og að laun þeirra greiðist úr ríkissjóði. Nákvæmlega sömu ákvæði var að finna í III. kafla laga nr. 50 1946, um almannatryggingar, sem afnumin voru með gildistöku nýju laganna um almannatryggingar frá 28. marz 1956. Með þeim var niður felldur að fullu III. kaflinn, um heilsugæzlu, og þótti þá eðlilegt að setja fyrri ákvæðin um skipun fastra lækna heilsuverndarstöðva og launagreiðslur til þeirra inn í heilsuverndarlögin.

Nefndin, sem undirbjó nýju tryggingalögin, gerði ráð fyrir þessu fyrirkomulagi og samdi um það frv., sem fram kom á síðasta þingi. Einhverra hluta vegna — mér hefur helzt skilizt af vangá — hlaut frv. aldrei endanlega afgreiðslu á því þingi, og hafði þó n. skilað áliti og einróma mælt með samþykkt þess. Af þessari töf hefur þegar leitt nokkra erfiðleika í sambandi við launagreiðslur til lækna heilsuverndarstöðva, og er nauðsyn talin á, að málið hljóti afgreiðslu á þessu þingi. Því er þetta frv., sem er samhljóða hinu fyrra, fram komið. Ætti samþykkt þess að vera þeim mun auðveldari sem hér er ekki um neitt nýmæli að ræða, heldur tilfærslu ákvæða frá einum lagabálki til annars.

Eins og ég gat um í upphafi, mælir heilbr.- og félmn. einróma með, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 448).

---

27. Skattfrádráttur sjómanna.

Á 22. fundi í Sþ., 30. jan., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum [106. mál] (stjfrv., A. 208).

Á 48. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þegar sett var fyrir jólin löggjöf um efnahagsmálin, var því yfir lýst, að það yrðu fluttar breytingar á þeim ákvæðum skattalaga, sem vörðuðu skatt fiskimanna. Nú hefur verið samið frv. um þetta efni, sem hér er lagt fyrir hv. Alþ., og er frv. um það að hækka nokkuð hlífðarfatafrádrátt fyrir sjómenn, eins og greinir í 1. gr. frv., að til viðbótar þeim frádrætti, sem heimilaður er í gildandi lögum, komi það sem þar greinir. En sá galli er á, að það er prentvilla í frv., sem ég verð að biðja hv. fjhn. að leiðrétta. Þessi frádráttur á að hækka um 200 kr. hjá togarasjómönnum, en 300 kr. hjá öðrum fiskimönnum. En þetta hefur orðið að prentvillu og snýr öfugt í frv. En sú er ætlunin með þessu, að það verði jafnhár frádráttur hjá togarasjómönnum og öðrum fiskimönnum, en

það er hundrað króna munur í gildandi lögum fyrir, sem á að jafnast út, en ekki aukast, eins og halda mætti eftir þessu, sem fyrir liggur. Þessa prentvillu vil ég biðja hv. fjhn að lagfæra.

Þá er í 2. gr. gert ráð fyrir sérstökum frádrætti vegna þeirrar sérstöðu á ýmsar lundir, sem fiskimenn hafa, og er þar gert ráð fyrir 500 kr. fyrir hvern lögskráningarmánuð.

Þetta mál er ekki svo flókið, að ég sjái ástæðu til að hafa fyrir því lengri framsögu, en óska eftir því, að því verði vísað til hv. fjhn. að lokinni 1. umr.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það var eitt atriði í sambandi við þetta mál, sem ég vildi gjarnan minnast á, áður en málið fer til nefndar.

Það er auðvitað augljóst, hver hugsunin er með þessu frv., og það er að veita sjómönnum nokkur sérfríðindi vegna þeirrar miklu nauðsynjar að fá menn til þess að starfa á fiskiskipaflotanum, og hefur sú hugsun, sem hér liggur á bak við, að sjálfsögðu við full rök að styðjast og mikla nauðsyn. En í sambandi við þessi hlunnindi hafa vaknað aðrar spurningar, eins og náttúrlega oft vill verða, þegar einhverjum eru veitt sérhlunnindi. En það, sem ég hér sérstaklega vildi minnast á, snertir það fólk, sem vinnur við fiskvinnslu og fiskmóttöku í landi, þ. e. a. s. það af því fólki, sem hefur þurft að sækja vinnu fjarri sínum heimilum. Þetta fólk verður fyrir miklum aukaútgjöldum, og þó að segja megi, að starf þess sé ekki eins erfitt og þeirra, sem sjóinn sækja, þá er þó þetta fólk engu síður nauðsynlegt, til þess að hægt sé að stunda fiskveiðarnar og vinna úr þeim afla, sem í land kemur, og hefur oft viljað brenna við jafnvel, að erfitt væri að fá slíkt fólk til starfa. Nú vildi ég leyfa mér í fyrsta lagi að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. fjmrh., hvort það hefði ekki komið til athugunar í sambandi við þetta mál, hvort ekki væri unnt að veita slíku fólki, sem fer á vertíð á öðrum stöðum fjarri heimilum sínum, þarf oft að leggja í mikinn aukakostnað, — oft er hér um fjölskyldumenn að ræða, — einhver hlunnindi, þó að þau kannske væru ekki eins mikil og hér eru veitt sjómönnum. Og ef svo er ekki, þá hefði ég gjarnan viljað beina því til þeirrar hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, hvort hún vildi ekki taka það til athugunar, hvort ekki væri sanngjarnt og ekki væri auðið að koma við slíkum sanngjörnum frádrætti.

Ég skal játa það, að ég hef ekki hugsað þetta mál til hlítar, þó að oft hafi verið á það minnzt við mig af fólki, sem hér á hlut að máli. Það vill nú svo til, að úr mínu kjördæmi fer mikill fjöldi af fólki til vertíðarstarfa á Suðurlandi, vegna þess að þannig er nú hagað okkar atvinnuháttum, að það eru nokkur skipti á því, hvaðan fiskimið eru sótt, eins og kunnugt er. Hér er vetrarvertíð við Suðurland og þá ekki um mikinn afla að ræða fyrir norðan, eða a. m. k. hefur ekki verið svo. Og enn fremur er hitt, að því miður hafa nú sakir þannig staðið vegna aflabrests fyrir Norðurlandi almennt, að fólk, sem býr þar í kauptúnunum, hefur þurft í mjög ríkum mæli að sækja atvinnu sína til annarra staða, með þeim mikla kostnaði, sem af því leiðir.

Ég hef ekki hugsað það, hvernig væri hægt að forma þetta frá „skattteknisku“ sjónarmiði, ef svo mætti segja. Það eru margir hlutir, sem þar þarf að hafa í huga, til þess að það komi rétt og skynsamlega út. En ég vildi á þessu stigi málsins, áður en ég geri nokkrar ráðstafanir til þess að flytja um það brtt. við þetta frv., mælast til þess við hv. n., að hún tæki þetta til athugunar, eftir atvikum þá í samráði við hæstv. fjmrh., ef hann kynni að vilja sinna þessu eitthvað eða það hefði borið á góma í sambandi við afgreiðslu þessa máls. En í stuttu máli sagt, þá held ég, að hér sé um atriði að ræða, sem sé sanngirnismál og megi líta á nokkuð út frá því sama sjónarmiði og liggur til grundvallar þeim fríðindum, sem hér eru veitt sjómönnum, fríðindum, sem veitt eru í því skyni að stuðla að því að laða fólk að þessum mikilvæga atvinnuvegi þjóðarinnar.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég vil lýsa yfir eindregnum stuðningi mínum við þetta frv. og tel, að það hafi við full rök að styðjast. En ég vil þó beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh., bæði varðandi þetta frv. og næsta frv. á eftir á dagskránni, til þess að spara honum að standa upp sérstaklega þess vegna, hversu miklu þessi skattalækkun muni nema fyrir ríkissjóð. Ég tel, að það geti aldrei verið svo mikið, að það hafi nokkur teljandi áhrif á hag ríkissjóðs, — ég tek það skýrt fram, — svo að ég álít, að það geti ekki orðið málinu til trafala. En ég tel rétt, að þingheimur fái vitneskju um, hvaða áhrif þetta hafi á tekjur ríkissjóðsins, um hve miklar fjárhæðir hér sé að ræða.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég tel eins og þeir, sem hafa á undan mér talað, að það sé vel farið, að þetta frv. hefur komið fram um sérfríðindi sjómanna í skattgreiðslu. Það fékkst að vísu, þegar endurskoðun skattalaganna fór síðast fram, nokkur ívilnun til sjómanna í þessu efni, en margir töldu þá breytingu alls ekki nægilega, sem í það sinni fékkst. Ég tel, að fyllilega sé hægt að forsvara, að sjómenn hafi skattfríðindi fram yfir aðra borgara þjóðfélagsins. Og ég tel, að þau fríðindi, sem þeim eru hér gefin við ákvörðun tekjuskatts, 500 kr. fyrir hvern lögskráningarmánuð, séu ekki nægilega mikil. Þessi fjárhæð, þó að hún út af fyrir sig geri nokkurt gagn, nær ekki þeim tilgangi sínum að binda unga menn við sjómannsstörfin. En eins og sakir standa, virðast ungir menn, sem leggja fyrir sig sjómennsku, vera að flosna upp frá störfunum. Sést það bezt á því, að nú eru sex eða sjö hundruð Færeyingar hér á togara- og bátaflotanum. Ef þessi breyting ætti að koma að verulegum notum, þarf að veita sjómönnunum 1000 kr. á hvern lögskráningarmánuð í staðinn fyrir 500 kr. Ef maður starfar allt árið að sjómennsku, fær hann með því móti 12 þús. kr. frádrátt. Ég tel þann frádrátt alls ekki ósanngjarnan, þegar tekið er tillit til þeirra starfa, sem sjómenn inna af hendi. Ég vil því beina þessari till. til þeirrar nefndar, sem frv. fær. Jafnframt finnst mér, að vel mætti breyta því ákvæði, sem þessi fríðindi eru bundin við, að menn hafi unnið þrjá mán-

uði. Mér finnst, að vel mætti breyta því í fjóra mánuði.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Út af fsp. hv. 1. þm. Reykv. vil ég taka fram, að það er ekki gott að segja með nokkurri vissu eða líkum, hvað þetta muni kosta. Það skiptir ekki gífurlega hárri fjárhæð, en ég þori samt ekki að gizka á það. Það hefur verið gerð dálítil tilraun til að komast eftir því, en það er sýnilegt, að það er ekki hægt að áætla þetta með sæmilegum líkum. Vil ég því ekki nefna neinar tölur.

Hv. 2. þm. Eyf. talaði um, hvort ekki ætti að láta þetta ná til fleiri. Það er ákaflega vandasamt að draga línuna, ef þetta verður látið ná til fleiri en frv. gerir ráð fyrir. Þar er gert ráð fyrir, að það nái til fiskimannanna sjálfra og annarra ekki. Ef það ætti að ná til annarra, þá mundi sjálfsagt margur vilja koma þar undir, og verður því áreiðanlega að athuga með fullkominni varúð allar uppástungur um að færa þetta út.

Ég vil svo ítreka tilmæli mín um, að málinu verði vísað til nefndarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 208, n. 283, 289).

Frsm. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft til athugunar stjfrv. það, sem hér liggur fyrir, um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum, og leggur n. til, að frv. verði samþ. með nokkrum leiðréttingum, eins og nánar segir í áliti n. á þskj. 283.

Efni frv. er þetta:

1. gr. þess gerir ráð fyrir, að frádráttur sá, er togarasjómenn hafa notið við ákvörðun skatts vegna hlífðarfatakostnaðar og verið hefur 300 kr. fyrir hvern lögskráningarmánuð samkv. skattalögunum frá 1954, hækki um 200 kr. í 500 kr. fyrir hvern lögskráningarmánuð og skulu nú einnig matsveinar og aðstoðarmenn í vélarrúmi njóta þessa frádráttar, en til þeirra hefur frádrátturinn ekki náð áður; enn fremur að aðrir fiskimenn, sem notið hafa skattfrádráttar samkvæmt sömu l. og af sömu ástæðum, fái hækkun á frádrættinum um 300 kr., úr 200 kr. í 500 kr. á mánuði. Er þá skattfrádráttur fiskimanna vegna hlífðarfatakostnaðar orðinn hinn sami fyrir alla, sem hans njóta.

2. gr. frv. gerir ráð fyrir, að til viðbótar ákvæðum skattalaganna frá 1954 og þeim breytingum, sem felast í 1. gr. þessa frv., verði öllum skipverjum, sem verið hafa lögskráðir á íslenzk fiskiskip í 3 mánuði eða lengur á viðkomandi skattári, veittur sérstakur frádráttur við ákvörðun tekjuskatts og nemi sá frádráttur 500 kr. fyrir hvern lögskráningarmánuð.

Vegna óska, sem fram komu í fjhn., þegar hún hafði málið til meðferðar, hefur skattstjórinn í Reykjavík látið í té nokkrar upplýsingar um, hve mikilli skattalækkun þessi frádráttur nemur á tilteknar tekjur fiskimanna. Í bréfi skattstjórans segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftir ósk yðar hef ég látið athuga, hvaða áhrif hinn aukni frádráttur til handa fiskimönnum muni hafa á skattagreiðslu þeirra. Athugunin er gerð þannig, að tekið er af handahófi framtal skipstjóra og háseta á fiskibáti og framtal 2. stýrimanns og háseta á togara. Einnig er sýnt, hver áhrif frádrátturinn hafi, ef hann verður látinn gilda við álagningu útsvars í Reykjavík."

Mér þykir rétt að geta þess hér, að frádráttur sá, sem verið hefur í l., hefur einnig verið látinn gilda um álagningu útsvara hér í Reykjavík og ég hygg í flestum öðrum kaupstöðum, og er ekki dregið í efa, að sá háttur verði áfram hafður einnig um þessa hækkun, enda til þess ætlazt af báðum aðilum, er að samkomulagi því stóðu, sem að baki þessu frv. liggur. En í bréfi skattstjórans segir áfram þannig:

„Allar tölur eru samkvæmt gjaldstigum frá 1956 á tekjur ársins 1955. Dæmin líta þannig út:

a. Háseti á togara, einhleypur, lögskráður í 10 mánuði. Tekjuskattur var 3575 kr., verður 2375. Útsvar var 7670, verður 6070 kr.

b. Stýrimaður á togara, giftur með 1 barn á framfæri, lögskráður í 11 mánuði. Tekjuskattur var 6187 kr., verður 4260 kr. Útsvar var 12360 kr., en verður 10165 kr.

c. Skipstjóri á fiskibáti, giftur með þrjú börn á framfæri, lögskráður í 6 mánuði. Tekjuskattur var 15275 kr., verður 14015 kr. Útsvar var 21500 kr., verður 20400 kr.

d. Háseti á fiskibáti, einhleypur, lögskráður í 6 mánuði. Tekjuskattur var 6932 kr., en verður 5890 kr. Útsvar var 11560 kr., en verður 10515 kr."

Af þessum dæmum sést, að hér er um þó nokkra skattalækkun að ræða, einkum hjá þeim, sem lögskráðir eru meiri hluta ársins.

Í desember s. l., þegar fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar áttu í samningum við hæstv. ríkisstj. um lausn efnahagsmálanna, voru einnig á dagskrá kröfur sjómanna um nýtt skiptaverð þeim til handa og fleira af því tagi, en samningum þeirra hafði þá verið sagt upp. Fulltrúar sjómanna- og verkalýðsfélaganna gerðu þá m. a. kröfu um aukin skattfríðindi til handa fiskimönnum. Frv. það, sem hér er til umr., er einungis staðfesting á því samkomulagi, er varð milli samningamanna sjómanna- og verkalýðsfélaganna annars vegar og hæstv. ríkisstj. hins vegar varðandi skattafríðindin.

Eftir að fjhn. afgr. álit sitt um frv., hefur hv. 2. þm. Reykv. flutt tvær brtt. við það. Hin fyrri þessara till. er um, að vélstjórar á togurum verði einnig aðnjótandi þeirra fríðinda, sem felast í 1. gr. frv. Síðari till. er um að hækka upphæðina í 2. gr. frv. úr 500 kr. í 1000 kr. fyrir hvern lögskráningarmánuð.

Um fyrri till. hv. 2. þm. Reykv. er þetta að segja:

Fyrir fundum fjhn. lá bréf frá Vélstjórafélagi Íslands sama efnis og till. hv. þm.

Eins og ég sagði áðan, er frv. þetta staðfesting á samkomulagi hæstv. ríkisstj. við fulltrúa tiltekinna sjómanna- og verkalýðsfélaga, sem fulltrúarnir gerðu að sjálfsögðu einvörðungu fyrir sína umbjóðendur. N. sá því ekki ástæðu til að prjóna frekar við frv.

Auk þess ber að geta þess, að vélstjórar á togurum verða nú aðnjótandi þeirra fríðinda, sem felast í 2. gr. frv., eins og aðrir, sem lögskráðir eru á íslenzk fiskiskip.

Um síðari till. hv. 2. þm. Reykv. er það eitt að segja, að hún sver sig ótvírætt í ætt við aðrar yfirboðstillögur, er svo mjög hafa verið áberandi hjá hv. sjálfstæðismönnum hér í þinginu að undanförnu.

Ég vil taka það fram hér, að verkalýðshreyfingin telur sér skylt að standa við alla samninga, sem hún gerir af fúsum og frjálsum vilja, og eru slíkir samningar sem þessir ekki þar nein undantekning. Ég ítreka till. n. um, að frv. verði samþ. með þeim leiðréttingum, sem hún hefur á því gert.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég flyt tvær brtt. við frv. á þskj. 289. Ég gat þess við 1. umr. málsins, að mér þætti allt of lítill frádráttur, sem sjómönnum er ætlaður með því að veita þeim 500 kr. frádrátt fyrir hvern úthaldsmánuð. Fyrir 10 mánaða úthald, sem er nú líklega það venjulega, geta þeir dregið 5000 kr. frá sínum launum.

Hv. frsm. leyfði sér að halda því fram, að hér væri um venjulega yfirboðstillögu að ræða. Það kann vel að vera, að hann f. h. verkalýðsfélaganna hafi skuldbundið sig til að fara ekki hærra en þetta. En hitt verð ég að segja, að úr því að svona till. er komin fram, finnst mér nokkuð smátt skammtað til þeirra manna, sem hafa áhættumestu og erfiðustu atvinnu í þessu landi, að vera skuli um einar 5000 kr. að ræða, er þeir mega draga frá sínu kaupi og ekki kemur til skattlagningar.

Ef till. mín er samþ., má gera ráð fyrir, að um 10 þús. kr. frádrátt sé að ræða, og það er að mínu áliti hið minnsta, sem kemur til greina í þessu efni. Það væri þá einhver hvöt fyrir menn, ef þeir fengju þennan frádrátt, að stunda sjómennskuna meira en þeir gera nú, sem sjá má af því, að við þurfum að fá um 1000 Færeyinga til þess að geta mannað báta- og togaraflota landsins.

Ég held, að það væri ódýrt fyrir hið opinbera að hækka frádráttinn, ef það gæti orðið til þess, að fleiri menn vildu gefa sig til vinnu á fiskibátaflotanum en nú er, svo að ekki þyrfti að flytja hingað alla þá Færeyinga, sem við höfum nú við þessi störf og þurfum að greiða kaup í erlendum gjaldeyri.

Um það, hvort vélstjórar skuli njóta sömu réttinda og aðrir menn á skipunum hvað frádrátt fyrir vinnufatnað snertir, finnst mér, að þar sé lotið heldur lágt að synja þeim um þessi fríðindi. Ég álít, að þeir eigi engu síður að fá þau, þó að þeir hafi nokkru hærra kaup en aðrir menn, sem vinna í vélarrúmi.

ATKVGR.

Brtt. 283 samþ. með 19 shlj. atkv.

— 289,1 felld með 15:8 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 289,2 felld með 15:9 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Nd., 12. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 331).

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég hefði af sérstökum ástæðum gjarnan viljað fá þessu máli frestað í dag, en það lítur út fyrir, að hæstv. forseta liggi mikið á að koma málinu í gegnum deildina, og því hefur það komið til umr. nú.

Það leit út fyrir við 2. umr. málsins, að hv. stjórnarliðum hér í deildinni hafi verið mikil ánægja að fella þá till., sem ég bar fram um að hækka þau fríðindi, sem frv. gerir ráð fyrir til sjómanna. Og hv. frsm. gat þess, að hér væri um sérstaka yfirboðstill. að ræða af minni hendi. Hann gat þess einnig, að svo hefði verið samið við stjórnina af hendi þeirra félaga, sem í hlut ættu, að fríðindi til sjómanna skyldu ekki vera hærri en fram kemur í frv.

Ég verð að segja það, að þessir menn gera sig ánægða með lítið fyrir hönd sjómanna, þegar einu sinni á að fara að sýna í verki, að metið sé það starf, það hættustarf, sem þeir inna af hendi í þjóðfélaginu. En hvað snertir yfirboðstillöguna, þá gat ég nú ekki strax gert mér grein fyrir þeim upplýsingum, sem hv. frsm. gaf á fundinum. En ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. verði sammála um, þegar þeir fá að heyra, hversu mikil fríðindi hér er um að ræða, að telja ekki till. mína eins mikla yfirboðstillögu og hv. frsm. vildi vera láta.

Háseti á togara, samkvæmt þeim upplýsingum, sem frsm. gaf við 2. umr. málsins, sem vinnur í 10 mánuði, fær skv. frv. 2800 kr. afslátt af sínum sköttum og útsvari yfir árið. Háseti á fiskibát, sem vinnur í 6 mánuði, fær 2087 kr. afslátt. Getur nú nokkrum komið til hugar, að þetta út af fyrir sig geti orðið mikil hvöt fyrir sjómenn til þess að vinna á fiskiflotanum? Ég álít, að þetta sé engin hvöt og geri mjög lítið gagn. Stýrimaður á togara, sem vinnur í 11 mánuði, fær 4122 kr., og skipstjóri á fiskibáti, sem vinnur í 6 mánuði, fær 2360 kr. Þetta eru nú öll fríðindin, sem þessir menn eiga að fá með frv. En ég hafði ekki tíma til þess að ná í skattstjóra í sambandi við þessa útreikninga. Ég efast ekki um, að þeir séu réttir. En það er dálítið eftirtektarvert, að háseti á fiskibát, sem vinnur í 6 mánuði, hefur í skatta 11560 kr., en háseti á togara, sem vinnur í 10 mánuði, hefur í skatta, eins og nú er, 7670 kr. Eftir þessu mætti ætla að hásetinn á fiskibátnum, sem vinnur í 6 mánuði, hafi allt að því helmingi hærri laun en sjómaðurinn á togaranum, sem vinnur í 11 mánuði.

Ég vil aðeins vekja athygli á þessu, án þess að ég sé að gera þetta að sérstöku deiluefni.

Eins og ég gat um í ræðu minni við 2. umr., hlýtur það að vaka fyrir flutningsmönnum, að þessi fríðindi, sem hér eru boðin, geti orðið til þess að breyta því öfugstreymi, sem nú er. Nú þurfum við að nota 1000 erlenda menn til þess

að halda úti fiskiflota landsins. Eftir því sem næst verður komizt, unnu 843 færeyskir sjómenn á fiskiflotanum 1956. Þetta svarar til þess, að helmingur togaraflotans hafi verið gerður út eingöngu með færeyskum sjómönnum. Þetta er mjög alvarlegt mál, og ég efast um, að menn yfirleitt geri sér grein fyrir því, hvað mikill hluti sjómanna er erlendur á fiskiflotanum. Talið er af þeim mönnum, sem bezt þekkja til, að nú þegar séu ráðnir 1012 útlendir sjómenn á fiskiflotann. Þessir menn fá auðvitað kaup sitt að mjög miklu leyti greitt í erlendum gjaldeyri, í frjálsum erlendum gjaldeyri, og yfirfærsla til erlendra sjómanna á árinu 1956 nam 16.9 millj. í frjálsum gjaldeyri. Ég hefði nú haldið, að þessi till., sem frv. fjallar um, væri til þess fram komin að draga úr þeirri óhæfu, að við skulum hafa slíkan fjölda af erlendum fiskimönnum á skipunum og þurfa að greiða þeim tugi milljóna í erlendum gjaldeyri.

En þessi fríðindi, sem fiskimönnum eru nú boðin, munu ekki hafa nein áhrif á það, að breyting verði á þessari afstöðu, sem ég tel að sé orðin fullkomin hneisa fyrir þjóðina.

En í hvaða skyni er það gert að koma með slíka till., sem ég vil segja að hvorki sé fugl né fiskur? Ef það er gert í því skyni að viðurkenna, að störf sjómanna séu erfiðari og hættulegri en önnur störf þjóðfélagsins, þá verður að segja, að viðurkenningin er ekki mjög höfðingleg. En ef þetta er gert til þess að fá unga menn til að starfa á fiskiflotanum, þá vil ég segja, að þessi fríðindi eru lítilmótlegt kák, sem engin áhrif hefur til þess að losna við erlendu sjómennina af fiskiflotanum. Fyrir Íslendinga hlýtur það að teljast þjóðarhneisa og þjóðfélagsmein, ef fáir aðrir en útlendingar fást til að stunda þá atvinnu, sem er aðalatvinnuvegur landsmanna og sá atvinnuvegur, sem færir þjóðinni 95% af gjaldeyri hennar.

Ef hægt er að stöðva þessa óheillaþróun með skattfríðindum, sem kosta litla fórn fyrir þjóðfélagið, en eru annars vegar eðlileg viðurkenning á erfiði og hættu sjómennskunnar, þá á ekki að hika við að gera það á þann veg, að það megi að gagni koma. Og það er skammsýni og smásálarskapur, ef þetta er gert á annað borð, að gera það á þann veg, að það komi ekki að notum.

Það leikur varla á tveim tungum, að starf sjómannsins er bæði erfiðara og hættulegra en nokkurrar annarrar starfsgreinar í þjóðfélaginu. Þess vegna er nauðsynlegt, að þjóðfélagið taki tillit til þess, ekki síst vegna þess, hvernig nú er ástatt, og að það, sem gert er, sé hvöt fyrir menn til að stunda þennan atvinnuveg. Aðalatriðið er fyrir fiskimennina eins og alla aðra skattgreiðendur, að þeir geti fengið að halda einhverju eftir af tekjum sínum umfram það, sem þeir þurfa til þess að draga fram lífið.

Ég ætla því enn að bera hér fram brtt., sem er að vísu skrifleg og of seint fram komin og hljóðar svo:

„2. gr. orðist svo:

Öllum skipverjum, sem verið hafa lögskráðir á íslenzk fiskiskip 4 mánuði eða lengur á viðkomandi skattári, skal við ákvörðun tekjuskatts veittur sérstakur frádráttur, er nemi 30% af álögðum tekjuskatti af tekjum fyrir störf á fiskiskipum.“

Þetta er svipuð aðferð og tíðkazt hefur hér tvö undanfarin ár, að veita skattþegnum frádrátt af tekjuskatti, sem nemur vissri hundraðstölu, en það nam 20%, sem gefið var til ópersónulegra gjaldenda. Ég tel, að það sé sízt of mikið, þó að álagður skattur sjómanna sé lækkaður um 30% og þeim þannig gefin nokkur sérstaða um skattgreiðslu. En ég vil, að menn hafi stundað störfin í minnst 4 mánuði og að þessi frádráttur komi á skatta af þeim launum, sem menn hafa unnið fyrir við fiskveiðar. Ef þeir vinna á árinu að öðrum störfum, kemur að sjálfsögðu ekki frádrátturinn til greina.

Ég vænti, að hv. deild geti fallizt á, að þetta sé sanngjarnt, og samþykki brtt. mína.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 339) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 339 felld með 11:10 atkv.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 68. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 69. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 331, n. 353).

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það til laga, sem hér liggur fyrir, er stjórnarfrv., komið frá hv. Nd. og fjallar um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum.

Það er kunnara en frá þurfi að greina, hverjum erfiðleikum það hefur verið bundið að fá menn til þess að stunda hin erfiðu og áhættusömu störf, sem unnin eru á íslenzka fiskiskipaflotanum. Hjá þjóð eins og okkur Íslendingum, sem byggjum nær alla útflutningsverzlun okkar á öflun sjávarafurða, er um geigvænlegt vandamál að ræða. Fjárhagsleg geta þessarar atvinnugreinar virðist hins vegar ekki hafa aðstöðu til þess nú að bæta svo um, að ungir og nýir starfskraftar laðist til starfans. Nægir í því sambandi að benda á hina gífurlegu fjárþörf fiskiflotans um hver áramótin á eftir öðrum, ef dæma má eftir því.

Skorturinn á vinnuafli til sjávarstarfa er bersýnilegastur á þeim fjölda Færeyinga og annarra erlendra sjómanna, sem ráðnir hafa verið undanfarin ár til starfa á togurum og vélbátum hér við land. Vegna yfirstandandi vertíðar hefur Sjómannafélag Reykjavíkur veitt leyfi fyrir 183 Færeyingum. Hér er þó aðeins talinn sá fjöldi, sem er á skipum, sem skráð eru frá félagssvæði Sjómannafélags Reykjavíkur, en auk þeirra eru fjölmargir erlendir sjómenn á togurum og fiskiskipum úr öðrum verstöðvum í landinu. En samkv. upplýsingum, er ég fékk nú í gær frá Landssam-

bandi ísl. útvegsmanna, munu vera rúmlega 1000 Færeyingar á íslenzkum fiskiskipum, eftir því sem næst verður komizt.

Þetta gerist á sama tíma og vitað er, að fjöldi manna er á biðlista við ýmiss konar störf og þjónustu í landi, sem fjarlæg eru sjálfum framleiðslustörfunum. Þessa óheillaþróun verður að stöðva með aðgerðum þess opinbera. Aðrir aðilar virðast ekki megnugir þess að koma fram viðhlítandi málsaðgerðum, eins og högum er nú háttað.

Með setningu laga nr. 46 frá 1945 var af hálfu þess opinbera stigið spor í þá átt að bæta nokkuð aðstöðu þeirra, sem afkomu sína byggja á fiskveiðum, með því að ákveðin fjárhæð væri frádráttarhæf frá opinberum gjöldum vegna hlífðarfatakaupa og fæðiskostnaðar.

Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er ætlað að stíga enn eitt skref í þessa átt og að sá mismunur, sem áður var gerður í þessum efnum á togarasjómönnum og á öðrum fiskimönnum, verði nú jafnaður. Auk þeirra, sem taldir eru í fyrrgreindum lögum, en það voru einungis hásetar, bátsmenn og 2. stýrimaður á togurum, skulu nú einnig matsveinar og aðstoðarmenn í vélarrúmi á togurum njóta frádráttar samkv. lögum þessum. Í 2. gr. þessa frv. er og gert ráð fyrir því, að öllum skipverjum, sem lögskráðir hafa verið lengur en þrjá mánuði á viðkomandi skattári, skuli við ákvörðun tekjuskatts veittur sérstakur frádráttur, 500 kr. fyrir hvern lögskráningarmánuð.

Í framsöguræðu þeirri, sem flutt var fyrir máli þessu í hv. Nd., var þess getið, að framangreind hlunnindi kæmu út þannig samkv. athugun skattstofunnar:

a. Háseti á togara, einhleypur og lögskráður í 10 mánuði, tekjuskattur hans væri 3575 kr., en verði samkv. lögum þessum 2375 kr.; útsvar hans 7670 kr., verður 6070 kr.

b. Stýrimaður á togara, giftur og á eitt barn, lögskráður í 11 mánuði, tekjuskattur hans var 6187 kr., verður 4260 kr., útsvar var 12360 kr., verður 10165 kr.

c. Skipstjóri á fiskibát, giftur, á þrjú börn, lögskráður í 6 mánuði, tekjuskattur hans er 15275 kr., en verður 14015 kr.; útsvar 21500 kr., en verðum 20400 kr.

d. Háseti á fiskibáti, einhleypur, lögskráður í 6 mánuði, tekjuskattur hans er 6932 kr., en verður 5890 kr. Útsvar hans er 11560 kr., en verður 10515 kr.

Ég tek þetta hér upp að nýju, ef það mætti verða hv. alþm. til einhverrar leiðbeiningar um það, hvernig lögin munu verka.

Erfitt er um það að segja, hver áhrif slík lagasetning kann að hafa til lausnar fyrrgreindu vandamáli. Margir vilja halda því fram, að Alþingi verði að fara sér hægt í slíkum hlunnindaveitingum til einstakra starfsstétta, því að þá muni fleiri á eftir koma. Mín persónulega skoðun er sú, að engin hætta sé í þessu fólgin, hvað þetta mál snertir. Sjómenn hafa hér á landi algera sérstöðu um áhættusöm og erfið störf, auk þeirra erfiðleika, sem það hlýtur að valda heimilislífi þeirra öllu, að þeir skuli einmitt stunda þessi störf. Aðrar starfsstéttir munu því eiga erfitt með um allar viðmiðanir í þessum efnum. Jafnvel þó að menn vilji gerast svo kaldrifjaðir að horfa fram hjá öllu þessu, stendur það þó óhaggað, að þjóðfélagsheildinni er lífsnauðsyn, að ávallt sé nægt framboð fullgildra sjómanna.

Ríkinu á því ekki að stafa nein hætta af þessum eða viðlíka ráðstöfunum hvað tekjustofna sína snertir. Ég vil engu um það spá, hvort hér er nægjanlega langt gengið um þessi sjálfsögðu hlunnindi nú til lausnar þessum vanda. En fagnaðarefni ætti það að vera öllum réttsýnum mönnum, að með samþykkt þessa frv. hefur Alþingi viðurkennt þessi nauðsynlegu framleiðslustörf og stigið enn eitt spor í þá átt að viðurkenna fólkið, sem þessi störf leysir af hendi.

Eins og nál. á þskj. 353 ber með sér, leggur n. einróma till, að frv. verði samþykkt, og eins og þar segir, var einn nefndarmanna, hv. þm. Vestm., Jóhann Þ. Jósefsson, fjarstaddur afgreiðslu málsins í n. vegna veikinda.

Það er eindregin ósk, n., að frv. verði samþykkt og að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum, stefnir tvímælalaust í rétta átt. Hins vegar er það skoðun mín og ýmissa annarra hv. þm. í þessari þd., að það gangi allt of skammt, til þess að það nái þeim tilgangi, sem að er stefnt með því, og til þess að verulegt gagn geti að því orðið. Það er staðreynd, að sjómannastéttin stendur svo að segja ein undir allri gjaldeyrisöflun þjóðarinnar.

Það er á þátttöku þjóðarinnar í útflutningsframleiðslunni, sem afkoma hennar veltur fyrst og fremst á hverjum tíma. Af því sést, hversu geysiþýðingarmikið það er, að nægilega margt fólk vilji vinna þau áhættusömu störf, sem sjómennskan felur í sér, hvort heldur hún er stunduð á vélskipum eða togurum.

Reynsla okkar síðustu árin hefur sannað, að of fáir ungir menn vilja leggja fram starfskrafta sína til að stunda sjó og framleiða sjávarafurðir til útflutnings. Þess vegna hefur orðið, eins og hv. frsm. n. gat um, að fá hundruð erlendra sjómanna, flest Færeyinga, til þess að starfa á íslenzka fiskiskipaflotanum. Úr þessu verður að bæta, og raunhæfasta leiðin til þess er að skapa því fólki, sem að þessari grein framleiðslunnar starfar, bætta aðstöðu og kjör. Það er af þessum ástæðum, sem ég tel, að það frv., sem hér liggur fyrir, stefni í rétta átt, en gangi hins vegar of skammt.

Ég hef þess vegna ásamt hv. 11. landsk. þm. leyft mér að flytja við það tvær brtt., — brtt., sem einnig komu fram í hv. Nd. og aðeins herzlumun vantaði á að næðu þar samþykki.

Hin fyrri þessara brtt. er við 1. gr. frv., um, að inn í upptalninguna þar skuli bætt vélstjórum. — Hv. fjhn. Nd. barst bréf frá Vélstjórafélagi Íslands, þar sem þess var farið á leit, að svipuð brtt. yrði flutt við frv. og hér liggur fyrir. Með leyfi hæstv. forseta vildi ég lesa upp kafla úr þessu bréfi Vélstjórafélags Íslands. Þar segir á þessa leið:

„Með lögum nr. 46 1954 eru fiskiskipahásetum veitt nokkur tekjuskattsfríðindi í sambandi við

hlífðarfatakaup sín. Stjórnarfrv. liggur nú frammi til afgreiðslu, er gerir ráð fyrir að hækka þessi fríðindi um 200—300 kr. á mánuði. Í frv. er einnig gert ráð fyrir, að matsveinar og aðstoðarmenn í vél fái þessi hlunnindi. Með því að færa hlunnindi þessi yfir á tvo síðastnefnda starfshópa, lítur Vélstjórafélag Íslands svo á, að það sé sanngirniskrafa, að vélstjórar fiskiskipanna fái einnig þetta frádrag á tekjuskattsframtali sínu. Vélstjórar vinna við hlið aðstoðarmanna í vélarrúmi skipanna og vinna þar óþrifaleg störf, sem krefjast mikilla hlífðarfatakaupa engu síður en hjá aðstoðarmönnum í vél. Einnig má benda á það, að flestir vélstjórar eiga fullkominn sjófatnað, stígvél og stakk, sem þeir nota, er þeir þurfa að huga að togvindu og akkerisvindu og fleira á þilfari uppi.

Vélstjórafélag Íslands mælist því til þess, að hið háa Alþingi taki vélstjórana einnig með í þetta frv. En eðlilegast væri þó, að allir fiskiskipasjómenn nytu sömu skattfríðinda. Teljum vér það ekki farsæla lausn, þegar gert er ráð fyrir, að einn starfshópur fái 500 kr. skattafrádrag pr. mánuð, þegar annar starfshópur á sama vinnustað fær allmiklu hærra frádrag undir yfirskini hlífðarfatakaupa, sem báðir starfshópar verða þó að greiða sama verði.

Í trausti þess, að hið háa Alþingi taki vel þessum tilmælum vorum og afgreiði mál þetta með sanngirni, látum vér greinargerð þessa frá oss fara.

Virðingarfyllst,
f. h. Vélstjórafélags Íslands,
Örn Steinsson,
formaður."

Það þarf ekki miklu að bæta við þessi rök vélstjóranna sjálfra. Við höfum þess vegna talið rétt að verða við beiðni þeirra og flytjum því þessa brtt., sem er fyrri till. af þeim tveimur, sem við flytjum.

Síðari brtt. er um það, að öllum skipverjum, sem hafa verið lögskráðir á íslenzk fiskiskip fjóra mánuði eða lengur á viðkomandi skattári, skuli við ákvörðun tekjuskatts veittur sérstakur frádráttur, er nemi 30% af álögðum tekjuskatti af tekjum fyrir störf á fiskiskipum. Hér er um að ræða allverulega hækkun á skattfrádrætti frá því, sem gert er ráð fyrir í frv., og má ætla, að ef þessi brtt. yrði samþykkt, yrði um að ræða allraunhæfa ráðstöfun til að laða unga menn til frekari þátttöku í sjósókn og sjómennsku.

Ég tel svo ekki þörf á því að fara fleiri orðum um þessar brtt., en vænti, að hv. þd. samþykki þær og sýni þar með skilning sinn á því þýðingarmikla atriði, sem þær fjalla um.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Mig undrar, hve linlega hv. fjhn. hefur tekið á þessu máli, vitandi, hvernig ástandið er í okkar landi. Hv. frsm. n. skýrði frá því, að hér mundi vera á annað þúsund erlendir menn skráðir á fiskiflotann, og ég hygg, að þetta sé rétt. Og mér er tjáð, að á s. l. ári hafi verið greiddar um 17 millj. kr. í frjálsum gjaldeyri til þessara erlendu sjómanna. Við vitum það allir, að þetta fer stöðugt í vöxt. Þeim fjölgar stöðugt þessum erlendu mönnum, sem sækja sjó hingað, vegna þess að íslenzkir menn fást ekki á skipin. Með þessari tölu, sem nú er skráð af hinum erlendu mönnum á þessi skip, mætti manna helming af okkar togaraflota eingöngu með erlendum sjómönnum. Sjá menn ekki, hvernig þetta ástand er og hvert stefnir, ef þessu heldur áfram? Þessu verður vissulega að kippa í lag. Það verður að búa þannig að sjómannastéttinni, að hún sækist eftir skiprúmi. En nú er þetta þveröfugt. Vinnan í landi er miklu betur launuð, svo að ég tali nú ekki um, að henni fylgir engin áhætta eða svo til engin, og eftir henni sækjast menn að sjálfsögðu.

Ég minnist þess, að fyrir nokkrum árum var ég beðinn að reyna að fá skiprúm á togara fyrir unga menn víðs vegar úti um sveitir og tókst það stundum. Þá var sótzt mjög eftir því að komast í togaraskiprúm. En nú þekkist þetta ekki. Og ef menn hafa lesið grein í Morgunblaðinu í morgun eftir einn ágætan útgerðarmann á Akranesi, þá segir hann, að á flotanum þar séu nær eingöngu miðaldra menn og eldri. Ungir menn sjást þar ekki. Með þetta fyrir augum skil ég ekki, hve tómlega hv. fjhn. lítur á þessi mál. Þessu verður að kippa í lag, því fyrr, því betra. Verði haldið áfram að láta það synda þannig aðgerðarlaust, er ekki langt að bíða þess, að við komum ekki togaraflotanum okkar út og ekki neinum fiskibát, nema því aðeins að einhver þjóð vildi lána okkur menn. En það eru takmörk fyrir því, hvað aðrar þjóðir geta lánað af sínum fiskimönnum.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Hv. þm. V-Sk. var að tala um tómlæti, sem fjhn. þessarar hv. d. hefði sýnt í þessu máli. Ég get ekki kannazt við, að n. hafi sýnt neitt tómlæti í þessu máli. Hún tók það mjög fljótt fyrir, eftir að frv. var til hennar vísað, og hún lagði til, að það yrði samþ., eins og hv. Nd. hafði gengið frá því.

Ég verð að draga það mjög í efa, að brtt. þær, sem hér liggja fyrir, séu til þess að tryggja framgang málsins, þar sem atkv. hafa gengið um svipuð atriði í hv. Nd. og verið felld þar. Ég get ekki kannazt við annað en að með þessu frv. séu íslenzkum sjómönnum veitt mjög mikil hlunnindi.

Hv. þm. V-Sk. talar um það, að menn fengjust ekki á skipin nú, en fyrir nokkrum árum hefði verið sótt um það mjög að komast á togara og menn leitað til hans og beðið hann að útvega sér skiprúm þar. Ég hef alveg sömu sögu að segja, að fyrir æði mörgum árum var oft leitað til mín og menn voru að biðja mig að greiða fyrir því, að þeir kæmust á togara. Að komast á togara í þá daga var svipað og að fá sæmilega gott embætti í hugum manna. En hvernig voru kjörin þá? Voru þau betri en þau eru nú? Ég held þau hafi verið æði miklu verri þá en þau eru nú.

Það er ekki gott að bera saman kaupgjald þá og nú vegna þeirra breytinga, sem orðið hafa á gildi peninga. En ég hygg þó, að kaupgjaldið sé eins hátt nú, miðað við gildi peninga, og það var þá. En hvernig var aðbúnaður þessara manna þá, þegar þeir voru að sækja unnvörpum um að komast á togara? Ja, fyrst þegar ég kom hér á þing og fyrst þegar menn leituðu til mín í þessu efni,

þá var nú þannig ástatt, ef ég man rétt, að menn gátu orðið að vinna 18 klukkutíma á sólarhring — og það sólarhring eftir sólarhring — á togurunum. Nú hafa menn fengið tryggingu fyrir því að vera ekki beinlínis þrælkaðir, þó að þeir vinni á togurum, því að það er hverjum heilbrigðum manni á góðum aldri vel fært að vinna tólf tíma á sólarhring. Það höfum við sjálfsagt allir eldri menn prófað á sjálfum okkur, að við vorum óskemmdir af.

Nei, það er allt annað, sem er orsök þess, að Íslendingar fást ekki lengur á togara eða fiskibáta. Það er yfirleitt það, að menn vilja komast að störfum, sem bæði eru léttari og menn geta gengið að þokkalega til fara, verið heima hjá sér o. s. frv. Þessi þróun er ekki góð, en ég efast alveg um, að Alþ. geti til hlítar snúið þessari þróun við, það þurfi fleira að koma til. Hugsunarhátturinn þarf að einhverju leyti að breytast.

En nú er það um þessar brtt. að segja, að þær lágu alls ekki fyrir, þegar n. afgreiddi málið, eða ekki hafði ég orðið var við þær. Þess vegna mundi nú vera rétt að fresta þessari umr., og þá mun ég bera þessar till. undir hv. meðnm. mína. En ég get ekki séð, að að svo komnu eigi fjhn. nokkrar ákúrur skilið, eins og komu fram hjá hv. þm. V-Sk., en flm. tillagnanna, sem fyrir liggja, orðaði ekki einu orði.

Jón Kjartansson: Þrátt fyrir þessi ummæli hv. formanns fjhn. sný ég ekki aftur með það, að mér finnst þessu máli vera sýnt allt of mikið tómlæti. Hann taldi, að það væri ekkert tómlæti, af því að þeir hefðu tekið við þessu frv. úr Nd. og afgreitt það fljótlega. En þegar þeir líta á, hvernig frv. er, þá held ég, að þeir geti komizt að raun um, að það bætir ekki það ástand, sem nú er, sem er vissulega meiningin að eigi að gera. Ég hygg, að það verði sú reyndin, ef ekki er gerð bragarbót á. Það bætir það að engu leyti eða svo til að engu leyti.

Hv. formaður fjhn. segir, að þegar eftirsóknin var hér fyrir nokkrum árum eftir skiprúmi á togara, hefðu kjörin þó verið miklu lakari en nú. Þetta er alger misskilningur. Kjörin þá, miðað við vinnu í landi, voru betri. Þess vegna var sótzt eftir þessari vinnu, enda þótt aðbúnaður hefði verið allt annar og lakari þá en nú. Kjörin voru miklu betri, og þess vegna sóttust ungir menn eftir togaraskiprúmi, sem þeir gera nú ekki þrátt fyrir þessi góðu skip, sem nú eru. Það kemur til af því, að kjörin eru miklu lakari en kjörin í landi. Það er þetta, sem verður að breyta, til þess að það sé hægt að manna okkar skip. Við getum aldrei verið fiskiþjóð, ef við sinnum ekki þessu betur en nú er gert.

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Ég var fjarverandi þær fáu mínútur, sem fyrri ræða hv. þm. V-Sk. stóð yfir, en ég kemst þó ekki hjá því að biðja hv. þm. að líta á nál. frá hv. fjhn. og sjá, að hinn mjög svo verkalýðssinnaði flokkur hans átti fulltrúa í n., sem ekki sá ástæðu til þess að hreyfa þar brtt., sem þó höfðu verið frammi hafðar í Nd., og hefur skrifað undir nál. með okkur ágreiningslaust. Hins vegar fagna ég þeim áhuga, sem fram kemur hjá hv. þm. N-Ísf. og þm. V-Sk. nú á kjörum sjómanna, þó að forsendurnar séu nú ekki björgulegar fyrir málflutningnum, þegar út í verkalýðsmálin á að fara. Þá er því statt og stöðugt haldið fram, miðað við þann tíma, sem hv. 1. þm. Eyf. minnti hér á áðan, þegar sjómenn sóttust eftir því að vera á togurum, þá fullyrðir þm. V-Sk., að kjörin hafi verið miklum mun betri. Veit hv. þm. V-Sk. ekki, hver var ástæðan til þess, að menn sóttust eftir að vera á togurum í þá tíð? Það var ekkert fyrir þessa menn að gera í landi, og það var höfuðástæðan til þess. Það var ekki um aðra atvinnu að ræða en að vera til sjós. Það var þess vegna ekki af því, að kjörin væru svo sérstaklega góð þá, að menn sóttust eftir þessum störfum, heldur fyrst og fremst vegna þess, að það var um algert atvinnuleysi í landi að ræða. Hins vegar vil ég minna þessa tvo hv. fulltrúa Sjálfstfl. á það, að þegar hv. þáverandi ríkisstj. flutti hér á hv. Alþ. þá hlunnindabót, sem felst í þeim skattafrádrætti, sem heimilaður er í núgildandi lögum um hlífðarfatakaupin, flutti stjórnarandstaðan ýmsar brtt. við það, og ég minnist þess ekki þá, að þm. V-Sk. eða þm. N-Ísf. tækju undir þær brtt. Það heyrðist ekki í þessum ágætu mönnum þá. Hins vegar er gott til þess að vita, að það er um breytt hugarfar að ræða, og ég tek alveg undir það með hv. formanni nefndarinnar, 1. þm. Eyf., að það sé rétt, að n. yfirfari þessar brtt., þegar þær eru fram komnar nú. En n. gat ekki fjallað um brtt., sem ekki var hafður hugur á að bera fram, fyrr en málið er tekið fyrir og nál. hefur verið útbýtt.

Umr. frestað.

Á 76. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Ed., 26. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Við fyrri hluta þessarar umr. varð samkomulag um það, að umr. skyldi frestað til þess að yfirfara tvær brtt., sem þá höfðu borizt frá hv. þm. N-Ísf. og hv. 11. landsk.

Nefndin hefur nú yfirfarið þessar till., og er niðurstaða n. sú, að meiri hl. mælir gegn samþykkt þeirra beggja, en einn nm., hv. 6. þm. Reykv., óskaði að hafa óbundnar hendur um málið.

Það, sem eru rök okkar gegn þessum brtt., er í fyrsta lagi það, að það muni erfiðara að skera úr um aðra yfirmenn skipsins, eftir að bætt hefur verið vélstjórum inn í þau fríðindi, sem sjómönnum, hásetum og aðstoðarmönnum í vélarrúmi, ásamt matsveinum, eru ætluð samkv. brtt., en það mun vera meining þeirra flm., að hér bætist nú vélstjórar inn í.

Varðandi breytinguna við 2. gr., þá er þar tekinn upp nýr háttur um ákveðinn hundraðshlutafrádrátt, sem telja verður nokkru óvissari en þá breytingu, sem frv. gerir upphaflega ráð fyrir.

Í þriðja lagi er rétt að geta þess hér, þar sem mér láðist að geta þess upphaflega í framsöguræðu fyrir málinu, að frv. er í einu og öllu sniðið eftir óskum sjómanna sjálfra og sérstöku samkomulagi, sem gert var við fulltrúa

sjómanna, sem sæti áttu í 19 manna efnahagsnefnd Alþýðusambands Íslands. En viðræður voru við þá í sambandi við hinar svonefndu bjargráðatill., sem fram komu hér um áramótin til styrktar sjávarútvegnum.

Frv. er því í sinni upphaflegu mynd sérstakt samkomulag við fulltrúa sjómanna, og leggjum við til, að það verði samþykkt eins og það var upphaflega fram borið, og mælum því gegn þeim brtt., sem fram hafa verið lagðar.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Mér þykir mjög miður, að hv. meiri hl. sjútvn., fulltrúar hæstv. ríkisstj. í n., hefur ekki séð sér fært að mæla með samþykkt þeirra brtt., sem ég hef leyft mér að flytja hér við þetta frv. ásamt hv. 11. landsk. þm.

Það kom mjög greinilega fram við fyrri umr. um þetta mál hér í hv. þd., að menn töldu mikið bresta á, að það næði nægilega langt til þess að verða að nokkru gagni og ná þeim tilgangi, sem þó er stefnt að með því. Þessi skattfríðindi, sem frv. hæstv. ríkisstj. gerir ráð fyrir, eru svo lítil, að engar líkur eru til þess, að samþykkt frv. verði til þess að örva unga menn eða menn yfirleitt til þátttöku í sjómennsku, og þá fer því auðvitað víðs fjarri, að takmarkinu hafi verið náð með samþykkt þess.

Hv. 4. landsk. þm., frsm. hv. n. í þessu máli, sagði, að þetta frv. byggðist á samkomulagi við fulltrúa sjómanna, þess vegna mættum við engu hreyfa í því. Ég er þess alveg fullviss, að sjómenn mundu taka því með þökkum, ef þær breytingar yrðu á þessu samkomulagi gerðar, sem felast í brtt. okkar, nefnilega að auka mjög verulega þau skattfríðindi, sem gert er ráð fyrir í frv.

Það er þess vegna fyrirsláttur einn, að ekki megi samþykkja breytingartillögur okkar, vegna þess að samkomulag hafi verið gert um það við sjómenn, að aðeins þau fríðindi, sem gert er ráð fyrir í frv., skyldu ná fram að ganga. Auðvitað er það sjómönnum hinn mesti fengur, ef aukið er við þessi fríðindi, sem um kann að hafa verið samið, sem mér er ókunnugt um, fyrr en hv. frsm. upplýsir það nú.

Ég harma það sem sagt, að hv. stjórnarflokkar hafa ákveðið að snúast gegn þessum brtt. okkar við frv. og gera þetta mál þar með að káki einu, sem enga raunhæfa þýðingu hefur þó í þessu stóra máli, sem brýna nauðsyn ber til að verði leyst, þ. e. a. s., að stuðlað verði að aukinni þátttöku sjómanna eða aukinni þátttöku þjóðarinnar yfirleitt og ekki síst ungra manna í framleiðslustarfinu við sjávarsíðuna.

Það er svo raunar óþarfi að svara nokkrum ummælum, sem féllu hjá hv. 4. landsk. þm. hér, er málið var áður til umræðu. Hann snerist þá sérstaklega hart gegn ummælum hv. þm. V-Sk. og hreytti skætingi í Sjálfstfl. og lét að því liggja, að hann hefði haft lítinn áhuga fyrir framgangi hagsmunamála sjómannastéttarinnar á undanförnum árum. Það væri undarlegt allt í einu nú að heyra raddir úr okkar hópi, sem mæltu með breytingum, er væru sjómönnum hagkvæmar.

Ég vil nú fyrst benda hv. þm. á það, að einmitt meðan fyrrv. ríkisstj. sat undir forustu sjálfstæðismanna voru gerðar breytingar á skattalögum í þá átt að koma nokkuð til móts við óskir sjómanna. Og það er einmitt verið að gera breytingu á þeim ákvæðum nú.

Í öðru lagi vil ég benda á það, að það, sem ríkastan þátt hefur átt í því að bæta aðstöðu íslenzkrar sjómannastéttar á undanförnum árum, er sú staðreynd, að Sjálfstfl. beitti sér fyrir því á sínum tíma, að vísu í samvinnu við Alþfl. og kommúnista, að nota sjóði stríðsáranna til endurnýjunar togaraflotanum.

Það er vegna þess, að Sjálfstfl. tók á þessum málum, endurnýjun togaraflotans, af raunsæi og framsýni, sem íslenzkir togarasjómenn sækja nú sjó á miklu betri skipum en Íslendingar hafa nokkru sinni átt.

Það er einnig vegna forustu þeirrar sömu ríkisstj., sem Sjálfstfl. hafði forsæti í, sem vélbátaflotinn var endurnýjaður og fjöldi nýrra og fullkominna skipa byggður, utanlands og innan.

Það situr þess vegna mjög illa á þessum hv. 4. þm. Reykv. að nota þetta mál sérstaklega til þess að hreyta skætingi í þann stjórnmálaflokk og þá stjórnmálamenn, sem gifturíkasta forustu hafa haft um uppbyggingu sjávarútvegsins á undanförnum árum.

Hann minntist að lokum á það, að forsendurnar væru ekki björgulegar, þegar út í verkalýðsmálin væri farið. Ég veit nú ekki, hvort það situr sérstaklega vel á mínum hv. og ágæta sessunaut að flytja slíkar dylgjur um Sjálfstfl. Einmitt hann fer með völd í verkalýðsfélagi og er kosinn þar til forustu, vegna þess að hann er studdur af sjálfstæðismönnum. Ég er ekki að segja þetta honum til lasts, en ég álít, að hann hefði ekki átt að nota þetta tækifæri hér til þess að hreyta skætingi í Sjálfstfl. í senn fyrir afstöðu hans í verkalýðsmálum og fyrir þátt hans í uppbyggingu sjávarútvegsins á undanförnum árum. Til þess voru hans rök og hans aðstaða allt of veik.

Ég vil svo að lokum aðeins láta þá von í ljós, að þó að hv. nefnd hafi ekki treyst sér til þess að mæla með brtt. okkar, sem ganga í þá átt að gera þetta frv. að raunhæfri ráðstöfun til þess að fá aukna þátttöku í útgerð á Íslandi, þá muni hv. þd. skilja nauðsyn þeirra og samþykkja brtt.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég heyri það, að fulltrúar Sjálfstfl. eru óánægðir með það frv., sem hér liggur fyrir um aukin skatthlunnindi til handa sjómönnum, og þeir flytja hér brtt. um, að þessi skatthlunnindi verði gerð nokkru víðtækari en gert er ráð fyrir í frv.

Hv. þm. N-Ísf., sem var að enda hér að tala fyrir sínum till., taldi, að hér væri með þessu frv. um að ræða aðeins ófullnægjandi kákráðstafanir, eins og hann sagði, og að skattfríðindi þessi gætu ekki áorkað því, sem til væri ætlazt, að laða menn meira að sjómennsku.

Í tilefni af þessu verð ég að segja það, að mér þykir alveg furðuleg þessi framkoma þessa hv. þm. og þeirra sjálfstæðismanna með tilliti til þess, hvernig þetta hefur borið að, og með sérstöku tilliti til þess, hvernig meðferð þess hefur verið háttað hér á Alþingi á undanförnum árum.

Ég vil t. d. minna á það, að ég hef flutt hér á

Alþingi frv. a. m. k. fjórum sinnum áður um það að auka hin sérstöku skatthlunnindi sjómanna á fiskiskipum, þannig að einn þriðji af tekjum þeirra yrði frjáls til skattfrádráttar, en þessum frv. mínum hefur verið þannig tekið, m. a. af þeim sjálfstæðismönnum, að þeir hafa drepið þessi frv. ár eftir ár. Í nokkrum tilfellum hef ég fengið aðstöðu til þess að koma þessum till. mínum undir atkvæði hér á Alþingi, m. a. í sambandi við breytingar á skattalögunum, og þá hefur ekki staðið á hv. þm. N-Ísf. frekar en öðrum sjálfstæðismönnum að rétta upp sína hönd þar á móti og drepa þessar till. En það, sem Sjálfstfl. lagði svo til eftir allmikinn þrýsting frá hálfu sjómanna, var að lögleiða þau skattfríðindi, að ýmsir af skipverjum á fiskiskipum skyldu fá í sérstakan frádrátt vegna svonefndra hlífðarfatakaupa, sjómenn á togurum 300 kr. á mánuði hverjum og sjómenn á öðrum fiskiskipum 200 kr. á mánuði hverjum til frádráttar fyrir hlífðarfatakaup. Lengra fékkst þetta ekki með samþykki Sjálfstfl., og við það sat.

En nú varð sú breyting gerð á, að nú fékkst samkomulag, sem gert var um áramótin við sjómenn um verulegar breytingar í þessum efnum og öðrum varðandi þeirra launakjör. Það var þá samið við sjómenn, án þess að farið væri út í nokkra vinnustöðvun eða deilur um það, að kaup þeirra skyldi hækka allverulega með hækkuðu fiskverði, en skiptaverðið til bátasjómanna var hækkað um 8 aura á hvert fiskkíló, en nokkru minna hjá togaramönnum. Enn fremur var samið við þá um það, að orlofshlutur þeirra skyldi tvöfaldaður frá því, sem áður var. Og í þriðja lagi var samið við sjómenn um að auka skatthlunnindi þeirra, eins og segir í þessu frv., þannig að frádrátturinn vegna hlífðarfatakaupa skyldi hækkaður um 200 kr. á mánuði, úr 300 hjá togaramönnum, en úr 200 kr. á mánuði hjá bátasjómönnum, eða þannig, að togarasjómenn og bátasjómenn fengju þá 500 kr. frádrátt í þessu skyni vegna sérstakra hlífðarfatakaupa á mánuði hverjum. En auk þessa skyldu svo allir skipverjar á íslenzkum fiskiskipum fá 500 kr. á mánuði sem aukafrádrátt við skattútreikning, þannig að sjómenn þeir, sem njóta hlífðarfatafrádráttarins, fá þá orðið sérstakan skattfrádrátt, sem nemur 1000 kr. á mánuði. Það má búast við því, að þessi frádráttur nemi 10—12 þús. kr. hjá þeim, sem er við störf allt árið.

Þessi þrjú atriði, sem samið var við sjómenn um um áramótin, sem sé fiskverðshækkun, hækkun á orlofi og þessi auknu skattfríðindi, nema að dómi þeirra, sem þar eru kunnugastir, a. m. k. 15—18% kauphækkun.

Kauphækkunin getur verið nokkru meiri í þeim tilfellum, þar sem skattfrádrátturinn verkar meir en hjá öðrum, en þá aftur aðeins líka minni hjá öðrum.

Sjómenn töldu almennt og samþykktu alveg einróma að ganga að þessum samningum, og var vitanlega hér alveg ólíku saman að jafna við það, sem áður hafði verið, þegar þeir höfðu þurft að standa í margra vikna verkfalli til þess að fá nokkurra aura hækkun á fiskverði, en verið neitað um þessar aðrar lagfæringar.

Svo þegar þetta hefur áunnizt og sjómenn hafa gert samkomulag um þetta við ríkisstj. og hér er verið að lögfesta þetta samkomulag, þá koma þeir sömu menn fram, sem ár eftir ár hafa drepið till. hér á Alþingi um aukinn skattfrádrátt, og segja: Við skulum veita sjómönnum miklu meira en þetta.

Ja, slík skinhelgi. Ég held, að þeir þm., sem þetta hljóta nú að vita sjálfir, hefðu gott af því að rifja upp þessi sannindi fyrir sér og átta sig á því, hvað þeir eru raunverulega að gera sig hlægilega, bæði í augum sjómanna og allra annarra, sem til þekkja í þessum efnum.

Þeir sömu menn, sem verða að játa, að þeir hafi staðið fyrir því að veita þessi mjög takmörkuðu skattfríðindi, sem nam 200 kr. á mánuði til frádráttar hjá togaramönnum, eru nú að flytja till. um að fara nú nokkuð fram yfir það, sem sjómenn hafa sjálfir gert samkomulag um að þessu sinni, og segja svo, að þetta samkomulag dugi vitanlega hvergi nærri, því að það fáist engir menn til sjósóknar, sem þurfi að búa við slík kjör sem þessi.

Mér er það enn ljóst, að það væri þörf á því að ganga hér enn lengra til móts við það, sem óskir sjómanna eru. Það er alveg rétt. Ég tel fyrir mitt leyti, að það þyrfti að auka skatthlunnindi þeirra enn meira. En ég veit líka, að það er óralangt frá því, að þorri manna, sem vinnur við landstörf, hafi enn sætt sig við það, að sjómenn búi við slík sérstök kjör, og það hefur einna gleggst komið fram hér á Alþingi í afstöðu sjálfstæðismanna á undanförnum árum. Ég er þeirrar skoðunar, að hér sé stigið mjög myndarlegt skref, og ég reikna með því, að ef kauphækkun sjómanna á þann hátt, sem hún fór fram um áramót, hefði orðið öllu meiri en hún var, þá hefðu ótalmargir aðrir þurft að koma á eftir og sagt: Nú verðum við að heimta sérstaka kauphækkun, til þess að bilið á milli okkar og sjómanna sé ekki orðið allt of mikið

Ef menn vilja fara út í meting um það, hver afstaða manna hefur verið hér á undanförnum árum til hagsmunamála sjómanna og er hér almennt, þá er vitanlega nóg tilefni til þess að ræða um slíkt. Ég held, að þau mál liggi ekki þannig fyrir, að sjálfstæðismenn hafi neinn ávinning af því að rifja upp þau atriði.

Ég skal aðeins minna á það, að um margra ára skeið lágu fyrir óskir sjómanna um að viðurkenna með lögum það, sem þeir höfðu að nokkru leyti og að verulegu leyti náð fram með samningum, að breyta ákvæðunum um togaravökulög, og þar stóðu sjálfstæðismenn á móti ár eftir ár þrátt fyrir eindregin tilmæli sjómanna.

Ég minnist þess líka, að þegar togarasjómenn og aðrir hafa verið hér í vinnudeilum, hafa þeir mátt lesa með stórum stöfum í Morgunblaðinu, hvað kaup þeirra væri orðið gífurlega hátt, og svo kemur þetta eilífa viðlag, sem ég las í Morgunblaðinu nú fyrir örfáum dögum, sem sagt þetta, að það væri verið að gera kröfu um launakjör til framleiðslunnar, sem framleiðslan gæti ekki borið. Auðvitað hafa kröfurnar frá sjómönnum verið svo miklar, að framleiðslan hefur ekki getað borið þessar launakröfur. Það er rétt eins og engar aðrar kröfur hafi verið gerðar til út-

gerðarinnar á undanförnum árum, þannig að hún hafi átt í vök að verjast með að greiða öll sín útgjöld, heldur en bara launakröfur. En því fer nú mjög fjarri, að útgerðin hafi í sjálfu sér goldið sínum mönnum, sem hjá henni hafa unnið, of mikið kaup. Þar hafa einmitt ýmsir aðrir komið til, sem spennt hafa upp útgjöldin miklu fremur en sjómenn.

Ég segi því, að ég mun huga að því að þessu sinni, að það samkomulag, sem gert hefur verið við sjómenn til lausnar á þeirra kjaramálum nú um áramótin, það samkomulag, sem fékkst fram með góðu við þá og var mjög þýðingarmikið fyrir þeirra samtök, verði hér lögfest óbreytt og standi, og læt það ekki stórlega hafa á mig, þó að yfirboðstillögur komi fram frá þessum mönnum, sem eiga þessa sögu að baki í þessum málum, sem ég hef hér lítillega minnzt á.

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Hæstv. sjútvmrh. hefur nú rakið ýtarlegar en ég gerði í minni framsöguræðu og svarræðu við ræðu hv. þm. V-Sk. (JK) og þm. N-Ísf. (SB) um afstöðu Sjálfstfl. til verkalýðsmála hér á Alþingi fyrr og síðar, og tók hann þar ferskari dæmi og nýrri, sem ættu því að vera mönnum betur í minni. Það, sem ég átti við í minni framsöguræðu og svarræðu, var fyrst og fremst afstaða Sjálfstfl. til þeirra hlunnindamála, sem eru sambærileg við það, sem hér er á dagskrá, t. d. vökulaganna, allan þann tíma, sem þau voru til umræðu hér á hv. Alþingi. Ég álít, að það þurfi ekki að rifja það upp fyrir neinum fulllesandi Íslendingi, hver afstaða Sjálfstfl. var til þessara mála þá.

Um það, hverjir kunni að ljá því atkvæði, að ég sé formaður í mínu stéttarfélagi, og hverjir sitji með mér þar í stjórn, þá hefur Morgunblaðið undir forustu hv. þm. N-Ísf. gert allmargar tilraunir til þess að gegnumlýsa þessa menn, skoðanir þeirra, í skrifum sínum og öðrum þeim tilburðum, og mér er nú ekki grunlaust um, að gegnumlýsingartækin séu ekki í betra lagi nú en þau hafa verið undanfarin ár hjá hv. þm. A. m. k. geigar honum töluvert, ef hann heldur, að sú stjórn, sem nú situr í mínu stéttarfélagi, sé eingöngu studd af sjálfstæðismönnum eða þeim mönnum, sem kunna að ljá Sjálfstfl. atkvæði við almennar kosningar. (**Gripið fram í:** Það hef ég aldrei sagt.) Ég geri ráð fyrir, að þingræðan muni sanna það á sínum tíma, og ég skal lesa hana yfir með hv. þm., þegar hún birtist, og vona, að ég fari hér með rétt mál. Ef svo er ekki, þá tek ég þessi ummæli mín aftur að sjálfsögðu.

Hæstv. sjútvmrh. rakti enn fremur ýtarlega, hverjar hlunnindabætur er hér um að ræða, og tel ég ekki þörf á því að koma frekar inn á það. Hitt er staðreynd, sem ég hef áður sagt um afstöðu Sjálfstfl. til þessara mála fyrr og síðar hér á Alþingi, og það vita allir, að brtt. þeirra hv. þm. N-Ísf. og 11. landsk. eru eingöngu fram komnar vegna þess, að þeir hafa nú ekki ábyrgð á ríkisstjórn. Það sannar afstaða flokksins fyrr og síðar til hliðstæðra mála. Ég held, að það sé óþarfi að vera að rekja á ný þá sögu, sem var rædd hér í ræðustólnum rétt áðan um afstöðu þessara þm. sjálfra, enda kom áhuginn berlega fram í upphafi þessarar umræðu. Þegar nál. hafði verið útbýtt og framsöguræða flutt fyrir málinu, eru í skyndi settar hér fram skriflegar brtt., sem n. féllst að vísu á að athuga, en áhugi fyrir málinu hafði ekki verið meiri en það, að þeim var ekki komið á framfæri fyrr og eins og venja er til fyrir 2. umr., a. m. k. hefur það ekki sézt hér. Fulltrúi Sjálfstfl. í n. hafði ekki gert neinar brtt. við nál. og skrifaði undir það athugasemdalaust með okkur. Ég held þess vegna, að þetta beri allt að sama brunni hjá hv. þm. N-Ísf. Fortíð Sjálfstfl. og framkoma hv. þm. N-Ísf. ásamt öðrum flokksbræðrum hans til hliðstæðra mála sannar, hver grundvöllurinn er að slíkum till. sem hér eru fluttar, og það var það, sem ég átti við, þegar ég sagði, að grundvöllurinn væri ekki björgulegur, þegar út í verkalýðsmálin væri komið, hjá slíkum mönnum.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta mildi hans að leyfa mér að gera nokkrar athugasemdir við ræður tveggja hv. síðustu ræðumanna.

Hv. frsm. n. fer villur vegar, þegar hann heldur því fram, að þessum brtt. hafi verið „kastað fram skriflegum". Ég vænti, að hæstv. forseti geti staðfest það, að þessum brtt. var útbýtt prentuðum, og voru þær teknar fyrir til umr. Ég hef a. m. k. ekki orðið var við það, að afbrigða hafi verið leitað fyrir þeim.

Það tekur svo naumast að svara því, að ég hafi haldið því fram hér, að stjórn stéttarfélags þess, sem hann er formaður í, sé eingöngu studd af sjálfstæðismönnum. Þessi orð hef ég aldrei látið mér um munn fara. Ég hef aðeins sagt, að það sæti illa á þessum hv. þm., sem situr formaður í sínu stéttarfélagi gersamlega af náð sjálfstæðismanna, að telja sig hafa efni á því að mæla af sérstakri vandlætingu um „verkalýðsmálastefnu sjálfstæðismanna". Ég segi, að ef einhvers staðar má tala um skinhelgi eða jafnvel það, að menn hafi á sér yfirskin guðhræðslunnar, en afneiti hennar krafti, þá mundi nú mega viðhafa þau orð um þessa framkomu hv. 4. þm. Reykv. Það er ágætt að fá sjálfstæðisverkamenn í múrarastétt til þess að kjósa sig til formennsku og trúnaðarstarfa í sínu stéttarfélagi, en standa svo upp á Alþingi og fara með svívirðingar um flokk þessara manna. Ég vænti þó þrátt fyrir allt, að samvinna Alþfl. og Sjálfstfl. hafi verið vel ráðin í þessu stéttarfélagi eins og í fleiri stéttarfélögum víðs vegar um land.

Hæstv. sjútvmrh. talaði hér nú alldigurbarkalega um það, að sjálfstæðismenn hefðu ekki fengizt til þess að samþykkja skattfrádrátt til sjómanna á undanförnum árum. Hæstv. sjútvmrh. kemst þó ekki hjá því, þegar hann flytur þetta frv., sem hér liggur fyrir, að stíla það við ákvæðið um skattfrádrátt handa sjómönnum, sem samþykktur var og borinn fram undir forustu sjálfstæðismanna. Ég held það ætti að draga dálítið úr gassanum í hæstv. sjútvmrh. Hann þarf ekki að berja sig utan yfir því, að sjálfstæðismenn hafi aldrei beitt sér fyrir því, að sjómenn fái skattfríðindi. Þetta frv. er stílað við þau ákvæði skattalaga um skattívilnanir handa sjómönnum, sem sett eru undir forustu sjálfstæðismanna og

í samvinnu við þá. Frekari sönnun þarf ekki til þess að kveða niður þessar staðhæfingar hæstv. ráðh, sem hann lét sér um munn fara hér áðan.

Ég vil einnig leyfa mér að benda hæstv. ráðh. á það, að fyrir ekki lengri tíma en 3 árum voru skattalög endurskoðuð hér að nokkru leyti, árið 1954, fyrst og fremst vegna þess, að sjálfstæðismenn gerðu það að skilyrði í málefnasamningi sínum við Framsfl., þegar stjórn var mynduð 1953, að það yrði gert. Samkvæmt þessari endurskoðun varð niðurstaðan sú, að skattar persónulegra skattgreiðenda lækkuðu um 20—30%. Það var að því stefnt, að lækkunin yrði um 20%, en hún mun hafa orðið á persónulegum skattgreiðendum um 27%. Vil ég spyrja hæstv. sjútvmrh. að því, hvort hann hafi talið þetta eitthvert fjandskaparbragð við sjómannastéttina, hvort þetta hafi ekki komið henni einnig að gagni. Ég vænti, að svo hafi verið. Ég veit, að þetta hefur einnig komið sjómannastéttinni að gagni.

Annars hélt ég nú, að það sæti illa á hæstv. sjútvmrh. og flokki hans að vera að núa sjálfstæðismönnum því um nasir, að þeir hafi ekki flutt till. um skattalækkanir. Ég veit ekki til þess, að nokkur flokkur hafi oftar bent á það og greinilegar, hversu allt of langt sé búið að ganga í skattheimtu á hendur einstaklingum og atvinnurekstri í þessu landi. Ég veit heldur ekki betur en þau spor, sem hafa verið stigin í rétta átt á síðustu árum í þeim efnum, og á ég þar fyrst og fremst við endurskoðun skattalaganna 1954, hafi verið stigin fyrir frumkvæði sjálfstæðismanna.

Hv. flokksmenn hæstv. ráðh. hafa að vísu flutt till. um að fella niður tolla og lækka tolla á undanförnum árum, meðan þeir voru í stjórnarandstöðu. Nú eru þeir komnir í ríkisstj. Hafa þeir þá ekki notað tækifærið og notað vald sitt til þess að lækka tolla og skatta eða jafnvel afnema þessi leiðu fyrirbrigði? Ég held ekki. Eina bjargráð þessarar hæstv. ríkisstj., sem þessir háu herrar eiga nú sæti í, hefur þvert á móti verið að hækka skatta og tolla gífurlega á almenningi. (**Forseti**: Þetta er að verða nokkuð löng athugasemd.) Ég skal taka ábendingu hæstv. forseta til greina og ekki halda öllu lengra út í að svara hæstv. ráðh. En ég vil aðeins endurtaka það, að úr því að hann var að tala um fyrri till. sínar í þessum málum um skatta- og tollalækkanir, þá verður að segja það, að engin ríkisstj. hefur fyrr eða síðar lagt aðra eins tolla og skatta á almenning og sú ríkisstj., sem hæstv. sjútvmrh. á nú sæti í. Engu að síður kemur hann fram og er drjúgur yfir í þessum efnum, þó að hann hafi lagt þúsundir króna í nýjum sköttum og tollum á hverja einustu fjölskyldu í landinu.

Ég vil ekki misnota þolinmæði hæstv. forseta til þess að fara að ræða við hæstv. sjútvmrh. um þau afrek, sem hann vann um síðustu áramót. En það gefst ef til vill tækifæri til þess í sambandi við annað mál, sem hér er á dagskrá, að koma að upplýsingum, sem sýna, hvernig ríkisstj. hefur staðið við þau loforð, sem hún gaf um síðustu áramót, og hvernig hún hefur „bjargað útgerðinni".

Þetta frv., eins og það liggur fyrir frá hálfu hæstv. ríkisstj., er ekkert nema kák og kák eitt. Ef hv. þd. vill gera úr því raunhæft mál, verður hún að samþykkja þær brtt., sem liggja fyrir frá mér og hv. 11. landsk. þm.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég bið um athugasemd, vegna þess að hæstv. sjútvmrh. kemur inn í málið á síðustu stundu, eftir að við, sem hreyfðum athugasemdum um málið í fyrri umr., getum ekki tekið þátt í umr.

Ég lét svo ummælt við fyrri umr. þessa máls, að mér fyndist hv. fjhn. taka linlega á þessu máli. Ég benti á tvö atriði þessu til staðfestu. Annað var það, að hér væru nú skráðir á fiskiflota okkar á annað þús. erlendir sjómenn, og ég spurði: Hve lengi getum við notið þess að fá hingað erlenda menn til þess að manna okkar flota? Nú er það svo, að þessi hópur erlendra manna mundi nægja til þess að manna helming okkar togaraflota. Ég benti einnig á það, að til þessara manna hefðu verið greiddar um 17 millj. kr. í frjálsum gjaldeyri árið sem leið. Þetta væru vissulega svo alvarleg atriði, að það yrði að líta á þessi mál öðrum og alvarlegri augum en hv. fjhn. leyfði sér að gera. Þetta benti ég á. Og ég benti einnig á það, að nú fengist varla lengur maður til að láta skrá sig á skip, hvorki á togara né vélbáta, en áður fyrr, fyrir stríð, hefði verið mjög eftirsótt að komast í skiprúm, ekki síst á togara. Hv. frsm. sagði að vísu um það, að þetta hefði stafað af því, að þá hefði verið svo mikið atvinnuleysi hér í landi, að þeir hefðu ekki haft um neitt annað að velja. En ég fullyrði, að þrátt fyrir ýmsa mjög erfiða aðstöðu þá á togurunum hefði þetta verið betur borguð vinna en landvinnan. Nú er þessu alveg snúið við. Þess vegna fást ekki ungir menn lengur til að láta skrá sig á skip.

Hæstv. ráðh. sagði, að vegna þess að einhverjir sjálfstæðismenn hefðu hér á fyrri þingum, undir allt öðrum forsendum en hér er, verið á móti einhverju máli, þá farist þeim ekki að ræða um þetta nú. Ég skil ekki þetta sjónarmið hjá hæstv. ráðh. Ef þörf er á að ganga lengra en hér er gert, hvers vegna gerir hæstv. ráðh. það ekki? Hann játar þörfina, og hann getur vænzt þess að fá stuðning hér í hv. deild, en hæstv. ráðh. vill ekki þiggja hann.

Ég skal ekki, herra forseti, misnota þessa athugasemd.

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Ég skal ekki misnota góðmennsku forseta. — Í sambandi við síðustu ræðu hv. þm. N-Ísf., þar sem hann endurtók nokkuð af því, sem hann hafði áður sagt varðandi mig og óviðkomandi mál, þá vildi ég aðeins segja þetta: Að sjálfsögðu er ekki beint hagsmunamál Múrarafélags Reykjavíkur hér til umr., en ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til að ræða þau við hann hvar og hvenær sem er og tækifæri gefst til. Hins vegar hefur þetta félag eins og önnur stéttarfélög í landinu fengið að kenna á valdi Sjálfstfl. í samtökum atvinnurekenda, og ég segi, að ef sömu menn kjósa núverandi stjórn Múrarafélagsins og Sjálfstfl., þá er það áreiðanlega þrátt fyrir afstöðu þm. N-Ísf. og annarra slíkra manna hér á hv. Alþ. til hagsmunamála verkalýðsins á undanförnum árum.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það er nú kvartað undan því, heyri ég, af talsmönnum sjálfstæðismanna, að ég skuli hafa blandað mér hér í þessar umr., og skal ég þá heldur ekki fara ýkja langt út í þetta mál héðan af. En ég taldi, að full ástæða væri til þess, þar sem þannig var mælt fyrir till. eins og hér var gert í upphafi þessa fundar, að það væri ekki saknæmt a. m. k. að segja frá þeim sannindum, sem ég sagði hér frá áður, jafnvel þó að þau kynnu að koma nokkuð illa við einstaka menn og þó að það hleypti ekki ýkja sterkum rökum undir þá till., sem þeir voru að reyna að flytja hér í þessu máli, enda fór svo, þegar hv. þm. N-Ísf. reyndi að berja svolítið í brestina, að afskaplega var það smátt, sem hann hafði að segja til athugasemda við það, sem ég hafði látið koma hér fram. Einna helzt átti það að vera það, að það sýndi nú bezt afstöðu sjálfstæðismanna til skattfríðinda sjómanna á undanförnum árum, að við hefðum nú ekki komizt hjá því núna að flytja brtt. okkar um aukin skatthlunnindi sjómönnum til handa við till., sem sjálfstæðismenn höfðu staðið að í tíð fyrrverandi ríkisstj. að setja inn í lögin. Það er nú einu sinni svo, að ef á að auka skattfríðindi, þá er ákaflega eðlilegt, að það sé flutt till. til breytinga á gildandi skattalögum þar um, og ég veit nú ekki eiginlega, hvar okkar brtt. hefði annars staðar átt að geta komið en á þann stað, sem lagt er til. En einmitt skattfríðindatill. sú, sem við stöndum að, vekur athygli á því, að skattfríðindi þau, sem sjálfstæðismenn eru að monta af að þeir hafi veitt, náðu aðeins í það að vera 200 kr. frádráttur á mánuði, og er þó þessi hækkun, eins og ég gat um áðan, aðeins einn liðurinn í þeim kjarabótum, sem samið var um við sjómenn að þessu sinni. Skattfríðindatill. nú vekja aðeins athygli á því, hve ákaflega smávægileg undanlátssemi hafi komið fram hjá sjálfstæðismönnum hér áður, þegar þeir féllust á að veita sjómönnum þessa 200 kr. skattfríðindahækkun.

Þá minntist hv. þm. N-Ísf. á það, að þeir sjálfstæðismenn hefðu beitt sér fyrir endurskoðun skattalaganna fyrir nokkrum árum og m. a. staðið að því, að persónuskattar væru lækkaðir. Ég vona, að það hendi mig ekki að halda því fram, að þeir sjálfstæðismenn séu ekki venjulega reiðubúnir til að lækka skatta á ýmsum góðum mönnum. Það hef ég fyrir löngu vitað og veit enn, að þeir hafa ríka löngun til að lækka skatta á ýmsum aðilum. Ég minnist þess líka sérstaklega, að höfuðkappsmál í þessu tilfelli var það og þeir hafa hvað eftir annað gert fyrirspurnir um hér á Alþ., hvað liði því að auka sérstaklega skattlækkun hjá hlutafélögum í landinu. Málið stendur sem sé ekki um það, hvort sjálfstæðismenn eru fúsir til þess að lækka eitthvað hina beinu skatta, sem miðast við tekjuhæð manna, heldur um hitt, hvort þeir hafa viljað fallast á það, hvort ætti að veita einni starfsstétt, sem eru sjómenn á okkar fiskiskipum, sérstök skatthlunnindi, og á móti því hafa þeir staðið á undanförnum árum á þann hátt, sem ég lýsti áður, því að þeir hafa fellt um það till. svo að segja á hverju einasta þingi nokkur undanfarin ár.

Ég hef ekki verið að núa sjálfstæðismönnum því um nasir, að þeir vildu ekki lækka skatta á hátekjum. Ég veit vel, að þeir vilja lækka skatta á hlutafélögum. Fyrir því hafa þeir barizt mjög dyggilega hér á Alþingi. En hitt liggur jafnljóst fyrir, að þeir hafa ekki haft mikinn áhuga á því hingað til að lækka skatta sjómanna almennt.

Síðast vék svo hv. þm. N-Ísf. að því, og átti það líklega að vera einhver afbötun fyrir þá sjálfstæðismenn, hvernig þeir hafa staðið sig í þessum skatthlunnindamálum sjómanna á undanförnum árum, að núverandi stjórn hefði hækkað tolla meira en nokkur önnur stjórn. Ég hef nú rætt hér við þennan hv. þm. áður um þessar margumtöluðu álögur og skal nú ekki endurtaka það. Það er að vísu mesti misskilningur, að hér sé um einhverja meiri hækkun að ræða en gerð hefur verið áður í tíð þeirra stjórna, sem sjálfstæðismenn hafa veitt forustu. En sá er bara munurinn, að þær tollahækkanir og skattahækkanir, sem nú voru samþykktar, gengu til þess að hækka kaup sjómanna. Þær gengu beinlínis til þess að stórkostlega hækka verð á fiski í landinu, og þær gengu til þess að borga upp stórar skuldahrúgur, sem safnazt höfðu upp í sambandi við stuðninginn til sjávarútvegsins á undanförnum árum, en þar var svo komið, að útvegsmenn og sjómenn áttu inni nokkra tugi milljóna af þeim loforðum, sem búið var að heita þeim. Þetta áttu þeir eftir að fá greitt, og þetta var líka gert á þann hátt að þessu sinni, að nú var gert ráð fyrir því, að ýmsir fengju að bera þessa tollahækkun, sem hingað til hafa þar algerlega undan sloppið, og hefur þá ekki staðið á hv. þm. N-Ísf. að kvarta og kveina fyrir hönd heildsala og annarra slíkra, sem nú verða að bera þessa tollahækkun.

Hv. þm. V-Sk. minntist hér á það mikla vandamál, að hér væru nú á annað þús. útlendingar starfandi á okkar fiskiflota eða starfandi við okkar sjávarútveg. Þeir eru nú ekki allir á fiskibátunum, allmargir af þessum mönnum eru starfandi einnig í landi, en þó við fiskframleiðslu. Hv. þm. hefur kannske ekki áttað sig á því, að þetta er nú ekkert einsdæmi, þetta var ekki að gerast í fyrsta skipti á þessu ári. Við höfum komizt yfir töluna þúsund í þessum efnum fyrr en á þessari vertíð, þó að nú færu fleiri skip og fleiri bátar á vertíðina en áður. Þetta er nefnilega búið að ganga svona í nokkuð mörg ár, að við höfum þurft meira og minna á útlendingum að halda, og vissulega er það mikið og erfitt vandamál, hvernig á að koma því til leiðar, að fleiri Íslendingar starfi á okkar fiskiskipum og við okkar sjávarútveg en verið hefur á undanförnum árum. En allir þeir, sem hugleiða þetta vandamál, finna fljótlega, að það verður ekki leyst með því að auka eitthvað nokkuð skattfríðindi sjómanna frá því, sem verið hefur. Þar þarf miklu meira til að koma.

Á meðan svo háttar í okkar landi, að það er til hér í landinu vinnustöð, sem tekur í sína þjónustu tvö og upp í þrjú þúsund Íslendinga og heldur þeim þar við vinnu, sem er raunverulega fyrir utan okkar eðlilega atvinnulíf, og á meðan þessi vinnustöð borgar kaup á ýmsan hátt eins og hún hefur gert, langt fram yfir það, sem tíðkast við okkar venjulegu atvinnuvegi í þessu landi,

hlýtur vitanlega fólk að dragast frá t. d. ýmsum greinum sjávarútvegsins, eins og raunin hefur orðið á á undanförnum árum.

Enn fremur er það eðlilegt, meðan slíkt ástand getur átt sér stað, eins og hefur verið nú í nokkur ár, að hér í Reykjavík einkum hefur beinlínis verið almennt uppboð á vinnuafli í mjög stórum stíl við alls konar framkvæmdir í landi, húsbyggingar o. fl., þar sem mönnum hefur verið goldið kaup langt fram yfir það, sem venjulegir kauptaxtar segja til um. Og þetta hafa menn getað vegna þess margumtalaða frjálsræðis, sem hér hefur gilt til handa þessum mönnum, sem hafa getað boðið svona í vinnuaflið, því að þeir hafa getað fengið að selja þau hús, sem þeir hafa byggt, á því verði, sem þeim hefur komið til hugar, eða leigt það út á þann hátt, að þeir hafa sannarlega getað staðið undir þessu háa kaupi, sem þeir hafa goldið. Á meðan slíkt ástand sem þetta á sér stað, sogast vitanlega eitthvert vinnuafl í þessa átt og frá framleiðslustörfunum.

Það höfum við fundið, sem við sjávarútveg höfum starfað, að jafnvel þó að við hefðum hækkað kaup eitthvað lítils háttar, eins og gert hefur verið með vissu millibili, þá hafa aðilar, sem búið hafa við þessa aðstöðu og boðið hafa upp vinnuaflið, jafnt suður á Keflavíkurflugvelli og hér við ýmis störf í Reykjavík, bara boðið þeim mun hærra og dregið til sín vinnuafl eftir sem áður.

Nokkuð svipaða sögu er að segja um margar greinar iðnaðarins hér í Reykjavík, sem hefur búið við hina frjálsu álagningu. Hann hefur getað skapað sér verðlag sjálfur eftir frelsisstefnu sjálfstæðismanna. Hefur þessi iðnaður farið sífellt vaxandi, dregið alltaf til sín fleiri og fleiri menn, og okkur hefur vantað fleiri og fleiri menn á sjóinn.

Það er ekki nema rétt, að menn geri sér fyllilega ljóst, að það mun ekki heppnast á Íslandi að hafa nægilega mikið vinnuafl á allan okkar fiskiflota og vinna úr öllum okkar fiski, ef við ætlum að geyma suður í Miðnesheiði 2000 manns við vinnu þar. Og ef við ætlum að halda uppi því uppboði við hvers konar braskstörf, sem hér hafa átt sér stað, á svipaðan hátt og verið hefur á undanförnum árum, þá hlýtur að koma að því, að okkur skorti menn við sjálf framleiðslustörfin.

Hér er því ekki um það að ræða, að nú séu einhverjar aðrar forsendur fyrir því að vilja sinna þessum almennu skatthlunnindum sjómanna en verið hefur, það er misskilningur hjá hv. þm. V-Sk. Það eru nákvæmlega sömu forsendurnar fyrir því að mæta óskum sjómanna um nokkuð aukin skattfríðindi nú eins og var, en heldur ekkert meiri nú en voru fyrir hendi fyrir nokkrum árum.

Þó að hv. þm. V-Sk. segi nú, að mér og öðrum standi nú til boða að fá aukinn stuðning við aukin skatthlunnindi sjómönnum til handa, þá afþakka ég slíkt boð, að fenginni reynslu um það, að það hefur ekki gefizt vel að reyna að fá sjálfstæðismenn til þess að leiðrétta þessi mál. Og þegar ég hef getað gert samkomulag við aðila um að mæta óskum sjómanna á þann hátt, sem þeir una, þá vil ég standa við það samkomulag og lögfesta það í því formi, sem það liggur hér fyrir í þessu frv.

ATKVGR.
Brtt. 361,1 felld með 7:5 atkv.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 361,2 felld með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JK, SB, SÓÓ, GTh.
nei: KK, PZ, SE, AG, BjörnJ, EggÞ, BSt.
6 þm. (JJós, BjörgJ, FRV, FS, FÞ, HermJ) fjarstaddir.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 80. og 89. fundi í Ed., 1. og 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 91. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 331, 449).

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ríkisstj. hefur haft þetta mál til athugunar á milli umr. og hefur orðið ásátt um að beita sér fyrir þeirri breytingu á málinu, sem greinir á þskj. 449, en þar er að finna brtt., sem ég flyt f. h. stjórnarinnar, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Auk þeirra, sem taldir eru í h-lið 10. gr. l. nr. 46 frá 1954, skulu allir aðrir skipverjar á togurum njóta frádráttar samkv. þessari grein."

Efni till. er sem sé, að allir skipverjar á togurum, einnig yfirmenn, þar með taldir skipstjórar að sjálfsögðu, njóti þess viðbótarfrádráttar vegna fatakostnaðar, sem í þessari lagagrein felst og áður átti ekki að ná til allrar skipshafnarinnar.

Þykir að athuguðu máli réttast að leggja til, að þetta nái til allra. Vil ég leyfa mér að vænta þess, að hv. dm. fallist á þessa breytingu og síðan að fylgja frv. þannig breyttu.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls flutti ég ásamt hv. 11. landsk. þm. brtt. við fyrri gr. frv., um það, að frádráttarheimild sú vegna hlífðarfatakostnaðar, sem um getur í 2. málslið 1. gr. frv., yrði víkkuð nokkuð. Við lögðum sem sagt til, að vélstjórum yrði bætt inn í upptalningu frv. Þessi brtt. okkar var þá felld, enda þótt hún styddist við fyllstu rök og á það væri bent, að óskynsamlegt væri í senn og ósanngjarnt að gera þannig upp á milli skipverja, þegar ræddi um skattfrádrátt vegna hlífðarfatakostnaðar.

Síðan þetta gerðist, er alllangur tími liðinn, sennilega um það bil rúmur mánuður. Á þeim tíma hefur það gerzt, að hæstv. ríkisstj. hefur skipt um skoðun í þessu máli. Ég vil leyfa mér að fagna skoðanaskiptum hennar mjög og þakka hæstv. fjmrh. fyrir þá brtt., sem hann hefur flutt hér við fyrri grein frv. En þar er lagt til, að þessi frádráttur vegna hlífðarfatakostnaðar skuli nú ná til allra skipverja. Ég er alveg sammála hæstv. fjmrh. um það, að þetta er skynsamlegt og mun að sjálfsögðu gera allri hv. þd. í heild enn ljúfara að fylgja þessu frv. Jafnframt

vil ég láta í ljós ánægju mína yfir þeim árangri, sem barátta mín og hv. 11. landsk. hefur borið í þessu máli að þessu leyti.

En eins og kunnugt er, fluttum við brtt. við 2. umr. einnig við 2. gr. frv., um það, að verulega yrði aukinn sá skattfrádráttur, sem þar er gert ráð fyrir sjómönnum til handa. Við lögðum til, að gr. orðaðist þannig, að öllum skipverjum, sem verið hafa lögskráðir á íslenzk fiskiskip fjóra mánuði eða lengur á viðkomandi skattári, skyldi við ákvörðun tekjuskatts veittur sérstakur frádráttur, er næmi 30% af álögðum tekjuskatti af tekjum fyrir störf á fiskiskipum.

Í frv. er hins vegar gert ráð fyrir því, að skipverjum, sem lögskráðir hafa verið á íslenzk fiskiskip í 3 mánuði eða lengur á viðkomandi skattári, skuli við ákvörðun tekjuskatts veittur sérstakur frádráttur, 500 kr. fyrir hvern lögskráningarmánuð.

Ég benti á það við 2. umr. málsins, að þessi frádráttur væri að vísu góðra gjalda verður, en engan veginn nægilega mikill til þess að skapa minnstu líkur fyrir því, að af honum mundi leiða aukna þátttöku í sjómennsku og fiskveiðum hér á landi, til þess þyrfti miklu meira að koma til. Þess vegna gerði ég mér nokkra von um það, eftir að ég hafði stutt þetta gildum rökum, að hv. stjórnarflokkar mundu vilja fallast á brtt. mína og hv. 11. landsk., þar sem lagt var til, að frádrátturinn næmi 30% af álögðum tekjuskatti af tekjum fyrir störf á fiskiskipum. En þessi brtt. okkar var felld, og hæstv. ríkisstj. hefur á þeim tíma, sem liðinn er síðan, ekki séð ástæðu til þess að endurskoða hug sinn til hennar og því aðeins flutt þá brtt., sem ég minntist á hér í upphafi, við 1. gr. frv.

Ég skal ekki endurtaka þau rök, sem ég flutti fram við 2. umr. fyrir því, að þetta ákvæði, eins og það er nú í 2. gr. frv., nær allt of skammt.

Einn fimmti hluti sjómanna á íslenzka fiskiskipaflotanum er útlendingar, og þátttaka þjóðarinnar í þessum þýðingarmikla þætti útflutningsframleiðslu hennar fer minnkandi ár frá ári. Það þarf stöðugt fleiri útlendinga, til þess að hægt sé að halda fiskiskipaflota þjóðarinnar úti. Til þess að straumhvörf verði í þessum málum, þarf verulega breytingu, þannig að þessi störf verði eftirsóknarverðari og að fleiri menn fáist til þess að stunda þau. Þess vegna er það, að ég og hv. 11. landsk. fluttum okkar brtt. um að auka skattfríðindi sjómanna verulega frá því, sem stjórnarfrv. gerir ráð fyrir. Nú, eftir að sú till. hefur verið felld og hæstv. ríkisstj. hefur ekki treyst sér til þess að koma til móts við okkur, höfum við séð okkur til neydda að flytja aðra brtt., og með leyfi hæstv. forseta vildi ég lesa hana upp og biðja hann jafnframt að leita afbrigða fyrir henni, þar sem hún er skriflega flutt. Ég og hv. 11. landsk. leggjum til, að 2. gr. frv. orðist þannig:

„Öllum skipverjum, sem verið hafa lögskráðir á íslenzk fiskiskip fjóra mánuði eða lengur á viðkomandi skattári, skal við ákvörðun tekjuskatts veittur sérstakur frádráttur, er nemi 30% af tekjum fyrir störf á fiskiskipum.“

Í stað þess, að við lögðum til í fyrri brtt. okkar við þessa grein, að frádrátturinn næmi 30% af álögðum tekjuskatti af tekjum fyrir störf á fiskiskipum, leggjum við nú til, að veittur verði sérstakur frádráttur, er nemi 30% af tekjum fyrir störf á fiskiskipum.

Ég hygg, að ef þessi brtt. yrði samþykkt, mætti vænta nokkurs árangurs af þeim aukna skattfrádrætti, sem löggjafinn ætlar sjómönnum á fiskiskipaflota okkar. Ég geri mér hins vegar enga von um það, eins og frv. er nú, að það muni hafa nokkur veruleg straumhvörf í för með sér í þá átt að auka þátttöku Íslendinga í fiskveiðum og sjávarútvegi. Með brtt. okkar er hins vegar farið inn á þá braut að ívilna sjómönnum verulega frá því, sem nú er, og ég hygg, að ef sú brtt. yrði samþykkt, mætti af því vænta nokkurs árangurs.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum. Þetta mál liggur ljóst fyrir. Ég fagna því, að hæstv. ríkisstj. hefur skipt um skoðun gagnvart fyrri brtt. okkar, sem áður hafði verið felld, og tekið upp efni hennar og ríflega það, en harma hins vegar, að hún hefur ekki séð sér fært að ganga lengra að því er snertir sjálf skattfríðindin í 2. gr. frv. Hins vegar vænti ég, að þessi brtt. muni hljóta góðar undirtektir, og ef hæstv. forseta sýnist svo, þá væri ef til vill ekki úr vegi, að umr. yrði frestað, til þess að hv. nefnd gæfist tækifæri til þess að athuga hana.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 453) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 449 samþ. með 15 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 453 felld með 11:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JK, SB, SÓÓ, FÞ, GTh.

nei: HermJ, KK, PZ, SE, AG, BjörgJ, BjörnJ, FRV, FS, EggÞ, BSt.

1 þm. (JJós) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Þó að ég viti það vel, að það sé vilji flm. og þeirra, sem með honum standa að þessari till., að reyna að lokka fólkið að sjónum úr sveitunum með því að veita þeim, sem sjó stunda, sérstakan frádrátt í skatti, þá get ég ekki verið með því og segi þess vegna nei.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 90. fundi í Nd., 2. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 458).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég tel rétt að benda hv. þdm. á, að síðan málið fór héðan, hefur það tekið þeim breytingum, að nú, eins og málið liggur fyrir, gildir hinn nýi frádráttur, sem frv. gerði ráð fyrir vegna sjófata, fyrir alla skipverja á togurum, en áður var það þannig í frv., að hann gilti ekki fyrir vélstjóra, skipstjóra og ekki stýrimennina nema að nokkru leyti. Þessu hefur verið breytt í hv. Ed. þannig, að nú gildir

þessi nýi viðbótarfrádráttur vegna sjófatanna fyrir alla á togurunum.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það ber vissulega að fagna því, að það hefur þó tekizt nokkuð að breyta þessu frv., frá því að það var lagt hér upphaflega fram, og sérstaklega þeirri breytingu, sem hæstv. fjmrh. gat hér um áðan, að það er ekki gert upp á milli manna á skipunum um þessi hlunnindi. Það er vissulega til bóta, að þeirri breytingu skuli hafa fengizt framgengt. Það hefur hins vegar verið mjög á það bent, bæði í þessari hv. deild og Ed., að hlunnindi þessi, sem hér er um að ræða í sambandi við skattfrádráttinn, væru lítil, og mjög dregið í efa, að þau gætu haft nokkur áhrif í þá átt að örva menn til starfa í þessari atvinnugrein. En það er auðvitað höfuðtilgangurinn með frv. þessu að stuðla að því, að fleiri menn fáist til starfa á fiskiskipunum og að ekki þurfi, sem nú standa sakir, að leita til útlanda um að fá skipverja til að vinna að þessari undirstöðuframleiðslu í þjóðfélaginu.

Bæði hér í Nd. og einnig í hv. Ed. hafa verið fluttar brtt. í þá átt að reyna að fá fram hækkun á þeim skattahlunnindum, sem frv. gerir ráð fyrir, þannig að það geti komið að því gagni, sem tilgangurinn hlýtur að vera með frv. Því miður hafa ekki fengizt á þessu, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, neinar lagfæringar. En ég vil nú við þetta síðasta tækifæri reyna að gera enn eina tilraun til að fá fram breytingu á þessu ákvæði og vil því leyfa mér að bera hér fram í þessari hv. d. brtt., sem er samhljóða brtt., er flutt var við frv. í hv. Ed., en till. er svo hljóðandi, — ég verð að flytja hana skriflega og biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni, — brtt. er við 2. gr. frv., að greinin orðist svo:

„Öllum skipverjum, sem verið hafa lögskráðir á íslenzk fiskiskip fjóra mánuði eða lengur á viðkomandi skattári, skal við ákvörðun tekjuskatts veittur sérstakur frádráttur, er nemi 30% af tekjum fyrir störf á fiskiskipum.“

Ég tel ekki þörf á því að vera að orðlengja um þessa till. Hún skýrir sig sjálf. Ég tel hins vegar rétt, að þessi hv. d. fái að segja um þetta sitt álit, áður en málið er endanlega afgreitt.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég sé ekki ástæðu til að fara að endurtaka hér þær umræður, sem hafa orðið áður um þetta mál í deildinni. Hv. 2. þm. Eyf. flytur brtt. um að gera frjálsan miklu stærri hluta af tekjum sjómanna en gert er ráð fyrir í frv. Ég vil aðeins segja, að ríkisstj. hefur lagt fyrir þessar till. að athuguðu máli og ekki séð sér fært að ganga lengra, og mæli ég því gegn þessari brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 465) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Till. frá 1. þm. Reykv. um að vísa frv. á ný til fjhn. felld með 14:9 atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Eftir að hafa heyrt upp lesna hina skriflegu brtt., sem fyrir liggur, fæ ég ekki betur séð en að hún sé alveg samhljóða brtt. á þskj. 339, sem var flutt hér í d. af hv. 2. þm. Reykv., þegar málið var hér til meðferðar, en mun þá hafa verið felld, og skilst mér, að hún geti því tæplega komið undir atkv.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það er misskilningur hjá hv. þm. V-Húnv., að hér sé um sömu till. að ræða, vegna þess að í fyrri till. var talað um 30% af skatti, en hér er 30% af tekjum, sem er vitanlega alls ekki sama tillagan. Er þessi till. því fyllilega þingleg og hefur ekki verið hér til afgreiðslu áður.

Brtt. 465 felld með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, JóhH, JPálm, GGísl, MJ, ÓB, ÓTh, PO, RH, SÁ, BBen.

nei: GÞ, GJóh, GÞG, HÁ, HS, HV, PÞ, SkG, ÓJ, SvbH, ÁÞ, ÁB, EirÞ, EmJ, EystJ, EOl.

KGuðj greiddi ekki atkv.

7 þm. (KJJ, LJós, PP, ÁkJ, BG, BÓ, GíslG) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 468).

28. Kosningar til Alþingis (varaþingmenn).

Á 28. fundi í Sþ., 11. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis [109. mál] (stjfrv., A. 231).

Á 53. fundi í Nd., 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., 21. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Þetta mál, sem hér liggur fyrir, hefur ekki verið rætt beinlínis hér í þessari hv. d., en mál, sem því er svo skylt, að ekki getur öllu skyldara verið, hefur verið rætt hér mjög ýtarlega, eins og hv. þdm. muna. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til þess að endurtaka þau rök, sem færð hafa verið fram fyrir því, að þetta sé eðlileg lagabreyting, og læt mér nægja að vísa til þeirra umræðna, sem hér hafa farið fram, enda yrði ný grg. fyrir þessu frv., ýtarlegri en liggur fyrir með frv., endurtekning á þeim umræðum, sem hér hafa farið fram. Ég vil þess vegna, ef ekki gefst tilefni til annars, nema hér staðar og óska eftir því, að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég tel, með vísun til 27. gr. þingskapa Alþingis, að hæstv. forseta hafi borið að vísa þessu stjórnarfrv. um breyt. á kosningalögunum á þskj. 231 frá. — 27. grein þingskapanna hljóðar svo:

„Lagafrumvarp, er felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni eða viðauka við hana, skal í fyrirsögninni nefnt frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Hafi það eigi þá fyrirsögn, vísar forseti því frá.“

Nú hefur hæstv. forseti ekki af sjálfsdáðum framfylgt skyldu sinni samkv. þessari gr. þingskapa, og leyfi ég mér því að krefjast þess, að hann láti það ekki lengur undir höfuð leggjast að vísa þessu frv. á þskj. 231 frá, þar sem það felur í sér, svo að eigi verður um villzt, breytingu á eða viðauka við stjórnarskrána, 31. gr., varðandi kosningu varamanna þingmanna, bæði þeirra, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum í Reykjavík og í tvímenningskjördæmum, og eins varamanna landskjörinna þm. Breytingin á eldri reglum um kjör varaþingmanna, sem í þessu frv. felst, er eftirfarandi í 1. gr., 2. málslið:

„Segi varamaður af sér, missi kjörgengi eða falli frá, tekur sá varamannssæti, sem næstur er á listanum og ekki var áður varamaður."

Þetta þýðir, að allir frambjóðendur á lista í Rvík, í tvímenningskjördæmum og á landslista, sem ekki ná kosningu, geta orðið varamenn þm. og þar af leiðandi tekið sæti á Alþingi, ef svo ber undir. En um þetta segir ótvíræðum orðum í 31. gr. stjórnarskrárinnar, a-, c- og d-lið, að varamenn þingmanna, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum í Rvík, í tvímenningskjördæmum og til jöfnunar milli þingflokka á landslistum, skuli kosnir jafnmargir og aðalmenn, samtímis aðalmönnum og á sama hátt. M. ö. o., ef kosinn er einn aðalmaður af lista, þá er samtímis kosinn einn varamaður; ef tveir aðalmenn eru kosnir, þá eru samtímis kosnir jafnmargir eða tveir varamenn o. s. frv.

Eftir ákvæðum stjórnarskrárinnar á t. d. Alþfl., sem fengið hefur viðurkennda 4 landskjörna þm. nú, rétt á fjórum varamönnum landskjörnum, en samkv. ákvæðum 1. gr. frv. þessa, sem hér liggur fyrir, ætti hann rétt á jafnmörgum varamönnum landskjörnum og á listanum voru fyrir utan þá, sem kjörnir voru, og sama gildir að sínu leyti um kosningar í Rvík og tvímenningskjördæmum. Með þessu frv. er því á ótvíræðan hátt breytt því, sem um kjör varamanna segir í stjórnarskránni, og ber því að vísa því frá, sbr. áður tilvitnuð ákvæði 27. gr. þingskapa.

Til frekari rökstuðnings máli mínu leyfi ég mér að tilgreina eftirfarandi atriði:

1. atriði: Öll eldri ákvæði stjórnskipunarlaga um varamenn þingmanna eru samhljóða núv. ákvæðum 31. gr. stjórnarskrárinnar: Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt. Nefni ég þar fyrst stjórnskipunarlög nr. 12 19. júní 1915, 9. gr., og stjórnarskrána nr. 9 18. maí 1920, 28. gr., en þar eru ákvæði um kosningu varamanna þingmanna, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um landið allt í einu lagi, þ. e. a. s. gamla landskjörið, og segir um það svo:

„En varamenn skulu vera jafnmargir og þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum, enda kosnir á sama hátt og samtímis."

Í öðru lagi má nefna stjórnskipunarlög nr. 22 24. marz 1934, en samkv. þeim kveður 26. gr. stjórnarskrárinnar á um varamenn þingmanna í Rvík og varamenn þingmanna til jöfnunar milli þingflokka, þ. e. uppbótarþingmanna, og orðrétt eins og 31. gr. er nú, en á þessum tíma komu fyrst til greina ákvæðin um uppbótarþingmenn eða þá, sem nú eru aftur kallaðir landskjörnir þm., og varamenn þeirra.

Í þriðja lagi má nefna stjórnskipunarlögin nr. 78 1. sept. 1942, en þar er sú breyting á 26. gr. stjórnarskrárinnar m. a., að ný ákvæði koma um varamenn þingmanna í tvímenningskjördæmum og alveg orðrétt eins og nú í 31. gr.:

„Jafnmargir varamenn kosnir samtímis og á sama hátt."

Um skilning eða lögskýringu á þessum eldri og yngri stjórnarskrárákvæðum leyfi ég mér að vísa til þess, sem áður hefur verið gert hér, Réttarsögu Alþingis eftir Einar Arnórsson prófessor í lögum og hæstaréttardómara, á bls. 500, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Varaþingmenn landskjörnir" — en nákvæmlega sama á nú við um varaþingmenn kosna hlutbundnum kosningum í Reykjavík og tvímenningskjördæmum — „verða því þeir menn á lista hverjum, sem fá næsta atkvæðatölu þeim, sem kosnir verða alþingismenn. Ef listi t. d. fær tvo aðalþingmenn landskjörna, A og B, þá verða C og D, sem næsta fá atkvæðatölu, varaþingmenn. C tekur þá sæti hvors aðalþingmannsins sem fyrr missir við og D þess, er síðar fer frá eða forfallast. En ef sæti bæði aðalmanns og varamanns losnar og enginn af þeim varamönnum, sem listinn fékk, er til, þá verður að fara fram kosning, bæði aðalmanns og varamanns. Er þetta að vísu óheppilegt skipulag, en orð bæði 28. gr. stjórnarskrárinnar 1920 og 76. gr. kosningalaga, nr. 28 3. nóv. 1915, þykja svo ótvíræð um þetta atriði, að eigi verður um villzt."

Þetta var skilningur og lögskýring Einars Arnórssonar bæði lagaprófessors og hæstaréttardómara og eins helzta fræðimanns okkar í lögum á umliðnum árum.

3. atriði: Um framkvæmd hinna eldri og yngri stjórnarskrárákvæða um varamenn þingmanna vísast til aukakosninga 1926 á aðalmanni og varamanni landskjörnum, sem fram fóru, „með því að landskjörinn alþm. Jón Magnússon og varaþingmaðurinn með honum, Sigurður Sigurðsson, eru báðir látnir", eins og segir orðrétt í tilkynningu ríkisstj. um aukakosninguna í Stjórnartíðindum 1926, B-deild, bls. 85.

4. atriði: Yfirkjörstjórnin í Reykjavík hefur lýst yfir því nú eftir síðustu alþingiskosningar, þegar laust varð eina varamannssæti Alþfl.-listans í Reykjavík, að hún teldi ekki fært, með hliðsjón af 31. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 117. gr. kosningalaganna, að gefa út formlegt kjörbréf til Eggerts G. Þorsteinssonar, og í bókun yfirkjörstjórnarinnar segir enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirkjörstjórnin varð sammála um það að gefa ekki Eggert Þorsteinssyni kjörbréf sem varaþingmanni fyrir Alþfl., þar sem hún taldi skorta lagaheimild til þess."

Það liggur þess vegna fyrir ótvíræður og sammála skilningur yfirkjörstjórnarinnar í Reykjavík í tilteknu máli, einmitt um varaþingmennina, eins og þetta frv. fjallar um, að vegna ákvæða stjórnarskrárinnar skorti lagaheimild til þess að gefa fleiri varamönnum kjörbréf en kosnir voru samtímis og á sama hátt og aðalþingmennirnir.

5. atriði: Breytingin á lögunum um sveitarstjórnarkosningarnar, nr. 18 15. maí 1942, sannar,

að þá var litið svo á, að ekki væri lagaheimild til fleiri varamanna af lista en tala kjörinna aðalmanna væri, en fram til þessa giltu sömu ákvæði um varamenn skv. lögum um sveitarstjórnarkosningar og um varamenn þingmanna samkv. stjórnarskrá og kosningalögum.

Ég læt nú þessa upptalningu á lagabókstöfum, framkvæmd laga og skilningi laga til sönnunar þeirri kröfu, sem ég setti fram í upphafi, nægja, en minni á, að öll þessi atriði og ótalmörg fleiri hafa komið hér fram og verið reifuð í sambandi við kjörbréf Eggerts Þorsteinssonar og á margan hátt verið færð fyllri rök að þeim, bæði af hálfu hv. 1. þm. Reykv. (BBen) og hv. 6. þm. Reykv. (GTh).

Ég hef ekki rætt um, hvort ákjósanlegt sé eða ekki að breyta stjórnarskránni á sama hátt og felst í því frv., sem hér liggur fyrir varðandi kjör varaþingmanna. Ég tek þó fram, að við sjálfstæðismenn höfum lýst okkur því fylgjandi. En stjórnarskrá verður ekki breytt með almennum lögum, og meðan henni er ekki breytt að þessu leyti, verður að fylgja ákvæðum hennar, og stoða ekki til breytinga þingsályktanir, almenn lagasetning eða óskhyggja þingmanna. Vitna ég í þessu sambandi til orða hv. 1. þm. Eyf. (BSt), sem í umr. um kjörbréf landskjörinna þingmanna Alþfl. í upphafi þings sagði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvort sem lögin eru ranglát eða réttlát, þá eru þau eins og þau eru nú í dag, og eftir þeim verður að dæma og engu öðru."

Ég lýk svo máli mínu með því að árétta: hæstv. forseta ber að vísa þessu máli frá.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Eins og kom fram í þeim andmælum, sem hér hafa verið flutt gegn þessu frv., er næsta auðsætt, hve efnið er algerlega tæmt í þeim umr., sem farið hafa fram hér á Alþingi fyrir nokkru og það hvað eftir annað, því að hér voru talin þau rök og þau ein, sem andstæðingar þessa máls telja sig hafa og töldu sig hafa og geta fært fram gegn þeirri þál., sem hér var gerð.

Ég hygg, að ég segi það fyrir hönd æði margra, sem kannske vilja þó ekki allir kannast við það, að í þessum umr. verður ekki um bætt frá þeirri ræðu, sem hér var flutt af hv. þm. Ak., hún stendur óhögguð sem dómur í þessu máli, óraskanlegur. Það var engin veila í þeim rökum, sem hann flutti hér fram.

Það er auðsætt mál, að þetta mál snýst um aðeins eitt meginatriði, skilning á einni grein stjórnarskrárinnar, 31. gr., og það hefur verið sýnt fram á það mörgum sinnum, að þessi sífellda endurtekning á því, að ekki sé kosinn nema einn varamaður samtímis og á sama hátt og að enginn eigi að koma í hans stað, hefur ekki við rök að styðjast og ekki við lög að styðjast heldur, ekki við eðlilegan skilning á stjórnarskránni, hvorki 31. gr. né öðrum ákvæðum hennar, því að það hefur verið skorið úr þessu máli hér á Alþingi með því að leiða í lög 117. gr. kosningalaganna. Það hefur verið margsýnt fram á, og er leiðinlegt að þurfa að vera að endurtaka það, að ef ætti að ríkja hinn þröngi skilningur á 31. gr., þá hefur aldrei verið kosinn nema einn varamaður skv. ákvæðum stjórnarskrárinnar, og frá því á ekki að mega breyta, eftir því sem andstæðingarnir segja, og það er einn varamaður í Rvík. Nú gerir 117. gr., þrátt fyrir ákvæði 31. gr. stjórnarskrárinnar, þá undantekningu, að varamaður, sem er kosinn samtímis og sá eini, sem er kosinn, samtímis og á sama hátt, ef síðar kemur í ljós, að hann verður uppbótarþingmaður, þá víkur hann úr þessu eina sæti, þar sem varamaðurinn er kosinn samtímis og á sama hátt, og sætið tekur þriðji maður á listanum, ef einn aðalmaður er kosinn og einn varamaður. Þar með er búið að lögleiða hér á Alþ., í 117. gr., ákvæði, sem er algerlega samhljóða að efni til í raun og veru því frv., sem hér er flutt. Án nokkurra mótmæla var 117. gr. samþykkt, og hefur engum dottið í hug að hreyfa mótmælum, ég hef a. m. k. ekki séð þau mótmæli. Þar með eru fallin af sjálfu sér þau rök, sem stöðugt eru endurtekin, að það megi ekki kjósa nema einn varamann með hverjum aðalmanni, því að 117. gr. breytir þeirri reglu, án þess að því hafi verið mótmælt hér á Alþ., að ekki styddist við lög. Og það hefur verið sýnt fram á það, að vitanlega er það eðlileg lögskýring, að þegar þriðji maður í þessu tilfelli, sem við erum hér að ræða, hverfur úr röðinni, vegna þess að hann segir af sér, þá tekur fjórði maður sæti á sama hátt og þriðji maður. Sú lögskýring hefur verið gefin út hér á Alþ., og þetta frv., sem hér er flutt, er til samræmis við það og til þess að þessi regla gildi almennt fyrir hvern, sem í hlut á, þannig að því, sem Alþ. hefur gert, verði ekki breytt og annað framkvæmt gagnvart öðrum flokkum, sem kunna að þurfa að taka til sinna varamanna síðar, eins og stundum vill verða á Alþ., þegar lögskýringar eru gefnar út með þál.

Ég sé þess vegna ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál frekar. Eins og ég sagði í upphafi, yrðu það endurtekningar á því, sem hefur verið margsagt um þetta mál. Atriðið er þarna raunverulega samanþjappað, allt málið er samanþjappað í ákvæði 31. gr. stjórnarskrár og 117. gr. kosningalaga, og ég endurtek: þar hefur verið leitt í lög ákvæði, sem algerlega brýtur í bága við þá lögskýringu, sem hér er haldið fram, og það án nokkurra mótmæla.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það er nú leiðinlegt, að hæstv. forsrh., fyrst hann hafði dóm í málinu, skyldi ekki geta dregið fram í dagsljósið eitthvað af þeim dómsorðum, sem algerlega skera úr í þessu máli. En það verð ég að segja, að hæstv. forsrh. er lítilþægur að gera sig ánægðan með málflutning sinna manna, eins og málflutning hv. þm. Ak., sem hér talaði ekki alls fyrir löngu í skyldu máli með þeim hætti, að það vakti undrun, vegna þess að það var vitað, að bæði sá hv. þm. og hæstv. forsrh. og allt stjórnarliðið var búið, eins og ég sagði þá, vikum saman að bögglast með, hvernig hægt væri vegna ákvæða stjórnarskrárinnar að koma því í framkvæmd, sem þessir aðilar óskuðu eftir. Á síðasta stigi, á elleftu stundu kom hv. þm. með dóminn í málinu, eins og hæstv. forsrh. orðaði það, og sá dómur var, að allt annað en lögleysan, sem hann og hans flokksmenn höfðu verið að glíma við svo langan tíma, væri stjórnarskrár-

brot, allar kenningar fyrri prófessora í lögum í háskólanum um þetta atriði væru rangar og framkvæmd aukakosninganna í landskjörinu 1927 hefði líka verið stjórnarskrárbrot, — og það uppgötvaðist þá, guði sé lof, 1957, að framið hafði verið þetta stjórnarskrárbrot 1926. Það var leitt, að hv. þm. Ak. skyldi ekki geta leiðrétt kennara sinn í háskólanum, þegar hann var þar, og sýnt fram á, hversu ranglega hefði verið að farið.

Að sjálfsögðu getur mönnum sýnzt sitt hvað, ekki síður í þessu máli en öðru. En menn fella kannske sterkastan dóm yfir sjálfum sér, þegar þeir taka of mikið upp í sig, eins og hv. þm. Ak. varð svo eftirminnilega á í umr. um þetta mál hér áður. Og mig furðar, að hæstv. forsrh. skuli koma hér og segja, að það sé svona dómur, sem hann óski eftir í málum eins og hér um ræðir, og lengur þurfum við ekki vitnanna við. Ekkert af dómsorðunum var hér fram fært af hálfu hæstv. forsrh., en hann hélt sig hins vegar við aðeins eitt atriði, sem hann hefur áður vikið að og sannaði það, að hér væri ekki um stjórnarskrárbrot að ræða, og það var þetta atriði, eins og hann orðaði það, að ef síðar kemur í ljós, að frambjóðandi af lista, sem varð varamaður, verður landskjörinn, er næsta manni á listanum gefið kjörbréf sem varamanni. Segir hæstv. forsrh., að þetta sé búið að lögleiða í 117. gr. kosningalaganna og þar með sé búið að lögleiða það, sem verið sé að fara fram á í því frv., sem hér liggur fyrir.

En má ég þá spyrja: Hvers vegna er þá þetta frv. flutt, ef ákvæði þess eru þegar í lögum? Vill hæstv. forsrh. gefa á því skýringu? Hvaða ástæða er til að vera að setja í lög það, sem áður er í lögum? Nei, ef þetta frv. er að efni til sama og efni 117. gr., þá er 117. gr., enda þótt hún hafi staðið í l., jafnvafasöm, ef hún stangast á við ákvæði stjórnarskrárinnar. Sannleikurinn er sá, að það er mikill skilsmunur í 117. gr. kosningalaganna og 31. gr. stjórnarskrárinnar, og það er sá skilsmunur, sem einnig kom fram í orðum hæstv. forsrh., því að hann segir: Ef síðar kemur í ljós, að varamaður verður landsk., — og ég man eftir því, að hv. þm. N-Þ. var einnig með þennan hugsunarhátt, — þá er næsta manni, sem er næstur honum á lista, gefið kjörbréf sem varamanni. — Þetta kemur einmitt fram í 117. gr. kosningalaganna, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú hreppir varaþingmaður af lista í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, uppbótarþingsæti, og skal yfirkjörstjórn sú, er í hlut á, þá koma saman að nýju og gefa næsta frambjóðanda á þeim lista, ef til er, kjörbréf sem *varaþingmanni*.“

En þetta er rangt í 117. gr., alveg eins og þessi skilningur viðkomandi manna er rangur og hæstv. forsrh., vegna þess að í 31. gr. stjórnarskrárinnar segir um uppbótarþm.: „Jafnmargir varamenn skulu kosnir jöfnunarþingsætum, samtímis og á sama hátt.“ Landsk. aðalþm. og landsk. varaþm. eru kosnir samtímis og á sama hátt, samtímis og allir aðrir aðalþm. eru kosnir. Það er aðeins reikningsaðferð, sem tekur tíma til að skera úr, hver er kosinn, en niðurstaðan liggur í kjörkössunum á kjördaginn. Niðurstaðan á kjöri landsk. þm. er ákveðin sama daginn og allra annarra þm. Þess vegna er það röng hugsun að komast að orði eins og hæstv. forsrh.: Ef síðar kemur í ljós, að varamaður verður landsk. — því að maðurinn verður ekkert fyrr varamaður en hann verður landsk., enda er í framkvæmdinni ekki reiknað þannig út. Menn eiga fljótara með að átta sig á þessu, ef við tökum dæmin hér í Reykjavík. Alþfl. fær svo og svo marga kjörna. Það liggur í augum uppi, að næsti maður á listanum, þar sem einn er kosinn, er varaþm., og þess vegna segja menn sem svo, þegar búið er að reikna út landsk. þingmennina: Þarna er einn varamaður gerður að landsk. þm. eða hreppir þingsæti landsk. þm., og þess vegna er tekinn þriðji varamaðurinn. — En þetta er rangt, þessi maður var aldrei orðinn varamaður, hann var áður orðinn landsk. Á kjördegi var í þessu tilfelli hæstv. menntmrh. orðinn landsk., að svo miklu leyti sem kjör hans sem landsk. er löglegt.

Efni málsins er þess vegna ekki þjappað saman í 31. gr. stjórnarskrárinnar og 117. gr., heldur í 31. gr. stjórnarskrárinnar, og þann misskilning, sem komið hefur fram hjá hæstv. forsrh. og fleirum hér og ég hef nú vikið að, tel ég að þessir aðilar hafi leitt af orðalagi 117. gr., sem hins vegar fær ekki staðizt við orðalag og skilning 31. gr., sem segir, að landsk. varaþm. séu kosnir samtímis og á sama hátt og aðalþm.

Annað var það ekki í ræðu hæstv. forsrh., sem ég tel ástæðu til að víkja að, en held við kröfu mína um það, að þessu máli, sem feli í sér breytingu og viðauka á stjórnarskránni, eigi að vísa frá.

Forseti (HÁ): Í tilefni af kröfu hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) um að vísa þessu máli frá vil ég geta þess, að mér virðist í fljótu bragði einsætt, að þetta lagafrumvarp fjalli ekki um breytingu á stjórnarskránni. En þar sem krafa hefur komið fram um úrskurð í málinu, þá lýsi ég því yfir, að það skal verða athugað og m. a. málflutningur sá, sem hér hefur fram komið, og úrskurður felldur, meðan málið er til meðferðar í þingdeildinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 59. fundi í Nd., 22. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:9 atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EirÞ, EystJ, GíslG, GJóh, HS, HV, IngJ, KGuðj, LJós, PP, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, ES, HÁ.

JóhH, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓB, PO, RH, SÁ, ÁS greiddu ekki atkv.

6 þm. (EmJ, GÍG, GÞG, ÓTh, PÞ, BÓ) fjarstaddir.

Á 80. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 231, n. 389).

Forseti (EOl): Það hefur verið óskað forsetaúrskurðar um þetta mál. Því er haldið fram, að

frv. það, sem hér liggur fyrir, feli í sér till. um breyt. á stjórnarskránni, sé það því eigi réttilega nefnt og beri forseta þess vegna að vísa því frá samkv. 27. gr. þingskapalaga.

Alþingi hefur nýlega samþykkt ályktun þess efnis, að það teldi rétt, að gefið væri út kjörbréf til handa Eggert Þorsteinssyni sem varaþm. af lista Alþfl. í Rvík, en svo stóð á, að þm. flokksins þar var forfallaður, en annar maður af listanum orðinn uppbótarmaður og þriðji maður af listanum hafði afsalað sér rétti til varaþingsætis, en Eggert Þorsteinsson skipaði fjórða sæti á framboðslista Alþfl. í Reykjavík við síðustu alþingiskosningar, svo sem kunnugt er. Yfirkjörstjórn Reykjavíkur gaf samkv. því út kjörbréf til handa Eggert Þorsteinssyni. Var það kjörbréf síðan samþykkt af Alþingi, og hefur Eggert Þorsteinsson tekið sæti hér á Alþingi samkv. því.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, felur í sér staðfestingu á þeim skilningi Alþingis, sem birtist í afgreiðslu þess kjörbréfamáls, er áður var nefnt. Alþingi hefur því í reyndinni lýst þeim skilningi sínum, að reglur þær um varaþingmenn, sem ætlað er að lögfesta með frv. þessu, séu samþýðanlegar stjórnarskránni.

Ákvæði 31. gr. stjórnarskrárinnar, að jafnmargir varamenn skuli kosnir samtímis og á sama hátt, er ekki óeðlilegt að skilja þannig, að varamenn skuli kjörnir í sömu kosningu og ekki skuli samtímis vera fleiri varamenn en aðalmenn. Er byggt á þeim skilningi í niðurlagi 117. gr. kosningalaganna. Í 31. gr. stjórnarskrárinnar segir, að deyi þingmaður, kosinn í einmenningskjördæmi, eða fari frá á kjörtímanum, þá skuli kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Í stjórnarskránni eru hins vegar engin bein fyrirmæli um það, hversu að skuli fara, ef aðalmaður og varamaður í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, eða landskjörinn þm. og varamaður hans falla frá á kjörtímabilinu, missa kjörgengi eða segja af sér. Þessi þögn stjórnarskrárinnar bendir til þess, að gert sé ráð fyrir, að í þessum tilvikum sé jafnan varamönnum til að dreifa, og styrkir það enn fremur áðurgreindan skilning á ákvæði 31. gr. stjórnarskrárinnar.

Þegar til alls þessa er litið, verður ekki talið, að efni frv. þessa sé andstætt stjórnarskránni. Úrskurður minn verður því á þá lund, að fram komin frávísunarkrafa verði ekki tekin til greina.

Frsm. meiri hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Aðalefni þess frv., sem hér liggur fyrir, felst í síðustu málsl. 1. gr. frv., sem hljóða svo:

„Segi varamaður af sér, missi kjörgengi eða falli frá, tekur sá varamannssæti, sem næstur er á listanum og ekki var áður varamaður. Varamenn landskjörinna þingmanna taka sæti eftir hliðstæðri reglu.“

Í frv. er lagt til, að lögfestur verði sá skilningur, sem komið hefur fram á Alþ. fyrr í vetur í sambandi við umræður um varamann í Reykjavík. Jafnframt er í frv. gert ráð fyrir fleiri tilfellum, þar sem það gæti verið fyrir hendi, að varamaður hefði farið frá og gæti ekki tekið sæti aðalmanns í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundinni kosningu. Jafnframt eru svo í frv. hliðstæð ákvæði um varamenn landskjörinna þingmanna.

Þetta frv., sem er stjfrv., hefur verið til meðferðar á nokkrum fundum í allshn. Meiri hl. n. hefur, eins og nál. á þskj. 389 ber með sér, mælt með því, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir á þskj. 231. Minni hlutinn, hv. 1. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Reykv., stendur ekki að þessu nál., en hefur ekki skilað sérstöku áliti.

Ég vil aðeins leyfa mér fyrir hönd meiri hl. að leggja til, að frv. verði samþykkt.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Reykv. og ég, sem sæti eigum í allshn., gátum ekki átt samleið með meiri hl. nefndarinnar. Þegar málið var hér til 1. umr. í deildinni, krafðist hv. 5. þm. Reykv. þess, að málinu yrði vísað frá á þeim forsendum, að málið feli í sér breytingu og viðauka á stjórnarskránni. Forseti svaraði því þá á þann veg, að úrskurður mundi kveðinn upp í meðferð málsins. Þessi úrskurður hefur ekki verið kveðinn upp fyrr en nú, á fundi í dag. Af þeim ástæðum höfum við ekki skilað nál. Nú, þegar úrskurðurinn hefur verið kveðinn upp, vil ég fara þess á leit við hæstv. forseta, að þessari umr. verði frestað, svo að við fáum tækifæri til þess að skila áliti í málinu.

Umr. frestað.

Á 83. fundi í Nd., 9. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 231, n. 389 og 423).

Frsm. minni hl. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í nál. því, sem nú hefur verið útbýtt af hálfu minni hl. allshn., gerir minni hl. grein fyrir skoðunum sínum á þessu máli, og hef ég að svo stöddu engu þar við að bæta. Ég tel því ekki ástæðu til að tefja umræðurnar eða lengja þetta athafnasama þing, sem mér skilst að aðallega starfi utan þingfunda, og vil ég ekki trufla þau störf og læt því máli mínu lokið að svo stöddu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13:8 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13:10 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14:9 atkv.

Á 84. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 85. fundi í Nd., 11. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13:11 atkv. og afgr. til Ed.

Á 87. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 88. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir um breyt. á lögum um kosningar til Alþingis, er í sjálfu sér mikið rætt nú þegar. Þó að það hafi ekki verið rætt í þessari hv. deild, þá hefur í sameinuðu Alþingi verið rætt mjög um efni þess og það svo ýtarlega, að ég tel alveg óþarft að bæta við það hér, því að það yrði endurtekning á því, sem er búið að segja og segja meira að segja oft í umræðum um mál, sem er þessu hliðstætt. Ég læt því nægja, nema tilefni gefist til umr., að vísa til athugasemdanna við frumvarpið, þar sem dregin eru fram helztu rök fyrir málinu, og óska eftir, að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 231, n. 463 og 464).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er á dagskrá, er stjórnarfrv., komið frá Nd. Allshn. hefur haft það til meðferðar, en varð ekki sammála um afstöðu til þess. Minni hl., þeir hv. þm. V-Sk. og hv. 11. landsk., telja frv. ekki samþýðanlegt stjórnarskrárákvæðum og eru andvígir því af þeim sökum. Við hv. 1. þm. N-M. og hv. 1. landsk. höfum aðra skoðun á því máli og leggjum til, að frv. verði samþykkt. Efni frv. er öllum hv. dm. kunnugt. Það hefur verið þrautrætt í vetur í sambandi við ágreining um sæti varaþingmanns hv. 4. þm. Reykv. Að svo komnu tel ég því ekki þörf á að túlka málið á ný, enda mundi væntanlega ekkert nýtt koma fram af minni hendi. Ég læt því nægja að vísa til þessara umræðna frá í vetur og legg til, að frv. verði samþ. til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Jón Kjartansson): Herra forseti. Ég tek undir þau ummæli hv. frsm. meiri hl., að ekki er þörf á að vera að ræða þetta mál hér. Það er búið að ræða það svo mikið á Alþingi. Minni hl. lítur svo á, að slík breyting sem með frv. er farið fram á að gera eigi að gerast í sambandi við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Minni hl. vill ekki eiga þátt í afgreiðslu frv., eins og það er borið fram. Hann leggur þess vegna til, að frv. verði fellt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:2 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:2 atkv.

Á 94. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 486).

---

29. Iðnfræðsla.

Á 11. fundi í Sþ., 21. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 25. maí 1949, um iðnfræðslu [58. mál] (stjfrv., A. 75).

Á 17. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Áður en Alþingi kom saman, ákvað ríkisstj. að leggja þrjú frv. fyrir þetta Alþingi varðandi orlof, þ. e. til breytingar á þeim lagaákvæðum, sem nú gilda um orlof.

Svo sem hv. dm. er eflaust kunnugt, varð niðurstaða desemberverkfallsins svonefnda 1952 sú, að samningar tókust milli verkalýðssamtaka og atvinnurekenda um að hækka orlofsfé úr 4% í 5%, og í verkfalli 1955 var það enn fremur ein af niðurstöðunum í samningum milli verkalýðssamtaka og vinnuveitenda, að orlofsfé var hækkað úr 5% í 6%.

Þó að till. hafi verið bornar fram um það á Alþingi hvað eftir annað, að gildandi lagaákvæðum um orlof yrði breytt til samræmis við þá samninga, sem tekizt höfðu milli verkalýðsfélaga og vinnuveitenda, náðu þau frv. ekki fram að ganga. Þannig hefur í raun og veru verið misræmi milli ákvæða vinnusamninga um orlof og gildandi lagaákvæða. Tilgangur ríkisstj. er sá að gera hér á breytingar, þ. e. að löghelga umsaminn orlofsrétt, en láta hann ekki vera einvörðungu bundinn í kjarasamningum milli stéttarfélaga.

Þau þrjú frv., sem hér er um að ræða, eru frv. til breytingar á hinum almennu lögum um orlof, en í því eru gerðar þrjár breytingar á hinni almennu orlofslöggjöf, í fyrsta lagi sú, að orlofsféð er hækkað úr 4% í 6%, í öðru lagi, að undanþáguákvæði þau, sem gilt hafa um hlutarsjómenn, eru felld úr gildi, þannig að hin almenna orlofsregla á einnig að gilda um þá. Enn fremur er breytt ákvæðum gildandi laga um fyrningarrétt eða um fyrningarreglur orlofsfjár, en þær reglur hafa þótt óljósar.

Þá liggur einnig fyrir hinu háa Alþingi frv. til breyt. á l. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, til staðfestingar á þeirri ákvörðun, sem tekin var á s. l. sumri, að opinberum starfsmönnum skyldi veitt 18 daga orlof, en það samsvarar reglunni um 6% í orlofsfé. Eftir sem áður er gert ráð fyrir, að sú regla gildi, að þeir, sem hafa verið við störf í 10—15 ár, fái 21 dags orlof, og þeir, sem starfað hafa lengur en 15 ár, fái 24 daga orlof.

Þriðja frv., sem gert var ráð fyrir að leggja fyrir hið háa Alþingi, er það frv., sem hér liggur nú fyrir og miðar að því, að orlofstími iðnnema lengist úr 12 dögum í 18 daga. Er það efnislega algerlega samhljóða þeim tveimur frv., sem ég nefndi, frv. um breyt. á hinum almennu orlofslögum og frv. um breyt. á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Þegar lögin um iðnfræðslu voru sett, var sumarleyfistími iðnnema miðaður við hina almennu reglu orlofslaganna, sem þá var, að orlof skyldi vera 12 virkir dagar. Þess vegna þykir nú rétt,

að sama regla gildi um orlof iðnnema og lagt er til að gildi í þeim almennu orlofslögum og um orlof opinberra starfsmanna, en ákvæði um orlof iðnnema hefur frá upphafi verið í lögum um iðnfræðslu. Þess vegna var nauðsynlegt að bera fram um þetta efni sérstakt frv.

Þetta frv. er því í samræmi við þau tvö önnur frv., sem fyrir liggja um breyt. á gildandi skipan um orlof, og leyfi ég mér að vænta þess, að hv. deild láti málið ganga fram ásamt hinum málunum tveimur. Að lokinni þessari umr. leyfi ég mér að óska þess, að málinu verði vísað til hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 75, n. 403).

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., og nál. á þskj. 403 er óþarfi að fara mörgum orðum um. Hér er nánast um leiðréttingu að ræða til samræmis því, sem Alþingi hefur þegar gert varðandi orlofslögin. Frumvarpið fjallar um, eins og hv. þdm. er sjálfsagt kunnugt, að sumarleyfi iðnnema verði nú 18 dagar til samræmis við þá breytingu á orlofslögunum, sem Alþ. hefur þegar samþykkt, og er frv., eins og það er á þskj. 75, það greinargott, að um það þarf ekki langa framsögu.

Iðnn. hefur rætt málið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess, en eins og nál. ber með sér, voru tveir nm. fjarverandi, þegar málið var endanlega afgreitt.

Nefndin mælir einróma með því, að frv. verði samþykkt í þeirri mynd, sem það var lagt fram.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hv. iðnn. fyrir afgreiðslu hennar á málinu og láta í ljós þá mjög eindregnu ósk til hv. deildar, að málinu verði hraðað í gegnum deildina, þannig að takist að ljúka því á þessu þingi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 84. fundi í **Ed.**, 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til **máls.**

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 82. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 84. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fyrir hv. Ed. samtímis frv. um breytingu á lögum um orlof, en þar var lagt til, að orlofstími verði almennt lengdur úr 12 dögum í 18 daga.

Það þótti sjálfsagt jafnhliða að gera ráðstafanir til þess, að orlofstími iðnnema lengdist jafnmikið, eða úr 12 dögum í 18 daga, en þetta frv. fjallar um það, að sumarleyfi iðnnema skuli vera 18 virkir dagar. Frv. um breyt. á orlofslögunum hefur þegar hlotið afgreiðslu Alþingis, var samþykkt sem lög 4. febr. Vil ég því leyfa mér að óska þess við þessa hv. deild, að hún afgreiði þetta mál sem skjótast, þannig að þetta frv. geti einnig orðið lög á þessu þingi. Ég vil leyfa mér að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til iðnn. með 21 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 75, n. 489).

Frsm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Efni þessa litla frv. er eingöngu það að færa orlofstíma iðnnema upp í sömu lengd og aðrir vinnandi menn hafa nú fengið í þessu landi. Iðnn. er sammála um að mæla með frv. Einn nm., hv. 1. þm. Reykv., var þó ekki viðstaddur, þegar málið var afgreitt. Ég hef ekki meira um það að segja, legg aðeins til, að frv. verði samþykkt.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Um það frv., sem hér liggur fyrir, hef ég ekki nema allt gott að segja og er ásáttur till. meðnm. minna um að leggja með samþykkt þess. En eins og hv. frsm., hv. þm. Hafnf., gat um, var ég ekki viðstaddur á þeim fundi iðnn., sem um málið fjallaði, og tók því ekki þar afstöðu til málsins. Þar sem ég hef hvað eftir annað í vetur látið uppi nokkur vonbrigði yfir því, að þessi ágæta nefnd kæmi sjaldan til fundar, — ég hygg, að þetta sé eini fundurinn á þessu ári, að því er ég bezt man, og kann þó að vera, að mér skjátlist í því, — þá mætti virða það mér til kæruleysis og vanrækslu um þingstörf að nota mér ekki svo einstakt tækifæri og að mæta á fundinum, þegar hann loksins var kallaður saman. En afsökun mín í þeim efnum var einfaldlega sú, að ég fékk aldrei fundarboðið og vissi ekki um, að fundurinn hefði verið haldinn eða til stæði að halda hann, fyrr en eftir að það hafði verið gert.

Ég veit, að það er ekki sök hv. formanns n., að það hafði undan fallizt að boða mig á fundinn, en engu að síður tel ég rétt, að það komi hér fram, að þessi var ástæðan til þess, að ég mætti ekki á fundinum. Af því tilefni vil ég beina því til hæstv. forseta, að það þarf að fylgjast með því betur en gert hefur verið í vetur, að það sjaldan sem nefndir eru kallaðar saman, þá er það gert af slíkri skyndingu yfirleitt, að það er eins og líf liggi við og án þess að venjulegur frestur sé gefinn. Oft fer það þannig, að menn hafa ekki fengið vitneskju um fundina, stundum með engum fyrirvara og yfirleitt ekki með nægum fyrirvara.

Þegar ekki eru haldnir oftar nefndarfundir en einu sinni á mánuði í mesta lagi, þá virðist þó hægurinn hjá, að til fundanna sé boðað með nokkrum fyrirvara, þannig að menn eigi von á jafnnýstárlegum atburði og þeim, að nefnd Alþingis haldi fund, og sé ég ekki, að slíkt mundi verða til tafar, heldur þvert á móti greiða fyrir starfsemi hins háa Alþingis. En í þeim nefndum, sem ég á sæti í, hefur yfirleitt sá háttur verið hafður á, að fundir eru kallaðir saman af skyndingu og oft þannig, að ekki hefur náðst til allra og jafnvel þó að til þeirra hafi náðst, þá með svo stuttum fyrirvara, að menn hafa ekki getað mætt og þá orðið að fresta fundi eða kalla saman fund á ný, sem hefði verið hægt að komast hjá, ef betur hefði verið séð um vinnubrögðin strax frá upphafi. Ég veit, að þetta kemur af því, að svo fá mál hafa komið fyrir nefndirnar, að þær eru í raun og veru afvanar því að starfa og kunna því ekki til vinnubragða, — það er eins og gripur, sem hefur legið lengi og á loksins að bera fyrir sig fæturna, hann kann ekki að gera það, þegar hann loksins á þess kost að standa upp. Eins er það með nefndirnar, að þegar þær fyrst í þinglok fá einhver verkefni, þá virðast þær ekki kunna að bera fyrir sig sína starfsfætur, og því fer jafnóhöndulega og raun ber vitni um. En einmitt af þeim sökum finnst mér hér vera verkefni fyrir okkar ágætu forseta að hafa samráð við formenn þingn. um, að betri háttur yrði á þessu hafður.

Frsm. (Emil Jónsson): Mér virtist hv. 1. þm. Reykv. bera sig upp undan því, að til þessa fundar, sem haldinn var í iðnn., hefði verið boðað með mjög stuttum fyrirvara. Nú veit ég ekki, hvað hann óskar eftir, að fyrirvari um fundarboðun sé langur, en ég lét bera út fundarboð um þennan nefndarfund með sólarhrings fyrirvara, og ætla ég, að það sé undir flestum kringumstæðum talið nægjanlegt og fáar nefndir boðaðar til fundar með lengri fyrirvara. Hitt er svo annað mál, að til hans mun ekki hafa náðst á þessum sólarhring af þeim, sem fundarboðið bar út, en hvort það er sök þess, sem fundarboðið annaðist, eða hv. alþm. sjálfs, það skal ég ekkert um segja. En ég tel, að það sé varla hægt að gera kröfu til þess, að nefndarfundur sé boðaður með meira en sólarhrings fyrirvara, enda tæpast hægt, og ég ætla, að það sé í flestum tilfellum nóg.

Hvað því viðvíkur, að þetta mál hafi legið lengi hjá nefndinni, þá er því ekki heldur til að dreifa, því að ég ætla, að því hafi verið vísað til n. fyrir eitthvað rúmum tveim vikum eða um miðjan aprílmánuð, svo að það hefur ekki legið hjá nefndinni lengur en góðu hófi gegnir. Ég minnist þess á hinn bóginn, að hv. þm. hefur æði oft farið fram á það, að í þessari nefnd yrði haldinn fundur, að því er mér hefur virzt, án þess að tilefni væri til, því að hjá n. hefur ekki legið og liggur ekki nema eitt mál, sem hefur á vissan hátt hlotið afgreiðslu. Það er frv. nokkurra hv. þm. um að hækka framlag til iðnlánasjóðs. Við fjárlagaafgreiðsluna fékk þetta mál þá afgreiðslu, að iðnlánasjóður fékk þar mun hærri upphæð en farið var fram á í frv., og töldu margir, að þar með væri málið úr sögunni.

Á þessum síðasta fundi n., sem haldinn var, að ég ætla í fyrradag, bar ég það undir samflokksmann hv. þm., hvort hann vildi taka þetta mál, sem lengst hefur legið hjá nefndinni, að forminu til óafgreitt að vísu, en raunverulega afgreitt, — hvort hann vildi taka það til afgreiðslu nú, og kvað hann nei við því og kvað sig ekki viðbúinn því, að það mál væri tekið fyrir.

Þannig standa málin, að ég sé ekki, að upp á þessa nefnd hafi neitt staðið, hvorki um afgreiðslu þessa eina máls, sem hjá n. hefur legið, né heldur um fundarboðun eða fundarhald út af því máli, sem hér liggur fyrir.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það er alger misskilningur hjá hv. frsm. n., að ég hafi fundið að því, að þetta tiltekna mál hafi lengi legið hjá nefndinni. Að því vék ég ekki einu orði.

Ég vefengi ekki heldur, að til þessa fundar hafi af hans hálfu verið boðað með sólarhrings fyrirvara. Það skiptir mig hins vegar sáralitlu, vegna þess að ég fékk ekkert fundarboð, hvorki með sólarhrings fyrirvara né mínútu fyrirvara. Það var fyrst eftir að fundurinn hafði verið haldinn, sem hv. þm., sessunautur minn, sagði mér frá því, að til hans hefði verið boðað.

Hv. þm. sagðist ekki vita, hvort það væri mér að kenna eða öðrum, að til mín hefði ekki náðst.

Ég held, að þannig standi á, að ég geti nokkurn veginn gert grein fyrir því, hvar ég var á þeim sólarhring, sem þarna var um að ræða, svo að hæstv. forseti sameinaðs þings getur þá fullvissað sig um það, hvort ég hafi verið á þeim stöðum, að ómögulegt hafi verið að ná til mín. Ég skal ekki rekja það hér, en ég skal gera honum grein fyrir því, ef hann óskar eftir.

Hitt er rétt að komi fram, að á þeim degi, sem hann sendi út fundarboðið, kom ég ekki hingað til þings, en ég hafði boðað forföll og tilkynnt þau skrifstofunni af alveg ákveðnu þar greindu og gildu tilefni. Að öðru leyti var ég á þeim tíma, sem hér er um að ræða, að þeim forföllum slepptum, ýmist á mínu heimili eða á mínum vinnustað, og ég veit ekki, hvar ætti frekar að vera hægt að ganga að mönnum og koma til þeirra boðum en einmitt þar. Það stoðar auðvitað ekki, þó að fundarboð séu send, ef þau eru svo laklega framkvæmd, að ekki er hægt að ná til þeirra fimm manna, sem í nefndunum eru, þegar þeir þá ekki hafa týnzt verr en ég gerði í þessu tilfelli. Þarf ég ekki að biðja hæstv. forseta sameinaðs Alþingis neinnar afsökunar á því, að það hafi verið mér að kenna, að boðin komust ekki til mín, heldur er þar auðsjáanlega um að kenna þeim, sem um fundarboðið áttu að sjá af hans hendi. Ég tek fram, að ég gruna hann ekki um, að hann hafi viljað halda mér utan við fundinn, það er auðvitað alger fásinna.

En ég vík þá að því aftur, sem ég hreyfði hér, að fundarhöld í nefndum eru orðin svo fágæt, a. m. k. ýmsum, að virðist hafa gleymzt rétta aðferðin til þess að boða til þeirra, og segir það einnig sína sögu, og ég segi það í fullri alvöru, að það er auðvitað það minnsta, sem þingmenn eiga kröfu til, að fundarboð séu látin ganga til þeirra, svo að þeir eigi kost á að gegna þeim störfum, sem þeir eru kosnir til af hæstv. Alþingi.

Hér er um tiltölulega lítilvægt mál að ræða og skiptir ekki miklu máli, en slíkt sleifarlag má þó ekki þolast, jafnvel þó að í litlu sé.

Varðandi það, að aðeins eitt mál liggi fyrir iðnn. fyrir utan það, sem hér er um að ræða, og samflokksmaður minn hafi ekki verið reiðubúinn til þess að afgreiða það, þegar á fundinn kom, þá skal ég út af fyrir sig ekki vefengja það. Menn höfðu ekki búizt við fundarboði á þessum tíma og ekki talað sig saman um, hvernig málin ætti upp að taka, og það hafði einmitt verið ég, sem sérstaklega hafði óskað eftir því, að til fundar yrði kvatt í þessari nefnd. Nú má vel vera og hv. form. n., hv. frsm., hefur gert mér grein fyrir því annars staðar, að sú ósk mín hvíldi að nokkru leyti á misskilningi, vegna þess að ég hefði gert ráð fyrir, að öðru skyldu máli hefði verið vísað til þessarar nefndar, sem ekki hefði til hennar gengið. Látum vera, að þarna hafi verið um að ræða misskilning af minni hálfu, en engu að síður vil ég benda honum á, að það eitt er auðvitað ekki nóg, að hann telji, að mál þurfi ekki frekari afgreiðslu við, og einhverjum sýnist, að í raun og veru sé búið að afgreiða málið. Það er nefndin öll, sem hefur fengið málið til meðferðar og á rétt á því, að það sé rætt að n. allri viðstaddri, hvernig málið eigi að afgreiða, hvort það eigi að afgreiða það með því að láta það daga uppi, hvort það eigi að afgreiða það með rökstuddri dagskrá, að það sé ekki lengur ástæða til þess, vegna þess að efnislega sé málið afgreitt, með því að vísa því til stjórnarinnar eða með því að gera á því þær breytingar, sem hin breyttu atvik gefa efni til. Allt eru þetta atriði, sem nefndin á að taka afstöðu til, en ekki einn nm., þótt jafnágætur maður sé og hv. þm. Hafnf., sem ég hef miklar mætur á og er ekki hér að troða neinar illsakir við persónulega, síður en svo. Ég vík aðeins að þessu vegna þess, að starfshættir þessarar nefndar eru mjög einkennandi fyrir þann mjög kynlega brag, sem hefur verið á starfsháttum þessa Alþingis.

Frsm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Mér þykja nú þessar aðfinnslur hv. 1. þm. Reykv. meira gerðar af vilja en mætti. Hann viðurkennir, að sólarhrings fyrirvari til fundarboðunar sé ekki óeðlilega stuttur og að málið, sem hér er um að ræða, hafi ekki legið óeðlilega lengi hjá nefndinni. Þá eru þær hliðar málsins útkljáðar. Hann var ekki hér á fundi þann dag, sem fundurinn var boðaður. Annars mundi ég að sjálfsögðu hafa talað við hann, eins og ég talaði við samflokksmann hans, áður en ég boðaði fundinn, sólarhring áður en fundurinn var haldinn. Hefði þess vegna mátt ætla, að ef áhugi hefði verið fyrir hendi fyrir afgreiðslu þessa eina máls, sem hjá n. hefur legið, þá hefði sá sólarhrings frestur, sem samflokksmaður hans hafði til undirbúnings fundinum, verið nægjanlegur til þess, að málið hefði fengið afgreiðslu, ef óskað hefði verið eftir því af þeirra hálfu.

Ég gaf kost á því á þessum nefndarfundi, sem haldinn var, að ef menn vildu afgreiða málið formlega, þá væri það opið, en þess var ekki óskað, þannig að allur eftirrekstur á eftir málinu styðst þá ekki við meira en það, að þegar til kemur, að á að afgreiða málið á formlegan hátt, eru menn ekki við því búnir að gera það, þó að menn hefðu haft sólarhring til þess að undirbúa sig til afgreiðslunnar, ef hennar hefði verið óskað.

Hv. þm. sagði líka og viðurkenndi, sem mun vera kjarni þessa máls alls, að allir þessir eftirgangsmunir um fund í iðnn. muni stafa af því, að hann hefur haldið, að hjá n. væri mál, sem alls ekki hefur verið til hennar vísað.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það er nú máltæki um það, að einhverju sé skotið á frest til eilífðarnóns, og ég spyr nú: Er það ekki svipað, ef eitthvað eigi að ræða á næsta fundi iðnn., því að það kann að verða nokkuð langt þangað til, þannig að óvíst sé, hversu skjótlega þær umr. geti orðið, samkvæmt því, sem af er. Ég skal ekki þræta við minn ágæta vin, hv. þm. Hafnf., um þetta. Ég vil einungis vekja athygli á því, að í hans rökvísu ræðu hér síðast gleymdi hann því, sem er aðaluppistaðan í minni aðfinningu, að ég fékk alls ekki fundarboðið. En ég tel, að það beri skylda til að koma fundarboði til þingmanna, þeirra sem ekki eru fjær staddir en ég var á þeim tíma, sem hér um ræðir, og að það var ég, en ekki neinn samflokksmaður minn, sem hafði áður óskað eftir fundi í þessari nefnd til afgreiðslu tiltekins máls. Þess vegna er ekki að sakast við hann um það, að hann skyldi ekki hafa þar eftirrekstur, heldur var það ég, sem hafði óskað eftir, að fundurinn yrði haldinn, og loksins þegar til fundar var boðað, ekki samkvæmt minni ósk, heldur af öðru tilefni, þá vildi þannig til, án þess að ég eigi þar nokkra sök á, að ég var ekki boðaður á fundinn, sem ég tel mig eiga rétt til að hafa fengið boð til.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 516).

---

30. Ríkisreikningurinn 1954.

Á 49. fundi í Sþ., 3. apríl, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1954 [150. mál] (stjfrv., A. 402).

Á 82. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum er samið í sama formi og verið hefur. Sé ég ekki ástæðu til þess

að fylgja því úr hlaði með framsögu, en óska, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 91. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 402, n. 442).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Fjhn. d. hefur athugað þetta frv. og borið það saman við ríkisreikninginn. Við þann samanburð kom í ljós, að einum lið í frv. bar ekki saman við ríkisreikninginn. Það var 27. töluliður, þar stendur í reikningsupphæðinni í frv. 4381991.69, en í ríkisreikningnum sjálfum stendur 6479749.19. Við athugun kom svo í ljós, að þessi mismunur, sem er 2097757.50, stafar af því, að því, sem flutt er af 24. gr., sem er þessi upphæð, hefur ekki verið bætt við 27. lið frv., óviss gjöld, en það bar að gera.

Nefndin leggur því til, að þetta verði leiðrétt í frv., og ber fram brtt. um það, að 27. liður breytist þannig, útborganirnar, að fyrir „4381-991.69“ komi: 6479749.19, — og svo, að greiðslujöfnuðurinn, reikningshlið hans, lækki um þessa upphæð. Að öðru leyti bar frv. saman við ríkisreikninginn sjálfan.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa að vanda borið fram ýmsar athugasemdir við þá. Þessum athugasemdum hefur síðan verið svarað af viðkomandi ráðuneyti, og síðan hafa yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna úrskurðað svörin og hvað gera skuli í málinu.

Tillögur yfirskoðunarmanna eru yfirleitt til athugunar framvegis. Þar eru einar fimm eða sex tillögur. Og „til viðvörunar framvegis“ er niðurstaðan að því er nokkrar athugasemdirnar varðar, og svo, að „við svo búið megi standa og til athugunar framvegis“, en 4.—7. athugasemd og 17. athugasemd vísa þeir til aðgerða Alþingis.

Afgreiðsla yfirskoðunarmanna hefur verið með þessum hætti, sem ég nú hef lýst, mörg undanfarin ár. Og í fjhn. þessarar hv. d. hefur jafnan nú undanfarin ár komið fram frá n. ábending um það, að yfirskoðunarmenn ættu að hafa dálítið annan hátt á en hér er gert, að vísa málsatriðum þannig ótiltekið til aðgerða Alþingis, án þess að gera tillögur um það, hvað Alþ. eigi þá að gera í slíku máli. Var hv. fyrrv. þm. Barð., Gísli Jónsson, aðalhvatamaður að því í n., að þessu var hreyft.

Nú varð ekki samkomulag í n. um, að nefndin sem slík léti þessa skoðun enn í ljós, og þess vegna fer ég ekkert nánar út í þetta frá n. hálfu. Ég vil aðeins taka það fram hvað sjálfan mig snertir, að ég er sömu skoðunar og áður, að yfirskoðunarmenn, í staðinn fyrir að vísa málum til aðgerða Alþ., án þess að segja nokkuð um, hvað þeir telji að Alþ. eigi að gera, ættu að gera beinar till. um það, hvernig þeir álíta að ráða eigi þeim málum til lykta.

En hvað sem um þetta er og hvað sem Alþ. kynni að gera út af þeim atriðum, sem til þess er vísað, þá er það vitanlegt, að það mundi ekki í neinu breyta tölulegri niðurstöðu ríkisreikninganna, enda er það sameiginleg till. fjhn. allrar, að frv. verði samþ. með þeim leiðréttingum, sem ég gat um áðan.

En út af þessum aths., sérstaklega þeim, sem vísað er til aðgerða Alþ., væri óneitanlega fróðlegt, ef hæstv. fjmrh. vildi skýra deildinni frá því, hvernig þau mál standa nú.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er út af því, sem hv. frsm. spurði. — Í athugasemdum yfirskoðunarmanna segir um 4.—7. lið, með leyfi hæstv. forseta:

„Hinar geysimiklu umframgreiðslur stofnunarinnar um fjárlög fram á árinu eru ekki viðunandi. Upplýst er með svari, að engin lagfæring hafi orðið á greiðslu óskilalánanna. Athugasemdinni er vísað til aðgerða Alþingis.“

Þessar athugasemdir, 4—7, sem hljóða í einu lagi á þennan hátt, eru um ríkisútvarpið, annars vegar um útgjöld stofnunarinnar og hins vegar út af því, að lán, sem byggingarsjóður útvarpsins lánaði á sínum tíma, ég hygg í samráði við þáverandi fjmrh., hafa lent í vanskil og ekki tekizt að innheimta þau enn þá.

Varðandi umframgreiðslurnar er það að segja, að ég get ekki svarað því öðruvísi en þannig, að hv. fjvn. hefur á þessu þingi haft til meðferðar að veita fé til ríkisútvarpsins og skoðað tillögur ríkisstj. um það, sem voru í fjárlögunum, og hefur haft til samanburðar útgjöldin, eins og þau hafa raunverulega verið. Ég verð að ætlast til þess, að það hafi verið reynt að setja útgjöldin þannig í fjárlögin nú, að þau ættu að geta staðizt í reyndinni. En forráðamenn ríkisútvarpsins hafa haldið því fram undanfarið, að útgjöld ríkisútvarpsins hafi ár eftir ár verið sett þannig af Alþ., að það hafi ekki verið hugsanlegt að reka stofnunina, án þess að umframgreiðslur kæmu fram.

Ég vona, að það hafi tekizt að búa fjárhagsáætlun ríkisútvarpsins í fjárlögunum þannig, að hún gæti staðizt. Ég segi: ég vona það, en ég veit það ekki.

Varðandi vanskilalánin er það að segja, að það mun ekki vera nein hætta á því, að þau innheimtist ekki, þessi lán, því að fyrir þeim munu öruggar tryggingar. Á hinn bóginn voru þessi lán til mjög stutts tíma og á bak við lágu einhvers konar vilyrði um, að önnur lán mundi vera hægt að útvega, en þær vonir brugðust algerlega, — þau vilyrði reyndust á sandi byggð, og þess vegna eru þessi lán enn í vanskilum hjá byggingarsjóði útvarpsins og hefur ekki tekizt að innheimta þau. Munu þessi lánaviðskipti, eins og ég hef upplýst, hafa farið á allt annan veg en til var ætlazt.

Þetta er það, sem ég get sagt um það mál. Mér er ekki ljóst, hvað yfirskoðunarmenn hafa ætlazt til að Alþ. gerði varðandi þessi atriði, fremur en framsögumanninum. Þó geri ég ráð fyrir því, að varðandi fjárhagsáætlun ríkisútvarpsins hafi það verið meining endurskoðunarmanna, að fjvn. og hv. Alþingi kryfðu það mál til mergjar og reyndu

að ganga þannig frá því, að umframgreiðslur ættu sér ekki stað.

Þá er það 17. liður. Hann er svo, með leyfi hæstv. forseta, og fjallar um rekstur skipaútgerðarinnar:

„Með svarinu eru gefnar ýtarlegar upplýsingar um rekstur fyrirtækisins. Sú skýrsla gefur ótvírætt til kynna, hvernig á greiðslunum stendur og rekstrarhalla fyrirtækisins."

Síðan segir:

„Það er Alþingis að ráða bót á þessu máli. Athugasemdinni er því vísað til aðgerða Alþingis."

Vitaskuld getur þessi aths. yfirskoðunarmanna ekki átt við, að hægt sé að breyta orðnum hlut, þ. e. a. s. rekstrinum 1954. Á hinn bóginn hlýtur aths. að lúta að því, að Alþ. reyni að gera þannig úr garði fjárhagsáætlun skipaútgerðarinnar og sjá þannig fyrir því máli, að umframgreiðslur slíkar sem þessar komi ekki til greina. Ég skal taka fram, að það er mjög ýtarlega gerð grein fyrir þessum umframgreiðslum skipaútgerðarinnar, þær voru yfir höfuð á fallnar af alveg óviðráðanlegum ástæðum, og að það er sýnt fram á það í þessum svörum með nokkuð gildum rökum, að það hlaut svo að fara, að umframgreiðslur yrðu, eins og áætlunin var úr garði gerð. En hér hlýtur að vera átt við af hendi yfirskoðunarmanna áskorun um að vanda betur þann kafla í fjárlögunum, sem lýtur að strandferðunum. Annars vil ég taka undir það, sem hv. frsm. sagði, og ég hygg, að ég hafi áður látið í ljós þá skoðun: Ég tel eðlilegra, að hv. yfirskoðunarmenn greindu, þegar þeir vilja, að Alþ. hafi afskipti af málum, hvað þeir vilja að Alþingi geri, þ. e. geri uppástungu um, á hvern hátt þau afskipti Alþingis eigi að vera.

ATKVGR.

Brtt. 442 tekin aftur til 3. umr.

Frvgr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 442 samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 91. fundi í Nd., 3. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 466).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Frv. þetta um samþykkt á ríkisreikningnum 1954 er með sama sniði og tíðkazt hefur um slík frv. áður. Það á að vera í fullu samræmi við ríkisreikninginn, eins og hann nú liggur fyrir. Frv. hefur farið gegnum hv. Ed. Ég leyfi mér að leggja til, að því verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 466, n. 490).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Fjhn. hefur skilað áliti um málið á þskj. 490. Frv. hefur verið athugað, eins og það er komið frá hv. Ed., á þskj. 466, og virðast þær upphæðir, sem þar eru færðar, vera í samræmi við tölur á ríkisreikningi.

Eins og venja er, hafa yfirskoðunarmenn gert nokkrar aths. við ríkisreikninginn, sem síðan hefur verið svarað, og þeir svo gert sínar aths. og tillögur út af svörunum. Vænti ég þess, að hv. þm. hafi kynnt sér þetta, eða a. m. k. hafa þeir átt þess kost, og sé ég ekki ástæðu til að ræða athugasemdirnar eða þær till., sem út af þeim hafa verið gerðar.

Það er till. fjhn., að frv. verði samþ., eins og það liggur fyrir á þskj. 466.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það er nú eins og venjulega, að þó að við yfirskoðunarmenn Alþingis gerum nokkrar aths. við ríkisreikninginn, eins og nú er, þá virðist koma lítið út af því, þegar það kemur fyrir Alþingi, og er það að sumu leyti eðlilegt og að sumu leyti ekki eðlilegt.

Ég get ekki neitað því, að ég hef stundum orðið var við það, bæði innan þings og utan, að einstaka manni þykir, eins og ástæðurnar eru, að athugasemdir og till. frá okkur yfirskoðunarmönnum gangi furðulega skammt, eins og ástæðurnar eru í okkar fjármálum. En menn verða að gera sér grein fyrir, hvernig varið er okkar starfi. Skal ég þó ekki fara langt út í það nú.

Í fyrsta lagi er þess að geta, að annar aðalþátturinn í okkar starfi er sá að sannfæra okkur um, að upphæðirnar séu rétt bókfærðar og reikningurinn að því leyti til rétt gerður. Í því efni hafa aldrei komið athugasemdir á löngum tíma frá okkur yfirskoðunarmönnum, og ég get endurtekið það hér, sem ég hef oft áður gert, að að mínu áliti er ríkisbókhaldinu það vel stjórnað, að við höfum ekki þar athugasemdir við að gera. Í öðru lagi er svo það, sem ákveðið hefur verið á sjálfu Alþingi. Enda þótt einhverjir okkar yfirskoðunarmanna séum því andvígir, þá ber okkur sem starfsmönnum Alþ. eðlilega ekki að gera aths. út af því, sem hér hefur verið ákveðið með fjárlögum, hversu öfgafullt sem það kynni að vera og er.

Þá eru það tvö meginatriði, sem er í okkar verkahring að gera athugasemdir við og rannsaka og við gerum árlega, og það eru annars vegar umframgreiðslur hjá hæstv. ríkisstj. á hverjum tíma, og það eru að öðru leyti aðrir þættir fjármálastjórnarinnar, svo sem innheimta og annað slíkt.

Nú er það í þessum ríkisreikningi, að það eru ekki nema aðeins tvær aths., sem við vísum til aðgerða Alþingis. Um það urðu nokkrar umræður í hv. Ed., en virðist ekki hafa verið tekið neitt

sérstaklega til athugunar hér í fjhn. og kannske eðlilegt, að svo sé. Þetta eru gamalkunnar aths., sem við höfum gert eiginlega ár eftir ár, að þær stofnanir, sem þarna er um að ræða, sem er ríkisútvarpið annars vegar og Skipaútgerð ríkisins hins vegar, eru meðal þeirra stofnana, sem ganga lengst í því, að því er virðist, að fara ekkert eftir fjárlögum, eyða bara eins og þeim sýnist umfram fjárlög, og Alþ. og ríkisstj. virðast láta sér þetta lynda ár eftir ár.

Samkv. þessum reikningi verður umframgreiðsla hjá ríkisútvarpinu hálf önnur milljón, og þar að auki er ástandið þar þannig, að það er óinnheimt af gömlum lánum í vanskilum 831 þús. og hjá öðrum viðskiptamönnum óinnheimt yfir 300 þús. Þetta eru atriði, sem við yfirskoðunarmenn teljum sjálfsagt að Alþ. fjalli um, og í raun og veru hefur það nú gert það, fjallað um það nú þegar, vegna þess að þessi ríkisreikningur er orðinn það gamall. Og það virðist vera reglan hjá hv. fjvn. og hæstv. ríkisstj. að láta undan þessu ár eftir ár, hækka áætlun hjá þessum stofnunum, sem eyða umfram fjárlög í nýja starfsmenn og margvíslega hækkun, og láta undan sí og æ. En það virðist ekki duga til, t. d. hjá þessari stofnun. Sama er að segja um Skipaútgerð ríkisins, sem stundum hefur eytt umfram fjárlög, svo að skiptir mörgum milljónum, en á þessu ári hafði umframgreiðslan þar verið 2½ millj. kr.

Nú er það vitaður hlutur, að hjá fyrirtæki eins og Skipaútgerð ríkisins er um tvennt að ræða: annaðhvort að halda áfram starfseminni, eins og hún hefur verið, og láta það ráðast, hvað hún kostar, eins og virðist hafa verið reglan hjá þessu fyrirtæki, eða þá að breyta skipulaginu. Og ég verð nú að segja það sem mitt álit, þegar komið er svo, að bílasamgöngur eru jafnalmennar og nú er og flugferðir í jafnríkum mæli, þá ætti að vera auðvelt að draga töluvert saman starfsemina hjá þessu fyrirtæki. En frá hálfu okkar yfirskoðunarmanna er hér ekkert um að ræða annað en benda á, hvernig eyðslan hefur verið í þessu efni.

Nú eru ekki aðrar aths., sem við vísum beint til aðgerða Alþingis, og eins og ég sagði, er Alþ. búið að nokkru leyti að ákveða það með sinni hækkun á fjárlagaákvæðum. En þó mun vera hér starfandi mþn., sem ekki hefur neitt heyrzt frá, en hefur það verkefni að fjalla um skipulagsbreytingu hjá Ríkisskip. Og það er nú komið svo langt hjá þessu fyrirtæki, að rekstrarhalli skv. fjárl. þessa árs hjá Skipaútgerð ríkisins er áætlaður töluvert hærri en gert er ráð fyrir að fari í alla þjóðvegi, þjóðvegalagningu á landinu á þessu ári, og þá er orðið nokkuð langt gengið í þessu efni.

Fyrir utan þetta eru nokkrar athugasemdir, sem við höfum lagt til að úrskurða þannig, að það væri til viðvörunar framvegis og til athugunar framvegis, og það þýðir það, að ætlun okkar er, að það sé breytt á annan hátt gagnvart þeim atriðum en gert hefur verið. Og mörg þau atriði eru þannig vaxin, að við höfum árum saman gert athugasemdir út af því. Þar á meðal er innheimta ekki einasta hjá innheimtumönnum ríkisins, heldur og hjá ýmsum stofnunum. Óinnheimtar tekjur hjá innheimtumönnum ríkisins eru skv. þessum reikningi rúml. 27 millj. og höfðu vaxið um fullar 7 millj. á því ári, sem var þó mjög gott fjármálaár, árið 1954. Auk þess hafði á því ári verið fellt niður úr eftirstöðvum sem ófáanlegt hátt á aðra milljón eða rúmar 1800 þús. kr.

Til dæmis vil ég enn fremur nefna, að hjá Tóbakseinkasölunni eru útistandandi skuldir í árslok þessa árs 5.6 millj. Þetta þykir okkur yfirskoðunarmönnum furðulega mikið og teljum, að það eigi að hafa á því annan hátt en þarna er gert. Á svipaðan hátt er þetta hjá mörgum stofnunum, að það er útistandandi miklu meira en góðu hófi gegnir, og fer vaxandi. Það er t. d. útistandandi hjá Landssmiðjunni í lok þessa árs 2 millj. kr., og hún skuldaði í árslok þá hátt á níundu millj. kr.

Umframgreiðslur á ýmsum liðum eru nokkuð miklar á þessu ári, eins og raunar oft undanfarið, og það er athyglisvert fyrir hv. alþm., sem árlega sitja yfir því, svo að vikum skiptir, jafnvel mánuðum skiptir, að úthluta smáupphæðum, sem svo má segja, til ýmissa þarflegra hluta í landinu, t. d. vegagerða, brúargerða og margvíslegra annarra hluta, að svo þegar ríkisreikningurinn kemur, þá kemur í ljós, að það hefur ekki verið farið eftir þessum ákvörðunum Alþ., enda þótt það hækki árlega stórum útgjöldin til sumra slíkra hluta, þó að það hafi nú því miður ekki verið gert til vegamálanna neitt sem heitir. En þá er það nokkuð mikil röskun á þeirri úthlutun, þegar það kemur í ljós, eins og á þessu ári, 1954, að það er farið t. d. til vegamála umfram fjárveitingu, eða til nýrra þjóðvega, um fulla milljón króna, og verður það eðlilega til þess, að það hlutfall, sem Alþ. hefur ákveðið, raskast mjög stórkostlega.

Á þetta vil ég benda, að það eru þessir tveir aðalflokkar, sem við ár eftir ár, þessir sömu yfirskoðunarmenn, höfum gert aths. við: Í fyrsta lagi það, að ekki er farið eftir fjárlögunum nema mjög takmarkað og umframgreiðslur stórkostlegar, og það hefur lengi verið svo. Í öðru lagi er það, að útistandandi eignir hjá ríkinu sjálfu og ýmsum stofnunum þess eru miklu meiri en góðu hófi gegnir. Og eins og fjármálaástandið hefur verið á undanförnum árum og ekki sízt á árinu 1954, virðist okkur það vera næsta mikill óþarfi, að svo skuli þurfa að vera.

Þetta vil ég taka fram. En það hefur ekki áhrif á það, að ég tel það að vísu sjálfsagt, eins og hv. fjhn. leggur til, að þessi reikningur, eins og hann er, svo gamall sem hann er orðinn, sé samþykktur eins og hann liggur fyrir.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru aðeins fáein orð út af því, sem hv. þm. A-Húnv. sagði. Það má segja, að mjög mikið af vinnu fjmrh. á hverju ári fer í að reyna að gera ráðstafanir til þess, að fjárlögin standist í framkvæmdinni. Samt sem áður fer svo, að það verða ævinlega verulegar umframgreiðslur, misjafnlega miklar þó, eins og hv. þm. er kunnugt. En þetta verður venjulega þannig, að hversu mjög sem það er brýnt fyrir hinum rn., sem stýra útgjaldadeildunum, því að það eru hin rn. yfir höfuð, sem gera það, — hversu mjög sem það er brýnt

fyrir þeim að halda sínum stofnunum innan rammans, sem fjárlögin ákveða, þá vill koma fyrir, að það mistakist. Er þá venjulega borið við, að það hafi ekki verið með nokkru móti hægt að anna því skylduverki, sem hlutaðeigandi starfsgrein átti að hafa með höndum, nema með því að fá meira en gert var ráð fyrir á fjárlögunum. Þetta er sú viðureign, sem stendur sí og æ. Og sannleikurinn er sá, að ef fjmrn. ætti að standa alveg fast á því, sem er auðvitað æskilegast, að ekki væri nokkurs staðar greitt meira en fjárlögin gera ráð fyrir, í neinu tilfelli, þá mundi þurfa að loka mörgum af stofnunum og skrifstofum ríkisins. Það yrði að taka upp þá stefnu að loka þessum stofnunum og láta þá hlutaðeigandi rn. og þá, sem stýra starfsgreinunum, standa frammi fyrir því svo og þjóðina alla og Alþingi. Í ýmsum dæmum býst ég við, að þetta sé rétt, að það sé of naumt sett í fjárlögin. Það er nokkur tilhneiging til þess hjá hv. Alþ. og fjvn. að setja lægri fjárhæðir í fjárlögin en menn vita inn á sér að muni þurfa, og það á að vera til þess að reyna að halda niðri eyðslunni. En það hefur þá líka verið gert í trausti þess áreiðanlega, að ekki kæmi til þess, að starfsgreinar yrðu felldar niður eða svo að þeim kreppt, að þær gætu ekki annað skyldu sinni. Hér er vandmeðfarið mál og mikið vandamál og gamalt á ferðinni. Mér skilst, að það séu dæmi þess í vissum löndum, að svo hart sé á þessu tekið, að einstakar stofnanir verði að gera svo vel að loka og draga saman þjónustu sína, ef þeim ekki dugir sú fjárveiting, sem til þeirra er sett. En ef það verður farið inn á að taka svo hart í þetta mál í framkvæmdinni, þá þarf vafalaust að vanda enn betur áætlanir og fjárveitingar í einstökum atriðum en gert hefur verið á hv. Alþ. fram að þessu, þó að talsvert mikil vinna hafi verið í það lögð. Og við höfum sem sagt í fjmrn. ekki stungið upp á því enn þá eða ekki gengið svo hart í þetta enn þá, að það hafi verið lokað fyrir og látið koma til stöðvunar, en verið höfð þessi stefna, að standa í sífelldu stríði og reyna með fortölum og rannsóknum í hverju falli að draga úr umframgreiðslunum í samráði við þau rn., sem hlut eiga að máli. Það er alls ekki því að leyna, að fjmrn. hefur stundum staðið frammi fyrir því, að það hefur verið búið í öðrum rn. blátt áfram að gera ráðstafanir, sem voru þannig vaxnar, að búið var að stofna til skulda án samráðs við fjmrn., sem ekki var hugsanlegt annað en yrðu greiddar. Við höfum staðið frammi fyrir þessu hvað eftir annað á undanförnum árum. Það er sem sagt vandamál, hvernig á þessu á að taka, og það veit ég að hv. þingmenn vita, að það er ekki alveg einfalt að koma algerlega í veg fyrir umframgreiðslurnar. Það er sjálfsagt að halda áfram þeirri styrjöld, sem sífellt stendur um þetta mál. En ef hv. Alþ. vildi láta taka upp alveg önnur vinnubrögð í þessu en verið hafa, miklu strangari og láta loka stofnunum og því líkt, þá yrði að hafa um það samráð fyrir fram. Yrði það að vera skipulagt í samráði við hv. Alþingi og þá sérstaklega fjvn., sem stýrir afgreiðslu fjárlaganna.

Varðandi einstök atriði, sem hv. þm. A-Húnv. nefndi til dæmis, sé ég ekki ástæðu til að segja mikið. Þeim atriðum er svarað í athugasemdunum við landsreikninginn. Þar er t. d. kafli um innheimtu beinna skatta og annar kafli um útistandandi skuldir tóbakseinkasölunnar. Þær stafa af því, að kaupmenn og kaupfélög fá reikningsviðskipti eftir vissri reglu, og það mun vera reynt að halda sér blýfast við þá reglu, en af þessari reglu leiðir þessar skuldir. Mér skilst, að það hafi varla komið fyrir, að það hafi nokkurn tíma tapazt á þessari viðskiptaaðferð, og hún sé talin óhjákvæmileg af einkasölunnar hendi vegna rekstrarfjárerfiðleika yfirleitt í verzluninni, og mundi vafalaust verða talið mjög aðkreppt, ef yrði horfið frá þessu ráði og hætt við að gefa þann tiltölulega stutta gjaldfrest, sem veittur er. Þó gæti það náttúrlega komið til athugunar, því að sannast að segja veitir ríkissjóði ekki af því að fá peningana inn, eins og menn vita. En þannig eru nú ástæður í þessu dæmi.

Þá er það út af þeim tveimur stofnunum, sem hv. þm. A-Húnv. nefndi og þar sem aths. eru þannig afgreiddar, að vísað er til aðgerða Alþingis. Það er í tveimur dæmum. Annað er varðandi ríkisútvarpið. Hv. þm. kvartaði mjög yfir því, að það væru umframgreiðslur ár eftir ár hjá ríkisútvarpinu, og það er alveg laukrétt. En um þetta vil ég segja það frá sjónarmiði fjmrn., ef svo mætti segja, að ríkisútvarpið lifir á sínum eigin tekjum, og það kemur þess vegna alls ekki til, að fjmrn. t. d. geti lokað fyrir ríkisútvarpið eða stöðvað það eða haft verulegt eftirlit með útgjöldum þess hvert ár. Það tekur fé hjá sjálfu sér, ríkisútvarpið.

Varðandi skipaútgerðina er ekki því sama til að dreifa, því að þeir verða að sækja ávísanir til fjmrn. Það mætti kannske segja, að fjmrn. væri skylt að halda sér við fjárveitinguna til hennar, þó að afleiðingarnar yrðu þær, að það yrði að fella niður strandferðirnar, kannske þriðja hluta ársins eða svo. En það hefur ekki verið lagt út í þetta, eins og ég sagði, heldur viðhöfð sú aðferð að reyna með viðtölum, fortölum og athugunum að hafa áhrif á, að útgjöldin yrðu eins lítil og hægt er, ekki stöðvuð strandferðaskipin, heldur greidd umframgreiðslan.

Mér er ekki alveg ljóst, hvort hv. þm. A-Húnv. er að benda á þetta vegna þess, að hann telji t. d. fjmrn. ámælisvert fyrir að hafa greitt þessar greiðslur, — mér er það ekki ljóst, — eða hvort hann bendir á þetta af öðrum ástæðum. En svona hefur þetta verið. Það eru útskýringar miklar á þessum umframgreiðslum í svörum við athugasemdinni varðandi skipaútgerðina og bent á liði, sem hlutu að falla á, eins og atvik lágu, og sumt, sem ómögulegt var að sjá fyrir fram, en sumt, sem hefði nú í sjálfu sér átt að vera hægt að sjá fyrir fram. En þá kemur spurningin: Hvers vegna var fjárveitingin ekki hærri en hún var? Var það vegna þess, að forstöðumaður hefði ekki óskað eftir hærri fjárveitingu? Var það fyrir það, að hlutaðeigandi n. hefði skorið hana niður? Eða var það fyrir það, að Alþ. hefði skorið hana niður? Þessu get ég ekki svarað alveg fyrir víst. En þó hygg ég, að áætlun forstöðumannsins hafi verið hærri en fjárveitingin, sem veitt var. Og tæpast er hægt að ásaka forstöðumennina fyrir það, þótt

þeir fari fram úr, ef þeir benda fyrir fram á það með skýrum ástæðum, hvað muni þurfa, en það svo skorið niður. Sem sagt, mér er ekki vel ljóst, hvað hv. þm. A-Húnv. meinti með þessu, hvort þetta átti að skilja sem nokkra aðfinnslu í sjálfu sér eða hvort þetta var bara til þess að benda á vandamálið. En það er stórkostlegt vandamál, ef verið er að reyna að halda hallalausum ríkisbúskap og búa út fjárlög í því skyni og menn geta svo búizt við margra millj. kr. umframgreiðslum á einstökum liðum fjárlaganna. Það má nærri geta, hvernig færi um möguleikana til þess að halda uppi greiðsluhallalausum ríkisbúskap, ef eitthvað ofur lítið bæri út af með tekjurnar, ef þær færu ekki fram úr líka, jafnvel meira en gjöldin. Þá væri allt komið um þverbak gersamlega. Hér er því sannarlega ekki um neitt smáræðisvandamál að ræða, þar sem umframgreiðslurnar eru.

Ég fyrir mitt leyti hef reynt að stuðla að því, að áætlanir væru settar í fjárlögin þannig, að gera mætti kröfu til, að þær gætu staðizt. Ég hef ævinlega hvatt forstöðumennina til þess að tína fram öll útgjöld, en leyna þeim ekki, því að verst af öllu væri að fá á eftir óvæntar greiðslur. Árangur má segja kannske að hafi orðið í vissum greinum, en í öðrum greinum er hann ekki beysinn, eins og t. d. í þessu falli, sem hér hefur verið bent á, því að miklar umframgreiðslur hafa verið hjá t. d. ríkisútvarpi og skipaútgerð og fleiri stofnunum. Það eru fleiri stofnanir en þær, sem hafa allt of miklar umframgreiðslur. En sem sagt, ef á að taka hér upp alveg nýja stefnu og pína fram umframgreiðslulítinn eða umframgreiðslulausan ríkisbúskap, þá þarf að vanda enn betur en gert er áætlanir um fjárveitingar í fjárlögunum og taka síðan ákvarðanir um að fella niður starfrækslu í vissum greinum, ef það mistekst, að fjárhæðin standist. Og þá verður hv. Alþ. að horfast í augu við það fyrir fram, hvaða afleiðingar af því kynnu að geta orðið, og standa þá með ríkisstjórninni í því, að þessi háttur yrði á hafður.

Að lokum vil ég svo segja, að þegar hv. yfirskoðunarmenn vísa málum til aðgerða Alþ., þá teldi ég rétt, að þeir gerðu það með því að gera uppástungur um, hvað Alþ. skuli aðhafast. Það er eðlilegur og gamall máti að vísa ýmsu af athugasemdunum til aðgerða Alþingis og ekki óeðlilegur máti. En ég tel, að það væri miklu fullkomnari afgreiðsla af hendi hv. yfirskoðunarmanna, ef þeir segðu beinlínis, hvað þeir legðu til að Alþ. gerði. Tökum dæmi af skipaútgerðinni. Stinga þeir upp á því, að fjárveitingar verði hækkaðar til skipaútgerðarinnar til þess að tryggja það, að umframgreiðslur komi ekki fram? Eða stinga þeir upp á því, að rekstur skipaútgerðarinnar verði dreginn saman og strandferðaþjónustan minnkuð? Eða stinga þeir upp á því, að einhverjar sérstakar sparnaðarráðstafanir í rekstrinum verði gerðar aðrar, sem þeir koma auga á við að kynna sér málin? Með því að þeir gerðu þetta, mundu athugasemdir þeirra og ábendingar hafa allt annað og miklu meira gildi en þær hafa með því að vísa málunum aðeins til aðgerða Alþingis.

Út af því, sem hv. þm. A-Húnv. sagði hér áðan um strandferðir og vegi og annað þess konar og samgöngur yfirleitt, þá mætti líta svo á, að hann vildi láta mæta þessari aths. með því að draga úr framlögum til strandferðanna, því að hann talaði um, að þau væru orðin svo feikilega mikil. En út af því vil ég segja, að ein höfuðástæðan til þess, hversu framlögin til strandferðanna eða hallinn á strandferðunum er orðinn mikill, er sú, að á undanförnum árum hefur kostnaðurinn við útgerð skipanna farið hraðvaxandi ár frá ári og sum árin þókstaflega tekið stökkbreytingum í sambandi við kaupgjaldshækkanir og annað þvílíkt. En farmgjöldin, gjöldin fyrir flutninginn, hafa staðið óbreytt árum saman, þannig að hallinn hefur hlotið að fara vaxandi ár frá ári. Þetta hefur Alþ. vitað og engar aths. gert eða neinar ráðagerðir haft um það, að þessi gjöld yrðu hækkuð, og þess vegna haft þá stefnu, að það yrðu raunverulega ár frá ári stóraukin framlögin til strandferðanna. Það hefur verið stefna Alþingis. Og út af því, að það sé nú einhver stefnubreyting í þá átt að draga úr strandferðum, vil ég benda á, að það er vitaskuld þvert á móti, því að einmitt nú á þessu þingi hefur verið ákveðið að kaupa nýtt strandferðaskip, sem sérstaklega annist ferðir til Vestmannaeyja og þá um leið nokkuð á aðra staði.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það er nú að sjálfsögðu ekki næsta þýðingarmikið að fara í þrætur út af þeim atriðum, sem hér er um að ræða, bæði vegna þess, að nokkuð langt er um liðið frá því ári, sem þessi ríkisreikningur gildir, og í öðru lagi er það svo, að hið ráðandi vald hér á Alþ. og í ríkisstj. hefur það í sinni hendi, hvernig með þessi mál skuli farið.

Ræða hæstv. fjmrh. snerist eins og stundum áður aðallega um það að færa fram afsakanir fyrir þeim ágöllum, sem við teljum vera á stjórn ýmissa þessara hluta, og það er út af fyrir sig ekkert undarlegt við það. Ég skal byrja á að segja örfá orð út af því, sem var næstum seinast í ræðu hæstv. ráðherra, varðandi þær tillögur eða athugasemdir, sem við yfirskoðunarmenn gerum og vísum til aðgerða Alþingis. Það atriði hefur nokkuð verið til meðferðar í Ed., bæði nú og í fyrra, og uppi sú skoðun, að um leið og við vísum aths. til aðgerða Alþingis, beri okkur að gera till. um, hvað Alþ. eigi að gera um þessa hluti.

Nú er það svo, að eftir því sem ég veit bezt, hefur það verið svo frá fyrstu tíð, síðan yfirskoðun ríkisreikninga varð með þeim hætti, sem nú er, sem var sett inn í stjórnarskrána fyrir langa löngu, að það hefur verið regla frá yfirskoðunarmanna hálfu að vísa einstökum aths. til aðgerða Alþ., sem þeim þótti sérstök nauðsyn til bera, án þess að bera fram till. um það, hvað þeir óskuðu eftir að gert væri. Nú má segja, að það sé í þessu tilfelli næstum að segja tilviljun, að það sé nokkur af yfirskoðunarmönnum í Alþingi. Þeir geta alveg eins verið allir utanþingsmenn, og nú eru tveir þeirra það. Þess vegna er ekki alveg víst, að þeir hafi aðstöðu til þess að gera tillögur um það í Alþingi, hvað gera skuli. En varðandi þau atriði, sem hér er um að ræða, — við skulum taka mál eins og Skipaútgerð ríkisins, — þá er það augljóst mál, hvað við viljum láta gera. Við viljum láta halda sig við fjárlögin, að það sé ekki varið meiru til fyrirtækis eins og skipaút-

gerðarinnar t. d. en fjárlögin gera ráð fyrir. Hvort það er gert með því að hækka farmgjöldin, með því að draga úr starfseminni eða á annan hátt, það verður auðvitað ráðandi ríkisstj. að hafa í hendi sinni.

Nú er í þessu tilfelli, sem varðar árið 1954, Alþ. búið að gera sínar ráðstafanir í raun og veru, þó að það væri ekki búið að því, þegar við gerðum okkar aths. Það er búið að gera sínar ráðstafanir, og það er að hækka alltaf upp, eins og það hefur gert langa lengi, ekki draga úr starfseminni, ekki hækka farmgjöldin, eftir því sem hæstv. fjmrh. upplýsti. Og það er ekki furða, þó að það vaxi rekstrarhallinn og útgjöld ríkissjóðs með þeim hætti.

Eins er þetta varðandi ríkisútvarpið, að það, sem við ætlumst til að sú ríkisstj., sem ræður, geri, er að fara eftir fjárlögunum. Og frá mínu sjónarmiði lít ég á fjárlögin þannig, að ég tel, að þau séu svo rétthá, að það eigi að fara eftir þeim í öllum aðalatriðum, en að það sé ekki látið ske ár eftir ár, að sömu stofnanirnar fari umfram fjárlög, svo að skipti gífurlegum upphæðum. Þeir koma náttúrlega með sínar afsakanir og segja: Jú, það var nauðsynlegt að ráða þennan mann, það var nauðsynlegt að bæta við þessu starfi, og það var nauðsynlegt að auka við starfsemina. — Við þekkjum þetta allt saman. Það vilja allir fá meiri peninga og meiri gjöld. En til hvers er þá verið að setja fjárlög, ef það má ekki fara eftir þeim?

Eins er það varðandi innheimtuna. Ég játa það með hæstv. fjmrh., að það er mjög mikið vandamál, hvað á að ganga langt í því að ganga hart að af innheimtumönnum ríkisins. Þar segir hæstv. ráðherra: Ja, það mundi þurfa að loka svo og svo mörgum fyrirtækjum, ef það væri gengið svo hart að, að það væri skuldlaust um áramót. — En ég vil nú segja: Það má nú nokkuð mikið mismuna, hvort það er skuldlaust ellegar það eru útistandandi 27 millj. í árslok. Það er miklu hærri upphæð en öll fjárlögin voru um það bil, sem ég kom á þing, og nokkru eftir það, sem þarna er útistandandi bara af árstekjum ríkisins, fyrir utan það, sem er hjá stofnununum. En mín skoðun er sú, að ef menn vilja á annað borð ekki láta fljóta sofandi að feigðarósi, eins og gert hefur verið í fjármálum yfirleitt nú á undanförnum löngum tíma, þá beri að setja hverri stofnun það mark, að hún verði að halda sér við fjárlögin eins og þau eru afgreidd, því að til þess eru fjárlög, að það sé eftir þeim farið.

Að öðru leyti skal ég svo ekki fjölyrða meira um þetta á þessu stigi. Ég veit, að hv. alþm. hafa lesið þessar aths. og þeir hafa lesið allar afsakanir stofnananna, og það er ekkert ný saga. Það eru margar afsakanir fyrir því, að þetta þurfti að gera og þetta þurfti að gera. En annað mál er, hvort það er réttmætt, að þeir, sem ráða yfir viðkomandi stofnunum, láti þeim líðast að halda áfram alltaf að auka meira og meira við. Og það er út af fyrir sig alveg rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði, að mín skoðun er sú varðandi strandferðirnar, að það ætti að vera óhætt að draga úr þeim, þegar samgöngurnar á landi og í lofti hafa verið bættar svo mikið sem raun hefur á orðið.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Það hefur verið minnzt hér á ríkisútvarpið og Skipaútgerð ríkisins, og er það í sambandi við það, að aths. viðkomandi rekstri þessara tveggja fyrirtækja hafa verið gerðar, og það eru þær tvær aths., sem yfirskoðunarmenn vísa til aðgerða Alþ., eins og það er kallað.

Ég hef nú hér fyrir framan mig reikning ríkisútvarpsins, og rétt er það, að gjöld þeirrar stofnunar hafa farið um það bil 20% fram úr áætlun fjárlaga. En á næstu síðu er reikningur viðgerðarstofu ríkisútvarpsins, og kemur þar fram, að því er virðist, að rekstur viðgerðarstofunnar hafi gengið saman, því að bæði gjöld og tekjur eru þar miklu lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir.

Um ríkisútvarpið er það að segja, að um mörg undanfarin ár hafa yfirskoðunarmenn gert sérstakar aths. um þá stofnun og ég hygg venjulega vísað þeim til aðgerða Alþingis, sem þeir nefna svo.

Það hefur verið bent á það áður út af þessum aths., að það væri dálítið einkennilegt, að yfirskoðunarmenn hafa þá ekki gert aths. við reikninga annarra ríkisstofnana, sem hafa farið meira fram úr áætlun fjárlaga með sín gjöld en þessi stofnun, ríkisútvarpið. Ég hef rætt um þetta áður á þingi í sambandi við afgreiðslu ríkisreiknings og furðað mig á þessu, en ekki fengið á því neinar skýringar. Og sagan endurtekur sig enn, að hv. yfirskoðunarmenn gera athugasemdir um ríkisútvarpið, en ekki viðkomandi umframgreiðslum hjá öðrum ríkisstofnunum, sem eru þó tiltölulega meiri en hjá útvarpinu. Það eru hér á næstu blaðsíðum í ríkisreikningnum reikningar annarra stofnana, sem hafa farið meira fram úr áætlun hvað gjöldin snertir heldur en ríkisútvarpið. Og ég verð enn að láta í ljós dálitla undrun yfir þessum vinnubrögðum.

Það er svo um þessar stofnanir, bæði ríkisútvarpið og fleiri, að tekjurnar hafa líka farið verulega fram úr áætlun, þannig að ríkisútvarpið hefur meiri rekstrarhagnað en fjárlögin gerðu ráð fyrir, vegna þess að tekjurnar hafa farið enn meira fram úr áætlun en gjöldin, og er það svo um sumar aðrar ríkisstofnanir.

Viðkomandi skipaútgerðinni sagði hv. þm. A-Húnv., að það ráð væri tiltækilegast að greiða alls ekki meira en fjárlög ákveða, og mér skilst, að stofnunin ætti þá að hætta sinni starfsemi, ef fjárveitingin dygði ekki árið út. Þetta er sjónarmið út af fyrir sig. En ég vil benda á það, að þá væri eðlilegt, að þetta gilti einnig t. d. um vegina og vegaviðhaldið. Ég sé í þessum reikningi, að viðhald þjóðvega hefur farið nokkrar milljónir fram úr áætlun fjárlaga, og er það ekkert nýtt. Það hefur oft komið fyrir áður. Ég býst nú við, að það þætti ýmsum erfitt, ef ekki væri undir neinum kringumstæðum greitt meira fé til vegaviðhaldsins en áætlað er á fjárlögum að til þess þurfi, hvernig sem á stendur og þó að t. d. komi fyrir skemmdir á vegum vegna náttúruhamfara, eins og stundum kemur fyrir, og gæti þá orðið til þess, að heil héruð væru vegasambandslaus við önnur tíma úr árinu, ef stranglega væri eftir þessu farið. Á sama hátt sýnist mér, að það gæti orðið mjög óþægilegt fyrir ýmsa landsmenn, sem aðallega búa við samgöngur á sjó, ef siglingar

með ströndum fram þyrftu alveg að leggjast niður af hálfu skipaútgerðarinnar einhvern tíma úr ári. Á þetta vil ég nú benda, en þetta er, eins og fram hefur verið tekið af öðrum, vitanlega vandamál, og þyrfti að finna á því viðunandi lausn, þannig að það væri hægt að halda útgjöldunum í sem mestu samræmi við það, sem fjárlögin mæla fyrir um.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru aðeins örfá orð. — Hv. þm. A-Húnv. sagði, að ég hefði fært hér fram afsakanir fyrir þeim ágöllum, sem fram hefðu komið. Þetta er náttúrlega alls ekki rétt hjá hv. þm., að höfuðefni ræðu minnar hafi verið það, heldur reyndi ég á hinn bóginn að gera mönnum ljóst, við hvaða erfiðleika hér væri að fást, og það er langur vegur þar á milli. Ég vil þvert á móti, að það komi greinilega fram, að ég álít, að því fari fjarri, að allir þeir, sem hér eiga hlut að máli í starfskerfi ríkisins, geri skyldu sína eða það, sem með réttu móti ætti að vera hægt af þeim að krefjast.

Ég álít, að forstöðumenn ýmissa starfsgreina og ráðuneytin vanræki oft það, sem þeim er skylt að gera, til þess að koma í veg fyrir að umframgreiðslur eigi sér stað. Þetta liggur bæði í því, að það eru ekki nógu vandaðar áætlanir fyrir fram um það, hvað kostnaðurinn muni verða, og einnig oft hirðuleysi um að leggja sig í líma um það, að umframgreiðslur komi ekki til greina. Svo er allri súpunni dengt í fjmrn. og sagt: Þetta er svona, og það verður að borga. Það er dæmi til þess í einni starfsgrein, að við fengum svona reikning rétt fyrir jólin upp á 6 millj. kr. eða svo og búið var að ráðstafa þessu fé. Okkur var sagt, að það hefði verið algerlega óhjákvæmilegt, og var ekki að neinu leyti gert í samráði við fjmrn. Svona er að fást við þessi mál, og getur hver séð, hvernig það er fyrir fjmrn., sem á að bera ábyrgð á afkomu ríkissjóðs og að fjárlögin komi rétt út, þegar svona hlutir geta komið fyrir. Og það eru alls konar skýringar á takteinum um, að það hafi skeð þetta og þetta áfall hér og þetta og þetta áfall þar og hvort það hefði átt að láta þetta vera svona hér og svona þar. Þannig gengur þetta.

Þess vegna segi ég, að ef það á að vera eitthvað annað en skraf fram og aftur um breytta stefnu í þessu, sem raunverulega fyrirbyggi umframgreiðslur, þá verður að gera áætlun um það fyrir fram, hvernig bregðast skuli við, og það verður að gera í samráði við þingið, þannig að þingmenn séu alveg undir það búnir að taka þeim afleiðingum, sem slíkt hefur í för með sér. Það er einmitt frá þessu sjónarmiði, ef aths. er svarað með því að vísa málunum til Alþingis, að þá tel ég alveg eðlilegt og því aðeins verulegt gagn að slíkum aths., að það sé stungið upp á því, hvað Alþingi skuli gera. Vitaskuld breytir engu í því efni, hvort þeir menn eiga sæti á þingi, sem eru endurskoðendur landsreikninganna. Það er fullkominn misskilningur hjá hv. þm. A-Húnv., að það breyti nokkrum sköpuðum hlut, því að það, sem þeir ættu þá að gera, væri í svörum sínum við landsreikninginn að gera þessar uppástungur, og á þann hátt liggja þær fyrir hv. Alþingi.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég hef nú ekki nema athugasemdatíma til þess að svara því, sem hér hefur komið fram, og skal ekki heldur fara langt út í það.

Varðandi þetta síðasta hjá hæstv. fjmrh., að yfirskoðunarmönnum beri að gera tillögur um það, hvað gera skuli í þeim efnum, sem vísað er til aðgerða Alþingis, þá held ég, að það hefði nú ekki næsta mikla þýðingu eftir þeim anda, sem hér er ríkjandi og er ríkjandi hjá hæstv. ráðh. og öðrum, sem hér hafa ráðið, þó að við gerðum till. t. d. um það varðandi Skipaútgerð ríkisins og útvarpið, að það skuli halda sig bara blákalt við fjárlögin. Það er okkar tillaga. A. m. k. mundi það vera mín tillaga.

Það má segja, að það sé kannske erfitt varðandi skipaútgerðina. En það er ekki erfitt varðandi útvarpið, því að útvarpið er svoleiðis stofnun, að það er hægt að halda sér við fjárlögin. Og ég er þeirrar skoðunar, að það eigi ekki að vera heimilt fyrir stofnanir, sem hafa þó tekjur í stórum stíl, þó að tekjurnar fari fram úr áætlun, að eyða þeim tekjum langt umfram það, sem fjárlögin hafa gefið þeim reglur fyrir.

Hv. þm. V-Húnv. kom hér með þá ásökun til okkar yfirskoðunarmanna, að við hefðum ekki gert athugasemdir við einhverjar stofnanir, sem færu hlutfallslega meira fram úr áætlun en ríkisútvarpið. Fyrir þessu færði hann engin rök, og ég held, að þetta hljóti að vera einhver misskilningur hjá hv. þm., nema ef hann skyldi eiga við stofnun eins og vegaviðhaldið, því að það er ekki hægt að bera það saman við þær stofnanir, sem hann gerði. Og vegaviðhaldið, það vita allir menn, að það er einn af þeim liðum í fjárlögum ríkisins, sem alltaf hlýtur að vera meiri áætlunarliður en flest annað, og ekki hægt að bera það saman við t. d. Skipaútgerð ríkisins, hvað þá heldur útvarpið.

Hæstv. fjmrh. játaði það nú í sinni síðustu ræðu, sem auðvitað er alkunnugt, að það fari því fjarri, að allir geri skyldu sína varðandi fjárstjórn, sem hlut eiga þar að máli. Og það er auðvitað það mál, sem um er að ræða og er í höndum Alþingis, ríkisstj. og er verkefni yfirskoðunarmanna, hverjir sem þeir eru, að gera athugasemdir út af því, hverjir hafa ekki gert skyldu sína og farið eftir þeim fyrirmælum, sem til er ætlazt að farið sé eftir.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Hv. þm. A-Húnv. segir, að ég hafi engin rök fært fyrir því, að umframgreiðslurnar hafi orðið meiri hjá öðrum ríkisstofnunum en ríkisútvarpinu. Ég er hér með þessar tölur í ríkisreikningnum, og hv. þm. hefur hann væntanlega og hefur yfirskoðað hann og á að geta séð það sjálfur. Á bls. 14 er reikningur ríkisútvarpsins, þar sést, að gjöldin hafa farið um það bil 20% fram úr áætlun. Ef flett er svo einu blaði og horft á bls. 17, þá er þar reikningur eins ríkisfyrirtækis, þar sem gjöldin hafa farið yfir 70% fram úr, nær 80 en 70% fram úr áætlun fjárlaganna. Og ef við flettum enn einu blaði og lítum á bls. 18, er þar reikningur eins viðskiptafyrirtækis ríkisins, sem sýnir, að gjöldin hafa farið meira en 50% fram úr áætlun fjárlaga. Það er þetta, sem ég hef furðað mig á áður í

sambandi við ríkisreikninginn, að það virðist vera nokkurt handahóf á þessari athugasemdagerð hjá þeim yfirskoðunarmönnum.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 518).

---

31. Landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Á 38. fundi í Sþ., 25. febr., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um landnám, ræktun og byggingar í sveitum** [126. mál] (stjfrv., A. 279).

Á 61. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Um leið og þetta frv. kemur hér til 1. umr., vildi ég leyfa mér að segja um það nokkur orð, þó að því fylgi allýtarleg grg.

Það má telja upphaf þessa máls, að hinn 7. marz 1956 var samþykkt á Alþingi þáltill. um skipun n. til þess að endurskoða ákvæði laga um nýbýli og bústofnslán. Ályktun þessi var þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa fimm manna nefnd til þess að endurskoða ákvæði laga um nýbýli og bústofnslán og gera till. um breytingar í því skyni að greiða fyrir fjölgun nýbýla og gera efnalitlum bændum kleift að koma sér upp hæfilegum bústofni. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tillögu Búnaðarfélags Íslands og tveir samkv. tilnefningu nýbýlastjórnar ríkisins. Ríkisstjórnin skipar formann nefndarinnar."

Til þess að framfylgja þessari þál. ritaði fyrrverandi landbrh. bréf, dags. 5. júlí 1956, þar sem hann skipar í nefndina eftirtalda menn: Kristján Karlsson skólastjóri á Hólum, formaður nefndarinnar, stjórnskipaður án tilnefningar, en samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands Þorsteinn Sigurðsson bóndi á Vatnsleysu, form. Búnaðarfélags Íslands, og Pétur Ottesen alþm., bóndi á Ytra-Hólmi, og samkvæmt tilnefningu nýbýlastjórnar ríkisins Jón Pálmason bóndi á Akri, form. nýbýlastjórnar, og Pálmi Einarsson landnámsstjóri.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, er byggt á þeim lögum, sem nú gilda um þetta efni, og á brtt. n. í höfuðatriðum. Till. þær, sem ráðuneytinu bárust frá n. 14. nóv. s. l., voru um ýmsar breytingar á og viðbætur við gildandi löggjöf um landnám, nýbyggingar og endurbyggingar í sveitum. En þær voru ekki að formi til stílaðar sem frv. til laga um breytingar á gildandi lögum, og varð því ekki komizt hjá því að leggja nokkra vinnu í að ganga frá þeim í venjulegu frumvarpsformi.

Að athuguðu máli taldi ég réttast að fella till., sem voru allmargar og sumar nokkuð langar, inn í meginmál laganna og bera fram frv. til nýrra heildarlaga.

Nokkur efnisbreyting var gerð, aðallega á till. n., er varðaði byggingarsjóð. En þó hygg ég, að segja megi, að þær séu, eins og frá þeim er gengið í frv., í meginatriðum efnislega mjög nærri því, sem n. vildi, enda flestar óbreyttar efnislega. Hins vegar var talið rétt að nota tækifærið til að athuga form og orðalag laganna og till. n. í heild, og voru þá gerðar á formi og orðalagi ýmsar breytingar, sem ég ætla að almennt verði taldar til bóta, m. a. röð kafla og greina nokkuð breytt.

Jafnframt voru á vegum ráðuneytisins gerðar einstakar efnisbreytingar á texta laganna og bætt inn í hann fáeinum nýjum ákvæðum, m. a. um tilgang laganna, skilgreiningu á landnámi ríkisins og endurskoðun reikninga, en yfirleitt er þar ekki um stórvægilegar breytingar að ræða.

Loks þótti rétt að fella texta gildandi laga um Ræktunarsjóð Íslands inn í frv. Er það gert til þess að hægt sé að finna í sömu lögum öll ákvæði um lánveitingar stofnlánadeilda Búnaðarbankans til framkvæmda í sveitum, og ætti að því að vera nokkurt hagræði fyrir hlutaðeigendur og þá einkum þá, sem lán taka.

Í grg. er svo gerð grein fyrir sérhverri grein frv., hvort hún er tekin upp úr gildandi lögum, breytt eða óbreytt, eða er nýmæli frá rótum. Hygg ég, að því er varðar breytingar eða nýmæli, að það komi yfirleitt fram einhvers staðar í grg. eða í fskj., hvort þær eru frá n. komnar eða ráðuneytinu, enda þótt það skipti ekki höfuðmáli í þessu sambandi. Vil ég því nota tækifærið til að geta þess, að slæðzt hefur inn villa, að vísu ekki stórvægileg, í grg., 41. gr., sem leiðréttist hér með. Þar stendur, að ákvæði gr. um 4 millj. kr. á þessu ári og 5 millj. á næstu 4 árum, samtals 24 millj. kr., séu samkv. till. n. Þetta er ekki alveg nákvæmt, því að n. lagði til, að ársframlagið væri 5 millj. næstu fimm ár eða samtals 25 millj. kr. Munar hér 1 millj. kr. fyrsta árið og á heildarupphæðinni, sem lægra er tiltekið í frv. en í till. n., og stafar af því, að við áætlun um ný útgjöld vegna frv. á fjárlögum þessa árs hafði verið gert ráð fyrir 8 millj. kr. á þessu ári vegna væntanlegrar samþykktar þessa frv., en á næsta ári hækkar hún um 1 millj. Þótti ekki skaða, þótt framlagið væri lítið eitt lægra fyrsta árið, meðan verið er að koma hinni nýju starfsemi í fast form, enda hugsanlegt, að framlengja verði ákvæðin síðar, ef þess gerist þörf.

Um hinar einstöku breytingar ræði ég ekki mjög við þessa umr. Eins og frv. ber með sér, felast stærstu nýmæli þess í því, að skipulegt starf verði upp tekið vegna landnáms ríkisins með sérstöku, föstu fjárframlagi frá ríkinu árlega til þess að koma lágmarksstærð túna á byggðum lögbýlum upp í 10 hektara stærð. Hér er um að ræða

verulega stórt átak til þess að bæta aðstöðu þeirra bænda, sem nú hafa versta aðstöðu, og stuðla að því, að þeir geti stækkað búin.

Um nauðsyn þessa máls hefur mjög mikið verið rætt á undanförnum árum, og er flestum orðið ljóst, að mikla nauðsyn ber til að gera þetta átak. Það er augljóst af skýrslum, að margar jarðir víðs vegar um landið hafa dregizt mjög aftur úr með nýræktina, og þykir raunar reynsla á það komin, að ekki verði úr þessu bætt nema með því móti, að til komi forusta og stuðningur þjóðfélagsins umfram það, sem verið hefur fram að þessum tíma.

Það er vitað mál, að með þeim vélakosti, sem almennt eru gerðar kröfur til að geta notað við búskap, eru minnstu búin of lítil, gefa of lítið af sér, til þess að þau hafi efni á að nota sér hann. En það getur ekki farið svo fram til lengdar, að ýmsir bændur verði fyrir þessa sök að reka bú sín með öðrum búskaparháttum en almennt verður að teljast eðlilegt, vinnuaðferðum, sem nú þykja lítt eða ekki viðunandi.

Í annan stað er það nýmæli í þessu lagafrv., að gert er ráð fyrir því að hækka ríkisframlög til hinnar almennu nýbýlastarfsemi. Meðal þeirra framlaga er greiðsla á nokkrum óendurkræfum framlögum til íbúðarhúsa á nýbýlum. Ef þetta frv. verður að lögum, hækka föst framlög ríkisins *til landnáms og túnauka hjá þeim, sem skemmst* eru komnir, um 8—9 millj. kr. á ári á því árabili, sem ákveðið er í frumvarpinu, sbr. 5., 26. og 41. gr. þess.

Auk þess var við meðferð fjárl. fyrir árið 1957 *lagt til af hálfu ríkisstj.* og hefur nú verið samþ. á Alþ. að breyta í óafturkræft framlag, í fyrsta lagi stofnláni byggingarsjóðs samkvæmt skuldabréfi, útgefnu 29. apríl 1948, að upphæð 4 millj. 329 þús. kr. Það er augljóst mál, að frekari átök þarf að gera í þessum efnum næstu árin í því að auka eigið fé sjóðsins, m. a. til þess að jafna þann halla, sem einatt verður á rekstri hans, þó að ekki hafi verið fært að gera frekara átak í þessu efni að sinni.

Í annan stað hefur við meðferð fjárlaga fyrir árið 1957 og samkvæmt till. ríkisstj. verið heimilað að breyta einnig í óafturkræft framlag 22 millj. kr. láni til Ræktunarsjóðs Íslands, greiddu á sínum tíma af greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1955, og í þriðja lagi tveimur stofnlánum, að upphæð rúmar 10 millj. kr.

En þó að þessi breyting, sem ég hef nú minnzt á, á ríkisláni til sjóðsins í óafturkræf framlög miði verulega í áttina til þess að létta vaxtabyrði sjóðsins frá því, sem nú er, er augljóst mál, að hér má ekki nema staðar og verður að gera frekari ráðstafanir á næstu árum í sömu átt.

Það mætti vissulega rekja ýmis fleiri ákvæði þessa frv., en eins og ég sagði í upphafi, er naumast ástæða til þess. Frv. fylgir grg., og þar er um hverja einustu gr. frv. skýrt tekið fram, um hvaða nýmæli er að ræða og í hverju þau nýmæli eru fólgin.

Ég benti á stærstu atriði þessa máls, hið aukna framlag og átak til þess að stækka minnstu búin, og í samræmi við það er einnig aukið framlag til nýbýla, því að það væri fyllsta ósamræmi í því að gera sérstakt átak til þess að stækka minnstu búin, án þess að hugsað sé fyrir því jafnframt að sjá þannig fyrir hag og aðstöðu þeirra, sem nýbýli byggja, að þar bætist ekki við ný smábýli, sem eru óæskilega lítil. Og í samræmi við þá hugsun er nú í 14. gr. frv. gerð sú krafa við nýbýlastofnun, að ræktanlegt land til tún- eða garðræktar sé a. m. k. 25 ha á býli í stað 12 áður. Sömuleiðis er gerð hlutfallslega sama krafa um beitiland. Þó eru gerðar undantekningar frá þessu ákvæði, ef um jarðhitasvæði er að ræða.

Ég vil að lokum benda á það, að gera má ráð fyrir, að það kosti mjög mikla sérfræðilega vinnu að stækka hin litlu býli og ná tilganginum, sem ná á með þessu frv. Enginn efi er á því, að sum litlu býlin eru þannig úr garði gerð frá náttúrunnar hendi, að erfitt eða jafnvel útilokað er að auka þar ræktun og stækka búin eins og æskilegt er. Á sumum býlum er sem stendur vinnuafli þannig háttað, að það veldur einnig erfiðleikum. Allt þetta kostar mikla athugun, og það er mín skoðun, að þessu verki verði naumast áleiðis komið á viðunandi hátt nema með því móti, að mjög gaumgæfileg athugun fari fram á mörgum þessum býlum til þess að athuga allar aðstæður.

En ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, og Framsfl. hefur hvað eftir annað lýst því yfir sem einu aðalstefnumáli sínu á undanförnum árum, að það eigi að láta það verða eitt af næstu *átökunum í landbúnaðarmálum* að stækka litlu býlin þannig, að hver bóndi á landinu geti haft viðunandi afkomumöguleika. Þá hlaut það að koma um leið, eins og ég hef áður minnzt á, að býlin verður frá upphafi að búa þannig úr garði með aðstoð *þjóðfélagsins*, að þar geti þegar frá upphafi skapazt viðunandi afkomumöguleikar einnig.

Ég er þess fullviss, að þetta átak, sem nú á að hefja, ef frv. verður að lögum, er mjög mikilsvert fyrir íslenzkan landbúnað. Auðvitað þarf jafnframt að vinna að framhaldi þeirrar þróunar, sem unnið hefur verið að á undanförnum árum, og öðrum nýjum verkefnum, sem fyrirsjáanlega verða aðkallandi. Að öllu þessu verður að vinna, jafnhliða því sem við einbeitum okkur að því að leysa þetta stóra verkefni, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. að hrinda í framkvæmd á næstu árum.

Er mjög líklegt, eins og ég sagði áðan, að framlengja þurfi þessi lög, þegar þar að kemur.

Ég ætla að láta þessa grg. mína, til viðbótar við þá grg., sem fylgir frv., nægja að sinni og óska eftir, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Jón Pálmason: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. forsrh., má gera ráð fyrir því, að þessu frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 279, verði vísað til n., sem ég á sæti í, þ. e. hv. landbn. En þrátt fyrir það þykir mér rík ástæða til að segja hér nokkur orð um þetta stóra mál nú þegar og það einkum vegna þess aðdraganda, sem málið hefur haft, og vegna þeirrar meðferðar, sem það hefur hlotið hjá hæstv. ríkisstjórn.

Eins og fram er tekið á 15. bls. í þessu frv. og hæstv. forsrh. vék að, var af hæstv. fyrrv. landbrh. skipuð fimm manna milliþn. í júlímánuði s. l. til þess að endurskoða lög um nýbýli

og samvinnubyggðir og gera till. um bætta aðstöðu fyrir frumbýlinga í landinu.

Þessi n., sem hæstv. ráðh. nefndi hverjir voru í, tók til starfa í byrjun septembermánaðar og skilaði sínu áliti til ríkisstj. um miðjan nóvember. N. var af formanni hennar, skólastjóranum Kristjáni Karlssyni á Hólum, haldið með áhuga og dugnaði að starfi, og innan nefndarinnar var hið allra æskilegasta samkomulag, sem ég get hugsað mér, þannig að n. var öll nákvæmlega sammála um þær till., sem hún skilaði. Hún skilaði sínum till. í tveim frv., þessu frv., sem við sjáum nú hér að vissu leyti rytjurnar af, og svo öðru frv. um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, sem höfðu að geyma það aðalatriði, sem ég tel vera í þessum málum enn stærra en er í þessu frumvarpi.

Síðan um miðjan nóvember höfum við svo ekkert um þetta mál vitað, þar til þann 25. f. m., þá er þessu frv. útbýtt hér í þessari hv. deild. Síðan er nú liðin vika, án þess að það hafi komið á dagskrá, og ég verð að segja, að mig undrar það stórlega og vil hér með mótmæla því, hvaða meðferð hefur verið höfð á þessu máli, því að ég hygg, að hún sé einsdæmi í þingsögunni.

Það er tekið frv., sem er skilað sameiginlega af óskiptri mþn. Það er geymt í meira en þrjá mánuði án þess að leggja það fyrir þingið, og þegar það kemur, þá kemur það stórlega skemmt og meira og minna eyðilagt frá því, sem nefndin hafði lagt til, og sú aðferð held ég að hafi aldrei, a. m. k. ekki síðan ég kom á þing, verið höfð um nokkurt mál, sem skilað er til ríkisstjórnarinnar af óklofinni milliþn.

Nú er það svo, eins og eðlilegt er, að það þarf ekki að búast við ævinlega og kannske aldrei, að frv., sem samin eru af milliþn., séu samþykkt alveg óbreytt eða eins og þeim er skilað. Það er þess vegna ekkert nýtt og ekkert undarlegt við það, þó að breytingar séu gerðar á slíkum frv. í meðförum Alþ. En þegar þeim er gerbreytt eins og hér er gert, áður en málið kemur fyrir Alþ., þá er tekin upp ný regla. Og ég á bágt með að trúa því, að það sé landbrn., sem hefur farið höndum um þetta frv., heldur séu það einhverjir aðrir menn, sem eru óvinveittari okkar landbúnaði en þeir menn, sem í landbrn. eru, bæði hæstv. ráðh. og hans starfsmenn.

Ég skal nú í stuttu máli fara yfir þær aðalbreytingar og þær, sem ég tel fyrst og fremst til skemmda á þessu frv. frá því, sem við skiluðum því frá milliþn., og þar er um að ræða fyrst og fremst, að það er dregið mjög stórkostlega úr þeim fjárframlögum, sem milliþn. lagði til.

Í fyrsta lagi er framlag til íbúðarhúsabygginga frumbýlinga, sem við lögðum til að væri 2 millj. kr. á ári, en í frv. er fært niður um ¼, sbr. 26. gr. þessa frv.

Í öðru lagi er aukaframlag til þeirra, er hafa minnsta ræktun, lækkað frá till. n. um eina millj. á árinu 1957, sbr. 41. gr. þessa frv.

Í þriðja lagi er framlag til byggingarsjóðs sveitanna, sem við lögðum til að veitt yrði á ári 5 millj. kr. til, lækkað ofan í 2½ millj., eða er óbreytt frá því, sem það er og hefur verið á undanförnum árum, sbr. 43. gr. í þessu frv.

Auk þess lögðum við til miklu meiri eftirgjöf á skuldum þessa sjóðs en ákveðið hefur verið með fjárlagafrv.

Þarna eru þá komnar 4 millj., sem lækkað er frá okkar tillögum.

En stærsta atriðið er eftir, og það er það, að þessu frv. fylgdi frá okkar hálfu annað frv., eins og ég gat um, um breyt. á l. um veðdeild Búnaðarbankans, þar sem lagt var til, að til þeirrar stofnunar yrðu lagðar 5 millj. á ári næstu árin. Það frv. hefur ekki sézt hér enn á Alþ. og útlit fyrir, að það eigi ekki að sýna það af hálfu hæstv. stjórnar, þar sem það hefur komið í ljós, m. a., að það var við afgreiðslu fjárl. felld till. um það, að ríkisstj. hefði heimild til þess að borga þessar 5 millj. á ári til veðdeildar Búnaðarbankans eða taka lán til þess að borga þær.

Samkv. þeim till., sem milliþn. skilaði til ríkisstj., var til þess ætlazt, að til þessara mála allra yrðu lagðar 17 millj. á ári næstu árin. En samkv. þessu frv. er ekki ætlazt til, að það séu nema 8 millj. Sem sagt, það er lækkað um 9 millj. á þessu ári, en um 8 millj. á komandi næstu árum. Það er dregið úr framlögunum meira en helmingur frá þeim till., sem milliþn. lagði til.

Nú er það í sjálfu sér sá mikli ágreiningur, hvert sé aðalatriði þessara mála, hvar það sé, sem skórinn kreppir mest að bændastétt landsins, og hvar er mest þörf umbóta í þeim efnum. Það kemur fram í hinni nýju grg. fyrir þessu frv., og það var á það lögð mikil áherzla í ræðu hæstv. ráðh., að hann teldi aðalatriði þessa máls að auka ræktunina hjá þeim bændum, sem orðið hafa aftur úr á jarðræktarsviðinu. Þetta tel ég vera mjög mikinn misskilning, og ég vil segja það hér, að á jarðræktarsviðinu hafa á undanförnum árum verið lögð svo myndarleg framlög af hálfu ríkisvaldsins til aðstoðar við bændastétt landsins, að á því sviði hefur hún minnsta ástæðu til að kvarta, og á því sviði er það ekki, sem skórinn kreppir að sveitamönnum fyrst og fremst.

Þessi aðstoð er veitt samkv. þremur mikilsverðum lögum, eins og kunnugt er, jarðræktarlögunum, ræktunarsjóðslögunum og lögunum um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Það hefur líka sýnt sig mjög greinilega, að jarðræktinni í okkar landi hefur fleygt fram á síðari árum mjög stórkostlega.

En menn spyrja þá: Hvaða orsakir eru til þess, að þessu athuguðu, að svo margir af bændum landsins hafa dregizt aftur úr með ræktunarframkvæmdir og hafa minna ræktað land en æskilegt er? Ég tel, að til þess liggi annarlegar orsakir og í rauninni ekki það, að það hafi verið ónógur styrkur og ónóg lán til ræktunarinnar.

Það má nú segja, að það er svo alltaf, í hvaða stétt sem er og eins í bændastéttinni, að það eru ekki allir menn, sem hafa jafnríkan áhuga fyrir ræktunarmálum, og hann er kannske ekki alltaf hægt að kaupa með auknu fjárframlagi. Það er þó engan veginn aðalatriðið í þessu máli, heldur er það hitt, að aðstaðan í mörgum afskekktustu byggðum okkar lands er þannig, bæði meðfram sjó og undir háum fjöllum o. s. frv., eins og hæstv. ráðh. vék nú raunar að, að það er ekki til á fjöldamörgum jörðum ræktanlegt land, sem nemur 10 hekturum. Auk þess er það svo víðs

vegar í þessum afskekktustu byggðum, að það gengur mjög erfiðlega og hefur jafnvel víða ekki tekizt að koma hinum stórvirkari ræktunarvélum þangað til þess að aðstoða mennina, sem þar eiga hlut að máli, og það er á því sviði, sem náttúrlega er þörf miklu meiri aðstoðar hjá ræktunarsamböndunum. Á nokkrum stöðum í landinu er það svo í fjórða lagi, að einstakir bændur hafa ekki lagt eins mikið kapp á að stækka sín tún og ella mundi, vegna þess að þeir hafa aðgang að vélafærum áveitulöndum.

Þrátt fyrir þetta er það þó mjög æskilegt, og það var okkur ljóst í milliþn., að gera þarna meira átak en gert hefur verið til þess að færa bilið á milli þeirra, sem lengst eru komnir, og hinna, sem stytzt eru komnir, saman. Þess vegna er það í sjálfu sér gott og blessað, ef hægt er að leggja meira fjárframlag til þessara mála.

En þetta er engan veginn aðalatriðið, sem kreppir að íslenzkri bændastétt í dag, síður en svo. Aðalatriðið er það, að í öllum þeim fjármálaöfgum, sem gengið hafa að undanförnu yfir þetta land og ganga, þá er það orðið svo dýrt að stofna til búskapar, að það er hér um bil engum manni fært. Það er ekki hægt að stofna meðalbú, ef þarf að kaupa jörð og byggja hús, með minna fjármagni en hálfri milljón kr. og er ekki hátt til tekið.

En það er í þessu efni, sem vandræðin eru mest og stóð ljósast fyrir okkur, sem vorum í þeirri milliþn., sem hér starfaði. En það lítur út fyrir, að þeir menn, hvort sem þeir eru í ráðun., — ég vil ekki trúa því, að þeir séu þar, heldur að það séu einhverjir skúmaskotsmenn í stjórnmálaflokkunum, sem hafa spillt þessu frv., — það lítur út fyrir, að þeir séu blindir á öðru auga og sjái illa með hinu, þegar um er að ræða hagsmunamál bændastéttarinnar, þau, sem mest kalla að. Það er einmitt á þessu sviði, að það vantar stórkostlega stuðning við þá menn, sem vilja leggja í það, og það eru alltaf, sem betur fer, einhverjir, sem vilja leggja í það að stofna til búskapar. Það hefur gengið svo á undanförnum árum, einkum síðustu árin, að þeir menn, sem leggja í það, hvort sem það eru nýbýlingar eða aðrir, lenda flestir í miklum vanda. Þeir hafa ekki átt aðgang að því lánsfé eins og nauðsyn ber til, og það hefur algerlega vantað samræmi um stuðning á þessu sviði, borið saman við aðstoðina til ræktunarmála. Sumir þeirra manna, sem þarna eiga hlut að máli, gefast upp eftir nokkur ár, aðrir basla áfram, hlaðnir skuldum og vanda. En þeir allra duglegustu komast fram úr vandanum með mikilli atorku og meiri vinnu en nokkrir aðrir menn í þessu landi inna af höndum. En það eru iskyggilega mörg dæmi þess, að sumir slíkir menn eru orðnir útslitnir menn á miðjum aldri.

Nú er það svo, að það, sem kippt er út úr þessu frv., er aukin fjárframlög til byggingarsjóðs sveitanna og til veðdeildar Búnaðarbankans.

Hjá hverjum einasta manni, sem stofnar til búskapar eða er við búskap á óuppbyggðri jörð, er það stærsta átakið að koma upp íbúðarhúsi, og það var ætlun okkar í milliþn., að aðstaða þeirra manna, sem þar eiga hlut að máli, væri stórbætt frá því, sem er. Samkv. þeim till., sem hér liggja fyrir og sem betur fer hefur ekki verið kippt út úr frv., er gert ráð fyrir því að aðstoða nýbýlamenn með 25 þús. kr. fjárframlagi til íbúðarhúsa, og það er út af fyrir sig gott og mjög áríðandi. En hvað mikið það verður framkvæmanlegt, þegar kippt er út fjórða parti af fjárframlaginu, eins og gert er hér í þessu frv., það skal ég ekki segja um. Ég er hræddur um, að það verði nokkuð þröngt fyrir dyrum í því efni. En þessi upphæð er frá okkar hálfu ekki ætluð til neinna annarra en nýbýlamanna, og þá eru eftir allir aðrir frumbýlingar og yfirleitt aðrir þeir, sem þurfa að byggja íbúðarhús. Með okkar till. um aukið fjárframlag til byggingarsjóðs, sem hér hefur verið fellt niður, var til þess ætlazt, að þeirri stofnun væri gert fært að aðstoða þá, sem byggja íbúðarhús í sveitum, töluvert betur en gert hefur verið og meira í samræmi við ákvæði laganna, eins og þau voru í upphafi, eins og þau hafa verið og eins og þau eru enn, á þá leið, að það sé heimilt að lána allt að 75% kostnaðarverðs til íbúðarhúsabygginga. Það var upphaflega ákvæði laganna og hefur alltaf staðið og stendur enn í þessu frv. Þetta hefur bara ekki verið framkvæmt. Það hefur ekki verið framkvæmt, af því að þessi sjóður hefur ekki getað lánað eins stórar upphæðir og þurfti. Lánsféð var lengi 45 þús. á hús, síðan var það hækkað upp í 60 þús. kr., og nú er það 75 þús. sem hámark. Á tímabili var þetta um það bil 30% af kostnaðarverði, og eins og núna standa sakir, mun láta nærri, að það sé eitthvað kannske heldur ríflega 40%. En það var ætlun okkar í milliþn., að lágmark þessara lána skyldi vera 100 þús., þó að það sé ekki tekið fram í greinargerð eða greinum frv. Með því móti að hækka lánið að sama skapi til frumbýlinga, sem ekki eru nýbýlamenn, um 25 þús. kr., þá er þó heldur gert auðveldara fyrir en ella. En eins og allir mega sjá, þá er það ekki þægilegt fyrir efnalausa unga menn að byrja á því að byggja íbúðarhús, eins og það er nú dýrt, auk alls annars.

Þá er það í öðru lagi og það, sem er jafnvel allra alvarlegast, að það hefur á undanförnum árum hvergi fengizt lán til jarðakaupa, bústofnskaupa og vélakaupa, en þetta allt til samans eru það háar upphæðir fyrir hvern frumbýling, að það horfir fullkomlega til vandræða, ef ekkert á að greiða hér úr, eins og sjáanlegt er að þeir menn ætlast til, sem hafa gengið frá þessu frv. og breytt því frá till. milliþn. í það horf, sem það er nú, því að þar er fyrst og fremst nauðsynin að fá inn lánsfé til þess að geta aðstoðað frumbýlingana til þess að kaupa jörð, kaupa bústofn og kaupa þær nauðsynlegustu vélar, sem þarf til búrekstrarins.

Það er t. d. nokkuð hastarlegt til þess að vita um jafnnauðsynleg verkfæri, sem flestir, jafnvel allir bændur vilja nú eiga, eins og dráttarvélar, að það skuli hvergi hafa verið á undanförnum árum fáanlegt lán til þeirra kaupa. Og það er sýnilegt, að þeir, sem hafa fjallað um þetta frv., ætlast ekki til, að það sé neitt bætt úr því, — alls ekki, — og það hefur ekki heldur verið fáanlegt neitt lán fyrir frumbýlinga til að kaupa nauðsynlegan bústofn.

Ég tel, að þessi atriði séu fyrir bændastétt-

ina miklu meira virði en hitt með ræktunina vegna þess, hve ríflega er til hennar veitt og hefur verið, sem þakklætisvert er. En um það er ekki að villast, að það hefur gengið svo á undanförnum árum, að sveitunum hefur verið smátt og smátt að blæða út, og eftir þeim horfum, sem nú blasa við, eru þær verri en nokkru sinni hefur verið á undanförnum árum hvað þetta snertir.

Ég vil nú ekki segja neitt fleira um það, hvernig stendur á þessum breytingum, sem hér hafa verið gerðar á þessu frv., áður en það er lagt fyrir þingið. Ég vil ekki trúa því, af því að ég þekki hæstv. landbrh. frá gamalli tíð að velvilja í garð sveitanna, að þetta sé komið fram frá honum. Hitt þykir mér miklu líklegra, að hann geri það nauðugur og á móti sínum vilja að láta sína samstarfsmenn eða aðra, sem hann er í félagsskap við, hafa þau áhrif á þetta frv., sem hér hafa orðið.

Við, sem vorum í þessari milliþn., erum, eins og menn vita, nokkuð gamlir og ráðsettir menn, fjórir bændur, kunnugir öllum högum bændastéttarinnar, og fimmti maðurinn sérfræðingur, jafnvel kunnugasti maðurinn af öllum Íslendingum um það, hvernig hagur sveitanna er, sem er framkvæmdastjóri nýbýlastjórnar, Pálmi Einarsson.

Ég nefni þetta vegna þess, að það mega allir sjá, að þegar þessir fimm menn verða nákvæmlega sammála, þá er það ekki byggt á neinni hástemmdri kröfupólitík, — ekki kröfupólitík, sem er sambærileg við það, sem gerzt hefur frá hálfu launastéttanna og sjávarútvegsins, og ekki hástemmd kröfupólitík, borið saman við þá þörf, sem hér er fyrir hendi, enda býst ég við, að við, þessir fimm menn, þó að við höfum hér gert nokkrar kröfur til úrbóta á þeim mikla vanda, sem fyrir hendi er, séum nokkuð aftarlega á kröfugerðarveginum, þegar við erum bornir saman við þá fulltrúa, sem á undanförnum árum hafa haldið uppi kröfunum fyrir launastéttirnar og sjávarútveginn.

Að síðustu skal ég svo víkja að því, að þeir, sem fjallað hafa um þetta frv., hafa gert eina breytingu, sem segja má að hvorki sé til gagns né ógagns, og hún er sú, eins og ráðherrann vék að, að fella ræktunarsjóðslögin frá 1947 inn í þetta frv. Þau eru, eftir því sem mér skilst, felld inn í frv. alveg orðrétt og stafrétt eins og þau voru, með öllu óbreytt, og það má því segja, að þetta geri hvorki gagn né ógagn, því að vitanlega þekkja bændur landsins yfirleitt, hvernig ræktunarsjóðslögin eru. Hins vegar má segja, að það að fella þessi lög inn í frv. gefi Alþingi tækifæri til að taka þau einnig til meðferðar og breytinga, því að þau lög, sem eru orðin 10 ára gömul, þó að þau væru ágæt lög á sinni tíð, geta þurft nokkurra endurbóta við frá því, sem þau voru upphaflega.

En ef það á að vera svo, að það sé algerlega brennt fyrir það, að veðdeildin fái nokkra leiðréttingu í þessu efni, þá er náttúrlega hægt að hugsa sér þá leið að fela ræktunarsjóðnum það verkefni, sem við höfum ætlazt til að veðdeildin hefði, að lána til jarðakaupa og bústofnskaupa og vélakaupa, og satt að segja er að sumu leyti til heimild í ræktunarsjóðslögunum til þess, að þetta megi, að öðru leyti en að það er ekki heimild til að lána til jarðakaupa. Þetta verður nú að taka til athugunar í meðferð málsins í þinginu.

Ég vil ljúka mínu máli með því að segja það, að þó að svona hafi verið með þetta mál farið, þó að það hafi verið svona að því unnið á þeim rúmu þremur mánuðum, síðan milliþn. skilaði því til hæstv. ríkisstj., þá vil ég mega vonast eftir því, að hér innan Alþingis séu það margir menn, sem hafa góðan vilja á því að greiða úr mestu vandamálum landbúnaðarins, að það fáist einhverjar verulegar breytingar á þessu frv. í áttina til þess, sem frv. okkar í milliþn. lagði til.

Ég skal svo ekki á þessu stigi fara um málið fleiri orðum.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Eins og kom fram í ræðu minni, lauk n., sem undirbjó þetta mál, verki sínu á stuttum tíma, bæði vegna þess, að þeir menn, sem sátu í n., voru áhugasamir og duglegir menn, og enn fremur vegna þess, að það var sérstaklega óskað eftir því af minni hálfu, að málinu yrði hraðað.

Það má nú nærri geta, þegar kemur fram frv. frá fimm mönnum, sem allir vilja hlut landbúnaðarins sem mestan, að þeir koma vitanlega með frv., sem er þeirra óskir, — óskir, sem þeir og við allir, sem unnum landbúnaði, óskum eftir að hægt sé að uppfylla. En mér þætti fróðlegt að vita það, hvað samvizkusamir og ágætir sem þeir menn eru, sem starfa að máli eða óskalista, ef svo mætti segja, fyrir sína stétt, hvenær þeir kæmu ekki með öllu meira en þjóðfélagið sér sér fært að uppfylla á hverjum tíma. Það væri ákaflega fróðlegt, ef það væri hægt að benda á eitthvert dæmi þess, að slíkar óskir kæmu fram frá einhverri stétt í þjóðfélaginu.

Það, sem við, sem sjáum um framkvæmd þessara mála, verðum að hafa í huga, er að færast í fang það, sem við getum ýtrast gert á hverjum tíma, en setja ekki fram frv., sem verða þá fyrst og fremst lagabókstafur, án þess að raunveruleiki standi á bak við, þannig að hægt sé að framkvæma það, sem í fang er færzt með lagaákvæðunum. Ég kem nánar að þessu, en skal minnast á þau atriði, sem hv. þm. A-Húnv. minntist á.

Það er þá í fyrsta lagi, að hann segist vera þeirrar skoðunar, að það sé ekki ástæða til þess að gera neitt sérstaklega fyrir þá, sem hafa dregizt aftur úr.

Ég man þá ekki rétt, ef þetta er ekki eitt af þeim atriðum, sem n. leggur til samhljóða, og það er vitanlega ekkert undarlegt, því að ég veit ekki betur en að þeir flestir, sem nú hugsa um íslenzkan landbúnað og framtíð hans, geri sér ljóst, að það er eitthvert mesta tjón fyrir íslenzkan landbúnað, sem á sér stað núna, að fjöldi manna hefur dregizt aftur úr, þannig að hann getur ekki notað nýtízku tæki, vegna þess að búin eru of lítil.

Hv. þm. sagði, að þetta stafaði af ýmsum ástæðum. Það er rétt. Það stafar af því, að í sumum jörðum er naumast efniviður til þess að gera úr þeim það, sem þarf til þess, að þar sé hægt að reka þau bú, sem nægja á nútímamælikvarða, til þess að það sé hægt að reka þar nýtízku bú-

skap og með sæmilegri afkomu. Þetta er rétt, og þetta minntist ég á. Enn fremur minntist ég á það, að sums staðar er vinnuafli þannig háttað, að það er erfitt að koma þessu í framkvæmd núna, eins og sakir standa. En mér er það áreiðanlega eins vel kunnugt og hv. þm. af ferðum mínum um þetta land, að það er til ógrynni af jörðum, þar sem eru möguleikar til að stækka búin, þar sem smæð búanna um langan tíma er það mikil, að hún veitir ekki undirstöðu undir það að rækta og bæta við bústofninn.

Ég gæti nefnt staðreyndir, sem sýna þetta, en tel þess ekki þurfa, því að ég er viss um, að það er fjölda hv. þm. kunnugt, að þetta eru þær staðreyndir, sem fyrir liggja. Það kann ekki góðri lukku að stýra, ef svona búskapur á að halda áfram við hliðina á þeim nýtízku búskap, sem nú er rekinn. Með þessu móti er raunverulega verið að skipta bændastéttinni í algerlega tvær stéttir.

Við þekkjum staði, þar sem eru möguleikar til þess að stækka bú, og það á fleiri en einum stað og fleiri en tveimur á landinu, þar sem svo háttar til, að hæstu tekjur bónda í einum hreppi eru 26 þús. kr., og það er einvörðungu vegna þess, að ekki er fyrir hendi það afl, sem þarf til að borga þá ræktun, sem borga þarf, og koma bústofninum upp samhliða. Þetta er því áreiðanlega eitt af nauðsynlegustu átökunum, sem gera þarf í íslenzkum landbúnaði núna á næstunni. Um þetta hef ég átt viðræður við marga búnaðarfrömuði og ágætismenn, sem standa framarlega í íslenzkum landbúnaði, og þeir eru mér sammála og okkur, sem erum þessarar skoðunar, um þetta efni. En það er auðheyrt, að hv. þm. A-Húnv. er annarrar skoðunar, og þýðir ekki að deila um það frekar að þessu sinni.

Eitt af því, sem hv. þm. minntist á, var það, hvað væri dregið mikið úr framlögunum frá því, sem var í frv.

Með þeim eftirgjöfum, sem hafa farið fram til sjóðanna í Búnaðarbankanum, eins og ég las upp, er bilið ekki ýkjalangt þarna á milli. Það er rétt hjá honum, að það lá fyrir frv. frá n. um veðdeildina, sem var ekki nema ein grein, og það er auðvitað þægilegt, ef ekki þyrfti annað en eina grein til þess að breyta möguleikum okkar til þess að ná í peninga til að lána úr veðdeild. Greinin gerir ráð fyrir því, — hún er fjórar línur, — að fjárhæðir þær, sem veðdeildin skuldar ríkissjóði og sparisjóðsdeild Búnaðarbankans, 11 millj. kr., séu gefnar eftir og árlegt framlag sé 5 millj. kr. á ári næstu 10 árin, í fyrsta sinn 1957.

Vitanlega er engum það ljósara en okkur, sem höfum fengizt við bankamál, hvað það er nauðsynlegt að geta lánað úr veðdeildinni. En það hefur nú gengið þannig samt sem áður undanfarin ár, þegar miklu meiri möguleikar hafa verið til þess að ná í fjármagn heldur en nú er orðið, — því að það þekkja allir, hvernig sjóðir eru uppétnir og hvað erfitt er að ná í lánsfé, — að það hefur aldrei verið hægt að útvega veðdeildinni lánsfé svo að segja, svo að nokkru nemi, og þetta er viðfangsefni, sem við glímum við enn í dag og þarf að ráða fram úr og er unnið að því að ráða fram úr. En það var ekki rúm fyrir þessa upphæð á fjárlögunum, það veit hv. þm., og það bætir vitanlega ekkert úr skák, þó að sé sett ein lagagrein um það, að leggja skuli fram þetta fé, sem hingað til hefur ekki verið unnt að útvega. Það hefur verið ráðið fram úr þessu máli á undanförnum árum með þeim hætti, að það hafa verið settar þetta ein og tvær millj. til bráðabirgða, en síðan hefur sparisjóður Búnaðarbankans orðið að lána fé, til þess að veðdeildin væri ekki algerlega lokuð.

Það væri vitanlega ákaflega æskilegt að geta gert það átak, jafnhliða því sem nú eru aukin framlög til landbúnaðarins, að leggja fram þessa fjárhæð úr ríkissjóði. Það þótti ekki fært, og þess vegna er málið enn í athugun, hvernig sem fram úr því verður ráðið.

Ég skal ekki, án þess að gefist frekara tilefni, fara að deila um þetta frekar. En hv. þm. hefur satt að segja orðið að una því, að svona hefur þetta verið í undanfarin 8—10 ár, að veðdeildin hefur svo að segja verið lokuð, án þess að þeim stjórnum, sem setið hafa undanfarið, hafi tekizt að útvega þessa fjármuni, þó að meira væri um peninga en er nú.

Lánsútvegun til landbúnaðarins hefur yfirleitt verið þannig, eins og hv. þdm. rekur minni til, að það hefur allt saman verið í óvissu um allar lánsútveganir til byggingarsjóðs og ræktunarsjóðs fram undir lok hvers árs og allar framkvæmdir árlega á undanförnum árum verið framkvæmdar í algerri óvissu um það, hvort fjármunir mundu fást að láni til þess að borga þær skuldir, sem bændur höfðu stofnað til við kaupmenn og kaupfélög.

Þetta hefur verið ástandið. M. a. var það þannig 1955, að þá varð að grípa til þess, sem alltaf hefur orðið að grípa til síðan, að borga 22 millj. kr. í ræktunarsjóð án lagaheimildar, vegna þess að það skorti fjármuni og ríkisstj., sem þá sat og form. Sjálfstfl. veitti forstöðu, gat hvergi útvegað peninga handa ræktunarsjóði til þess að standa undir þeim lánum, sem bændurnir þurftu að fá til þess að geta staðið í skilum við kaupmenn og kaupfélög. Það eru þær 22 millj., sem var núna nýlega verið að gefa eftir ásamt fleiri fjárhæðum, sem ríkissjóður hefur orðið að leggja fram, til þess að lánastarfsemi sjóðanna stöðvaðist ekki.

Það er ekki hægt að neita því, að það eru þess vegna nokkuð einkennilegar raddir, sem koma fram núna, þegar talað er um það, að bæði of lítil lán séu veitt úr ræktunarsjóði og of lítið úr byggingarsjóði, og jafnframt, að það þurfi að bæta veðdeildinni við, sem sannarlega þarf, en hafa ekki séð ástæðu til þess að koma fram með sérstakar till. í því efni, svo sem ástatt hefur þó verið undanfarin ár.

Það var þannig, eins og við vitum, allt seinasta ár, að fyrrverandi ríkisstj. reyndi að útvega, ekki til veðdeildarinnar, það hefði henni aldrei tekizt, heldur enn sem fyrr peninga úr Alþjóðabankanum og víðar til þess að standa undir þeim lánum, sem þurfti að veita núna úr bankanum rétt fyrir áramótin, og niðurstaðan varð sú, þegar við komum í stjórnarráðið, að það hafði ekki tekizt að útvega neina peninga nema þær fjárhæðir, sem komu í byggingarsjóðinn og örlítið í ræktunarsjóðinn, og það var þannig enn

einu sinni, að ríkissjóður varð að borga í heimildarleysi inn í Búnaðarbankann fjárhæðir, til þess að væri hægt að veita þau lán, sem veita þurfti, — og að lokum tókst það, sem ekki hafði tekizt undanfarið, að fá lán, eins og við vitum, í Bandaríkjunum til þess að endurborga þessi lán og vanskil, sem höfðu komið í fiskveiðasjóði, vegna þess að hann hafði lánað út með sama hætti.

Það væri ákaflega æskilegt, þegar ástandið þó hefur farið versnandi á peningamarkaðnum frá því, sem verið hefur, af ástæðum, sem oft hafa verið raktar, að það væri hægt að útvega meiri fjármuni í þetta og hitt. Og ég ætla ekki að blanda því inn í þessar umr., að það liggur vitanlega fyrir, að upp í þær 270 millj., sem þarf til þess að fullgera framkvæmdir í Rvík, vantar næstum alla fjármuni. Í húsbyggingar í Rvík og úti um landið í þorpunum og kaupstöðunum vantar peninga, og hefur ekki tekizt að útvega þá. Í sementsverksmiðjuna, sem er mikið þjóðþrifafyrirtæki, vantar um 60 millj. kr., fyrirtæki, sem þarf að fullgera og er byrjað á. Þannig vantar því miður alls staðar fjármuni. Þess vegna er spurningin, eins og ég sagði í upphafi þessa máls, að færast það í fang og setja það í lög, sem hægt er að framkvæma á hverjum tíma. Fyrir þessum fjármunum, sem á að framkvæma fyrir, er nú séð á fjárlögum, þannig að það er engin hætta á því, að þessi ákvæði, sem hér verða lögleidd, verði bókstafurinn einn. Og ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um það, að þau verkefni, sem við ætlum að taka okkur hér fyrir hendur í íslenzkum landbúnaði, eru þau, sem eru mest aðkallandi nú í bráð.

Jón Pálmason: Það eru nú ekki mjög mörg atriði í ræðu hæstv. ráðh., sem ég þarf að ræða hér, umfram það, sem ég gerði í minni fyrri ræðu, en nokkrar athugasemdir vil ég þó gera.

Hæstv. ráðh. byrjaði á því, að það mættu allir sjá, að það væri eðlilegt, þegar fimm menn væru settir í mþn., sem allir væru tengdir landbúnaðinum, að þá gerðu þeir hærri kröfur en þægilegt væri að framkvæma. Ég held, að þetta sé mjög vafasöm umsögn, og það er a. m. k. víst, að ef svona krafa eða einhver þvílík hefði komið frá launastéttunum eða sjávarútveginum, þá hefði það ekki verið talið, að það væri ómögulegt að sinna henni.

Hæstv. ráðh. rangfærði mjög eitt atriði í minni ræðu, þar sem hann segir, að ég hafi lýst því yfir, að það væri ekki nein þörf að bæta úr aðstöðu þeirra manna, sem hafa dregizt aftur úr í jarðræktinni. Slík ummæli hafði ég auðvitað aldrei, og það sýnir sig, þegar milliþn. lagði það til í sínum till., að það væri varið 5 millj. kr. á ári til þessara hluta, að hún var ekkert í vafa um, að á þessu væri nauðsyn. Hitt sagði ég og get endurtekið, að ég tel minni þörf á þessu, þrátt fyrir allt, heldur en hinu að sinna því verkefni, sem er miklu meir aðkallandi almennt um landið, og það er að aðstoða frumbýlinga með því að fá lánsfé til þess að stofna bú. Það er að verða yfirleitt ómögulegt.

Ég skal svo ekki fara um það fleiri orðum, annað en það, að ég held, að það sé óhætt að segja, að nálega allir bændur séu þeirrar skoðunar, að á ræktunarmálasviðinu hafi þeir þó sízt ástæðu til umkvörtunar við ríkisvaldið, enda hefur á því sviði verið bezt að búið, borið saman við annað.

Hæstv. ráðh. vék að þeim örðugleikum, sem á því hefðu verið og væru að útvega fé í deildir Búnaðarbankans, veðdeildina, byggingarsjóðinn og ræktunarsjóð.

Ég er þeim örðugleikum öllum kunnugur alveg eins og hæstv. ráðh. og veit, að þeir örðugleikar eru fyrir hendi. En af hverju eru þeir fyrir hendi? Þeir eru fyrir hendi af því, að það er annað látið sitja fyrir, sem frá sjónarmiði okkar bændanna er miklu ónauðsynlegra en að sjá um það, að sveitirnar haldist í byggð og bændastéttinni sé gert mögulegt að endurnýja sig, en það sé ekki látið reka á reiðanum, eins og verið hefur og er og aldrei alvarlegra en nú, að sveitunum sé að blæða út fyrir heimskulega fjármálastjórn hjá því opinbera.

Það var ekki verið mikið að hika við það hér á Alþingi í fyrra að hækka laun embættismanna ríkisins um 65 millj. á einu ári, sem þýddi a. m. k. 100 millj. kr. hækkun árlega hjá öllum fastlaunamönnum landsins. Það var ekki verið mjög mikið að hika við það. Það er ekki verið að hika við það, þegar verið er að afgreiða fjárlögin, að setja þar eina upphæð á milli 20 og 30 millj. kr. til atvinnuleysistrygginga til þess að borga mönnum, sem ekki vinna eða fá ekki vinnu með því kaupgjaldi eða launum, sem enginn atvinnurekstur í landinu getur staðið undir.

Ég gæti talið upp nokkuð marga tugi milljóna, bæði í núgildandi fjárlögum og öðrum, sem eru minna aðkallandi og ónauðsynlegri en að sjá til þess að útvega fé í veðdeild Búnaðarbankans og byggingarsjóðinn, til þess að það sé hægt að vinna gegn þeim straum, sem á undanförnum árum hefur verið, að fólkið hrúgaðist úr sveitum landsins og hingað í þéttbýlið, þar sem verður að byggja yfir það og fram undan er ekki sjáanlegt annað á nálægum tímum en meira eða minna atvinnuleysi.

Ég held þess vegna, að þó að það sé rétt, að það séu margir örðugleikar á þessari leið, þá séu orsakirnar til þess, að það hefur ekki tekizt og á ekki nú að útvega fé til þessara stofnana, þvert á móti því, sem milliþn. lagði til, þær, að það er annað ónauðsynlegra látið sitja í fyrirrúmi. Þar virðist hæstv. ríkisstjórn og stjórnarflokkar á einu máli.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Hv. þm. viðurkenndi náttúrlega það, sem var aðalatriðið, að það hefði ekki verið hægt að útvega fjármagn til þess að veita inn í deildir Búnaðarbankans, eins og ýmsir hefðu óskað, a. m. k. við, sem teljum okkur hlynnta íslenzkum landbúnaði og þurfum að standa í því sem forráðamenn banka að neita mönnum um lán, sem við álítum að ætti að veita. Eins og ég minntist á og hann raunverulega féllst á, þá er þetta nú svo á mörgum sviðum í okkar þjóðfélagi, og seint verður það þannig, að hægt verði að veita allt lánsfé, í hvaða atvinnuveg sem við nefnum, í samræmi við það, sem atvinnuvegurinn óskar.

Það gengur nú svo t. d. í þeirri ríku Sviþjóð, að sá ágreiningur, sem varð á milli verkamannaflokksins og bændaflokksins þar, var út af því, að bændurnir töldu mjög fjarri því, að það væri útvegað nægilega mikið lánsfé til landbúnaðarins, einkum ef menn þyrftu að flytja sig til og kaupa nýjar jarðir. Og menn stóðu í löngum samningum, sem enduðu á því, að það var ekki talið fært vegna lánsfjárskorts að veita nema lítinn hluta af því, er bændurnir fóru fram á.

Þannig gengur þetta nú til víða. En það er ekki ágreiningur um, að það væri æskilegt að útvega meira fé, og það er ekki ágreiningur um, að það sé nauðsynlegt að útvega fé í veðdeildina, síður en svo. Það er viðfangsefni, sem við höfum verið að glíma við í ríkisstj.

Þegar kom að því, að hv. þm. minntist á, hvernig ætti að taka þetta fjármál, sagði hann, að það ætti að spara það annars staðar. Segjum svo. Hann minntist á embættismennina. Ég ætla ekki að fara að ræða það mál, en aðeins benda hv. þm. á það, að það var fyrrverandi stjórn, sem gekk frá því máli, og ég veit ekki til þess, að í hans flokki væri nema hann og einn þm. til viðbótar, sem greiddi atkv. gegn því, og ég veit ekki til þess, að það hafi komið fram nein till. um að spara þar 60 eða 100 millj. kr. eða hvaða upphæð það var, sem hann nefndi. Naumast verður það tekið þar, enda er það líklega nokkuð vafasamt, að það verði hægt. Og í annan stað með atvinnuleysistryggingarnar, þá var það ekki þessi stjórn, sem samdi um atvinnuleysistryggingarnar. Það var fyrrverandi stjórn, sem samdi um atvinnuleysistryggingarnar. Ég veit ekki betur en Sjálfstfl. væri því undantekningarlítið fylgjandi. Ég man ekki, hverjir greiddu atkv. á móti því úr Sjálfstfl., það kann að hafa verið einn eða tveir þm. eða eitthvað í þá átt. En þessi eyðsla var einnig ákveðin, ef hægt er að kalla það eyðslu, af fyrrverandi stjórn með formann Sjálfstfl. sem forsrh., sem náttúrlega átti mestan þátt í því að koma á þessum samningum.

Þessi tvö dæmi, sem hann nefnir, þar sem ætti að spara fjármagn til þess að veita inn í landbúnaðinn, eru því ekki vel valin, því að þessi eyðsla, ef eyðslu skyldi kalla, er fyrst og fremst ákveðin af fyrrverandi stjórn, og þarf ekki að endurtaka það.

Það er alltaf komið að þessu, sem er aðalatriðið, að við erum ekki ríkir af fjármagni í þessu landi. Okkur vantar fjármagn, og það er erfitt að skipta því á milli allra þeirra greina, sem gera kröfu til þess og þurfa raunverulega á því að halda.

Svo sé ég ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta að sinni.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég ætla nú ekkert að fara að þræta um það við hæstv. forsrh., hvað á því fjármálasviði, sem við höfum rætt, sé að kenna fyrrverandi stjórn og hvað núverandi. En það er ekkert undarlegt, þó að þar sé sameiginleg sök hjá þeim tveim stjórnum, því að það er sami maðurinn í báðum, sem hefur haft fjármálaforustuna og á auðvitað mesta sök á því, hvernig farið hefur verið með þessi mál. Frá hinu sný ég ekki, að það, hvað gengur illa að fá fjármuni til nauðsynlegustu umbóta í landbúnaðinum, stafar af því blátt áfram, að fénu er eytt til annarra hluta, sem ekki eru eins nauðsynlegir. Hæstv. núverandi ríkisstj., þegar hún tók við, gaf mikil loforð um að gera endurbætur frá því, sem hefði verið, og ef ég man rétt, var eitt af hennar stærstu og ákveðnustu loforðum að greiða úr þeim vandræðum, sem væru fyrir frumbýlingum í landinu. Nokkrir menn að minnsta kosti í sumum stjórnarflokkunum skilja, að það er ekki nein uppgerð, þó að ég og aðrir séum að bera fram till. um það og höfum verið að því á undanförnum árum, að þarna þurfi mikilla endurbóta við. Hæstv. núverandi ríkisstj. hefur nú hækkað útgjöldin samkvæmt fjárlögum og útflutningssjóði um 400 millj. kr., frá því að áætlað var í fyrra, þegar síðast var gengið frá þeim málum. En þrátt fyrir það hefur ekki tekizt að ganga inn á það að taka upp einu sinni heimild til þessara 5 millj. kr. í veðdeild Búnaðarbankans, sem milliþn. fór fram á til að bæta úr brýnustu þörfum og neyð þeirra manna, sem eru að berjast við stofnun búskapar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 279, n. 460, 461, 462).

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Landbn. hefur athugað frv. það, sem hér er til umr., og mælir hún með samþykkt þess ásamt þeim brtt., sem bornar eru sérstaklega fram.

Mér þykir við eiga, þegar þessi mál eru rædd, að rekja nokkuð forsögu þessa máls eða nýbýlamálsins í landinu.

Það mun hafa verið um það bil fyrir 60 árum, að sett voru fyrst lög um nýbýli, en þau komu þó ekki neitt til framkvæmda sem heitir, vegna þess að þau heimiluðu eingöngu stofnun nýbýla á afréttarlandi. Árið 1936 eru síðan sett lög um nýbýli, og fyrir hönd ríkisins var þá Búnaðarfélagi Íslands falin framkvæmd þeirra laga. Skv. þeirri löggjöf voru reist 383 nýbýli, þar af byggt upp á 71 eyðijörð og 312 jörðum skipt. En upphaflega samkv. þeim lögum nam styrkurinn til nýbýlanna 1500 kr. og lánin jafnhárri upphæð. Síðan smáhækkaði styrkurinn upp í 6000 kr. og lánin sömuleiðis. Og þannig var það árið 1946, þegar lögin um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum öðluðust gildi. En höfuðbreytingin frá fyrri nýbýlalögum í þeirri löggjöf var það, að nýbýlin eða landnámið var sett undir sérstaka stjórn, þ. e. nýbýlastjórn, og nýbýlastjórn réð sér framkvæmdarstjóra, sem kallaður hefur verið landnámsstjóri, og hafa nýbýlastjórn og landnámsstjóri farið með framkvæmd nýbýlamálanna s. l. 10 ár. Önnur aðalbreyting, sem var á þeim lögum, var sú, að styrkurinn var afnuminn, en í þess stað veitt mjög hagstæð lán til að reisa og byggja nýbýli, jafnframt því sem þá voru tekin upp hagstæð lán til að endurbyggja á öðrum jörðum.

Samkv. þessari löggjöf hafa verið samþykkt 498 einstaklingsnýbýli, og auk þess hafa verið

í undirbúningi 12 byggðahverfi, sem munu geta veitt um 70 bændum jarðnæði. Þrátt fyrir það, að margar jarðir hafa farið í eyði á undanförnum árum, hefur með stofnun nýbýla tekizt að halda nokkurn veginn við tölu byggðra jarða. En það, sem þó er meira virði í þessum efnum, er það, hversu vel hefur til tekizt með að bæta og auka framleiðslu landbúnaðarins. Það er talið, að árið 1900 hafi 71% þjóðarinnar lifað af landbúnaði, en hálfri öld síðar, árið 1950, lifa af landbúnaði og vinna við hann um 13% af þjóðinni. En það eftirtektarverða í þessum efnum er það, að þessi 13% hafa ekki aðeins haldið við framleiðslunni, heldur stóraukið hana, og eftir því sem fróðir menn telja, nemur verðmæti landbúnaðarframleiðslunnar nú um 530 millj. kr.

Það er margt, sem því veldur, að svona vel hefur til tekizt. En þar hygg ég þó að hafi mestu um valdið aukin þekking bænda og búaliðs ásamt aukinni trú á mátt moldarinnar. Þetta hefur velt stórum björgum úr vegi. Sama má segja um bættar samgöngur, nýja tækni, innlenda áburðarframleiðslu og ekki hvað síst skilning löggjafarvaldsins á því, að bæta þyrfti aðstöðu bændanna í þjóðfélaginu, og vil ég þar til nefna ýmsa merka löggjöf, sem stuðlað hefur að því að bæta aðstöðu þeirra, sem nú búa í hinum dreifðu byggðum. Vil ég þar nefna lögin um afurðasölu, lög um jarðrækt og lánastarfsemi, nýbýli og margt fleira, sem markað hefur djúp spor í framfaraátt.

Þegar við lítum yfir farinn veg á liðnum árum, er ástæða fyrir okkur að gleðjast yfir þeim árangri, sem náðst hefur á sviði umbótanna í sveitunum. Allt frá því að séra Björn í Sauðlauksdal byggði garð mikinn til að hefta sandfok, hefur trúin á mátt moldarinnar dafnað á meðal Íslendinga, eins og grösin dafna í gróðurmoldinni á hlýjum vordögum. Nú minnist enginn á garðinn Ranglát í sambandi við heftingu sandfoks. Túnræktin, sandgræðslan, gróðurhúsaræktin, skógræktin, kornræktin, þetta hefur allt, hvert á sínu sviði, sannað okkur það, að þrátt fyrir eldfjöll og ísa býr land okkar yfir miklum auðæfum, sem enn þá eru óleyst að miklu leyti.

Það er trú mín, að þegar aldir líða, verði þessi auðæfi gróðurmoldarinnar notuð í miklu ríkara mæli en nú er. Aðrar þjóðir rækta lönd, sem eru miklu erfiðari til ræktunar en mýrarnar okkar, sem bíða þess, að þær verði numdar til fullnustu. Gróðurmoldin skapar okkur á komandi árum timbur í hús, korn í brauð og suðræn aldin á borð.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða mikið um aðalbreytingarnar á þessu frv. frá þeirri löggjöf, sem verið hefur, því að hæstv. forsrh. gerði ýtarlega grein fyrir því, þegar hann hafði framsögu fyrir þessu máli hér í hv. deild. Hann ræddi um það, hversu nýbýlingum og jarðyrkjumönnum eru veitt mikil og aukin réttindi frá því opinbera við stofnun nýbýla og endurræktun túna. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það hér, en mun gera nokkra grein fyrir þeim brtt., sem n. hefur borið fram á sérstöku þingskjali.

Varðandi fyrstu brtt. um kosningu nýbýlastjórnar þótti n. ekki ástæða til að breyta því kosningafyrirkomulagi, sem verið hefur, og er það því aftur tekið hér upp í brtt. nefndarinnar.

Um aðra brtt. er það að segja, að það þykir betur við eiga í þessu frv., þegar rætt er um framkvæmd þessara laga, að nefna landnámsstjóra og nýbýlastjórn heldur en ríkið, þar sem ríkið hefur falið nýbýlastjórn og landnámsstjóra að sjá um þessa framkvæmd fyrir sína hönd.

Ein af aðalbreytingunum á frv., sem n. hefur gert, er við 14. gr., og þótti n. rétt að útiloka ekki skipulagsskyld sveitarþorp frá því að njóta réttinda til gróðurhúsabygginga, þ. e. a. s., ef fullnægt er þeim reglum og skilyrðum, sem ræktunarsjóður Íslands setur, varðandi veðhæfi ræktunarlands og lóða. En skv. 14. gr. verður nýbýlastjórn að vega og meta aðstöðu einstakra aðila og skapa sér reglur út frá fenginni reynslu, því að hér er ekki hægt að kveða svo nákvæmlega á um einstök atriði, að það verði ekki alltaf frá þeim að víkja, ef ríkar ástæður eru fyrir hendi, enda er það nú svo í þessu frv., eins og reyndar hefur verið í lögum áður, að frávikin eru svo mörg, að það hljóta alltaf ýmis atriði að koma að verulegu leyti undir dóm nýbýlastjórnar. Hygg ég, að það hafi sýnt sig, að nýbýlastjórn hafi vel komizt frá þeim málum á undanförnum árum, því að aldrei hafa risið upp þau deilumál, að hún hafi ekki getað nokkurn veginn leyst þau, svo að allir hafi við unað.

Þá er breytingin á 25. gr. frv. sú að gera landnámi ríkisins að skyldu að veita einstaklingsnýbýlum sömu réttindi og þeim, sem reisa nýbýli í byggðahverfum, en hingað til hefur sá háttur verið á hafður, að þetta var aðeins heimild, sem þó mun hafa verið notuð sem skylda væri. En hér þykir ekki ástæða til að gera upp á milli, svo að við höfum gert það að skyldu, í staðinn fyrir að þetta var áður heimild í lögum og einnig heimild í frv., þegar það var lagt fyrir þingið.

Þá þótti rétt að nema úr ræktunarsjóðslögunum þau ákvæði, sem heimila lán til íbúðarhúsabygginga, því að ræktunarsjóður mun oftast nær hafa átt erfiðara með að sinna sínu hlutverki en byggingarsjóðurinn, sem jafnan hefur getað sinnt sínu hlutverki mjög vel, og því ekki ástæða til að láta það ákvæði standa þarna. Sama máli er að gegna um þau ákvæði í ræktunarsjóðslögunum um að veita einstökum sveitabæjum og sveitahlutum lán til rafstöðvabygginga, að þau ákvæði eru numin burt, þar sem fyrir þessu er séð með sérstökum lögum, lögum um raforkusjóð.

Þá þótti n. nauðsynlegt að setja ákvæði til bráðabirgða um að heimila nýbýlastjórn að veita þeim, sem þegar hafa fengið samþykkt nýbýli, en ekki lokið þeim, hjálp skv. ákvæðum þessa frv. um aukinn stuðning.

Þá vil ég geta þess að lokum, að n. hefur leitað álits landnámsstjóra um þær breytingar, sem fram eru bornar við frv., og enn fremur hafa mætt á fundum hjá n. garðyrkjumenn, sem hafa skýrt sín sjónarmið varðandi gróðurhúsaræktun. Ég vil geta þess, að tveir nm. bera fram brtt., sem þeir munu gera sérstaklega grein fyrir. Að öðru leyti er n. sammála um frv. og mælir með því, að það verði samþ. ásamt þeim brtt., sem lagðar eru fram á sérstöku þskj.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir og hefur verið til athugunar, er tvímælalaust mjög stórt og mikilvægt skref í þá átt að bæta aðstöðu landbúnaðarins og gera honum enn betur kleift en hingað til að gegna því hlutverki, sem hann þarf að gegna í okkar þjóðarbúi. Eins og frsm. benti á í ræðu sinni, hefur þessi atvinnugrein aukið framleiðslu sína gífurlega á undanförnum árum, jafnframt því sem hún hefur þurft að horfa upp á stöðuga fólksfækkun, þannig að sambærileg dæmi munu varla vera til í nokkurri af meiri háttar atvinnugreinum þjóðarinnar.

Nú er það augljóst mál, að landbúnaðurinn verður að halda áfram að auka framleiðslu sína, eins og hann hefur gert undanfarin ár. Hann þarf að gera þetta til þess að vega upp á móti fólksfækkun, ef svo ógæfulega fer, að henni haldi eitthvað áfram. Fari svo ekki, þarf samt að auka framleiðsluna til að skapa grundvöll fyrir bætt lífskjör fólksins, sem vinnur við þessa atvinnugrein. Í þriðja og síðasta lagi má telja öruggt, að markaður fyrir landbúnaðarvörur innanlands fari stöðugt vaxandi með hinni öru fólksfjölgun. Við þetta geta bætzt miklir möguleikar til útflutnings á landbúnaðarafurðum, en það fer eftir ýmsum aðstæðum, gengi og markaði, verzlunarháttum erlendis og öðru, sem ég hirði ekki að tína hér til.

Þetta frv. gerir ráð fyrir verulega auknum stuðningi ríkisvaldsins, til þess að framleiðsluaukning geti haldið áfram í landbúnaðinum. Það er svo með flestar atvinnugreinar Íslendinga, að þær eru ákaflega frekar á fjármagn. Til þeirra þarf dýr og mikil tæki, og bæði af þeim ástæðum og ótalmörgum öðrum er ekkert eðlilegra en að hið opinbera haldi áfram að hjálpa til þeirra framkvæmda, sem þarf að gera í landbúnaðinum, til þess að hann geti blómgazt áfram.

Í þessu frv. eru mörg nýmæli, en eitt þeirra er frá mínum bæjardyrum séð langsamlega merkast. Það er fyrirætlunin að hefja skipulagða starfsemi til þess að hækka lágmarksstærð túna á byggðum býlum í landinu. Má sjá af þeim gögnum, sem hér liggja fyrir, bæði áliti mþn. og nefndarálitinu, ýmsar upplýsingar um það, hvernig túnastærð í landinu er háttað. Mþn. segir m. a. svo í grg. sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Af þeim rannsóknum, sem landnám ríkisins hefur gert um eyðijarðir, er ljóst, að meginhluta þeirra jarða, sem í eyði hafa farið, hefur skort fullnægjandi heyöflunaraðstöðu. Það er og vitað mál, að 10.3% af byggðum jörðum hafa bústærðir, er svara til tveggja til þriggja kúa þunga, skv. heimildum frá formanni Stéttarsambands bænda og að 33.9% af jörðunum hafa bústærðir frá fjórum til átta kúa þunga. Af þessu verður augljóst, að stærðarmunur á býlum og þar af leiðandi aðstöðumunur bænda í lífsbaráttunni er gífurlega mikill hér á landi, og það hlýtur að vera eitt af stærstu verkefnum ekki aðeins landbúnaðarins, heldur þjóðarinnar allrar að minnka þennan mun og gera það á þann hátt að bæta aðstöðu þeirra, sem hafa hana versta nú."

Ég tel það því sérstakt fagnaðarefni, að farið hefur verið inn á þessa braut, og ef frv. þetta verður að lögum og unnið verður skv. því á næstu árum, þannig að settar verði 4—5 millj. á ári í þessar framkvæmdir, verður hér um að ræða eitthvert merkasta skref, sem stigið hefur verið á þessu sviði.

Ég ætla aðeins lítillega að geta um eitt eða tvö önnur atriði, sem mér finnst vera mjög athyglisverð nýmæli í sambandi við þetta frv. Vil ég þá nefna það atriði, sem fram kemur í 4. tölulið 14. gr., að garðyrkjubændur fá nú framlags- og lánaréttindi skv. þessum lögum. Þetta er sérstakt ánægjuefni, því að með hverju ári sem líður er jarðhitinn notaður meira og betur, og er þar tvímælalaust um að ræða mikla auðlind, sem Íslendingar geta hagnýtt sér í mun stærri stíl en gert hefur verið hingað til. Þetta má að sjálfsögðu gera á margan hátt, t. d. með því að setja upp stórfyrirtæki, og þarf sjálfsagt að gera það á sumum stöðum og hefur þegar verið gert. En það er sérstök ástæða til þess að styðja einnig einstaka garðyrkjubændur, sem hafa hvorki fjármagn né aðstöðu og e. t. v. ekki það mikinn jarðhita, að þeir geti stofnað mjög stór fyrirtæki, — að styðja þá samt og hjálpa þeim til þess að gera garðyrkjubúskapinn lífvænlegan og gera þeim kleift að skipa sinn sess innan þess starfssviðs, sem mun byggjast á heita vatninu í framtíðinni.

Næsti töluliður á eftir er einnig ákaflega athyglisverður og gefur í raun og veru nokkra hugmynd um þá þróun, sem er að verða í sveitum landsins. Í þessum lið er lagt til, að handverksmenn eða aðrir, sem ýmsum slíkum þjónustustörfum gegna í almenningsþágu í sveitunum — og ef brtt. verður samþykkt, þá garðyrkjubændur einnig — njóti margvíslegrar fjárhagslegrar aðstoðar samkvæmt þessum lögum. Ef þetta reynist í framkvæmd eins og vonir standa til, ætti að skapast aðstaða fyrir fjöldamarga menn til þess að skapa sér lífsviðurværi í sveitunum og sameina ýmist iðn sína, garðyrkju eða önnur þjónustustörf og nokkurn búskap.

Það mun vera víða svo, að erfitt er fyrir menn að lifa eingöngu á sínu handverki eða sínum þjónustustörfum í sveitum, en einmitt þessi aðstoð, sem hér ræðir um, gæti gert þeim kleift að setjast að til sveita, og mundu þá störf þeirra og þjónusta verða sveitunum til mikils stuðnings.

Ræktunarsjóðslögin munu vera felld inn í þennan nýja lagabálk í heilu lagi, og hefur ekkert verið snert við breytingum á þeim. Er það vafalaust hyggilegt og hvorki stund né staður til þess að ræða alvarlega um breytingar á þeim. Þó langar mig til þess að benda hér á eitt atriði, aðeins til umhugsunar, ég mun ekki fylgja því frekar eftir. Í þeirri grein, sem verður 62. gr. þessa lagabálks, er talað um hlutverk ræktunarsjóðs og þess getið, að sjóðurinn eigi enn fremur að lána til mannvirkja í þágu landbúnaðarins, svo sem mjólkurvinnslustöðva, kjötfrystihúsa, ullarverksmiðja, skinnaverksmiðja, þvottahúsa, viðgerðarstöðva landbúnaðarverkfæra o. s. frv. Nú mun það hafa orðið reyndin, að sjóðurinn hefur mjög lítið getað lánað til þessara mannvirkja. Þó er það augljóst, að eftir því sem framleiðsla sveitanna eykst, verður framleiðslugeta þessara fyrirtækja að aukast að sama skapi, ef

þau eiga að geta tekið við hinni auknu framleiðslu. Það hefur því þurft að gera mikil átök á þessu sviði og auka og byggja sérstaklega kjötfrystihús nú á síðustu árum, og raunar stendur einnig yfir mikil endurbygging á mjólkurvinnslustöðvum. Þeim, sem að þessu standa og hafa verið knúnir til að leggja í þessar framkvæmdir af brýnni nauðsyn, hefur reynzt ákaflega erfitt að fá til þess nokkur lán.

Mér virðist því, að það gæti komið til greina í framtíðinni, að ræktunarsjóðurinn starfaði í tveimur deildum, þannig að annarri deildinni væri beinlínis ætlað þetta hlutverk, sem ég nefndi, og að hinni yrði þá jafnan ætlað eitthvert brot af þeim tekjum, sem sjóðurinn hefur. Hvort sem einhver slík hugmynd gæti við nánari athugun reynzt framkvæmanleg eða ekki, þá verður á einhvern hátt að skapa þessum fyrirtækjum aðstöðu til endurbyggingar og stækkana og raunar skapa aðstöðu til nýbygginga á þessu sviði með þeim lánum, sem þetta starfssvið á skilið, alveg jafnt og flestar aðrar höfuðatvinnugreinar Íslendinga.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég skal nú ekki fara mikið út í það við þessa umræðu að ræða þetta mál almennt og ekki heldur fara hér mikið inn á að ræða um aðstöðu landbúnaðarins í heild, sem væri þó nokkurt tilefni til eftir þær ræður, sem hér hafa verið haldnar, annars vegar af hv. frsm. og hins vegar af hv. síðasta ræðumanni.

Við 1. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir því, hvaða atriði það eru, sem dregin hafa verið út úr frv. milliþn., sem samdi þetta frv., áður en málið kom fyrir Alþingi, því að það sýndi sig, að það hafa einhverjir menn, einhver leyninefnd — og mér er sagt, að hv. síðasti ræðumaður hafi verið einn í henni — hafi fjallað um þetta mál, eftir að mþn. skilaði því, og farið um það svoleiðis höndum, að það er allt annar svipur á frv., eins og það liggur fyrir, heldur en var, þegar mþn. gekk frá því.

Nú hefur málið verið til meðferðar nokkurn tíma í hv. landbn., og hefur orðið samkomulag, eins og frsm. gat um, um ýmsar minni háttar brtt. Þó er þar ein talsvert stór brtt., sem fjallar um skipun nýbýlastjórnar, sem er sett í sama horf og í lögunum var áður og eins og mþn. gekk frá. Hins vegar hefur ekki orðið samkomulag í landbn. um tvö mjög veigamikil atriði, og a. m. k. annað þeirra kannske veigamesta atriðið í þessu frv., sem er hækkun á framlagi til byggingarsjóðs sveitanna. Nú hef ég og hv. 2. þm. Skagf. flutt brtt. til viðbótar við þær sameiginlegu brtt. n., og er þær brtt. að finna á þskj. 462. Fyrri brtt. er við 26. gr. frv. og fer fram á að færa það í sama horf og var lagt til af hálfu mþn., að til byggingarstyrkja yrði varið 2 millj. á ári, og sannleikurinn er sá, að hér er ekki að neinu leyti hátt stefnt með þeirri tilhögun, sem farið er fram á í þessari grein.

Ég hef nokkrum sinnum orðað það, að það, sem þyrfti að gera fyrir nýbýlamenn, væri það, að landnámi ríkisins væri gert fært að byggja íbúðarhúsin og skila þeim fokheldum til nýbýlamannanna, á svipaðan veg og stundum hefur verið gert hér af bæjarstjórn Reykjavíkur varðandi íbúðir. Þetta hefur ekki fengið byr og ekki fengizt fé til þess, að þetta væri mögulegt. En sú till., sem er í 26. gr. þessa frv. um, að landnámið eða ríkið leggi fram 25 þús. kr. framlag til byggingar íbúðarhúsa nýbýlamanna, er náttúrlega töluvert spor í áttina, og þó er það spor miklu minna nú en það var, þegar við vorum að fjalla um þetta frv. í mþn. í haust, vegna þess að síðan í haust hefur byggingarkostnaður aukizt stórkostlega. Og ég hygg, að það sé ekki fjarri lagi, sem jarðræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands sagði á búnaðarþingi um daginn, að þetta 25 þús. kr. framlag mundi ekki nema meiru en verðhækkuninni á byggingarkostnaðinum frá því s. l. sumar, miðað við það, sem hann mun verða á þessu nýbyrjaða sumri. En hvað um það. Þó að þetta sé nú svo, þá er þetta þó nokkur bót, ef hægt væri að framkvæma það. En ég verð að segja, að eftir þeim athugunum, sem við gerðum í mþn., er naumast hægt að framkvæma þetta með því að fá ekki á ári til þessara hluta nema 1½ millj. Við komumst að þeirri niðurstöðu, að a. m. k. fyrsta árið mundi ekki vera að tala um færri menn en 80, sem undir þetta kæmu, en samkv. því, sem hér er stefnt til, að lækka framlagið um ¼, dugir það ekki nema til 60 manna, og á þann hátt er naumast hægt að framkvæma þetta. Er þó af hálfu landbn. allrar ákveðið að bæta inn bráðabirgðaákvæði, þar sem nýbýlastjórn ríkisins er heimilað að láta þetta ná til manna, sem eru ekki búnir að fullbyggja sín hús, og því höfum við raunar alls staðar gert ráð fyrir. Þess vegna er það víst, að þessi aðstoð nær til miklu fleiri manna fyrstu tvö árin en síðar mundi verða. Hins vegar er þess að geta, að þetta ákvæði gildir ekki nema um nýbýlamenn og dugir þess vegna ekki til þess að bæta úr þeim vanda, sem er fyrir öðrum bændum með byggingar. Það ætluðum við okkur að gera með því að hækka lánin frá því, sem nú er, og þess vegna er það meginatriði, sem við leggjum höfuðáherzlu á, að hækka framlagið til byggingarsjóðs sveitanna, svo að það sé mögulegt að hækka lánin og veita þau alveg hindrunarlaust, eins og raunar hefur verið gert á undanförnum árum, þá hafa þau lán verið veitt nokkurn veginn hindrunarlaust. En með því að þau eru ekki nema í hámarki núna 75 þús., þá er það ekki meira en svona 30—40% af byggingarkostnaðinum.

Nú verða menn að gera sér grein fyrir því, að það er ekki ræktunin, sem mest hefur staðið á fyrir sveitamönnum á undanförnum árum, því að það eru ríflegir bæði styrkir og lán veitt til ræktunar, að það er ekki það, sem stendur mest í vegi fyrir bændunum, heldur eru það byggingarnar, og með því að kippa þeim umbótum, sem við ætlumst til að færa inn í þetta frv. til aðstoðar við byggingu íbúðarhúsa í sveitum, í burtu, þá er kippt í burtu þýðingarmesta ákvæðinu úr þessu frv. Þess vegna legg ég mikla áherzlu á það og við flm., að till. á þskj. 462 verði samþykktar.

Menn láta mikið af því hér, að gera muni stóra verkun þau ákvæði, sem í frv. eru og eru náttúrlega eitt meginatriði þess, að auka styrkinn til

ræktunar hjá þeim mönnum, sem styzt eru komnir áleiðis.

Ég hef ekki eins mikla trú á því og margir aðrir, að það verði neitt stökk út úr því, því að margir þeir menn, sem þannig stendur á um, hafa ekki ræktanlegt land til þess að ná því takmarki, sem þarna er lagt til. Það er svo víðs vegar um land, að það er ekki til ræktanlegt land svo mikið. Þar að auki er það svo, að býsna margir menn hafa ekki ræktað eins og skyldi og eins og eðlilegt mætti telja, vegna þess að það hefur vantað vélar og vantað samgöngur til þess að koma vélunum á einstaka staði. Þetta náttúrlega þarf að fylgjast allt að, og undirstaðan undir því öllu er bættar samgöngur, bættir vegir og bætt aðstaða til þess að koma að sér vélum og öðru, sem nauðsynlegt er til þess að auka ræktunina. En það er ekki þetta, sem stendur á fyrir bændunum. Það eru byggingarnar, sem eru að sliga marga frumbýlinga og gera þeim allra örðugast fyrir að stofna til búskapar, því að það er komið svo, það vitum við, sem þekkjum ástandið í sveitum landsins, að það er ekki að verða svo að segja nokkrum manni fært nema með mikilli aðstoð foreldra að stofna til búskapar, eins og nú er komið, vegna þess hvað það er orðið dýrt. Þess vegna verða menn að gera sér grein fyrir því, að ef þeir vilja taka verulegt átak til umbóta á þessu sviði, þá mega þeir ekki fella þær till., sem við hv. 2. þm. Skagf. leggjum hér fram.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Mér finnst það harla einkennilegt, að það, sem mest á ríður fyrir sveitir landsins, sé byggingarnar, því að út af fyrir sig held ég að byggingarnar skapi ekki neinn fjárhagslegan grundvöll fyrir afkomu landbúnaðarins. Það, sem fyrst og fremst kann að skapa fjárhagslegan grundvöll fyrir afkomu landbúnaðarins, er ræktunin, sem allt annað hvílir á, sem bændurnir framkvæma. Sé nógu vel búið að ræktunarmálunum, vaxa möguleikar bændastéttarinnar langmest við það. Samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir, eru það fyrst og fremst ræktunarmálin, sem eru tekin miklu fastari tökum og framlag ríkisins veitt ríflegar til en nokkru sinni hefur verið áður, og er það vel farið.

Við getum t. d. tekið nýbýlingana, sem við höfum verið að ræða um. Landnáminu hefur verið skylt að rækta 5 hektara fyrir hvert býli. En nú á að auka þetta um helming, og með því að auka framlagið um helming, þ e. að láta þá hafa helmingi stærra tún, hafa þeir aðstöðu til að fjölga því búfé, sem þeir annars hefðu, um helming. 5 ha. geta skapað þeim möguleika til að hafa a. m. k. fimm kýr eða a. m. k. hundrað fjár.

Þá er í öðru lagi að minna á það, að hv. þm. A-Húnv. minntist á, að þetta væri ákaflega lítið byggingarframlag, þessi 25 þús. kr., sem á að veita í styrk til þeirra, sem eru að reisa nýbýli. Það má vel vera, að þetta sé ekki stór hjálp, en enn þá er ekki íslenzka bændastéttin orðin það fjársterk, að hana muni ekki um 70 lambsverð, því að 25 þús. kr. eru því sem næst 70 lambsverð. Því miður getum við ekki sagt með sanni, að bændastéttin sé orðin svo vellauðug nú, að hana muni ekki um það, sem minna er en það.

Svo vil ég minna á það, að þó að till. hv. minni hl. verði felldar, er ekki loku skotið fyrir, að það megi hækka þessi framlög, vegna þess að orðalag frv. er þannig, að það eigi að veita minnst 1½ millj. Þess vegna er það hægt fyrir löggjafarvaldið, hvenær sem því sýnist, að hækka framlagið, þegar því finnst það hafa fjárráð til. Það er auðvelt að gera það. Sama máli er að gegna um byggingarsjóð sveitanna, að þar stendur að eigi að veita minnst 2½ milljón, og það er hægt að hækka það framlag, hvenær sem löggjafarvaldinu sýnist það hafa tækifæri til þess. Enn fremur vil ég benda á, að það er hægt að hækka lánin til íbúðarhúsabygginganna, án þess að framlag ríkisins hækki, og hefur það oft og mörgum sinnum verið gert, því að framlag ríkisins hefur verið svipað, að mig minnir, í lögum núna s. l. 10 ár. En það er búið að hækka lánin oft og mörgum sinnum, og miðast lánin og hafa verið miðuð á hverjum tíma við þá dýrtíð, sem hefur verið í landinu, nokkurn veginn reynt að bæta upp þann aukakostnað, sem hefur orðið á byggingum vegna dýrtíðar, og mun slíkt vafalaust verða í framtíðinni. Þó að þessar tillögur nái ekki fram að ganga, geta því risið upp jafnmörg og jafnvegleg hús í landinu og hingað til hafa verið reist.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Þar sem hv. þm. A-Húnv. virðist enn trúa þeirri furðufrétt, sem stjórnarandstaðan bar út fyrir nokkru, að það hefði verið skipuð einhver stórkostleg leyninefnd til að stjórna landbúnaðarmálum, verð ég að minna hann á það, sem fram hefur komið áður, að þetta er hreinn uppspuni. Mér er ánægja að því að segja honum, hver ég hygg að sé ástæðan til þess, að þessi orðrómur komst á kreik.

Þegar viðkomandi ráðherra hafði gengið frá þessu máli, eins og hann vildi leggja það fyrir Alþingi, gaf hann hinum þingflokkum stjórnarflokkanna tækifæri til þess að kynna sér málið. Félagar mínir í þingflokki Alþfl. báðu mig að athuga það og gefa þeim hugmynd um þær breytingar, sem gerðar væru. Þetta eru venjuleg vinnubrögð. Og einhvern veginn hef ég einhvers staðar sézt tala við einhvern mann með þetta plagg í höndunum. Síðan hafa sjálfstæðismenn búið þessa dásamlegu frétt til og breitt hana út um allar jarðir. Mér væri mikill heiður að vera í slíkri nefnd, en ég held, að sjálfstæðismenn þurfi ekki að hafa neinar áhyggjur af því, að svo sé, og út úr þessari athugun f. h. Alþfl. komu ekki neinar efnisbreytingar á þessu frv.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hv. þm. Dal. sagði hér áðan, að ræktunin er undirstaðan undir framfarir og velgengni landbúnaðarins. En það er vitanlega ekki nóg að segja, að það skuli verða. Svo er keppt að því að hafa svo og svo mikið tún á hverju býli, því að það kostar mikið að rækta. Enda þótt bóndinn fái þá styrki, sem lagt er til í þessu frv., í

ræktunina, þá verður hann eigi að síður að leggja mikla fjárhæð fram frá sjálfum sér, ákaflega mikla, því að ræktunin nú á þessu stigi er mjög dýr. Grasfræ, áburður, plæging og landþurrkun, þar sem þess þarf með, þetta er orðið svo kostnaðarsamt, að styrkurinn, þótt hann fáist, eins og gert er ráð fyrir, er ekki nema hluti af kostnaðinum og bóndinn verður að leggja fram geysiháar fjárhæðir í þessu skyni. Og enda þótt ætlazt sé til, að þeir, sem skemmst eru á veg komnir, fái dálitinn aukastyrk, þá er það nú ekki til þess, að þeir, sem versta hafa aðstöðu, geti hafið ræktun í stórum stíl. Mig minnir, að það séu á fjárlögum nú ætlaðar 4 millj. kr. til þeirra, sem skemmst eru á veg komnir og versta hafa aðstöðu.

Ég get ekki nefnt tölur um það, um hve marga bændur er að ræða, sem kæmu undir þetta ákvæði, en ég veit, að þeir eru undra margir, og þegar á að skipta þessum 4 millj. upp á milli þess fjölda, ekki hundraða bænda, heldur miklu frekar þúsunda, þá verður hlutur hvers af þessum 4 millj. ekki stór, og fátæktinni og erfiðleikunum hjá þeim, sem verst eru settir, verður ekki útrýmt með þessu móti einu, enda þótt ég vilji ekki gera lítið úr þeirri viðleitni, sem í þessu felst. Ég vil hins vegar, að menn geri sér grein fyrir því, að málið er ekki leyst að fullu með þessu og að við stöndum fjarri því að hafa náð því marki, sem við viljum ná í ræktun og afkomumöguleikum fjölda bænda.

Mér finnst ástæða til að benda á þetta, eftir að hafa hlustað á ræðu hv. þm. Dal. og hv. 5. landsk., vegna þess að mér fannst þeir vera um of ánægðir með það, sem áunnizt hefur, og um of ánægðir með það, sem í þessu frv. felst. Við getum að vissu marki glaðzt yfir þeim áföngum, sem hafa náðst. Við getum líka viðurkennt, að í þessu frv. sé nokkuð, sem sé þess virði að vera viðurkennt og vera til bóta. En við megum ekki vera um of ánægðir, og við megum ekki reyna að blekkja sjálfa okkur eða aðra með því að halda því fram, að lengra verði ekki komizt, þetta sé það, sem við þurfum að gera, þetta sé það fullkomna.

Ég ætla ekki að orðlengja meira um ræktunina og vænti þess, að menn geri sér grein fyrir því, að ræktunin verði kostnaðarsöm og á ýmsan hátt erfiðleikum bundin fyrir margan bóndann, þótt þetta verði lögfest.

Ég vil svo minnast á nýbýlingana og aukna styrki til þeirra.

Ég hef hér fyrir framan mig tillögu á þskj. 462. Það er brtt., flutt af hv. þm. A-Húnv. og hv. 2. þm. Skagf. Mér dettur nú ekki í hug, að þessi till. verði felld. Hvaða ástæða er fyrir hv. þm. Dal. eða hv. 5. þm. landsk. að fella þessa till., þegar það er athugað, að það framlag, sem ætlazt er til að verði í frv., nægir ekki á neinn hátt til þess að uppfylla þær kröfur, sem þessir hv. þm. báðir vilja að verði uppfylltar?

25 þús. kr., ef það er aðeins um 1½ milljón að ræða, nægja aðeins til 60 manna, og ég veit, að hv. þm. Dal. er það kunnugur þessum málum, að hann gerir sér fyllilega ljóst, að það er allt of lág tala í ár og næsta ár, 60 menn. Og ef hann sjálfur hefur þá sannfæringu, að það séu a. m. k. 80—100 menn, sem eigi kröfu á þessum 25 þús. kr. styrk, þá er ég viss um, að hv. þm. Dal. er maður til að skipta um skoðun og fylgja því, sem honum finnst réttara og nauðsynlegt, til þess að lagabókstafnum verði fullnægt. Ég efast ekkert um það, að hv. þm. eftir umhugsun í þessu máli og eftir að þeir hafa gert sér grein fyrir því, að það er ekki hægt að uppfylla lögin, nema till. verði samþykkt, greiða þessu atkvæði.

Ég vil ekki gera lítið úr því og segja, að það sé lítils virði fyrir nýbýlinga að fá nú 25 þús. kr. í styrk fram yfir það, sem þeir hafa áður fengið. En ég fullyrði, að þeir þurfa þess með, því að nýbýlingar eiga í miklum erfiðleikum. Það, sem þeir hafa að undanförnu fengið fram yfir aðra, er aðeins 20 þús. kr. aukastyrkur til ræktunar, og það er þess vegna, sem nýbýlingar eru margir hverjir mjög illa staddir fjárhagslega. Mér dettur ekki í hug að viðurkenna það, að þótt þeir fái 25 þús. kr. að auki, þá sé það nægilegt til þess að hvetja menn til að stofna nýbýli, það sé nægilegt til þess að skapa þeim sterka fjárhagslega aðstöðu. En það er vissulega í áttina og bót að því, ef unnt er að láta þá fá nú 25 þús. kr. fram yfir það, sem þeir hafa áður fengið. En við skulum ekki taka þátt í því að semja lög, sem ákveða það, að þeir fái 25 þús. kr., án þess þá um leið að gera ráðstafanir til þess, að það sé hægt að standa við það. Annars erum við að blekkja okkur. Annars erum við að vekja tálvonir hjá þeim mönnum, sem eru að stofna nýbýli og hafa nýlega gert það.

Ég trúi því ekki fyrr en á reynir, að hv. þingmenn, sem ekki standa að flutningi þessarar till., vilji ekki að athuguðu máli hafa það, sem hollast og réttast er að þessu leyti. Það má náttúrlega alltaf segja, að það sé nóg hlaðið á ríkissjóðinn. Það er út af fyrir sig röksemd. En ef hv. Alþ. treystir sér ekki til að hækka þetta framlag úr 1½ millj. upp í 2 millj., og ef þessar 500 þús. vega svo mikið í fjármálalífi þjóðarinnar og fjárlögum, sem eru upp á 800 millj., að menn halda, að það komi fjárhagskerfinu í koll, þá skulum við ekki segja í lögunum, að nýbýlingarnir eigi að fá 25 þús. kr., heldur skulum við lækka það niður í 18 þús. kr., því að þá er líklegt, að það sé hægt að fullnægja lagabókstafnum. Og um leið og þessi till. er felld, ef það yrði, verður að flytja till. um að lækka framlagið úr 25 þús. niður í 18—19 þús. Ég vænti, að hv. frsm. landbn. geri sér fulla grein fyrir því.

Þá er það önnur brtt. á þessu þskj., nr. 462, um að hækka úr 2½ millj. upp í 5 millj. kr. framlag til byggingarsjóðsins, til þess að unnt sé að hækka lánin til íbúðarhúsabygginga í sveitum. Í lögunum, eins og þau eru nú, er heimilt að lána allt að 75% af kostnaðarverði húsa. En það hefur ekki verið hægt, vegna þess að ekki hefur verið lagt meira fram í þessu skyni, að hafa lánin hærri en sem nemur 75 þús. kr. á hvert hús, og það mun vera nálægt 30% af byggingarkostnaði. Nú þarf bóndi að byggja hús, sem kostar 250 þús. kr., og þá á hann rétt á því að fá 75 þús. kr. að láni. Margir bændur, sem hafa orðið að byggja upp, eru með þunga víxla á sér vegna þess, hversu byggingarsjóðslánið náði skammt. Og nú, þegar byggingarkostnaður fer hækkandi,

er vissulega þörf á því að hækka lánin til íbúðahúsabygginga í sveitum úr 75 þús. upp í 100 þús., eins og gert er ráð fyrir að mögulegt verði að gera með því að samþykkja þessa tillögu.

Það, sem hv. þm. Dal. sagði hér áðan, hefur ekki við rök að styðjast, að það sé hægt að hækka lánin til íbúðarhúsanna, án þess að framlagið sé hækkað, vegna þess að lögin heimili það. Það hefur ekki verið hægt að uppfylla lögin, allt að 75% kostnaði, vegna þess að framlag ríkisins hefur náð svo skammt sem raun ber vitni. Og það verður ekki gert, nema framlagið verði hækkað. Ég veit, að hv. þm. Dal. skilur þetta, og ég veit, að hann gerir sér grein fyrir því, að það verður ekki unnt að hækka þessi lán. Það verður ekki unnt að ganga til móts við bændur, sem þurfa að byggja upp, nema framlagið sé hækkað.

Það er farið fram á það, að framlagið verði hækkað úr 2½ millj. í 5 millj., þ. e. um 2½ millj. Það er farið fram á að hækka framlagið skv. fyrri brtt. úr 1½ í 2 millj. Tillögurnar báðar fara þess vegna fram á 3 millj. kr. hækkun, til þess að hægt sé að veita nýbýlingum 25 þús. kr. og til þess að unnt sé að hækka byggingarsjóðslánin úr 75 þús. kr. upp í 100 þús. kr.

Er nú til of mikils mælzt, þótt þetta verði gert? Taka bændur ekki sinn þátt í dýrtíðinni? Og eru ekki þeirra erfiðleikar nógu miklir, þótt gengið væri til móts við þá í þessu skyni? Bændur þurfa að kaupa byggingarefni til annars einnig en að byggja íbúðarhús yfir sig. Þeir verða að kaupa byggingarefni til þess að byggja yfir búpeninginn. Þeir þurfa að kaupa timbur í girðingar og vír. Þeir þurfa að kaupa vélar, benzín og aðrar rekstrarvörur, sem allar hafa hækkað nú á þessu ári. Þetta verða þeir að gera, án þess að tekjur þeirra vaxi í nokkru hlutfalli við þennan aukna tilkostnað. Og ég segi: Það eru kaldrifjaðir menn og þeir hafa lítinn skilning á hagsmunum bændastéttarinnar, sem ekki vilja á raunhæfan hátt ganga það langt á móts við bændur að samþykkja þessar till. Það er alveg tilgangslaust að vera að samþykkja lög, sem ekki er hægt að framfylgja. Og menn láta ekki til lengdar blekkja sig á þann hátt. Menn spyrja, þegar lögin hafa verið samþykkt: Hafa um leið verið gerðar ráðstafanir til þess, að þau verði raunhæf, eða er þetta aðeins pappírsplagg til þess að flagga með á fundum og til þess að sýnast? — Ég vona, að í þessu frv., sem nú er til umræðu, verði þannig búið um hnútana, að það verði ekki aðeins pappírsgagn, heldur verði hægt að fullnægja lagabókstafnum með auknum lánum til bændastéttarinnar.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Hv. 1. þm. Rang. sat í þeirri ríkisstj., sem fyrir skömmu lét af völdum, og ég kalla það mikið átak, sem núverandi ríkisstj. hefur gert, að hún skuli hafa hækkað framlag ríkisins um helming til nýbýlamyndunar og auk þess tekið upp 1½ millj. til þess að veita frumbýlingum í styrk, þegar þeir reisa húsnæði. Þetta var aldrei hægt í tíð hv. 1. þm. Rang., meðan hann var í ríkisstjórn. Þess vegna skil ég ekkert í honum að vera að halda ræðu eins og hann gerði hér áðan, úr því að hann bar ekki betri hug til bændastéttarinnar en þetta, á meðan hann var við æðstu völd og sat í ríkisstj. í nokkur ár og hafði aðstöðu til að koma þessum málum fram til betri vegar, ef hann hefði þá viljað. — Annars fannst mér ræða hv. 1. þm. Rang. bera bragð af því, að hann vantreysti æskulýð landsins, vegna þess að hann taldi þá annmarka á, að þau fjárframlög, sem nú eru stóraukin til frumbýlinganna, mundu ekki duga þeim. Þetta er hreinasta vantrú á æskumenn landsins. Ég fyrir mitt leyti ber sterka og mikla trú og von til æskulýðs landsins, að hann kunni að notfæra sér þá möguleika, sem í landinu eru. Og það veit ég, að fjöldinn af þeim gerir. Við getum borið saman aðstöðumun bændanna, sem eru að hefja búskap í dag, og hinna, sem hófu búskap fyrir 30, 40, 50 árum. Hvað höfðu þeir til að byrja með? Flestir byrjuðu með 2—3 kúgildi og sem leiguliðar. En hvernig er þeirra aðstaða nú? Hvað hefur þeim orðið ágengt í gegnum starf sitt í þjóðfélaginu? Flestir af þessum bændum eru velmegandi þegnar í þjóðfélaginu. Hvers vegna þá að vantreysta þeim, sem eru styrktir enn meira, til þess að þeir geti orðið betur velmegandi menn í landinu í framtíðinni en hinir? Þetta finnst mér sú mesta blekking, sem hv. þm. getur hér borið fram.

Við vitum það báðir, hv. 1. þm. Rang. og ég, að þeir æskumenn, sem ætla að hefja búskap nú, hafa ótal möguleika á að byrja sem stórbændur, ef þeir ætla sér það í upphafi. Til dæmis maður, sem ræður sig í vinnumennsku með 100 kinda fóður í 5—10 ár, getur byrjað með allt að 200 fjár og átt jarðarverð, ef hann fer vel með sína fjármuni. Við kvörtum oft undan því, bændur, að það sé verr búið að landbúnaðinum en öðrum atvinnugreinum í þessu landi, — og það má vel vera, að svo sé, það skal ég ekki ræða um nú, — en hitt vitum við, að innan annarra atvinnugreina er hægt að afla enn meira fjármagns en þessa. Þess vegna finnst mér það hreinasta vantrú á æskulýð landsins, á nýbýlamennina, ef þeir eiga ekki að geta komið sæmilega frá sínum búum, með þeim möguleikum, sem í landinu eru.

Ég hefði trúað mörgum öðrum frekar til að bera svona firru fram hér á Alþingi heldur en hv. 1. þm. Rang. Og það er staðreynd, að frv. eins og það er útbúið nú stendur ekkert í veginum fyrir því, að ríkisframlagið til bygginga verði hækkað, þegar löggjafinn vill. Og ég minnist þess ekki í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna nú, að sjálfstæðismenn bæru fram neinar hækkunartillögur um það, að það þyrfti að hækka framlagið til byggingarsjóðs. Hafi þeir álitið, að fjárhagurinn væri þannig, hefði þeim vitanlega borið að gera það, því að lögin stóðu ekkert í vegi fyrir, að slíkt yrði gert.

Þá vil ég líka á það benda, að núverandi ríkisstj. hefur gefið Ræktunarsjóði Íslands eftir 32 millj. kr. skuld, og vextir af þeirri upphæð nema það miklu, að framlag ríkisins á þann hátt er raunverulega hækkað til ræktunarsjóðs töluvert á aðra millj. kr. Sömuleiðis hefur byggingarsjóði Búnaðarbankans verið gefið eftir á fimmtu millj. kr., og vextir af þeirri upphæð nema um það bil ¼ millj. kr., og það er framlag út af fyrir

sig. Ég efast ekki um, eins og af stað hefur verið farið hjá hæstv. ríkisstj. í þessum málum, að henni muni vel farnast til bændastéttarinnar og ekki á nokkurn hátt síður en þeirri stjórn, sem hæstv. 1. þm. Rang. sat í.

Jón Pálmason: Herra forseti. Þessi ágreiningur, sem hér er innan landbn. varðandi þetta mál, liggur nú það ljóst fyrir, að það er ekki brýn þörf að þræta þar mikið um. En nokkur orð verð ég þó að segja út af því, sem fram hefur komið hjá hv. frsm., og aðeins víkja fáeinum *orðum að hv. 5. landsk. þm.*

Varðandi það, sem hv. þm. Dal. sagði um það, að fyrrv. stjórn hefði vanrækt að taka þetta mál fyrir, þá var það nú svo, að það var gert af fyrrv. stjórn að skipa mþn. til þess að undirbúa það frv., sem verið er hér að fjalla um. Og ef frv. lægi hér fyrir óbreytt eins og mþn. skilaði því, væri þó mikill munur á heldur en frv. var, eins og það var lagt fyrir Alþ.

Hv. þm. Dal. sagði, að það mætti hækka framlagið til byggingarstyrkjanna, af því að það væri, eins og rétt er, tekið fram í frv., að það væri minnst 1½ millj. Nú er það svo, að ef maður mætti treysta því, að þessi ½ millj. yrði tekin sem umframgreiðsla á fjárlögum þessa árs og fengið loforð um það frá hæstv. ríkisstj., þá er náttúrlega orðið lítið bilið á milli þess eða setja þetta inn í frv. sjálft. En ég verð að segja það, að ég, sem er formaður nýbýlastjórnar, álít, að það sé mjög erfitt að hugsa sér að aðgreina menn þannig, að ef það eru 80 menn — sem mundi nú verða að minnsta kosti — 80 menn, sem hefðu rétt til þessa styrks, þá séu ekki peningar til *handa nema 60.*

Varðandi byggingarsjóðslánin er það náttúrlega rétt hjá hv. þm. Dal., að það mætti hækka lánin, ef byggingarsjóðurinn gæti fengið lán annars staðar frá. Og satt að segja gæti ég skilið afstöðu þeirra manna, sem eru á móti hækkun á framlaginu til byggingarsjóðs skv. 43. gr., ef þeir vildu fallast á að breyta því í lánskröfu. Ef okkar seinni till. verður felld við þessa umr., þá geri ég ráð fyrir, að við munum freista þess að fara fram á það um þessa 2½ millj., sem um er að ræða, að það verði skylda hæstv. ríkisstj. að sjá um, að það verði lán á komandi ári. Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um það.

Hv. 5. landsk. fór að bera það af sér að hafa verið í nokkurri nefnd til þess að endurskoða og breyta þessu frv. Satt að segja veit ég ekkert um það, hvort hann hefur verið í neinni nefnd eða hvernig það hefur atvikazt. En einhverjir hafa breytt frv. Og það er ekkert ný saga, að þegar óþrifaverk eru unnin, þá vill helzt enginn kannast við að hafa unnið þau.

Nú veit ég það um breytinguna á þessu frv., sem er einsdæmi í þingsögunni, — það er einsdæmi í þingsögunni, að það sé farið þannig með frv., sem mþn. hefur samið, að það sé tætt í sundur, áður en það kemur fyrir Alþingi, — að aðalmennirnir í landbrn., ráðuneytisstjórinn, Gunnlaugur Briem, og landbúnaðarfulltrúinn þar, Árni Eylands, hafa ekki komið nálægt þessu máli. Og ég vil halda það og trúi því, að hæstv. landbrh. hafi ekki breytt málinu sjálfur. Meira að segja er það enn trú mín, eins og ég tók fram við 1. umr. þessa máls, að það hafi ekki verið geðfellt og jafnvel alls ekki að vilja hæstv. landbrh. að breyta frv. þannig, eins og gert hefur verið, heldur hafi það verið fyrir kröfur frá hans samstarfsmönnum, annaðhvort í ríkisstjórninni eða þá í þingflokkunum. Einhverjir af þessum mönnum hafa unnið þetta, og það sýnir, að mönnunum þykir það ekkert þrifalegt verk, að enginn þeirra vill kannast við að hafa breytt þessu frv. eins og gert hefur verið. Hvort það hefur verið hv. 5. landsk., sem þarna hefur átt *mestan hlutinn að, eða ekki, því hef ég engar* sannanir fyrir, og ekki heldur því, hvaða menn það hafa verið. En einhverjir hafa gert það.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég þarf nú ekki að hafa mörg orð um þetta, en hv. þm. Dal. var að tala um, að ég hefði ekki notað aðstöðu mína í ríkisstj. til þess að koma málefnum bænd*anna fram. E. t. v. vill hv. þm. Dal. halda því* fram, að ég hafi verið á móti því, að skipuð væri mþn. til þess að semja það frv., sem hér er til umræðu, eða þá að ég hafi a. m. k. engan hlut átt þar að máli. Ég ætla ekki að svara slíku, jafnvel þó að því væri fram haldið, og láta dóm reynslunnar skera úr um það frekar, hvernig hugur minn eða hugur okkar sjálfstæðismanna hefur verið og er til landbúnaðarins. Ætla ég þá, að vitnisburður reynslunnar verði sá, að við sjálfstæðismenn þolum samanburð í þessu efni við hv. framsóknarmenn.

Hv. þm. Dal. verður að minnast þess, að því frv., sem samið var af mþn. fyrir tilhlutan fyrrv. ríkisstj., var breytt, áður en það var borið fram hér í Alþ. Og eins og hv. þm. A-Húnv. lýsti hér áðan, vill enginn kannast við að hafa átt þátt í breytingunni, vegna þess að þessar breytingar voru til þess að draga úr áhrifum frv. til gagns og uppbyggingar fyrir landbúnaðinn. Og þessar breytingar hafa sennilega verið gerðar aðeins vegna vináttu við bændur. Það getur vel verið, að hv. þm. Dal. vilji koma hér upp á eftir og segja, að þetta hafi verið ástæðan. Ég ætla ekki að ræða neitt um það frekar. En ég ætla að segja hv. þm. Dal. og öðrum hv. þm. í landbn., stjórnarsinnum í landbn., það til lofs, að hv. minni hl. hefur ekki unnið alveg til einskis að því að fá stjórnarliðana í n. til þess að lagfæra frv. nokkuð frá því, sem það var, þegar það var fyrst flutt, og þess vegna má segja, að ef þessir hv. menn hafa menn sér við hlið, sem hafa góðan skilning á málefnum bændanna, eins og hv. þm. A-Húnv. og hv. 2. þm. Skagf., þá er alls ekki vonlaust að komast nokkuð áleiðis í þessum málum. Brtt. þær, sem n. nú flytur vegna baráttu minni hl. í nefndinni, eru til bóta, enda þótt þær nái ekki því að gera frv. eins úr garði og mþn. ætlaðist til. Hv. þm. Dal. hefur með þeirri ræðu, sem hann flutti hér áðan, neytt mig til að segja þetta.

Nú vil ég ekki halda því fram, að hv. þm. Dal. vilji ekki bændunum vel. Ég vil alls ekki gera það. En mér leiðist, að hann sem bóndi hefur ekki nægilegan skilning á þessum málum. Og hann sagði hér áðan eina setningu, sem má ekki gleymast og bændur og bændaefni verða að festa

sér í minni. Hann sagði, ég skrifaði það eftir honum: Ungir menn, sem vilja hefja búskap, hafa ótal möguleika til þess að verða stórbændur við þá aðstöðu, sem þeim nú er búin. — Ef ég fer ekki rétt með, þá skrökvar ekki segulbandið, sem ræðan hefur verið tekin upp á.

Nú er hv. þm. Dal. alinn upp í sveit, og hann starfar meðal sveitamanna og þeirrar æsku, sem ég vantreysti ekki. Það er misskilningur hjá hv. þm., að ég vantreysti æsku þessa lands. En ég vil ekki blekkja mig, og ég vil ekki blekkja þessa æsku, sem vill vinna og vill vera áfram í sveitunum. Ég held, að það sé hollast og það sé nauðsynlegt fyrir okkur að viðurkenna staðreyndirnar, viðurkenna það, að sú æska, sem vill vera í sveitunum, sem vill hefja þar búskap, á við mikla erfiðleika að stríða og að hún hefur ekki ótal möguleika til að verða að stórbændum, eins og nú er komið. Það þarf mikið fjármagn til þess að hefja búskap. Hv. þm. Dal., sem er bóndi, veit, hvað mikið fjármagn liggur í hverju búi, hverjum bústofni, tækjum, vélum, húsum, jörð, girðingum og öllu, sem nútímabúskapur þarfnast.

Það er ekki unnt að hefja búskap nú í sveit nema hafa í hendinni eða ráð á nokkrum hundruð þúsundum króna, og það er það, sem gerir æsku þessa lands erfitt fyrir með að verða kyrr í sveitunum. Æskan hefur ekki farið úr sveitum þessa lands af því, að hún hafi ekki viljað vera í átthögunum og helga þeim sína starfskrafta, heldur eingöngu vegna þess, að hana hefur skort fé til þess að stofna bú í sveit, til þess að byggja hús, til þess að kaupa jörð, til þess að kaupa vélar og öll tæki, sem búskapurinn þarfnast. Það hefur verið hægara fyrir æskufólkið að gifta sig og taka á leigu íbúð hér í Rvík. Til þess hefur þurft minna stofnfé. Það er þess vegna, sem margt af okkar efnilega æskufólki hefur farið gegn vilja sínum úr sveitinni að sjávarströndinni. Þetta er hin raunalega staðreynd, og þessu fáum við aldrei breytt, nema við viðurkennum þessa staðreynd, nema við hættum að blekkja okkur sjálf, hættum að tala eins og hv. þm. Dal. gerði hér áðan og hættum að neita staðreyndunum. Og enda þótt það frv., sem við höfum verið að ræða um hér, stefni í rétta átt, þá er ég hræddur um og reyndar veit, að sú löggjöf nægir ekki til þess að hindra það, að margur æskumaðurinn, sem vill vera áfram í sveitinni, sér sig tilneyddan til þess að fara, af því að hann skortir fjármagn til þess að hefja búskap í sveit.

Það er óþarft að fara fleiri orðum um þetta. Þetta er ljóst mál, og það er verkefni okkar, sem sitjum á Alþingi og viljum vinna fyrir sveitirnar, og það er þá ekki síður verkefni hv. þm. Dal., form. landbn. Nd., það er verkefni næstu tíma að finna lausn á því, hvernig við eigum að sporna við hinum stöðuga flutningi æskufólks úr sveitum landsins og gera þessu efnilega æskufólki, sem vill vera kyrrt í sveitunum, mögulegt að vera þar. En það er útilokað, ef hv. alþingismenn tala hér sjálfumglaðir og ánægðir með það, sem er, og neita staðreyndunum, viðurkenna ekki þá erfiðleika, sem fyrir hendi eru, og viðurkenna ekki, að það þarf miklu meiri breytingar í þessu efni, ef duga skal.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Það hefur skinið í gegnum ræðu hv. 1. þm. Rang., að hann virðist vel muna eftir öllu, þegar hann er ekki í ríkisstj., en gleymir öllu, jafnharðan og hann stígur í ráðherrastólana, vegna þess að hann metur þá meira en málefnin. Ég vil enn fremur benda á það, til þess að það valdi ekki misskilningi, að hann lét í það skína, að sjálfstæðismenn hefðu verið þess hvetjandi, að sú endurskoðun færi fram á nýbýlalöggjöfinni, sem fram fór. En það var fyrir tilstilli hv. 1. þm. Eyf. og nokkurra annarra framsóknarmanna, að þessi till. var fram borin á þingi og samþykkt, og vafalaust hefur ráðh., hv. 1. þm. Rang., ekki treyst sér til að vera á móti málinu. En hv. þm. ætti ekki að vera að tala um blekkingar, því að ég veit ekki, hver blekkir meira hér í þingsölum en hv. 1. þm. Rang., og þeir menn, sem alltaf rangherma alla hluti, ættu að fara niður fyrir allar Hellur.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Þetta var nú vitanlega örstutt. Hv. þm. Dal. ætlaði að segja, að við sjálfstæðismenn hefðum verið á móti því að skipa nefnd til þess að endurskoða nýbýlalöggjöfina. En hann hætti við það, vegna þess að hann skorti kjark til þess að halda slíkri fjarstæðu fram, og virði ég það við hann. Kannske hefur líka samvizkan farið að segja til sín, því að í eðli sínu er hv. þm. Dal. ágætismaður. Um það, að hv. framsóknarmenn hafi flutt till. hér á Alþingi um, að nýbýlalöggjöfin yrði endurskoðuð, vil ég benda á, að þeir höfðu ekki frumkvæðið í þessu efni. Þetta mál mun hafa fyrst komið fram á búnaðarþingi og verið rætt þar, og síðan fluttu framsóknarmenn till. um þetta. En við sjálfstæðismenn vorum ekki síður fýsandi, að þetta mál yrði endurskoðað, heldur en framsóknarmenn, og ég ætlast til, að hv. þm. Dal. hafi þann drengskap að viðurkenna það opinberlega síðar, þótt hann hafi ekki tækifæri til þess nú, af því að hann er búinn að tala þrisvar. En hann fær tækifæri til þess síðar að viðurkenna þetta opinberlega.

Svo tel ég ekki ástæðu til þess að tala meira um þetta. Ég er ánægður með það, hvað hv. þm. Dal. hefur dregið í land, og núna í sinni síðustu ræðu datt honum ekki í hug að tala um, að það væri nú þegar nógu vel búið að æskumönnum landsins, sem vildu hefja búskap í sveitum, og það út af fyrir sig er spor í rétta átt, ef hv. þm. hefur lært það í þessum umræðum, að það er ýmislegt fleira, sem þarf að gera, til þess að allt verði í lagi hjá þeim, sem í sveit búa.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 461,1 (ný 2. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 461,2 samþ. með 22 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 461,3 samþ. með 25 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

8.—9. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 461,4 samþ. án atkvgr.

10. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 461,5 samþ. með 26 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 461,6 samþ. með 26 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
15.—21. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 461,7 samþ. með 26 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 461,8 samþ. með 26 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 461,9 samþ. með 26 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 461,10 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 462,1 felld með 16:10 atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
27.—30. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
31.—32. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 461,11 samþ. án atkvgr.
33. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 461,12 samþ. með 24 shlj. atkv.
34. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
35.—36. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 461,13 samþ. án atkvgr.
37. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 461,14 samþ. með 26 shlj. atkv.
38. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
39.—41. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
42. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 462,2 felld með 16:10 atkv.
43. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 461,15 samþ. með 21 shlj. atkv.
44. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
45.—52. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 461,16 samþ. með 25 shlj. atkv.
53. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
54.—55. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
56.—58. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
59.—61. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 461,17 samþ. með 25 shlj. atkv.
62. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
63.—75. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
76. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 461,18 samþ. með 24 shlj. atkv.
77. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
78.—80. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 461,19 samþ. með 24 shlj. atkv.
81. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
82.—84. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 461,20 samþ. með 24 shlj. atkv.
85. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
86.—90. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 461,21 (nýtt ákvæði til bráðabirgða) samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 473).

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég fékk nú reynslu af því við 2. umr. þessa máls hér í hv. d., að ekki mundi þýða að bera fram neinar efnisbreytingar við þetta frv., en ég vildi þó segja örfá orð og um leið leggja hér fram skriflega smábreytingu frá hálfu landbn. eða þess hluta hennar, sem er hér viðstaddur, en skrifstofustjóri benti okkur á, að það vantar annaðhvort eða hefur fallið niður í 21. gr. eitt orð, þannig að á undan orðunum „vanefnda þeirra“ bætist: vegna. — Vil ég leyfa mér að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari till., þar sem hún er of seint fram komin og skrifleg.

En að öðru leyti skal ég segja hér örfá orð nú, um leið og þetta mál fer út úr hv. d., einkum vegna þess, að það hefur komið fram sú lýsing á brtt. mínum og hv. 2. þm. Skagf., sem hér voru felldar við 2. umr. í hv. deild, að þetta hafi verið yfirboðstillögur, fluttar í auglýsingaskyni.

Út af því vil ég segja það, að þær till., sem þar var um að ræða, voru ekki neitt annað en að færa frv. til samræmis við það, sem mþn. í landbúnaðarmálum, sem frv. samdi upphaflega, lagði til. Og ég vil minna á, ekki síst hv. framsóknarmenn, að í þeirri mþn. voru m. a. tveir af virðulegustu mönnum þeirra flokks í sveitum landsins, skólastjórinn á Hólum, Kristján Karlsson, og formaður Búnaðarfélags Íslands, Þorsteinn Sigurðsson, og mætti því segja: Ja, yfir hvað voru þessir menn og við hinir að bjóða? Hluturinn er sá, að þær till., sem þar er um að ræða, eru ekki neinar yfirboðstillögur, heldur fluttar af brýnni nauðsyn sveitamanna og bændastéttarinnar í heild. Og ég vil segja það, að ég býst við, að það sé eins með alla mína samstarfsmenn í nýbýlastjórn ríkisins og mig, að okkur mun ekki þykja það neitt ánægjulegt að þurfa að framkvæma 26. gr. þessa frv. þannig að neita fjórða hverjum manni a. m. k. um þá aðstoð, sem þar er farið fram á af þeim mönnum, sem eiga rétt til aðstoðarinnar.

Í öðru lagi er svo þess að geta, að þegar það er orðið kunnugt, að byggingarkostnaður íbúðarhúsa fer stórkostlega hækkandi og kannske sjaldan eða aldrei eins mikið og nú á þessu ári, þá er ekki ánægjulegt til þess að hugsa að geta ekki hækkað lánin neitt frá því, sem þau eru, þar sem hámarkið er um 30% byggingarkostnaðar. En þrátt fyrir það flyt ég nú ekki neinar aðrar brtt. og auðvitað óska þess, að þetta frv. verði þá samþ. sem fyrst, því að það er orðið á eftir tímanum vegna þeirra jarðræktarframkvæmda, sem eiga að gerast á þessu vori. Er því æskilegt, að því verði hraðað, og væntanlega verður séð um það í hv. Ed. — Ég skal svo afhenda hæstv. forseta þessa orðalagsbreytingu á 21. gr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 476) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 476 samþ. með 23 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 95. fundi í Ed., 7. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 480).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Eins og þessari hv. þd. er kunnugt, kemur þetta mál frá Nd., og hafði ég þar fyrir málinu allýtarlega framsögu, auk þess sem málinu fylgir ýtarleg grg. Ég sé nú ekki ástæðu til þess að endurtaka í heild þá framsöguræðu, sem ég flutti þar fyrir málinu, og læt nægja að vísa til hennar og grg., en eins og þetta frv. ber með sér, má telja, að meginatriði þess séu þau að stækka litlu býlin, sem nú hafa dregizt aftur úr í íslenzkum búskap.

Það hefur lengi verið skoðun ýmissa landbúnaðarmanna, að eitt hið tilfinnanlegasta í íslenzkum búskap sé það, hvað býlin eru orðin misjöfn. Þetta hefur verið og er á allra vitorði, að raunverulega skiptast íslenzkir bændur vegna þessa í tvær stéttir, efnastétt og stétt, sem hefur naumast þær tekjur, sem geta talizt viðunanlegar fyrir afkomu þeirra.

Þetta kemur þó greinilegast fram í skýrslum, sem fyrrverandi búnaðarmálastjóri, hv. 1. þm. N-M., hefur samið og hafa verið að birtast nú í einu af blöðum landsins. Það kemur þarna ákaflega greinilega í ljós. Það er alveg bersýnilegt, að þessu getur ekki haldið áfram með þeim breytingum, sem íslenzkur landbúnaður hefur tekið til vélvæðingar, það er raunverulega útilokað, og það er furðulegt, að menn skuli ekki hafa gert sér það ljóst fyrr. Það er útilokað, að hægt sé að stunda búskap á Íslandi með því að nota þær vélar, sem menn gera nú orðið kröfu til, nema með því móti, að litlu búunum verði breytt og þau stækkuð. Þau geta ekki borið þann kostnað, sem leiðir af vélvæðingunni. Það verður hins vegar að teljast alveg óviðunandi, að stór hluti af landbúnaðinum búi við ekki aðeins allt aðra tekjumöguleika en verulegur hluti, sem lengra hefur komizt, og í annan stað, að notaðar séu tvær búskaparaðferðir við framleiðsluna.

Tilgangur þessa frv. er fyrst og fremst að mínu áliti sá að koma í veg fyrir það, að við stofnun nýbýla sé stofnað til búskapar, sem er það lítill, sem gefur það litlar tekjur, að teljast verði óviðunandi fyrir bændastéttina og aðrar stéttir, sem við slíkt ættu að búa. Það má í því sambandi minnast þess, að sum nýbýlin hafa komizt það skammt með þeim styrkjum, sem veittir hafa verið yfirleitt, að tekjurnar nema miklu minna en nokkrar aðrar stéttir gera sig ánægðar með. Og viðkomandi litlu búunum er það að segja, að í ýmsum hreppum þessa lands er þannig ástatt vegna þess, hve búin eru lítil, að hæstu tekjur bónda í sumum hreppum, þar sem ég þekki til, nema ekki meiru en 26 þús. kr.

Það er til þess að jafna metin, sem þetta frv. er borið fram, og er mikið verk, sem liggur hér fyrir þeim, sem það eiga að vinna. Með þeim fjármunum, sem hér eru fram lagðir, er ætlazt til þess að ýta undir það, flýta fyrir því, að þessi þróun geti átt sér stað, sú þróun, að býlin verði jafnari en þau hafa verið til þessa.

Auk þess, sem ég hef nú nefnt og ég tel aðalatriðin, eru ýmis fleiri nýmæli í þessu frv., sem ég sé ekki ástæðu til að rekja á þessu stigi. Málið hefur verið athugað allgaumgæfilega í Nd., og ég geri ráð fyrir, að málið geti fengið hér fljóta afgreiðslu. Eins og hv. þd. er kunnugt, er ætlazt til þess, að það fái afgreiðslu nú á þessu þingi, og er því æskilegt að flýta afgreiðslu þess. Ég geri það að tillögu minni, að málinu verði eftir þessa umræðu vísað til landbn.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Það er síður en svo, að ég standi upp til þess að andmæla þessu frv. Ég tel það gott og sjálfsagt, að það nái fram að ganga og fái greiðan framgang hér í deildinni. En ég vildi í sambandi við þetta mál vekja athygli hæstv. ráðh. á ríkisjörðum. Það er talsvert af því í Skaftafellssýslu, að þar eru litlar jarðir, með litlum búum, sem illmögulegt er að reka. Nú hefur það viljað til í tveimur hreppum, að ef ein meðal þessara jarða hefur lagzt í eyði, þá hef ég alltaf lagt til, að þeim yrði skipt upp og jafnað milli nágrannajarðanna, sem allar eru jafnlitlar og liggja saman. Þessu hefur ekki fengizt framgengt enn þá, heldur eru jarðirnar í eyði og kannske einum landseta hinna jarðanna leyft að nytja þar. Ég vildi mjög eindregið mælast til þess, að hæstv. ráðh. athugaði þetta, því að ég tel, að það sé ekkert annað að gera á svona stöðum en einmitt að stækka þessar ríkisjarðir með því að skipta þessum eyðijörðum milli nágrannajarðanna. Þetta vildi ég biðja hæstv. ráðh. að athuga og kynna sér.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 480, n. 509, 510).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þegar við nú við 2. umr. hér í deildinni byrjum að ræða þetta mál, sem ég tel langmerkasta málið á þessu þingi, vildi ég gjarnan með nokkrum orðum gefa nokkurt yfirlit yfir, hvernig málið horfir við frá mínu sjónarmiði og hverja nauðsyn ég tel á að afgreiða það.

Ég hef skrifað greinaflokk, hvar af þrjár hafa birzt í Tímanum, en hinar hafa ekki haft pláss þar enn, en koma síðar, um það, hvernig ástandið er í hverri einstakri sýslu. Af þeim geta menn séð þær sömu tölur, sem fram koma í áliti minni hlutans, eftir Pálma Einarssyni, sem úr þeim hefur unnið með mér, um, hvernig túnstærðir eru nú í heild á landinu. En það er nú svo, að það er ekki túnstærðin ein, sem þarna kemur til greina. Það þarf að taka tillit til fleira, þegar þið afgreiðið þetta mál og takið afstöðu til þess. Það er nú svo, að bændurnir geta yfirleitt ekki rekið bú á sínum jörðum, til þess að þau séu arðgæf, nema þeir hafi aðstöðu til þess að afla heyja á jörðinni, sem búféð aftur geti umsett í afurðir, sem séu það miklar, og hægt sé að selja þær fyrir það verð, að kostnaðurinn við heyöflunina ásamt með öðrum óhjákvæmilegum kostnaði við búreksturinn, eins og landskuldum og útsvari, sköttum o. s. frv., náist upp borinn. Meðan barið var á útberjum hér og þar um landið, gekk þetta,

meðan fólkið kostaði lítið eða ekki neitt. En um leið og kaupgjaldið óx, varð þetta ómögulegt, þá varð eftirtekjan of lítil. Þá sneru bændurnir sér að því yfirleitt að reyna að stækka túnin, og það opinbera fór að koma þá á móti þeim með jarðræktarstyrk (1924).

Nú skal ég með nokkrum tölum sýna, hvernig þetta hefur gengið, því að það er meira komið undir uppskerunni á túnunum heldur en út af fyrir sig stærðinni. En uppskeran á túnunum er svo misjöfn, að sumarið 1955 fékk sá bóndi, sem fékk minnst af sínu túni, um 11 hesta af ha., en sá, sem fékk mest, yfir 70, svo að allir sjá, að þetta skiptir líka máli. Ég hef þess vegna flokkað jarðirnar, sem byggðar voru 1955, í hópa eftir því, hve mikið töðufall var á jörðunum. Þegar þið heyrið þær tölur og sjáið, hvernig þær hafa breytzt, þá skiljið þið nauðsynina á því, að þetta átak sé gert til þess að koma heyfengnum upp á þeim jörðunum, sem minnst töðufallið hafa hlutfallslega, — ég nefni hlutfallstölur eingöngu, en ekki heildartölur, og ég bendi þá á, hvernig þetta hefur breytzt frá 1930 og til 1955. — 1930 voru 40.8% af öllum jörðum í landinu, þar sem menn höfðu innan við 100 hesta töðufall af túnum sínum. 1940 er talan komin niður í 32.1, 1950 niður í 12.4 og núna, 1955, niður í 7.4. Þetta eru jarðirnar, sem höfðu allra minnstu töðuna. Það hefur þá unnizt þetta á, að það er ekki nema 7.4% af jörðunum í landinu núna, sem byggðar eru, sem hafa innan við 100 hesta töðufall af túninu. Með á milli 100 og 200 hesta töðufall voru líka 40.8% jarðanna 1930, 38% 1940, 32% 1950 og 24% 1955. Milli 200 og 300 voru 11.4%, fjölga svo upp í 18% 1940, upp í 25.5% 1950 og upp í 33.2% 1955. Með milli 300 og 400 hesta töðufall voru bara 4% 1930, það var allt og sumt, fjölgar svo upp í 6.7%, upp í 15%, og nú er það komið upp í 17%. Með milli 400 og 500 hesta töðufall var 1.4%, svo 2.3%, svo 7.4% og svo 1955 8%. Og með milli 500 og 600 hesta töðufall voru það 0.6%, 1.4%, 3.7% og nú 4%. Og með milli 600 og 700 voru 0.3%, 0.6%, 1.6% og nú 2%. Og með yfir 800 hesta töðufall voru 0.4%, 0.5%, 1.5% og nú 2.9%. Þið sjáið af þessu, að á þessum 25 árum, sem þarna er um að ræða, fækkar blessanlega jörðunum með litlu túnin og fjölgar þeim, sem hafa stærri tún eða meira töðufall. Það miðar í áttina og miðar meira að segja vel í áttina, sérstaklega á síðustu fimm árunum.

Af þessu er alveg ljóst, hver höfuðnauðsyn það er að koma þessum jörðum upp, sem hafa minnst töðufall, til þess að myndist þar grundvöllur fyrir sæmilegum búskap. Núna er þetta svo, að bændurnir, sem á þeim búa, gera hvort tveggja, annars vegar hafa þeir ekki nóga vinnu á jörðinni, það koma ekki eftir þá þau afköst í þjóðarbúið, sem á að vera, og hins vegar fara þeir þó burt oft og einatt til þess að afla sér tekna utan búskaparins.

Ég hef verið þar í sveit staddur, vestur á Vestfjörðum að vori til á kúasýningu, að af 34 bændum í sveitinni voru aðeins tveir heima í sveitinni, hinir allir til sjós á vertíð til að afla sér tekna til viðbótar sínum litlu tekjum af búunum. Og þessi bú voru þá svo lítil, að þegar bóndinn er heima að stunda skepnurnar, t. d. að vetrinum, þá vinnur hann ekki nema lítið brot af þeirri vinnu, sem menn vinna, þar sem búreksturinn er kominn í lag og þar sem bóndinn hefur nóg að starfa. Vinnuaflið nýtist þess vegna ekki. Það er fyrst og fremst vegna þessa, sem við þurfum að koma heyskapnum á þessum jörðum upp. Það er ekki af því, að þessi bóndi, sem á jörðinni býr, þurfi sérstaklega á því að halda að fá jörðinni breytt í þessu efni. Það er af því, að þjóðfélagið þarf þess. Þjóðfélagið þarf að fá nýtt vinnuafl hvers þjóðfélagsþegns og fá framleiðsluna sem allra ódýrasta, og þess vegna er það, sem á að leggja vinnu og peninga og allt, sem hægt er, í það að skapa þá aðstöðu á þessum jörðum, að mennirnir geti búið þar mannsæmandi lífi og haft þær tekjur, sem þeir þurfa fyrir sína fjölskyldu.

Við sjáum þetta líka, ef við lítum á stærð túnanna og heyfallið af þeim eftir sýslum, og þá sjáið þið, hve geysilega þetta er misjafnt. Stærsta meðaltún á jörð í sýslu núna er úr Rangárvallasýslu, það er 14,5 ha., og fæst af því 521 hestur, og er meðaljörðin þar sú fimmta í röðinni hvað töðufallið snertir, þó að það sé efst með stærðina. Næst kemur Kjósarsýsla með 14,2 ha. tún og 485 hesta og er sú sjötta í röðinni hvað töðufallið snertir. Þá Árnessýsla með 14 ha. tún og 547 hesta og er sú þriðja í röðinni hvað töðufallið snertir. Borgarfjarðarsýsla er næst með 13.7 ha. tún og 544 hesta og er sú fjórða í röðinni. Eyjafjarðarsýsla með 13.2 ha. tún og 559 töðuhesta og er önnur í röðinni hvað töðufallið snertir. Austur-Húnavatnssýsla með 11.9 ha. tún og 587 hesta af meðaltúninu og er nr. eitt hvað töðufallið snertir.

Þessar sýslur fimm — ekki Kjósarsýslan, en hinar fimm — eru með yfir 500 hesta af túninu. Það er allt og sumt. Svo kemur Skagafjarðarsýsla næst með 10.8 hektara tún og 429 hesta og er sú 8. í röðinni hvað töðufallið snertir. Mýrasýsla með 9.9 ha. tún og 447 hesta og er sú 7. í röðinni hvað töðufallið snertir. Vestur-Skaftafellssýsla með 9 ha. tún og 308 hesta töðu og er sú 15. í röðinni hvað töðufallið snertir. Suður-Þingeyjarsýsla með 8.8 ha. tún og 348 hesta töðu og er sú 12. í röðinni hvað töðufallið snertir. Dalasýsla með 8.6 ha. tún og 408 hesta töðu og er sú 9. í röðinni hvað töðufallið snertir. Og með Dalasýsluna er það einkennilegt, að þegar maður tekur túnstærðina eins og hún var 1920, þá er Dalasýslan nr. eitt með stærst tún og mest töðufall af öllum sýslum landsins. En nú er hún orðin sú 11. í röðinni hvað túnstærðina snertir og sú 9. hvað töðufallið snertir. Vestur-Húnavatnssýsla hefur 8 ha. tún á meðaljörð og 396 töðuhesta og er sú 10. í röðinni. Norður-Ísafjarðarsýsla með 7.9 ha. og 313 hesta og er sú 14. í röðinni. Norður-Þingeyjarsýsla með 7.9 ha. tún og 337 hesta og er sú 13. í röðinni. Austur-Skaftafellssýsla með 7 ha. tún og 266 hesta og er sú 18. í röðinni. Suður-Múlasýsla með 6.8 ha. tún og 299 hesta og er sú 16. í röðinni.

Norður-Múlasýsla með 6.8 ha. tún, 261 hest og er sú 19. í röðinni. Vestur-Ísafjarðarsýsla með 6.8 ha. tún og 348 hesta og er sú 11. í röðinni. Snæfellsnessýsla með 6.4 ha. tún og 289 hesta töðu og er sú 17. í röðinni. Barðastrandarsýsla með 6.1 ha. tún og 260 hesta töðu og er sú 20. í röðinni. Og Strandasýsla með 6.1 ha. tún og 257 hesta og er sú 21. í röðinni. Meðaltúnið á landinu er 10.2 hektara stórt og gefur af sér 414 hesta.

Þið sjáið af þessu, að þetta er ákaflega misjafnt í sýslunum. Og ef við förum að gá að jörðunum, sem byggðar eru og hafa minnst túnin, þá sjáum við, að það er í sumum þeirra allt niður í 52% af byggðinni í Barðastrandarsýslunni, sem hefur tún, sem eru minni en 5 ha. Það er meira en önnur hver jörð árið 1955.

Nú skal það viðurkennt mjög fúslega af mér, að það er ekki einhlítt að dæma eftir heyskapnum einum, og það getur hugsazt og kemur oft fyrir, að menn, sem hafa minni töðu en maður telur æskilegt, hafi á annan hátt upp arð af sínu búi. Sérstaklega gildir þetta um Strandasýsluna, þar sem er mikið af hlunnindum, og koma tekjur í gegnum þau. En þetta kemur líka af því, að búféð er misarðsamt. Og án þess að fara nánar út í það, skal ég benda á, að í gegnum eftirlits- og fóðurbirgðafélögin, sem eru nokkur í landinu og halda skýrslur, fær maður annars vegar, hvað margt fé er á fóðri að vetrinum, hins vegar, hvað mörgum lömbum er slátrað og hvað þau hafi haft mikið kjöt alls, sem slátrað hefur verið, í þriðja lagi, hvað mörg lömb eru sett á og seld til lífs. Ef maður reiknar líflambið með sama kjötþunga og sláturlambið, þá sýnir það sig, að *bruttóarðurinn, sem bóndinn fær af sínu* fé, er svo misjafn, að í heilum hreppum getur þetta munað upp undir helming. Fyrir árið í fyrra er ég búinn að reikna þetta út fyrir 12 félög, sem hafa sent til mín skýrslur, þar af er það hæst í Kirkjubólshreppnum í Strandasýslunni. Þar eru 2679 fjár á fóðri, og þar kemur á fóðraða kind 21.3 kg af dilkakjöti. Sá hreppurinn, sem aftur er lægstur, hefur 2980 kindur á fóðri og fær 11.4 kg af kjöti eftir fóðraða kind. Þar á milli standa svo hinir. Sama gildir um nautgripina. Meðalkýrnyt er helmingi hærri í þeim hreppum, sem hún er mest í, en þar sem hún er lægst.

Það er þess vegna ekki allt komið undir því, hve heyöflunin er mikil, heldur líka undir því, hvernig búfénaðurinn er, sem þeir láta breyta heyi í afurðir, og hvernig með hann er farið. Ég tel þess vegna nauðsynlegt ákvæði að láta fé úr ríkissjóði til þess að koma upp töðufallinu á þessum jörðum, sem minnst bú hafa og þar sem bóndinn verður sumpart að vera atvinnulaus heima og sumpart að vera á snöpum eftir atvinnu annars staðar, svo sem þingið hefur nú margviðurkennt, t. d. þegar er verið að búta niður fé í vegina. Þá er ævinlega verið að taka tillit til þess, að bændurnir geti fengið vinnu við vegagerðina, sem aldrei ætti að gera og ekki að búta vegaféð eins mikið niður og gert er, en það er nú annað mál.

Þetta frv., sem fyrir liggur, á að vera búið að fá ákaflega rækilega meðferð. Það er undirbúið af mþn., sem í sat formaður Búnaðarfélags Íslands og Pétur Ottesen eftir ábendingu frá Búnaðarfélagsstjórninni, Jón Pálmason og Pálmi Einarsson landnámsstjóri frá nýbýlastjórn og svo skólastjórinn á Hólum stjórnskipaður. Þrátt fyrir það er frv., eins og það nú liggur hér fyrir þessari deild, í því formi, að ég hefði óskað eftir ákveðnum breytingum við það og þeim þó nokkrum. En þar sem tveir mennirnir, sem voru í mþn., sitja í Nd. og *sýnilega hafa önnur sjónarmið á því en ég*, a. m. k. hvað sumt af þeim brtt. snertir, þá mun ég ekki hér í deildinni flytja brtt. við frv., aðrar en þær, sem ég tel alveg nauðsynlegar lagfæringar á atriðum, sem hafa einhvern veginn dottið út hjá þeim. Hinar tillögurnar, sem ég vildi gera, en geri ekki, eru sumar þess eðlis, að það getur kannske eins vel gengið að hafa það eins og það er hjá þeim og eins og ég hefði viljað hafa það. En aðrar eru aftur þess eðlis, að strax á næsta eða þar næsta þingi hygg ég, að allir sjái, að þeim þarf að breyta og að þeim þá verði breytt þar. Ég held, að það sé ástæða til að minnast á þessi atriði málsins vegna framtíðarinnar.

Ég skal fyrst minnast á það, sem ég tel miður farið, en ég býst ekki við að verði breytt, hvorki nú né í náinni framtíð, úr því sem komið er. Og það er það, að ég hefði talið eðlilegt, að það væri ekki nýbýlastjórn og landnámsstjóri, sem ættu að sjá um stækkun á þessum gömlu túnum og úthluta þeim 4 millj. í ár og 5 millj. næstu ár, sem verja á til þess, heldur Búnaðarfélag Íslands. Búnaðarfélag Íslands er samsafn af öllum búnaðarsamböndunum, *ræktunarsamböndunum*, og undir því starfa héraðsráðunautarnir. En það er vita ómögulegt að framkvæma þetta mál, hvernig sem það verður afgreitt, nema með aðstoð og samvinnu við þessa aðila, sem allir lúta yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands. Þess vegna var miklu eðlilegra, að Búnaðarfélag Íslands hefði þessa framkvæmd málsins með höndum í frv. heldur en landnámsstjóri. Hins vegar mun hér vera að ræða um sömu viðleitni og hefur smám saman verið hjá því opinbera. Málin hafa verið færð frá Búnaðarfélaginu og undir aðrar sérstakar stofnanir eða beint undir ríkisstjórnina, smám saman, þegar Búnaðarfélagið og þeir, sem að því standa, hafa verið búnir að vinna nógu mikið að málunum og koma þeim almennilega á stað. Þannig var það með jarðræktartilraunirnar. *Þær fóru fram um áratugi alveg á* vegum Búnaðarfélags Íslands. Nú eru þær allar komnar undir sérstaka stjórn og beint undir stjórnarráðið. Þannig fór um búfjárræktartilraunirnar. Það var alveg sama. Þar reið Búnaðarfélag Íslands á vaðið, hafði þær með höndum og sá um þær líka um áratugi. Nú eru þær allar komnar undir sérstaka stjórn og beint undir stjórnarráðið. Þannig var um fiskræktina. Það byrjaði á því að hafa fiskiráðunaut og leiðbeina um fiskiklak. Þannig var það með nýbýlamálið o. s. frv., o. s. frv. Nú er það komið undir sérstaka stjórn og burt frá Búnaðarfélagi Íslands. Svoleiðis var það með sandgræðsluna.

Meira að segja eftir lögum á Búnaðarfélag Íslands að hafa hana enn með höndum að öllu leyti, en í framkvæmd er hún komin undir sandgræðslustjóra, sem heyrir beint undir stjórnarráðið, og þau mál koma aldrei í Búnaðarfélagið. Ég skoða þetta sem áframhald á þessari þróun, og án þess að leggja dóm á það, hvort hún hafi verið heillavænleg alltaf og ævinlega, eins og *hún hefur verið framkvæmd hingað til*, þá fullyrði ég alveg, að það var miklu heppilegra í þessu tilfelli, þar sem átti að vinna með öllu því „apparati", sem myndar Búnaðarfélagið, búnaðarsamböndunum og ræktunarsamböndunum og héraðsráðunautunum, að láta Búnaðarfélagið hafa framkvæmdina heldur en nýbýlastjórn. Og nýbýlastjórn verður vita ómögulegt að framkvæma það, hvernig sem það er framkvæmt, nema í samráði við héraðsráðunautana, búnaðarsamböndin og ræktunarsamböndin.

En sem sagt, þetta hefur n. orðið sammála um, menn úr stjórn Búnaðarfélagsins, meiri hlutinn úr henni, nefndarmenn og aðrir hafa orðið sammála um þetta, *og ég ætla ekkert við því að* segja, en bendi þó á þetta.

Í öðru lagi vil ég benda á það, að mér finnst allt of losaralega á því tekið í frv., hvernig þessi framkvæmd á að fara fram. Hér á ríkið að koma með styrk, sem á að nema helmingi af kostnaðinum við að stækka túnin og koma þeim upp í 10 ha. stærð, þar sem á annað borð þykir rétt, að byggð haldist á jörðinni og tún séu gerð svo stór. Það eru margar leiðir til að framkvæma þetta. Það má hugsa sér að framkvæma það á þann veg að fela viðkomandi ræktunarsambandi að taka fyrir þennan eða hinn hrepp, til þess að það verði gert sem ódýrast, flutningur milli staða sem minnstur, að koma öllum túnunum í hreppnum upp í 10 ha. og hver greiði sinn helming. Það má hugsa sér að framkvæma það á þann hátt að borga bara aukastyrk á þau túnin, sem þetta er gert við, og láta laust og fast, hvaða tún það eru, eftir að búið er að ákveða, hvaða jarðir heyri þarna undir. Og enn mætti hafa það á fleiri vegu. En hvernig sem það verður framkvæmt, þá er ákaflega hætt við því, að það dragi að einhverju leyti úr framkvæmdum á hinum jörðunum í hinum hreppunum, sem bíða. Það eru takmörk, hvað margar jarðir er hægt að taka fyrir í sumar til þess að koma túnunum á þeim upp í 10 ha. Vinna þá hinir á litlu túnunum, eins og þeir mundu annars hafa gert, eða halda þeir að einhverju leyti að sér höndum, af því að þeir vita, að röðin kemur að þeim á næsta ári eða þar næsta ári, og þá fá þeir helminginn borgaðan, en ekki nema lítið brot núna? Það er ekkert farið inn á það í frv., hvernig þetta eigi að framkvæmast og sé hugsað að framkvæmast. Ég sakna þess, því að þetta getur oltið á töluvert miklu um, hvað gert verður að endurbótum á næstu árum, hvernig þessu er fyrir komið. Ég mun þá ekki heldur fara út í það og ekki gera neina till. um það, en ég sakna þess sem sagt. Það má líka segja, að það sé reglugerðarákvæði og komi þar fram og þurfi því ekki að takast í lögin sjálf.

Þá eru tvö atriði í lögunum, sem ég tel að þurfi að breyta, helzt bara strax á næsta þingi. en ég vil ekki leggja til breytingu á núna af þeirri ástæðu, að ég óttast, að frv. nái þá ekki fram að ganga. En ég tel nauðsyn bera til þess, að það nái fram að ganga á þessu þingi.

Þessi tvö ákvæði eru annars vegar það, að það er ákveðið í þessu frv., að nýbýlingurinn skuli hafa 25 ha. af ræktanlegu landi. Þar af á *nýbýlastjórnin að rækta fyrir hann 10*, eða styrkja hann til að koma þeim í fulla rækt, en hitt á hann svo sjálfur að rækta á næstu 10 árum. Ég tel, að það sé alveg eins ástatt hér og í öllum okkar nágrannalöndum, að það sé nauðsyn á því að koma sér niður á, að jarðirnar séu af hæfilegri stærð, til þess að það fáist fullur afrakstur eftir þá menn, sem á jörðinni vinna. Bæði t. d. í Noregi og Svíþjóð eru núna komin lög, sem heimila að taka jarðir eignarnámi og skipta þeim upp og byggja þær að nýju, bara til þess að fá þær í hæfilega stærð, svo að búskapurinn á þeim geti borið sig og maðurinn haft fullt að vinna á þeim. *Þetta verða þeir að gera af því, að þar er landið* allt ræktað, en þar sem við höfum nóg af óræktuðu landi af að taka, þá þurfum við þessa ekki hér.

Nú hef ég litið svo til, eftir því sem ég bezt hef getað séð á afkomu bænda um landið, sem ég er töluvert mikið kunnugur, að það sé til tvenns konar stærð á jörðum hér á landi fyrir utan litlu jarðirnar, sem enginn getur lifað á. Annars vegar er stærð, sem er það stór, að hjónin geta nytjað jörðina að fullu og fengið af sinni vinnu sæmilegan afrakstur fyrir sig til að lifa á án aðkeyptrar vinnu. Ég held, að það megi ekki vera stærra en 20 ha. tún, sem þau þurfi að hafa til þessa. Ég gæti nefnt nokkra bændur, milli 10 og 20, sem hafa bú, sem svara til þess, að þeir hafi heyskap af 20 hö., og vinna að því hjónin ein, aðstoðarlaust, að heyja og hirða þær skepnur, sem á þessu heyi er hægt að hafa, og hafa ágæta afkomu, en eru bundin við heimilið. Ef kæmi til viðbótar 5 ha. ræktað land, gætu þau ekki annað því ein. 5 hektararnir, sem þarna væri bætt við túnstærðina, mundu gera það að verkum, að þau verða þá strax að byrja á því að kaupa aðstoðarvinnu, en afraksturinn, sem þau fá af þeim skepnum, sem þau gætu fóðrað á heyi af þessum 5 hö., borgar ekki aðstoðarmanninum. Það er þess vegna stutt að því að gera búin óarðbær eða verr arðbær með því að hafa stærðina þessa. Þess vegna vil ég ekki hafa túnastærðina meiri en 20 ha. og það tel ég að þurfi að breytast mjög fljótlega, þó að ekki sé ástæða til að taka það upp sem baráttumál nú á þessu þingi.

Hitt atriðið er það, að nýbýlingunum, sem taka nýbýlið og fá þessa 10 ha. ræktaða og eiga svo að bæta við sig 15 hö. af túni, er uppálagt að gera það á næstu 10 árum, 1½ ha. á ári, og ef þeir ekki gera það, þá missa þeir ábúðarrétt á býlinu, og það væri hægt að segja þeim upp eða byggja þeim út. Ég tel þetta allt of mikið á lagt. Það er svo fjarlægt, að nýbýlingur, sem búinn er að taka við öllum þeim lánum, sem hann kemur til með að taka á nýbýlið, og þarf að koma upp bústofni, — er svo

fjarlægt, að hann geti ræktað hálfan annan hektara á ári eða lagt í ræktun á ári upp í fimm til átta þúsund, — ja, ef hann er á sandjörð, þá má kannske segja, að það nemi svo sem 4—5 þús. — og það alveg upp í 12 þús. kr., ef hann hefur slæma mýri til að rækta. Þetta tel ég allt of mikið á hann lagt og ekkert vit í að ætla honum að rækta svo mikið á ári. Þessi tvö atriði eru það, sem ég tel að þurfi að breyta og muni verða breytt, kannske strax á næsta þingi. En sem sagt, þar sem bæði upprunalega milliþn., sem fjallaði um þetta, hefur talið rétt að hafa það svona og sömuleiðis Nd., þá vil ég ekki eiga á hættu, að farið sé að *rífast um þessi tvö atriði svona seint á þinginu*, og þess vegna kem ég ekki með brtt. við þau, sem ég ella mundi hafa gert.

Þá eru það tvö atriði, sem við nm. erum allir sammála um að gera brtt. við, og það er *hvort tveggja atriði, sem er nánast lagfæring.* Það er ákveðið í 11. gr. frv., að byggja skuli nýbýli, — sem ég gef nú miklu minna fyrir en hitt, að koma byggðu jörðunum með litlu túnin í ábúðarhæft ástand, — byggja skuli nýbýli þannig, að þau séu byggð á erfðaleigu og að eftirgjaldið sé 5% af fasteignamatinu.

Ég hef ekki út af fyrir sig neitt á móti þessu. Ég viðurkenni það, sem sagt er í nál. frá mþn., að þetta sé eðlileg hækkun, samanborið við vaxtafót yfirleitt í landinu og allar aðstæður. En svo kemur aftur í 18. gr., og þar er sagt, að nýbýlið eigi að leigja eftir lögunum um erfðaábúð og óðalsrétt, en þau mæla svo fyrir, að þau eigi að leigjast fyrir 3%. Það er nefnilega sagt í annarri gr., að þau eigi að leigja fyrir 5%, og í hinni, að það eigi að leigja fyrir 3%.

Nefndin féllst á fimm prósentin og gerir brtt. við 18. gr., sem er eingöngu í því fólgin að bæta aftan við tilvitnunina nr. 116 30. des. 1943: sbr. þó 11. gr. — Þar með er sagt, að það eigi að fylgja lögunum að öðru leyti en því, sem 11. gr. ákveður um aðra prósentu af fasteignamatinu. Þetta hef ég minnzt á við suma nefndarmennina úr Nd., og þeir segja, að þeim hafi sézt yfir þetta og það sé sjálfsagt að leiðrétta þetta og þess vegna engin hætta á því, að þetta verði til þess á neinn hátt að tefja framgang málsins.

Hitt atriðið er það, að það er tekið fram í lögunum, þegar rætt er um byggingarsjóð, að þegar jörð sé leigð á erfðafestu, opinber jörð, þá þurfi ekki sérstakt leyfi ráðh. að koma til í hvert skipti, sem tekið er lán út á jörðina úr þeim sjóði. *En maður, sem hefur jörð á* erfðafestu, hefur að lögum rétt til þess að fá lán og veðsetja jörðina, en þarf að sýna þinglesinn erfðasamning, er gefur honum sama rétt til þess að veðsetja jörðina eins og veðbókarvottorð eða veðleyfi gefa öðrum mönnum. Þetta hefur verið tekið inn viðvíkjandi ákvæðum um byggingarsjóðinn, en þetta hefur gleymzt að taka fram viðvíkjandi ræktunarsjóðnum, sem alveg hlítir sömu reglum.

Og hin brtt. er engin önnur en sú, að við tökum inn, aftan við 65. gr., sem talar um þetta gagnvart ræktunarsjóðnum, — ég man ekki, hvort það er alveg orðrétt eins, en alveg sama meining og annars er í frv. viðvíkjandi byggingarsjóðnum. Það er líka gleymska hjá n. í Nd. að hafa ekki tekið þetta upp, svo að þetta er líka leiðrétting.

Báðar þessar tvær till. eiga þess vegna ekki á nokkurn hátt að geta orðið til þess að tefja framgang málsins, en til þess vildi ég sízt af öllu verða.

Tveir nm. flytja svo till., sem fluttar voru í Nd. og felldar þar. Ég held nú, að þeir flytji þær til að sýna þær, og ég held, að vilji þeirra sé nú sá eða von þeirra sé sú, að þær verði ekki deilumál á milli deilda, sem geti komið málinu fyrir kattarnef á þessu þingi, þó að þær séu fluttar. Þessar brtt. eru um að hækka framlagið úr 1.5 millj. upp í 2, þar sem er að ræða um óafturkræfan aukastyrk til nýbýlinganna viðvíkjandi húsabyggingum, 25 þús. kr. á býli. Ég geri ráð fyrir um þessa till. þeirra, svo að ég fari nú hér *aftan að siðunum og tali um þær strax*, áður en ég hef heyrt framsöguna, það er nú náttúrlega ekki venjulegt að gera það, en ég býst ekki við, að ég komi hér upp í ræðustólinn aftur, og þess vegna geri ég þetta núna móti allri venju, — *ég býst við*, að þeir *líti þannig á*, að að meðaltali hafi undanfarið verið reist 80 nýbýli og þá muni vanta til að geta látið hvert þeirra hafa 25 þúsund kr. hálfa milljón, þar sem fjárhæðin, sem ætluð er til þess, er 1½ millj. Það getur vel verið, að þetta sjónarmið út af fyrir sig sé rétt. En tvennt er þó þar við að athuga frá mínu sjónarmiði. Það fyrra er það, að ég er nú ekki viss um, að nýbýlin verði svona mörg, þegar við athugum nánar, hvað nýbýlin hafa verið stofnuð mörg undanfarin ár. Það hafa verið stofnuð og styrkt nýbýli á jörðum, sem menn hafa sett í eyði til þess að koma þeim undir nýbýlastyrkinn. Það var ólifandi á þeim, eins og þær voru. Þeir gátu ekki fengið neina aðstoð til að koma jörðunum í það horf, að það væri búandi á þeim, og þeir hættu að búa á þeim 1—2 ár, og þær fóru í eyði. Svo komu þær aftur í byggð sem nýbýli. Þetta sjónarmið hverfur og nýbýlunum fækkar þess vegna, þegar þetta frv. verður að lögum. Í öðru lagi má líta svo á, þar sem hvort tveggja er ákveðið, 25 þús. kr. styrkur á nýbýlið og 1½ millj. alls, að ef þessi 1½ millj. ekki nægir til að láta hvern nýbýling fá 25 þús., að það sé skylda að koma með aukafjárveitingu fyrir því, sem á vantar. Nýbýlingurinn á rétt á 25 þús. kr., og hann á ekki að gjalda þess, þó að frv. geri ekki ráð fyrir meiru. Það er líkt og með jarðræktarlögin. Þetta er upphæð, sem er nánast áætlun og ómögulegt er að segja hver verður, því að það fer á hverjum tíma eftir því, hve nýbýlin eru mörg, sem byggð eru. Þess vegna held ég, að það sé alger óþarfi að koma með þessa till. og langt frá því, að það *eigi að fara að láta hana verða til þess* að stofna málinu í tvísýnu.

Hin till. mun vera sú að hækka í 43. gr. 2½ millj. upp í 5 millj. Þetta er framlag til byggingarsjóðs. Ég held, að þetta sé alger óþarfi. Ég held meira að segja, að byggingarsjóði sé sæmilega vel séð fyrir fé. Hann á að fá vissa upphæð árlega úr almenna húsnæðissjóðnum, tekjunum, sem þar koma inn, og með henni og

þeim tekjum, sem hann annars hefur og fær eftir frv., þó að ekki sé nema 2½ millj., þá held ég, að hann sé alveg ugglaus með að geta veitt þeim, er óska, byggingarlán. Það eina, sem kynni að gera það að verkum, að hann gæti það ekki, væri það, að inn í þetta frv. er sett ákæði um, að á nýbýlunum sé hægt að fá lán til byggingar útihúsa úr nýbyggingasjóði. Menn hafa fengið þau úr ræktunarsjóði. Hvað mikið þetta verkar, veit ég ekki. Ég veit ekki heldur, hver muni verða framkvæmdin, því að þessir menn geta núna fengið lán úr báðum stöðunum, bæði úr ræktunarsjóði eða annaðhvort úr ræktunarsjóði eða byggingarsjóði. En ég held ekki, þó að útihúsin á nýbýlunum færist yfir á byggingarsjóðinn, að það sé nein hætta á því, að hann verði fjárvana. Við verðum að gá að því, að það er ekki eftir að byggja upp íbúðarhús nema á milli 20 og 30% af sveitajörðum í landinu, á hinum eru komin hús núna á síðustu árunum, sem talin eru sæmileg, og því ekki líkur til, að það verði byggt eins ört og verið hefur. Ég held þess vegna, að þessi tillaga sé líka algerlega óþörf og eigi ekki að samþykkjast.

Það eru þess vegna ekki nema tvær brtt., sem ég mæli fyrir, brtt., sem nefndin stendur öll að, og brtt., sem við höfum nokkurn veginn vissu fyrir að ekki tefja framgang málsins, en málið þarf og á að ná fram að ganga á þessu þingi.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Eins og fram kom af ræðu hv. frsm., voru allir nm. í landbn. mjög vel sammála um meginatriði þessa frv., enda ákváðu þeir að gefa út sameiginlegt nál. Nefndarmenn töldu allir frv. hið merkasta og mikilvægasta og voru ákveðnir í því að tefja það ekki um of á leið sinni um Ed., heldur gera sitt ýtrasta til þess að greiða fyrir framgangi þess á þinginu, sem nú situr. Hins vegar var snemma sýnt, að frv. þurfti aftur til Nd. til smálagfæringar, eins og hv. frsm. gerði grein fyrir.

Þá skýrði frsm. og frá því, að nm. hefðu talið æskilegra að íhuga frv. frekar og jafnvel gera á því nokkrar efnisbreytingar, en fallið frá því af ótta við, að það mundi tefja um of framgang málsins. Það varð því ekki úr, að bornar væru fram neinar stórvægilegar breytingar á frv. Hins vegar höfum við hv. 2. þm. Árn. og ég flutt brtt. á þskj. 510 við þetta frv. Eru þessar till. fluttar til samræmis við till. mþn., sem frv. samdi, en breytt hefur verið af öðrum.

Við umræður **málsins** hér á þingi hefur það greinilega komið **fram**, að frv. þetta er lagt fyrir þingið í **allbreyttu** formi frá því, sem mþn. gekk frá því. Þrátt fyrir eftirgrennslanir hefur það ekki fengizt upplýst, hverjir breyttu frv., hvað þá heldur, að sýnt hafi verið fram á það, að sú breyting hafi verið gerð af færari mönnum og vinveittari landbúnaðinum en þeim fimm mönnum, sem voru í mþn. og vitað er að eru meðal allra færustu manna í öllu því, er að landbúnaði lýtur.

Þessar brtt. okkar eru við 26. gr. frv., á þá leið, að til framlags til íbúðarhúsabygginga verði varið 2 millj. kr. á ári, eins og mþn. lagði til. Í öðru lagi, að framlag til byggingarsjóðs skv. 43. gr. frv. sé fært til samræmis við tillögur mþn., er miðast við það, að lán til íbúðarhúsabygginga sveitanna geti orðið minnst 100 þús. kr.

Hv. frsm. drap reyndar á það, að tillögur þessar, okkar tvímenninganna, væru fyrst og fremst fluttar til að sýna þær. Ég ætla ekki að fara að rökræða þetta við hann. Hins vegar var það alveg rétt, sem hann sagði, að við vonum, að þessar till. verði ekki til að tefja framgang frv. og að þær verði ekki sérstakt deilumál, en að baki þeim stendur eindreginn vilji okkar til að fá þær samþykktar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
4.—13. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
15.—17. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 509,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
19.—22. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
23.—25. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 510,1 felld með 11:3 atkv.
26.—30. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
31.—41. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
42. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 510,2 felld með 10:5 atkv.
43.—52. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
53.—55. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
56.—58. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
59.—64. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 509,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
65. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
66.—75. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
76.—85. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
86.—90. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 529).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 98. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 99. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Landbn. hefur athugað þetta frv. og þær breytingar, sem hafa verið gerðar á því í hv. Ed., en þessar breytingar eru ákvæði, sem skýra að nokkru leyti leigukjör þeirra, sem nýbýlin taka á leigu, og hins vegar er gerð breyting á ræktunarsjóðslögunum til samræmis við breytingu, sem gerð var hér í hv. Nd. við 2. umr. þessa máls. N. mælir með því, að þessar till. verði samþ.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 559).

32. Tollskrá o. fl. (stjfrv. um breyt. á l. nr. 90/1954).

Á 40. fundi í Sþ., 27. febr., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl. [128. mál] (stjfrv., A. 299).

Á 63. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Fjmrn. berast árlega mörg erindi varðandi tollskrána. Það er vandlega farið yfir þessi erindi og athugað, hvort ástæða sé til að verða við þeim óskum, sem þar koma fram. Undanfarið hefur það verið svo, að árlega hefur þótt ástæða til að sinna einhverju af þessum erindum, og hefur því tollskrárlögunum verið breytt svo að segja á hverju ári nokkuð. Hefur verið venja að safna þessum erindum saman og taka til greina í einu lagi það, sem ástæða þykir til.

Nú hefur verið safnað hér í þetta frv. nokkrum atriðum, sem ráðuneytið gerir till. um að breyta. Ég ætla ekki að rekja einstök atriði frv., þar sem það er gert nokkuð ýtarlega í athugasemdum við það, auk þess sem hv. fjhn. að sjálfsögðu getur fengið frekari upplýsingar hjá ráðuneytinu, ef hún óskar eftir, um einstaka liði þess. En ég vildi aðeins með örfáum orðum skýra, hvernig á frv. stendur, og leggja til, að því verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 299, n. 336).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Ég vil byrja með því að biðja hv. þm. að athuga og leiðrétta helzt prentvillu, sem er í 2. málsgr. nál. á þskj. 336. Þar stendur „netjavöru“, að vörumagnstollur á netjavöru verði felldur niður. Það átti að vera og var skrifað í handritinu „netjatjöru“, sem 1. brtt. n. ber líka með sér, en þar sem þessi prentvilla er ekki í brtt., heldur aðeins í nál., sá ég ekki ástæðu til að láta prenta nál. upp vegna þessarar breytingar.

Með því frv., sem hér liggur fyrir um breytingar á lögunum um tollskrá o. fl., er ætlazt til, að gerðar verði nokkrar breytingar á tollskránni. Engin þeirra er neitt stórvægileg, en í ljós hefur komið við reynsluna, að breyta þurfti nokkrum atriðum. Auk þess hafa fjmrn. borizt nokkur erindi um breyt. á tollskránni, sem það hefur fallizt á.

Um efni frv. að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða, heldur tel nægja að vísa til ýtarlegrar grg., sem því fylgir og hv. þm. hafa sjálfsagt kynnt sér.

Fjhn. d. ræddi frv. á þrem fundum. Hún bar það saman við gildandi tollskrá. Einnig las hún erindi frá Félagi íslenzkra iðnrekenda, og á síðasta fundi n. um málið mætti þar Sigtryggur Klemenzson ráðuneytisstjóri og ræddi við n. um málið og ýmsar breytingar, og afgr. n. málið í fullu samráði við hann.

Eins og nál. fjhn. á þskj. 336 ber með sér, leggur n. til, að frv. verði samþ. með nokkrum breytingum. Einn nm., hv. 6. þm. Reykv. (GTh), skrifar þó undir nál. með fyrirvara, og gerir hann sjálfsagt grein fyrir honum. Hugsa ég, að hv. þm. Vestm. (JJós) hafi raunverulega sama fyrirvara, þó að nál. beri það ekki með sér.

Skal ég nú þegar víkja með nokkrum orðum að brtt., sem n. ber fram í nál. sínu.

1. brtt. n. er við 1. gr. frv. og er í þremur stafliðum með undirliðum. Stafliður a er um það, að vörumagnstollur á netjatjöru verði felldur niður og verðtollur á þeirri vöru lækki úr 8% í 2%. Er till. borin fram samkvæmt ósk Félags íslenzkra iðnrekenda, enda er hún til hagsmuna fyrir þennan iðnað, netjagerð.

B-liðurinn er um svampgúmmí, að hækka verðtoll á því úr 8% í 30%. Er hér farið fram á tollvernd fyrir framleiðslu fyrirtækis, sem býr til dýnur, setur o. þ. h. úr hrágúmmíi. Sanngjarnt virðist, að fyrirtæki þetta njóti sömu tollverndar og önnur svipuð fyrirtæki. Er því lagt til, að verðtollurinn af hlutum, sem fyrirtækið býr til úr hrágúmmíi, verði hækkaður úr 8% í 30%, eins og ég sagði áðan. Félag ísl. iðnrekenda er með þessari breytingu.

C-liðurinn undir tölulið 1 er um að lækka verðtoll á helztu hljóðfærum og hlutum til þeirra úr 50% í 30%. Tilefnið til þess, að n. bar fram þessa brtt., er það, að fyrr á þinginu báru þeir hv. þm. N-Ísf. (SB) og hv. 6. þm. Reykv. (GTh), fram frv. á þskj. 22 um að fella niður alla tolla af þessum hljóðfærum, sem greinir í brtt., og fleiri áhöldum, sem tæplega verða talin til hljóðfæra, a. m. k. sum þeirra. N. ræddi þetta frv. á þskj. 22 samhliða því frv., sem fyrir liggur. Meiri hl. n. gat ekki fallizt á að ganga svo langt sem þetta frv. á þskj. 22 fer fram á. Það má að vísu játa, að gaman gæti verið að fella niður toll af þeim hljóðfærum, sem eru til menningarauka, en sama má að sjálfsögðu segja um fjöldamargt annað, að það væri gaman að geta afnumið tolla af ýmsu, sem menn þó neyðast til að tolla vegna þarfa ríkissjóðs.

N. vildi þó ganga nokkuð til móts við hv. flm. þessa frv., og þess vegna ber hún fram þá brtt., sem ég var nú að lýsa. Hins vegar sá nefndin ekki ástæðu til að lækka tolla á öllu því, sem frv. á þskj. 22 ætlast til að verði tollfrjálst. T. d. sér hún ekki ástæðu til þess að lækka toll á grammófónum, sem eitt af okkar helztu skáldum kallar „glymskratta“, eða harmonikum og öðru þess konar og ekki heldur grammófónplötum og þess konar. Ég lít svo á fyrir mitt leyti, að þessi áhöld séu sízt til þess

fallin að efla tónlist í landinu, heldur jafnvel þvert á móti. Ég er ekki tónlistarmaður og ætti kannske ekki að fjölyrða mjög um tónlistarmál. En eftir því hef ég þó tekið, að það kemur varla fyrir, að maður heyrist raula lag nú á dögum, nema söngflokkar syngja þó enn þá. Sama er að segja um það, að ég held, að það dragi mjög úr því, að ungt fólk læri að leika á hljóðfæri. Ég held, að þetta stafi mikið af því, að eins konar gervitónlist tíðkast með því að setja af stað grammófóna, eða „glymskratta", og svo auðvitað einnig vegna þess, að menn hlusta á tónlist í útvarpinu. Það er stefna tímanna að hafa sem allra minnst fyrir öllu, og þess vegna þykir mönnum þægilegra að hlusta á slíka tónlist heldur en að leggja það á sig að læra að spila á hljóðfæri og nota það í heimahúsum. Ég efast um, að þessi þróun sé til bóta og menningarauka.

Með þessari till. n., c-lið 1. brtt. með undirtöluliðum, lít ég svo á, að n. hafi að fullu afgr. frv. á þskj. 22, m. ö. o., þessi till. er afgreiðsla n. á því frv.

Þá er 2. brtt. við 2. gr., sem er um það að láta koma til framkvæmda tollfrelsisákvæði alþjóðasamnings frá 25. sept. 1956 um sameiginlega greiðslu kostnaðar af tiltekinni flugþjónustu á Íslandi. Í stað millirikjasamnings frá 30. apríl 1947 varðandi Lóranstöðina á Reynisfjalli og samnings frá 16. sept. 1948 varðandi radioflugþjónustuna var gerður nýr samningur um þessi atriði 25. sept. s. l. Í hinum nýja samningi er gert ráð fyrir sömu tollfríðindum og voru í hinum eldri samningum.

Með þessari breytingu á 3. gr. tollskrárlaganna er ætlazt til, að tollfrelsisákvæði hins nýja samnings fái lagagildi.

Þá er að lokum 3. brtt., í tveimur stafliðum, a og b. Hún er í stuttu máli um það, að aðflutningsgjöld skuli innheimta í heilum krónum, þannig að 50 aurar og þar fram yfir telst ein króna, en minni upphæð sé sleppt. Þetta munu allir sjá að er til hægðarauka og öryggis í tollheimtunni, að innflutningsgjöld séu innheimt í heilum krónum. En um leið verður að fella niður lágmarksákvæðið í 7. gr. tollskrárlaganna, sem aðeins hefur gilt um vörumagnstoll.

Þess skal að lokum geta, að mér hafa borizt tilmæli um breytingu á frv., síðan nál. var gefið út. Mun ég bera þau tilmæli undir n. á milli umræðna, en við þessa umr. legg ég til f. h. nefndarinnar, að frv. verði samþ. með brtt. á þskj. 336.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að þakka hv. fjhn. fyrir það, að hún hefur í brtt. sínum við frv. það, sem hér liggur fyrir, tekið nokkurt tillit til breytingartillagna þeirra, sem fólust í frv. mínu og hv. 6. þm. Reykv. (GTh), sem flutt var fyrr á þessu þingi, um niðurfellingu tolls af hljóðfærum.

Hv. fjhn. leggur til í brtt. sínum við þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr., að upp í það verði teknar till. um að lækka toll á flygelum og pianóum, hlutum til flygela og pianóa, enn fremur af orgelum og harmoníum, hlutum til þeirra og strengjahljóðfærum og hlutum til þeirra. Enn fremur er lagt til, að fjmrn. verði heimilað að fella alveg niður verðtoll af orgelum til kirkna og hljóðfærum, sem flutt eru inn til notkunar við kennslu í skólum.

Þessi brtt. mun þýða það, að verðtollur á fyrrgreindum hljóðfærum og hlutum til þeirra lækkar úr 50% í grunn í 30% í grunn.

Fyrir þessar till. vil ég þakka hv. fjhn. Ég harma að vísu, að ekki hefur náðst samkomulag um að fella algerlega niður tolla af þessum menningartækjum. Ég hef bent á það í sambandi við þetta mál, að bækur, bæði skólabækur og allar aðrar bækur, sem inn eru fluttar, eru algerlega tollfrjálsar.

Það væri mjög eðlilegt, að sami háttur yrði á hafður um hljóðfærin og hluta til þeirra og enn fremur um hljómlistartæki eins og grammófóna. Hv. frsm. fjhn. vildi nú, að því er mér virtist, ekki telja slík tæki til hljómlistartækja og taldi algerlega ástæðulaust að fella niður af þeim toll. Sama taldi hann gilda um harmonikur.

Ég get nú ekki fallizt á þessa skoðun. Grammófónar eru ákaflega þýðingarmikil og áhrifamikil tónlistartæki. Einmitt þeir hafa gefið almenningi kost á að njóta ágætrar og sígildrar tónlistar, sem ekki er yfirleitt kostur á að heyra leikna hér heima. Það er óhætt að fullyrða það, að aukin almenningseign á grammófónum hefur mjög stuðlað að þroska tónlistarsmekks í landinu, sem birtist m. a. í því, að sífellt er keypt meira og meira af grammófónplötum með sígildri og góðri tónlist.

Og svo ég taki einnig upp hanzkann fyrir harmonikuna, þá hefur hún um langt skeið verið eitt vinsælasta alþýðuhljóðfæri hér á landi og raunar víðar. Ég verð að segja það, að mér finnst það fyllilega eðlilegt, að hún fylgi með, þegar gerð er till. um það hér á hv. Alþingi að létta tollum af hljóðfærum.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en ég endurtek þakklæti mitt til hv. fjhn. fyrir það, að hún skuli hafa komið þetta til móts við okkar till. Ég vænti hins vegar, að þróunin muni ganga í þá átt, að þessi menningartæki öll verði gerð gersamlega skattfrjáls eins og bækur, sem fluttar eru til landsins frá útlöndum.

Fyrsta sporið hefur verið stigið. Ísinn hefur verið brotinn. Það, sem á eftir kemur, verður vænti ég í nánustu framtíð algert tollfrelsi hljóðfæra og að það verði á þau litið sem menningartæki, sem hinu opinbera beri frekar að stuðla að, að þjóðin eignist, heldur en að hindra allan almenning í því að kaupa þau með gífurlegum tollaálögum.

Ég geri mér von um það, að alveg á næstunni muni nýir sigrar vinnast í baráttunni fyrir því, að almenningur á Íslandi geti eignazt hljóðfæri, geti þroskað sinn hljómlistarsmekk og geti notið yndis af því að iðka tónlist.

ATKVGR.

Brtt. 336,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 336,2 samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 336,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 78. fundi í Ed., 28. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 350, 362).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls gat ég þess, að eftir að fjhn. hafði skilað áliti sínu, bárust til mín erindi viðvíkjandi frv., aðallega frá iðnfyrirtækjum, sérstaklega fyrirtækjum, sem gera net, veiðinet, og líka fleirum. Ég gat þess, að n. mundi fyrir 3. umr. athuga þessi erindi, og auk þess veitti ég því athygli, þó að ég ekki nefndi það í það skipti, að það hafði orðið galli á brtt. n. við 2. umr., sem sjálfsagt var að laga. Kem ég að því síðar. N. hefur því athugað málið á milli umræðnanna, og árangurinn af þeirri athugun er brtt., sem hún flytur á þskj. 362.

Brtt. eru tvær, við 1. gr. og við 2. gr., en hvor þeirra um sig í fleiri stafliðum. Ég skal nefna, í hverju þessar brtt. eru fólgnar.

A-liður fyrri till. er um það, að á eftir, þar sem stendur netjatjara, komi: og netjalitur, m. ö. o. að sami tollur verði á netjalit og á netjatjöru. Er það gert til þess að létta undir með þessari framleiðslu.

Þá er b-liðurinn um það að lækka toll á efni, sem kallað er plastflot, til netjagerðar úr 7 aura vörumagnstolli í 2 og úr 8% verðtolli í 2.

Þá er c-liðurinn. Það er um plötur, þræði og stengur, ótalið annars staðar. Við 2. umr. var samþ. að hækka toll á plötum úr svampgúmmíi úr 8% verðtolli í 30%. Þetta var og er hugsað sem verndartollur fyrir fyrirtæki, sem býr til plötur úr svampgúmmíi. En skógerðir kvörtuðu um það, að við þetta hækkaði einnig tollur á svampgúmmíi til skógerðar. Það var alls ekki meining n., að með þessu væri hækkaður tollur á efnivörum til iðnaðar, að öðru leyti en því, hvað þennan verndartoll snertir. Þess vegna leggur n. til, að svampgúmmí til skógerðar verði haft sérstakt og tollað eins og verið hefur, 7 og 8, en annað svampgúmmí verði, eins og áður var ákveðið, 7 og 30. Með því er ekki hallað á skógerðir, eins og virtist mundu verða með því, að frv. færi óbreytt eins og það var samþ. við 2. umr.

Þá er d-liðurinn. Þar er till. um að lækka toll á nótablýi úr vörumagnstolli 2 og verðtolli 8% í engan vörumagnstoll og 2% verðtoll.

Þá kem ég að e-liðnum, en þar er um leiðréttingu að ræða á breytingu, sem gerð var við 2. umr., en hafði mistekizt. Þegar samþ. var við 2. umr. að lækka verðtoll á tilteknum hljóðfærum, flygelum og píanóum og orgelum og harmoníum úr 50% í 30%, þá fylgdu í ógætni hlutar til þessara hljóðfæra með. En það var engin lækkun á verðtolli þessara hluta. Hér er því till. um að leiðrétta þetta og í staðinn fyrir 30%, sem nú er í frv. verðtollur á þessum hlutum, komi 15%. Þessu var nefnilega breytt í tollskránni frá 1954, en í ógætni var miðað við eldri tollskrá, þegar till. var gerð við 2. umr.

Þá kem ég að 2. brtt., við 2. gr. frv. Það er a- og b-liður, sem eru um sama efni, það að heimila ríkisstj. að innheimta sömu aðflutningsgjöld af hvalveiðaskutlum, hvalveiðabyssum og skotfærum til þeirra og öðrum veiðarfærum. Þessi áhöld til hvalveiða teljast með ýmsum svipuðum áhöldum víðs vegar um tollskrána, t. d. skotfæri og byssur. Þess vegna þótti hentugra að vera ekki að breyta tollskránni sjálfri á þessum stöðum og undanþiggja þessi áhöld, ef til hvalveiða væru ætluð, heldur að veita ríkisstj. heimild til þess að innheimta toll af þessum áhöldum eins og öðrum veiðarfærum, m. ö. o. að lækka toll á áhöldum til hvalveiða. Hvalveiðar eru, eins og menn vita, orðnar töluverður atvinnuvegur hér á landi, og er sjálfsagt rétt, að sú framleiðslugrein njóti sömu *hlunninda og aðrar veiðar*, því að það virðist vera sama, hvort Íslendingar fá gjaldeyristekjur af hval eða fiski, síld eða hverju sem er, sem þeir afla.

Ég þykist svo ekki þurfa að orðlengja frekar um þessar brtt., en vona, að hv. d. fallist á þær.

ATKVGR.
Brtt. 362,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 362,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 77. fundi í Nd., 29. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 384).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það fer ævinlega svo, að nauðsynlegt er að breyta lögum um tollskrá stöku sinnum. Mörg erindi berast um þessi efni stöðugt, og breyttar ástæður valda því oft, að það verður að breyta gildandi ákvæðum í einstökum atriðum. Það er venja að safna saman í frv. þeim breytingum, sem fjmrn. og ráðunautum þess sýnist nauðsynlegt að lögfesta, leggja síðan fyrir af og til frv. um breytingu á tollskrárlögunum. Hefur nú orðið að ráði að gera tillögu um nokkrar breytingar á tollskránni, sem lagðar voru fyrir hv. Ed. í þessu frv. Enn fremur hefur hv. Ed. bætt nokkrum ákvæðum inn í þetta frv., þó ekki mörgum, eftir að nefnd fjárhagsmála þar í d. hafði skoðað málið og ýmis erindi, sem fyrir lágu, og ráðgazt um þau við fjmrn.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að gera grein fyrir þessu máli í einstökum atriðum. Ég vildi aðeins benda á, hvernig það er til komið, en leyfa mér að leggja til, að því verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 384, n. 456, 457).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta um breytingar á tollskrárlögunum er stjórnarfrv., upphaflega flutt í hv. Ed. Í athugasemdum með frv. er gerð glögg grein fyrir þeim breytingum, sem frv. fól í sér, eins og það var, þegar það var lagt fyrir þingið, og sé ég ekki ástæðu til að skýra það nánar. Ég vil hins vegar fara nokkrum orðum um breytingar, sem hv. Ed. gerði á frv.

Lækkaður er tollur af netjatjöru og netjalit samkv. ósk iðnrekenda til hagsmuna fyrir innlenda netjagerð. Sú breyting er í 1. tölulið 1. gr.

Samkv. 4. tölulið er lækkaður tollur á plastfloti til netjagerðar. Mun vera farið að nota slíkt efni í staðinn fyrir kork, og þykir því rétt að láta sömu reglur gilda um toll af því. Hef ég fengið þær upplýsingar hjá fjmrn., að önnur aðflutningsgjöld af plastfloti til netjagerðar muni einnig verða ákveðin eins og af netja- og nótakorki.

Í 5. tölulið er hækkaður verðtollur á svampgúmmíi, sem notað er til annars en skógerðar. Er þetta til verndar fyrir innlent fyrirtæki, sem býr til dýnur, setur og fleira úr þessu efni og er talið, að þetta sé í samræmi við tollvernd, sem önnur svipuð fyrirtæki njóta fyrir sína framleiðslu.

13. töluliður er um lækkun á nótablýi, svo að sami tollur reiknist af því og tilbúnum sökkum úr blýi. Ráðuneytið telur unnt að framkvæma þetta þannig, að lækkunin komi aðeins á blý, sem notað er á þennan hátt.

Í 16. tölulið er ákveðin lækkun verðtolls á helztu tegundum hljóðfæra.

Auk þeirra breytinga á 1. gr. frv., sem hér hafa verið nefndar, gerði hv. Ed. tvær breytingar á 2. gr. Sú fyrri er um að láta koma til framkvæmda tollfrelsisákvæði alþjóðasamnings frá 1956 um sameiginlega greiðslu kostnaðar af tiltekinni flugþjónustu á Íslandi. Hin breytingin er heimild til að innheimta sömu aðflutningsgjöld af hvalveiðaskutlum, hvalveiðabyssum og skotfærum til þeirra eins og af öðrum veiðarfærum, en sumt af þessum áhöldum mun nú vera í hærri tollflokkum en önnur veiðarfæri.

Loks samþykkti Ed., að aðflutningsgjöld skyldi innheimta í heilum krónum. Er ákvæði um þetta í 4. gr. frv., eins og það nú liggur fyrir, og ákvæði 3. gr. frv. er um breytingu, sem snertir sama atriði.

Fjhn. þessarar deildar hefur athugað frv., og í nál. á þskj. 456 mælir hún með samþykkt þess. En á þskj. 457, sem útbýtt var ásamt nál. á þessum fundi, flytur nefndin till. um breytingar á frv., og eru þær till. fram bornar eftir tilmælum ráðuneytisins.

Fyrri brtt. er um hljóðfæratollinn. Er þar lagt til, að tollur á blásturshljóðfærum og harmonikum og hlutum til þeirra verði sá sami og á pianóum og orgelum og hlutum til þeirra.

Síðari till. á þskj. 457 er um breytingu á staflið v í 3 gr. tollskrárlaganna. Sá staflið er nú svo hljóðandi: „Heimilt er að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld af farartækjum fyrir lamað og bæklað fólk svo og af gervilimum, sem ekki verða gerðir hér á landi, enda sé þörf þess brýn fyrir þessar vörur, sönnuð með læknisvottorði og meðmælum heilbrigðisstjórnarinnar."

Samkv. þessu heimildarákvæði hafa lamaðir og bæklaðir menn fengið eftirgjöf á aðflutningsgjöldum af farartækjum, og hefur þar verið farið eftir úrskurði tryggingayfirlæknis um þörf þeirra.

Nú þótti hins vegar ástæða til að breyta heimildinni, m. a. á þann hátt, að unnt væri að láta fleiri en þá, sem eru lamaðir eða bæklaðir, njóta slíkrar fyrirgreiðslu, ef þeir væru haldnir þannig sjúkdómum, að þeir hefðu brýna þörf fyrir farartæki og slíka aðstoð við að eignast þau. Fékk því ráðuneytið 6 menn í nefnd til að íhuga þetta mál og gera till. um það. Í n. áttu sæti þessir menn: Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir, Haukur Kristjánsson læknir, Þórður Benediktsson forstjóri Sambands íslenzkra berklasjúklinga, Jón Ólafsson forstjóri bifreiðaeftirlits ríkisins og tveir stjórnarráðsfulltrúar, þeir Baldur Möller og Jón Skaftason.

Er till., sem hér er flutt af fjhn. eftir beiðni ráðuneytisins, í aðalatriðum byggð á áliti þessarar sex manna nefndar. Hæstv fjmrh. kom á fund fjhn. til að ræða um þetta mál og skýra það, og lét hann fjhn. hafa álit sex manna nefndarinnar til athugunar.

Brtt. um þetta efni, sem er síðari till. á þskj. 457, er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

V-liður 3. gr. tollskrárlaganna orðist svo:

„Að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld á allt að 50 bifreiðum árlega fyrir fólk með útvortis bæklanir eða lamanir, enn fremur fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma og loks fólk, sem þjáist af afleiðingum slysa, allt á svo háu stigi, að það getur ekki farið ferða sinna án farartækis. Enn fremur að fella niður aðflutningsgjöld af hjólastólum og gervilimum, enda sé þörf fyrir þessar vörur sönnuð með nákvæmu læknisvottorði. Eftirgefin aðflutningsgjöld af hverri einstakri bifreið mega ekki nema hærri fjárhæð en kr. 40000.00."

Þannig hljóðar 1. mgr. brtt.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir því, að fjmrh. skipi þriggja manna nefnd, sem úrskurði umsóknir um eftirgjöf aðflutningsgjalda af bifreiðum, og er ákvörðun n. fullnaðarúrskurður um þetta efni, segir í till. Þessir nm. þrír eiga allir að vera læknar, einn skipaður eftir tilnefningu Sambands ísl. berklasjúklinga, annar eftir tilnefningu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og sá þriðji án tilnefningar.

Till. þessi um nefndarskipunina er samhljóða till. sex manna nefndarinnar, sem ég áður gat um, um það atriði.

Samkvæmt því, sem ég hef hér tekið fram, er það till. fjhn., að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem nefndin ber fram till. um á þskj. 457.

Þess má að lokum geta, að þegar fjhn. afgreiddi málið, höfðu einstakir nm. orð á því,

að þeir mundu ef til vill íhuga einstök atriði frv. nánar fyrir 3. umr., en ekki get ég sagt um það nú, hvort það leiði til þess, að nokkrar brtt. verði þá fram bornar.

ATKVGR.
Brtt. 457,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 457,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 467, 482, 491, 492).

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég flyt till. á þskj. 482 ásamt hv. þm. Borgf. um breytingu á aðflutningsgjöldum fyrir vélar í fiskiskip og sjálfvirkar flökunarvélar.

Fyrir þinginu liggja tvö frv. um þetta efni, sem bæði hafa að líkindum vistazt í fjhn. d., en ekki hafa fengið þar afgreiðslu enn. Ég er flm. að öðru ásamt hv. þm. Snæf., hitt frv. flytja þm. Borgf., Snæf. og G-K.

Við þessa till. okkar á þskj. 482 hefur svo komið önnur brtt. frá hv. 1. þm. Rang. og þm. A-Húnv. um, að landbúnaðarvélum sé bætt við upptalninguna.

Ég skal þá fyrst minnast á flökunarvélarnar, sem gert er ráð fyrir í frv. að fái tímabundið afnám aðflutningsgjalda.

Eins og ég gat um í framsöguræðu minni fyrir því frv., kosta þær flökunarvélar, sem nú hafa verið pantaðar til landsins, sumar af þeim komnar, um 30 millj. kr. hér á höfn. En viðtakendur, sem allir starfa að sjávarútvegi eða vinnslu sjávarafurða, verða að borga 10½ millj. kr. til viðbótar þessum 30, sem vélarnar kosta, fyrir aðflutningsgjöld, að mestu leyti til ríkissjóðs. Þegar verið er að reyna að bæta vinnubrögð þeirra fyrirtækja, sem vinna úr sjávarafurðum, og verið er að reyna að koma sjávarútveginum úr þeim taprekstri, sem hann nú er í, virðist það skjóta nokkuð skökku við, að einmitt þau stórvirku tæki, sem eiga að hjálpa til að gera vöruna ódýrari til útflutnings, eru tolluð svo gífurlega eins og hér ber raun vitni. Þriðjung af andvirði þessara véla verða móttakendur að greiða sem tolla til ríkissjóðs. Um bátavélarnar hefur lengi verið rætt í þessu sambandi, og eins og allir vita, hefur nú upp á síðkastið verið þannig, að menn hafa sent bátana til útlanda til að fá vélar settar í þá, aðeins til þess að losna við aðflutningsgjöldin af vélunum. Bátavélar eru að vísu í lágum grunntolli, eins og verið hefur. Það eru 2% verðtollur og 2 aurar af hverju kílói, en þær eru ekki, eftir því sem ég get bezt séð, undanþegnar því 11% aðflutningsgjaldi, sem sett var á í vetur um nýárið, svo að gjöld af þessum vélum til ríkissjóðs nema um 15% af andvirði þeirra, komnum hingað á höfn, eftir því sem ég get bezt séð.

Sama máli gegnir um dráttarvélar. Mér skilst, að greiðsla til ríkissjóðs fyrir innflutning á þeim muni nema tæpum 15%. Hins vegar eru dráttarvélarnar undanþegnar 11% gjaldinu, en hafa 8% grunngjald, sem setur hvorar tveggja þessar vélar á sama bekk, ef svo mætti segja. En þó að aðflutningsgjöld séu hér há, þá held ég að menn séu yfirleitt þeirrar skoðunar, að ekki eigi að tolla, hvorki til landbúnaðar né sjávarútvegs, þau frumtæki, sem þessir atvinnuvegir þarfnast.

Landbúnaðarvélarnar eru betur settar, vegna þess að þær eru undanþegnar sérstaklega 11% gjaldi, sem lagt var á í vetur. Það er því orðið talsvert misræmi í þessu hvað landbúnaðarvélar og dráttarvélar snertir og hins vegar bátavélarnar.

Við vonum þess vegna, að hv. þm. sjái sanngirnina í því að létta tollum af þessum tækjum, sem brtt. fjallar um.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru nokkur orð út af þessari brtt. eða breytingartillögum, sem hv. síðasti ræðumaður talaði hér fyrir. — Það vita allir hv. þm. og allir landsmenn, að sá háttur hefur verið á hafður nú nokkuð lengi að draga saman stórfé í uppbótasjóð með aðflutningsgjöldum í stað þess að breyta skráðu gengi krónunnar. Þetta er það, sem hefur gerzt. Mikill hluti framleiðslunnar hefur alls ekki getað lifað við það gengi, sem skráð er, og þá hefur sá háttur verið á hafður að draga saman fé með aðflutningsgjöldum og setja í sjóð til þess að veita uppbætur fyrir útflutningsframleiðsluna. Það er þess vegna á allra vitorði og náttúrlega ekki sízt hv. þingmanna, að það er ekki hægt að líta á aðflutningsgjöld hér í þessu landi eins og nú er komið öðruvísi en svo, að mikill hluti þeirra er blátt áfram eins konar gengisálag, sem lagt er á innflutninginn. Það er nú orðið þannig, t. d. í þeim dæmum, sem fjallað er um í þessari brtt., að minnstur hluti þessara gjalda fer til ríkisins eða ríkissjóðs, heldur renna þau inn í þennan uppbótasjóð.

Nú getur það náttúrlega verið álitamál, hvernig þessu eigi að haga. Það væri hugsanleg sú leið að hafa uppbætur á vissar útflutningsvörur lægri en ella og undanþiggja þá allar vörur, sem hlutaðeigandi útflutningsgrein notar til rekstrarins, aðflutningsgjöldum. Afleiðingin af þessu mundi náttúrlega verða sú, að allar þær vörur, sem þessi útflutningsgrein þyrfti til sinna þarfa, væru keyptar inn við óeðlilega lágu gengi, þær væru í raun og veru borgaðar stórkostlega niður við innflutninginn. Það er það, sem þá gerðist. En það er líka hægt að hafa þann háttinn á að undanþiggja ekki nema sumar vörur, sem útflutningsgreinarnar þurfa, aðflutningsgjöldum, leggja á þær útflutningsgjöld að einhverju leyti eins og annað, en hafa þá útflutningsuppbæturnar þeim mun hærri. Og þannig hefur dæmið verið sett upp hér að sumu leyti. Margar af notaþörfum útflutningsframleiðslunnar eru alveg undanþegnar gjöldum. Sumar eru undanþegnar þeim að nokkru leyti þannig séð, að þær eru settar í lága flokka. Síðan er dæmið sett upp miðað við þann framleiðslu-

kostnað, sem fram kemur skv. þessu fyrirkomulagi, og greiddar útflutningsuppbætur miðaðar við þetta ástand, miðaðar við það, að framleiðslugreinarnar standi undir þessum gjöldum. Það er ekki hægt að slíta hér úr samhengi einstök atriði. Málið stendur sem sé á þessa lund í stórum dráttum skoðað, að hér er ekki nema að litlu leyti um venjulega tekjuöflun til ríkissjóðs að ræða, heldur eins konar álag, við getum kallað það gengisálag, til þess að bæta útflutninginn.

Nú er mjög svipað fyrirkomulag að þessu leyti eins og verið hefur, að ætlazt er til, að það sé greiddur tollur af vélum, sem ýmist rennur í ríkissjóð eða útflutningssjóð. Það hafa á undanförnum árum verið fluttar till. hér í þinginu um að breyta þessu og að undanþiggja t. d. mótorvélar og landbúnaðarvélar eða a. m. k. mótorvélar. En þær till. hafa ævinlega verið felldar, vegna þess að mönnum hefur ekki þótt það eðlilegt fyrirkomulag, að þær væru alveg undanþegnar, eða treyst sér til þess. Og þær tillögur hafa alltaf verið felldar af þeim, sem hafa stutt stjórnina, sem sé framsóknarmönnum og sjálfstæðismönnum, en fluttar af hinum, sem voru á móti stjórninni. Ég hef ekki fundið annað en að sjálfstæðismönnum hafi fundizt þetta alveg eðlilegt, að svona yrði þetta að vera. Nú aftur á móti horfir dálítið öðruvísi við. Nú eru sjálfstæðismenn komnir hér í stjórnarandstöðu og þá rjúka þeir allt í einu til og finnst sem þeir hafi nú uppgötvað, að það sé alveg óeðlilegt að greiða gjöld af þessum vörum, þessum vélum, til landbúnaðarins og til sjávarútvegsins, að sjálfsagt sé að fella þau alveg niður. Þeir flytja nú tillögu um þetta með rökum, sem þeir sjálfir hafa alls ekki viljað taka til greina á undanförnum árum.

Nú er þannig ástatt um þetta mál, að það er búið að setja hér upp útflutningssjóð og það er búið að setja hér upp fjárlög, sem gerir ráð fyrir tekjum af þessum innflutningi. Ég vil því segja, að það sé í hæsta máta ábyrgðarlaust, þegar svo er ástatt, að flytja till. um, að nú verði allt í einu þessir tekjustofnar felldir niður, og sannast að segja mun vera á allt annan hátt ástatt um tekjuhorfur yfirleitt hjá opinberum sjóðum en svo, að slíkt væri hægt að gera eða forsvaranlegt.

Ég vil svo til þess að gera hv. flutningsmönnum þessara tillagna nokkru hugarhægra, benda þeim á, að í vetur voru uppbæturnar hækkaðar mikið og útflutningssjóðurinn stækkaður og þá auknar álögur til þess að ná peningum í hann, en álögurnar á landbúnaðarvélarnar og bátamótorana voru látnar standa óbreyttar. Álögurnar á bátamótorana og landbúnaðarvélarnar eru því nú miklu lægri tiltölulega en þær voru í tíð fyrrv. stjórnar, þegar sjálfstæðismenn felldu ásamt okkur framsóknarmönnum sem óðast allar till. um að fella gjöldin niður. Það eru því tiltölulega miklu lægri álögur á þessar vélar nú en voru þá. Í haust var sem sé sú pólitík viðhöfð að hækka ekkert álögurnar á þessum vélum, þó að það væru stórhækkaðar álögur á flestar aðrar vörur.

Hv. frsm. benti á, að það hefðu verið nokkur vandkvæði í sambandi við álögur á bátavélar undanfarið, sem sé þau, að menn hefðu sótt á að fara til útlanda til þess að sækja vélar í báta sína vegna misræmis í tollgreiðslum af bátavélum. Ég vil benda honum á, ef hann hefur ekki tekið eftir því, að þetta misræmi hefur verið leiðrétt með því að ákveða, að það skuli greiða sama gjald af bátavélum, sem settar eru í báta erlendis, og þeim, sem inn eru fluttar. Er ekkert undantekið í því efni, nema þegar bátar koma nýir með nýjum vélum. Þess vegna er þetta ósamræmi úr sögunni, sem hefur valdið miklum vandkvæðum undanfarið. Ég vil þess vegna leyfa mér með þessum rökum að lýsa því yfir, að ég get ekki mælt með því, að þessi brtt. verði samþ., heldur verð ég þvert á móti að skora á menn að fella hana.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Fjhn. flytur eina brtt. við frv., og er hún á þskj. 492. Vil ég gera grein fyrir henni.

Í hv. Ed. voru gerðar nokkrar breytingar á frv., m. a. sú, að verðtollur á svonefndu svampgúmmíi, sem notað er til annars en skógerðar, var hækkaður úr 8% í 30%. Var þetta gert til verndar innlendu fyrirtæki, sem býr til dýnur, stólasetur og fleira úr líku efni, og var talið, að slík tollvernd fyrir þá framleiðslu væri eðlileg með hliðsjón af tollvernd, er framleiðsla annarra svipaðra fyrirtækja nýtur. En nú hafa komið mótmæli gegn þessari tollhækkun frá húsgagnaframleiðendum, sem telja sér hagkvæmara að kaupa útlent svampgúmmí heldur en innlendu framleiðsluna og telja sér íþyngt óeðlilega með hækkun tollsins. Hefur þannig komið fram, að hér rekast á hagsmunir tveggja iðngreina, þ. e. a. s. þess iðnaðarfyrirtækis, sem býr til margnefnt svampgúmmí, og húsgagnaframleiðendanna, sem telja sér hagkvæmt að geta flutt þessa vöru inn og vilja komast hjá að greiða hærri verðtoll en nú er ákveðinn í lögum.

Eftir að fjhn. hafði rætt við málsaðila, þótti henni rétt að taka til greina að nokkru leyti óskir þeirra beggja, og er það því till. n., að verðtollurinn verði 20%, en ekki 30%. Er það efni brtt. á þskj. 492. Vonandi hefur þar tekizt að finna hinn gullna meðalveg.

Tveir hv. þm. flytja brtt. á þskj. 482, og hefur fyrri flm., hv. 2. þm. Reykv., nú gert grein fyrir henni. Till. er um breytingu á h-lið 3. gr. laganna. Skv. þeim staflið er garn til veiðarfæragerðar nú undanþegið aðflutningsgjöldum. Tillögumenn vilja einnig láta undanþáguna ná til véla í fiskiskip og fiskflökunarvéla.

Um þetta er það að segja, að tollur af þeim vélum, sem nefndar eru í brtt., er svipaður og af ýmsum öðrum vélum, sem framleiðslufyrirtæki þurfa á að halda, t. d. eru jafnhá aðflutningsgjöld af öllum öðrum fiskvinnsluvélum og af fiskflökunarvélum, og jafnhár tollur er einnig af mjólkurbúsvélum og ullarverksmiðjuvélum. Ef fallizt yrði á brtt. á þskj. 482, væri ekki hægt að komast hjá að láta undanþáguna ná til fleiri vélategunda, ef nokkurt samræmi ætti að haldast. Er nú líka komin fram brtt. á þskj. 491 frá tveim öðrum hv. þm. um að gera undan-

þáguákvæðið víðtækara, og yrði þó ekki stefnt til samræmis í þessum efnum með þeirri till. nema að litlu leyti.

Fyrr á þessu þingi, þegar sett voru lögin um útflutningssjóð, var álagningu innflutningsgjalda til tekjuöflunar fyrir sjóðinn hagað þannig, að lægri gjöld voru yfirleitt lögð á helztu nauðsynjar til framleiðslunnar en á aðrar innfluttar vörur. Á þetta m. a. við um ýmsar vélar, þ. á m. þær, sem nefndar eru í brtt., sem hér liggja fyrir. Séu aðflutningsgjöldin tekin í heild, eru þau því tiltölulega lægri á vélunum nú en áður var, samanborið við gjöld af öðrum vörum. Um þetta hefur hæstv. fjmrh. þegar rætt.

Út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði um tolla af dráttarvélum og bátavélum, er það að segja, að aðflutningsgjöld í heild af þessum vélum eru nú mjög svipuð.

Um afstöðu fjhn. er það að segja, að meiri hl. n. telur ekki, eins og nú er ástatt, hægt að fallast á brtt. á þskj. 482, sem hv. 2. þm. Reykv. var að mæla fyrir, og ekki heldur á brtt. á þskj. 491, og mælir meiri hl. n. gegn því, að þær verði samþykktar.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Þegar rætt er um breytingar á tollskránni, er það vitanlega alltaf nokkuð viðkvæmt mál og alltaf álitamál, á hverju eigi að lækka toll og á hverju eigi að hækka toll eða hvaða breytingar séu réttmætastar. En þegar breyting á tollskránni er nú hér til umræðu að þessu sinni, get ég ekki látið hjá líða að gera till. um, að felldir verði niður tollar á landbúnaðarvélum, og hef þess vegna ásamt hv. þm. A-Húnv. flutt brtt. á þskj. 491 við brtt., sem hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. Borgf. fluttu.

Hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, að tollar á landbúnaðarvélum hefðu ekki hækkað um s. l. áramót, þegar tollhækkunin var á lögð. Ég get þó upplýst, að landbúnaðarvélar eru allmiklu hærri nú en þær voru í fyrra, bæði dráttarvélar, heyvinnuvélar og aðrar vélar, og veldur þar mestu um, að það eru hækkuð aðflutningsgjöld, sem hér er um að ræða. Hæstv. fjmrh. dró að vísu nokkuð í land í seinni setningu, sem hann sagði um þetta, þegar hann talaði um, að aðflutningsgjöld af landbúnaðarvélum væru tiltölulega lægri en á ýmsu öðru. Og það er út af fyrir sig alveg rétt. En ástæðan til þess, að sérstaklega nú er ástæða til að fella þessi gjöld niður, er sú, að bændur hafa orðið að taka stærri þátt í vaxandi dýrtíð en aðrir landsmenn, og það er vegna hins mikla rekstrar, sem þeir eru með, það er vegna þess mikla vélakosts, sem þeir verða að afla og nota, varahluta og annars slíks, sem sá maður, sem engan rekstur hefur með að gera, er alveg laus við. Þess vegna er það, að bændur bera tiltölulega meiri þunga af þeim gjöldum, sem lögð voru á um síðustu áramót, heldur en yfirleitt aðrir landsmenn. Þess vegna er það réttmætara nú en nokkurn tíma áður að ganga þarna á móts við bændur og létta gjöldunum af landbúnaðarvélunum, sem þeir geta ekki verið án og verða að kaupa. Að vísu hefur það gengið nokkuð treglega að þessu sinni að fá innflutningsleyfi fyrir landbúnaðarvélum. Það var t. d. sett hámark með innflutning á dráttarvélum og ekki leyft meira en 80% af því, sem leyft var í fyrra, en það er of lítið, og hafa þess vegna margir að þessu sinni, sem dráttarvélar vildu fá, ekki fengið þær. Sama máli gegnir með múgavélar. Það var ákveðin sú upphæð, sem bændur skyldu fá, og verða nú þess vegna margir bændur að vera án þess að fá múgavélar að þessu sinni. Og enn hafa ekki verið veitt leyfi fyrir ýmsum öðrum landbúnaðarvélum og nauðsynlegum landbúnaðartækjum. Það er t. d. alveg nýskeð, ef veitt hefur verið leyfi fyir súgþurrkunartækjum, sem bændur sækjast mjög eftir, og er mjög nauðsynlegt fyrir bændur hér á óþurrkasvæðinu að afla sér þessara tækja til að tryggja sig gegn rosanum.

Ég trúi því nú reyndar ekki fyrr en í síðustu lög, að þessi leyfi verði ekki veitt, en það er alveg nýskeð, ef það hefur verið gert.

Ég veit, að það er talað um gjaldeyrisskort í sambandi við þetta, en undanfarin ár hefur verið reynt að fullnægja eftirspurninni á þessum nauðsynlegu hlutum og láta innflutning á nauðsynlegum landbúnaðarvélum vera jafnréttháan og innflutning bátavéla. En bátavélar hafa verið veittar eftir þörfum að undanförnu og ég ætla enn þá. Tillagan á þskj. 491 nær einnig til véla í fiskiskip og sjálfvirkra fiskflökunarvéla. Og það er alkunnugt, að styrkur til útgerðarinnar hefur verið aukinn mjög á þessu ári, og líkur eru til, að enn þurfi að hækka styrki til útgerðarinnar, ef hún ekki stöðvast.

Ég segi nú: Er ekki eðlilegra að gera þessi tæki, sem útgerðin byggist á, ódýrari með því að aflétta tollunum og aðflutningsgjöldunum og lækka þá að einhverju leyti þá miklu styrki, sem útgerðinni eru veittir á annan hátt? Mér virðist því, þótt viðurkenna verði ýmsa fjárhagserfiðleika og viðurkenna verði, að ríkissjóður þurfi á öllu sínu að halda, að þá sé eigi að síður réttmætt að samþykkja till. á þskj. 491, vegna þess að ef aðflutningsgjöldin eru tekin, eins og nú hefur verið gert, af þessum nauðsynlegu tækjum til framleiðslunnar, þá verður ekki hjá því komizt að endurgreiða þetta aftur til framleiðslunnar í öðru formi. Og það er miklu verra en að láta það vera að taka þetta af atvinnuvegum, sem engan veginn hafa efni á að greiða það. Ég vænti þess vegna, að þessi till. verði að athuguðu máli samþykkt, og ég held, að það væru hyggileg vinnubrögð að fresta þessari umræðu, gefa hv. fjhn. tækifæri til þess að athuga þessar till. í nýju og bjartara ljósi og vita, hvort hún eftir nána athugun og yfirvegun getur ekki fallizt á að mæla með samþykkt till.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég sé, að hæstv. fjmrh. er farinn úr deildinni, svo að það er til lítils fyrir mig að fara að svara honum ýmsu af því, sem hann sagði, þegar hann heyrir það ekki.

Ég verð að segja það, að ég tel það fullkomlega fjarstæðu eins og sakir standa að skattleggja nauðsynjar sjávarútvegsins eins og gert er í sambandi við bátavélarnar. Það kann kann-

ske að vera góð pólitík að skattleggja þennan atvinnuveg, til þess svo að hægt sé að bæta honum upp með því hans eigin rekstrartap. En mér finnst nú, að rökvísin í því sé eins og í mörgu öðru, sem gerist í þjóðfélagi okkar.

Hv. þm. V-Húnv. sagði, að flökunarvélarnar væru tollaðar á svipaðan hátt og aðrar hliðstæðar vélar, sem hann nefndi. Það kann vel að vera, að svo sé. En ég verð að telja, að þessi innflutningur á flökunarvélum, sem átt hefur sér stað og á sér enn stað, sé alveg sérstakt fyrirbrigði í innflutningi, þar sem hér á að gerbylta vinnslutækni frystihúsanna í landinu. Hér er ekki verið að tala um nokkurra þúsunda innflutning eða nokkurra hundraða þúsunda. Hér er verið að tala um 30 millj. kr. innflutning. Og það er ríkissjóður sjálfur, sem stendur fyrir því, að þessi innflutningur sé mögulegur, en fyrir það að hjálpa til að ná vélunum tekur hann þriðjunginn af andvirðinu, eða réttara sagt: hann bætir þriðjungi við andvirðið og tekur 10½ millj. kr. fyrir, að vélarnar komi inn í landið.

Ég skal taka það fram út af því, sem kom fram hjá hæstv. fjmrh., að tölur þær, sem ég nefni í sambandi við flökunarvélarnar, eru útreiknaðar fyrir áramót, áður en nýju skattalögin voru sett á um áramótin.

Hæstv. fjmrh. sagði, að slíkar till. hefðu komið fram og þær hefðu allar verið felldar með aðstoð sjálfstæðismanna. Ég held, að hann misminni þetta, hæstv. ráðh., vegna þess að ég og hv. þm. Borgf. höfum áður borið fram till. um lækkun á innflutningsgjöldum á bátavélum, og ég man ekki eftir því, að við höfum tekið þátt í því að drepa þá till. Það hafa verið einhverjir aðrir en við, sem unnu að því. Það er ekki af því, að Sjálfstæðisfl. er í stjórnarandstöðu, að þessar till. eru nú bornar fram, heldur vegna þess, að það er sanngirni og nauðsyn, að þetta sé gert. Við vitum, að löggjafanum með samþykki hæstv. fjmrh. hefur fundizt alveg nauðsynlegt að undanþiggja þessum gjöldum flestar nauðsynjar sjávarútvegsins. En vegna þess að sjávarútvegurinn þarf nú að fá uppbætur, telur hæstv. fjmrh. alveg nauðsynlegt að skatta nauðsynjar hans til þess að fá lítið eitt upp í uppbæturnar.

En mér er nú spurn: Hvers vegna voru ekki þessar vélar, flökunarvélarnar, sem í grundvallartolli eru í sama flokki og bátavélar, látnar njóta sömu friðinda sem landbúnaðarvélarnar í sambandi við álögurnar í vetur? Landbúnaðarvélar eru undanþegnar hinu almenna 11% aðflutningsgjaldi. Það eru bátavélarnar ekki. Þær voru ekki undanþegnar þessu gjaldi, en ég spyr: hvers vegna var það ekki gert? Fyrir útveginn eru bátavélarnar ekkert síður nauðsynlegar en landbúnaðarvélarnar fyrir landbúnaðinn. Ég er ekki að telja það eftir, að landbúnaðurinn fékk þessa undanþágu. Ég tel hana alveg sjálfsagða. En ég tel líka sjálfsagt, að sjávarútvegurinn fái hliðstæða undanþágu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 95. fundi í Nd., 10. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 492 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 491 felld með 15:5 atkv.
— 482 felld með 16:5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 98. fundi í Ed., 13. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 513).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr. Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur tekið örlitilli breytingu í hv. Nd., sem er þó nóg til þess, að það kemur hingað aftur til umræðu. Breytingin er sú, að hv. Nd. hefur örlítið lækkað verðtoll á svampgúmmíi, eða úr 30% í 20%. Þessi vara var hækkuð úr 8% í 30% í fyrstu, og átti það að verka sem verndartollur fyrir fyrirtæki, sem býr til þessa vöru hér landi, En svo komu ýmsar kvartanir út af þessu frá aðilum, sem reka iðnað, er notar þessar vörur, m. a. frá skógerðum, og þá varð það úr, að hér í hv. deild var lækkað sérstaklega það hrágúmmí, sem átti að vera í skósóla, ofan í það, sem áður var. En svo í hv. Nd. munu hafa komið fleiri kvartanir svipaðs eðlis og frá skógerðarmönnunum, og þá tók hv. fjhn. Nd. það ráð að fara hér mitt á milli, láta nokkurn verndartoll haldast, en lækka hann vegna þeirra, sem þurfa að kaupa þessa vöru til annars iðnrekstrar.

Þessi breyting hefur ekki verið borin undir hv. fjhn. hér, en ég tel, að hér sé um svo litla breytingu að ræða, að ég skil ekki í því, að fjhn. hafi neitt við hana að athuga, og tel víst, að hún muni fallast á, að frv. gangi óbreytt hér í gegnum eina umr. að því er þetta atriði snertir.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Iðnmrn. hefur borizt erindi frá iðjufyrirtæki á Akureyri varðandi þetta mál. Mér hefur ekki, síðan erindið barst, unnizt tími til þess að ræða málið við fjmrn., sem ég þó hafði í hyggju að gera í morgun. Ég vil því biðja hæstv. forseta að fresta afgreiðslu málsins til morguns, og mun ég nota tímann þangað til til þess að kanna þetta erindi og vita, hvort það gefur tilefni til brtt. við frv. af minni hálfu.

Umr. frestað.

Á 99. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 100. fundi í Ed., 16. maí, var fram haldið einni umr. um frv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þegar lög um útflutningssjóð voru sett síðast á s. l. ári, var þar m. a. kveðið svo á, að greiða skyldi 11% útflutningssjóðsgjald m. a. af vefnaðargarni úr baðmull. Hins vegar er í lögunum svo kveðið á, að tilsvarandi gjald af inn-

fluttum baðmullardúkum sé aðeins 8%, m. ö. o., sú framleiðsla, sem hér vinnur úr erlendu baðmullargarni, verður að greiða örlítið hærra útflutningssjóðsgjald af hráefnum sínum en innflytjandi verður að greiða af fullunninni vöru úr sams konar hráefni. Hér mun hafa verið um mistök að ræða við afgreiðslu málsins, eða réttara sagt, að svo flókið sem málið var, mun ekki hafa verið athugað, að hér gerðist það, sem auðvitað var ekki tilætlunin að nokkurs staðar gerðist, að innflutningsgjald væri lægra af fullunninni vöru en af hráefni í tilsvarandi vöru.

Nú eru hins vegar miklir erfiðleikar á að leiðrétta þetta í lögum um útflutningssjóð. Það mundi þýða, að nauðsynlegt væri að bera fram frv. um breytingu á þeim lögum. Þess vegna hefur iðnmrn. í samráði við fjmrn. dottið í hug að gera hér nauðsynlega bragarbót á með því að óska þess, að skotið yrði inn í það frv., sem hér er til umræðu um tollskrá, heimild til fjmrh. til að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld af vefnaðargarni úr baðmull og gerviefnum, ef viðtakandi vörunnar rekur dúkaverksmiðju og þess sé getið í aðflutningsskýrslu, að garnið verði einungis notað til framleiðslunnar.

Ég vil leyfa mér að bera fram skriflega brtt. um, að aftan við 2. gr. frv. bætist nýr liður, sem hljóðar að efni til eins og ég gat um áðan. Síðan er það tilætlunin, ef hv. Alþingi vildi á þetta fallast, að nota þessa heimild sem því svarar, sem gjaldið á innfluttu fullunnu vöruna er nú lægra en gjaldið á hráefni, sem til landsins er flutt og unninn er úr baðmullardúkur hér á landi. Tilgangur þessarar brtt. er því sá, að fjmrh. jafni þann mun, sem var — að því er ég hygg að megi segja — af vangá látinn verða á, þegar lögin um útflutningssjóð voru samþykkt, þannig að það eigi sér ekki stað framvegis, sem auðvitað er fullkomlega óeðlilegt, að nokkur grein íslenzks iðnaðar þurfi að greiða hærra innflutningsgjald af sínu hráefni en greitt er af sams konar fullunninni vöru.

Ég skal geta þess, að þessi brtt. er flutt í samráði við fjmrn., og eru eindregin tilmæli mín, að hún hljóti afgreiðslu hér í þessari hv. deild, þar sem hér er nánast um leiðréttingu að ræða á smávægilegu atriði í hinni miklu og flóknu lagasetningu, sem samþykkt var á síðustu dögum þingsins fyrir jólaleyfið.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 547) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 547 samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 99. fundi í Nd., 17. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 548).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil aðeins greina frá því, að í hv. Ed. hefur aðeins verið gerð ein mjög smávægileg breyting á þessu máli, sem allir voru sammála um, og sýnist því ekki ástæða til að vísa því til n.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞG, HS, HV, MJ, ÓB, PÞ, BrS, SkG, ÓJ, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, EirÞ, EmJ, EystJ, GíslG, GÞ, EOl.

16 þm. (HÁ, IngJ, JóhH, JPálm, JS, KGuðj, KJJ, LJós, ÓTh, PO, RH, SÁ, SvbH, BBen, BÓ, GJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 560).

---

33. Fiskveiðasjóður Íslands (stjfrv.).

Á 73. fundi í Nd., 22. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands [138. mál] (stjfrv., A. 369).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er lagt fyrir, felur í sér þær breytingar einar á lögunum um fiskveiðasjóð að hækka það mark, sem miðað hefur verið við um stærðir fiskiskipa, sem njóta skulu forgangsréttinda til lánveitinga úr sjóðnum, úr 200 rúmlestum í 300 rúmlestir og að afnema þau hámarksákvæði um lánsupphæð, sem áður voru í gildi í lögum sjóðsins. Eins og segir í grg. frv., var gert ráð fyrir því, að hámarkslán, sem veita mátti úr sjóðnum til fiskiskipa, væru 1 millj. 250 þús. kr. út á eitt einstakt fiskiskip og hámarkslán, sem veita mátti til framkvæmda til fasteigna eða framkvæmda í landi, voru 600 þús. kr. Nú er hér lagt til að afnema með öllu þessi hámarksákvæði, þannig að það standi opið fyrir sjóðsstjórninni, hve lánsupphæðin á einstakt skip verður há.

Ástæðan til þess, að lagt er til að gera þessar breytingar á lögunum um fiskveiðasjóð, er fyrst og fremst sú, að fyrir stuttu voru fyrir milliþinganefnd ríkisstj. fest kaup á sex fiskiskipum, sem eru yfir 200 rúmlestir að stærð, en ráðgert hefur verið að veita lán úr sjóðnum einnig út á þessi fiskiskip.

Ef sjóðurinn ætti að lána ⅔ af kostnaðarverði þessara skipa, eins og hann gerir almennt ráð fyrir að lána út á ný fiskiskip, verða vitanlega að koma til allmiklu hærri lán í sambandi við þessi skipakaup en það hámark, sem í lögunum var áður. Til þess að koma því til leiðar, að sjóðurinn geti lánað á eðlilegan hátt einnig út á þessi fiskiskip, þurfti því að gera þær breytingar á lögum sjóðsins, sem hér er lagt til með þessu frv.

Um aðrar breytingar er ekki að ræða í sambandi við þetta frv., en í undirbúningi eru síðan

till. um að auka nokkuð við tekjur sjóðsins, en það kemur fram síðar, og er ekki víst, að það verði flutt sem sérstök breyting á lögunum um fiskveiðasjóð, enda er það kunnugt, að ákvæðin um þá tekjuöflun, sem sjóðurinn byggir á, er að finna í enn öðrum lögum.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að rekja þetta frekar hér við þessa umr., en óska eftir því, að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég hef í raun og veru litið um þetta frv. að segja. Eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðh., má ætla, að full þörf sé á því að gera þær breytingar á fiskveiðasjóðslögunum, sem hér er um að ræða, að afnema hámarksákvæðin, bæði um lánveitingar út á fiskiskip og fasteignir. En það er náttúrlega tilgangslaust mál, ef sjóðnum er þá ekki aflað um leið meiri tekna. Við höfum verið sammála um það hér í umr. um fiskveiðasjóðinn ekki alls fyrir löngu, fyrir nokkrum dögum, í þinginu, að sjóðnum sé mikil þörf á nýju fjármagni, miðað við þær aðstæður, sem menn þá höfðu í huga, og breytist þetta auðvitað enn fremur til hins verra, þegar gert er ráð fyrir þeim breytingum, sem hér er um að ræða, að hækka hámarkslánin til fiskiskipanna og fasteignanna. En það er að sjálfsögðu alveg rétt, að bæði þeir, sem standa að því að byggja fasteignirnar í sambandi við þennan atvinnuveg þjóðarinnar, bátaútgerðina, og þeir, sem ætla sér að eignast og reka ný og stærri fiskiskip, hafa allir vissulega þörf fyrir aukið lánsfé, miðað við það, sem verið hefur.

Ég heyrði það á ræðu hæstv. ráðh., í lok ræðunnar, að hann gerði ráð fyrir, að það mundu sennilega síðar og í öðru formi verða fluttar till. af hálfu hæstv. ríkisstj. um að efla að einhverju leyti tekjumöguleika sjóðsins, og það er gott til þess að vita.

Ég vil aðeins í sambandi við blaðafrásagnir af umr. hér á Alþingi um fiskveiðasjóðinn fyrir nokkrum dögum láta í ljós nokkra undrun mína yfir því, hversu torveldlega fréttariturum sumra blaða gengur að skilja mál þingmanna, og það er raunverulega leitt til þess að vita, að maður skuli þurfa að lesa það í dagblöðunum, að maður hafi sagt allt annað en maður daginn áður segir í þingsölunum. Það eiga sjálfsagt fleiri um sárt að binda í þessum efnum en ég. Það hefur verið gert að umtalsefni í blöðum og sett í fyrirsagnir og endurtekin skrif, að í mínu máli hér um fiskveiðasjóðinn hafi aðalefni þess verið að ráðast á aðgerðaleysi stjórnar Ólafs Thors til þess að efla fiskveiðasjóð. Nú vil ég vekja athygli á því til ábendingar fyrir fréttaritara blaða, sem hér eru, að þegar lagt var fram frv. um breyt. á fiskveiðasjóðslögunum á þskj. 18, þá fylgdi því ýtarleg grg., sem ég rakti þá og vitnað var til af framsögumanni minni hl. sjútvn. í umr. nú fyrir nokkrum dögum, þar sem kemur einmitt fram, hversu mikil efling eða uppbygging bátaflotans hefur átt sér stað á undanförnum árum, svo að hún hefur aldrei verið meiri.

Í stjórnartíð Ólafs Thors, eins og það hefur verið orðað í blöðunum, eða fyrrverandi ríkisstjórnar og meðan hann var ráðherra, sem fór með málefni fiskveiðasjóðs, var sett, eins og kunnugt er, 1955, ný löggjöf um fiskveiðasjóð. Þá löggjöf hafði undirbúið nefnd manna, og var margt í henni fært til betri vegar frá því, sem áður hafði verið í eldri lögunum um fiskveiðasjóð. En varðandi fjáröflun til sjóðsins var það nýmæli tekið upp í löggjöfina, að ríkissjóður skyldi leggja sjóðnum árlega 2 millj. kr. Ég hef látið í ljós þá skoðun mína, að ég taldi þá og tel enn, að þetta ríkissjóðsframlag hafi verið of lágt, en það var þó nýtt, og ég bendi á, að það er nokkuð mikið, miðað við það, sem áður hafði verið, að á hálfri öld hafði sjóðurinn eignazt rúmar 100 millj. kr., en á þessum 50 árum höfðu bein ríkissjóðsframlög til sjóðsins fram til þessa ekki numið nema 11 millj. kr. Einnig gerðist það, að sjóðnum var á þessum tíma lagt fé, 8 millj. kr. af tekjuafgangi ríkissjóðs 1954 og 10 millj. kr. af tekjuafgangi ríkissjóðs 1955. Ég vek alveg sérstaka athygli á því, að á 2½ ári, þ. e. árinu 1954 og 1955 og hálfu árinu 1956, hefur sjóðurinn veitt í lán til bátabygginga, endurnýjunar bátaflotans og annarra verkefna af svipuðu tagi 81 millj. kr., og er það miklu hærri upphæð en sjóðurinn hefur nokkru sinni áður veitt að láni í þessu skyni. Lánveitingarnar námu, eins og fram kom í grg. fyrir frv. okkar, 20.9 millj. kr. 1954, 25.7 millj. kr. 1955 og 34.3 millj. kr. fyrri árshelminginn 1956. Og það var einnig vakin athygli á því af minni hálfu og í grg. frv., að fyrir 4—5 árum var áætlað af Fiskifélagi Íslands, að hæfileg aukning bátaflotans mundi mega teljast 100 rúmlestir á ári, en á undanförnum 2½ ári, sem ég vitnaði til áðan um lánveitingarnar, hefur aukning bátaflotans numið 1710 rúmlestum að meðaltali. Sést af því, sem ég nú hef sagt, að sjóðurinn hefur verið miklu drýgri til lánveitinga og stuðnings við sjávarútveginn á þessum árum en áður fyrr, og enda þótt þörf hans sé og hafi verið mikil fyrir aukið fjármagn, var honum þó á þessum árum látið í té allverulega mikið nýtt fjármagn, og í fyrsta skipti tekið upp, svo að nokkuð um munaði, ákveðið ríkissjóðsframlag. Það væri beint eða eðlilegt framhald af þessari löggjöf að auka ríkissjóðsframlagið, eins og við lögðum til í frv. okkar á þskj. 18, ef haft er í huga, hvað ríkissjóður hefur einmitt aukið framlög sín, bein framlög sín til annarra þarfra og góðra mála, sem að vissu leyti eru sama eðlis og hliðstæð þessum, svo sem ég vakti athygli á, eins og til rafvæðingar landsins, til ýmissa landbúnaðarframkvæmda og til aukins jafnvægis í byggð landsins. Ég taldi eðlilegt og tel eðlilegt, að hér hefði fiskveiðasjóður átt að fylgjast með, og þar sem framlagið var ákveðið 2 millj. kr., ríkissjóðsframlagið 1955, hefði mátt verulega hækka það nú. Lögðum við sjálfstæðismenn til, að það væri hækkað um 10 millj. kr., og það hefði að vissu leyti gert gagn, þó að það hefði verið eitthvað minna.

Mér finnst ástæða til að minna á þessar staðreyndir án þess að fara nú um það fleiri orðum. Eins og ég sagði um þetta frv., er eðlilegt, að það fari til nefndar, og finnst í sjálfu sér efnislega skiljanlegar og eðlilegar þær breyt-

ingar, sem það gerir á fiskveiðasjóðslögunum, en endurtek það, sem ég sagði áðan, að það gerir náttúrlega aðstöðu sjóðsins enn verri og miklu erfiðari en áður, ef ekki verður þessu samfara séð fyrir nýrri tekjuöflun. Vil ég því tengja nokkrar vonir við það, sem fram kom í ræðu hæstv. sjútvmrh., að það mál væri enn í íhugun hjá hæstv. ríkisstjórn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 369, n. 496).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til 2. umr., er flutt af hæstv. ríkisstj. og fjallar um breytingu á 4. og 5. gr. l. nr. 46 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Samkvæmt 4. gr. laganna eiga fiskiskip, sem eru minni en 200 rúmlestir, að sitja fyrir lánum úr sjóðnum. Þetta þýðir í framkvæmd, að sjóðurinn lánar ekki til stærri skipa en 200 rúmlesta. Í frv. er lagt til, að rúmlestatölunni verði breytt þannig, að skip allt að 300 rúmlestum sitji fyrir lánum. Ef sú breyting verður samþykkt, yrði þá veitt lán til skipa allt að 300 rúmlestum. Ástæðan til þess, að farið er fram á þessa breytingu, er sú, að samið hefur verið um smíði nokkurra fiskiskipa, sem eru nokkuð yfir 200 rúmlestir, og er gert ráð fyrir, að veitt verði lán til þeirra úr fiskveiðasjóði, en vafi getur leikið á, að það sé heimilt að óbreyttum lögum. Hér er um að ræða þau skip, sem ríkisstj. var heimilað að semja um kaup á í 5. gr. l. um heimild fyrir ríkisstj. til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, sem samþykkt voru hér á Alþingi í lok s. l. árs. Í lögunum var stærð þessara skipa ákveðin 150—250 rúmlestir, en niðurstaðan hefur orðið sú, að skipin verða nokkuð yfir 200 rúmlestir, eins og ég hef áður sagt. Gert er ráð fyrir, að skip þessi, sem smíðuð eru erlendis, komi til landsins á árinu 1958, en nokkuð af verðinu þarf að greiðast þegar á þessu ári.

Í 5. gr. laganna eru ákvæði um hámarkslán úr sjóðnum. Þar er í fyrsta lagi ákveðið, hve mikill hluti lán megi vera hæst af verði skips eða fasteignar, sem lán er veitt til. Til fiskiskipa, sem smíðuð eru innanlands, mega lánin vera allt að ¾ verðs, er þá miðað við virðingarverð eða kostnaðarverð, til skipa, sem smíðuð eru erlendis, allt að ⅔ verðs og til fiskvinnslustöðva allt að ⅔ verðs. Auk þess eru svo í sömu grein ákvæði um hámarksupphæðir einstakra lána, þannig að lán til fiskvinnslustöðva má ekki fara fram úr 600 þús. kr. og lán til skipa ekki fram úr 1250 þús. kr. á skip. En í frv. er lagt til, að þessi ákvæði um hámarksupphæðir séu felld niður, þannig að lán til skips megi hér eftir fara fram úr 1250 þús. kr., ef ⅔ eða ¾ af verðinu nemur hærri upphæð, og að lán til fiskvinnslustöðvar megi fara fram úr 600 þús. kr., ef ⅔ af verði fiskvinnslustöðvar nema hærri upphæð.

Ástæðan til þess, að farið er fram á þessa breytingu, er bæði sú, að nú er gert ráð fyrir lánveitingum til stærri skipa en fyrr, og svo það, að stofnkostnaður skipa og mannvirkja er nú hærri en áður var. Þykir því ekki rétt, að sjóðurinn sé alveg bundinn við þær hámarksupphæðir, sem tilgreindar eru í lögunum.

Hitt er svo annað mál, að ekki má líta svo á, að sjóðnum sé talið skylt að veita jafnan að fullu lán, sem nemi ⅔, ¾ eða ⅔ af verði skipa og mannvirkja, sem lánað er til, og hlýtur það að fara eftir fjármagni því, sem sjóðurinn hefur til umráða á hverjum tíma. Einkum má teljast vafasamt, að þetta reynist unnt, þegar um mjög stór og dýr mannvirki í landi er að ræða, enda hefur sjóðurinn yfirleitt hingað til ekki fullnotað heimildir laga um lánveitingu til slíkra framkvæmda. En lánveitingar til eflingar og uppbyggingar bátaflotans verða að sjálfsögðu að sitja í fyrirrúmi á svipaðan hátt og verið hefur, aðeins með þeirri breytingu, að hámarkið er nú hækkað upp í 300 rúmlestir, þ. e. hámark skipastærðarinnar, sem lánað er til.

Sjútvn. hefur rætt þetta frv. á nokkrum fundum og leitað um það umsagnar stjórnar Fiskveiðasjóðs Íslands, og með tilliti til þeirrar umsagnar ber nefndin fram brtt. við 2. gr. frv., brtt. á þskj. 496, varðandi útborgun lána til skipa. Er lagt til í brtt., að í reglugerð verði kveðið á um, hversu haga skuli útborgunum lána, meðan skip er í smíðum, enda munu ákvæði laganna yfirleitt ekki hafa verið framkvæmd bókstaflega eins og þar er gert ráð fyrir.

Þá leggur nefndin til, að breytt sé einu orði í sömu grein, þ. e. í 2. gr. frv., og er þar um að ræða lagfæringu á orðalagi, en ekki efnisbreytingu. Að öðru leyti leggur nefndin til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 496,1 samþ. án atkvgr.
— 496,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 519).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 98. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 99. fundi í Ed., 14. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 519, n. 537).

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til 2. umr., er um breyt. á l. um Fiskveiðasjóð Íslands, l. frá 16. maí 1955. Þetta er stjórnarfrv. og er komið frá Nd., þar sem það hefur hlotið einróma samþykki með örlitlum breytingum, sem sjútvn. þeirrar deildar lagði til að gerðar yrðu og voru einnig samþyktar samhljóða.

Sjútvn. þessarar hv. d. hefur haft frv. til meðferðar, og lögðu viðstaddir nm. einróma til, að það yrði samþykkt eins og það nú liggur fyrir.

Frv. felur í sér þær breytingar á gildandi lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, að hámarksstærð skipa, sem sitja fyrir lánum úr sjóðnum, verði færð úr 200 rúmlestum í 300 rúmlestir, og í öðru lagi, að hámark lánsupphæðar að krónutölu, sem áður var ákveðið 1250 þús. til fiskiskipa og 600 þús. kr. til fiskvinnslustöðva, verði afnumið, en áfram gildi þau ákvæði, að lána megi allt að ¾ af verði skipa, sem smíðuð eru innanlands, allt að ⅔ af verði skipa, sem smíðuð eru erlendis, og allt að ⅝ af verði fiskvinnslustöðva.

Þetta eru þær einu breytingar, sem frv. í sinni upphaflegu mynd gerði ráð fyrir á lögunum um fiskveiðasjóð.

Nd. hefur auk þessara breytinga lagt til, að ákvæðin í 5. gr. laganna um, hvernig lán skuli greidd út úr sjóðnum, falli niður, en ákvæði um þetta verði sett í reglugerð. Önnur breyting, sem gerð var á frv. í Nd., er aðeins lítilfjörleg orðalagsbreyting, sem ekki skiptir neinu máli.

Eins og ég áður sagði, leggur sjútvn. einróma til, að frv. verði samþykkt eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Ed., 18. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 567).

---

34. Útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Á 81. fundi í Ed., 2. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 81. 5. júní 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum [147. mál] (stjfrv., A. 393).

Á 82. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, miðar að því að tryggja fiskveiðasjóði nokkuð aukið starfsfé frá því, sem hann hefur haft. Aðalefni frv. er það, að gert er ráð fyrir, að útflutningsgjald af sjávarafurðum öllum verði hið sama, en eins og núgildandi reglur eru, er útflutningsgjaldið allmismunandi eftir því, um hvaða sjávarafurðir er að ræða.

Af flestum útfluttum sjávarafurðum ber að greiða 2¼ af hundraði í útflutningsgjald. Þannig er t. d. um hraðfrystan fisk og hertan fisk og ýmsar fleiri útflutningsafurðir sjávarútvegsins. En nokkrar eru þær greinar, sem ekki bera svona hátt gjald. Þar er t. d. um að ræða saltfisk, en á honum er útflutningsgjald, sem nemur aðeins ¾ af hundraði, og á síldarafurðum er líka nokkru lægra útflutningsgjald. Með því að láta allar útfluttar sjávarafurðir bera hið sama gjald er hægt að afla fiskveiðasjóði nokkurra aukinna tekna, og ýtarleg grein er fyrir þessu gerð í frv., og sé ég ekki ástæðu til þess að rekja það hér nú við 1. umr. málsins. Það má þó ætla, að tekjuauki á ári hverju til fiskveiðasjóðs gæti orðið af þessu frv., sem nemur fullum 4 millj. kr., en eftir sem áður er gert ráð fyrir því, að Landssamband ísl. útvegsmanna, fiskimálasjóður og rannsóknarstofa í þágu sjávarútvegsins, sem er í byggingu, njóti svipaðra tekna af útflutningsgjaldinu og þessir aðilar hafa notið fram til þessa. Þó er nú fremur um lækkun hjá þeim að ræða en hækkun.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, hvaða ástæður eru til þess, að þetta frv. er fram komið, en það er öllum hv. alþm. vel ljóst, að fiskveiðasjóður þarf á stórkostlega auknum tekjum að halda, ef hann á að geta staðið við þær skuldbindingar, sem honum er ætlað að standa við og hann sumpart hefur tekið á sig.

Samþykkt hefur verið að kaupa allmikið af nýjum fiskiskipum, sem sumpart eru í smíðum og búið er að heita lánum til kaupa á, en það er fiskveiðasjóði algerlega um megn að standa við slíkar skuldbindingar, ef honum verður ekki séð fyrir auknum tekjum.

Frv. þetta hefur verið undirbúið í samráði við þá aðila, sem hér eiga mestan hlut að máli, fulltrúa útgerðarmanna og þeirra stofnana, sem tekjur hafa einnig af þessu útflutningsgjaldi. Vil ég því vænta, að það geti orðið samkomulag við þá alla í reynd um að haga útflutningsgjaldinu á þá lund, sem hér er lagt til.

Ég legg svo til, að frv. verði vísað til sjútvn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 95. fundi í Ed., 7. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 393, n. 472).

Frsm. (Björgvin Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur athugað mál þetta á tveimur fundum sínum. Nefndin sendi málið til umsagnar

Fiskveiðasjóði Íslands, Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, fiskimálasjóði, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Sölumiðstöð ísl. fiskframleiðenda. Stjórnir fiskveiðasjóðs og Félags síldarsaltenda mæla með, að frv. verði samþykkt óbreytt. Stjórn fiskimálasjóðs mælir með frv., en mótmælir lækkun hlutfallstölu sjóðsins af heildartekjum af útflutningsgjöldum. Stjórn Sölusambands ísl. fiskframleiðenda mótmælir allri hækkun á útflutningsgjöldum af saltfiski, en tekur ekki afstöðu til frv. að öðru leyti. En stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna mótmælir frv. í heild.

Eins og greinilega kemur í ljós í grg. frv. og í frumræðu hæstv. sjútvmrh. þann 4. apríl s. l., er hann hafði framsögu fyrir málinu hér í hv. deild, er höfuðtilgangur þess að auka tekjur fiskveiðasjóðs um tæpar 4½ millj. kr. á ári. Meginhluta þessa fjár er aflað með því að leggja sama útflutningsgjald á allar útfluttar sjávarafurðir, en lítils háttar er skertur hlutur þeirra annarra aðila, sem tekjur fá af útflutningsgjaldinu.

Við hv. þm. Ak., hv. 8. landsk. og ég getum fallizt á rök hæstv. ríkisstj. fyrir verulega auknum tekjum fiskveiðasjóðs, að þær séu í alla staði réttmætar, og við teljum jafnframt, að eðlilegt sé, að jafnhátt útflutningsgjald sé innheimt af öllum útfluttum sjávarafurðum. Við leggjum því einróma til, að frv. þetta verði samþykkt. — Hv. þm. Vestm. gat ekki mætt á síðari nefndarfundinum, vegna þess að hann er erlendis. Hv. þm. N-Ísf. var fjarstaddur afgreiðslu málsins, en mun hins vegar gera grein fyrir afstöðu sinni hér í hv. deild.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 94. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 95. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Nd., 22. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 393, n. 580).

Frsm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, fjallar um það, að breytt verði útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, sem nú er tekið með nokkuð mismunandi hætti eftir því, um hvaða útflutningsvöru er að ræða. Gjaldið verði jafnað og komi á allar útflutningsvörur sjávarútvegsins að jöfnu, og tekjuskiptingunni verði breytt nokkuð, þó þannig, að fjórir þeir aðilar, sem nú njóta aðallega tekna af þessu gjaldi, haldi tekjum sínum áfram með nokkuð breyttri skiptingu. Í lögum er raunar ákveðið, að lítill hluti af útflutningsgjaldi renni í ríkissjóð, en það mun á síðustu árum hafa verið einnig látið renna til þeirra aðila, sem gjöld þessi fá að öðru leyti, svo að í framkvæmd mun þar ekki vera um stóra breytingu að ræða.

Hið almenna gjald, útflutningsgjald af sjávarafurðum nú, er 2¼%, með þeirri undantekningu þó, að nokkru minna gjald er af saltsíld, þ. e. a. s. 1¾%, og enn minna af saltfiski eða ¾%. Af síldarmjöli er tekið útflutningsgjald, sem svarar einum eyri á kg.

Ef frv. það, sem hér liggur fyrir, verður að l., þá verður gjald af öllum þessum útflutningsvörum 2¼%, og það er gert ráð fyrir því, að þessi breyting komi Fiskveiðasjóði Íslands að haldi, þar sem hann á að fá alla tekjuaukninguna, sem skapast við samþykkt þessa frv., og raunar ögninni betur. Það er líklegt, að sá sjóður, sem allir viðurkenna nú að þarf mjög á auknum tekjum að halda, fái með samþykkt þessa frv. auknar tekjur sem svarar 4½ millj. kr. árlega.

Sjútvn. hefur rætt þetta mál og athugað og er sammála um, að hér sé um þess háttar mál að ræða, að vert sé, að það fái framgang, og leggur samhljóða til, að frv. verði samþ. Eins og um getur í nál. á þskj. 580, áskilur einn nm., Sigurður Ágústsson, sér rétt til þess að fylgja eða flytja brtt. við frv., en þegar endanleg afgreiðsla málsins var í sjútvn., var Pétur Ottesen, hv. þm. Borgf., ekki viðstaddur á nefndarfundi. N. mælir með því, að frv. verði samþ.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Eins og frsm. þessa frv. hefur tekið fram og um er getið í nál., var ég ekki viðstaddur við endanlega afgreiðslu þessa máls, sökum þess að ég var þá við jarðarför uppi í Borgarfirði.

Það er mjög rétt, að fiskveiðasjóður hefur þess mikla þörf, að tekjur hans verði auknar. Hann hefur stórfelldu hlutverki að gegna fyrir sjávarútveginn, þar sem hann er sú aðalstofnun, sem útvegsmenn geta snúið sér til í sambandi við öflun atvinnutækja, bæði skipakaupa, byggingu hraðfrystihúsa og annarra framkvæmda í sambandi við fiskvinnsluna.

Fiskveiðasjóði er því ærin fjárþörf. Það mun vera fyrir tveimur árum eða svo, sem framlag ríkissjóðs til fiskveiðasjóðs var nokkuð hækkað, en það er nú 2 millj. kr. á ári.

Á öndverðu þessu þingi var borið fram frv. um hækkun á framlagi ríkissjóðs til fiskveiðasjóðs. Að flutningi þessa frv. stóðu 5. þm. Reykv. (JóhH), þm. Snæf. (SÁ), 2. þm. Reykv. (BÓ), þm. Ísaf. (KJJ) og 2. þm. Eyf. (MJ). Í því frv. lögðu þeir til, að framlag ríkissjóðs til fiskveiðasjóðs yrði hækkað upp í 12 millj.

kr. á ári. Þessu frv. var vísað til sjútvn. og hefur legið þar síðan og ekki fengizt á því jákvæð afgreiðsla. Nú er hér með þessu frv. gert ráð fyrir að auka tekjur fiskveiðasjóðs með nýju álagi á útfluttar sjávarafurðir, og hefur hv. frsm. sjútvn. gefið nokkra skýringu á því, í hverju þessi hækkun er fólgin. Hún kemur aðallega niður á saltfiski, sem að verulegu leyti hefur verið nú um skeið undanþeginn slíkum tolli, einnig á saltsíld og svo á síldarmjöli, þannig að útflutningsgjaldið fellur nú jafnt á allar sjávarafurðir, og viðbótin, sem gert er ráð fyrir að verði milli 3 og 4 millj., rennur til fiskveiðasjóðs. Hv. þm. var með dálítið hærri tölur, og má vera, að það sé líka rétt, því að þetta er náttúrlega ekki nema áætlunartölur, eins og sakir standa, því að það er vitanlega útflutningsmagnið, sem gerir út um það. En vissulega er hér um að ræða nokkra tekjuaukningu eða von um tekjuaukningu fyrir fiskveiðasjóð, sem mikil þörf er á. En hins vegar ber þess að geta í sambandi við þetta mál, að eins og sakir standa nú, sé ég ekki verulegan mun á því, hvort þetta fé til fiskveiðasjóðs er veitt beint úr ríkissjóði ellegar gert er ráð fyrir því, að það verði greitt með þeim hætti, sem hér er lagt til. Eins og allir vita, verður að styðja og bera uppi framleiðsluna að verulegu leyti með beinum styrkjum og framlagi úr ríkissjóði, svo að það er alveg sýnt, að að óbreyttum aðstæðum eru útvegsmenn engan veginn þess megnugir að taka að sér aukin útflutningsgjöld eða aukna skatta í sambandi við þennan atvinnurekstur. Afleiðingin af þessu að óbreyttum aðstæðum yrði að sjálfsögðu sú, að framlagið eða stuðningurinn, sem kemur frá því opinbera, yrði að hækka í samsvörun við þetta. Náttúrlega geta aðstæðurnar breytzt, og það er að vona, að svo geti farið. En miðað við ástandið nú, þegar verið er að afgreiða þetta mál af Alþingi, er í sjálfu sér ekki á því neinn munur, hvort þetta er veitt sem beint framlag úr ríkissjóði ellegar útveginum er gert að greiða þennan skatt.

Ég vildi aðeins benda á þetta í sambandi við það, að frv. um framlag úr ríkissjóði til fiskveiðasjóðs hefur legið fyrir n. og ekki hlotið þar afgreiðslu, en fær það svo aftur í þessu formi, að á þessu er ekki, eins og sakir standa, neinn munur.

Við þá skiptingu, sem nú er lagt til að verði á útflutningsgjaldinu á milli þeirra aðila, sem þess eiga að njóta, sem er að langsamlega mestu leyti fiskveiðasjóður, er gert ráð fyrir því, að öll aukningin falli til fiskveiðasjóðs, og er það sjálfsagt, miðað við þörfina, mjög réttmætt. En hlutur hinna lækkar líka nokkuð frá því, sem verið hefur, þ. e. til rannsóknarstofnunar útvegsins, Landssambands ísl. útvegsmanna og fiskimálasjóðs. Hlutur þeirra lækkar nokkuð frá því, sem verið hefur, en hins vegar kemur þar upp á móti fyrir þessa aðila, að þetta framlag þeim til handa hefur verið tímabundið, en nú hefur sú tímabinding verið felld niður. Nú njóta þeir því þessa framlags, sem hér er ákveðið, á meðan ekki kemur til ný breyting á löggjöfinni, og felur það að sjálfsögðu í sér nokkurt öryggi til handa þessum aðilum, sem þarna njóta góðs af þessu útflutningsgjaldi.

Rannsóknarstofnun sjávarútvegsins er að reisa mikið hús fyrir sína starfsemi, og á því er mjög mikil þörf. Fiskifélag Íslands hefur með höndum framkvæmdir á þessu, eins og kunnugt er, en í þeirri stofnun, rannsóknarstofnun sjávarútvegsins, er unnið að mjög mikilsverðum þætti í útvegsmálum okkar í sambandi við sölu afurðanna á erlendan markað. Þar eru gerðar rannsóknir, sem salan á sumum tegundum varanna í verulegum atriðum byggist á og krafizt er að í fullu lagi sé af hinum erlendu kaupendum. Fiskimálasjóður vinnur einnig að mikilsverðu hlutverki hér hjá okkur, og Landssamband ísl. útvegsmanna, heildarsamtök útvegsmanna í landinu, njóta hér líka nokkurs góðs af, og er það að sjálfsögðu vel farið.

Ég vildi aðeins, um leið og mál þetta verður nú afgr. hér við 2. umr., gera þess grein frá mínu sjónarmiði, að í sjálfu sér er hér ákaflega lítill munur á, hvort málið er afgreitt í þessu formi, eins og sakir standa nú, eða þessi stuðningur hefði verið veittur með beinu framlagi frá ríkissjóði.

Frsm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Ég þarf aðeins að leiðrétta eitt atriði í ræðu hv. þm. Borgf. Það er á misskilningi byggt hjá honum, að ekki hafi fengizt afgreiðsla á frv. til laga um Fiskveiðasjóð Íslands, 18. máli Alþ. Sjútvn. hefur afgreitt það mál. Hún var að vísu ekki sammála um þá afgreiðslu, og það féll í minn hlut að hafa hér framsögu fyrir meiri hl. n., en málið var tekið fyrir til 2. umr. og vísað til ríkisstj. Hef ég fengið afrit af bréfi því, sem Alþ. hefur sent ríkisstj. um það mál, en þar segir:

„Hér með er ráðuneytinu tilkynnt, að frv. til laga um breyting á l. nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands, á þskj. 18, var á fundi Nd. í dag, er málið var til framhalds 2. umr., vísað til ríkisstjórnarinnar samkvæmt till. frá meiri hl. sjútvn. Var sú till. samþ. með 17:10 atkv."

Ég gat þess í minni framsöguræðu fyrir þeirri till. að vísa málinu til ríkisstj., að það væri engan veginn meining meiri hl. sjútvn. að koma í veg fyrir það, eins og sumir hv. sjálfstæðismenn vildu nú vera láta, að málið fengi eðlilega afgreiðslu, heldur væri þessi afstaða meiri hl. sjútvn. byggð á því, að það gætu allt eins vel komið til greina aðrar leiðir til þess að afla fiskveiðasjóði aukinna tekna heldur en beint ríkisframlag. Og það frv., sem hér er nú til umr. og afgreiðslu, stendur að sjálfsögðu í nokkuð beinu sambandi við þá afgreiðslu, sem varð á því frv., sem hv. þm. Borgf. gat um. Hér eru sem sagt till. ríkisstj. um aukið framlag til fiskveiðasjóðs í þessu frv., sem liggur fyrir.

Varðandi það, hversu miklar auknar tekjur þetta frv., ef að l. verður, gefur fiskveiðasjóði, skal ég taka fram, að sú tala, sem ég nefndi, um það bil 4½ millj., er byggð á útreikningi, sem gerður mun hafa verið í atvmrn., þar sem lagðar eru til grundvallar þær upplýsingar, sem fyrir lágu um útflutninginn 1956. En eins og

getið er um í athugasemdunum við lagafrv., voru tekjur fiskveiðasjóðs af þeim útflutningi 11 millj. 316 þús., en ef fiskveiðasjóði hefðu verið reiknaðar tekjur samkv. þeim till., sem hér eru gerðar í þessu frv., þá hefðu tekjur hans af þeim sama útflutningi orðið 15 millj. 741 þús., eða tekjuhækkun 4 millj. 425 þús. Þetta er að sjálfsögðu alltaf breytilegt frá ári til árs eftir því, hvað útflutningurinn er mikill, og ég vildi mega vænta þess, að það væri ekki fjarri lagi að áætla, að þetta mundi auka tekjur fiskveiðasjóðs um 4½ millj. árlega.

Ég skal að lokum taka undir það með hv. þm. Borgf., að það er ekki ýkja *mikill munur* á því, hvort framlag til fiskveiðasjóðs er veitt beint úr ríkissjóði eða með þeim hætti, sem hér er lagt til. Það er nú einu sinni svo í okkar þjóðfélagi, að þegar við rekjum það, hvaðan tekjurnar eru yfirleitt upprunnar, komum við oftast nær niður í einn og sama stað, að langverulegastur hluti þeirra er upprunninn hjá útveginum sjálfum. Og það er vissulega alveg rétt hjá hv. þm. Borgf., að eðlismunur er ekki stór á því, hvort tekjurnar eru teknar með þessum hætti eða veittar beint úr ríkissjóði. En ég vænti þess, að með samþykkt þessa frv. verði bætt úr brýnustu þörf fiskveiðasjóðs. Enda þótt mér sé ljóst, að ekki muni út af þeim sjóði fljóta þrátt fyrir samþykkt þessa frv., þá vona ég þó, að þar verði bætt úr brýnustu þörfunum og að það megi takast að halda starfsemi þess sjóðs áfram, þannig að hann megi koma sjávarútvegi landsmanna að sem allra mestu gagni.

Pétur Ottesen: Ég held, að það hafi byggzt á því, að hv. frsm. hafi ekki heyrt það, sem ég sagði, að misskilningur hafi komið fram í þessu hjá mér. Ég sagði, að málið hefði ekki fengið neina jákvæða afgreiðslu í n. Þetta var það, sem ég sagði um afgreiðslu málsins í n., en hún var neikvæð til lausnar á málinu, eins og það lá þá fyrir. Um hitt atriðið er það rétt, að eins og sakir standa nú og hv. frsm. hefur tekið undir, þá náttúrlega skiptir það ekki miklu máli, hvort tekjurnar eru auknar með nýjum tolli á sjávarútveginn eða fé er greitt beint úr ríkissjóði. En þetta gildir aðeins meðan svo stendur, að hlutfallið í landinu er þannig milli afurðaverðs og kaupgjalds, að ekki er hægt að reka atvinnuvegina öðruvísi en með beinu fjárframlagi úr ríkissjóði. Þegar hlutfallið er þannig orðið, að atvinnuvegirnir eru reknir án nokkurra slíkra styrkja, horfir málið allt öðruvísi við.

Jón Pálmason: Herra forseti. Þegar ég sá þetta frv., sem hér liggur fyrir, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, datt mér í hug hið gamla máltæki, að ekki er öll vitleysan eins, því að það að fara að hækka útflutningsgjald af sjávarafurðum virðist mér vera fráleitara en flest annað, sem komið getur til mála, eins og nú standa sakir í okkar þjóðfélagi. Öll útflutningsgjöld, hvort sem er á sjávarafurðir eða landbúnaðarafurðir, ætti að afnema, því að ósanngjarnari gjaldstofn er ekki, eins og nú standa sakir, hægt að finna, vegna þess að öll útflutningsframleiðsla er rekin með miklum halla, sem verður að bæta upp úr ríkissjóði. Ég held, að það væri þess vegna sanni nær að breyta þessu frv. í það horf að afnema útflutningsgjöld af sjávarafurðum heldur en að hækka þau, og ég fæ ekki séð, að það sé sambærilegt að auka tekjur fiskveiðasjóðs með framlagi úr ríkissjóði eða með útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, því að það er ekki sami grundvöllur sem þar liggur fyrir.

Ég efast ekkert um, að það sé rétt, það vitum við, að það er mikil tekjuþörf fyrir fiskveiðasjóð eins og flesta okkar sjóði og peningastofnanir nú, en að hugsa sér að gera það með þessum hætti, það tel ég vera fráleitara en flest annað, sem hægt er að hugsa sér. Ég mun því alveg hiklaust greiða atkv. gegn þessu frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, sögðu

já: ÓJ, SvbH, ÁÞ, ÁB, BG, EirÞ, GíslG, GJóh, GÞG, HÁ, HS, HV, KGuðj, PÞ, BrS, SkG, EOl.

BBen, IngJ, JPálm, MJ, PO, RH greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁkJ, BÓ, EmJ, EystJ, GÍG, JóhH, JS, KJJ, LJós, JR, ÓTh, SÁ) fjarstaddir.

2.—9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, ÓJ, SvbH, ÁÞ, ÁB, BG, EirÞ, GíslG, GÍG, GJóh, GÞG, HÁ, HS, HV, KGuðj, PÞ, BrS, EOl.

BBen, IngJ, JPálm, JS, MJ, PO, RH greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁkJ, BÓ, EmJ, EystJ, JóhH, KJJ, LJós, JR, ÓTh, SÁ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram, að ég sé ekki neina ástæðu til þess að greiða atkv. um einstakar gr. þessa frv., sem ég er alveg á móti, og mun sýna það við lok atkvgr., að ég er frv. öllu saman í heild sinni andvígur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:1 atkv.

Á 104. fundi í Nd., 23. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, ÓJ, SvbH, ÁÞ, ÁB, BG, EirÞ, EystJ, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, JóhH, KGuðj, PÞ, BrS, EOl.

nei: JPálm.

BBen, IngJ, JS, KJJ, JR, PO, RH greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁkJ, BÓ, EmJ, GÍG, GÞG, LJós, MJ, ÓTh, SÁ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Bjarni Benediktsson: Ég hef ekkert á móti því, hvernig eigi að verja þessum skatti, ef á

að leggja hann á, en ég tel tilgangslaust að ætla að styrkja aðila með því að skattleggja hann til þess sjálfan að njóta styrksins og sé þess vegna ekki ástæðu til þess að greiða atkv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 613).

35. Húsnæðismálastofnun o. fl.

Á 87. fundi í Ed., 11. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyt. á I. kafla l. nr. 36/1952 o. fl. [160. mál] (stjfrv., A. 436).

Á 88. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er vafalaust rétt, að húsnæðismálin hafa lengi verið eitt af allra erfiðustu vandamálum okkar Íslendinga, en sjaldan munu þau samt hafa verið jafnerfið jafnmiklum fjölda fólks eins og tvö síðustu árin. Þetta kann að hljóma illa í eyrum þeirra, sem trúðu því, að með löggjöfinni um hið almenna veðlánakerfi væri þetta vandamál leyst á nokkurn veginn fullnægjandi hátt og til frambúðar. En þessi löggjöf var sem kunnugt er sett fyrir um það bil tveimur árum.

Með setningu laganna um hið almenna veðlánakerfi var látið í veðri vaka, að kerfið fengi a. m. k. 100 millj. kr. til útlánastarfsemi sinnar hvort árið 1955 og 1956. Þessi áætlun var á því byggð, að bankarnir skyldu leggja fram 20 millj. kr. til íbúðalána hvort árið og enn fremur skyldi Landsbanki Íslands ábyrgjast sölu á vísitölutryggðum bankavaxtabréfum fyrir allt að 20 millj. kr. á ári. Þó skyldu vísitölulánin ekki vera hærri en 2 á móti 5 til hvers lántakanda. Þá tryggði Landsbankinn einnig 4 millj. kr. framlög á ári frá tryggingarfélögum, sem ekki eru í opinberri eign. Þessi hluti áætlunarinnar, sem l. um hið almenna veðlánakerfi hvíldu á, stóðst að öðru leyti en því, að vísitölufléð varð ekki 20 millj. á ári vegna ákvæðisins um hlutfallið 2 á móti 5 milli A- og B-lána. Enn fremur var út frá því gengið, að Tryggingastofnun ríkisins legði veðlánakerfinu 1½ millj. kr. á ári og Brunabótafélag Íslands ½ millj. kr. Tryggingastofnunin stóð við sína skuldbindingu, en Brunabótafélagið hefur ekki lagt fram nokkurn eyri til þessa. Í þessari 100 millj. kr. áætlun var reiknað með, að frá sparisjóðum og lífeyrissjóðum kæmu inn í veðlánakerfið 40 millj. kr. á ári, en reyndin varð sú, að lífeyrissjóðirnir og sparisjóðirnir beindu lánastarfsemi sinni að mjög litlu leyti gegnum veðlánakerfið, heldur lánuðu beint utan þess. Þannig kom í ljós um síðustu áramót, að húsnæðismálastjórn hafði ekki fengið neinar 200 millj. kr. til útlánastarfsemi sinnar á þessu tveggja ára tímabili til árslokanna 1956, heldur aðeins 75 millj. kr. bæði árin, eða um 37.5 millj. hvort árið um sig að meðaltali. Auk þessa fékk byggingarsjóður Búnaðarbankans 12 millj. kr. úr veðlánakerfinu hvort árið í A- og B-lánum samanlagt.

Þegar lögin um hið almenna veðlánakerfi voru sett, var sá gleðiboðskapur birtur öllum landsins lýð í blöðum og útvarpi, að nú gæti hver sá, sem réðist í byggingu eigin íbúðar, fengið 100 þús. kr. lán, þegar hús hans væri komið undir þak og orðið fokhelt. Út á þessi gullnu loforð hóf mikill fjöldi manna byggingarstarfsemi, og hafði húsnæðismálastjórnin ekki starfað nema nokkra mánuði, þegar henni höfðu borizt margar þúsundir umsókna um lán, sem auðvitað var enginn möguleiki til að fullnægja.

Engin ákvæði voru um það í l., að það fólk ætti að sitja fyrir lánum, sem væri í húsnæðishraki, væri efnalítið eða hefði fyrir stórri fjölskyldu að sjá. Það var engu líkara en út frá því hefði örugglega verið gengið, að veðlánakerfið gæti leyst allra vanda og þyrfti því ekki neinna takmarkana við um lánveitingarnar. Um stærð íbúða, sem lán mætti veita út á, voru heldur engin ákvæði, enda fór svo, að íbúðir fjögurra og jafnvel fimm herbergja og stærri urðu um það bil helmingur allra íbúða, sem byggðar voru á þessum árum. Á sama tíma sparaði ríkasta þjóð Norðurlanda, Svíar, svo bæði byggingarefni og fjármagn til íbúðabygginga, að fjögurra herbergja íbúðir eða stærri voru aðeins 10—12% af þeim íbúðum, sem þar voru byggðar á þessum sama tíma. Nú hafa þeir að vísu rýmkað svolítið um stærð á íbúðum hjá sér, vegna þess að húsnæðisvandamálið þrengir ekki eins að þeim og það gerði.

Engin ákvæði voru heldur um það í lögunum um hið almenna veðlánakerfi, að ekki mætti veita einum og sama manni nema eitt lán, enda er nú komið á daginn, að ein lánsstofnun lét eina og sömu fjölskylduna hafa 24 af 49 lánum, sem þessi fjármálastofnun veitti á s. l. ári. Við lánveitingarnar þurfti ekki heldur að taka tillit til þess, hvort menn, sem um lánin báðu, áttu íbúð fyrir, og mun mörgum hafa verið veitt lán, sem átti eigin íbúð sæmilega og var aðeins að selja hana til þess að flytjast inn í nýja og stærri íbúð og var þannig ekki í neinni húsnæðisneyð.

Á s. l. sumri stóðu sakir þannig, að um 3 þús. umsóknir um lán voru óafgreiddar og lánakerfið peningalaust. Þó hafði enginn fengið 100 þús. kr. lán, eins og lofað hafði verið. Húsnæðismálastjórnin hafði nefnilega strax orðið að færa lánahámarkið ofan í 70 þús., en við það var ekki heldur hægt að standa nema í sumum tilfellum og samkv. skýrslum reyndist meðallánsupphæð hafa orðið milli 50 og 55 þús. kr.

Þannig hafði flest brugðizt, sem lofað var. Þeir, sem lán höfðu fengið, fengu helming lofaðrar lánsupphæðar, en hitt var þó miklu verra, að tala þeirra, sem ekkert lán fengu, var nálega þreföld móts við tölu hinna, sem lánaúrlausn höfðu hlotið.

Þegar svona var komið, mátti öllum vera ljóst, að hið almenna veðlánakerfi var fjarri því að hafa reynzt þess megnugt að leysa vanda hús-

næðismálanna. Þau mál höfðu aldrei komizt í meira óefni, aldrei verið meira áhyggjuefni þúsunda heimilisfeðra, húsnæðismálin höfðu sem sé aldrei verið fjær fullnægjandi lausn. Þau voru svo sannarlega komin í algert öngþveiti.

Eins og kunnugt er, voru lögin um hið almenna veðlánakerfi, þ. e. fjárhagsgrundvöllur þeirra, fyrst og fremst byggð á samningum við bankana um ákveðin framlög til íbúðalána. Þessir samningar áttu aðeins að gilda um tveggja ára tímabil eða til ársloka 1956, og runnu þeir þannig út um síðustu áramót. Þannig kom það af sjálfu sér, að setja yrði nýja löggjöf til lausnar húsnæðismálunum með byrjun þessa árs. Var leitað til bankanna um að lána 10 millj. kr. til húsnæðismálanna á þessum fyrsta ársfjórðungi, meðan á undirbúningi nýrrar húsnæðislöggjafar stæði. En eftir langan umhugsunartíma varð svar þeirra, sem nú er kunnugt, neitandi. Samt hefur tekizt að útvega um 20 millj. kr. til bráðabirgða, síðan fé veðlánakerfisins þraut á s. l. sumri.

Á þskj. 436 er nú lagt fyrir Alþ. frv. til laga um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, og enn fremur eru í þessu frv. nokkrar bráðabirgðabreytingar á l. um verkamannabústaði. Tvö mikilsverð nýmæli eru í þessu frv. auk ýmissa minni háttar. Þessi tvö nýmæli eru stofnun byggingarsjóðs ríkisins með 118 millj. kr. stofnfé og svo ákvæðið um skyldusparnað ungs fólks á aldrinum 16—25 ára til þess að tryggja því möguleika til að eignast eigin íbúð. Mun ég síðar víkja að þessum atriðum báðum.

Í öllum nágrannalöndum okkar starfar sérstakt húsnæðismálaráðuneyti. Í þessu frv. er lagt til, að komið skuli á fót húsnæðismálastofnun ríkisins, sem fari með stjórn húsnæðismálanna. Húsnæðismálastjórn skal skipuð 5 mönnum, og skal hún veita húsnæðismálastofnun ríkisins forstöðu. Í þessari stjórn skulu eiga sæti 5 menn, 4 kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþ., en sá fimmti skipaður af félmrh. eftir tilnefningu Landsbankans. Landsbankinn hefur átt fulltrúa í húsnæðismálastjórn á þessum tveimur síðustu árum, og er fyrirkomulag á vali þess manns hugsað óbreytt. Skal hann ekki hafa atkvæðisrétt um lánveitingar, enda gæti það varla talizt eðlilegt, að fulltrúi bankans hefði það. Formaður húsnæðismálastjórnar skal vera skipaður af félmrh., en að öðru leyti skal húsnæðismálastj. sjálf skipta með sér verkum. Framkvæmdastjóra, sérfróðan um byggingarmál, skal húsnæðismálastj. ráða með samþykki félmrh. Ég vek athygli á því, að hér er lagt til, að kosningu húsnæðismálastjórnar skuli þannig hagað, að stjórnarandstaðan eigi einnig fulltrúa í henni. Er þar með horfið frá því fyrirkomulagi, sem stjórnarandstaðan varð að sæta, bæði þegar lögin um lánadeild smáíbúða voru sett og eins þegar lögin um hið almenna veðlánakerfi tóku gildi. En þá var húsnæðismálastjórn einvörðungu skipuð fulltrúum stjórnarflokkanna og stjórnarandstöðunni algerlega haldið áhrifalausri á stjórn og meðferð þessara örlagaríku og þýðingarmiklu mála allrar þjóðarinnar.

Verkefni húsnæðismálastofnunar ríkisins er ýtarlega lýst í I. kafla þessa frv., og er verkefnið í fáum orðum sagt að beita sér fyrir hvers kyns umbótum í byggingarmálum, hafa á hendi stjórn byggingarsjóðs ríkisins og yfirumsjón lánsfjáröflunar og lánveitingar til íbúðabygginga í landinu. Af einstökum verkefnum húsnæðismálastofnunar ríkisins má nefna, að hún á að gera grein fyrir raunverulegri þörf landsmanna fyrir íbúðabyggingar á hverjum tíma, gera till. og áætlanir um, hvernig þeirri þörf verði fullnægt á sem kostnaðarminnstan hátt og með hagkvæmustu móti. Það er talið nauðsynlegt í þessu skyni að koma upp fullkominni spjaldskrá yfir allt íbúðarhúsnæði í landinu, en komið hefur í ljós, að allt of ófullnægjandi upplýsingar liggja nú fyrir um húsnæðismálin hér á landi.

Þá er húsnæðismálastofnuninni ætlað að fylgjast ávallt vandlega með byggingarkostnaði í því skyni að finna, hverjir byggi ódýrast og hvaða gerðir íbúðarhúsnæðis reynist beztar og hagkvæmastar og jafnframt ódýrastar. Húsnæðismálastjórnin má láta fara fram samkeppni um uppdrætti og byggingu hagkvæmra íbúða og veita þeim lán, sem getur tekið að sér að byggja hagkvæmastar íbúðir af ákveðinni meðalstærð með minnstum kostnaði. Húsnæðismálastjórnin má setja þau skilyrði fyrir lánum, sem ætla má að stuðli að því, að byggðar verði fyrst og fremst hagkvæmar íbúðir af hóflegri stærð. Húsnæðismálastjórnin á enn fremur að kosta kapps um að koma á hvers konar umbótum í húsagerð, vinnutækni við byggingu íbúðarhúsnæðis, og hún á líka að leggja áherzlu á stöðlun sem flestra hluta til íbúðabygginga og fjöldaframleiðslu slíkra hluta. Hún á að gangast fyrir tæknirannsóknum og kynningu nýjunga í byggingariðnaði, og hún má sjálf láta byggja tilraunahús, þar sem einkum verði reyndar nýjungar í húsagerð. Húsnæðismálastjórninni er einnig ætlað að útvega hagkvæmar teikningar íbúðarhúsa, og hún skal líka beita sér fyrir, að úthlutun lóða tefji ekki fyrir byggingarframkvæmdum. Þá skal hún og í hvívetna reyna að stuðla að því, að vinna við íbúðabyggingar geti verið sem samfelldust árið um kring og jafnframt sem jöfnust frá ári til árs, en sveiflur í þessum málum frá ári til árs geta komið þjóðfélaginu í talsverðan vanda.

Í I. kafla frv. er húsnæðismálastjórn heimilað að láta undirbúa byggingu íbúðarhúsahverfa í kaupstöðum, láta gera skipulagsuppdrætti að þeim í samráði við skipulag bæja, og skal þá bæjarfélögum skylt að heimila byggingar og láta afhenda eða útvega hæfileg landssvæði fyrir þessi hverfi, ef með þarf með eignarnámi, og skal bæjarfélögum skylt að byggja vegi og leiðslur um slík hverfi innan hæfilegs tíma. Slíkt samstarf bæjarfélaganna og þeirra, sem byggja, er bráðnauðsynlegt, einkum ef um nokkur hverfi er að ræða.

Til þess að hagnýta sem bezt þekkingu og áhuga sérfróðra manna í samstarfi við húsnæðismálastjórnina er í I. kafla þessa frv. gert ráð fyrir 9 manna nefnd, sem starfa skuli með húsnæðismálastjórninni henni til aðstoðar og ráðuneytis um tæknileg mál. Hún skal skipuð einum

fulltrúa frá hverjum eftirtalinna aðila: Húsameistarafélagi Íslands, Verkfræðingafélagi Íslands, Sveinasambandi byggingamanna, Landssambandi iðnaðarmanna, og einnig skulu eiga í n. sæti skipulagsstjóri ríkisins, húsameistari ríkisins, forstöðumaður byggingarannsókna atvinnudeildar háskólans og 2 menn skipaðir af ráðherra.

Með þessu, sem nú er sagt, hef ég gert grein fyrir I. kafla frv. um húsnæðismálastofnun ríkisins og verksvið hennar. Þessu næst vil ég þá ræða nokkuð annað þeirra höfuðnýmæla, sem ég gat um áðan að fælust í þessu frv., nefnilega um byggingarsjóð ríkisins, en um hann er fjallað í II. kafla þess.

Hlutverk byggingarsjóðsins er að annast lánveitingar til íbúðabygginga og standa straum af framkvæmdum húsnæðismálastjórnar. Stofnfé sjóðsins er þetta: Í fyrsta lagi varasjóður hins almenna veðlánakerfis, sem nú er 20.9 millj. kr. Í öðru lagi lán ríkisins til smáíbúða, sem ríkissjóður hefur nú tekið að sér gagnvart Landsbankanum og verður þannig eign byggingarsjóðs ríkisins, en er að upphæð 32.8 millj. kr. Í þriðja lagi fé, sem lánað var veðlánakerfinu af tekjuafgangi ríkissjóðs 1955, en er nú afhent byggingarsjóði ríkisins til eignar, og eru það 11.3 millj., og í fjórða lagi er svo hluti af stofnfé byggingarsjóðs ríkisins ⅔ hlutar af væntanlegum stóreignaskatti, og er áætlað, að sá hluti verði um 53 millj. Samtals nemur þá þetta stofnfé byggingarsjóðs ríkisins, eins og áður var sagt, 118 millj. kr., og hefur verið reiknað út, að eign sjóðsins eigi að vera orðin 292 millj. kr. að 10 árum liðnum, eða m. ö. o. fast að 300 millj. kr. Eftir því sem næst verður komizt eftir athugun bankafróðra manna, en að meðtöldum tekjum skv. a- til d-liðum 3. gr., á að vera óhætt að gera ráð fyrir, að árlegt fé sjóðsins til útlána verði fljótlega um 40 millj. kr. á ári, en með ári hverju eiga tekjur sjóðsins að fara vaxandi. Það er þetta eigið fé byggingarsjóðs ríkisins, sem að mínu áliti hefur ómetanlega þýðingu fyrir varanlega lausn húsnæðismálanna í framtíðinni.

Þá er í þessu frv. ákvæði um árlega tekjuöflun til byggingarsjóðs, og er gert ráð fyrir árlegum tekjum til hans á þessa leið:

Í fyrsta lagi er það 1% álag á tekjuskatt og eignarskatt með stríðsgróðaskatti og á tolltekjur ríkissjóðs skv. tollskrá. Telst mönnum til, að þessi tekjuliður nemi 4—5 millj. kr.

Í öðru lagi eru það afborganir og vextir lána, sem veitt hafa verið og veitt verða af framlögum ríkisins til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði.

Í þriðja lagi er það lántökugjald af lánum, sem húsnæðismálastjórnin veitir, svo og vaxtatekjur þeirra lána, en þetta lántökugjald er 1% af lánsupphæðinni.

Í fjórða lagi kemur til árlegra tekna byggingarsjóðs höfuðstóll og vaxtafé, sem fallið er í gjalddaga, ef þess er ekki vitjað innan 20 ára. Má nú búast við, að það verði lítið og kannske ekkert.

Samkvæmt 4. gr. frv. er gert ráð fyrir, að áfram starfi undir stjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbankans veðlánakerfi til íbúðabygginga. Veðdeild Landsbankans er heimilað að gefa út bankavaxtabréf í þessu skyni, og mega þau nema allt að 100 millj. kr. á ári í næstu 10 ár. Þessi vaxtabréf skulu vera þannig, að annar hluti, A-flokkur, verði með föstum afborgunum og vöxtum, vextirnir 7%, og er lánstími þeirra lána allt að 25 ár. Hinn hlutinn, B-flokkur, má vera allt að 50 millj. kr. á ári og skal vera með vísitölukjörum, þannig að afborganir og greiðsla afborgana og vaxta séu bundnar vísitölu framfærslukostnaðar. Þessi ákvæði eru mjög áþekk ákvæðum III. kafla laganna um hið almenna veðlánakerfi frá 1955, en í stað þeirra skuldbindinga, sem við setningu þeirra laga lágu fyrir frá Landsbankanum, þá lýsir ríkisstj. nú yfir, að hún muni sjá um, að húsnæðismálastjórnin fái til úthlutunar á árinu 1957 ekki minni fjárhæð auk tekna byggingarsjóðsins en 44 millj. kr., og mun hún taka upp samninga við banka og tryggingarfélög til þess að tryggja þetta. Af þessu fé er gert ráð fyrir að byggingarsjóður Búnaðarbankans fái allt að sömu upphæð og hann hefur fengið s. l. 2 ár, þó eftir þörfum í sveitum til slíkra byggingarlána. Þá mun ríkisstj. einnig beita sér fyrir því, að sparisjóðir og aðrir aðilar, sem lagt hafa fram fé til veðlánakerfisins undanfarin 2 ár, leggi ekki minna fé fram árið 1957 en hvort hinna áranna um sig.

Til þess nú að glöggva sig betur á því, hvaða fjármagn á nú að fara til húsnæðismálanna, móts við það, sem áður fór til sömu verkefna, er rétt að minna á það til viðbótar, að framlag til verkamannabústaða hefur nú verið tvöfaldað á fjárlögunum, er nú rétt við 4 millj., en var áður innan við 2. Komi sama framlag frá sveitarfélögum, eins og lögin um verkamannabústaði gera ráð fyrir, þá gæti sú byggingarstarfsemi, sem fram færi fyrir þetta fé, numið 8 millj. Auk þess útvegar svo ríkissjóður aðrar 8 millj. kr. á þessu ári til byggingar verkamannabústaða, og hefur það fé þegar verið tryggt.

Til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði eru nú á fjárlögum 4 millj., og ef ég man rétt, eru til 5 millj. í þessu skyni af fjárveitingu fyrri ára. Þetta fé verður því aðeins greitt af hendi skv. lagaákvæðum, að sveitarfélög leggi fram jafnmikið fé á móti, og verður því unnt að verja allt að 18 millj. kr. til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði, ef sveitar- og bæjarfélög leggja mótframlög móti því fé, sem nú er til á þessa árs fjárlögum og sem geymslufé. Það er margfalt hærri upphæð en nokkru sinni áður hefur verið varið í því skyni að útrýma heilsuspillandi húsnæði á einu ári. Ef þessar tölur eru hins vegar teknar án mótframlaga bæjanna, er hér samt um að ræða 33 millj. kr. af nýju fé á árinu 1957 til húsnæðismálanna.

Kem ég þá að III. kafla frv., um sparnað til íbúðabygginga. Í þeim kafla er í fyrsta lagi gert ráð fyrir, að menn eigi kost á því að leggja til hliðar 5 þús. kr. á ári, og ef það hefur verið gert í 5 ár, þannig að að þeim tíma liðnum sé til slíkt sparað fé 25 þús. kr., þá skal húsnæðismálastjórn veita þessu fólki lán til íbúðabygginga umfram aðra, miðað við sömu aðstæður, og má það lán til þess fólks vera allt að 25% hærra. En þetta er sem sé alveg frjálst, og maður

veit ekki, hvort þetta kann að gefa meira eða minna eða kannske að það gefi ekki neitt. Það er því ekki tekið með í neina útreikninga um tekjuöflun til húsnæðismálanna á árinu. Þetta fé á að leggjast í sérstaka innlánsdeild, sem starfa skal á vegum byggingarsjóðs ríkisins.

Þá kemur að því ákvæði þessa lagabálks, sem óefað mun vekja mesta athygli og sumir munu kannske telja að sé árás á unga fólkið, en ég vil þó telja, að sé fyrsta alvarlega viðleitnin til þess að hjálpa ungu fólki til að geta eignazt þak yfir höfuðið. En í þeirri grein, 10. gr. frv., er gert ráð fyrir því, að öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skuli vera skylt að leggja til hliðar 6% af launum sínum, hvort sem þau eru greidd í peningum eða sambærilegum verðmætum að öðru leyti. Þetta skal gert í því skyni, að þessum einstaklingum myndist sjóður til íbúðabygginga eða til bústofnunar í sveit. Það fé, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild byggingarsjóðs ríkisins fyrir alla þá, sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, en fyrir þá, sem búsettir eru í sveitum, skal sparifé þeirra ávaxtað í veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

Það fé, sem sparast á þennan hátt, á að njóta vissra hlunninda, og eru þessi hlunnindi í fyrsta lagi þau, að af upphæðinni skal það ár, sem hún er lögð til hliðar, ekki greiðast tekjuskattur og ekki heldur útsvar af upphæðinni. Þá skal sparifé í annan stað vera vísitölutryggt þannig, að þegar það borgast út, þá borgast það með uppbót vegna vísitöluhækkunar. Í þriðja lagi skal þetta skyldusparifé veita forgangsrétt til lána að öðru jöfnu, og það skal í fjórða lagi tryggja 25% hærra lán en öðrum er veitt á sama tíma við sams konar aðstæður, þegar til útborgunar kemur, en til útborgunar á þessu fé skal koma, þegar viðkomandi er orðinn 25 ára eða við stofnun heimilis og giftingu.

Það hefur verið lauslega gerð athugun á því hér á hagstofunni, hvað líklegt þætti að þessi skyldusparnaður unga fólksins gæti numið miklu á ári, og telja menn, að það gæti orðið 15—16 millj. kr. á ári.

Bankamenn hafa gert töflu yfir það, hvernig þessar tekjur af skyldusparnaðinum ættu að aukast á næstu 10 árum frá 1957 til 1966, og telst þeim til, að miðað við óbreytt verðlag og tekjur fólks að krónutölu ætti þessi sjóður eftir þeim reglum, sem honum er ætlað að starfa, að nema 98 millj. kr., eða rétt við 100 millj. kr. í árslok 1956, og eftir það, ef þessum skyldusparnaði væri haldið áfram, ætti þessi sjóður að ná yfir 10 árganga ungs fólks og eflast frá ári til árs nokkuð þrátt fyrir lánveitingar.

Ég get vel búizt við því, að einhverjir telji, að þarna séu lagðar þungar kvaðir á hið unga fólk í íslenzku þjóðfélagi, en það er líka jafnframt verið að tryggja því lausn á því vandamáli, sem lengstum hefur verið unga fólkinu hvað erfiðast í skauti að leysa, þ. e. a. s. að geta stofnað heimili og eignazt eigin íbúð.

Ég er því ekki í nokkrum vafa um það, að a. m. k. þegar fram í sækir mun það unga fólk, sem nú verður að taka þessa skyldu á sínar herðar, þegar kemur að því að njóta ávaxtanna af þeim skyldum, þakka fyrir það, að því var með þessu móti tryggt að þurfa ekki að horfast í augu við óleysanlegan vanda íbúðarhúsnæðismálsins nokkrum árum síðar.

Það þótti sjálfsagt að láta þennan skyldusparnað ekki leggjast á allra herðar án undantekninga, og eru undantekningarnar þessar, að gift fólk, sem hefur stofnað heimili, skal ekki þurfa að taka á sig skyldusparnaðinn, þó að það sé á þessu aldursskeiði, enn fremur skólafólk, sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða lengur á ári, og iðnnemar, meðan þeir stunda iðnnám; þá eru enn fremur þeir, sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri, ekki skyldugir til þess að taka á sig skyldusparnaðinn, og enn fremur hafa sveitarstjórnir heimild til að veita tímabundna undanþágu frá sparnaðarskyldu, ef sérstaklega stæði á, veikindi eða slys bæri að höndum.

Það er ætlunin, að framkvæmdin á þessu verði á þann veg, að gefin verði út sparimerki líkt og orlofsmerkin og að unga fólkið fái afhent sparimerki við launagreiðslur á sama hátt og orlofsmerkin eru gefin út, og eiga ákvæði þeirra laga að gilda um þetta, að svo miklu leyti sem við á, en að öðru leyti verður kveðið nánar á um þetta fyrirkomulag með reglugerð.

IV. kafli frv. er svo um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis. Er þeim kafla ekki í neinu verulegu breytt frá núgildandi lögum, og skal ég því ekki fjölyrða neitt um hann.

Þá er að lokum V. kafli frv. Hann er um nokkrar breytingar á lögunum um verkamannabústaði. Það þótti ógerlegt að láta þau lög standa alveg óbreytt að öllu leyti, þegar ýmsar þær takmarkanir væru gerðar, sem í þessum lögum eru ákveðnar, bæði um stærðir íbúða, efnahag og aðstöðu fólks, sem gæti notið lána, en eins og kunnugt er, er um hin hagkvæmustu lán að ræða samkvæmt lögunum um verkamannabústaði.

Breytingarnar, sem samkomulag fékkst um, eru þær í fyrsta lagi, að frá og með 1958 skuli sveitarsjóðir greiða ekki minna en 24 og ekki meira en 36 kr. fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins og geti sveitarstjórnin ákveðið upphæðina með sérstakri samþykkt. Þetta er tvöföldun á þeim greiðslum, sem nú er gert ráð fyrir í lögum til verkamannabústaðanna af hendi sveitarfélaganna, og er það aðeins til samræmis við það, að fjárlagaupphæðin, sem á að mæta framlögum sveitarfélaganna til byggingar verkamannabústaða, hefur nú verið tvöfölduð og er þegar miðuð við þessa krónutölu af hendi sveitarfélaganna nú á árinu 1957.

Þá er enn fremur þarna bætt við lögin um verkamannabústaði því ákvæði, að ráðh. geti, um leið og hann hefur vald til þess að ráða nokkru um fyrirkomulag íbúðanna, sem byggðar eru samkvæmt lögum um verkamannabústaði, einnig ákveðið um stærð þeirra. Það hefur engin stærðartakmörkun þar verið og þannig ekki nægilega tryggilega um það búið, að ekki verði byggðar allstórar, kannske óhóflega stórar íbúðir fyrir þetta fé, sem ríkið borgar þó niður vexti af og veitir lengri lánstíma en nokkrum öðrum.

Nauðsyn þótti til bera að breyta mörkunum um tekjur og eignir þeirra manna, sem rétt ættu

til að fá byggt fyrir sig á vegum byggingarfélags verkamanna, og hafa þau tekjumörk nú verið ákveðin hér í frv. 50 þús. kr. árstekjur, miðað við meðaltal þriggja síðustu ára, að viðbættum 5 þús. kr. til viðbótar fyrir hvern ómaga á framfæri. Þá er það skilyrði einnig sett, að viðkomandi fólk megi ekki eiga yfir 75 þús. kr. skuldlausa eign, miðað við þann tíma, þegar félagsmaður kaupir íbúðina.

Nýtt ákvæði er hér í 20. gr. um það, að heimilt skuli eða skylt að bjóða byggingar verkamannabústaða út.

Þetta eru helztu ákvæðin varðandi breytingu á verkamannabústöðum. Um formið skal ég játa það, að ég hafði undirbúið þessar breytingar á verkamannabústöðunum og nokkrar fleiri sem sérstakt frv., sem væri til breytinga á lögunum um verkamannabústaði, en um það varð ekki samkomulag að breyta þeim í svo verulegum atriðum, og varð þá að sætta sig við þetta afkáralega form, að hafa breytingu á lögunum um verkamannabústaði sem sérstakan kafla í þessu frv. Hins vegar er inn á það gengið og því heitið, að á næsta ári, fyrir næsta þing, skuli fara fram endurskoðun á lögunum um verkamannabústaði og lögunum um byggingarsamvinnufélög.

Með því, sem ég nú hef sagt, tel ég, að ég hafi gert grein fyrir meginefni þessa frv. um húsbyggingamálin, og tel þetta frv. vera skref í rétta átt og til mikilla bóta. Það er ekki hægt að neita því, að það er allmyndarlega að verki verið með því stofnfé byggingarsjóðs ríkisins, sem nú er tryggt, um nær 120 millj. kr., og það hefur verulega þýðingu fyrir varanlega lausn þessara mála.

Ef húsnæðismálaástandið í landinu væri núna „normalt“ eða eitthvað nálægt því, þannig að aðeins þyrfti nú að ráðgast um við þá íbúðaaukningu, sem þjóðin þarf, svona í kringum 1000—1100 íbúðir, þá held ég, að þetta frv. leysti nokkurn veginn vandann. En hins er ekki að dyljast, að við verðum enn um skeið í nokkrum vanda, vegna þess að þúsundir hálfbyggðra húsa bíða nú eftir því að fá fé, svo að hægt sé að ljúka þeim, og sumt af þessu fólki er búið að bíða jafnvel nokkuð á annað ár með húsin, sum hver a. m. k. hálfstöðvuð eða alstöðvuð.

Það má því alveg búast við því, að á þessu ári og kannske á því næsta verði nokkur fjárþröng í þessum málum, en eftir það tel ég, að vonir standi til, að það fari heldur að vænkast um fjárhagshlið þessa máls, ef engar vonir bregðast um tekjur byggingarsjóðsins og aðrar tekjur, sem tryggja verður áframhaldandi í gegnum veðlánakerfið.

Ég vil vænta þess, að þetta mál verði gaumgæfilega athugað í nefnd, og víst get ég búizt við því, að svona mikill lagabálkur þurfi einhverra breytinga eða lagfæringa við nánari athugun, því að öll frumsmíð stendur vissulega til bóta, og að sumu leyti er þessi lagabálkur frumsmíð.

Ég legg svo til, að þessu frv. verði að umr. lokinni vísað til hv. fjhn.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Það er ekki ætlun mín að lengja þessa umr. til mikilla muna, þótt ég hafi kvatt mér hljóðs, en ýmis atriði þessa máls og einkum þau, sem telja má nýmæli, eru þannig, að ég vil strax við 1. umr. þess láta mína afstöðu koma fram. Þar að auki lét hæstv. félmrh. í sinni ýtarlegu framsöguræðu nokkur ámælisorð falla á ská til fyrirrennara sinna, sem ég tel ekki fullkomlega réttmæt. Vitanlega hefur núverandi ríkisstj. byggt á þeirri löggjöf, sem fyrirrennararnir komu á, og orðið reynslu þeirra ríkari. Auðvitað ætla ég ekki að hefja deilur við hæstv. félmrh., því að við erum of sammála um þetta mál til þess, að ég geri það, en ég ætla, um leið og ég minnist á efni frv., að gefnu tilefni að rifja upp að ofur litlu leyti sögu liðins tíma í dálítið öðru ljósi en hann gerði.

Ég er dreifbýlismaður, eins og kallað er, það játa ég hiklaust. Mér hrýs hugur við þeirri þróun, sem átt hefur sér stað með búferlaflutningi fólks utan af landi, úr sveitunum, kauptúnunum og kaupstöðunum þar, í þéttbýlið á Suðurnesjum og þá fyrst og fremst til höfuðstaðarins. Ég tel, að á móti þeirri þróun þurfi að vinna með þjóðfélagsaðgerðum, eftir því sem við verður komið, án þess að vanrækja megi þó skyldur ríkisins við höfuðborg sína og umhverfi hennar, enda er það ein af skyldunum við höfuðborgina að firra hana ofvexti þeim, sem á hana sækir um þessar mundir og hefur á hana sótt síðustu ár.

Um þetta þarf ekki að fjölyrða. Yfirleitt greinir menn nú orðið ekki á um það, að þessa svonefnda jafnvægis í byggð landsins verði að gæta í þjóðfélagsaðgerðum. En um hitt getur vitanlega oft og einatt orðið ágreiningur, hvort þessi eða hin aðgerð hins opinbera sé heppileg fyrir jafnvægið, og svo getur keppni og heimastöðvametnaður hlaupið með menn í gönur stundum í átökum við málefni og það jafnvel góða menn.

Ég á von á því, að í fljótu bragði kunni einhverjum að finnast, að frv. þetta muni, ef að lögum verður, verða vatn á myllu höfuðstaðarins meira en góðu hófi gegnir. Það má auðvitað ekki verða, og til þess er að sjálfsögðu alls ekki ætlazt. Reykjavík á að fá sanngjarna hlutdeild í lánaveitingum þeim, er frv. gerir ráð fyrir, en aðrir staðir engu síður sinn hlut vel mældan eftir sínum þörfum. Húsnæðismálastjórninni verður skylt að annast þetta, og því verður að treysta, að hún geri það, enda mun verða eftir því litið og aðhald veitt, ef með þarf. Það munu fulltrúar dreifbýlisins gera og eiga líka að gera.

Sómasamleg húsakynni eru mönnum nauðsynleg, hvar sem þeir eiga heima á landinu. Framsfl., sem fyrst og fremst hefur farið með umboð sveitafólksins á Alþ., beitti sér snemma fyrir stofnun byggingarsjóðs sveitanna og fékk hann lögleiddan 1928 eftir langa og óhætt að segja mjög harða baráttu. Fyrir hjálp þeirrar lánastofnunar hafa nú á miklum meiri hluta hinna fornu býla í landinu verið byggðir bæir úr varanlegu efni og fjöldi nýbýla risið víðs vegar um landið.

Hins vegar höfðu þeir, er í kauptúnum og kaupstöðum bjuggu, til skamms tíma enga sérstaka lánsstofnun að snúa sér til, er teldi skylt að veita þeim lán til að koma upp íbúðum yfir sig og sína, eins og byggingarsjóður Búnaðarbank-

ans taldi sér skylt að gera fyrir bændur. Bankar gerðu einum og einum manni einhverjar úrlausnir í þessum efnum á þeim stöðum, sem bankarnir voru, varla annars staðar, sparisjóðir sömuleiðis stundum, en gátu vitanlega alls ekki fullnægt þörfum. Auðvitað urðu venjulega þeir menn, sem lítils máttu sín, alveg út undan, þegar um slíka lánaaðstoð var að ræða.

Lög um verkamannabústaði, sem sett voru upphaflega nálægt 1930, og lög um byggingarsamvinnufélög, sett um líkt leyti, hvort tveggja fyrir aðstoð og atbeina Framsfl., greiddu að vísu götu allmargra; sömuleiðis lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. En þeir, sem þessa nutu, voru ekki nema brot móts við þann mikla fjölda, sem var í stökustu vandræðum. Af þessu ástandi leiddi svo húsaleiguokrið, sem oft hefur lýst verið. Hefur það haft í för með sér alvarlegt þjóðfélagsböl í efnahagsmálum, gert hinn ríka ríkari og hinn fátæka fátækari á andstyggilegan hátt og spillt viðskiptaheiðarleika.

Sveitafólkið var í þessum efnum miklu betur sett vegna byggingarsjóðs Búnaðarbankans en almenningur í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum. Þannig stóðu málin, þegar stjórn Framsfl. og Sjálfstfl. hófst handa með því að koma á fót lánadeild smáíbúða 1952. Það kom í hlut Framsfl. að hafa forgöngu í málinu, þar sem félmrh. var framsóknarmaður. Smáíbúðalánadeildin var ágæt byrjun, heilbrigður vísir að meiri framkvæmdum. Hún lánaði út á 2. og 3. veðrétt, að vísu lág lán, en þau voru mörgum manni einmitt það, sem honum hrökk til að komast upp á örðugasta hjallann, örvuðu sjálfsbjargarmáttinn, svo að dugði. Og lánadeildin hafði heilbrigð áhrif í þá átt, að menn byggðu ekki stærri hús en þeir gátu komizt af með. Aðrir áttu ekki erindi við lánadeildina en þeir, sem stilltu íbúðabyggingum sínum í hóf. Ég er þessu allvel kunnugur, af því að ég hafði milligöngu fyrir æðimarga menn í mínu kjördæmi við lánsútvegun hjá deildinni.

Deildin hóf lánaveitingar 25. maí 1952 og starfaði að útlánum fram á árið 1955. Alls munu lán frá henni hafa numið rúmlega 40 millj. kr. og lántakendur verið um 1600.

Næsta skrefið, sem sömu stjórnarflokkar stigu, þ. e. a. s. Framsfl. og Sjálfstfl., var setning laganna um húsnæðismálastjórn o. fl. 1955. Enn var það Steingrímur Steinþórsson, sem þau mál heyrðu undir og beitti sér fyrir sem fyrsti maður, að aukin var lánaaðstoðin frá því, sem áður hafði verið. Lánin voru hækkuð frá því, sem smáíbúðalánadeildin veitti, í framkvæmdinni um rúmlega helming. Fjármagns var leitað til þess að færa út starfsemina, svo að fleiri gætu komið til greina. Áætlað var í grg., sem fylgdi frv. um húsnæðismálastjórn, að tryggja og kalla fram eftir ýmsum leiðum lánsfé til íbúðarhúsabygginga í þéttbýli og dreifbýli á árunum 1955 og 1956, er næmi rúmlega 200 millj. kr., eða fullum 100 millj. hvort árið. Lánveitingar úr veðdeild Landsbankans, sem starfar samkvæmt umræddum lögum, hófst 1. nóv. 1955. Til 1. apríl þ. á., 1957, eða á 17 mánuðum, hafði veðdeildin lánað 81 millj. til samtals 1449 lántakenda.

Þær leiðir, sem farnar voru til þess að afla veðdeildinni fjár, skiluðu einnig 1955 og 1956 24 millj. samtals í byggingarsjóð Búnaðarbankans sem lánsfé handa honum til að lána.

En áætlunin, sem gerð var í sambandi við lántökuna, stóðst ekki fyllilega á þann hátt, sem til var ætlazt, eins og hæstv. félmrh. gat um áðan. Veðlánakerfið fékk ekki til ráðstafana það fé allt, sem vonazt var til. Hins vegar stóðst hún að því leyti, að til íbúðarhúsa var í heildinni á árunum 1955 og 1956 lánað meira en 200 millj., eða um 230 millj., vegna þess að bankar, sparisjóðir og lífeyrissjóðir lánuðu beint, að vísu ekki eftir reglum veðdeildarinnar eða kerfisins, en starfsemi kerfisins og sú löggjöf ýtti undir þessa lánastarfsemi, svo að telja má, að hún hafi aukizt fyrir þær aðgerðir, sem þar fóru fram.

Hið almenna veðlánakerfi hefur áreiðanlega gert mikið gagn á tveim undanförnum árum. Hins vegar hefur það ekki náð tilgangi sínum nema að mjög takmörkuðu leyti. Það hefur ekki náð þeim tilgangi að fullnægja öllum. En ekki er hægt að segja með sanni, að kerfið hafi ekki komið að miklum notum, þrátt fyrir það. Áhugi fólks fyrir að byggja sér íbúðir var langt á undan starfsemi veðlánakerfisins og verður sennilega fyrst um sinn eitthvað á undan, þó að vel verði unnið að útvegun lánsfjár. Sá áhugi er heldur ekki öruggur mælikvarði fyrir hinni óhjákvæmilegu þörf eða því, hvað þjóðin má leyfa sér að fara hratt í fjárfestingu á þessu sviði, þ. e. sá áhugi, sem kemur fram í óskum um lán til bygginga. Bjartsýni er góð og framfarahugur, en þó ekki einhlít. Raunsæi og fyrirhyggju þarf líka.

Hjá húsnæðismálastjórn söfnuðust fyrir á þriðja þúsund umsóknir um lán, sem ekki var hægt að sinna. Margt fólk sat með fé sitt fast í byggingum á ýmsum framkvæmdastigum og gat sig ekki meira hrært. Sýnt var, hvað sem rökræðum um of mikla bjartsýni og vafasama fjárfestingu leið, að hér þurfti meiri lánastarfsemi við. Fólkinu, sem dagað hefur uppi við hús í smíðum, þarf að liðsinna o. s. frv.

Þegar núverandi ríkisstj. var mynduð, ákváðu þeir flokkar, sem að henni standa, að beita sér fyrir úrbótum í þessum efnum. Framsfl. hefur jafnan staðið þannig að byggingarmálunum, eins og ég hef lauslega á drepið, að af hans hálfu var þetta sjálfsagður hlutur.

Nú hefur hæstv. félmrh. fylgt úr hlaði frv. ríkisstj. um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl. Með till. þeim, sem frv. felur í sér, á að bæta þá löggjöf, sem fyrir var, eftir því sem reynsla bendir til að rétt sé, byggja ofan á þann grunn, sem í þessum efnum var áður lagður.

Enginn vafi virðist mér vera á því, að í frv. felast ýmsar mjög þýðingarmiklar till. til umbóta. Ég vil aðallega lýsa afstöðu minni til fimm þeirra till., þótt fleiri séu athyglisverðar, og tek ég þessar fimm till. í þeirri röð, sem þær eru í frv.

Fyrst er þá það, að húsnæðismálastjórn er fyrirskipað að setja þau skilyrði fyrir lánum, sem telja má að stefni að því, að byggðar verði fyrst og fremst hagkvæmar íbúðir af hóflegri stærð. Þetta er að mínu áliti mjög nauðsynlegt.

Okkur Íslendingum hættir til óhófs um þessar mundir.

Með starfsemi lánadeildar smáíbúðanna var stutt að hófseminni. Með lögunum um húsnæðismálastjórn frá 1955 var það ekki gert að sama skapi, og það var skaði.

Þá er annað. Húsnæðismálastjórn á að vera heimilt að láta undirbúa byggingu íbúðarhúsahverfa í kaupstöðum. Með þeirri heimild er áreiðanlega gefið tækifæri til þess að lækka byggingarkostnað, svo að um muni, ef hugur fylgir máli, svo sem vera ber og ætlazt er til.

Þriðja atriðið er svo stofnun byggingarsjóðs ríkisins. Veðlánakerfið hafði ekki skilyrði til að fá, svo að verulegu næmi, fast fé til eignar og umráða. Árleg öflun lánsfjár til útlána er erfitt og ótryggt fyrirkomulag til frambúðar. Í frv. er lagður grundvöllur að byggingarsjóði, sem vex frá ári til árs, og samkvæmt áætlun, sem fylgir, má vel gera ráð fyrir, að sjóður sá verði eftir 10 ár orðinn 300 millj., eins og hæstv. ráðh. gerði grein fyrir. Í þeirri sjóðmyndun er fólgin trygging fyrir framhúðarstarfsemi lánakerfisins og vexti hennar.

Þá er fjórða atriðið, sem ég hreint og beint fagna. Það er skyldusparnaðurinn. Í þjóðfélagi okkar er mikil þörf fyrir lánsfé og miklar og harðar kröfur um lánsfé, hins vegar lítil sparifjármyndun. Fólk eyðir frekar aurum sínum en að leggja þá inn til geymslu. Þjóðfélagið gerir mikið til þess, að allir hafi viðunandi tekjur. Á tímabilum ævinnar eiga menn yfirleitt að safna sparifé og geta það líka, ef tekjur eru það, sem kalla má viðunandi. Geri þeir það ekki, veldur þetta þjóðfélagsmeinum. Hvað getur þjóðfélagið réttar gert, þegar svo stendur á, en að skylda til sparnaðar? Eru önnur ráð fyrir hendi? Prédikanir hrökkva áreiðanlega ekki til.

Framsóknarmenn hafa haft skyldusparnað til umr. oftar en einu sinni og verið honum fylgjandi yfirleitt. Ég og hv. þm. Barð. höfðum ætlað okkur að leggja fram á þessu þingi till. til þál. um undirbúning víðtækrar löggjafar um skyldusparnað, er lögð skyldi í frv.-formi fyrir Alþingi næsta haust. Þá till. vorum við búnir að semja, þegar okkur bárust fréttir af því, að hæstv. ríkisstj. ætlaði að leggja til, að komið yrði á skyldusparnaði vegna byggingarsjóðs ríkisins og veðdeildar Búnaðarbankans.

Þótt við hefðum hugsað okkur víðtækari skyldusparnað, teljum við frumvarpsákvæðið ágætt spor í áttina og bíðum með okkar till. og sjáum, hvað setur. Gefist þessi skyldusparnaður vel, er sjálfsagt að breikka sviðið fljótlega, að mínu áliti.

Fimmta till., sem ég tel afar þýðingarmikla, er efling veðdeildar Búnaðarbankans með sparifjárinnlögum og lántökuforréttindum, er af innlögum á að leiða, fyrir þá, sem vilja stofna bú í sveit. Er frv. með þessu og framlaginu til byggingarsjóðs Búnaðarbankans mjög þýðingarmikið fyrir sveitir landsins.

Í frv. er sýnilega reynt að hafa hagsmuni allra landshluta fyrir augum og fólksins í landinu, hvar sem það býr. Það er frá mínu sjónarmiði höfuðkostur frv. og gefur því mikið gildi. Þetta vil ég láta koma fram af minni hálfu við 1. umr. málsins. Þess vegna get ég fylgt frv. í aðalatriðum, þótt ég sé dreifbýlismaður.

Auðvitað verður vald húsnæðismálastjórnar mikið samkvæmt frv., en þess verður að vænta, að hún vinni með það fyrir augum, að búseta raskist ekki af hennar völdum til óhagræðis fyrir þjóðfélagið, heldur hið gagnstæða. Þannig verður hún að skilja sín hlutverk og þau lög, sem henni verða sett, ef þetta frv. nær fram að ganga. Önnur lagasetning en sú, sem felur þetta í sér, kemur ekki til greina frá mínu sjónarmiði, eins og ástatt er í þjóðfélaginu.

En þótt ég hafi nú lýst fylgi við frv. í meginatriðum og stefnu þess, þá hef ég á þessu stigi að sjálfsögðu fyrirvara um fylgi við form og smærri atriði og sitthvað annað, sem til greina getur komið undir gangi málsins, við athugun þess í n. og við umr.

Ég tel fyrir mitt leyti, að hæstv. ríkisstj. hafi með frv. þessu þokað þessum þætti fjárhagsmála þjóðarinnar vel á veg.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Húsnæðismálin eru eitt af mestu vandamálum þessa þjóðfélags, og eitt meginatriði húsnæðisvandamálanna er lánamálin. Að vísu koma ýmis fleiri atriði til greina um lausn húsnæðismálanna, en lánamálin og skipulag þeirra er eitt meginatriðið. Það er því ekki að undra, að það væri eitt höfuðstefnumál bæði fyrrverandi ríkisstj., sem mynduð var 1953, og núverandi hæstv. ríkisstj. að reyna að leysa þau mál.

Eftir að ríkisstj. var mynduð 1953 með samstarfi Sjálfstfl. og Framsfl., var það sem sagt eitt af meginstefnumálunum að gera verulegt átak til lausnar á húsnæðismálunum. Þau mál voru vel undirbúin, og 1954 var lagt fram frv. fyrir Alþ. til laga um húsnæðismálastjórn o. fl. Þessi lög voru síðan afgreidd og staðfest sem lög nr. 55 frá 1955. Hér var um mjög markvert mál að ræða, sem hafði verið óvenju vel undirbúið, eins og bæði frv. sjálft og hin ýtarlega grg. þess bera vitni um. Í því voru ýmis nýmæli og málefnið tekið föstum tökum.

Í fyrsta lagi var lögfest fast almennt veðlánakerfi, sem síðan hefur starfað. Í öðru lagi hafði ríkisstj. tryggt með samningum við banka og lánsstofnanir, áður en hún lagði frv. fyrir Alþ., að verulegt fjármagn fengist til þessara lána. Hafði hún náð samningum við bankana og lánsstofnanir til tveggja ára fyrir árin 1955 og 1956. Í þriðja lagi var tekið upp það nýmæli að reyna sölu vísitölutryggðra skuldabréfa, og hefur sú tilraun gefið góðan ávöxt.

Eins og kemur fram í grg. þess frv. og umr., hafði verið tryggt, að til útlána fyrir árið 1955 og 1956 fengjust rúmar 100 millj. hvort árið, eða samtals um 200 millj. kr. á þessu tveggja ára bili. Nú hefur það komið fram oft og m. a. í ræðu hæstv. félmrh. og grg. þessa frv., að þetta veðlánakerfi hafi mistekizt, hafi verið gjaldþrota fyrirtæki, eins og hann hefur orðað það í annan tíma. Þau ummæli voru gersamlega hrakin með ræðu hv. þm. S-Þ. hér áðan, þar sem hann skýrði frá því, sem er óyggjandi staðreynd og byggt á upplýsingum hagfræðideildar Landsbankans, að fyllilega var staðið við þessi fyrir-

heit fyrrverandi ríkisstj. og á þessum tveim árum var lánuð til húsbygginga riflega þessi upphæð, sem gert var ráð fyrir, 200 millj. — eða um 230 millj. í staðinn. Hins vegar kom í ljós fljótlega, að byggingarframkvæmdir urðu allmiklu meiri en áætlanir voru um. Til þess lágu margar ástæður. Atvinnulíf var á marga lund í blóma, jafnvægi í efnahagslífi, sparifjármyndun í landinu hafði verið örvuð með vissum ástæðum, svo sem skattfrelsi sparifjár o. fl., og byggingarfrelsi hafði aftur verið hér lögtekið, þannig að mönnum var frjálst að byggja íbúðir af hóflegri stærð, þ. e. a. s. allt að 520 rúmmetra að stærð var frjálst að byggja án þess að til þyrfti *fjárfestingarleyfi. Þetta nýja byggingarfrelsi* ásamt þeim öðrum atriðum, sem ég hér hef nefnt, hóf nýja byggingaröldu í íbúðabyggingum, og af þessum ástæðum öllum urðu byggingarframkvæmdir meiri og eftirspurnin eftir lánum meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Það kom því í ljós fyrri hluta ársins 1956, að undirbúa þyrfti enn meira lánsfé og fyrst og fremst þyrfti að tryggja framhald þess, sem samið hafði verið um af fyrrverandi ríkisstj. við bankana, áður en frv. til löggjafarinnar var lagt fyrir Alþ. En þegar skyldi hefja þennan undirbúning til frekari fjáröflunar fyrir síðari hluta ársins 1956 og árið 1957 og áfram, þá gerðist það, að Framsfl. rauf stjórnarsamstarfið og stofnaði til nýrra alþingiskosninga. Samstarf innan ríkisstj. til úrlausnar þessum málum var því ekki frá því snemma vors 1956 og stjórnin í rauninni óstarfhæf í þessum efnum sem fleirum fram yfir alþingiskosningar. Reynslan hafði hins vegar sýnt þennan skamma tíma, að með lögunum frá 1955 um húsnæðismálastjórn o. fl. hafði verið lagður réttur, traustur grundvöllur. En nú þurfti að sjá fyrir áframhaldandi fjármagni framvegis, og vitanlega var það ein fyrsta skylda þeirrar ríkisstj., sem við tæki eftir kosningar.

Nú hefur hæstv. núverandi ríkisstj. setið í níu mánuði, og þegar litið er yfir þennan níu mánaða meðgöngutíma, er í rauninni ekki hægt að segja, að mikið hafi gerzt í þeim efnum, og eins og hæstv. ráðh. gat hér um, eru það aðallega nokkrar bráðabirgðaráðstafanir, sem gerðar hafa verið. Eftir þessa níu mánuði er nú loksins lagt fram frv. að lagabálki. En þegar yfir þennan lagabálk er litið og hann skoðaður niður í kjölinn, þá er ógerningur annað en að taka sér í munn hið gamla máltæki: „að fjöllin tóku jóðsótt, og fæddist lítil mús“. Og það er vissulega leitt, að málgagn hæstv. félmrh. skuli velja honum slík hæðiyrði eins og það gerir í morgun. Það er fimm dálka flennifyrirsögn: „Stofnaður byggingarsjóður ríkisins“ o. s. frv., sem á að leggja grunn að varanlegri lausn húsnæðisvandamálanna; hér sé eitt mikilvægasta og merkilegasta hagsmunamál íslenzkrar alþýðu, mikilvægur sigur alþýðu landsins, sérstakt ánægjuefni, að svo róttækt frv. skuli lagt fram sem stjórnarfrv.

Ég skal nú minnast hér á nokkur atriði þessara mála, en hæstv. ráðh. gat ekki á sér setið að hefja ræðu sína um þetta mál með ádeilum, harðvítugum og ranglátum árásum á fyrrverandi ríkisstj., sem ég þarf í rauninni ekki að svara nema að litlu leyti, vegna þess að annar stuðningsmaður hæstv. ríkisstj., þm. S-Þ., hefur þegar rekið það ofan í ráðh. að verulegu leyti. En það eitt vil ég segja, að húsnæðismálalöggjöfin frá 1955 byggðist auðvitað á því, að á hverjum tíma væru sæmilegir menn og til einhvers dugandi, sem sætu í ríkisstj. og litu á og skildu það hlutverk sitt á hverjum tíma að tryggja áframhaldandi gagn og starfsemi þessarar húsnæðismálalöggjafar. Og eitt vil ég taka skýrt fram, sem hæstv. ráðh. viðhafði hér enn einu sinni, en er bein ósannindi. Hann segir, að fyrrv. ríkisstj. hafi með löggjöfinni frá 1955 gefið gullin loforð um, að hver maður, sem vildi byggja, gæti fengið 100 þús. kr. lán. Fyrir þessu er ekki nokkur stafur neins staðar.

Þessi löggjöf frá 1955 var stærsta átakið, sem gert hefur verið í húsnæðismálunum, og reynslan hefur sýnt hinn mikla árangur af því. Hins vegar datt engum manni í hug þá að gefa einhver loforð um, að öllum þeim, sem í byggingar vildu ráðast, væri hægt að tryggja lán, um leið og þeir vildu byggja. Þetta er tilbúningur hjá hæstv. ráðh.

Hvernig er svo með þetta róttæka frv., þennan mikilvæga sigur alþýðunnar? Hvar eru nýmælin, hvar eru umbæturnar, og hvar eru lausnarorðin?

Ég skal rekja hér nokkur meginatriði þessa frv., og er þá fyrst að geta um sjálft skipulag málsins, sem getur aðallega í 1. gr., en það er, að starfa skuli húsnæðismálastjórn, skipuð 5 mönnum. Slík húsnæðismálastjórn er nú starfandi samkv. lögunum frá 1955 og er ekkert nýmæli. En þó er eitt merkilegt — og í rauninni stórmerkilegt — við þetta frv.

Eins og menn muna, taldi hæstv. félmrh., skömmu eftir að hann komst til valda, að brýna nauðsyn bæri til þess að gefa út brbl. um að fjölga í húsnæðismálastjórn og skipa sérstaka framkvæmdastjórn innan hennar, og þessi brbl. hafa nú verið keyrð gegnum Alþ. og voru afgreidd héðan nú skömmu eftir áramót. Nú skeður það undarlega, að þegar hæstv. ráðh. leggur þetta frv. fyrir, þá er ekki minnzt á nauðsynina á þessari framkvæmdastjórn. Efni brbl., laganna, sem Alþ. er búið að staðfesta, er alveg úr sögunni. Þetta er í rauninni ákaflega röskleg kistulagning á einu stærsta hugsjónamálinu, og í rauninni hefur ráðh. ekki getað betur á annan veg staðfest þau ummæli okkar, að þessi brbl. væru óþörf og að ófyrirsynju út gefin, heldur en einmitt með því sjálfur að kistuleggja þau, nokkrum vikum eftir að þau voru staðfest af Alþ.

Annað atriði er athyglisvert varðandi skipan húsnæðismálastjórnar: fjórir eiga að vera kosnir af Alþ., en fimmti maður á að vera tilnefndur af Landsbanka Íslands, en fulltrúi Landsbankans skal ekki hafa atkvæðisrétt um lánveitingar. Nú skyldi maður ætla, ef litið er á þetta frá almennu sjónarmiði, að eðlilegast væri, að þessar lánveitingar eins og aðrar væru í höndum banka og lánsstofnana landsins, en ekki í höndum fulltrúa hinna pólitísku flokka, eins og þessari húsnæðismálastjórn er ætlað að vera samkv. hlutfallskosningu í Sþ. Ég minnist þess, að þegar lögin frá 1955 voru til meðferðar, kom það mjög til

orða og ég var einn þeirra, sem töldu langeðlilegast, að um úthlutun lána úr þessum húsnæðismálasjóði eða veðlánakerfi færi eftir venjulegum reglum bankanna, þannig að þeir hefðu úthlutunina með höndum, en óþarfi væri að setja upp sérstaka stjórn í því efni. Hvað sem því líður, verð ég að segja, að í rauninni er hér gersamlega snúið við því, sem maður gæti álitið eðlilegast og réttast. Hér eiga fulltrúar pólitísku flokkanna einir að ráða, en fulltrúi þjóðbankans hefur ekki einu sinni atkvæðisrétt um úthlutun lánanna. Hvort þetta á að þýða lögfestingu og undirstrikun á því, að hér eftir skuli lánveitingar úr þessum byggingarsjóði ríkisins eingöngu fara eftir pólitískum línum, skal ég ekki segja, en þetta nýmæli hæstv. ráðh. gæti vissulega bent til þess.

Í 2. gr. þessa frv., sem er allýtarleg upptalning á ýmsu, kemur það í ljós, að að meginefni til er þetta sama og uppprentun á gömlu l., en það er orðfleira og mærðarmeira en áður. Í rauninni er þetta uppsuða úr ýmsu því, sem undanfarna mánuði hefur verið rætt í húsnæðismálastjórn. *Ég skal ekki rekja þessa liði; það gefst tími til* þess við 2. umr., en nýmæli er ekki hægt að segja að þar sé um að ræða, sem neinu skipti. Það má segja, að einna athyglisverðastur sé þó 9. liðurinn um, að húsnæðismálastjórn skuli beita sér fyrir lækkun á verði byggingarefnis. Það er sérstaklega athyglisvert, þegar þetta kemur frá hæstv. ríkisstj., sem nú fyrir skemmstu hefur með stórkostlegum nýjum tolla- og skattaálögum valdið því, að byggingarkostnaður hefur farið og mun á næstu mánuðum fara stórhækkandi. Kannske á þetta að vera einhvers konar mótvægi eða jafnvægi á móti þeim ráðstöfunum. En hitt kann maður að draga í efa, að mikil alvara sé þar á bak við.

Í frv. og grg. og ræðu ráðh. er mjög lagt upp úr því, hvað mikla þýðingu hefur að setja á stofn tæknilega nefnd til ráðuneytis húsnæðismálastjórn. Þetta ákvæði er í gildandi l. um það, að við lausn þessara mála skuli húsnæðismálastjórn leita eftir samkomulagi við þá aðila, sem hafa sérþekkingu á þessum málum, og síðan eru þeir taldir upp. Fulltrúar sjálfstæðismanna í húsnæðismálastjórn lögðu einnig fram fyrir skemmstu till. um, að formlega yrði stofnað samkv. þessari heimild í gildandi l. tækniráð, sem yrði húsnæðismálastjórn til ráðuneytis. Hins vegar er till. eða skipun þessarar n. samkv. frv. gölluð. M. a. eru þar sumir aðilar, sem hafa einmitt sum þessara verkefna með höndum, eins og Iðnaðarmálastofnun Íslands t. d., ekki nefndir og eiga enga aðild þarna að eiga að.

Af þessum tólf liðum, sem taldir eru í 2. gr. frv. um verkefni húsnæðismálastjórnar, er þó aðeins rétt að víkja að 3. lið um það að setja þau skilyrði fyrir lánum, að byggðar verði fyrst og fremst hagkvæmar íbúðir af hóflegri stærð. Ég er þessu fyllilega samþykkur. En hér er um að ræða *túlkunaratriði og vissulega fróðlegt* að athuga, hvað það er, sem hæstv. ráðh. og ríkisstj. hafa í huga, þegar þeir tala um íbúðir af hóflegri stærð, og þetta kom fram í ræðu hæstv. ráðh. Hann lét orð falla á þá leið, að undanfarin tvö ár hefði húsnæðismálastjórn jafnvel gengið svo langt, að mörg lán, fjöldamörg lán hefðu verið veitt til að byggja 4 herbergja íbúðir. Hann virðist telja það hreina goðgá að veita lán til að byggja 4 herbergja íbúðir, og eftir hans skoðun að dæma virðist hér vera um „lúxus"-íbúðir að ræða. Á sömu lund hafa blöð stjórnarflokkanna skrifað undanfarið, þar sem þau telja 2 herbergja íbúðir það æskilegasta, 3 herbergja íbúðir hámark, 4 herbergja íbúðir algeran „lúxus". Það er kannske aukaatriði í þessu sambandi, að af 6 ráðh. hæstv. ríkisstj., sem flytur þetta mál, munu 4 vera íbúðareigendur, og ég ætla, að þeir láti sér ekki nægja 2 herbergja, ekki 3 herbergja, ekki einu sinni 4 herbergja íbúðir, heldur töluvert stærri. Þetta er auðvitað algert aukaatriði, en um leið og menn berja sér á brjóst og telja 4 herbergi algeran „lúxus", sem eigi að banna eða a. m. k. alls ekki að lána til, þá skiptir þó þetta kannske nokkru máli.

En í þessu sambandi vil ég geta um annað.

Fyrir 3 árum lét bæjarstjórn Reykjavíkur fara fram ýtarlega rannsókn á því, hvernig ætti að útrýma herskálaíbúðum og öðrum heilsuspillandi *íbúðum í bænum*. Um það var gerð sérstök áætlun, og miðað við fjölskyldustærð og aðrar aðstæður var reiknað út, hversu margar íbúðir þyrfti að byggja í þessu skyni af ýmsum stærðum, og urðu þrjár stærðir fyrir valinu, 2 herbergja, 3 herbergja og 4 herbergja. Þeir, sem fjölluðu um þetta, töldu, að barnflestu fjölskyldunum í herskálunum mundu alls ekki duga 2 eða 3 herbergja íbúðir. Þess vegna hafa hin svokölluðu raðhús Reykjavíkurbæjar verið reist og eru í byggingu og eru ætluð fyrst og fremst fjölskyldum úr herskálunum. Sumar þeirra eru í þann veginn að flytja inn í þessar íbúðir. En væntanlega er það þó stefna hæstv. félmrh. og núverandi ríkisstj. að stöðva þessa byggingu 4 herbergja íbúða, vegna þess að að áliti hinnar frjálslyndu og stórhuga núverandi ríkisstj. eru þessar 4 herbergja íbúðir fyrir herskálabúana „lúxus"-íbúðir.

Ég verð að segja, að þó að vitanlega eigi að byggja íbúðir af hóflegri stærð, og um það vænti ég að við séum allir sammála, þá er hér um að ræða þröngsýni, sem fram hefur komið í ræðu hæstv. ráðh. og blöðum stjórnarflokkanna og verður að brjóta á bak aftur, og það verður að vinna að því, að hæstv. ráðh. geti litið á þessi mál með heldur meiri stórhug en komið hefur fram í ræðu hans og skrifum.

Hæstv. ráðh. vitnaði í þessu sambandi í Svíþjóð og að þar væri byggt mest af 2 og 3 herbergja íbúðum. Mér er vel kunnugt um það, að víða á Norðurlöndum hefur mest áherzla verið lögð á þetta. Ég veit líka, að t. d. í höfuðborg Danmerkur hefur verið byggt það mikið af 2 herbergja íbúðum undanfarna áratugi, að nú eru menn í vandræðum með þær íbúðir, vegna þess að þegar lífskjör almennings eru sæmileg, þá nægir 2 herbergja íbúð ekki fjölskyldum með *nokkurn barnahóp*. Þess vegna er svo komið, að nú eru allir sammála um, að í byggingarmálum Kaupmannahafnarborgar hafi verið rangt stefnt á undanförnum árum með því að binda sig við 2 herbergja íbúðir. Svo er líka komið t. d. í Bretlandi, þar sem ýmis hverfi eru byggð þar upp nú eftir sérstakri löggjöf og með atbeina hins

opinbera, að þar er beinlínis lögákveðið, að í hverju slíku hverfi skuli töluvert mikill hluti vera 4 herbergja íbúðir.

Eitt meginatriði þessa frv. er eftir ræðu hæstv. ráðh. stofnun byggingarsjóðs ríkisins, og á það leggur málgagn hans höfuðáherzlu í morgun, eins og ég gat um; það er nú hið mikla bjargráð. Hvað er nú þessi byggingarsjóður ríkisins, sem á að stofna samkvæmt 3. gr. frv.? Hver maður, sem athugar það mál og les frv., veit, að hér er ekki um neitt nýtt að ræða. *Byggingarsjóður ríkisins er nafnbreyting, en ekki nýmæli.* Það er nafnbreyting á varasjóði veðlánakerfisins, sem er til skv. lögunum frá 1955. Það er allt og sumt. Að vísu á að sameina þessum varasjóði fjármagn lánadeildar smáíbúða og vissan skuldabréfaflokk, sem ríkissjóður keypti fyrir greiðsluafgang árið 1955.

Nú er það öllum vitanlegt um lánin til smáíbúðadeildarinnar og lánin til þessara skuldabréfakaupa, að þó að það væri kallað í lögunum um greiðsluafganginn lán, þá mundi það verða gefið eftir og ekki kallað aftur inn til ríkissjóðs. Þannig hefur það alltaf gengið. Við vitum, að framlög af greiðsluafgangi t. d. til Búnaðarbankans og til fiskveiðasjóðs hafa verið kölluð lán, en síðan gefin eftir nokkru síðar. Hvað þessu veldur, veit ég ekki, ég geri ráð fyrir, að *það sé fyrst og fremst alkunn „taktík“, ef ég má* nota það orð hæstv. fjmrh., til þess að geta slegið sér upp tvisvar í staðinn fyrir einu sinni, lána fyrst og koma svo seinna og gefa eftir.

M. ö. o.: í þessari upptalningu um stofnfé byggingarsjóðs er ekkert nýtt. Það er varasjóður hins almenna veðlánakerfis, það er lánadeildin, og það er þessi afgangur. Eina nýmælið er í 4. lið, og það er, að stofnfé sjóðsins skuli m. a. vera ⅔ af væntanlegum stóreignaskatti, og því er slegið upp í ræðu hæstv. ráðh. og grg., að það sé nú hvorki meira né minna en 53 millj. kr. rösklega, sem verður þannig stofnfé þessa byggingarsjóðs, sem á að bjarga við öllum húsnæðismálum landsmanna.

Fyrst og fremst er nú þess að geta, að þó að löggjöfin um stóreignaskattinn verði samþykkt, *sem vafalaust verður, þá kemur ekki einn einasti* eyrir af honum í ár, á árinu 1957, í þennan byggingarsjóð, ekki einn eyrir. Þessar 53 millj. eiga að koma smám saman inn á 10 árum, ef ég hef skilið það frv. rétt. M. ö. o.: þessi stóreignaskattur, sem á að vera ein aðaluppistaðan í byggingarsjóðnum, og eftir útreikningnum í grg. er það langsamlega stærsti liðurinn, kemur ekki á árinu 1957, en síðan koma 5 millj. kr. á hverju ári um næsta áratug. Þetta eru nú öll tíðindin.

Ég segi því enn um þennan byggingarsjóð ríkisins: það getur vel skeð, að það sé fallegt heiti og fari vel í munni og vel í blaðaskrifum og ræðuhöldum, en það er eingöngu nafnbreyting, en ekki nýmæli.

Hverjar eru svo árlegar tekjur þessa sjóðs? Það er talið upp í 3. gr. í a, b, c og d. Um b-, c- og d-liði þarf ekki að ræða, það er allt saman gamalt. Það eina nýja í þessu er, að meðal árlegra tekna byggingarsjóðs á að vera 1% álag á tekju- og eignarskatt og stríðsgróðaskatt og öll aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá með gildandi viðaukum. Sem sagt það er 1% álag ofan á alla tolla og skatta og aðflutningsgjöld. Þetta er að vísu nýmæli, og þetta mun gefa einhverja upphæð í þennan sjóð, en ekki svo, að það verði bjargráð fyrir byggingarmál landsmanna.

Ég vildi nú aðallega til athugunar fyrir nefnd þá, sem fær þetta frv., minnast á 4. gr., sem virðist lítt skiljanleg. Út af því, hvaða nefnd eigi að fá frv. til meðferðar, þá mæli ég eindregið með því, að fjhn. fái frv. Það er í samræmi við það, sem áður hefur verið. Þegar löggjöfin frá 1955 um húsnæðismálastjórn var til meðferðar, voru það fjhn. beggja deilda, en ekki félmn., sem fengu það mál til meðferðar. *En í þessari 4. gr. er heimild til útgáfu bankavaxtabréfa*, að veðdeild Landsbankans sé heimilt að gefa út bankavaxtabréf, sem nema allt að 100 millj. kr. næstu 10 ár. Það kemur ekki fram, hvort það eru 100 millj. kr. á ári eða 100 millj. alls, og greinin öll, sérstaklega þegar maður ber hana saman við grg., er í rauninni lítt skiljanleg og þarf vafalaust umorðunar við.

Í 6. gr. þessa frv. segir um útlánareglurnar, og þá, sem kunna að hafa tekið eitthvert mark á orðum hæstv. félmrh. á undanförnum árum, hlýtur að reka í rogastanz. Hann er einn þeirra manna, sem mest hafa ráðizt á fyrrv. ríkisstj. og þingmeirihluta fyrir að halda uppi háum vöxtum í landinu og alveg sérstaklega fyrir það, að í húsnæðismálalöggjöfinni frá 1955 skyldu vera ákveðnir vextir 5½% af 15 ára lánunum og 7% af 25 ára lánunum. Maður skyldi nú ætla, að þegar hann sjálfur leggur fram frv. um húsbyggingalán, væru vextirnir heldur en ekki færðir niður. Hvað skeður? Í 6. gr., e-lið, leggur hann til, að lögboðið sé, að jafngreiðslulán til 25 ára skuli vera með 7% vöxtum, eins og gömlu lögin ákveða, og 15 ára lánin skuli vera með 5½% ársvöxtum. Þetta er nú öll barátttan, þetta eru **nú allar efndirnar á hinum fyrri loforðum.**

Í sambandi við kaflann um útrýmingu heilsuspillandi íbúða skal ég ekki ræða hann að þessu sinni. Þar er nokkur breyting varðandi framlög ríkisins til útrýmingar heilsuspillandi íbúða. Það var fyrir nokkrum, sem þetta mál var rætt ýtarlega, og ég taldi nauðsynlegt annaðhvort að hækka verulega þetta framlag úr 3 millj. í gildandi lögum eða helzt fella niður, því að það væri sýnilegt, að það mundi hvergi nærri nægja til þess að mæta byggingarframkvæmdum sveitarfélaganna. Það er aðeins litur á því að lagfæra þetta, sem sagt úr 2 upp í 4 millj., en þó hvergi nærri í áttina við það, sem þarf að vera.

En í sambandi við það mál, útrýmingu heilsuspillandi íbúða, er eitt smáákvæði í niðurlagi 16. gr., sem menn taka kannske ekki eftir við fyrstu sýn, en er þó mjög efnismikið og tilraun ráðh. til þess að sölsa viss völd í sínar hendur.

Hingað til hefur það jafnan verið svo, bæði eftir lögunum frá 1946 um útrýmingu heilsuspillandi íbúða og eins frá 1955, að sveitarstjórnir hafa allan veg og vanda af þessum byggingarmálum, en fá lán eða styrk úr ríkissjóði eða úr húsnæðismálasjóði. Sveitarstjórnirnar hafa hins vegar séð um framkvæmdir og að sjálfsögðu úthlutað þessum íbúðum eftir ráði venjulega heilbrigðisnefnda eða annarra kunnáttumanna, sem

hafa gert sínar till. um það, hvaða fjölskyldur ættu að fá þær íbúðir.

Nú leggur hæstv. ráðh. til, að komi til ágreinings í sveitar- eða bæjarstjórn um ráðstöfun íbúðar, skeri húsnæðismálastjórn úr. M. ö. o.: ef einn sveitarstjórnarmaður, ef einn bæjarstjórnarmaður er ekki sammála hinum um úthlutunina, þá er sveitarstjórnin eða bæjarstjórnin svipt þessum rétti og húsnæðismálastjórnin tekur það allt í sínar hendur.

Það má vera, að hæstv. ráðh. þyki lýðræðislegt að svipta hinar réttkjörnu bæjar- og sveitarstjórnir þessari úthlutun. En ég geri ráð fyrir, að það verði tiltölulega auðvelt oftast að fá einn úr bæjarstjórn eða sveitarstjórn til þess að gera ágreining, þegar menn hafa áhuga á því, og þar með er málið úr höndum sveitarstjórnar.

Það eru fleiri atriði í þessu frv., sem benda til þess, eins og raunar hefur áður komið fram frá hæstv. ríkisstj., að hún virðir sjálfræði og sjálfstæði sveitarstjórnanna ákaflega lítils, og er vissulega þörf á því, að sveitarstjórnarmenn úr ýmsum flokkum, og svo er nú fyrir þakkandi, að allmargir þeirra eiga sæti í þessari hv. d., spyrni hér við fótum og reyni að gæta réttar sveitarfélaganna og sjálfstæðis þeirra gegn sífelldri ásókn og ásælni ríkisstj.

Þá er eitt nýmæli, og ég vil segja: annað nýmæli. Það eru ekki mörg nýmæli í þessu, en annað aðalnýmælið er skyldusparnaðurinn, og skal ég ekki á þessu stigi ræða hann neitt að ráði. Skyldusparnaður hefur oft áður verið hér á döfinni og mjög skiptar skoðanir um hann. Margir telja, að almennur skyldusparnaður gæti verið til mikils gagns fyrir okkar fjárhagslíf allt. Nú er í þessu frv. farin sú leið að leggja skyldusparnað aðeins á nokkra árganga landsfólksins, þ. e. a. s. skylda menn á aldrinum 16—25 ára til þess að leggja til hliðar 6% af launum sínum.

Ég skal ekkert um þetta dæma á þessu stigi. Hugmyndin um skyldusparnað í heild er mjög athyglisverð. Hins vegar þarf þetta mál, sérstaklega eins og það er sett fram í frv., mjög nánari athugunar við. Það nær eingöngu til þessara aldursflokka, og þá kemur spurningin: Er það sanngjarnt og réttmætt að láta það alls ekki ná t. d. upp fyrir 25 ára aldur? Við skulum taka til dæmis ógifta menn, sem orðnir eru 25 ára eða eldri. Ef á að leggja skyldusparnað á 16—25 ára menn, hvers vegna á þá ekki að halda honum áfram eitthvað, t. d. varðandi þá, sem ekki hafa fyrir heimili að sjá? Undanþáguheimildir eru margar í þessu frv. M. a. er svo ákveðið, að menn, sem stunda nám, skuli undanþegnir. Ég ætla, að það geti komið nokkuð einkennilega út. Unglingur t. d. hefur lokið sínu skyldunámi. Hann á vel stæða eða efnaða foreldra að og leggur því í framhaldsnám, langt framhaldsnám, menntaskóla, háskóla o. s. frv. Hann er undanþeginn skyldusparnaði. Annar unglingur, sem þarf að hjálpa fátækum foreldrum sínum til þess að komast af og getur ekki, þótt hann langi til, stundað nám, verður að greiða þessi 6%. Ég ætla, að hér geti komið í allmörgum tilfellum misræmi, sem ekki mundi þykja réttlátt. Enn fremur má nefna það, að unglingur, sem orðinn er 16 ára, hefur ekki efni á því að stunda framhaldsnám, en vill vinna fyrir sér kannske í 2—3 ár til þess að safna námsfé til að leggja síðan út á námsbrautina að nýju, sem er töluvert algengt. Af þessum manni verða tekin 6%. Síðan er hin almenna undanþáguheimild í 11. gr.: heimilt er sveitarstjórnum að veita undanþágu frá sparnaðarskyldu þeim, sem verða fyrir veikindum, slysum eða eiga af öðrum ástæðum erfitt með framfærsluna.

Það er náttúrlega erfitt að sjá það fyrir, hversu æskulýðurinn íslenzki á þessum aldri muni taka þessum lagaboðum. Það er ógerningur að segja um það. En ef svo færi, að margir yrðu þeir, sem óskuðu undanþágu, þá ætla ég, að það yrði erfitt fyrir ýmsar sveitarstjórnir að skera þar úr, hvort ætti að veita slíkar undanþágur, og gæti orðið þröngt fyrir dyrum hjá ýmsum bæjarstjórnum og sveitarstjórnum, þegar ætti úr þessu að fara að skera í hverju einstöku tilfelli, því að ákvæðið er svo rúmt, það er ekki aðeins vegna veikinda og slysa, heldur ef menn eiga erfitt, þá má veita slíka undanþágu.

Ég nefni þessi atriði hér, sem vissulega þurfa athugunar við, en vil um leið taka fram, að ég tel ýmsa kosti við almennan skyldusparnað og hugmyndina athyglisverða. Hins vegar verð ég að segja, að ég tel áætlunina um, hvaða tekjur kæmu af þessu, eða 15 milljónir króna á ári, mjög hæpna.

Ég held ég verði að segja, þegar litið er yfir þetta frv. í meginatriðum, að þá sé ekki hægt að sjá, að það sé merkilegt frv., og ég verð að segja, að það eru ákaflega ólík vinnubrögð um allan undirbúning þessarar löggjafar eða húsnæðismálalöggjafarinnar frá 1955. Sú löggjöf var einmitt vandlega undirbúin, og áður en ríkisstj. lagði það mál fyrir Alþingi, hafði hún tryggt að mestu fjármagnið til þeirra hluta. Hún hafði með samningum við bankana, eins og kemur fram, bæði í bréfi Landsbanka Íslands, sem fylgdi því frv., og annarri grg., tryggt þetta að mestu. Nú eru vinnubrögðin hins vegar þau, að í rauninni er ekkert eða sama og ekkert tryggt af þessu fjármagni. Í grg. segir, og hæstv. ráðh. tók þau orð upp, að ríkisstj. muni beita sér fyrir því með samningum við bankana, að fjármagn fáist.

Þetta frv. er illa undirbúið, illa samið, kastað til þess höndum, og ég er sannfærður um, að það mun valda miklum vonbrigðum hjá þeim, sem hafa búizt við einhverju frá hæstv. félmrh.

Í rauninni, þegar litið er yfir heildarmyndina, þá er þetta að mestu leyti endurprentun á eldri ákvæðum, meiri málalengingar og málskrúð en áður hefur verið, en meginatriði þessa frv. er þetta tvennt: að lögleiða skyldusparnaðinn og hækka alla skatta og tolla um 1%.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. S-Þ. sagði, að hæstv. félmrh. hefði átt kannske að láta heldur minna, — það voru að vísu ekki orð hv. þm., — vegna þess að þetta frv. hans er að mestu leyti byggt á lögunum frá 1955. Það er að mestu leyti byggt á því, og í rauninni til að ná því, sem þetta frv. ætlast til, hefði verið alveg óþarfi að gera annað en að flytja eina eða tvær brtt. við það.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hv. þm. S-Þ. (KK) taldi, að ég hefði álasað eða flutt ámælisorð til míns fyrirrennara, sem hefði staðið að löggjöfinni um húsnæðismálastjórn og veðlánakerfið. Ég held, að þetta sé alrangt hjá honum; ég flutti ekkert ámælisorð í hans garð, skýrði hins vegar frá því, hvaða vonir hefðu verið vaktar með þeirri lagasetningu og hver niðurstaðan hefði orðið. Það er hvorki lof né last um þá menn, sem að þeirri lagasetningu stóðu. Þar er sagt frá því, hvaða ákvæði voru í frv. um 100 þús. kr. lán til þeirra, sem hefðu byggt og komið húsi sínu undir þak, og hvernig efndirnar hefðu orðið. En það komu engar um 200 millj. kr. á þessum tveim árum, sem þetta veðlánakerfi stóð, til húsnæðismála í gegnum það, heldur voru lánin, uppgefin af Landsbankanum sjálfum, sem fóru gegnum þetta kerfi, 75 millj. kr., A- og B-lán samanlagt, þ. e. a. s. 37½ milljón að meðaltali á ári. Það er hins vegar upplýst, að sparisjóðir héldu einungis áfram þeim sömu lánveitingum í sama formi, sem þeir höfðu áður gert, og lífeyrissjóðirnir lánuðu með sama hætti og alveg að sama magni til líka eins og þeir höfðu áður gert og kom ekkert veðlánakerfinu við.

Hv. þm. S-Þ. tók það fram í upphafi síns máls, að hann væri dreifbýlismaður og væri hálfhræddur um, að ef til vill leiddi þetta til þess, að betur væri séð fyrir hlut höfuðborgarinnar, þéttbýlisins, heldur en sveitanna. Ég er sannfærður um, að þessi ótti hv. þm. er ástæðulaus. Hér hefur verið mikið húsnæðisböl og er það, og verður áreiðanlega ekki úr því leyst í einni skyndingu. Hins vegar hefur í gegnum l. um hið almenna veðlánakerfi verið séð svo fyrir fjármagnsþörf bygginga í sveitum með fjárframlaginu til byggingarsjóðs Búnaðarbankans, að 12 milljónirnar á ári, sem þangað fóru, gerðu betur bæði árið 1955 og 1956 en að fullnægja 100% eftirspurn eftir lánum til þeirrar lánastofnunar. Ef það hefði verið séð á sama hátt fyrir lánaþörfinni í kaupstöðunum, þá hefðum við ekki horfzt í augu við það ástand í húsnæðismálum í Reykjavík og á Suðvesturlandinu, sem við horfumst í augu við í dag.

Það er ætlunin með þessu frv., að allt að því sömu upphæðir renni til byggingarsjóðs Búnaðarbankans og á síðustu tveim árum, og má því ætla einmitt, að það verði séð að fullu fyrir lánaveitingaþörfinni til bygginga í sveitunum á vegum byggingarsjóðs Búnaðarbankans.

Mér sýnist það því augljóst mál, enda vék hv. þm. að því í lok sinnar ræðu, að það væri einn af kostum þessa frv., að það tæki tillit til þarfa landslýðsins alls, og þá var hann alveg kominn að hinni réttu niðurstöðu, því að þarna er mjög vel séð fyrir hlut fólksins, sem í sveitunum býr, bæði að því er þetta ákvæði snertir og eins að því er snertir skyldusparnaðinn. Sá skyldusparnaður, sem til fellur hjá fólki í sveitum, skal renna til Búnaðarbankans og ávaxtast þar, og því fjármagni skal varið til bústofnunar í sveitum. Hins vegar eru ákvæði um það í frv., að ef slíkt fólk,, sem hefur tekið þátt í skyldusparnaðinum, flyzt úr sveit og í kaupstað, þá skuli það fólk fá réttindin í gegnum innlánsdeild byggingarsjóðs ríkisins, og gagnkvæmt, ef fólk, sem hefur tekið þátt í skyldusparnaðinum í kaupstað, flyzt í sveit, þá skuli það njóta réttindanna í gegnum Búnaðarbanka Íslands.

Ég heyrði svo ekki betur en að hv. þm. S-Þ. væri yfirleitt mjög ánægður með frv. í aðalatriðum, og hann taldi, að hann fyndi þar merkileg nýmæli auk ýmissa annarra, og hann nefndi þessi, held ég: Að skilyrði væru sett í frv. fyrir því, að íbúðir, sem lán væri veitt til, væru af *hagkvæmri gerð og af hóflegri stærð*. Hvorugt þetta hafa lánveitingar verið bundnar við, þrátt fyrir hið mjög svo takmarkaða fjármagn, sem til umráða var. — Annað, að heimild væri í frv. til þess að undirbúa byggingu íbúðahverfa og mundi það áreiðanlega geta dregið úr byggingarkostnaði, og það er alveg áreiðanlegt, að ef slík byggingahverfi væru byggð og bæjarfélag hefði vel skipulagt það svæði áður, þá ætti það að geta leitt til þess, að hver íbúð yrði mun ódýrari með þeim hætti. — Þá taldi hv. þm. S-Þ. hugmyndina um byggingarsjóðinn, eins og að honum er búið í þessu frv., vera merkilegt nýmæli, og um það verður varla deilt, þó að hv. 6. þm. Reykv. (GTh) setji svarta bót fyrir sjáandi augu og sjái ekki neitt nýmæli í þessu. Ég vona, að hann taki nú þann lepp frá augunum bráðlega, því að annars yrði honum allt of dimmt fyrir augum í þessari okkar annars ágætu veröld. — Fjórða atriðið, sem hv. þm. S-Þ. vildi fagna og mælir mjög með, var hugmyndin um skyldusparnaðinn, skyldusparnað unga fólksins á aldrinum frá 16—25 ára, og hygg ég, að hann eigi marga skoðanabræður, bæði til sjávar og sveita, um það mál, að hér er um að ræða ráðstafanir til að tryggja framtíð unga fólksins, með því að það leggi á sig að vísu byrðar, en fái líka friðindi, sem það hefur ekki notið og nyti ekki án þess að leggja þetta á sig. Það er óneitanlegt, að það eru markverð hlunnindi fyrir þann unga mann eða þá ungu stúlku, sem hefur lagt til hliðar 6% af tekjum sínum, að hvorki verður seilzt til að skerða þetta með útsvarsálagningu eða með tekjuskatti og að því árabili liðnu, þegar þetta fé er borgað út, verður það greitt með vísitöluálagi og skapar þar að auki forgangsrétt til íbúðarláns og að það skuli vera 25% hærra en aðrir eiga þá kost á. Hygg ég, að unga fólkið með lítið á milli handa fagni því þá að fá þetta hærri upphæð til þess að byggja sína íbúð heldur en aðrir.

Öll þessi hlunnindi, sem skyldusparnaðinum fylgja, hygg ég að unga fólkið hugleiði og kunni að meta, áður en það lætur telja sér trú um, að þetta séu byrðar og álögur einar, sem sé verið að níðast á því með.

Þá var fimmta atriðið, sem hv. þm. S-Þ. kunni vel að meta. Það voru þau ákvæði í þessu frv., sem stuðla að eflingu veðdeildar Búnaðarbankans, og er það einmitt viðvíkjandi þeim hluta skyldusparnaðarins, sem þar á að ávaxtast og fara til lána til bústofnunar í sveitum.

Þá var það hv. 6. þm. Reykv. Hann ræddi allmikið um þetta mál og þá sérstaklega um hið almenna veðlánakerfi og þá lagasetningu, sem hann lofsöng mjög, sagði, að hefði verið alveg sérstaklega og óvanalega vel samið frv., — lík-

legast hefur hann samið það sjálfur, — grg. hefði verið gagnmerk ritgerð og slík löggjöf hefði varla verið samin á Alþ. áður. Niðurstaðan varð þessi, að það var gert ráð fyrir 200 millj. kr. í gegnum þetta kerfi til íbúðarhúsalána. En það urðu 75 millj., það urðu tæpar 38 millj. á ári. Þannig reyndist það, þó að lofsöngurinn sé mikill.

Það, sem ólukkunni olli, var, að það var ekki hægt samkvæmt þessum lögum, lögunum um hið almenna veðlánakerfi, að fullnægja byggingarlánaeftirspurninni, þannig að það eru þúsundir manna, sem bíða nú með hálfbyggð hús sín og eru í vandræðum. Það var auðvitað ekki hægt fyrir hv. þm. að neita því, að þannig er ástandið, það var bara afleiðing af því, að byggingarfrelsi hafi verið tekið upp og frelsið var notað svona óstjórnlega.

Nú, byggingarfrelsi? Hverjir höfðu heft byggingarfrelsið áður? Ekki líklega flokkurinn, sem heldur sér aðallega uppi á því að vera flokkur hins frjálsa framtaks? Jú, sannarlega hann. Það var einmitt hann, sem hafði bannað fólki að byggja yfir sig á undanförnum árum. Svo hafði hann leyft því það núna fyrir tveimur árum og sagt því: Ja, nú fær hver maður, sem ræðst í að byggja, 100 þús. kr. lán. — Hann segir núna, að það standi hvergi stafur fyrir því. Það stendur í hinu ágætlega vel samda frv., það stendur í löggjöfinni, sem er búin að vera fyrir augunum á okkur s. l. tvö ár, að það skuli vera 100 þús. kr. lánveiting, og það var sérstaklega útbásúnað í Morgunblaðinu, að nú væri leyst allra manna þörf, og það var þetta, sem ýtti skriðunni af stað. Eftir að fjötrarnir höfðu verið leystir af fólki og þetta skrum var birt alþjóð í Morgunblaðinu og ríkisútvarpinu og annars staðar, að nú væru stiflurnar teknar úr og nú væri séð fyrir hvers manns þörf gegnum hið almenna veðlánakerfi, sem leysti þessi mál til frambúðar, fóru þúsundirnar af stað. Svo var þeim sagt næst: Nei, þið fáið ekki 100 þús. kr. lán, þið fáið 70 þús. kr. lán. — Og svo kom veruleikinn, og þá var meðaltalið 50—55 þúsundir. (**Gripið fram í:** En hvað stendur í þessu frv.?) Hér stendur í þessu frv., að hámark lánveitinga sé 100 þús. kr. eins og áður, og er þar engu breytt. Ég vil vona, að efndirnar verði samt eitthvað betri en þær voru á umliðnum tveimur árum. Og ég vil vona, að Morgunblaðið hefji ekki neitt slíkt skrum núna eins og það viðhafði fyrir tveimur árum.

Þá vék hv. 6. þm. Reykv. að því, hvernig ákvæðin væru í þessu frv. um skipun húsnæðismálastjórnarinnar. Jú, hún á að vera skipuð 5 mönnum, 4 kosnum af Alþingi og 1 tilnefndum af Landsbanka Íslands, og þetta þýðir, að allir stjórnmálaflokkarnir á Alþingi fá kosinn mann í húsnæðismálastjórnina.

Hvernig var þetta áður? Það var þannig, að stjórnarflokkarnir einir áttu að fá kosna menn til þess að fara með þessi mál. Nú er einmitt tekið tillit til stjórnarandstöðunnar og henni gefinn kostur á að eiga mann í þessari stjórn. Svo segir hv. þm.: Það eiga að verða pólitískir fulltrúar, sem veita lán eftir pólitískum línum, eftir þessari skipan málanna.

Ég vil vona, að slíkur háttur á lánveitingum hverfi einmitt við þessa lagasetningu, því að í frv. er tekið fram, að settar skuli reglur um, hvernig lánveitingum skuli hagað, með tilliti til þess, að tekið sé tillit til fjölskyldustærðar, efnahags, húsnæðisástands o. fl. Þessu hefur einmitt, því miður, verið úthlutað eftir pólitískum línum og var gert á þann hátt, að það væru eingöngu fulltrúar stjórnarflokkanna, sem réðu yfir þessu fé, meðan lögin um veðlánakerfið voru í gildi óbreytt.

Þá virtist mér hv. 6. þm. Reykv. falla það fyrir bróstið, að fulltrúi Landsbankans ætti ekki að hafa atkvæðisrétt til lánveitinga. Hvaðan er sú fyrirmynd sótt? Hún er sótt í hið ágætlega vel samda frv. um hið almenna veðlánakerfi. Þar var einmitt gert ráð fyrir því, að einn af fulltrúunum í húsnæðismálastjórninni væri frá Landsbankanum og hefði ekki atkvæðisrétt til lánveitinga.

Menn minnist þess, hversu mikið hv. 6. þm. Reykv. lofsöng ágæti frv. um hið almenna veðlánakerfi og sagði síðan: Þetta frv. er bara uppprentun af því. — En svo var niðurstaða hans: Þetta frv. er samt illt, en hitt var góð löggjöf, sem það er uppprentun af. — Svolítið er nú ofstækið farið að leiða hv. þm. á villigötur, þegar hann kemst ekki slysalaust frá þessum forsendum, fullyrðingunni um uppprentun og svo að uppprentunin leiði til þess, að hið góða og snilldarlega vel samda frv., sem það er prentað upp eftir, skilar nú illri löggjöf og illa saminni.

Niðurstaða hans varð sú, að í þessu frv. fyndist ekkert nýmæli, sem neinu máli skipti. Ég held, að þeir verði fáir, sem komist að þessari niðurstöðu eftir að hafa lesið þetta frv., og hinir verði fleiri, sem sjá í þessu frv. mörg nýmæli og sum mjög athyglisverð. Um það verður ekki deilt, að t. d. nýmælið um skyldusparnaðinn er merkisnýmæli, sem ekki hefur fengið rúm í íslenzkri löggjöf fyrr.

Mér þótti það nú harla ólíkt hv. 6. þm. Reykv., hversu ofstækisfullur hann var og leyfði sér að fara rangt með. Hann fullyrti, að ég teldi það goðgá, ef byggðar yrðu fjögurra herbergja íbúðir eða stærri. Þessi ummæli getur hv. þm. hvergi haft eftir mér, því að ég hef aldrei þetta sagt. Ég tel það enga goðgá, að það séu byggðar fjögurra herbergja íbúðir fyrir meðalfjölskyldur og stærri, en ég tel það goðgá, að yfirleitt skuli ekki hafa á undanförnum árum verið byggðar nema fjögurra, fimm, sex herbergja íbúðir og þaðan af stærri að meiri hluta. Það sjá allir menn, að ungt fólk, sem er að byrja heimilishald, og aldrað fólk, hjón, sem eru orðin ein eftir í kotinu, þurfa ekki nema 2 og 3 herbergja íbúðir, og það þarf því æði mikið að vera til á hverjum tíma af 2 og 3 herbergja íbúðum, til þess að fullnægt sé eðlilegri húsnæðisþörf eldra fólksins og unga fólksins, og það er ekki svo lítill hluti af þjóðinni, sem þarf á slíkum íbúðum að halda. Við höfum haft fyrir okkur skýrslur um íbúðastærðir á Íslandi, Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Og þá sjáum við það, að 5 herbergja íbúðir og stærri eru upp undir helmingur af þeim íbúðum, sem byggðar hafa verið hér á landi, en eru örfá prósent í Noregi og Svíþjóð á sama tíma, þ. e. a. s. í Noregi og Svíþjóð eru á sama tíma byggðar yfirgnæfandi smærri íbúðir, 2 og 3 herbergja í-

búðir, og nokkur prósent meira að segja af eins herbergis íbúðum með eldhúsi, þ. e. a. s. fyrir einhleypa menn og einstæðar konur, og það þarf líka að vera til eitthvað af slíkum íbúðum, en það er sáralítið, sem hefur verið byggt af þeim hér á landi, enda — þegar menn líta líka á ástandið hér í húsnæðismálum — hljóta auðvitað allir sanngjarnir menn að sjá það, að þegar bæði þarf að fara sparlega með byggingarefni og fjármagn og reyna eftir ýtrustu getu að leysa úr brýnustu þörfum þúsunda, þá er skynsamlegra að byggja fleiri íbúðir og smærri, heilsusamlegar og vandaðar íbúðir, til þess að leysa úr þörfum þess mikla fjölda, sem við neyð býr, en þess hefur ekki verið gætt, hvorki af íslenzku þjóðfélagi né af Reykjavíkurborg, sem horfir upp á hörmulegt ástand hjá þúsundum manna hér, en með blindu auga, eins og hv. borgarstjórinn vill líta á þetta frv. Og svo vill hann færa mér og núv. ríkisstj. það til ámælis, þó að hún vilji taka tillit til þessa ástands og mæta því með skynsemd. Við höfum aldrei ætlað okkur með neinum öfgum að banna 4 herbergja íbúðir eða stærri. Það er tilbúningur hv. þm. og ekkert annað. En það er sannfæring mín, að nú, þegar við tökum við þessum málum í því ástandi, sem þau eru, þá beri, eins og grannþjóðir okkar hafa gert að undanförnu, meðan þær voru að sigrast á þessu vandamáli, að leggja meiri áherzlu á að byggja vandaðar íbúðir af smærri gerð, og það er beint tekið fram í frv., að þetta viðhorf skuli gilda, meðan mikill skortur sé á íbúðarhúsnæði.

Ég er alveg tilbúinn að leggja þessa skoðun mína fram fyrir almenning móti hinu sjónarmiði hv. borgarstjórans í Reykjavík, að það beri fyrst og fremst að leggja áherzlu á áframhaldandi að byggja 4—5 herbergja íbúðir eða stærri, ef það er hans sjónarmið, sem hlýtur að vera, þegar hann álasar okkur fyrir það að vilja leggja meiri áherzlu á hitt, eins og nú standa sakir.

Það er meira að segja tekið hér skýrt fram í frv., að menn eigi, þegar þeir veita lánin, að taka tillit til íbúðastærðar í hlutfalli við fjölskyldustærð, og þar með geta stórar fjölskyldur alveg átt kost á því eftir þessum lögum að fá lán til þess að byggja 5 eða 6 herbergja íbúð, ef það telst ekki óhófleg stærð íbúðar fyrir þá fjölskyldu, og það er líka skynsamlegt sjónarmið, sem tekur tillit til raunveruleikans, eins og hann blasir við. Það er alls ekki neitt gefið í skyn nokkurs staðar í þessu frv., að maður ætti að binda sig við ákveðna herbergjatölu og banna 5 herbergja eða stærri íbúðir.

Um stofnun byggingarsjóðs ríkisins fannst hv. þm. heldur lítið, fannst fátt um það og fullyrti, að í því væri ekkert nýmæli. Ekki verður því þó neitað, að stofnfé byggingarsjóðsins nú er 118 millj. kr. Var sá stofnsjóður til hjá hinu almenna veðlánakerfi? Ef hann hefur verið það, þá tek ég því með þökkum, ef hv. þm. upplýsir það. En rangt væri það nú samt. Þessa fjár er þannig aflað, að varasjóður hins almenna veðlánakerfis er nú orðinn 20.9 millj. kr. Lán ríkisins til lánadeildar smáíbúða er nú í Landsbankanum. Ríkissjóður hefur tekið þetta lán að sér. Má heita, að Landsbankinn hafi boðið fram, að þetta yrði sett í lánsform til 14 ára, og þar með verður þessi upphæð, sem er 32.8 millj. kr., eign byggingarsjóðs ríkisins, og það er algerlega ný fjáröflun til byggingarsjóðsins sem eigið fé.

Hv. þm. viðurkenndi, þó að vísu óbeint, að tekjuafgangur ríkissjóðs hefði ekki verið orðinn eign þessa kerfis, en yrði það nú með þessu ákvæði. Það eru 11.3 millj. kr.

Þegar kom svo að því atriði til fjáröflunar fyrir hinar árlegu tekjur byggingarsjóðsins, sem óneitanlega varð þó að viðurkenna að væri ný öflun, þá hneykslaðist hv. þm. á því, að það væri viðbótarskattur. Það mátti ekki gera, það mátti ekki afla nýrra tekna. Þá var hamazt út af því, að þetta væri 1% viðbót við tekjuskattinn og 1% viðbót ofan á tolltekjur ríkissjóðs. Það er það rétta, en við teljum ekki óhóflegar í sakir farið um þessa skattlagningu en svo, að það sé verjandi að gera þetta, þegar verið er að draga að fé til þess að leysa þetta stórkostlega vandamál, sem húsnæðisleysið er.

Hin ákvæðin eru um það, að afborganir þeirra lána, sem nú eru í gangi, og vextir af þeim lánum skuli nú renna, um leið og þeir koma inn, og afborganirnar inn í byggingarsjóð ríkisins. Þá fannst honum 4. gr. í II. kafla alveg sérstaklega illa samin og það þyrfti að umorða hana. Ég vantreysti hvorki hv. þm. né þeirri n., sem fær þetta frv., til þess að víkja við orðum í frv., ef þeim finnst það betur fara, og tel það ekki vera utan við þeirra verksvið og þá ekki of góða til þess. En ég efast um, að það verði niðurstaðan, að þeir þurfi mikið að umsemja 4. gr. Það er öllum ljóst, að þarna er átt við það, að veðdeild Landsbankans sé heimilt að gefa út bankavaxtabréf, sem nemi allt að 100 millj. kr. á ári hverju í næstu 10 ár. Það er auðséð af næstu setningu a. m. k., þannig að enginn þarf um að villast, að annar hlutinn af þessari upphæð, A-flokkur, skal vera með föstum afborgunum og vöxtum, allt að 50 millj. kr., og hinn hlutinn, B-flokkur, allt að 50 millj. kr. á ári, verði með visitölukjörum.

Það er raunar — finnst mér — fyrir neðan virðingu hv. 6. þm. Reykv. að vera að reyna að gera sér upp skilningsleysi á mæltu máli, það fer honum afskaplega illa. Það efast enginn maður um það, að hann hefur það skarpan skilning, að hann getur vel skilið 4. gr. í II. kafla, ef hann hefur nokkurn vilja til. En þegar það mistekst fyrir honum, þá undrast ég ekki, þó að niðurstaðan verði sú hjá honum, að hann sjái ekkert gott og engin nýmæli í þessu frv., því að þá bregður hann aðeins fyrir sig blinda auganu, en ekki sinni dómgreind og ekki sínum gáfum.

Þá var það um vextina. Í hinu ágætlega samda frv. um hið almenna veðlánakerfi var ákveðið, að lánin skyldu vera jafngreiðslulán með 7% ársvöxtum og lánstíminn skyldi vera 25 ár. Ég játa það, að mér fannst þessir vextir vera háir og lánstíminn í það stytzta. Ég hefði gjarnan viljað, að þessi lán hefðu t. d. getað verið afborgunarlaus fyrstu 2 árin eða svo, hefði talið það mjög til bóta, einmitt meðan fólk er að brjótast í gegnum mestu erfiðleikana að afstaðinni byggingu íbúðarhúsnæðis. Það eru látnir standa hér sömu vextir og flokkur hv. þm. taldi hæfilega fyrir 2 árum. Síðan hefur þó verið held-

ur viðleitni í þá átt að hækka vexti. Ég þreifaði að vísu fyrir mér um það, hvort ekki gæti orðið samkomulag um 6½% vexti, en menn töldu, þegar eftirspurnin er svona gífurleg eftir lánum með þessum kjörum, að þá væri rétt að hafa lánskjörin óbreytt og reyna heldur að leggja höfuðáherzlu á að draga að fé til þess að fullnægja betur hinni miklu eftirspurn eftir lánsfénu. Þessi leigukjör, þó að þau séu ekki væg, hafa samt ekki staðið í vegi fyrir, að fólk hefur viljað fá þessi lán, fleiri en áttu þess kost.

Eins er það með B-lánin, þau eiga að vera með 5½% vöxtum og lánstíminn 15 ár. Það er óbreytt eins og í hinu ágætlega vel samda frv., sem hv. þm. mun hafa greitt atkv. með og staðið að og verið allánægður með frá upphafi og að því er virðist allt fram á þennan dag. Að tala um, að ég hafi gefið áður loforð um lægri vexti og svikið þau, það er alveg út í hött. Hins vegar má þá benda á það, að í frv. í 6. gr. er sagt, að húsnæðismálastjórn sé heimilt að breyta vaxtakjörum og lánstíma á nýjum lánum að fengnu samþykki ríkisstj. Hér er átt við það, að húsnæðismálastjórninni skuli heimilt að lækka vexti, ef það þyki fært, og þess vegna er þetta ákvæði tekið inn, af því að það þykja vakna nokkrar vonir um, að slíkt kunni að verða hægt, þegar byggingarsjóðurinn hefur eflzt frá því, sem hann er. Það er einmitt þessi nokkuð sterki byggingarsjóður ríkisins með sínar nærri 120 millj. kr., sem vekur vonir um, að hægt verði vegna þessa eigin fjár að stefna að lækkun vaxta, og það mundi þess vegna gleðja bæði mig og hv. 6. þm. Reykv. Þetta er eitt af nýmælunum í frv., sem honum hefur sézt yfir í sínum eindregna vilja til þess að sjá ekki.

Þá má líka benda á það, að núverandi ríkisstj. hefur séð fyrir 10 millj. kr. til verkamannabústaða sem nýju fé. Það eru lán, sem eiga að veitast með 3½% vöxtum, og sýnir það einmitt, að núverandi ríkisstj. hefur lagt á það meiri áherzlu en fyrrverandi ríkisstj. að efla þá lánastarfsemi, sem á að gefa fátækasta fólkinu í landinu kost á lánum til 42 ára með 3½% vöxtum. Það eru lagðar fram af ríkisins hendi 10 millj. kr. af nýju fé. Það gerðist aldrei í tíð fyrrverandi ríkisstj., þrátt fyrir allan áhuga hv. þm. nú um að vinna að lánveitingum með lágum vöxtum.

Þá vék hv. þm. einnig að útrýmingu heilsuspillandi íbúða og sagði, að fjármagnið, sem nú væri ætlað til þess, væri allt of lágt, játaði að vísu, að það væri ívið hærra en það hefði verið hjá fyrrverandi ríkisstj. Það er rétt, það voru 3 millj. á fjárlögum síðasta árs, en eru nú 4 millj. kr. Auk þess mun vera til geymslufé, sem ætlað var til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, um 5 millj. kr., og þannig eru þá nú til hjá ríkinu 9 millj. kr. til þess að verja til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, og á móti því skal koma jafnmikið fé frá bæjarfélögum, og mega þá koma frá þeim 9 millj. kr. á móti. Það þýðir, að það eru möguleikar til þess að verja byggingarfé sameiginlega frá bæjum og ríki að upphæð 18 millj. kr. á þessu ári til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, og hygg ég, að enginn maður með fulla sjón geti neitað því, að það er myndarlegt átak, og það verður aðeins ekki úr því, ef Reykjavíkurbær verður ekki allstórtækur í framkvæmdum í þá átt, en annars getur það líka orðið að veruleika.

Þegar hv. 6. þm. Reykv. kom að því nýmæli þessa frv., sem ég tel stærst, sem er skyldusparnaðurinn, þá fannst mér hann eiginlega eiga bágt, því að hann var eiginlega bæði með og á móti. Hann var bæði með og á móti skyldusparnaði, eiginlega með skyldusparnaði, en skyldusparnaði í þessu formi fannst honum samt ekki rétt að koma á. Eitthvað var að honum. En ég heyrði þó ekki, að hv. þm. gerði neina verulega grein fyrir því, hvað honum fyndist að. Það voru undanþágur þarna frá þessu, en þær voru varla tæmandi, og þær opnuðu ekki möguleika til þess að undanskilja þá, sem honum datt í hug að helzt þyrfti að undanskilja. En þarna eru undanskildir þeir, sem stofnað hafa heimili, þeir, sem eru fyrirvinna á heimili, þeir, sem hafa fyrir ómögum að sjá, og þeir, sem eru meginhluta árs í skóla, og enn fremur er svo sveitarstjórnum gefin heimild til þess að veita undanþágu, þegar sérstaklega standi á. — Hv. þm. hafði áður komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta frv. sýndi það, að stjórnin virti ekki rétt sveitarstjórnanna. Þarna fannst honum það einmitt vera til miska og setja sveitarstjórnir í vanda, að þeim var einmitt gefinn kostur á að veita undanþágu frá skyldusparnaðinum. Svona var það ýmist í ökla eða eyru. Það mátti ekki einu sinni sýna sveitarstjórnunum traust, þá kveinkaði hv. þm. sér undan vandanum, það yrði svo vandasamt fyrir bæjarstjórana að eiga að ákveða þetta, hvort þessum eða hinum unga manninum skyldi nú veitt undanþága frá skyldusparnaðinum.

Ég held, að það sé rétt hjá mér, að hv. 6. þm. Reykv. hafi lokið ræðu sinni á því að segja, að í fljótu bragði virtist sér þetta frv. ekki vera merkilegt frv. Það má vel vera, og mér virtist það á ræðu hans, að honum fyndist það ekki merkilegt. En ég hygg nú, að þetta frv. leyni á sér, og vona, að honum finnist það sýnu merkilegra, þegar hann tekur hér næst til máls, þegar frv. kemur frá nefnd, enda mun hann þá hafa athugað málið betur.

Forseti (BSt): Áður en atkvgr. fer fram, vil ég gera þá till., að þessu frv. verði vísað til hv. heilbr.- og félmn. Mér finnst það eiga að fara í þá nefnd. Að vísu snertir þetta frv. fjárhag, en það eru svo mörg frv., sem vísað er til annarra nefnda, og ef ætti að fara að hafa þá reglu að vísa öllum þeim frv. til fjhn., sem snerta eitthvað fjárhag ríkis eða bæja, þá mundu flest mál þangað eiga að fara. (**Félmrh.:** Ég get fallizt á þá till., að það fari til heilbr.- og félmn.) Er það till. ráðherrans þá? (**Félmrh.:** Já.) Það er till. ráðherrans. (**Gripið fram í:** Það var komin till. um fjhn.) Ja, hann tekur hana aftur og gerir aðra. (**Gripið fram í:** Við tökum hana upp.) Já, þá verður hún borin upp. (**Gripið fram í:** Á ekki að bera fyrst upp till., sem fyrst kom fram?) Jú, en hún er tekin aftur af flutningsmanni, og hann gerir aðra tillögu, og þessi kemur fram á eftir.

Gunnar Thoroddsen: Ég vildi aðeins gera þá athugasemd, herra forseti, að ég tel þetta rangt upp borið. Hæstv. ráðh. bar fyrst fram till. um fjhn., hann hefur að vísu tekið hana aftur nú. Í ræðu minni áðan bar ég einnig fram till. um fjhn. Það er því fyrr fram komin sú till. heldur en um heilbr.- og félmn. Ég taldi, að það ætti að bera hana upp fyrst.

Forseti (BSt): Ég skildi nú ekki hv. 6. þm. Reykv. þannig, að hann bæri fram till. um fjhn., heldur styddi till., sem fram var komin um fjhn. og nú er tekin aftur. En úr því að hann segir, að hann hafi borið fram till. um að vísa málinu til fjhn., þá verður það borið upp. (Gripið fram í.) *Jæja, ég vona nú, hvernig sem þetta er borið* upp, að allir hv. þdm. hafi gert upp við sig, í hvaða n. þeir vilja vísa frv., og það hafi engin áhrif á atkvgr., hvor till. er borin fyrr upp.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Till. um að vísa frv. til fjhn. felld með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÓÓ, FÞ, GTh, JK, KK.

nei: SE, AG, BjörnJ, FRV, HermJ, PZ, BSt.

FS greiddi ekki atkv.

4 þm. (SB, BjörgJ, EggÞ, JJós) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og félmn. með 9 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 436, n. 540, 541).

Frsm. meiri hl. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. til laga um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyt. á I. kafla l. nr. 36 1952 o. fl. á þskj. 436 er stjfrv. og lagt fyrir hv. þd. 12. apríl s. l.

Við 1. umr. málsins flutti hæstv. félmrh. ýtarlega og greinargóða framsöguræðu um málið, tilgang þess og um fyrri lög, er í gildi hafa verið um húsnæðismál, og þá reynslu, sem af þeim er fengin. Heilbr.- og félmn., sem fékk málið til meðferðar, hefur rætt það á níu fundum sínum. Sá háttur var nú á hafður, að félmn. neðri deildar var með að *undirbúningi málsins, og eru* 19 brtt. við það nú fram komnar á þskj. 541.

Ég mun í stórum dráttum gera grein fyrir frv. og helztu brtt. meiri hlutans og nál. meiri hl. nefndarinnar, en hann skipa ásamt mér hv. þm. S-Þ. (KK) og hv. 1. landsk. þm. (AG). Hv. fulltrúar Sjálfstfl. í nefndinni, hv. 2. þm. Árn. (SÓÓ) og hv. 11. landsk. þm. (FÞ), urðu ekki sammála okkur um afstöðu til málsins, en hefur enn ekki unnizt tími til að skila séráliti og hafa nú óskað eftir því, að umr. yrði frestað að lokinni framsöguræðu, sem er að sjálfsögðu forseta að ákvarða. Ekki varð þess þó sérstaklega vart, að ágreiningur væri í n. um einstakar brtt., sem meiri hl. hefur nú lagt fram. Hv. stjórnarandstæðingar töldu hins vegar rétt, þegar málið var komið á lokastig í nefndinni, að frv. ætti að berast fram sem brtt. við gildandi lög um hið almenna veðlánakerfi, og verður vart séð, hverju sú afstaða á sérstaklega að þjóna. Í öðru lagi voru þeir ósamþykkir meginuppistöðu III. kafla frv., þar sem gert er ráð fyrir skyldusparnaði ákveðinna aldursflokka til tekna fyrir byggingarsjóð ríkisins. Ég mun víkja örlítið nánar að þessari afstöðu minni hl. síðar, og að sjálfsögðu verður gerð grein fyrir henni af þeim sjálfum.

Í *upphafi umræðna um þetta mál voru* kvaddir á fund nefndarinnar formaður húsnæðismálastjórnar, dr. Jóhannes Nordal hagfræðingur Landsbankans, og framkvæmdastjórn húsnæðismálastjórnar ásamt Jóhannesi Elíassyni lögfræðingi, er var einn þeirra, sem endanlega sömdu frv. fyrir hæstv. ríkisstj. Nefndarmönnum gafst þannig kostur á að spyrja þessa aðila um einstakar greinar frv., er ekki voru taldar nægilega ljósar, jafnframt því sem þeir gerðu sínar aths. við einstaka liði og þá helzt framkvæmdaatriði. Að öðru leyti var frv. ekki sent til umsagnar. Frv. sjálft og helztu brtt. er rétt að skýra örlítið nánar í helztu greinum.

1. gr. frv. fjallar um skipulag húsnæðismálastofnunarinnar, og þar er jafnframt ákvæði um, að húsnæðismálastjórn, sem skipuð sé fimm mönnum, veiti stofnuninni forstöðu. Fjórir stjórnarmanna eru kosnir hlutbundinni kosningu á Alþ. til þriggja ára í senn, en sá fimmti af Landsbanka Íslands án atkvæðisréttar. Við þessa grein flytur meiri hl. n. brtt., þar sem nánar er kveðið á um skiptingu þess kostnaðar, sem óhjákvæmilegur er af störfum stofnunarinnar *og starfsmannahaldi, skiptingu milli ríkissjóðs* og byggingarsjóðs.

2. gr. fjallar nánar um einstök verkefni stofnunarinnar og eftir hvaða leiðum unnið skuli. Svo er þar m. a. fyrir lagt, að gerð sé nákvæm grein fyrir raunverulegri þörf landsmanna á íbúðabyggingum, hvernig þörfinni verði á sem hagkvæmastan hátt fullnægt, fylgjast með byggingarkostnaði í landinu og hverjir byggi ódýrust hús, hvaða íbúðarhúsnæði reynist bezt og hagkvæmast. Þá er húsnæðismálastjórn heimilað að láta fara fram í þessu skyni samkeppni um hagkvæmar teikningar og veita þeim lán, sem framangreind skilyrði uppfylla bezt. Þá er og í greininni nánar tiltekið um einstök atriði til framkvæmda því, að slík fyrirgreiðsla geti orðið sem mest og bezt fyrir væntanlega húsbyggj*endur. Má þar m. a. benda á leiðbeiningastarf*semi fyrir húsbyggjendur, stöðlun byggingarhluta, tæknirannsóknir, endurskoðun byggingarsamþykkta, hagkvæmari innkaup byggingarefnis og að vinna við íbúðabyggingar verði sem samfelldust árið um kring og jöfnust frá ári til árs.

Það er mikið hagsmunaatriði húsbyggjandans *og þjóðfélagsins í heild að eiga jafnan á að skipa* vönum og dugmiklum byggingarmönnum, jafnt iðnlærðum sem óiðnlærðum. Engir möguleikar eru til þess, að hægt sé að skapa slíkar sveitir manna, meðan jafnótryggt ástand og árstíðabundið ríkir og hér hefur verið um þessi mál. Það eru ómæld ódrýgindin, sem af þessu leiðir *í efnismeðferð og vinnunýtingu. Það er af þess*um ástæðum, sem nágrannaþjóðir okkar keppast nú við að gera byggingariðnaðinn sem óháðastan veðráttu og hafa náð í þeim efnum athyglisverðum árangri. Á meðan við Íslendingar getum ekki til fullnustu fært okkur í nyt þessa fullkomnun, er nauðsynlegt að nota þann árs-

tíma, sem bezt er til framkvæmdanna fallinn, þ. e. sumarið, með því að lóðaúthlutun og uppdrættir húsanna liggi jafnan fyrir síðla vetrar, þannig að framkvæmdir geti hafizt snemma á vorin, og að því sé keppt, að húsin verði fokheld, áður en veðrátta versnar á haustin. Þannig vinnst tvennt: Byggingin þarf ekki að stöðvast af þeim sökum og innrétting hússins getur farið fram yfir veturinn. Vinna verður samfelldari og nýting hennar betri, þar sem unnið er við betri aðstæður. Ég fullyrði, að vegna þess, hvað framangreindum atriðum hefur lítið verið sinnt, er byggingarkostnaður nú stórum meiri en hann þyrfti að vera. Nægir í því sambandi að benda á allan þann fjölda íbúðabygginga, sem árlega er verið að byrja á að haustinu til og stendur svo hálfbyggt allan veturinn, án þess að nokkuð sé hægt að aðhafast. Það þarf ekki byggingarfróðan mann til þess að sjá það fjárhagstjón, sem af slíkum framkvæmdum hlýtur að leiða, auk þeirrar áhættu, sem byggingunni er stofnað í, t. d. vegna frosta.

Í síðari hluta 2. gr. er húsnæðismálastjórn falið að beita sér fyrir úrbótum í þessum efnum. Þær brtt., sem við flytjum við þessa grein, eru að mestu orðalagsbreytingar. 4. mgr. þótti þó að athuguðu máli rétt að hafa sem heimild fyrir ráðherra án lagafyrirmæla um, hverjir skipuðu þá ráðgjafarnefnd, sem þar er hugsuð húsnæðismálastjórn til ráðuneytis um tæknileg mál. Í síðustu mgr. greinarinnar er gert ráð fyrir, að húsnæðismálastofnunin geri árlega skýrslu um íbúðabyggingar í landinu, er sýni árangur af framantöldum greinum í framkvæmd.

II. kafli frv. er um byggingarsjóð ríkisins og veðlán til íbúðabygginga. Hér er um algert nýmæli að ræða, þar sem stofnaður verði sérstakur sjóður, er lúti stjórn húsnæðismálastjórnar og ætlað er að standa straum af framkvæmdum hennar, sbr. 2. gr. frv., og annast almenn útlán. Þetta stofnfé er áætlað að verði samtals um 118.2 millj. kr., sem sundurliðast skv. þeim skýringum, er frv. fylgja, þannig skv. 3. gr. frv.:

Í fyrsta lagi varasjóður hins almenna veðlánakerfis, 20.9 millj. Í öðru lagi lán ríkisins til lánadeildar smáíbúða, 32.8 millj. Í þriðja lagi A-flokka bréf ríkisins, er keypt voru fyrir tekjuafgang ríkissjóðs 1955, 11.3 millj. Í fjórða lagi ⅔ hlutar stóreignaskatts, álagðs 1957, áætlað 53.2 millj. kr.

Árið 1958 er áætlað, að tekjur af þessu stofnfé verði 28 millj. kr. Þá er og gert ráð fyrir 7—8 millj. kr. árlegri tekjuöflun samkv. a—d-liðum greinarinnar, en þar er gert ráð fyrir, að innheimta megi 1% aukalega af tekju-, eignar- og stríðsgróðaskatti og aðflutningsgjöldum samkv. gildandi viðaukum. Lántökugjald er einnig ákveðið 1% af öllum lánum, sem húsnæðismálastjórn veitir.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir, að veðdeild Landsbankans sé heimilað að gefa út bankavaxtabréf, er nemi allt að 100 millj. kr. á ári í næstu 10 ár. Efni frv. er og allt miðað við 10 ára viðreisnaráform í húsnæðismálum, og verður það að teljast einn af höfuðkostum frv., þar sem mjög hefur skort á allt framtíðaröryggi þessara mála, og því hafa skrefin fram á við verið of stutt.

Þær reglur, sem gilt hafa um útlán frá húsnæðismálastjórn, eru, að veitt hafa verið lán í hlutföllunum 2:5, þannig að tveir hlutar lánsins hafa verið vísitölulán, en hinir óháðir vísitölubreytingum. Nú er gert ráð fyrir með sölu fyrrnefndra bankavaxtabréfa, að þau skiptist í tvo jafna flokka, A og B, og B-flokkurinn verði með vísitölukjörum.

Í 4. gr. frv. er og gert ráð fyrir, að meginuppistaða veðlánakerfisins starfi áfram við hlið byggingarsjóðs og tekjur þess verði sala þessara bankavaxtabréfa.

Í 5. gr. er greint frá því, hvert fé kemur til útlána og framkvæmda á vegum húsnæðismálastjórnar, og sú ein brtt. við hana gerð, að útlán annarra aðila en húsnæðismálastjórnar þurfi staðfestingar hennar við, ef krafa er gerð um B-lán á móti samkvæmt 4. gr. Verður það að teljast eðlilegt með tilliti til þeirra reglna, sem 6. gr. frv. setur húsnæðismálastjórn. Þannig ætti að vera tryggt, að lántakendur sitji allir við sama borð, hvar sem lánið er annars tekið. Til þessa hefur húsnæðismálastjórn einungis haft aðstöðu til þess að koma í veg fyrir slíkar lánveitingar, en ætti með þessu að öðlast rétt til að meta lánsfjárþörf viðkomandi aðila, ef hann á að eiga kröfurétt til B-lánsins. Þessi gr. eins og sú fjórða á að búa betri og traustari grundvöll undir varanlegri lausn húsnæðismálanna.

6. gr. fjallar um útlánareglur þær, sem farið skal eftir. Helztu nýmæli þar eru þau, að engum einstaklingi skuli veitt lán út á nema eina íbúð. Þá er og gert ráð fyrir, að um lánveitingar til einstaklinga verði farið eftir ástæðum umsækjenda, húsnæði, fjölskyldustærð, efnahag og hámarksstærð íbúða, en um útdeilingu lána til byggðarlaga skuli tekið tillit til jafnvægis í byggð landsins.

Í fljótu bragði virðast þetta sjálfsagðar og eðlilegar takmarkanir, þegar tillit er tekið til þess gífurlega umsóknafjölda, sem upp hefur safnazt hjá húsnæðismálastjórn þau rúmlega tvö ár, sem veðlánakerfið hefur nú starfað, en óafgreiddar lánsumsóknir þar munu nú vera rúmlega 2000, auk þess mikla fjölda, sem fengið hefur örlítil byrjunarlán, allt niður í 20—25 þús. kr. Búast má og við, að umsóknafjöldi þessi aukist nokkuð nú á komandi sumri.

Á meðan slíkt neyðarástand ríkir, er óverjandi að veita einstaklingi fleiri lán en út á eina íbúð og jafnframt nauðsynlegt, að tillit sé tekið til fyrrgreindra ástæðna.

Ég geri fyllilega ráð fyrir því, að þó að ég reyndi hér að draga upp mynd þess raunalega ástands, sem nú ríkir hjá hundruðum fjölskyldna vegna lánsfjárskortsins, þá yrði sú mynd vefengd. Sárust er þessi neyð hjá barnflesta og fátækasta fólkinu. Það er erfitt að sannfæra sjö barna föður, sem býr í hriplekum bragga, en af harðneskju við sig og sína hefur komið upp fokheldu húsi, að hann geti ekki fengið lán, vegna þess að einum einstaklingi hafi verið veitt 10—15 lán.

Framkvæmdastjórn húsnæðismálastjórnar hefur nú með tilliti til þeirra, sem í huga hafa að hefja byggingu íbúðarhúsa, auglýst, hverjar íbúðir muni sitja fyrir um lán, og ákveðið þar

360 rúmmetra takmark. Fyrir allan þorra fjölskyldna er þetta viðunanlegt húsnæði, en séu fjölskyldurnar sérstaklega fjölmennar, er gert ráð fyrir heimild til þess að víkja frá þessu marki og þá jafnframt með fyrrtaldar aðstæður í huga.

Rétt þykir og við útdeilingu lánsfjárins milli byggðarlaga, að tillit sé tekið til jafnvægis í byggð landsins. Það verður að teljast eðlilegt og hagsmunir beggja aðila, að fénu verði á fyrrgreindan hátt dreift sem eðlilegast milli hinna ýmsu landshluta, því að ekki bætir það neyðarástandið við sjávarsíðuna eða t. d. hér sunnan- og suðvestanlands, þar sem ástand þessara mála er verst, að fólk flykkist hingað til búsetu, vegna þess að annars staðar fengjust ekki lán til þessara framkvæmda. Þó að allar fjáraflanir gangi að óskum, er sýnt, að nægt verkefni verður í þéttbýlinu að fullnægja eftirspurn eðlilegrar fólksfjölgunar næstu árin, þó að ekki bætist þar við stórir fólksflutningar.

Við athugun í nefndinni varð samkomulag um að fella síðasta málslið, g-lið, niður, þar sem gert ráð fyrir, sé engu minni, og í mörgum föst veðlán, kæmu ekki til greina við úthlutun lána. Í mörgum tilfellum geta þessi veðlán verið það lítil, að þörfin fyrir lán þau, sem í frv. er gert ráð fyrir, sé engu minni, og í mörgum tilfellum mundi slíkt ákvæði geta komið niður á þeim, sem verst væru staddir fjárhagslega.

Í 7. gr. er heimilað, að tilskildu samþykki *ríkisstjórnarinnar*, að *lána byggingarsjóði* Búnaðarbankans og byggingarsjóði verkamanna af því fé, sem frá er greint í 3. og 4. gr. og þá í sömu hlutföllum og til einstaklinga.

8. gr. fjallar um bein framkvæmdaatriði, og brtt. við þessar tvær greinar eru nánast leiðréttingar einar.

Langmerkasta nýmæli frv. verður án efa talinn III. kafli þess með ákvæðum 9. og 10. gr.

Í 9. gr. er gert ráð fyrir sérstakri innlánsdeild á vegum byggingarsjóðs ríkisins, er taki við frjálsum framlögum manna til þess að safna fé til íbúðabygginga, 5 þús. kr. á ári, og öðlast þeir þar með forgangsrétt til lána að öðru jöfnu, sem mega vera allt að 25% hærri en almennt gerist. Ef gert er ráð fyrir, að lántakandi hefði uppfylt framangreind réttindi og ætti auk þess rétt á fullu láni samkvæmt hámarki því, er frv. ákveður, gæti lánið orðið allt að 125 þús. kr. á slíkar íbúðir. Gert er ráð fyrir sams konar rétti þeirra, er í sveitum eða dreifbýli búa, með innlögum í veðdeild Búnaðarbankans. Fé þetta er undanþegið tekju- og eignarskatti sem eign.

10. gr. fjallar um skyldusparnað, 6% af tekjum ungs fólks á aldrinum 16 til 26 ára. Þau forréttindi eru á því fé, sem inn kemur á þennan hátt, umfram frjálsa sparnaðinn skv. 9. gr., að féð er vísitölutryggt og undanþegið tekjuskatti og útsvari og ekki framtalsskylt. Sparnaðarskyldan fellur niður í fyrsta lagi, þegar viðkomandi hefur náð 26 ára aldri, og öðru lagi gengur í hjónaband og stofnar heimili. Þegar skylda þessi fellur niður, á viðkomandi rétt á að fá sparifé sitt endurgreitt að viðbættum vöxtum og uppbót vegna vísitöluhækkunar, sem greidd er af vísitölubundnum verðbréfum á innlánstímanum. Enn fremur skulu þeir, er á þennan hátt spara, sitja fyrir að öðru jöfnu um lán, sem mega vera 25% hærri en almennt gerist. Forgangsréttindi þessi til lána eru þá bundin því skilyrði, að sparnaður þeirra, sem að byggingu hlutaðeigandi íbúðar standa, nemi a. m. k. 25 þús. kr. Þá er og í greinarlokin heimild fyrir alla þá, sem vildu byrja sparnaðinn fyrr en tilskilið er og halda honum áfram lengur.

Auk þess mikla öryggis, sem skyldusparnaður þessi gefur öllum tekjum byggingarsjóðs og þá eðlilega útlánastarfseminni allri, er hann mikið *öryggi fyrir alla yngri kynslóðina og knýr á* um, að hugsað sé fyrir framtíðinni. Fyrir velflestu þessu fólki liggur að ganga í hjónaband og mynda heimili. Í allt of fáum tilfellum er á unga aldri hugsað fyrir þeim skyldum, sem myndun heimilis hefur í för með sér. Allt þetta fólk vildi gjarnan eiga eitthvert fé til þess að búa sem bezt að sér og sínum, bókstaflega geta lagt grundvöllinn að sjálfri heimilismynduninni, eignazt íbúð. Þau eru ekki fá hjónaböndin, sem aldrei hafa öðlazt aðstöðu til raunverulegs heimilislífs, af því að enginn möguleiki var fyrir mannsæmandi íbúð. Afleiðingarnar þekkja prestarnir, læknarnir og þeir aðrir, sem starfa að mannúðar- og líknarmálum. Á skal að ósi stemma, og þeir, sem kynnzt *hafa staðreyndum þessara mála, eru ekki* í vafa um, að hér verður skyldan til að koma. Vestur-Þjóðverjar hafa með góðum árangri farið inn á þessar brautir.

Það var í öðru lagi um afstöðuna til þessarar greinar, sem sundur dró í nefndinni. Hv. minni hl. vildi ekki fallast á skyldusparnaðinn, en þess í stað, að upp yrði tekinn samningsbundinn sparnaður með sömu hlunnindum fyrir hvern og einn. Nú verður ekki betur séð en að 9. gr. frv. um frjálsa sparnaðinn uppfylli þessar hugmyndir minni hl. Þar er öllum heimilaður sparnaður með innlögum í sérstaka innlánsdeild með allmiklum hlunnindum, svo sem fyrr er sagt.

Skyldusparnaðurinn gefur hlutaðeigandi meiri og betri möguleika í skattfríðindum og lánsmöguleikum, og tel ég það sanngjarnt. En það, sem er þó höfuðkosturinn við skyldusparnaðinn frá hinu almenna sjónarmiði, er, að hann er stærsta og öruggasta skrefið til þess, að húsnæðismálastofnunin sem slík geti gegnt því hlutverki, sem henni er ætlað samkvæmt öðrum greinum frv., en á það hefur mjög skort.

Ég fæ því ekki skilið röksemdir minni hl. um að losna við skylduna á annan veg en sem þjónkun við það unga fólk, sem nú við fyrstu greiðslur taki þessari tilraun fálega. Ég fullyrði, að það unga fólk, ef til er, kann þessum tillögum eða talsmönnum þeirra engar þakkir að 10 árum liðnum.

Það, sem háð hefur eðlilegri starfsemi húsnæðismálastjórnar til útlána og annarra framkvæmda, er fyrst og fremst *fjárhagslegt öryggisleysi*, og með flestum ákvæðum gildandi laga var aðeins miðað við tveggja ára samninga við bankana, sem gátu brugðizt. Hins vegar var yfirstjórninni ætlaður 6 ára aldur. Nú, þegar hv. alþm. hafa annars vegar reynsluna af fyrri lögum fyrir sér og svo hins vegar hina knýjandi

þörf til úrbóta, virðist alger fjarstæða að ætla að draga úr nokkru því atriði, er til framfara horfir.

11. gr. fjallar um þá, sem undanþegnir eru sparnaðarskyldu. N. þótti sýnt, að þungt yrði í vöfum að fá umsagnir sveitarstjórna um hagi þess fólks, er þar greinir frá, svo sem skólafólk, iðnnema, ómagafjölda, lágar tekjur o. s. frv. Þess vegna þótti réttara að hafa þar aðgang að undirskattanefndum.

Við 12. gr. er með brtt. aukinn réttur reglugerðar til ákvörðunar um innheimtuaðferðir, þar sem ekki þykir enn fullsannað, á hvern hátt innheimtunni verði bezt fyrir komið.

IV. kafli frv. fjallar um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis. Í ákvæðum þessa kafla eru litlar breyt. gerðar frá eldri lögum. Ein brtt. er þar gerð af n. hálfu við 16. gr., þar sem lagt er til, að ef ágreiningur verði í sveitarstjórn um ráðstöfun íbúða, sem reistar eru á grundvelli þessara laga, megi vísa honum til húsnæðismálastjórnar til úrskurðar.

Það verður vart talið óeðlilegt, að sá aðili, sem kemur fram fyrir ríkisins hönd, veitandi helming lánsfjárins, hafi umsagnarrétt, ef sveitarstjórn kemur sér ekki saman um, hverjir skuli hljóta tilteknar íbúðir.

V. kaflinn fjallar um minni háttar breytingar á l. um byggingu verkamannabústaða, nr. 36 1952, og er að mestu breytingar, sem hækkandi verðlag hefur framkallað. Sú breyting er nú lögð til við 6. gr. l., að nú skuli fjárhagsaðstæður hlutaðeigandi miðaðar við þann tíma, sem hann kaupir íbúðina, en var áður þegar hann gerðist félagi. — Aðrar breyt. við þennan kafla eru minni háttar og velflestar orðalagsbreytingar.

Ég hygg, að því verði ekki í móti mælt, að frv. sem heild er til mikilla bóta frá því, sem nú er. Einhverjum kann þó að finnast, að frv. sjálft boði ekki skjótar úrlausnar vandans, sem nú í dag er fyrir dyrum, og sé meira stílað sem varanlegri lausn í framtíðinni. Þegar þessi mál bar að í viðræðum ríkisstj. við efnahagsmálanefnd verkalýðssamtakanna í byrjun apríl, var því lofað, að á þessu ári, 1957, skyldu verða til ráðstöfunar a. m. k. 44 millj. kr. auk þess, sem innheimtist til byggingarsjóðsins. Þessi loforð eru síðan af hæstv. ríkisstj. upp tekin í grg. þessa frv. Gert er þó ráð fyrir, að byggingarsjóður Búnaðarbankans fái þar af sömu upphæð og hann hefur áður fengið árlega frá hinu almenna veðlánakerfi, eða 12 millj. kr. í A- og B-lánum.

Samkvæmt þessum fyrirheitum ríkisstj. er því gert ráð fyrir, að á þessu ári verði um það bil sama upphæð til útlána og lánuð var í stjórnartíð fyrrv. ríkisstj. með veðlánakerfislögunum, en þá var úthlutað 44 millj. og 35 þús. kr. þar til í september s. l. ár. Talið er, að á næstu árum geti árlegt eigið fé byggingarsjóðs til útlána orðið um 40 millj. kr. og að eign sjóðsins í árslok 1966 nemi nær 300 millj. kr.

Í sambandi við tilkomu þessa máls hér á hv. Alþ. er freistandi að fara nokkrum orðum almennt um húsnæðismál, og skal ég þá gjarnan taka fram, að það, sem ég kann að segja þar, er fyrst og fremst mínar persónulegu skoðanir.

Með setningu l. um lánadeild smáíbúða, sem sett voru 1952, og síðan hins almenna veðlánakerfis með l. nr. 53 1955 var gerð tilraun með að koma nokkuð til móts við hina gífurlegu lánsfjárþörf, sem skapazt hafði við byggingu íbúðarhúsa, en um þau virtust væntanlegum húsbyggjendum allar bjargir bannaðar. Veðdeild Landsbankans hafði verið lokuð, og aðrar lánsstofnanir svöruðu ákveðið, að út á íbúðarhúsabyggingar lánuðu þær ekki. Þessi tilsvör voru að heita má alls staðar samhljóða, þegar frá eru teknar örfáar undantekningar einstakra sparisjóða, sem lánuðu lítið og til svo skamms tíma, að ógerlegt var fyrir allan þorra manna að rísa undir húsbyggingu á þeim forsendum. Svo var því komið þessum málum, að daglaunamaður átti þess engan kost að komast yfir íbúð nema hjá byggingarfélagi verkamanna, byggingarsamvinnufélögum eða byggingarframkvæmdum bæjanna, sem allt var þó miklum takmörkunum háð, einnig vegna fjárskorts. Fjárskortur til þessara framkvæmda varð sárari og tilfinnanlegri hér á landi en víða annars staðar, vegna þess að sambærilegar hlutfallstölur um, að einstaklingar eða einstakar fjölskyldur búi í eigin húsnæði eða íbúðum, munu vart finnanlegar hjá nágrannaþjóðum okkar. Þessi stefna í byggingarmálum, sem vaxin er upp með þjóðinni sjálfri og auknu fjárhagslegu sjálfstæði einstaklinganna, hefur sína stóru kosti en einnig sína miklu erfiðleika varðandi óeðlilega útþenslu bæjanna, þegar þess er gætt, að flestir vilja að sjálfsögðu búa í einbýlishúsum.

Þegar alls þessa er gætt, lá í augum uppi, að ríkisvaldinu var mikill vandi á höndum, á hvern hátt og eftir hvaða leiðum lausn þessara mála yrði fengin.

Ég ætla mér ekki að rekja einstaka liði eða lagaákvæði fyrrv. ríkisstjórna, sem mörkuðu þær leiðir, sem farnar hafa verið frá setningu laganna um lánadeild smáíbúða, þ. e. síðastliðin 5 ár. Það ætti og að vera óþarfi, þar sem reynslan liggur nú fyrir. Persónulega tel ég, að höfuðágalli þessara framkvæmda hafi verið, hvernig túlkun þeirra fyrir almenningi var í upphafi og að kerfinu var ekki tryggt fé nema til tveggja ára með samningum, sem hæglega gátu brugðizt og brugðust. Fyrirsagnir og túlkun stuðningsblaða fyrrv. ríkisstj. urðu vægast sagt ekki í samræmi við þá reynslu, sem nú blasir við. Það var vitað, hve gífurleg neyð ríkti um allt lánsfé til slíkra framkvæmda, og þess vegna ekki þörf á að básúna út, að öllum, sem til íbúðabygginga legðu, yrði tryggt allt að 100 þús. kr. lán. Staðreyndin reyndist svo að sjálfsögðu vera sú, að ekki var hægt að koma til móts við nema takmarkaðan hluta þessa fólks, og eins og ég áður sagði, rúmlega 2000 umsóknir liggja nú hjá húsnæðismálastjórn, er enga fyrirgreiðslu hafa fengið, og rúmlega 1000, sem fengið hafa byrjunarlán allt niður í 15—20 þús. kr. gegn 1. veðrétti í eignum sínum. Það hámarkslán, sem í l. var talið að mætti vera 100 þús. kr., reyndist vegna hinnar gífurlegu ásóknar 70 þús. kr. á íbúð til þeirra, sem í lukkupottinn duttu. Af þessu leiddi svo að sjálfsögðu það, að gífurlega mikið fé liggur nú í ónotaðri fjárfestingu, þar sem hin hálfbyggðu hús eru, eignir hinna hryggbrotnu

lánbeiðenda, sem hafa rúið sig og sína öllu fé, sem laust var, í von um, að lán fengist síðar.

Eru þær leiðir, sem markaðar eru með frv. þessu, þá lausn á öllum fyrri yfirsjónum, og er þar lært af reynslunni? Ekki væri óeðlilegt, að slíkar spurningar kæmu fram.

Ég vil ekki gerast spámaður um framgang þessara mála, en höfuðkosti þeirrar stefnu, sem hér er upp tekin, tel ég vera þá, að í fyrsta lagi er nú öruggari fjárhagsgrundvöllur byggður upp en áður var og nú til 10 ára í stað 2 áður.

Í öðru lagi hefur væntanlegum íbúðabyggjendum verið tilkynnt um, hvaða íbúðarstærð verði látin sitja fyrir um lán, þ. e. a. s. 360 rúmmetrana. Ákvörðun þessi tekur þó að sjálfsögðu ekki til þeirra, sem byrjað hafa framkvæmdir, áður en auglýsingin birtist, og hófu sínar framkvæmdir, án þess að nokkrar slíkar takmarkanir væru settar. Við rúmmetrafjölda þennan er húsnæðismálastjórn þó ekki bundin, ef um sérstakar ástæður er að ræða, t. d. fjölmennar fjölskyldur, eins og ég áðan sagði.

Í þriðja lagi er ungu fólki á aldrinum 16—25 ára gert skylt að leggja til hliðar 6% af launum sínum samkv. því, sem áður er sagt um ákvæði 10. gr. frv.

Í fjórða lagi tel ég, að ákvæði 9. gr. frv. um hinn frjálsa sparnað séu mjög athyglisverð, þó að ekki sé þar um jafnörugga tekjuhlið að ræða.

Í fimmta lagi hefur framlag til verkamannabústaða á fjárl. verið hækkað úr 2 millj. kr. í 4 millj. kr., og auk þess greiðir ríkissjóður til bústaðanna á þessu ári 8 millj. kr. með sömu gjöldum frá bæjarfélögunum og verið hafa. Samtals til verkamannabústaða á því að vera hægt að verja um 12 millj. kr. á þessu ári.

Í sjötta lagi eru til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis nú 4 millj. kr. á fjárl., og 5 millj. kr. munu vera til frá fjárveitingum fyrri ára. Samkv. l. þessum er það skylda viðkomandi bæjareða sveitarfélags að leggja fram jafnháa upphæð á móti ríkisframlaginu. Samtals hefur verið veitt í þessu skyni frá gildistöku þessa kafla í maí 1955 5 millj. 545 þús. kr., þar um helmingur frá því í september s. l. haust. Fjárhæð þessi er veitt til 86 íbúða í 11 byggðarlögum á landinu, þar af til 63 íbúða í Reykjavík einni. Jafnframt er það skilyrði fyrir lánum þessum, að viðkomandi heilsuspillandi íbúð sé tekin úr notkun eða rifin niður í stað hinnar nýju, sem lánið er veitt til.

Þetta tel ég höfuðkost þessa frv. og vænti, að reynslan megi leiða í ljós, að hér er um stórar umbætur að ræða.

Meiri hl. heilbr.- og félmn. óskar svo eftir því, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem lagðar eru fram á þskj. 541, og vísað til 3. umr.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það verður að segja hverja sögu eins og hún gengur. Mér hefur af sérstökum ástæðum ekki unnizt tími til að ganga frá nál. og brtt. minni hl. n., og leyfi ég mér því að fara þess á leit, að umr. verði frestað og málið tekið út af dagskrá til mánudags. Telji forseti ekki forsvaranlegt að fresta málinu svo lengi, mun ég að sjálfsögðu reiðubúinn að mæta hér á fundi á morgun, enda þótt ég hafi ákveðið að sækja um fjarvistarleyfi vegna brottfarar úr bænum. En ég mun fresta þeirri för, ef forseti sér sér ekki fært að taka lengri frestinn til greina.

Forseti (BSt): Eins og hv. 11. landsk. þm. (FÞ) veit, þá er nú mjög liðið á vorið, og ég hygg, að flestir eða allir þm. hafi áhuga á því, að þinginu sé lokið sem allra fyrst, úr því sem komið er. Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er í fyrri d. og á eftir þar af leiðandi mikla meðferð enn í þinginu. Ég get því ekki orðið við tilmælum hv. þm. um að fresta málinu til mánudags. Hitt skal ég gera, að fresta því til morguns og halda þá fund, og þá að sjálfsögðu get ég ekki heldur veitt honum fjarvistarleyfi frá þeim fundi, þar sem hann er frsm. minni hl. nefndarinnar.

Umr. er þá frestað og málið tekið af dagskrá, en verður tekið á dagskrá á fundi á morgun.

Umr. frestað.

Á 102. fundi í Ed., 18. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 436, n. 540 og 557, 541).

Frsm. minni hl. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. N. hefur haft frv. þetta til athugunar og rætt það og reifað á nokkrum fundum, en nm. hafa ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. hefur þegar lagt til, að frv. verði samþ., en minni hl., hv. 2. þm. Árn. (SÓÓ) og ég, hefur sérstöðu í málinu.

Meginuppistaðan í frv. þessu er núgildandi lög um þetta efni, en það eru lög nr. 55 frá 1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Hins vegar virðist breytt um nafn og orðalag á ýmsu því, sem efnislega er hið sama í meginatriðum. Það er þó yfirleitt ekki til bóta, enda er svo að sjá sem frv. hafi verið samið í allmiklum flýti. Verður að telja þessi vinnubrögð harla vafasöm.

Eðlilegast er að láta lög nr. 55 frá 1955 standa, en gera á þeim þær breytingar, er nauðsynlegar kunna að þykja. Löggjöf þessi var á sínum tíma vandlega undirbúin. Hún markaði greinileg tímamót í sögu húsnæðismála hér á landi og myndar traustan grundvöll, sem eðlilegt er að reisa á í framtíðinni við lausn þessara mála.

Með tilliti til þessa leggur minni hl. til, að formi frv. verði breytt þannig, að það verði ekki frv. til sjálfstæðra laga, heldur frv. til breytinga á lögum nr. 55 frá 1955.

Minni hl. er andvígur sumum ákvæðum frv., sem telja má vægast sagt varhugaverð. Má t. d. nefna 2. gr. þess, sem m. a. fjallar um heimild fyrir húsnæðismálastjórn til að láta undirbúa byggingu íbúðarhúsahverfa í kaupstöðum. Segir svo í gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar slíkir skipulagsuppdrættir hafa verið samþykktir af skipulagsnefnd ríkisins“ — eins og því er breytt af meiri hl. — „og félagsmálaráðherra, er viðkomandi bæjarfélagi skylt að heimila byggingarnar og láta af hendi eða útvega landssvæði fyrir þær, ef með þarf með eignanámi. Sömuleiðis er viðkomandi bæjarfélagi skylt að leggja nauðsynlega vegi og leiðslur um slík hverfi

innan hæfilegs tíma að mati húsnæðismálastjórnar og félagsmálaráðherra.“

Þarna er raunverulega allt vald og sjálfsforræði í þessum málum tekið af sveitarstjórnunum og fengið í hendur húsnæðismálastjórn. Fæ ég ekki betur séð en að húsnæðismálastjórn geti með þessu ákvæði haft allan hag sveitarfélaganna í hendi sér og ráðskað með fjárreiður þeirra að eigin vild.

Segja má, að hér sé aðeins um heimild að ræða, en reikna verður með, að allar heimildir verði notaðar af þeim, sem völdin hafa, þegar það þykir henta. Það verður að teljast varhugaverð þróun, sem birtist í þessu ákvæði: Að fjötra sveitarfélögin svo mjög undir alræðisvald ríkisins, skylda þau til að láta af hendi lönd og lausafé og takast á hendur víðtækar skuldbindingar eftir óskum og geðþótta eins aðila í höfuðstaðnum. Er það máske eitt spor í áttina til að auka jafnvægi í byggð landsins að svipta sveitarfélögin ráðstöfunarrétti eigin mála og draga úr sjálfstæði þeirra í sívaxandi mæli?

Í frv. eru aftur á móti aðrar breytingar, sem minni hl. leggur ekki á móti, svo sem vikið er að í nál. Hið sama má segja um ýmsar af brtt. meiri hl. n. Fjöldi þeirra sýnir, að ekki var vanþörf á að hefla nokkra vankanta af frv. Að þessu leyti hefur frv. breytzt nokkuð til bóta í meðförum nefndarinnar.

Hv. frsm. meiri hl. lagði áherzlu á það í ræðu sinni í gær, að ákvæði frv. um byggingarsjóð væru alger nýmæli, og var hann mjög hrifinn af þeim. Þetta er að vísu nýtt orð, en minni hl. telur enga ástæðu til þeirrar nafnbreytingar á varasjóði hins almenna veðlánakerfis, sem felst í ákvæðum frv. um byggingarsjóð. Aðalatriðið er að efla varasjóðinn. Það mun alltaf hafa verið gert ráð fyrir, að lán ríkisins til lánadeildar smáíbúða og A-flokkabréf ríkisins, er keypt voru fyrir tekjuafgang ríkissjóðs 1955, gengju til varasjóðs hins almenna veðlánakerfis, og er rétt að ganga formlega frá því með löggjöf.

Þá getur minni hl. einnig mælt með því, að ⅔ af væntanlegum stóreignaskatti og 1% álag á tekju- og eignarskatt og stríðsgróðaskatt og aðflutningsgjöld renni til íbúðarlána, svo sem ráð er fyrir gert í frv.

Aðalnýmæli frv. munu vera ákvæði þess um skyldusparnað. Sú hugmynd er óneitanlega athyglisverð, en nokkuð umdeild. Hún er ekki ný, eins og fram kom við 1. umr. um málið hér í hv. d., en hefur þó lítið verið rædd og athuguð almennt, svo að mér sé kunnugt. Það vekur athygli, að höfundar frv. bera þessa hugmynd fram sem barn í reifum án þess að gera nokkra teljandi grein fyrir henni. Það er aðeins örstutt aths., sem fylgir 10. gr. frv. Hvergi er vikið að því, hvernig svipuð ákvæði hafa reynzt í öðrum löndum eða hvort þau yfirleitt eru finnanleg eða tíðkanleg í löggjöf annarra þjóða. Ekkert er minnzt á skyldusparnað í skýrslunni á fskj. I um athugun á íbúðabyggingum í Noregi, Svíþjóð og Danmörku, þótt sú skýrsla sé „gerð á ferð“ um Norðurlönd í marz 1957, eins og þar segir. Það kemur og fram, að höfundar frv. hafa gert sér mjög óljósa hugmynd um þennan skyldusparnað og framkvæmd hans. Í frv. stóð: „Vegna framkvæmda á ákvæðum þessa kafla skulu gefin út sparimerki.“ Nú er þessi skylda orðin að heimild í brtt. meiri hl. n. við frv. Þetta sýnir, að óttazt er, að framkvæmd þessara ákvæða verði mjög erfið.

Í n. kom fram sú aths., að eðlilegast og þægilegast mundi vera að miða greiðslu fjár þess, sem skylt er að leggja til hliðar sem skyldusparnað, við skattskýrslur og innheimta það eftir á með öðrum gjöldum, en það þótti bera of sterkan keim af skattgreiðslu, og af sköttum hafa allir fengið nóg. Enn fremur var því svarað til, að lítt stoðaði að rýja gemlinginn, þegar hann væri genginn úr reyfinu, og má það til sanns vegar færa, ef ákvæði frv. að þessu leyti byggjast fyrst og fremst á því að rýja.

Hv. frsm. meiri hl. n. sagði í ræðu sinni, að hann fengi ekki skilið afstöðu okkar í minni hl. til skyldusparnaðarins. Við því er ekkert að segja. Ég geri þó ráð fyrir því, að hann geti fallizt á, að frjáls sparnaður sé æskilegri, ef hann leiðir til sömu niðurstöðu.

Í Vestur-Þýzkalandi starfa að sögn sérstakir byggingasparisjóðir, sem gera sparnaðarsamninga við fólk í þessu skyni. Hef ég heyrt, að kerfi þetta hafi reynzt mjög vel þar í landi. En það er sama sagan. Um þetta atriði lágu engar upplýsingar fyrir n. Veit ég þó ekki betur en maður eða menn hafi verið sendir til Vestur-Þýzkalands á vegum hins opinbera, að vísu kannske ekki alveg nú nýlega, einmitt til þess að kynna sér hinar stórfelldu byggingarframkvæmdir þar í landi og hafa spurnir af hinni glæsilegu og öru þróun og uppbyggingu húsnæðismálanna þar.

Að öllu þessu athuguðu telur minni hl. rétt að gera nú þegar gangskör að því að koma á fót frjálsum, samningsbundnum sparnaði til íbúðabygginga, svo sem ráð var fyrir gert í lögum nr. 55 frá 1955. Leggur því minni hl. til, að sett sé á stofn undir yfirstjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands sérstakt form spariinnlána í bönkum og sparisjóðum í þessu skyni. Er lagt til, að vextir af þessum innlánum verði hærri en almennir sparisjóðsvextir og að það fé, sem sparað er á þennan hátt, verði undanþegið tekjuskatti og útsvari. Þá er og lagt til, að eigendur þessara innlána fái forgangsrétt að íbúðalánum hins almenna veðlánakerfis, er séu 25% hærri en venjulegt lánshámark er. Með þessu móti ætti að geta fengizt mikið fjármagn til íbúðalána með frjálsri sparifjármyndun.

Með tilliti til þess, sem að framan greinir, ber minni hl. fram allmargar brtt. Ég skal ekki tefja lengi við að rekja þær allar nákvæmlega, en get að sjálfsögðu bent á, að aðalbreytingartill. eru við 2. gr. frv. og svo ákvæði frv. um skyldusparnað, auk ýmissa minni háttar breytinga, en margar þeirra leiðir beinlínis af því, að breytt er um form á frv. En ég ætla ekki að tefja við að rekja allar þessar brtt. nákvæmlega, enda mjög orðið áliðið þingtímans, eins og sagt er.

Ég vil þó alveg sérstaklega leggja áherzlu á það, að þetta eru miklu minni breytingar en menn halda fljótt á litið. Kemur það skýrt í ljós, þegar frv. er borið saman við lögin frá 1955. Þótt lagt sé til, að formi frv. verði breytt svo

mjög, að því er virðist, eru þó brtt. minni hl. einni færri en brtt. meiri hl. Að sjálfsögðu gera bæði meiri og minni hl. n. ráð fyrir því, að sett verði reglugerð, er geymi nánari fyrirmæli um þetta efni, en minni hl. telur, að sum ákvæði frv. eigi aðeins heima í reglugerð, en ekki í lögunum sjálfum. Kosta þarf kapps um það að hafa þessa löggjöf skýra, einfalda og aðgengilega fyrir almenning, svo mjög sem þessi mál varða heill og hamingju fólksins í landinu.

Ég hef þessi orð ekki fleiri, en vil aðeins að lokum taka það fram, að þótt leiðir hafi skilið í n., er ég sammála ýmsu því, sem hv. frsm. meiri hl. sagði í ræðu sinni hér í gær um þessi mál almennt. Og ég hygg, að við séum á einu máli um það, að málum þessum þurfi að skipa sem bezt í framtíðinni.

Frsm. meiri hl. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Áður en ég vík að þeim fáu athugasemdum, sem ég vildi koma fram hér við ræðu hv. frsm. minni hl. (FÞ), þá tel ég rétt að skýra hér örlítið brtt., sem meiri hl. óskar að leggja hér fram skriflega. Er það yfirsjón af nefndarinnar hálfu, að þessar brtt. fylgdu ekki með á þskj. 541, en þó talið nauðsynlegt að koma með þær nú.

Sú fyrri er á þá leið, að aftan við 17. gr. bætist stafliður, svo hljóðandi: „3. málsgr. sömu lagagreinar falli niður.“ Er það varðandi framlög sveitarfélaganna á hvern einstakling. Var þar gert ráð fyrir í n., að þær tölur stæðu áfram, sem þar er frá greint í 17. gr. En önnur ákvæði laganna munu hafa gert ráð fyrir því, að það yrðu grunntölur og á það bættist vísitala. Hér er því lagt til, að vísitöluákvæði laganna sé fellt niður.

Önnur brtt., sem er nánast einnig leiðrétting, er við 24. gr., að aftan við gr. bætist: „l. nr. 3/1957, um breyting á þeim lögum.“ Það er um, að sú breyting, sem brbl. frá því í ágúst s. l. fjölluðu um, um skipan húsnæðismálastjórnar, falli niður.

Þá er í þriðja lagi lagt til, að svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði komi á eftir 25. gr.: „Starfstímabil þeirra manna í húsnæðismálastjórn, sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn samkvæmt lögum þessum, og þess manns, er ráðherra skipar, svo og varamanna, skal vera til ársloka 1960.“ Í frv. er gert ráð fyrir, að kjörtímabil þessarar stjórnar sé 3 ár, en vegna þess, hvernig á stendur árinu, er talið rétt, að þetta bráðabirgðaákvæði komi hér, þannig að kjörtímabil þeirra manna, sem nú verða kjörnir í fyrsta sinn samkv. l., verði 3½ ár, en framvegis verði kjörtímabilið 3 ár.

Frsm. minni hl., hv. 11. landsk., lýsti því hér, sem ég hafði reyndar drepið á í minni framsöguræðu í gær, að hann teldi, að þær breytingar, sem meiri hl. n. leggur til, og reyndar frv. sem heild væri ekki borið fram á réttum forsendum og ætti að bera fram sem breytingar við þau lög, sem í gildi eru. Ég lýsti afstöðu minni til þessa álits minni hl., sem reyndar var kunnugt úr nefndarstörfunum, og taldi erfitt að skilja þann tilgang, sem beinlínis í því fælist að bera brtt. fram í þessu formi, enda skorti mjög á það, að hv. frsm. gæfi á því nægilegar skýringar, þannig að það mál liggur raunverulega enn þá óskýrt af þeirra hálfu, sem minni hl. skipa.

Það, sem hann taldi frv. helzt til foráttu, var, að í 2. gr. væri vald og sjálfsforræði bæjarfélaganna mjög skert og ákveðinn hluti þess valds, sem bæjarfélögin eða sveitarstjórnirnar hefðu haft, væri þar lagður undir húsnæðismálastjórn, að vísu sem heimild, en það yrði að gera ráð fyrir, að öllum heimildum yrði beitt, þegar henta þætti. Ég tel nú, að það þurfi ekki langra skýringa við, hvers vegna þetta ákvæði, sem hann hnaut nú helzt um í 2. gr., er þar komið. Ég þóttist hafa skýrt það nægjanlega í minni framsöguræðu í gær. En það má öllum vera ljóst, að önnur ákvæði greinarinnar um verkefni húsnæðismálastjórnar sjálfrar eru gagnslaust hjóm eitt, ef húsnæðismálastjórn á ekki að hafa þá aðstöðu, sem henni er gefin um það að fá ákveðin svæði skipulögð af sveitarstjórnunum eða skipulagsnefndum sveitarstjórnanna. Með því eru henni allar götur lokaðar um framkvæmd annarra ákvæða þessarar sömu greinar. Og ég heyrði ekki, að hv. frsm. hefði neitt við þau ákvæði að athuga. En honum má vera jafnljóst og þm. öllum, að þær skyldur, sem húsnæðismálastjórn eru þar lagðar á herðar, knýja á um nauðsyn þess, að hún geti haft m. a. landsvæði til ráðstöfunar um byggingu þeirra íbúða, sem að færustu manna dómi yrðu taldar hagkvæmastar.

Ég gat einnig um afstöðu minni hl. til 10. gr. frv., sem einnig lá mjög skýrt fyrir í n., en það var ágreiningurinn um það, hvort skyldusparnaði eigi að koma á, og vék hann lítillega að því, að hann teldi það mjög vafasamt, svo að ekki sé sterkara að orði kveðið, að sparnaðinum yrði komið á í þessu formi, og benti þá helzt á, að taka ætti upp frjálsan, samningsbundinn sparnað.

Ég vil enn ítreka það, sem ég sagði í minni framsöguræðu í gær, að þessi frjálsi sparnaður er heimilaður með 9. gr. frv., og ætti reynslan að leiða það í ljós, hvor greinin verður í framtíðinni öruggari tekjur fyrir húsnæðismálastjórn. Hann reyndi ekki heldur að hrekja það, sem ég taldi höfuðkosti skyldusparnaðarins í gær í minni framsöguræðu, en það væri það öryggi, sem fjármálum húsnæðismálastofnunarinnar væri tryggt með þessari skyldu. Það er á allra vitorði það öryggisleysi, sem ríkt hefur um fjárhagsmál húsnæðismálastjórnar, því að ekki var með hinum eldri lögum tryggt það útlánsfé, sem þar var gert ráð fyrir, nema til tveggja ára, og þó að meginhluti þeirra laga, sem enn þá eru í gildi um þessi mál, hafi fjallað um stórar og miklar skyldur, sem húsnæðismálastjórn voru á herðar lagðar og hún átti að framkvæma, eins og t. d. tæknimálin, þá hefur bókstaflega strandað á framkvæmd þeirra ákvæða, að fjárhagurinn hefur ekki leyft, að lögin verði til fullnustu framkvæmd í því formi, sem þau voru upphaflega samþykkt. Ég undirstrika það því einu sinni enn, að höfuðkostur skyldusparnaðarins er að mínum dómi og okkar, sem meiri hl. skipum, sá, að hann tryggir húsnæðismálastofnuninni fé, sem hún með öðrum hætti getur ekki fengið, og tryggir þá um leið, að önnur þau ákvæði, sem engar deilur eru um, að eigi að vera í frv., verði

framkvæmd, að svo miklu leyti sem sá fjárhagur leyfir á hverjum tíma. En sú fjárupphæð frá ári til árs á að verða öruggari og betur vitað um, hver hún verður, heldur en ef eingöngu er ætlað upp á frjálsan, samningsbundinn sparnað, sem hv. frsm. minni hl. lagði sérstaka áherzlu á.

Í lok ræðu sinnar sagði frsm., að það væri álit þeirra, er minni hl. skipuðu, að nauðsynlegt sé, að löggjöfin sé skýr og megi liggja sem allra gleggst fyrir almenningi. En þó virðist mér við fljótan yfirlestur þeirra brtt., sem minni hl. leggur hér til, að það sé síður en svo, að þær brtt. muni miða í þá átt, þar sem gert er ráð fyrir mun meiri reglugerðarákvæðum en í því frv. og þeim brtt., sem meiri hl. hefur hér flutt. Það miðar því ekki í þá átt að gera löggjöfina skýrari og aðgengilegri fyrir almenning. Það er vitað mál af reynslu, sem fengin er í þeim efnum, að reglugerðir eru yfirleitt ekki í almannahöndum, en hins vegar er það meira öryggi fyrir almenning, að framkvæmd einstakra liða sé fram tekin í löggjöfinni sjálfri.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að rekja frekar einstök atriði þeirrar framsöguræðu, er hv. 11. landsk. flutti, en vísa að öðru leyti til framsöguræðu minnar hér í gær fyrir frv. Um málsmeðferðina verður forseti að sjálfsögðu úr að skera, en mér sýnist, að það sé mjög mikill vafi á því, að brtt. minni hl. geti verið bornar upp samhliða brtt. meiri hl., þar sem þær eru upp byggðar á allt öðrum forsendum.

Ég leyfi mér svo að leggja fram skriflegar þær brtt., sem ég gat um í upphafi máls míns.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 564) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá atriði. — Til leiðréttingar við það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, vil ég einungis taka það skýrt fram, að ég vék síður en svo að öllum ákvæðum frv., sem ég taldi athugaverð, heldur nefndi aðeins dæmi nánast af handahófi.

Hv. síðasti ræðumaður fór nokkrum orðum um það öryggi, sem hann taldi að fælist í skyldusparnaði. Það má vel vera, að nokkurt öryggi sé í þessu, en ég hygg þó, að útreikningar höfunda frv. séu dálítið hæpnir að þessu leyti. Út af því, sem hann sagði, að tíminn mundi skera úr því, hvort meira kæmi inn af fé samkv. 9. eða 10. gr. frv., vil ég einungis benda honum á það, að ef farið er að till. minni hl. og eingöngu miðað við að breyta og víkka svið hins frjálsa sparnaðar samkv. 9. gr., þá er það meginmunur, að samkv. okkar tillögum verður hinn frjálsi sparnaður gerður skatt- og útsvarsfrjáls, og mætti segja mér, að þetta gæti orðið öruggur tekjustofn í framtíðinni, þótt að sjálfsögðu sé ekki hægt að fullyrða um það á þessu stigi.

Þá talaði hv. frsm. meiri hl. um það, að brtt. okkar væru óaðgengilegri, vegna þess að þær miðuðu að fleiri reglugerðarákvæðum. Ég held nú satt að segja, að fleiri reglugerðarákvæði stuðli að því að hafa löggjöfina skýra og einfalda. Að vísu er nokkurt öryggi að hafa sem flest ákvæði í löggjöf, en það á þó ekki að koma að sök, og ég tel alveg tvímælalaust, að fara eigi eftir þeirri meginreglu að hafa löggjöfina fáorða, gagnorða og skýra, en geyma hitt í reglugerðum, sem meira telst til upptalninga og smáatriða.

Ég vil svo ekki hafa þessi orð fleiri, en treysti forseta til þess að fara höndum um þetta mál, svo sem lög og reglur gera ráð fyrir.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Síðan þetta mál var lagt fram, hefur komið í ljós, að nýmæli þess hafa vakið mikla athygli og yfirleitt fundið ríkan hljómgrunn meðal fólks í öllum stjórnmálaflokkum, ekki síður meðal stjórnarandstæðinga en fylgismanna stjórnarinnar. Í umræðum blaða um málið hefur það líka verið ljóst, að gegn nýmælum frv., t. d. um byggingarsjóð og um frjálsan sparnað og skyldusparnað, hafa ekki verið neinar ádeilur, sem teljandi séu, og frá unga fólkinu sjálfu hefur ekki heyrzt nokkur mótmælarödd, svo að ég minnist.

Þetta allt saman er ánægjulegt og gat vakið vonir um það, að hv. n., sem málið fékk til meðferðar, bæri gæfu til þess að skila samhljóða áliti um það. Því miður hefur þó þannig farið, að n. hefur klofnað og meiri hl. skilað nokkrum breytingum til lagfæringar á frv., og eru þær flestar smávægilegs eðlis og umturna á engan hátt frv., valda engum stórbreytingum á meginefni þess.

Ég sé nú fyrst í dag nál. minni hl., og virðist mér það nál. og þær brtt., sem því fylgja, einmitt undirstrika það, að efnislega sé ekki mikill ágreiningur um málið. Ég fæ ekki betur séð en að minni hl. taki einmitt upp í sínar brtt. kjarnann úr ýmsum nýmælum frv., vilji þó ekki sætta sig við þau heiti, sem þessi nýmæli bera í frv., vilji ekki, að varasjóður hins almenna veðlánakerfis heiti byggingarsjóður ríkisins, ekki heldur, að skyldusparnaðurinn heiti skyldusparnaður, heldur séu það húsinnlán í banka, sem njóti sams konar friðinda og skyldusparnaðurinn átti að njóta, þ. e. a. s. skattfrelsis og útsvarsfrelsis, og fái forgang til lána, þegar þeirri sömu upphæð sé náð á sama tíma sem ráð er fyrir gert í frv., þ. e. a. s. ekki minna en 25 þús. kr. á 5 árum. Og eins og um þetta atriði er það um mörg önnur, að efnið í nýmælum frv. er tekið upp í þessar brtt., og aðalsvipsmótsbreytingin á brtt. minni hl. mörgum hverjum og meiri hl. er svo sú, að allar eru brtt. bornar fram sem breytingar á hinum gömlu lögum um húsnæðismálastjórn, sem gilt hafa s. l. 2 ár, en ekki breytingar við frv., sem hér liggur fyrir, og er það svona eins og tilhneiging til þess að seilast svolítið um öxl til lokunnar, en ekki að grípa beint til þess, sem fyrir hendinni lá, sem var frv. um hina nýju skipun húsnæðismálanna. Það kunna einhverjar ástæður, sem mér er ekki kunnugt um, að hafa legið til þess, að hv. minni hl. kaus heldur að hafa þetta heildarform á sínum brtt., og hef ég ekkert við það að athuga. Hin gamla húsnæðismálalöggjöf með sínum kostum og sínum mörgu og stóru göllum er einhvers konar heilög kýr, sem hv. minni hl. hefur sérstaka ást á, og það er hans einkamál.

Um brtt. skal ég svo leyfa mér að fara örfáum

orðum. — Ég skal taka það fram um 1. brtt. hjá hv. meiri hl., að mér finnst sú till. ganga of skammt, þ. e. a. s. hún takmarkar alveg ákveðið, að hve miklu leyti ríkissjóður eigi að bera kostnað af hinni opinberu fyrirgreiðslu fyrir fólkið í húsnæðismálunum. Þar segir nefnilega, að þóknun húsnæðismálastjórnar og laun framkvæmdastjóra skuli greiðast úr ríkissjóði, en annar kostnaður stofnunarinnar úr byggingarsjóði ríkisins.

Þessum málum er víða í löndum þannig skipað, að byggingarmálin eru í sérstöku rn. hjá ríkisstjórnunum, húsnæðismálaráðuneyti, og þá er auðvitað allur kostnaður við rekstur þessara mála borgaður af ríkissjóði viðkomandi lands. Ekkert hefði verið óeðlilegt, að þetta form hefði verið haft á hér, og þá hefði engum manni dottið í hug annað en að kostnaðurinn við stofnunina sjálfa alla væri borinn uppi af ríkissjóði.

Ég hygg, að ég sé ekki einn um það, heldur séu það margir, sem er nokkuð sárt um að þurfa nokkuð að skerða hið takmarkaða fé byggingarsjóðsins til annars en lánveitinganna sjálfra til þess að bæta úr húsnæðisástandinu og sjái eftir hverjum eyri, sem þarf að fara í rekstrarkostnað stofnunarinnar sjálfrar. Ég hefði því kosið, að kostnaðurinn við húsnæðismálastofnunina hefði, eins og til var ætlazt í frv. sjálfu, átt að vera *borinn uppi af ríkissjóði og að ekki væri gert ráð* fyrir, að neitt þyrfti að taka af tekjum byggingarsjóðsins til rekstrarkostnaðarins. Það hefði mér verið mest að skapi og vil raunar víkja því til hv. meiri hl., hvort hann vilji ekki freista þess að koma rýmri ákvæðum þarna í gegn um hlutdeild ríkissjóðs í kostnaði við rekstur húsnæðismálastofnunar ríkisins.

Í b-lið 2. till. segir, að húsnæðismálastjórninni sé heimilt að undirbúa byggingu íbúðarhúsahverfa í kaupstöðum með því að láta gera skipulagsuppdrætti að þeim í samráði við skipulagsnefnd ríkisins. Þetta er gamalt heiti á þessum aðila, en síðan hefur vaxið upp sérstök stofnun, sem fer með skipulagsmálin, og skipulagsstjóri ríkisins er forstöðumaður þeirrar stofnunar. Ég geri ráð fyrir, að þrátt fyrir gamla nafnið, skipulagsnefnd ríkisins, sé þarna átt við, að þessi mál eigi að fá samþykki skipulagsstjóra og þeirrar stofnunar, sem undir hann heyrir, en ekki bara n., sem aðeins mun nú koma saman einu sinni til tvisvar sinnum á ári og er þannig í raun og veru meira nafnið heldur en hitt, að hún sé sú *stofnunin, sem ræður fram úr þessum málum.* Upphaflega voru vegamálastjóri, vitamálastjóri og húsameistari ríkisins þeir aðilar, sem með lögum fóru með skipulagsmálin, en síðan hefur skipulagsstjóri og hans stofnun risið upp, og er það auðvitað það, sem við er átt að þarna eigi að skera úr ásamt samþykki félmrh., þegar um er að ræða skipulagsuppdrætti af svæðum, sem húsnæðismálastjórnin á að undirbúa byggingar á.

Um tillögurnar að öðru leyti, flestar, sé ég ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum. Ég tel þær sjálfsagðar, bæði þær, sem eru þarna niðurfellingar og eins viðaukar og breytt orðalag. Ég vil láta í ljós, að ég tel alveg sjálfsagt, að bending sé um það *gefin*, að húsnæðismálastjórnin skuli veita lán út um landsbyggðina með það fyrir augum að greiða í ríkari mæli fyrir byggingu íbúðarhúsnæðis úti um landið, ef það mætti stuðla heldur að auknu jafnvægi í byggð landsins, en um þetta er hér brtt. Tel ég það til bóta.

Þá er enn fremur hér till., 8. brtt., um það, að veðdeildin skuli sjá um, að afgreiðsla og innheimta þessara lána geti farið fram í peningastofnunum sem víðast úti um landið. Veðdeildin hefur haft það þannig í framkvæmdinni, að öll lánin hafa verið greidd inn hér og menn hafa sent greiðslurnar hingað og þurft að hafa umboðsmenn til þess að rekast í þessu fyrir sig. Þetta eru veruleg óþægindi fyrir fólk úti um land, og væri miklu eðlilegra, að afgreiðsla lánanna gæti farið fram úti um land í peningastofnunum og eins innborganir á afborgunum og vöxtum, og tel ég þessa brtt. vera mjög til bóta og vafalaust í samræmi við vilja fólks úti um landsbyggðina í þessu efni.

Þá var í frv. gert ráð fyrir því, að sveitarstjórnir gætu veitt undanþágu frá skyldusparnaði, en hér er lagt til, að þetta verði undirskattanefndir og þá væntanlega skattstjórar, þar sem þeir fara með störf undirskattanefnda eða eru komnir í þeirra stað, og get ég fallizt á, að þetta sé til bóta, því að í flestum tilfellum mundu sveitarstjórnirnar líklega hafa orðið að sækja *upplýsingar um efnahagsástand og aðrar ástæður* viðkomandi manna, sem voru að sækja um undanþágu, mikið í gögn og plögg skattanefndanna eða skattstjóranna. Tel ég þetta því kröfuminni framkvæmd og eðlilegri.

Aðrar till. hjá meiri hl. tel ég alveg ástæðulaust að fjölyrða um. Mér finnst, að þegar menn bera þær saman við texta frv., þá muni flestir telja þær eðlilegar og til bóta.

Tillögur minni hlutans hef ég þegar nefnt, og það, sem sérstaklega einkennir þær, er þetta, að þær eru brtt. ekki við frv., sem fyrir liggur, heldur við lögin um húsnæðismálastjórn, og verða náttúrlega bornar fram sem slíkar, en ekki í sambandi við einstakar greinar frv. hér. Efnislega sé ég ekki annað en að margt í þeim sé einmitt tekið úr þessu frv., sem hv. frsm. minni hl. var mjög að tala um að væri ekki til fyrirmyndar og illa vandað að frágangi og þar fram eftir götunum, án þess að nokkur rök væru nefnd þeim staðhæfingum til stuðnings. Efnið hefur þó ekki verið svo fráleitt, að ekki þætti ástæða til þess að hirða meginhlutann af því. Og það gleður mig. Það sýnir einmitt, að hv. minni hl. viðurkennir, að öll helztu nýmæli frv. eru til bóta og eru girnileg í augum minni hlutans. Annars hefðu tillögurnar ekki verið efnislega á þann hátt, sem þær eru hér, því að efni þeirra mjög margra er sótt rakleitt í frv., meira að segja svo, að e. t. v. er það ástæðan til þess, að þær voru ekki bornar fram sem breytingar við frv., því að þá var ekki hægt að koma þeim við, þá var efni þessara tillagna til í frv., sem þeir ætluðu einmitt að breyta, og það var eingöngu hægt að setja það á pappír með því að fara þá krókaleið að gera þær að brtt. við lögin, sem núna eru í gildi og ekki hafa neitt af þessu efni inni að halda. Þetta er sjálfsagt *skýringin á því. Þeir voru svo skotnir í efni* frv., að í það þurftu þeir að sækja efnivið í sínar tillögur, og þá var auðvitað ekki hægt að

forma það sem brtt. við frv. sjálft, en við lögin, sem ekki höfðu neitt af þessu efni, var vel hægt að hnoða því sem breytingum.

Það gleður mig alveg sérstaklega, að félmrh. virðist njóta mikils trausts hv. minni hl., því að það er við meginhluta þessara till. sá viðauki, að félmrh. skuli heimilað að setja reglugerðir þvers og kruss þessu til nánari útfærslu og framkvæmda, og get ég ekki tekið það öðruvísi en sem mjög greinilegar traustsyfirlýsingar. Er það nokkurn veginn eins og rauður þráður í gegnum brtt., og fyrir það er ég hv. minni hl. náttúrlega mjög svo þakklátur. Hins vegar hryggir það mig heldur að sjá, að þegar þeir voru komnir í gegnum I. og II. kafla og aftur í III. kafla, þá hafa þeir verið búnir að fá meginhlutann af þeim nýmælum, sem þeir vildu fá samþykkt sem breytingar á gildandi húsnæðismálalögum, og leggja þá eftir það til, þegar kemur að breytingum um verkamannabústaðina og um skyldusparnaðinn og um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, að 10., 11., 12., 13., 14., 15., 16., 17., 18., 19., 20. og 21. gr. falli niður, sem sé að allur síðari helmingur frv. falli niður. Það kannske gerir löggjöfina svona heldur endasleppa, en þó voru þeir áður búnir að taka meginhlutann af efninu úr þessum greinum einnig í sínar brtt.

Það er náttúrlega augljóst mál, að skyldusparnaðurinn í því formi, sem þarna er, gefur húsnæðismálastjórninni og byggingarsjóði miklu öruggari tekjur til þess að reikna með ákveðið heldur en hið lauslega form hv. minni hluta um sparnað eða húsinnlán, eins og það er kallað hér, húsinnlán, sem enginn veit fyrir fram, hvort yrðu notuð í meiri eða minni stíl. Það mundi vera miklu lausara undir fæti hjá húsnæðismálastjórninni, ef hún ætti að byggja á þeim tekjuvonum, sem miðuðust við húsinnlánin skv. tillögum minni hl., heldur en þær tekjur, sem hún getur nokkurn veginn reiknað út, hverjar verði skv. ákvæðum 10. gr. um skyldusparnaðinn. Og það eitt væri þegar mjög mikill galli við till. minni hl.

Viðvíkjandi framkvæmdinni, að skyldusparnaðinn skuli innheimta með sparimerkjum, eins og það stendur í frv., sem nú hefur verið sett fram í heildarformi í till. meiri hl., er það að segja, að ég hygg nú, að það sé vandfundið form, þar sem betur sé tryggt það, sem þarna þarf að nást, sem sé að fyrir liggi í senn í höndum hins unga manns eða hinnar ungu stúlku, sem hefur innt af hendi skyldusparnaðinn, — hann eða hún þarf að hafa í höndum sönnun þess, hvað hún hefur sparað mikið. Og það verður að vera alveg óhrekjanlegt: þetta hefur verið sparað. Þessi gögn þurfa líka að vera í höndum atvinnurekendanna, sem eru skyldugir til þess að halda eftir sömu upphæð, og það verður að vera hægt að fylgjast með því, að þessu beri saman, því, sem atvinnurekandinn gefur upp og hann á að krefja hann um, og að ungi maðurinn eða stúlkan geti líka sannað, að þetta fé hafi verið sparað og ekki eytt í neitt annað, og á þessu fimm ára tímabili er vandséð, hvernig hægt sé að sanna það betur en með greiðslumerkjabókunum sínum, sem þá á að bera saman við það uppgjör, sem hins vegar hefur komið til húsnæðismálastjórnarinnar frá atvinnurekendunum, sem greitt hafa féð, hafa upphaflega tekið það sem geymslufé við launaútborgun og skilað því síðan til húsnæðismálastjórnar. Ég hygg því, að heimildin, sem hér er talað um, verði áreiðanlega það form, sem verði notað, til þess að þarna sé örugglega um búið, að ekki fari á milli mála, hvað af launum atvinnurekandinn hefur haldið eftir og hvað ungi maðurinn eða stúlkan á að fá að fimm árunum liðnum og hefur raunverulega lagt til hliðar og getur sannað, að þarna sé ógreitt í sínar hendur. Það sannar sparimerkjabókin alveg óumdeilanlega.

Ég skal þá ljúka máli mínu og læt í ljós ánægju mína með það, að þetta mál hefur tekizt að undirbúa þannig, og það fullyrði ég, að það var ekki kastað til þess höndum, að meiri hluti og minni hluti eru efnislega langleiðina sammála, að almenningsálitið, sem myndazt hefur, síðan frv. var lagt fram, — síðan er nokkuð langur tími, — virðist vera á þá lund, að málið eigi í heild miklu fylgi að fagna og hafi síður en svo valdið óánægju meðal unga fólksins út af þeim ákvæðum, sem í frv. eru um skyldusparnaðinn. Ég tel það ekki nema eðlilegt á frjálsu þingi, að einhver blæbrigði skoðana séu um svona stórfellt mál með margvíslegum nýmælum, og er því ekkert hneykslaður á því, þó að hv. stjórnarandstaða hafi talið betur á því fara að kljúfa nefndina og skila sérstökum tillögum, sem þá fyrst og fremst virðast vera fluttar vegna þess, að þeir óskuðu að flytja þær sem brtt. við gildandi lög, en ekki við frv.

Ég þakka svo hv. n. fyrir athugun á málinu og tel um niðurstöður nefndarinnar, — vafalaust á minni hl. þar hlut að máli líka, þó að hann fylgdist ekki með við endanlegan flutning tillagnanna, — að málið hafi verið vel athugað og breytingar gerðar á því til bóta, eins og vænta mátti um slíkt stórmál með mörgum nýmælum.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Nokkrar brigður hafa verið á það bornar af hálfu hv. meiri hl. og jafnvel hæstv. félmrh., að formlega rétt væri að bera brtt. minni hl. hv. n. upp við lögin um húsnæðismálastjórn frá 1955. Skildist mér jafnvel á frsm. hv. meiri hl., að hann óskaði álits eða úrskurðar hæstv. forseta um þetta atriði. Ég vil af þessu tilefni aðeins benda á það, að brtt. hv. minni hl. eru stílaðar við það frv., sem hér liggur fyrir. Hins vegar er gert ráð fyrir því í brtt., að hin nýju lög, sem sett verða samkvæmt því frv., sem hér er verið að afgreiða, verði stíluð sem breytingar við gildandi lög um þetta efni. Og ég verð að segja, að mér finnst það miklu eðlilegra, ekki sízt þegar á það er litið, að allt þetta frv., sem hér liggur fyrir, er ein uppsuða úr lögunum um húsnæðismálastjórn frá 1955. Hv. minni hl. hefur því í öllu farið formlega rétt að, og ég treysti það á reynslu og réttsýni hæstv. forseta, að ég veit, að ekki kemur annað til mála en að hann telji hv. minni hl. hafa haft réttan hátt á í þessu efni.

Það má nú segja um hæstv. félmrh. og þetta frv., að hverjum þykir sinn fugl fagur, þótt hann sé bæði ljótur og magur. Þetta frv. felur nefnilega ekki í sér þær nýjungar, að hægt sé að segja, að það sé um eitt eða neitt merkilegt. Það er að

minu áliti mjög ómerkilegt frv., eitthvert allra ómerkilegasta frv., sem flutt hefur verið um stórt mál og þýðingarmikið um lengri tíma á hv. Alþingi. Og það sýnir bezt, hvílík hrákasmíð þetta frv. hefur verið af hálfu hæstv. félmrh., að hans eigin stuðningsmenn í hv. félmn. hafa ekki treyst sér til annars en að bera upp við það fyrst 27 brtt., sem útbýtt hefur verið á þskj. hér í hv. þd., og síðan 3 skriflegar brtt., samtals 30 brtt. Svo kemur hæstv. félmrh., sjálfumglaður að vanda, og segir, að það hafi ekki verið kastað höndunum til þessa frv. Ég held einmitt, að ræða hv. frsm. meiri hl. n. hafi sannað greinilega, að það hefur verið kastað mjög höndunum til þessa frv. Hv. frsm. var allan tímann að reyna að bera í bætifláka fyrir þær veilur, sem væru í uppbyggingu frv. Honum tókst það auðvitað ekki, þó að hann hefði þar góðan vilja til. Og það sprettur af því, að verkin sýna merkin. Meiri hluti n. flytur hvorki meira né minna en 30 brtt. til þess að draga úr verstu agnúunum og fljótfærnisvitleysunum í verkum hæstv. félmrh.

Þetta er sannleikurinn í málinu, hversu sjálfglaður og ánægður sem hæstv. ráðh. er svo hér í máli á eftir. Auk þess koma svo allmargar brtt. frá hv. minni hl., sem einnig fela í sér tilraun til þess að draga úr verstu vankköntunum og koma einhverju viti í þennan frumvarpsóburð hæstv. ráðh., sem hann var svo ánægður með hér áðan.

Hæstv. ráðh. fór geyst af stað í þessu máli. Hann byrjaði á því við 1. umr. þess að ásaka hæstv. fyrrverandi ríkisstjórnir fyrir það, að ekkert eða svo til ekkert hefði verið gert í húsnæðismálunum. Tveir hv. þm., annar stuðningsmaður hæstv. ríkisstj. og hinn 6. þm. Reykv., veittu ráðh. nokkra hirtingu fyrir þessar fullyrðingar hans. Á það var bent, að á s. l. 5 árum hafa undir forustu tveggja síðustu ríkisstj. verið veitt hvorki meira né minna en um 3000 lán til íbúðabygginga í landinu úr lánadeild smáíbúða og á vegum þess nýja veðlánakerfis, sem starfað hafði í rúmlega eitt ár og nú hefur starfað í um það bil tvö ár og sett var á laggirnar fyrir frumkvæði hv. fráfarandi síðustu ríkisstj. Samtals 3000 lán höfðu verið veitt fyrir forustu þessara tveggja ríkisstj. Á vegum þess veðlánakerfis, sem stofnað var fyrir frumkvæði síðustu ríkisstj., voru veitt lán beint frá húsnæðismálastjórn, er námu um 80 millj. kr. Samtals voru veitt löng byggingarlán, meðan þetta nýja veðlánakerfi starfaði, sem námu um 230 millj. kr. Þetta eru allt saman tölur, sem raktar hafa verið ekki einungis af stjórnarandstæðingum nú, heldur bent á af öðrum stuðningsmönnum fyrrverandi hv. ríkisstj., og á ég þar fyrst og fremst við hv. þm. S-Þ., sem flutti um þetta greinargóða ræðu við 1. umr. þessa máls.

Svo kemur hæstv. félmrh. hér og segir, að nýmæli þessa frv. hafi vakið mikla athygli og átt ríkan hljómgrunn hjá ekki aðeins stjórnarsinnum, heldur stjórnarandstæðingum um land allt. Sannleikurinn í þessu máli er sá, að þetta frv. hefur vakið almenn vonbrigði vegna þess, hversu greinilega afturför er um að ræða með boðskap þess. Í því kemur greinilega fram, að hæstv. núv. félmrh. hefur ekki getað tryggt neitt fé frá bönkum og lánastofnunum til starfsemi veðlánakerfisins á þessu ári. Í grg. er hins vegar sagt, að ríkisstj. muni sjá um, að húsnæðismálastjórn fái til úthlutunar á árinu 1957 eigi minni fjárhæð auk byggingarsjóðsins en 44 millj. kr., og muni hún taka upp samninga við banka og tryggingarfélög til þess að tryggja þetta.

Stjórnin er sem sagt ekki komin lengra áleiðis í þessu efni en að hún lofar því að hefja samninga á miðju ári við banka og tryggingarfélög til þess að tryggja þetta. Það er engin trygging fyrir því, að bankarnir leggi fram nauðsynlegt fé í þessum efnum.

Hvernig stendur á þessu? Ástæðan er fyrst og fremst sú, að síðan núverandi hæstv. ríkisstj. kom til valda, hefur sparifjármyndun í landinu stöðvazt. Það, að fyrrv. ríkisstj. gat tryggt fé til hins almenna veðlánakerfis, þegar það fór af stað á árinu 1955, spratt fyrst og fremst af því, að sparifjárinnlög í bankana fóru þá vaxandi og sparnaðarviðleitni var allalmenn hjá almenningi. Þess vegna treystu bankarnir sér til þess að leggja allmikið fé af mörkum til þessarar nauðsynlegu uppbyggingar- og umbótastarfsemi í þjóðfélaginu. Þegar hæstv. ríkisstj. núverandi hefur setið örfáa mánuði að völdum með hæstv. félmrh. við stjórn húsnæðismálanna, þá kippir gersamlega úr sparifjármynduninni, og húsnæðismálastjórn fær engan eyri frá bönkunum af þeim sökum.

Það má hver sem vill lá fólki, sem á í vandræðum nú með byggingar sínar og hefur ráðizt í þær í skjóli þessa nýja veðlánakerfis, þó að það byggi ekki miklar vonir á því loforði hæstv. félmrh., að hann muni taka upp samninga við banka og tryggingarfélög til þess að tryggja þetta, þegar svo er komið, að öll sparnaðarviðleitni í þjóðfélaginu og sparifjármyndun hjá lánastofnunum er gersamlega lömuð.

En hæstv. ráðh. kemur og segir, að þetta frv. hafi vakið fögnuð jafnt hjá stjórnarandstæðingum og stjórnarsinnum um land allt. Ég segi, að það þarf mikla óskammfeilni til þess að taka þannig upp í sig af manni, sem stendur í sporum hæstv. félmrh. nú.

Og hver eru svo nýmælin, sem felast í þessu frv.? Það er rétt að kryfja það aðeins örlítið til mergjar.

Nýmælin eru fyrst og fremst tvö, sem væru góðra gjalda verð, ef á þeim mætti byggja miklar vonir: Það er, að til íbúðarhúsalána skuli renna ⅔ hlutar af væntanlegum stóreignaskatti, og það er gert ráð fyrir því, að það muni verða 7—8 millj. kr. á ári. Því miður er ekki hægt að leysa íbúðarlánaþörf nema örfárra manna með 7—8 millj. kr. árlegum tekjum af þessum væntanlega stóreignaskatti. En verst er þó, að engin vissa er fyrir því, að árlegar tekjur af stóreignaskattinum verði svona miklar. Eins og nú er komið ástandi efnahagsmála í þjóðfélagi okkar, þá er það alls ekki ótrúlegt, að tekjurnar af stóreignaskattinum, sem gert er ráð fyrir að verði 80 millj. kr. á 10 árum, verði alls ekki svona miklar, og minnkar þá að sjálfsögðu hinn árlegi hlutur, sem byggingarsjóði er ætlaður af þessum tekjustofni.

Hin nýjungin er skyldusparnaðurinn. Ég skal

fúslega játa, að mér finnst hugmyndin um skyldusparnað að ýmsu leyti skynsamleg. En um framkvæmd hennar gegnir svipuðu máli og um stóreignaskattinn, að fullkomin óvissa ríkir um það, hve miklar tekjur þessi fyrirhugaði skyldusparnaður veitir byggingarsjóðnum árlega. Í frv. hæstv. ráðherra er gert ráð fyrir því, að það muni nema um 15 millj. kr. á ári.

Fróðir menn um þessi efni hafa sagt mér, að á þessa tölu verði að líta sem algera áætlunartölu og að mjög litlar líkur séu til þess, að þessi upphæð verði svona há. Hún getur orðið það. Hugsanlegt er, að hún verði 15 millj. kr. Hitt er miklu líklegra, að hún verði 10 millj. kr. Og hún getur orðið 5—7 millj. kr. Hvað er þá orðið eftir af því öryggi, sem hæstv. ráðh. og jafnvel hv. frsm. voru að tala um að fælist í þessum till.? Ég fæ ekki séð það.

Því miður er það þannig, að eftir að tvær hæstv. fyrrv. ríkisstj. hafa komið lánamálum í sambandi við íbúðabyggingar á sæmilega traustan grundvöll, þó að ekki hafi verið unnt að leysa vandkvæði allra, þá er nú svo komið, að fullkomið óvissuástand ríkir um möguleikana í þessum efnum, og það sprettur af því fyrst og fremst, eins og ég sagði áðan, að stefna hæstv. ríkisstj. hefur leitt til þess, að sparifjármyndun í landinu er lömuð og þar með geta banka og lánastofnana til þess að rísa undir veðlánakerfinu, en geta þeirra var forsendan fyrir framkvæmd þessa nýmælis í lánamálum þjóðarinnar, nýmæli, sem vissulega var nauðsynlegt og hefur þegar gert mjög mikið gagn og veitt mörgu efnalitlu fólki mikilsverðan stuðning og stuðlað að því, að menn hafa getað eignazt þak yfir höfuðið. Það, sem við blasir í dag, er þess vegna ekki, að þetta frv. hafi blásið mönnum nýjum vonum í brjóst, heldur hitt, að alger uppgjöf hæstv. félmrh. til þess að halda áfram því, sem byggt hefur verið upp, hefur skapað svartsýni og vandræði meðal þúsunda manna í landinu.

Þetta er sannleikurinn í málinu, hvað sem líður gorti og yfirlæti, sem þessi hæstv. ráðh. getur aldrei neitað sér um í sambandi við hvaða mál sem er, hversu ömurleg sem aðstaða hans er. Þetta eru staðreyndir, sem verður að lýsa, áður en þetta frv. fer út úr þessari hv. þd.

Það er svo eitt dæmi um það, hvernig kommúnistar hafa gersamlega étið ofan í sig öll sín diguryrði um möguleikana á því að bæta aðstöðu manna í byggingarmálunum, að í þessu frv. er reiknað með sömu vöxtum og gert var ráð fyrir samkvæmt gildandi lögum um húsnæðismálastjórn. Á undanförnum árum hafa kommúnistar flutt hvert frv. á fætur öðru um vaxtalækkun og haldið uppi stórfelldum árásum á lánastofnanir þjóðarinnar fyrir það, að vextir væru allt of háir. Nú kemur þessi fyrsti félmrh. kommúnista og leggur fram frv. um nákvæmlega óbreytta vexti. Ég varð ekki var við, að þetta stæði lengi í hæstv. ráðh. áðan, þegar það rann sem liðugast upp úr honum sjálfshólið og grobbið yfir þessum frumvarpsóburði sínum.

Varðandi brtt. hv. minni hl. verð ég að segja það, að þær miða allar til bóta, og með því að samþykkja þær 30 brtt., sem hv. stjórnarsinnar bera fram við þetta „glæsilega“ frv., sem hæstv. félmrh. segir að hafi gert menn um land allt bjartsýna, og með því að samþykkja brtt. sjálfstæðismanna, þá hygg ég, að það mætti koma nokkru meira lagi á vesalinginn. Ég vænti þess vegna, að a. m. k. eitthvað af brtt. sjálfstæðismanna verði samþykkt, og ég tek undir það með hv. 11. landsk., sem hann sagði hér áðan, að brtt. sjálfstæðismanna við tillögu frv. um skyldusparnað held ég að séu vænlegri til þess að afla fjármagns í því skyni, sem hér er um að ræða. Ég dreg ekki í efa, að skyldusparnaðurinn er vel meintur af hálfu hæstv. ríkisstj. og einnig af hálfu hæstv. félmrh., en eins og ég hef bent á, þá er ákaflega óvíst um þær tekjur, sem byggingarsjóðnum eru ætlaðar af þessu nýmæli. Miklu líklegra er, að með þeim frjálsu sparifjárinnlánum, sem brtt. minni hl. gerir ráð fyrir, muni safnast allmikið fé, sem gert geti starfsemi byggingarsjóðsins öflugri en ef byggt væri á þeim skyldusparnaði, sem í frv. er gert ráð fyrir.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni. Ég vil að lokum láta þá ósk í ljós, að betur takist til um framkvæmd þessara þýðingarmiklu mála en nú lítur út fyrir í höndum hæstv. núv. félmrh. Hér er um ein þýðingarmestu mál þjóðarinnar að ræða, og ég álít það mikla ógæfu, að það viturlega starf, sem byggt var á traustum grundvelli undir forustu hæstv. tveggja fyrrverandi ríkisstj., skuli nú að verulegu leyti vera að renna út í sandinn vegna úrræðaleysis og lánleysis núverandi stjórnar.

Frsm. minni hl. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Hæstv. félmrh. gat þess, að meginhluti efnis till. minni hl. n. væri tekinn upp úr frv. Þótti honum þetta nokkuð kynlega við horfa, en taldi þó, að skýringin á því væri sú, að hans dómi, að hið glæsilega frv. verkaði lokkandi á minni hlutann eða líkt og dætur Austurstrætis. En skýringin á þessu er nú ekki sú, heldur hitt: að sjálfsögðu reyndum við í minni hlutanum að teygja okkur eins langt til samkomulags við meiri hlutann og unnt var. Hér er því ekki um rithvinnsku að ræða, eins og lá í orðum hæstv. ráðherra, heldur einungis það, að við vildum ná samkomulagi um sem flest atriði. Þetta kemur líka fram í nál. okkar. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Aftur á móti er um aðrar breytingar að ræða, sem minni hlutinn leggur ekki á móti, svo sem ákvæðin um skipun húsnæðismálastjórnar. Þá er eðlilegt að veita veðdeild Landsbanka Íslands heimild til útgáfu bankavaxtabréfa, svo sem frv. gerir ráð fyrir. Enn fremur er rétt að stuðla að auknum umbótum í tæknimálunum, og vill minni hlutinn ganga lengra í þeim efnum en frv. gerir ráð fyrir og leggur því til, að sett sé á stofn tækniráð húsnæðismálastjórnar og byggingarmiðstöð og sérstök áherzla verði lögð á byggingarefnarannsóknir.“

Ég get einnig getið þess, að ég lánaði að sjálfsögðu meiri hluta nefndarinnar tillögur okkar minni hl. til yfirvegunar. Þeim var frjálst að móta þær og laga í hendi sér að eigin vild eftir nánara samkomulagi við okkur, þó að þeir reyndar notfærðu sér það ekki.

Þá telur hæstv. ráðh., að sér sé gefið nokkuð víðtækt vald með „öllum þeim reglugerðum“, sem ákveðnar eru í brtt. Ég held, að óhætt sé að geyma þessi atriði í reglugerðum, en það er bara verst, að við höfum enga tryggingu fyrir því, að sá góði félmrh. sitji lengi við völd.

Það er virðingarvert af höfundum frv. að leitast við að útvega aukið fjármagn til þessara mála, en ég tel eðlilegra, að því fjármagni sé veitt í æðar löggjafar, sem þegar er fyrir hendi fullsköpuð, í stað þess að láta útbúa æðaflækju, sem orðið getur vafasamur farvegur fyrir mikilvægt málefni.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég held nú, að hv. frsm. minni hl. hafi einmitt staðfest það með sinni ræðu núna, sem ég sagði, að brtt. minni hl. beri keim af því, að þeir hafi sótt efnislega mikið í frv. sjálft, því að hann taldi upp nokkuð mörg atriði, sem væru í frv. *og fælust einnig í brtt. þeirra, og* í sumu vildu þeir ganga lengra. Þó eru mörg atriði í frv., sem hann ekki nefndi nú, en ganga aftur umrituð í brtt. minni hl. Þetta er ekki nema góðra gjalda vert, því að till., sem þeir flytja sem breytingar á hinni eldri húsnæðismálalöggjöf, hefðu sannarlega puntað verulega upp á þá lagasetningu og verið til bóta.

Þá kemst ég ekki hjá að víkja nokkuð að mínum elskulega vini, hv. þm. N-Ísf., sem nú er genginn út úr deildinni, og láta í ljós hryggð mína yfir skapvonzku hans, geðvonzku hans. Ég er alveg viss um það, að ef hann hefði talið þetta frv., sem hér er til umr., vera mjög til vansa og smánar núv. ríkisstj., þá hefði hann leikið á alls oddi, þá hefði hann verið hinn kátasti. En hvað veldur geðvonzkunni? Auðvitað það, að honum finnst hann ekki geta svalað sér með rökum á því frv., sem hér liggur fyrir, ekki geta gert stjórnina hlægilega eða óvinsæla af efni þessa frv., því að þá mundi hann hafa í gleði sinni haldið ræðu um ókosti og galla þessa frv. og fundið orðum sínum stað. En það var nú eitthvað annað. Hann talaði um, að okkur fyndist að sjálfsögðu okkar fugl fagur, þó að *hann væri bæði ljótur og magur.* Þetta er eitthvert barnarím, sem hann kann frá bernsku, en að öðru leyti reyndi hann ekki til þess að færa það upp á frv. Það er sannast mála, að við teljum, að mörg merk nýmæli séu í þessu frv., og það hefur ekki verið hrakið. Meira að segja liggur nú augljóslega fyrir, að ýmis af þessum merku nýmælum eru litin slíku girndarauga, að minni hl. tekur efni þeirra upp í brtt. sínar við gildandi húsnæðismálalöggjöf.

Hann taldi, að það væru óvenjulega margar brtt., sem hv. n. hefði gert við frv. Nú skyldu menn gæta þess, að hér er um að ræða allfyrirferðarmikinn lagabálk í mörgum greinum og mörgum köflum, og það var tekið fram í framsöguræðu minni, þegar málið var lagt fyrir þingið, að ég teldi mjög æskilegt, að hv. nefnd athugaði málið vandlega og breytti ýmsu, sem til bóta mætti verða, því að hér væri um frumsmíð að ræða og mörg nýmæli, og við yrðum því að reikna með því, að það þyrfti margt að laga af a. m. k. minni háttar atriðum. Þessu hjóst ég þess vegna sannarlega við, og þær brtt., sem hér liggja fyrir, sýna vissulega ekkert annað en það, að nefndin hefur starfað vel.

En þegar það kom út í samlagninguna á breytingartillagnafjöldanum, fataðist mínum reiða vini, hv. þm. N.-Ísf., því að það liggja hér fyrir 16 brtt. frá meiri hlutanum, plús þrjár, sem hann fékk fyrst upp í 27 og seinna, þegar hann varð enn þá reiðari, upp í 30, en aðrir reikna sem 19. Og svona reiðan mann er náttúrlega ekki hægt að taka alvarlega, þegar frumatriði samlagningar í einskonartölum verða honum að falli.

Hann virtist vilja tala svo sem hann mundi sannfæra hv. þd. um það, að hann hefði aldrei litið á frv., sem hér er til umræðu, því að hann talaði um, að í því væri enginn aðili til þess að auka fé til húsnæðislánanna. Hann getur ekki hafa litið á frv., ef honum er það ekki ljóst, að þar er ríkisstj. búin að lofa því að sjá um, að bankarnir leggi fram á þessu ári 44 millj. kr., *sem er hin fyllsta upphæð, sem nokkrar skuldbindingar lágu fyrir um að yrðu útvegaðar í* heild til húsnæðismálanna samkvæmt gildandi löggjöf. Þetta hefur núverandi ríkisstj. lofað að útvega, og ég efast ekki um, að við það verður fyllilega staðið. Þær 44 millj. munu koma frá bönkum og sparisjóðum og tryggingarstofnunum og félögum, eins og gert var ráð fyrir áður, og þetta er m. a. verið að tryggja nú með meðferð þeirra frv., sem umræður hófust um í hv. Nd. í dag. Það verður sannast að segja, að bankastjórar höfðu ekki sýnt á þessu fullan skilning, þegar við þá var rætt í vor, og svipaðar höfðu verið undirtektir þeirra um önnur þjóðnytjamálefni, sem þeir vildu ekki sinna á þann veg, sem ríkisstj. óskaði eftir. Og ein af mörgum ástæðum til þess, að það varð að gera breytingar á bönkunum og bankastjóraskipun þar, var þessi afstaða núverandi bankastjóra til margra helztu nauðsynjamála þjóðarinnar. Það má e. t. v. vera, að hv. þm. N-Ísf. hefði getað gert sér vonir um það, að bankastjórarnir í bönkunum stæðu á móti því, að 44 millj. væru útvegaðar til húsnæðismála að öllu óbreyttu, en hann skal gefa upp þær vonir nú.

Auk þess verður svo ekki fram hjá því komizt, ef menn hafa lesið frv., að þarna eru lögð drög að því, að myndaður verði 118 millj. kr. stofnsjóður, byggingarsjóður ríkisins, sem ekki var til áður, að skyldusparnaðurinn gefur mikið fé, að stóreignaskatturinn að ⅔ hlutum gefur mikið fé. Ekkert af þessu rann til húsnæðismálanna áður. 1% af stofntekjum ríkissjóðs kemur hér inn einnig sem nýtt fé.

Það er þess vegna öllum augljóst, sem lesið hafa frv., að það er með öllu tryggt, að það rennur til húsnæðismálanna nú meira en tvöfalt það fé, sem rann til þeirra á s. l. ári samkvæmt gildandi lögum.

Fjas hans um það, að það hafi kippt úr sparifjársöfnun, síðan núverandi stjórn tók við völdum, — það er betra að láta skýrslur tala um það mál heldur en manninn, sem ekki gat lagt saman 16 og 3, og fékk út úr því 30. Ég tek ekki hátíðlegar fullyrðingar um tölur frá svoleiðis manni. Hann virðist vera sanntrúaður á það, að sú stjórnarstefna, sem spanaði upp verðbólgu og

dýrtíð, hafi skapað slíka trú almennings á verðgildi peninganna, að það mundi streyma inn sparifé í bankana, meðan sú stjórnarstefna var í heiðri höfð. En þegar stjórnarstefnan reynir að spyrna við fótum gegn verðbólgu og dýrtíð, þá á allt í einu að skapast vantrú á verðgildi peninganna, og þá á að stöðva innlagnir á sparifé í bankana. Það er ekkert skynsemissamhengi á milli þessa. Einmitt væri full ástæða til þess að ætla, að menn fengju aukna trú á verðgildi peninganna við það, að öll stjórnarstefnan miðast við að spyrna við fótum gegn vaxandi dýrtíð og verðbólgu, því að vissulega er verðgildi peninganna því háð.

Nú dettur hv. þm. N-Ísf. allt í einu í hug, að það hefði verið kominn tími til þess að lækka vexti frá því, sem fyrrverandi ríkisstj. ákváðu. Á síðustu þingum bar ríkisstj. Ólafs Thors fram hvert frv. á fætur öðru um hækkun vaxta upp í það, sem nú er. Það er rétt, að við töldum ekki fært að stíga það spor, þótt full ástæða væri til að lækka vexti á ný, og það er miðað hér í þessu frv. við sömu vexti og lögin um húsnæðismálastjórn ákveða nú. En þó er í frv. heimild til þess að lækka vexti, og vonir standa til, að það kunni að verða hægt við eflingu byggingarsjóðs ríkisins. Það er einmitt hann og vöxtur hans, sem gæti skotið stoðum undir þá von, að hægt yrði með eflingu hans að lækka vexti til íbúðarhúsnæðismála, og sú heimild er til í lögunum.

Það særir ekki mig, og það er alveg í rakaleysi sagt, þegar talað er um getuleysi núverandi ríkisstj. til að ráða fram úr húsnæðismálunum og afla þeim fjár. Það eru einmitt í þessu frv. gerðar margvíslegar ráðstafanir til að afla aukins fjár, auk alls þess fjár, sem áður átti að renna til húsnæðismálanna.

En í till. hv. minni hl. held ég að séu engar viðbótartill. um öflun fjár til þessara mála. Mér hefur þá alveg skotizt yfir þær. En hinu verður hins vegar ekki neitað, að tillaga þeirra um frjáls húslánainnlög í banka gefur enga tryggingu fyrir því, að þær upphæðir verði eins miklar og af skyldusparnaði unga fólksins.

Ég vil svo enda mál mitt á því að láta í ljós undrun mína og hryggð yfir geðvonzku hv. þm. N-Ísf. Og af því að ég vil honum allt hið bezta og veit, að þetta er drengur hinn bezti, sem ætti betri örlög skilið en að drafna niður í geðvonzku og úrillsku, þá vil ég flytja honum þessa alkunnu bæn:

Illa dreymir drenginn minn.
Drottinn, sendu engil þinn
vöggu hans að vaka hjá
og vondum draumum stjaka frá,
og láttu hann dreyma um líf og yl
og ljós og allt, sem gott er til.

Og þá verður hann ekki svona geðillur, og þá kann hann betur að greina góð mál frá vondum málum og veita stuðning þeim betri og taka afstöðu gegn þeim verri.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Mig furðar ekkert á því, þó að mínum gamla keppinaut, hæstv. félmrh., renni það til rifja, ef svo illa væri komið fyrir mér, að ég væri hættur að kunna að telja. En hann má þá heldur ekki undra sig á því, þó að mér þyki allillt til þess að vita, að svo skuli komið fyrir honum, fyrrverandi skólastjóra, að hann skuli vera hættur að kunna að lesa. Það kemur nefnilega alveg greinilega í ljós, að hæstv. ráðh. hefur ekki kunnað að lesa brtt. hv. meiri hl., eða þá að hann ekki kann að telja, og þar með væri hann fallinn í sömu gröf og hann segir að ég hafi fallið í. Brtt., sem hv. n. hefur flutt á þskj. 541, ef þær eru lagðar rétt saman, að sjálfsögðu ásamt undirliðum, eru nákvæmlega 28, eins og ég sagði, plús þær 3 skrifl. brtt., sem hv. frsm. meiri hl. gerði hér grein fyrir áðan. Það gerir 31 brtt. Fram hjá þessu kemst hæstv. ráðh. ekki. Hann stendur fastur í þessari 31 brtt. frá sínum eigin stuðningsmönnum. Við það bætast 33 brtt. frá hv. minni hl., samtals hvorki meira né minna við þetta „merka nýmælafrv." en 64 brtt.

Ég vil biðja hæstv. ráðh., ef hann má ekki vera að því núna eða hugarástand hans er ekki þannig, að hann treysti sér til þess að gera það með öryggi, að telja brtt., þegar hann er kominn heim til sín í kvöld, eða ef honum kynni að gefast tóm til þess að setjast niður og hugsa í ráðherrastól sínum í ráðuneyti sínu síðar í dag.

En þar með er þá fallið eitt bitrasta vopnið, sem hæstv. ráðh. veifaði hér áðan í sinni ræðu, að ég hefði talið skakkt og að brtt. frá flokksmönnum hans og stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. í meiri hl. hv. n. væru 16 í staðinn fyrir 31, eins og ég sagði. Og hvað er þá eftir? Það er rétt að líta aðeins lauslega á það, fyrst þetta vopn hefur reynzt vera gersamlega bitlaust og í rauninni ekkert vopn.

Hæstv. ráðh. sagði, að ríkisstj. hefði lofað að útvega 44 millj. kr. hjá bönkunum og að það væri meira að segja verið að tryggja þetta með frv., sem væri til umræðu í hv. Nd. Ég held ég ljóstri ekki upp neinu leyndarmáli, þó að ég segi það, a. m. k. sem mína skoðun, að með því frv. sé verið að gera allt annað en að tryggja fólki lán til íbúðabygginga. Ég held nefnilega, að það sé verið að tryggja allt annað. Ég held, að það sé verið að tryggja stöður handa nokkrum mönnum, og ég held, að það hafi staðið svona lengi á þessu frv. vegna þess, að það hafi verið ágreiningur um það, hverjum ætti að tryggja, ekki lán til íbúðabygginga, heldur stöður í bönkum. Og það er um þetta, sem frv. er, sem núna er verið að ræða í hv. Nd.

Í sambandi við það, að ríkisstj. hafi lofað fé til íbúðalána, vil ég að sjálfsögðu ekki væna hana um það, að hún vilji ekki efna það. Ég veit meira að segja, að hæstv. félmrh. vill gjarnan geta útvegað peninga í þessu skyni. Ég veit, að hann er ekki það illa innrættur maður, að hann vilji ekki útvega fólki lánsfé, sem vantar það til þess að byggja yfir sig, ef hann aðeins getur það.

Spurningin er þess vegna ekki um það, hvað hæstv. ráðh. vill, heldur hvað hann getur og hverju hann ber gæfu til þess að koma í framkvæmd. En gæfan virðist nefnilega endast miklu skemmra heldur en viljinn. Það sést svo greinilega á því, sem þegar hefur verið áorkað í þessum efnum af núverandi hæstv. ríkisstj., því að það er svo sára-sáralítið, þrátt fyrir hið „stóra

hjarta“ og allan þennan mikla vilja til þess að láta gott af sér leiða. Hæstv. ríkisstj. eða flokkar hennar lofuðu því fyrir síðustu kosningar, að það skyldi varið gífurlega auknu fjármagni til íbúðarhúsabygginga, til íbúðarhúsalána. Þetta fjármagn hefur ekki sézt enn þá, og stjórnin er nú búin að sitja 9 mánuði að völdum. Þvert á móti er eins og fjármagnið hafi fjarað út, horfið bókstaflega frá gagnlegum hlutum, sem hefði þurft að nota það til, síðan þessi hæstv. ráðh. settist í ráðherrastól.

Það dugir þess vegna ekkert, þó að hæstv. ríkisstj. segi á pappírnum í grg. með þessu lítilmótlega frv., að hún hafi lofað því að útvega 44 millj. kr., og þótt hún sé jafnhliða að berjast fyrir því að tryggja nokkrum flokksmönnum sínum bankastjórastöður. Það er nefnilega þannig með stjórn bankamála og efnahagsmálin yfirleitt, að það eru ekki mennirnir, sem sitja í stöðunum, raunverulega, sem allt veltur á. Það getur oltið nokkuð á þeim og stundum mikið. En mest veltur á stefnunni, sem fram er fylgt, heildarstefnunni, sem fram er fylgt í fjármálum þjóðarinnar. Og hver er sá, að hann trúi því, að þó að nokkrir kommúnistar verði settir nú í bankastjórastöður í íslenzkum bönkum, þá byrji fé að streyma inn í þá til þess að nota það til gagnlegra hluta, m. a. til íbúðabygginga í landinu?

Það getur vel verið, að hæstv. félmrh. trúi þessu. En það verða ekki margir aðrir, sem gera það. Og mér er næst að halda, að sumir þeirra manna, sem nú eiga þátt í því að hjálpa honum til þess að koma þessum vilja hans fram og hans flokki, hafi ekki ýkja mikla trú á því, að í kjölfar stefnubreytingarinnar muni fylgja aukinn fjárstraumur inn í lánastofnanirnar, þannig að sparifjármyndunin aukist og möguleikarnir þar með til þess að sinna íbúðalánum og annarri uppbyggingu í þjóðfélaginu.

Það er svo dæmi um þá dæmalausu sjálfsblekkingu, sem hæstv. félmrh. er haldinn af og hann hamrar á frammi fyrir alþjóð, að hann bendir sífellt á þennan byggingarlánasjóð, sem sagt er hér í grg. frv. að myndaður sé með 118 millj. kr. stofnfé. Og fólk á að halda, að þetta fé sé handbært, það sé hægt að byrja nú þegar á því að lána það út. Hve mikils af þessu fé, hæstv. ráðh., er hægt að grípa til í dag og lána út handa fólki, sem er að byggja hús eða vill fara að byggja hús? Ég vil óska þess, að hæstv. ráðh. svari því hreinlega, hve miklu af þessu fé er hægt að verja til útlána á þessu ári. Ég fæ ekki betur séð en að af þeim 118 millj. kr., sem talið er stofnfé sjóðsins í grg. frv., sé naumast nokkur eyrir handbær til útlána á þessu ári.

Ef við lítum á þetta, þá verður fyrst fyrir varasjóður hins almenna veðlánakerfis, um 20.9 millj. kr., í öðru lagi lán ríkisins til lánadeildar smáíbúða, 32.8 millj. kr., — allt þetta fé er bundið í lánum, og kemur aðeins örlítill hluti þess inn árlega, — í þriðja lagi A-flokka bréf ríkisins, er keypt voru fyrir tekjuafgang ríkissjóðs árið 1955, 11.3 millj. kr., og í fjórða lagi ⅔ hlutar af væntanlegum stóreignaskatti, hvorki meira né minna en 53.2 millj. kr. Ekki einn eyrir af þessum tæplega helmingi af stofnfé byggingarsjóðs kemur til útlána á þessu ári.

Svo er því haldið að fólki, að „manna“ hafi rignt af himnum ofan fyrir frumkvæði núverandi hæstv. ríkisstj., að í stofnsjóð hins nýja byggingarsjóðs renni hvorki meira né minna en 53.2 millj. kr. af hinum væntanlega stóreignaskatti. Ég óska þess, að hæstv. ráðh. svari því hreint út, hve mikið af þessum 118.2 millj. kr. geti komið til íbúðalána á þessu ári.

Því miður er hér um að ræða fugl á þaki, en ekki í hendi, hvorki í hendi hæstv. ráðh., ríkisstj. né bankanna. Enda er sagt frá því í grg. sjálfri frá hæstv. ráðh., að það sé ekki gert ráð fyrir, að árlegar tekjur af stóreignaskattinum til byggingarsjóðsins verði meira en 7—8 millj. kr. Hvers vegna er þá verið að blekkja fólk með þessu, vekja falskar vonir, eins og hæstv. ráðh. hefur mikið talað um að aðrir hafi gert og er auðvitað rakaleysa, því að á sama tíma sem gert var ráð fyrir, að lánað yrði, eftir að hið almenna veðlánakerfi var komið á fót, 100 millj. kr., var lánað töluvert mikið á annað hundrað millj. kr., og eins og ég sagði áður, var á þessum tveimur árum lánað út til íbúðabygginga samtals um 230 millj. kr., þar af 80 millj. kr. beint frá húsnæðismálastjórn? Þetta eru auðvitað tölur, sem hæstv. ráðh. getur ekki hrakið, því að þær eru sannleikurinn sjálfur.

Hæstv. ráðh. féll það mjög illa, að ég skyldi vera að tala um það, að dregið hefði úr sparifjármyndun. En er það ekki einmitt kjarni málsins, sem verður að ræða í sambandi við þetta frv., vegna þess að það er ástæða þess, úr í hvaða ógöngur núverandi ríkisstj. er komin með lánamálin? Þess vegna skiptir það meginmáli, að það takist að auka sparifjármyndunina og gera bönkunum þannig kleift með eðlilegum hætti að auka þátttöku sína í íbúðalánastarfseminni.

Það hljómar svo nærri því fjarstæðukennt að heyra hæstv. ráðh. vera að lýsa hér baráttu sinni gegn verðbólgu og dýrtíð. Þessi hæstv. ráðh. á mestan þátt allra manna í því villta kapphlaupi, sem hófst milli kaupgjalds og verðlags á árinu 1955, var „generállinn“ í baráttunni fyrir því að rífa niður það jafnvægi, sem þá hafði tekizt að byggja upp. Hann kemur nú hvítþveginn í sinni eigin sjálfgleði og þykist berjast hinni góðu baráttu fyrir því, að jafnvægi náist í efnahagsmálunum, og þykist alltaf hafa verið að berjast gegn dýrtíðardraugnum. Ég held, að hæstv. ráðherra treysti of mikið á minnisleysi bæði hv. þingmanna og annars fólks í þessu landi.

Að öðru leyti skal ég ekki þreyta hæstv. forseta með því að fara í kappræður við hæstv. félmrh. um það efni. En þar er hann úti á svo hálum ís, að um leið og stjakað er við honum, fellur hann niður í vökina.

Ég benti svo aðeins á það sem dæmi upp á, hvernig kommúnistar framfylgdu stefnu sinni, að á undanförnum þingum hefðu þeir sífellt ásakað þáverandi stjórnarflokka fyrir of háa vexti í landinu og flutt frv. um að lækka vexti. Nú, þegar þeir eru komnir í ríkisstj., þá flytja þeir frv. um að halda sömu vöxtunum og áður giltu. Þetta er aðeins eitt dæmi um það, hvernig kommúnistar standa við loforð sín, eitt dæmi

um það, hversu einstakir markleysingjar kommúnistar eru.

Ég endurtek svo fyrri ummæli mín um það, að ég vona, að betur fari í þessum íbúðalánamálum heldur en til er stofnað af þessari lánlausu ríkisstj. og hæstv. félmrh., sem hefur opinberað hér gersamlega uppgjöf sína í þessu máli.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki eyða mörgum orðum á hv. þm. N-Ísf. (SB). Ég tel það alveg ástæðulaust, því að hann ræðir hér ekkert um efni málsins. Ég get þó ekki varizt því, að þegar hann kemst í æsing í þessu máli, þá minnir hann mig á ummælin landskunnu eftir nafna hans, Sigurð Kristjánsson, þegar hann lýsti bændum, sem voru á leið til fundar, að þeir hefðu stefjað á fundarstað með mosann í skegginu og froðu fyrir vitum. Það freyddi sannarlega ekki illa fyrir vitum hv. þm. N-Ísf. áðan, og var því fyllilega ástæða til þess, að mér dyttu þessi orð fyrirrennara hans sem ritstjóra Vesturlands í hug, sem urðu landskunn og lengi munu verða í minnum höfð, a. m. k. meðal íslenzkrar bændastéttar. En það virðist vera svo, að þegar hann ræðir um þetta húsnæðismálafrv., þá kemst hann út úr jafnvægi og er hér sem sé með froðu fyrir vitum og gætir engra raka í málinu.

Það eina efnisatriði, sem ég tel ástæðu til að fara inn á í tilefni af ræðu hans, er um það fjármagn, sem fari nú samkvæmt þessu frv. til húsnæðismálanna. Hann þarf ekki að ganga með þær grillur, að stofnsjóðurinn, byggingarsjóður ríkisins, eigi að fara inn á lánveitingar á einu ári, svo að það sé ástæða til að spyrja um, hvað sé laust af stofnfé hans til útlána á þessu ári. Það er um það að ræða, hvernig þessi sjóður fái tekjur, hverjar séu árlegar tekjur hans og hvernig hann geti vaxið, þegar fram í sækir. Það eru töflur hér fyrir aftan með þessu frv., sem eru unnar í hagfræðideild Landsbanka Íslands, þó að hv. þm. N-Ísf. vilji komast að allt öðrum niðurstöðum en hagfræðingar Landsbankans hafa komizt að um tekjur bæði af skyldusparnaði og af öðrum tekjustofnum byggingarsjóðs. Ég legg trúnað á þessar töflur hagfræðinga Landsbankans, hvað sem hv. þm. N-Ísf. gerir, og þar eru áætlanir um það, að árlegar tekjur flest árin af skyldusparnaðinum verði um 15 millj. kr., og um tekjur af byggingarsjóðnum sýnir taflan, að tölurnar fara hækkandi frá ári til árs upp í 23 millj. eftir nokkur ár.

Það er talið, að tekjurnar af byggingarsjóðnum árlega núna alveg á næstu árum verði um 40 millj. kr. á ári. Þegar bankarnir verða látnir leggja til eins og undanfarin tvö ár um 44 millj. kr. á ári, þá er þarna hægt að fullyrða, að byggingarlánastarfsemin fær til sinna umráða um 80 millj. kr. á ári, en á s. l. tveimur árum fóru til húsnæðislánanna í gegnum bankana aðeins 74 millj. á tveimur árum, innan við 40 millj. kr. hvort árið um sig að meðaltali.

Ég gat vel átt von á því, að hv. þm. færi út úr jafnvægi, þegar farið væri að minnast á bankafrv., sem verið er að ræða í Nd., enda brást það ekki. Morgunblaðið talar um, að þetta séu ofsóknarfrv., gerði það í dag. Það er sjálfsagt þessi hv. þm., sem orðar það þannig. Það má ekki breyta bankamálunum, þó að svo væri komið, að einn einasti stjórnmálaflokkur í þessu landi væri búinn að sölsa undir sig allt vald og öll ráð í báðum bönkunum, Landsbanka og Útvegsbanka, búinn að sölsa undir sig meiri hluta í bankaráðum þeirra beggja og í bankastjórasætum þeirra beggja og þetta væri orðið þjóðarhneyksli. Nú er á þessum málum tekið þannig, að allir stjórnmálaflokkar landsins fái aðstöðu til þess að hafa áhrif á stjórn þessara voldugustu peningastofnana þjóðarinnar, og engin tilraun gerð til þess að skapa einum stjórnmálaflokki allt vald yfir þessum bönkum, enda er það óþjóðholl starfsemi ofbeldiskennds stjórnmálaflokks, sem Sjálfstfl. í því máli sýndi rækilega að hann var.

Það þarf að segja Sjálfstfl. alveg hreinlega, hvernig hann hafði misnotað sitt vald í bönkum þjóðarinnar, og gera honum skiljanlegt, að hann hefur ekki lengur aðstöðu til þess að halda slíkri aðstöðu, enda er það alveg áreiðanlegt, að almenningsálit þjóðarinnar krefst þess, að því illa fengna valdi Sjálfstfl. sé hnekkt og því dreift jafnar.

Út af því, að ég hafi fyrst og fremst átt hlut að því, að kaupgjaldshækkanir urðu 1955, þá skal ég fyllilega viðurkenna mína hlutdeild í því. En við bárum fram kröfur til ríkisstj. þá um, að hún fyrst og fremst gerði allar ráðstafanir, sem í hennar valdi stæðu, til þess að standa á móti verðhækkun og ef mögulegt væri að ná fram verðlækkunum. Um þetta bárum við fram till. hér í þinginu. Þær till. fengu ekki byr, þær fengust ekki úr nefnd. Það var fyrst, þegar komið var út í verkfall, að ég var boðaður á fund Ólafs Thors og sagt, að þessi till. um stöðvun dýrtíðar skyldi athuguð, og svo áður en verkfallið hófst, var tilkynnt, að sú athugun hefði leitt í ljós, að ekki væri hægt að gera neinar ráðstafanir til þess að draga úr vexti dýrtíðar. Eftir að sá frestur var liðinn, sem veittur var til þess að athuga fyrst möguleika ríkisstj. til að draga úr vaxandi dýrtíð, þá fyrst var lýst yfir verkfalli.

Ég vil vænta þess, að hafi sá voldugi Sjálfstfl. þá talið verðhækkanir og vaxandi dýrtíð vera þjóðarógæfu, þá sé hann ekki genginn af þeirri trú núna og sé enn í sömu sporum og vilji stuðla að því, að spornað sé við vaxandi dýrtíð og verðbólgu. Ég vil óska þess, að hann sé ekki búinn að hafa pólitísk buxnaskipti í þessu efni og hann dreymi enn þá um jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar.

En svo mikið er víst, að hafi Sjálfstfl. haft hug á því að auka fjármagn til byggingar íbúðarhúsnæðis, þá getur hann ekki komizt hjá því að fagna þessu frv., því að með því eru samkvæmt útreikningum hagfræðinga Landsbankans útvegaðar um það bil tvöfalt hærri upphæðir til húsnæðislána heldur en runnu til íbúðarhúsnæðiskerfisins á s. l. 2 árum, sem gildandi löggjöf náði yfir. Það, að till. þeirra eru þess eðlis, að þeir auka ekki fjármagn nú skv. till. sínum, þegar þeir eru í stjórnarandstöðu, sýnir það, að þeir viðurkenna, að hér sé verulega úr bætt. Hitt skal játað, að ófremdarástand þessara mála er slíkt nú, að það hefði þurft að margfalda þetta

fé, til þess að hægt væri að vinna upp það, sem saman hefur safnazt af óafgreiddum lánbeiðnum fólks, sem árum saman hefur staðið í stríði að byggja sér íbúðarhúsnæði yfir höfuð sér og sinna. En það verður að horfast í augu við það, að geta er ekki til þess að bæta úr þessu í einu vetfangi, en það er þó svo myndarlega tekið á um það, að strax á þessu ári tvöfaldast fjármagnið, og þegar fram í sækir eykst bæði afl byggingarsjóðsins sjálfs og tekjurnar að öðru leyti, og ég hygg, að þetta frv. beri þess merki fremur en fyrri löggjöf, að hér er ætlazt til, að efld sé byggingarstarfsemin til sjávar og sveita, einnig í sveitunum, þannig að öll þjóðin njóti góðs af samþykkt þessa frv. Þess vegna verður engin dáð eða dugur í stjórnarandstöðu til þess að berjast á móti þessu frv., hversu sem menn í geðvonzkuköstum blása sig hér upp á móti þessu máli. Það verður enginn alvörutónn í þeirri andstöðu, enda hefur ekki verið rætt hér af rökum, heldur af ofsa og með stóryrðum og fúkyrðum af hv. þm. N-Ísf., og á frsm. minni hl. enga hlutdeild í þeim ásökunum, hann hefur hagað sér sem prúðmenni í þessum umr., en hv. þm. N-Ísf. því miður á annan hátt.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég skal nú ekki ónáða hæstv. félmrh. í þeirri trú, að hann sé einn þeirra manna, sem aldrei komast úr jafnvægi, og að hans ummæli styðjist alltaf við hóf og rök. Það er svona enn eitt dæmi um það, hversu raunsætt hann lítur á sig og sín verk.

Hæstv. ráðh. sagði, að ástæðulaust væri fyrir mig að vera að spyrja um það, hvað úr stofnsjóði byggingarmálanna ætti að koma og kæmi á þessu ári. Ég verð þá að segja, að skörin er þá farin að færast upp í bekkinn, ef það skiptir ekki einmitt meginmáli, að þm. fái að vita um það, hvað úr þessum meginsjóði byggingarmálanna á að koma. Þegar sagt var frá þessu frv. í flokksblaði hæstv. ráðh., Þjóðviljanum, var einmitt lögð áherzla á það, að mikið fjármagn væri handbært og kæmi til útlána og fólk gæti byggt á því vonir; nú væri munur að sjá, hvernig félmrh. ynni að þessum málum, heldur en hæstv. fyrrverandi félmrh. og fyrrverandi ríkisstj. hefðu gert. Svo kemur hæstv. ráðh. hér og vantar ekkert nema vængina til þess að vera í dúfulíki og segir, að það sé alger fásinna að vera að spyrja um það, hvað úr þessum sjóði komi til útlána. Ég veit, að það er prentað í skýrslu frá Landsbankanum, sem fylgir frv. Þar er sagt, að á næsta ári muni koma til útlána 13.8 millj. kr., ef ég man rétt. Hæstv. ráðh. var eitthvað að tala um 40 millj. kr. á næstu árum. Það er fyrst eftir langan tíma, sem gert er ráð fyrir því, að sjóðurinn verði þess megnugur að lána svo mikið fé, og er þá að sjálfsögðu reiknað með því, að 15 millj. kr. fáist á ári af skyldusparnaði og 7—8 millj. kr. af stóreignaskattinum. Allt þetta stendur þannig á gersamlegum leirfótum, og hæstv. ráðh. hefur ekki getað fært minnstu rök að því, að í þessu frv. fælist eitt einasta nýmæli, sem gæti haft í för með sér raunverulegar umbætur í þessum málum og á því öngþveiti, sem þau eru komin í, síðan núverandi hæstv. ríkisstj. settist að völdum og hann í sæti hæstv. félmrh.

Það er svo von, að hæstv. ráðh. gremjist það, að á þetta sé bent og hann dreginn til ábyrgðar fyrir það og fram á það sýnt, hvers konar skripaleik hér er verið að leika, þegar verið er að ásaka þá menn, sem lagt hafa inn á nýjar brautir, gert með þeim stórkostlegt gagn, fyrir svik og dáðleysi, en hins vegar verið að lofa og prísa yfirborðsháttinn, sem engu hefur afrekað.

Ég vil svo spyrja hæstv. ráðh. um það, sem hann var að fjargviðrast yfir, að felldar hefðu verið af fyrrverandi ríkisstj. eða lagzt á till., sem hann flutti um raunhæf úrræði í baráttunni gegn dýrtíðinni árið 1955. Hvernig stendur á því, að þessi hæstv. ráðh. hefur ekki flutt þessar till. núna? Það er alveg merkilegt, að nú, þegar hann er kominn í ríkisstj., skuli hann ekki taka þessar till. upp úr kistuhandraðanum og leggja þær fram og stöðva með því dýrtíðina og kapphlaupið milli kaupgjalds og verðlags. Nei, þær sjá hvergi dagsins ljós. Það eina, sem sést, eru till. um stórkostlegar nýjar álögur, 9500 kr. álögur á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu, og stórkostleg dýrtíðaraukning í landi. Það er það eina, sem sér dagsins ljós, frá manninum, sem segist nú hafa lagt fram frv. og till. árið 1955 um raunhæf úrræði í baráttunni gegn dýrtíðinni. Ég hef aldrei heyrt annan eins hundavaðshátt. Ég skal að vísu viðurkenna, að hann kemur mér ekkert á óvart frá þessum hæstv. ráðh.

Enn endurtek ég, að ég vona, að enda þótt svo ólánlega hafi til tekizt sem raun ber vitni um stjórn húsnæðismálanna undir forustu hæstv. núverandi félmrh., þá vona ég, að það fólk, sem byggt hefur miklar vonir á þeim skynsamlegu nýju leiðum, sem farnar voru fyrir frumkvæði fyrrverandi ríkisstj., verði fyrir minni vonbrigðum en líkur eru til að það verði vegna hins einstaka úrræðaleysis og uppgjafar, sem núverandi hæstv. félmrh. hefur gerzt sekur um í þessum málum.

Frsm. meiri hl. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Ég held, að það sé bezt að undirstrika enn í umr., að það er sýnilegt á stjórnarandstöðunni, að hér er um mikið og stórvægilegt mál að ræða, þrátt fyrir alla þá orðamælgi, sem fram hefur farið, sérstaklega af hálfu hv. þm. N-Ísf. (SB), t. d. um að frv. sé eitt ómerkilegasta mál, sem flutt hafi verið á undanförnum mörgum árum. Ég ætla, að sá æsingur og allt það moldviðri, sem búið er að þyrla upp fyrir atbeina hans í þessum umr. og frá honum, sé öruggt merki þess, að hér er um stórmerkilegt mál að ræða, og það kemur einnig glögglega í ljós í hinum hógværu ræðum frsm. minni hl. í n., sem leggur sérstaka áherzlu á það í nál. sínu, að hann sé samþykkur mörgum af þeim greinum, sem breytingar eru gerðar á og í frv. felast, og telur nauðsynlegt að fara enn lengra en þar er gert ráð fyrir.

Hv. þm. N-Ísf. talaði um mína framsöguræðu. Ég geri ráð fyrir, að hann hafi átt við ræðuna, sem ég flutti hér áðan. Framsöguræða mín í málinu eða framsöguræða meiri hl. var flutt hér í gær að honum fjarstöddum. Þar var ýtarlega rakið, hverjar helztu nýjungar væru í þessu frv., og því hefur ekki verið hnekkt þrátt fyrir allan

þann hávaða og moldviðri, sem búið er að þeyta upp fyrir hans atbeina í þessum umr.

Það var m. a. lögð áherzla á það af hans hálfu, að ekkert fjárhagslegt öryggi sé í frv. eða þeim brtt., sem meiri hl. flytur. Ég vil þá spyrja: Hvert er það fjárhagslega öryggi minni hl., sem hann ætlast til að verði í væntanlegum l.? Hann vill hverfa frá því eina atriði, sem raunverulega telst til öryggis, skyldusparnaðinum, sem ég skal þó hafa fyrirvara um fyrir hönd hv. þm. N-Ísf., að hann virðist hugmyndinni hlynntur, þó að hann beri brigður á framkvæmdirnar. Hv. minni hl. leggur áherzlu á, að skyldusparnaðurinn sé ekki með í þeim brtt., sem hann leggur fram, nákvæmlega það eina höfuðatriði, sem á að tryggja þessum málum fé í framtíðinni, en vill þess í stað taka upp samningsbundinn sparnað við þá einstaklinga, sem kynnu að vilja leggja fé til þessara mála. Ég hygg, að það þurfi ekki nánari skilgreiningu á viljanum hjá hv. stjórnarandstöðu fyrir því að koma þessum málum í viðunanlegt horf og að öryggi megi vera í fjárhagsafkomu þeirra á næstu árum. Það sýnir sig í þeirra eigin till., svo að ekki verður um villzt.

Hv. þm. N-Ísf. taldi, að allmikið fé mætti fá með samningsbundnum sparnaði. Er það öryggið, sem á að skapa húsnæðismálastofnuninni og útlánastarfseminni til húsbygginga í framtíðinni, eitthvert allmikið fé, sem í þoku verður séð og enginn veit um nema eftir á?

Það, sem hefur skort og ég lagði sérstaka áherzlu á í minni framsöguræðu í málinu af hálfu meiri hl., var, að um fjárhagshlið þessara mála hefði ekki verið samið af hæstv. fyrrv. ríkisstj. nema til tveggja ára, þó að forustunni, sjálfri húsnæðismálastjórninni, væri ætlaður 6 ára aldur. Þá var ekki hugsað nema 2 ár fram í tímann, og allar framkvæmdirnar í sambandi við það hafa því verið á þeim leirfótum, sem hv. þm. N-Ísf. kom að í sinni ræðu áðan.

Það hefur ekki heldur verið hrakið neitt af því, sem við lögðum áherzlu á í okkar brtt. og ég í minni framsöguræðu, þau atriði, sem við teljum að séu til framtíðaröryggis þessara mála. En það eitt er nú talið höfuðrökin að lokum, að stofnfé, sem ekki á að hreyfa á þessu ári a. m. k., sé ekki tilbúið á þessu ári til útlána. (SB: Á aldrei að hreyfa það?) Það á ekki að hreyfa það, a. m. k. ekki á þessu eða næsta ári, það er öruggt. Það, sem verður til ráðstöfunar af hálfu húsnæðismálastofnunarinnar á næstu árum, eins og félmrh. tók skýrt og skilmerkilega fram, eru þær 44 millj., sem eiga að fara þetta ár, auk tekna sjóðsins sjálfs.

Ég gat þess einnig mjög ýtarlega í minni framsöguræðu í gær, að ég teldi, að málflutningur hv. stjórnarblaða á þeim tíma, sem veðlánakerfislögin voru sett, hefði verið mjög óheppilegur, og ég vil vænta þess, að það verði öðruvísi að þessum málum búið nú og í framtíðinni, þannig að vonir verði ekki vaktar umfram það, sem staðreyndir sýna að hægt verði að láta fólkinu sjálfu í té.

Ég vil einnig drepa á það, sem ég tel vera eitt merki þess, hvernig öðruvísi er nú unnið að þessum málum en áður. Samkvæmt frv. á nú að kjósa 4 menn hlutbundinni kosningu á Alþingi í væntanlega húsnæðismálastjórn, og er það ólíkt meira í lýðræðisátt en þau lög, sem samþykkt voru undir forsæti hv. þm. N-Ísf. árið 1955. Það er þó a. m. k. til þess ætlazt, að stjórnarandstaðan geti átt þar fulltrúa, sem hv. þm. N-Ísf. taldi ekki ástæðu til á sínum tíma að gera athugasemdir við, þó að stjórnarandstöðunni þá væri ekki ætlað að geta fylgzt með þessum málum á einn eða annan hátt.

Ég held svo, að það sé rétt að taka undir þau orð hæstv. félmrh. og reyndar þm. N-Ísf. einnig, að þær óskir, sem þeir létu báðir í ljós, og ég efast ekki um, að þær óskir eru byggðar á þeirri trú, að þessum málum sé stefnt í betri átt, að betur gangi um úrlausn þessara mála í framtíðinni en hingað til hefur gert.

Sigurður Bjarnason: Ég bið hæstv. forseta mjög að afsaka, að ég skuli þurfa að þreyta hans langlundargeð og misnota hans mildi, en ég vildi aðeins segja það að lokum, að mig furðar ekkert á því, þó að hv. stjórnarlið kveinki sér nokkuð undan þeirri hirtingu, sem ég hef talið nauðsynlegt að láta fram fara á þeim hér, og þeirri afhjúpun, sem ekki hefur heldur orðið komizt hjá að framkvæma í sambandi við þetta einstæða sýndarmál hæstv. ráðh.

En í sambandi við það, sem hv. frsm. sagði áðan, að ekki hefði verið hugsað nema 2 ár fram í tímann í tíð hæstv. fyrrv. félmrh., sem var nú að vísu framsóknarmaður og þannig stuðningsmaður núverandi vinstri stjórnar, vil ég segja þetta. Það var nú meiri skammsýnin hjá þessari hæstv. fyrrverandi ríkisstj. Hún hugsaði ekki nema 2 ár fram í tímann. Hún tryggði í 2 ár allmikið fjármagn, vegna þess að það er upplýst, að 80 millj. kr. komu beint frá húsnæðismálastjórn til íbúðarhúsalána og samtals 230 millj. kr. í föstum lánum til íbúðabygginga. En hæstv. núverandi ríkisstj.? Hvað hugsar hún langt fram í tímann, hvað hefur hún tryggt í ár, það sem er næst henni í framtíðinni? Hún hefur ekkert tryggt annað en það, að hún segist ætla að semja við bankana um það, að lagðar verði fram 44 millj. kr. á þessu ári.

Ég held, að fyrrv. ríkisstj. þurfi ekki mikið að fyrirverða sig fyrir sína framsýni. Hún byrjaði á því að semja við bankana um að leggja fram stórfé til íbúðarhúsalána, og bankarnir gátu það, vegna þess að fjármálastefna ríkisstj. hafði þau áhrif á almenning í landinu, að sparifjármyndun var mikil og bankarnir höfðu peninga til þess að leggja í þetta. Um leið og hæstv. félmrh. settist í þennan stól, hætti fólkið að spara. Engir peningar til íbúðarlána fengust, og hæstv. ráðh. kemur þess vegna nú og segist ætla að reyna að „semja um það við bankana“, þegar bróðir hans eða einhver kommúnisti annar sé orðinn bankastjóri, að þeir leggi fram peninga í veðlánakerfið.

Þetta er þá munurinn á framkvæmd hæstv. fyrrv. ríkisstj. og núv. ríkisstj. á þessu máli.

Varðandi svo hitt, sem hv. frsm. sagði, að stofnfé sjóðsins ætti helzt ekki að hreyfa, vil ég bara benda honum á grg., sem fylgir frv. Þar stendur, að á árinu 1956 sé að vísu ekki gert ráð fyrir neinu úr byggingarsjóðnum. En á árinu í

ár er gert ráð fyrir 13.8 millj. kr. og 27 millj. kr. á næsta ári. Fyrir hvað er hv. þm. svo að ásaka mig? (Gripið fram í: Ég sagði aldrei alla upphæðina.) Nei, ekki alla upphæðina, nei, sjálfsagt ekki, en Þjóðviljinn hafði látið liggja að því, að þetta fé væri bókstaflega allt handbært, og mig minnir, að það væri birt mynd af hæstv. félmrh. með til þess að vera nokkurs konar trygging fyrir því, að peningarnir væru handbærir.

Loks vil ég, hæstv. forseti, aðeins segja í sambandi við það, sem hv. frsm. sagði, að öðruvísi væri nú unnið að þessum málum en áður hefði verið gert og miklu lýðræðislegar, nú væri stjórnarandstöðunni tryggt sæti í þeirri húsnæðismálastjórn, sem úthluta ætti lánum, að það var fyrsta verk hæstv. félmrh. að setja bráðabirgðalög á s. l. sumri til þess að útiloka öll áhrif stjórnarandstöðunnar á lánveitingarnar. Ég veit, að hv. þm. man vel eftir þessu, vegna þess að hann á sæti í þessari stjórn. Svo kemur hæstv. félmrh. nú og breytir þessu með nýjum lögum. Annar eins hringlandaháttur hefur ekki sézt.

Ég held, að hv. stuðningslið núverandi ríkisstj. þurfi sannarlega ekki að vera montið af því, hvernig hæstv. félmrh. hefur unnið að þessum málum. Hann hefur keyrt þar allt í strand og kemur með þessu frv. og opinberar algert gjaldþrot sitt og uppgjöf.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Mér finnst nú hv. þm. N-Ísf. vera orðinn nokkuð taugaóstyrkur, þegar hann þorir ekki að eiga undir því, að ég tali, og biður um orðið til þess að svara því, sem ég kunni að segja. En hann má alveg vera rólegur með það, ég ætla ekki að leggjast á náinn. Hann er dauður og úr sögunni. En málsháttur er til sem segir, að svo skuli leiðan forsmá að svara honum engu. Ég tel líka alveg ástæðulaust að svara froðumælgi hans út um heima og geima, það gerir hann bara til að svala sér og róa taugarnar. En ég tel ástæðu til þess að víkja nokkrum orðum að því meginatriði, sem hér er um að ræða: Er betur eða verr séð fyrir fjárhagshlið þessa máls með þessu frv., sem hér liggur fyrir, eða húsnæðismálalöggjöfinni, sem gilti s. l. 2 ár? Þetta verður augljóst, þegar við athugum, að bankar og sparisjóðir og tryggingastofnanir og tryggingafélög eiga að leggja fram samkvæmt þessu frv. með ábyrgð ríkisstj. nákvæmlega sömu upphæð og þessir aðilar voru skuldbundnir til áður og var 44 millj., og það voru allar tekjurnar, sem um var að ræða. Er þá nokkuð að auki? Jú, það er tekið hér skýrt fram með skýringum við þetta frv., að auk árlegra tekna af stofnfé sjóðsins, sem er áætlað á árinu 1958 um 23 millj. kr., sé gert ráð fyrir árlegri tekjuöflun, sem svari a. m. k. til 7—8 millj. kr., og tekjur af sparnaðarframlögum samkvæmt III. kafla, þ. e. sparnaðarframlögin, eru áætluð 15 millj. kr. Þetta eru yfir 40 millj. kr. að auki. M. ö. o.: það er bætt við eins miklu fé og fyllilega það eins og áður samkvæmt gildandi löggjöf átti að renna til húsnæðismálanna.

Hv. þm. hefur hvað eftir annað verið að véfengja þessar tölur, en þær eru, eftir að frv. lá fyrir, útreiknaðar af hagfræðideild Landsbankans, og þeir hafa leyft að birta útreikninga sína frá ári til árs. Taflan byrjaði þannig, eins og hv. þm. N-Ísf. varð að viðurkenna hér áðan, að fé byggingarsjóðs var 0 1956. Á árinu 1957 koma af tekjum hans vaxtatekjur og innkomið fé af stofnfjárframlögum byggingarsjóðsins, 6 millj. 850 þús. kr. plús 3 millj. af stóreignaskattsframlögum, eða 9 millj. 850 þús. kr. En á næsta ári stórhækkar þessi upphæð, því að þá verða tekjurnar af byggingarsjóðnum 7 millj. 840 þús. og tekjurnar af stóreignaskattsframlögunum 15 millj. 330 þús. kr., af því að á því ári eiga allir stóreignaskattsgreiðendur að borga upphæð sína alla af smærri skattskyldum framlögum þeirra. Þeir, sem eiga að borga lægri upphæðir af stóreignaskattinum, eiga að borga upphæðina þá í einu á árinu 1958, og það gefur af ⅔ hlutum 15 millj. 330 þús. kr. til byggingarmálanna, það eru ⅔ hlutarnir af honum. Síðan hækka tekjur byggingarsjóðsins að meðtöldum tekjum stóreignaskattsins frá ári til árs úr 23 millj. 330 þús. fram á árið 1966 í 31 millj. 750 þús. kr., og allt er þetta fé umfram það, sem áður hefur verið varið til húsnæðismálanna.

Taflan, sem hér er birt líka frá hagfræðideild Landsbankans um skyldusparnaðinn, byrjar á 7½ millj. kr. tekjum á árinu 1957 og síðan yfirleitt með 15 millj. kr. tekjum á ári.

Þetta allt eru þau sönnunargögn, sem nægja til þess að hnekkja öllu fjasi um það, að hér sé ekki um neitt að ræða nýtt, neinar nýjar tekjur. Það eru staðlausir stafir, það er algerlega vansæmandi fyrir hv. þm. N-Ísf. að bera þetta til baka. Honum er það um megn, hann er ekki sá karl, að hann geti hnekkt þessum tölum, þannig að nokkur maður taki mark á. Hagfræðingar Landsbankans standa þar miklu betur að vígi, hafa rannsakað málið í ró og næði, en hann hefur farið hér með fleipur í æðiskasti.

ATKVGR.

Brtt. 557,1 felld með 11:3 atkv.
— 541,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 557,2 felld með 11:3 atkv.
— 541,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 557,3 felld með 11:3 atkv.
— 541,3 samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 557,4 felld með 10:3 atkv.
— 541,4 samþ. með 10 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 557,5 felld með 10:3 atkv.
Brtt. 541,5 samþ. með 10 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 557,6 felld með 10:3 atkv.
— 541,6 samþ. með 10 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 557,7 felld með 10:3 atkv.
— 541,7 samþ. án atkvgr.
7. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 557,8 felld með 10:3 atkv.
— 541,8 samþ. með 10 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 557,9 felld með 10:3 atkv.
— 541,9 samþ. með 10 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 557,10 felld með 10:3 atkv.
— 541,10 samþ. með 10 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 557,11 felld með 10:3 atkv.
— 541,11 samþ. með 10 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 557,12 felld með 10:3 atkv.
— 541,12 (ný 12. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 557,13—15 felldar með 10:3 atkv.
13.—15. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 557,16 felld með 10:3 atkv.
— 541,13 samþ. með 10 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 564,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 541,14 samþ. án atkvgr.
19. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
20. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 557,17 felld með 10:3 atkv.
21. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 541,15 (ný grein, verður 22. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 557,18 felld með 10:3 atkv.
— 541,16 (ný 22. gr., verður 23. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 557,19 felld með 10:3 atkv.
23. gr. (verður 24. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 557,20 felld með 10:3 atkv.
— 564,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
24. gr. (verður 25. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
25. gr. (verður 26. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 564,3 (nýtt brbákv.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Ed., 20. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 565).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 101. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 102. fundi í Nd., 21. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Frv. um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga og breyt. á I. kafla l. nr. 36/1952 hefur verið til afgreiðslu í hv. Ed. og tekið þar nokkrum breytingum, frá því að það var lagt fram, en þó engum að meginefni. Frv. fekk þá meðferð í hv. Ed., að félmn. beggja deilda komu saman á nokkra fundi og ræddu um málið og hafa þannig undirbúið það, að vonir standa til, að frv. geti fengið nokkru fljótari afgreiðslu hér í þessari hv. deild vegna þessara skynsamlegu vinnubragða. Ég held, að það sé alveg ástæðulaust að ræða málið mjög ýtarlega hér, það var gert undir meðferð málsins í Ed. Málið er líka fyrir löngu komið fram og hefur auk þess verið rætt í blöðum og manna á milli, og öllum hv. dm. er því óefað vel kunnugt um efni frv. Ég vil þó vekja athygli á helztu efnisatriðum þess.

Í I. kafla frv. er kveðið á um það, að setja skuli á stofn húsnæðismálastofnun ríkisins. Hún á að lúta stjórn 5 manna, sem kosnir eru 4 hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi til 3 ára í senn, en 1 skipaður af félmrh. samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands. Félmrh. skal skipa formann húsnæðismálastjórnarinnar. Einnig er félmrh. ætlað það hlutverk að skipa húsnæðismálastofnuninni framkvæmdastjóra að fengnum till. húsnæðismálastjórnar og ákveða þeim starfsmanni stofnunarinnar laun.

Í 2. gr. er rætt um ýmiss konar hlutverk húsnæðismálastofnunarinnar, og er það nokkuð mikið samhljóða því verkefni, sem húsnæðismálastjórn var ætlað samkv. gildandi l. um húsnæðismálastjórn, útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis o. fl.

Í II. kafla frv. kemur að fyrsta nýmæli þess, sem er um það, að stofna skuli byggingarsjóð ríkisins, og er honum ætlað stofnfé, sem nemur rúmlega 118 millj. kr. Einn þátturinn í stofnfé byggingarsjóðs ríkisins er ⅔ af skatti af stóreignum, en frv. um það mál var hér til umr. í hv. deild í gær og í nótt. Sá skattur er, eins og öllum er kunnugt, áætlaður um 80 millj. kr., og eiga ⅔ hlutar þess skatts að renna í byggingarsjóð ríkisins. Árlegar tekjur byggingarsjóðsins skulu svo enn fremur vera — auk árlegra tekna af stofnfénu — 1% álag, sem innheimta skal aukalega á tekju- og eignarskatt og stríðsgróðaskatt og aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá, eins og hún er í gildi í dag. Í öðru lagi eiga árlegu tekjurnar að vera afborganir og vextir lána, sem hafa verið veitt eða verða veitt af framlögum ríkisins til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, en það eru þegar nokkrar millj. kr. og ætlað á fjárl. núna 4 millj. kr. í því skyni, og verður slíkt fjárlagaframlag smám saman eign byggingarsjóðsins og kemur honum til tekna. Þá er í þriðja lagi 1% lántökugjald af öllum þeim lánum, sem húsnæðismálastjórnin veitir og vaxtatekjur byggingarsjóðsins. Í fjórða lagi fellur til árlegra tekna sjóðnum höfuðstóll vaxtabréfa samkvæmt 4. gr. og vaxtafé af þeim, sem komið er til gjalddaga og útborgunar, ef þess er ekki vitjað innan tuttugu ára frá gjalddaga. Það er ekki víst, að það verði neitt fé, og undir öllum kringumstæðum verður það lítið, sem sá liður gefur.

Þá er ætlazt til þess samkvæmt þessu frv., að áfram skuli starfa veðlánakerfi til íbúðabygginga og á að starfrækja það undir stjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands. Í þessu skyni á veðdeild Landsbankans að fá heimild til að gefa út bankavaxtabréf, sem nemi allt að 100 millj. kr. árlega næstu 10 ár. Þessi vaxtabréf skulu vera þannig, að annar helmingurinn, A-flokkur, verður með föstum vöxtum og afborgunum, en hinn hlutinn, B-flokkur, hinn helmingurinn, 50 millj. kr. á ári, verði með vísitölukjörum. Er þetta svipað fyrirkomulag og í gildandi lögum er ákveðið, að öðru

leyti en því, að hlutfallið milli A- og B-bréfa er nú að jöfnu, en var áður 2 á móti 5. B-bréfin voru aðeins 2 á móti 5 A-bréfanna. Það er ætlazt til þess, að veðdeild Landsbanka Íslands hafi ein heimild til þess að gefa út slík vísitölubundin verðbréf.

Þá er í frv. heimild til þess, að byggingarsjóður ríkisins og veðdeildin megi taka erlend lán til íbúðabygginga að fengnu leyfi ríkisstj. Þau bankavaxtabréf, sem gefin verða út samkvæmt þessu frv., skulu njóta ríkisábyrgðar.

Ef við gerum okkur grein fyrir, hvaðan tekjur eigi að koma til húsnæðismálanna samkv. þessu frv., þá er það í aðalatriðum á þessa leið. Byggingarsjóðurinn á mjög fljótlega, sennilega að loknu þessu ári, að fá árlegar tekjur, sem nema um 23 millj. kr. Það er a. m. k. áætlun, sem gerð hefur verið af starfsmönnum við hagfræðideild Landsbankans, sem hnígur í þá átt, að strax á árinu 1958 geti tekjur byggingarsjóðsins orðið 23 millj. kr. af stofnfé hans og árlegar tekjur hans að öðru leyti 7—8 millj. kr. Þá er enn fremur af sömu mönnum áætlað, að árlegar tekjur af skyldusparnaði geti numið um 15 millj. kr., og mætti þá ætla, að árlegar tekjur byggingarsjóðsins samtals verði 40—45 millj. kr. Þá hefur ríkisstj. tekið á sig þá skuldbindingu að tryggja, að frá bönkum, sparisjóðum, tryggingafélögum og tryggingastofnunum skuli á næsta ári koma ekki minna en 44 millj. kr. til íbúðarhúsnæðislána, og ætti þá samkvæmt þessu, þegar saman er lagt það, sem á að koma gegnum veðlánakerfið og sem stofntekjur og árlegar tekjur byggingarsjóðs ríkisins, að vera um að ræða 84—90 millj. kr. á ári til húsnæðismálanna. Það er alveg vitað mál, að þó að þetta sé miklu hærri upphæð en árlega hefur runnið til þessara mála í gegnum húsnæðismálakerfið að undanförnu, þá er þetta þó takmarkað fjármagn, miðað við þá miklu og brýnu þörf, sem fyrir hendi er að leysa. Skal því alls ekki neitað, að það hefði verið æskilegt, að hægt hefði verið að búa enn betur að þessum málum til þess að leysa þá miklu húsnæðisneyð, sem ríkir einkanlega hér á suðvesturhluta landsins.

Samkvæmt skýrslum Landsbankans hefur heildarfjárveitingin til húsnæðislána hjá húsnæðismálastjórn s. l. 2 ár verið 76 millj. kr., eða nokkru lægri á tveimur árum heldur en hér er ætlazt til að samtals verði til umráða á ári hverju. Þó má geta þess, að eftir því sem byggingarsjóði ríkisins vex fiskur um hrygg, þá hljóta árlegar tekjur hans að vaxa nokkuð með árunum.

Ýmis nýmæli eru í 6. gr. frv. viðvíkjandi lánveitingunum. Ég skal aðeins stikla á þeim helztu.

Það er þá fyrst það, að engum einstaklingi má veita lán nema út á eina íbúð. Það var auðvitað meginregla húsnæðismálastjórnar einnig samkvæmt gildandi lögum, en vegna þess að ýmsir aðrir aðilar höfðu heimildir til þess að lána til íbúðarhúsnæðis, kom í ljós, að sumir höfðu lánað einni og sömu fjölskyldu milli 20 og 30 lán. Og það er vitanlega með öllu ósæmilegt að láta slíkt viðgangast, þegar svo verður að synja þúsundum nauðstaddra manna um eitt lán til íbúðar yfir sig og sína.

Vegna þess að vonir standa til, að geta byggingarsjóðs ríkisins vaxi, eftir því sem tímar líða fram, þá er heimild í frv. til þess, að húsnæðismálastjórn megi breyta vaxtakjörum og lánstíma á nýjum lánum að fengnu samþykki ríkisstj. Hér er átt við það, að húsnæðismálastjórnin þurfi ekki að bíða eftir breyt. á l. sjálfum, ef fært þykir að lækka vexti eða breyta lánskjörum að öðru leyti í hagkvæmara horf fyrir lántakendur.

Ákvæði er um það í frv., að setja megi það skilyrði um skiptingu lánsfjárins milli byggðarlaga, að fyllsta tillit sé tekið til nauðsynlegs jafnvægis í byggð landsins. Ég býst við því, að þetta verði framkvæmt á þann hátt, að lögð verði stund á að fullnægja að hundraðshluta til meiri hluta lánsumsókna utan af landsbyggðinni heldur en úr þeim landshlutum, sem fólksstraumurinn beinist að. Ég tel það nokkuð mikilsvarðandi ákvæði í frv., að meðan ekki sé unnt að fullnægja lánsfjárþörf til íbúðarhúsabygginga, skuli þeir umsækjendur að öðru jöfnu sitja fyrir, sem byggi minni íbúðir, enda fullnægi íbúðarstærðin þó þörfum viðkomandi fjölskyldu að dómi húsnæðismálastjórnar. Einnig er húsnæðismálastjórninni heimilað að veita á hverjum tíma hlutfallslega hærri lán til þeirra íbúða, sem hún telur vera af hóflegri stærð, miðað við fjölskyldustærð umsækjanda. Þetta er viðleitni í þá átt að fá sem mest út úr því takmarkaða lánsfjármagni, sem fyrir hendi er, bæði út úr byggingarefni og fjármagni, og er fyllsta ástæða til þess fyrir okkur Íslendinga að fara þar svipaðar leiðir og nágrannaþjóðirnar, að hagnýta sem bezt bæði byggingarefni og fjármagn, meðan við erum bæði í fjármagnsþörf og í gjaldeyrisþröng nokkurri.

Í frv. er einnig ákvæði um það, að veðdeild Landsbankans, sem á að annast afgreiðslu allra lánanna, skuli sjá um, að afgreiðslan og innheimtan geti farið fram í peningastofnunum sem víðast á landinu. Þetta hefur verið, eins og með flest annað hjá okkur, að það hefur allt verið bundið við Reykjavík og lántakendur, hvar sem þeir hafa verið búsettir á landinu, orðið að hafa hér sína umboðsmenn í Reykjavík til þess að annast lántökur og sjá um greiðslu afborgana og vaxta af slíkum lánum hér inn í veðdeild Lansbankans. Nú hefur þetta gerzt til verulegs hagræðis og jafnréttis fyrir fólk, sem býr úti á landsbyggðinni.

Þá kemur að tveimur nýmælum þessa frv.

Það er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því, að komið verði á fót sérstakri innlánadeild, sem skuli starfa á vegum byggingarsjóðs ríkisins. Þeir, sem leggja fé inn í þessa deild, eiga a. m. k. að fimm árum liðnum, frá því að innlög þeirra hófust, kröfu á að fá útborgað fé sitt að viðbættum venjulegum innlánsvöxtum. Og nemi hin innlagða upphæð a. m. k. 5 þús. kr. á ári, þá er skylt að láta þessa menn, sem með frjálsum hætti hafa þannig sparað fé, sitja fyrir um lán til íbúðabygginga, og má húsnæðismálastjórnin hafa lánsupphæðina til þeirra allt að 25% hærri en almennt gerist, þegar lánið er veitt. Þó mega þessi lán ekki verða hærri en nemi ⅔ hlutum af matsverði þeirrar íbúðar, sem lánið er veitt til. Ég hef ekki gert neina áætlun um það, hvað

húsnæðismálastjórn eða byggingarsjóði kunni að áskotnast af starfsfé í gegnum þetta ákvæði laganna um frjálsan sparnað, enda er enginn grundvöllur til þess að áætla það fyrir fram, reynslan verður að skera úr um það.

Þá er öllum kunnugt, að í þessu frv. er ákvæði um skyldusparnað ungra manna og kvenna á aldrinum 16—25 ára. Þeim er samkvæmt frv. gert að skyldu að leggja til hliðar 6% af launum sínum, sem greidd eru í peningum, eða sambærilegum atvinnutekjum í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða til bústofnunar í sveit. Það fé, sem þannig safnast, á að ávaxta í innlánsdeild byggingarsjóðs ríkisins fyrir alla þá, sem búsettir eru í kaupstöðunum og kauptúnunum, en fé þeirra, sem búsettir eru í sveit, skal ávaxta í veðdeild Búnaðarbanka Íslands. Þau fríðindi, sem þessu fé fylgja, eru sem nú skal greina: Féð er í fyrsta lagi undanþegið tekjuskatti og útsvari og er ekki framtalsskylt. Þá veitir það forgangsrétt til lána, og þessi lán skulu vera 25% hærri en til annarra á sama tíma, og enn fremur skal þessi skylduinnstæða vera vísitölutryggð. Þetta eru hlunnindin, sem unga fólkinu eru ætluð í sambandi við það fé, sem það verður skyldað til að leggja til hliðar með það fyrir augum að taka þátt í því sjálft að leysa í framtíðinni hið stóra vandamál alls ungs fólks að geta eignazt þak yfir höfuðið.

Í frv. eru einnig heimildir til þess, að menn megi byrja að leggja inn í sérstakan sjóð sinn til íbúðabygginga, áður en þeir eru orðnir 16 ára, og megi líka halda skyldusparnaðinum áfram fram yfir 25 ára aldur.

Allvíðtækar heimildir til undanþágu eru í frv., og er skattanefndum heimilað að veita þær undanþágur. T. d. ef fólk er í skóla meira en 6 mánuði ársins, hefur orðið fyrir sjúkdómum eða slysum, er heimilisfyrirvinna eða gift fólk á í hlut, þá má veita því undanþágu frá skyldusparnaði. Það er ekki nokkur vafi á því, að þessi skyldusparnaður leysir mikinn vanda unga fólksins, og hefur ekki orðið vart við annað en unga fólkið hafi tekið þessu mjög vel og að þetta nýmæli hafi af eldri kynslóðinni einnig mælzt mjög vel fyrir, ekki aðeins talið, að hér sé verið að leysa fjárhagslegt vandamál, heldur líka af mörgum litið svo á, að þetta ákvæði hafi verulega uppeldislega þýðingu fyrir ungt fólk, því að sumir eru þeirrar skoðunar, að allt frá því á stríðsárum hafi unga fólkið í landinu heldur haft of mikið laust fé milli handa heldur en of lítið, þannig að það hafi heldur spillzt af þessari velgengni, að hafa mikið fjármagn handa á milli ávallt og þá auðvitað, — það mundi hafa farið ýmsum eldri þannig líka, — að því hafi ekki alltaf verið varið á sem beztan hátt. Heimild er nú í frv. til þess um ungt fólk á aldrinum 16—25 ára, þegar það fái greidd laun sín, að þá verði sparnaðarféð greitt í merkjum og sett inn í sérstaka bók, og við það vinnst það, að þá liggur fyrir í hendi unga mannsins eða ungu stúlkunnar sönnunargagn fyrir því, hvað hann hafi sparað mikið fé, og þeirri upphæð í sparimerkjabókinni á að bera saman við uppgjörið frá atvinnurekendunum, sem hafa haldið þessu eftir af launum unga fólksins. Þó þótti réttara að hafa þetta í heimildarformi heldur en eins og það var upphaflega í frv., að skylt skyldi að hafa þetta í sparimerkjaformi.

Það voru starfsmenn í hagfræðideild Landsbanka Íslands, sem áætluðu, að tekjurnar af skyldusparnaðinum mundu nema um 15 millj. kr. á ári. Hvort sú áætlun kemur til með að standast eða gera betur en að standast, það skal ég ekki fullyrða um á þessu stigi. Þetta var byggt á nokkurri athugun, sem fram fór á hagstofunni hér í Reykjavík um þetta atriði.

IV. kafli þessa frv. er svo um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis. Í honum eru engar verulegar breytingar frá gildandi ákvæðum um þetta efni. Ég skal aðeins taka það fram, að núna eru til umráða hjá húsnæðismálastjórn 4—5 millj. kr. til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, af því að bæjarfélögin hafa ekki byggt í það stórum stíl samkvæmt þessum kafla, að féð hafi unnizt upp, og auk þess eru svo á fjárl. núna 4 millj. kr. í þessu skyni. Ef bæjarfélög leggja fram 8 millj. á móti, þá væri þarna á árinu 1957 hægt að byggja íbúðarhúsnæði til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum fyrir allt að 16 millj. kr. Vitanlegt er, að Reykjavík hefur stór áform í þessu efni nú og er með verulegt verkefni í fanginu af þessu tagi, og má því alveg við því búast, að nokkur verulegur hluti af þessu fé fari til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis hér í Reykjavík, sérstaklega á braggahúsnæðinu, sem allir viðurkenna að mikil þörf er á að útrýma sem allra fyrst.

Í V. kaflanum eru svo nokkrar bráðabirgðabreytingar á lögunum um verkamannabústaði, hækkun úr 12—18 kr. í 24—36 kr., sem bæjarfélögunum er ætlað að leggja til jafns við byggingarsjóð verkamanna. Það er nokkurn veginn hlutfallsleg hækkun frá því, að þessi tala var síðast ákveðin, við það, sem dýrtíð hefur aukizt, byggingarkostnaður hefur hækkað síðan. Þá eru þarna enn fremur færð til nútímaverðgildis peninga þau tekju- og eignamörk, sem veita heimildir til þess að njóta réttar til lána úr byggingarsjóði verkamanna. Það voru í núgildandi lögum um 7 þús. kr., nú er það sett sem 5 þús. kr. og eignahámarkið 75 þús. kr. En við tekjuhámarkið 50 þús. kr. má bæta 5 þús. kr. fyrir hvern ómaga á framfæri viðkomandi manns. Þetta er nokkurn veginn miðað við það, að verkamaður, sem hafi stöðuga atvinnu allt árið og tvær stundir í eftirvinnu, hafi þó rétt til þess að njóta hinna niðurborguðu vaxta og hins langa og hagkvæma lánatíma, sem byggingarsjóður verkamanna veitir skv. lögunum um verkamannabústaði. Að öðru leyti var mönnum ljóst, að það er full ástæða til að endurskoða þessa góðu og gömlu löggjöf, og er fastráðið, að sú löggjöf skuli endurskoðuð rækilega fyrir næsta þing. En þessum talnaviðmiðunum þótti þó sjálfsagt að breyta á þessa leið nú þegar.

Í sambandi við þetta minnast menn þess, að ríkisstj. hefur ákveðið, að útvegaðar verði 8 millj. kr. til byggingar verkamannabústaða á þessu yfirstandandi ári auk 4 millj. kr., sem nú eru á fjárlögum, sem ættu að tryggja þá 4 millj. kr. framlag á móti frá bæjar- og sveitarfélögum. Það eru því a. m. k. 16 millj. kr., sem ætti að

vera hægt að byggja verkamannabústaði fyrir á árinu 1957.

Fleira en ég hef nú tekið fram í sambandi við frv. tel ég ekki ástæðu til að fjölyrða um við þessa umr. Ég tel það þegar augljóst mál, að menn viðurkenna þörfina á auknu fjármagni til íbúðarhúsnæðis, og hitt dylst ekki, að ýmis þeirra nýmæla, sem í frv. felast, hafa fengið góðar undirtektir almenningsálitsins í landinu, og ég efa því ekki, að frv. fær góða og greiða afgreiðslu hér hjá hv. þd. í framhaldi af því, að félmn. hefur þegar athugað málið að nokkru.

Ég óska eftir, að málið fái skjóta og góða afgreiðslu hjá hv. heilbr.- og félmn., og læt þar með lokið máli mínu.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Þetta er nú í annað sinn á þessu þingi, sem þessi mál eru til umr. Sumir hafa undrazt hringlið í þessum málum. Í haust var starf húsnæðismálastjórnar orðið svo umfangsmikið, á þeim tíma, sem vitað var að engir peningar voru til hjá sjóðnum, að nauðsynlegt var talið af hæstv. ríkisstj. að fjölga í stjórninni. Nú er aftur lagt til af sömu ríkisstj. að fækka á ný í stjórn sjóðsins. Ég veit ekki, hvort hæstv. ríkisstj. er nú orðið það ljóst, sem við sjálfstæðismenn bentum á þá, að það hefur meiri þýðingu fyrir umbætur í þessum málum að afla aukins fjár til framkvæmda heldur en að fjölga í stjórn sjóðsins. Ég held nú, að þessi læti í haust hafi aðeins verið óðagot af hæstv. félmrh., sem hefur grunað, að dregizt gæti með aðrar breytingar á lögunum, en ekki haft þolinmæði til að bíða eftir því með breytingar á stjórn sjóðsins.

Þegar lögin um húsnæðismálastjórn voru sett, var hér um algert nýmæli að ræða. Menn vissu þá ekki nákvæmlega, hvernig þau mundu reynast í framkvæmd. M. a. þess vegna var aðeins gerð áætlun og samningar um fjárútvegun til tveggja ára til framkvæmdar þessara mála.

Í hv. Ed. var bent á, að eðlilegt væri nú að notfæra sér þá reynslu, sem fengizt hefur með starfi húsnæðismálastjórnar þessi tvö ár, og endurskoða ákvæði laganna og gera þau fyllri og breyta þeim, þar sem nauðsynlegt væri. Að hæstv. ríkisstj. hefur ekki þann hátt á, er vafalaust af því, að það hefur þótt meiri skrautfjöður í hatt hæstv. ráðh. að bera fram mikinn lagabálk nýjan, þó að meiri hluti þess, sem í honum er, sé beint tekið upp úr eldri lögunum, og raunar ekki að saka neinn um það, þó að því sé haldið áfram, sem þar hefur reynzt vel. Það má kannske heita virðingarvert af hæstv. ráðh. að hafa þó gert það.

Það er ekki ágreiningur um það, að stefna beri að því, að allar fjölskyldur í landinu búi við mannsæmandi húsnæði, og ég vil bæta því við, að sem flestar fjölskyldur eigi það húsnæði sjálfar. Það er hins vegar eða virðist vera nokkur ágreiningur um það, hvað hátt beri að stefna. Stórhugurinn er misjafn. Menn eru ekki á einu máli um það, hvað við getum leyft okkur að búa við gott húsnæði. Frændur okkar, Svíar, telja t. d., að stefna beri að því, að hver meðlimur fjölskyldunnar hafi sér svefnherbergi, þó að flestar þjóðir verði um sinn að láta sér nægja minna og það mun minna.

Í Bandaríkjunum er, þegar talað er um íbúðir, venjulega talað um, að það sé íbúð með 1, 2 eða 3 eða fleiri svefnherbergjum, og það talið aðalatriðið um stærð íbúðarinnar, hvað mörg svefnherbergi þurfi, sem fer náttúrlega að mestu leyti eftir fjölskyldustærð. En stærð sameiginlega rýmisins til daglegrar notkunar allrar fjölskyldunnar leiðir svo beint af því.

Ég ætla að fara nokkrum frekari orðum um einstök atriði frv., eins og það er nú orðið, því að það hefur tekið nokkrum breytingum, eins og hæstv. ráðh. orðaði það svo hæversklega, sem ekki er nú annars vandi hans, að vera sérlega hæverskur. En það var svo, að í hv. Ed. sáu flokksbræður hans sér ekki annað fært en að bera fram við það mjög margar brtt., svo að það er orðið gerólíkt því, sem það var, þegar það var borið fram. Og eins og hæstv. ráðh. gat um áðan, þá var samstarf milli heilbr.- og félmn. beggja d. um að fara yfir frv., og hv. þm. beggja deilda í þessum n. voru a. m. k. sammála um það, að frv. væri algerlega óhæft eins og það kom frá hæstv. ráðh. Um mikið af þeim brtt., sem gerðar hafa verið til lagfæringar á frv., var samkomulag meðal þm. í báðum d. og af ýmsum flokkum, því að það eru allir sammála um, að það sé rétt að gera það, sem unnt er, til þess að bæta úr húsnæðisskortinum og þeim lánsfjárskorti, sem fyrst og fremst orsakar það, að ekki er hægt að byggja eins ört eða mikið og þörf er á.

Í 1. gr. frv., þar sem talið er upp, hverjir sæti skulu eiga í húsnæðismálastjórn, er það ákvæði um fulltrúa frá Landsbanka Íslands, að hann skuli eigi hafa atkvæðisrétt um lánveitingar. Að vísu mun það hafa verið þannig í húsnæðismálastjórn undanfarið, að fulltrúi Landsbanka Íslands eða Landsbankinn hefur ekki kosið, að hann neytti atkvæðisréttar, en það liggur ekkert fyrir um það, að Landsbankinn vilji afsala sér því í framtíðinni, að hann hafi þar atkvæðisrétt.

Þá vil ég benda hér á, að í 12. málsgr. 2. gr. er ákvæði um það, að viðkomandi bæjarfélagi sé skylt að heimila byggingar undir vissum kringumstæðum og láta af hendi eða útvega landsvæði fyrir þær, ef með þarf með eignarnámi o. s. frv., og þegar það hefur farið fram, þá skal viðkomandi bæjarfélagi skylt að leggja nauðsynlega vegi og leiðslur um slík hverfi innan hæfilegs tíma að mati húsnæðismálastjórnar og félmrh. Ég veit ekki, hvað hefur verið beint tilefni til þess, að þetta ákvæði er sett þarna inn. Mér dettur í hug, að það kunni kannske að hafa verið það, að það er nýbyrjað að byggja í Hafnarfirði, í byggingarhverfi rétt sunnan við bæinn, sem í munni manna hefur fengið nafnið „allsleysi“, og þetta er af því, að það er að vísu búið að skipuleggja þetta hverfi og úthluta þar lóðum, en til skamms tíma var þar allsleysi um annað, sem þurfti. Þar voru ekki vegir, þar voru ekki skolpveitur, rafmagn eða annað, sem nauðsynlegt er, til þess að hægt sé að ganga frá og fullgera byggingar og alveg sérstaklega náttúrlega til þess að hægt sé að búa

í þeim. En þetta hefur sjálfsagt ekki verið af neinum illvilja bæjarstjórnar Hafnarfjarðar á því að leysa vanda þeirra manna, sem húsnæðislausir eru og þurfa að byggja yfir sig og sína, heldur er þetta einfaldlega af því, að það er í mörg horn að líta fyrir þessi fátæku bæjarfélög víða um landið, og ég fæ nú raunar ekki séð, hvað mikla þýðingu það hefur að leggja þeim svona skyldu á herðar, sem mér er til efs að þeim sé nokkur möguleiki á að framkvæma frekar en þau gera. Ég held þau hafi fullan hug á því, flest bæjarfélög, a. m. k. þar sem ég þekki til, að undirbúa lóðir, byggingarlóðir, og vegi og leiðslur og annað að þeim, sem nauðsynlegt er, til þess að hægt sé að byggja, og gerir þetta satt að segja hvert bæjarfélag um sig eftir beztu getu.

Í 6. gr. er ákvæði um það, að þegar lánin eru veitt, skuli þau greidd lántakendum í peningum. Við lögðum til á fundum nefndanna, er um þetta var rætt, að það gæti verið skynsamlegt að hafa þetta ákvæði nokkru rýmra, þannig að heimilt væri, þegar vissum skilyrðum væri fullnægt og tryggt væri, að það kæmi sér vel fyrir lántakanda, að afhenda honum bréf fyrir lánunum. Það gætu verið þau atvik til, að lántakandi ætti jafnvel hægara með að selja bréfin en sjóðurinn og þá væri þetta til þess að rýmka um það fjármagn, sem til byggginganna fengist, sem vitanlega er aðaltilgangurinn með þessu öllu saman, og getum við því ekki séð, að hvaða baga gæti orðið að hafa þetta þarna nokkru rýmra.

Þá er hér enn fremur í b-lið 6. gr. ákvæði um, að lán megi ekki vera meira en 100 þús. kr. út á hverja íbúð. Það kann að vera, að mönnum sýnist þetta há upphæð nú, og sérstaklega það, að það verði fullerfitt að veita öllum úrlausn með að fá 100 þús. kr. út á þær íbúðir, sem nú verða byggðar á næstunni. En þó finnst mér sé óskynsamlegt að hafa þetta ákvæði í lögunum, það mætti hafa það í reglugerð, svo að auðveldara væri að breyta því, þegar aðstæður breyttust. Ég segi þetta alveg sérstaklega af því, að mér er kunnugt um það, að í þeim byggingarsjóðum, sem hér eru starfandi, eða lífeyrissjóðum, sem starfa að nokkru leyti öðrum þræði sem lánasjóðir fyrir þá, sem í þeim eru, til þess að gera þeim auðveldara með að byggja yfir sig, þá hefur þetta hámark einmitt nýlega verið hækkað, að ég hygg upp í 120 þús. kr., án þess að þar hafi þurft nokkra lagabreytingu til, og ég held, að það væri skynsamlegt að hafa það eins hér, að hafa þetta óákveðið í lögunum, en setja um það ákvæði í reglugerð og rýmka um lánsupphæðina, eftir því sem stofnuninni vex fiskur um hrygg og fært verður að lána meira út á hverja íbúð.

Þá er hér ákvæði í g-lið þessarar sömu greinar um það, að setja megi ákvæði um hámarksstærð íbúða, sem veita má lán til. Þar tel ég að nauðsynlegt væri að hafa ákvæðin ekki svona afdráttarlaus, heldur hafa möguleika til þess, að taka mætti tillit til fjölskyldustærðar, því að það er vitanlega fásinna hin mesta að ætla mismunandi stórum fjölskyldum jafnstóra íbúð. Og sérstaklega er það svo, eins og kom þráfaldlega í ljós, þegar byggt var hér eftir lögunum um smáíbúðir, að menn töldu sér þær íbúðir, sem þá var leyft að byggja, ófullnægjandi og töldu sig geta og gátu með mjög litlum aukakostnaði skapað sér möguleika til að stækka þessar íbúðir verulega síðar, með því t. d. að hafa nokkru hærra port á þessum húsum en gert hafði verið ráð fyrir upphaflega, og ég veit, að þetta hefur gert mörgum fjölskyldum mögulegt fyrr en ella að fá yfir sig mannsæmandi íbúðir og vafalaust með eins litlum kostnaði tiltölulega og mögulegt er. Ég tel óskynsamlegt að hafa ákvæðin svo einstrengingsleg, að þetta sé ekki hægt.

Þá er hér enn síðar í þessum sama lið heimilt að setja það skilyrði fyrir láni, að bygging skuli hafin á tilsettum tíma árs og að bygging sé ekki hafin, áður en skriflegt lánsloforð er gefið, nema leyfi húsnæðismálastjórnar komi til, og að bygging sé undirbúin með þeim hætti, sem húsnæðismálastjórn telur nauðsynlegt. Ég held, að það verði ákaflega erfitt úti um landið að fullnægja þessum skilyrðum og væri raunar ógerningur, nema húsnæðismálastjórn hefði umboðsmenn úti um allt land, sem ekki er gert ráð fyrir, a. m. k. ekki í þessu tilfelli. Það er gert ráð fyrir, að umboðsmenn húsnæðismálastjórnar um greiðslur, lánagreiðslur og slíkt, verði lánsstofnanir úti á landi, en ég hef hvergi séð eða heyrt getið um það, að umboðsmenn væru í þessu skyni úti um landið eða þeim aðilum, lánsstofnunum úti um landið, sé heimilt að veita mönnum leyfi til þess að hefja byggingar eða annað slíkt. En ég held satt að segja, að ef þetta ákvæði verður haft svona, verði þeim, sem ætla að hefja byggingar, gert nauðsynlegt annaðhvort að fara hingað suður á fund húsnæðismálastjórnar eða hafa þar umboðsmann, eins og þeim málum er nú háttað hér. Mér er sagt, að menn þurfi að bíða dögum saman og jafnvel fram á nætur eftir að fá viðtal við þessa háu herra og það jafnvel í vetur á þeim tíma, þegar mjög litlar vonir voru þó um, að nokkra úrlausn væri þar að fá. Ef menn eiga, auk þess sem þeir þurfa nú að sækja þetta svona um lánveitingarnar, til viðbótar að byrja á því að fara sömu gönguna til þess að fá leyfi til þess að byrja að grafa fyrir grunni á húsi, sem þeir eru búnir að fá lóð fyrir, eða byrja að steypa í grunninum eða annað, sem þeir kannske geta sjálfir gert án þess að fá til þess nokkurt verulegt fé eða með því litla fjármagni, sem þeir kunna að hafa undir höndum, þá held ég, að allt annað tal í þessari grein um jafnvægi milli byggðarlaga sé lítils virði.

Þá kem ég hér næst að III. kafla, um sparnað til íbúðabygginga. Það er held ég ekki ágreiningur um það í sjálfu sér, að það sé æskilegt að hvetja sem flesta til þess að hefja byrjun að því að koma upp þaki yfir höfuð sér með því að spara og það sé æskilegt að gera það svo fýsilegt sem unnt er, að menn geri það og byrji á því eins fljótt og þeir geta við komið. Um hitt eru menn ekki sammála, hvernig vænlegast sé að koma því í framkvæmd. Sumir telja, að það sé alveg vonlaust með öðru móti en því að skylda menn beinlínis til þess. Aðrir telja, að æskilegra væri að veita mönnum nokkur frið-

indi, ef menn vilja spara fé sitt á þennan hátt, og ég er í hópi þeirra, sem telja, að það mundi vænlegast til árangurs og vinsælast.

Sumir af formælendum skyldusparnaðarins telja, að skyldusparnaðurinn gefi tryggari og meiri tekjur. Við það er aðeins það að athuga, að sennilegt er, að tekjur margra þeirra, sem eiga að standa undir skyldusparnaðinum, nefnilega unglinga frá 16 ára og allt upp í 26 ára fólk, séu minni og óvissari en annarra aldursflokka, auk þess sem ég tel, að það sé ekki von um eins miklar tekjur af þeim skyldusparnaði, sérstaklega þar sem fjölmargar undanþágur eru líka veittar frá þessu, svo að það er ekki hægt að reikna með því, að hvert ungmenni á þessum aldri spari 5000 kr., og langt frá því, því að það eru fjölmargar undantekningar, eins og við sjáum í lögunum, frá þessu. Ég tel því, að það veitti ekki af að hafa ákvæðin um frjálsa sparnaðinn, sem ég held að allir séu sammála um að rétt sé að gera sem fýsilegastan, sem frjálslegust og hvetja sem flesta til að notfæra sér þau. En það er nú eitthvað annað í þessu frv. Þar er beinlínis stefnt að því, að ekki verði eins mikið gagn að frjálsa sparnaðinum og skyldusparnaðinum. Þeir, sem spara eftir frjálsu sparnaðarleiðinni, fá minni rétt en þeir, sem spara eftir skyldusparnaðarleiðinni. Og þetta er beinlínis dálítið hlálegt, ef maður hugleiðir það, að sá, sem er nú 25 ára og er skyldur til að spara í eitt ár, fær full réttindi, ef hann vill spara áfram; af því að hann er skyldugur til að spara þetta eina ár, þá fær hann full réttindi, þó að hann vilji spara áfram, sem þá er frjálst. Honum er algerlega frjálst, hvort hann heldur áfram að spara, eftir að hann er orðinn 26 ára. Og þá fær hann meiri réttindi en sá, sem af einhverjum ástæðum, annaðhvort vegna aldurs eða annarra ástæðna er ekki skyldur til að spara, en gerir það af fúsum og frjálsum vilja.

Við töldum í umræðunum í n., að það væri sjálfsagt að hafa þennan frjálsa sparnað með sömu réttindum og skyldusparnaðinn, sérstaklega að því er tekur til tekjuskatts- og útsvarsfrelsis það árið, sem sparað er eða fé lagt til hliðar. Það eru nú mikilvægustu forréttindin, sem þeir, sem skyldir eru til skyldusparnaðarins, fá umfram þá, sem spara af frjálsum vilja. Og ég fæ ekki séð, að það sé nokkur ástæða til annars en að veita þeim, sem spara af fúsum vilja, þessi sömu réttindi. Þó skal ég fúslega viðurkenna, að það er eðlilegt að miða þá heimild til frádráttar við t. d. 5000 kr. upphæð, eins og hjá þeim, sem hlunnindanna við skyldusparnaðinn njóta. Og auk þess tel ég, að skynsamlegt hefði verið, að um þetta væru gerðir samningar milli þeirrar lánsstofnunar, sem sparað væri við, og þess, sem ákveður að spara með þessum hætti. Ég veit, að þessu hefur verið þannig háttað sums staðar erlendis og hefur gefizt þar ákaflega vel, þessi frjálsi sparnaður. Það var t. d. svo árið 1955 í Vestur-Þýzkalandi, að þá varð veruleg sparifjáraukning í landinu, venjuleg sparifjáraukning varð í kringum 2 milljarðar marka og skyldusparnaðurinn til húsnæðisbygginga nam svipaðri eða sömu upphæð. Og þar er komin alllöng reynsla á þessa leið og talið, að hún hafi gefizt ákaflega vel. Ég hygg líka, að það sé meira en aldarfjórðungur, sem þessi fríðindi hafa verið þar eða ýmis fríðindi hafa verið þar fyrir þá, sem hafa viljað spara samningsbundið um ákveðið árabil til þess að eignast stofnfé til þess að byggja íbúðir yfir sig og sína. Sömuleiðis eru svipuð lög búin að vera í gildi alllengi í Englandi, og eru þar byggingarsparisjóðir, sem hafa tekið við samningsbundnum sparnaði og greitt svo fyrir mönnum; þegar þessi upphæð, sem spöruð hefur verið, hefur numið eða náð vissu marki, þá hefur verið greitt fyrir mönnum að hefja byggingu eigin íbúða.

Þá eru hér að lokum þess, sem ég í svipinn vil um þetta segja, nokkur orð um ákvæði V. kafla, þar sem á að hækka framlag sveitarfélaga til byggingar íbúðarhúsa í kauptúnum og kaupstöðum, þ. e. framlag til verkamannabústaða. Þarna er gert ráð fyrir að bæta enn pinkli á Skjónu, því að nú hafa þessar upphæðir að vísu verið hækkaðar skv. vísitölu upp í 12 og 18 kr. En vísitöluhækkun er nú ekki nóg að dómi hæstv. ríkisstj. Hvort hana er farið að gruna, að hún sé kannske ekki alveg ábyggileg, þessi vísitala, sem við búum nú við, skal ég ekki segja. En nokkuð er það, að í þessu tilliti er það ekki talið fullnægjandi, heldur á þessum sárfátæku sveitarfélögum, sem hér eiga hlut að máli og flest eða öll berjast í bökkum með afkomu sína og að inna af höndum þær skyldur, sem lög leggja þeim á herðar, — þarna á enn að bæta á þau gjöldum, og nú má ekki duga minna en hækka um helming þau gjöld, sem sveitarfélögin hafa átt að greiða til þessara mála.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Þetta mál er með nokkuð sérstökum hætti. Í fyrsta lagi var töluvert miklu minni sláttur á hæstv. félmrh. hér við 1. umr. málsins heldur en í Ed., þar sem málið var lagt fram og bumbur voru barðar og ráðherra barði sér á brjóst, var með ásakanir og getsakir í garð fyrrv. ríkisstj. um það, hversu gersamlega hún hefði brugðizt skyldu sinni í húsnæðismálunum, en sem betur fer, mundi nú mikið úr rætast fyrir hin glæsilegu og afdrifaríku úrræði, sem hann, hæstv. félmrh., hefði og væri nú að beita sér fyrir. Af öllu þessu átti að mega ráða, að það væri runnin upp ný tíð fyrir þá, sem í húsnæðiserfiðleikunum hafa staðið, og vissulega er ég einn þeirra, sem af einlægni vildu vona, að einhver minnsti fótur væri fyrir öllu því yfirlæti og stærilæti, sem fram hefur komið hjá hæstv. félmrh. og stuðningsmönnum núverandi hæstv. ríkisstj. í sambandi við þessi mál, bæði hér á Alþ. og ekki síst í blöðum þessara flokka. En ég sagði, að málið væri einkennilegt, ekki aðeins vegna þess yfirlætis, sem fylgt hefði því hér inn í þingsalina, heldur einnig vegna þess, að það hefur sennilega sjaldan verið lagt fyrir þingið eins ótrúlega óvandað og illa undirbúið frv. eins og það frv., sem hér er um að ræða, þannig að það mun vera nokkuð einstakt, hversu fjölmargar brtt. hefur þurft við það að flytja, ekki aðeins af stjórnarandstæðingum, heldur ekki síður af hv. stjórnarsinnum, og vita menn þó vel, að það er ekki fyrst og fremst

háttur stjórnarsinna hér að breyta stjfrv. efnislega undir meðferð málsins í þinginu, heldur er það einkenni þessa liðs að láta meira og minna allt fram hjá sér fara og rétta upp höndina þegjandi og hljóðalaust við því, sem ríkisstj. hefur búið þeim í hendur. En nú bregður svo við, að það verður bókstaflega að ganga í það sérstaklega og það af stjórnarsinnum sjálfum að leiðrétta og lagfæra þessa furðulegu vansmíð, sem lögð er fram í þessu máli af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Ég geri ráð fyrir því, að flokksmenn hæstv. félmrh. hafi talið, að það væri mildari meðferð á málinu, sem þeir vildu viðhafa, að flytja við það sem slíkt jafnmargar brtt. og þeir nú gerðu, fremur en hitt, sem sjálfstæðismenn bentu réttilega á, að hér væri verið að halda áfram á þeim grundvelli, sem lagður hafði verið af fyrrv. hæstv. ríkisstj., og öll eðlileg málsmeðferð og form málsins var þess vegna að flytja brtt., sem yrðu, ef þetta frv. var sundurgreint, í raun og veru sáraefnislitlar, við þá löggjöf, sem fyrir hendi var í húsnæðismálum þjóðarinnar. Það var ekki aðeins sem sagt, að flokksmenn hæstv. félmrh. í efrideildarnefndinni, heilbr.- og félmn., hefðu þurft að viðhafa þessa ýtarlegu hreinsun og endurskoðun á frv., heldur mætti það strax í öndverðu af hálfu annarra stuðningsmanna stjórnarinnar í Ed. sérstökum aths., einmitt vegna þess, að hæstv. félmrh. vildi láta líta svo út sem hann væri hér að boða einhver ný og meiri bjargráð í húsnæðismálum þjóðarinnar en áður höfðu verið fyrir hendi, en hann yrði að gæta að því, að grundvöllurinn, sem lagður hefði verið, hefði verið lagður í tíð fyrrv. ríkisstj. og án þeirra átaka, sem þá hefðu verið gerð, *væru ekki framkvæmanlegar þær till.*, sem felast í því frv., sem hér um ræðir.

Við þessa 1. umr. málsins verður að sjálfsögðu fyrst og fremst að miða við almenn atriði þessa máls, en síðar undir meðferð málsins víkja að einstökum greinum og einstökum brtt., sem fluttar kunna að verða eða ég ásamt öðrum þm. mun eiga hlut að máli um að flytja.

Ég vil fyrst snúa mér almennt að þeirri lánsfjáráætlun, sem fylgir þessu frv. Í fyrsta lagi er hún mjög ófullkomin og villandi í sjálfri grg. frv., og í öðru lagi dreg ég mjög í efa þær tölur, sem hæstv. félmrh. hefur viðhaft hér um það, hvað mikið nýtt fjármagn til íbúðarlána muni leiða af þessari löggjöf. Til dæmis þegar hæstv. ráðh. heldur því fram og byggir á því, að það hafi verið reiknað út af starfsmönnum í Landsbankanum, að 15 millj. árlega muni koma af skyldusparnaðarfé unglinga skv. þessum lögum, þá tel ég, að það sé full ástæða til þess undir meðferð málsins að reyna að gera sér nánari grein fyrir þessu, því að það virðist í fljótu bragði liggja í augum uppi, að hér sé um fullkomna fjarstæðu að ræða, og þegar málið er nánar krufið til mergjar, þá sé mjög vafasamt vegna þeirra mörgu undanþága og þeirra hámarka um lánsfjárspörunina, að nokkurt verulegt fé safnist með þeim hætti, sem hér er til stofnað. Með þessu móti er ég ekki út af fyrir sig að leggjast gegn skyldusparnaði, en skyldusparnaður er ekki nýtt fyrirbrigði, sem ekki hefur áður verið rætt um, bæði hér í sölum Alþingis og annars staðar, og hefur þó ekki verið lögfest. Og þegar að því kemur að lögfesta það, þá tel ég mjög mikils um vert, að ákvæði skyldusparnaðarins séu almenn, enda þótt vel megi fella sig við þá hugsun að miða það að einhverju leyti við takmarkaðar stéttir eða æskufólk í þjóðfélaginu, en að öðru leyti einnig þannig, að það sé um einhvern raunhæfan skyldusparnað að ræða. En almennt felli ég mig miklu fremur við þá hugsun að búa þannig að þjóðfélagsþegnunum, að sparnaðurinn komi af frjálsum vilja og án nokkurrar lögþvingunar af hálfu ríkisvaldsins. En það er kannske engin tilviljun, að sú ríkisstj., sem sá skuggi hefur fylgt, að sparifjármynduninni, hinni frjálsu sparifjármyndun í þjóðfélaginu, er alltaf stöðugt að hraka, telji, að það sé nauðsynlegt að lögþvinga þann sparnað, sem ætlazt er til að reyna að ná fram og byggja á að nokkru leyti upp tekjur byggingarsjóðs ríkisins.

Þegar efnahagsástandið í þjóðfélaginu er heilbrigt og fjármálalífið sömuleiðis, þá kemur sparnaðurinn af sjálfu sér, ekki aðeins hjá æskufólki landsins, heldur hjá öllum almenningi. Jafnframt þróun húsnæðismálanna sem og annarra stórvægilegra framkvæmda í þjóðfélaginu á undanförnum árum, í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og á undanförnum áratug, þegar sjálfstæðismenn hafa stöðugt haft mikil ítök og ráðið kannske mestu um stjórnarstefnuna, á þessum árum hefur stöðugt verið vaxandi frjáls sparnaður, sem byggt hefur upp efnahagskerfið og þær miklu framkvæmdir, sem um hefur verið að ræða, og á þeim fyrst og fremst grundvallaðist það nýja og aukna fjármagn, sem til byggingarmálanna fékkst skv. lögunum nr. 55 frá 1955. Og það er kannske fátt, sem er gleggri vottur um hina heilbrigðu þróun í efnahagslífi okkar á undanförnum árum heldur en sú heilladrjúga aukning í sparifjármyndun landsmanna, sem átti sér stað, enda þótt við höfum stöðugt mátt hlusta á það, að fjármálalíf Íslendinga og efnahagslíf væri orðið helsjúkt fyrir tilverknað sjálfstæðismanna fyrst og fremst, og maður heyrir það engu að síður frá framsóknarmönnum nú, þó að þeir allt frá 1950 og þótt lengur væri talið hafi verið í samstjórn með sjálfstæðismönnum og átt fjármálaráðherrana óslitið frá 1950 og þar til stjórnarskiptin urðu á s. l. ári. En það eru eftirtektarverðar staðreyndir, að þegar litið er á sparifjármyndunina í landinu, þá er sparifé alls í bönkum landsins, sparisjóðum og innlánsdeildum kaupfélaganna samtals um 625 millj. kr. árið 1950, en í árslok 1955 er sparifjármyndunin í þessum sömu stofnunum orðin 1272 millj. kr. og hefur þannig liðlega tvöfaldazt á þessu árabili frá 1950 og til ársloka 1955. Þegar slík þróun á sér stað í fjármála- og efnahagslífi þjóðfélags, þá þarf ekki að grípa til skyldusparnaðar. En þegar undan lætur og hallar undan fæti og sparifjárminnkun á sér stað, þá kann vel að vera, að einhver telji vera kominn tíma til og nauðsynlegt sé að lögþvinga fram sparnaðinn, en þá á bara eftir að reyna á það, hvern árangur það kann að bera.

Ég vék að þróun sparifjármyndunarinnar á

árabilinu 1950—55. En ef litið er á þróun þessara mála á s. l. ári, 1956, þá kemur í ljós, að það hefur sjaldan verið meiri sparifjáraukning fyrri hluta árs en einmitt á því ári. Og ef borin eru saman árin 1955 og 1956, þá er sparifjáraukningin í bönkum landsins 67.7 millj. kr. til júníloka árið 1955, en 98.3 millj. kr. frá áramótum til júníloka 1956, eða til þess tíma, sem stjórnarskipti urðu í þessu landi. En frá þeim tíma og til áramóta jókst spariféð árið 1955 um 8 millj. kr., en minnkar um 24 millj. kr. síðari hluta ársins 1956. Og því miður er mjög hæg þróun þessara mála á fyrstu mánuðum yfirstandandi árs, á þeim tíma þó, sem á öllum undanförnum árum hefur verið hvað mest sparifjáraukning.

Þetta eru staðreyndir, sem menn verða að hafa í huga og geta ekki leitt hjá sér, þegar lagt er fram frv. til tekjuöflunar til íbúðabygginga, sem m. a. felur í sér ákvæði um skyldusparnað, vegna þess að sú staðreynd er fyrir hendi og fram hjá henni verður ekki gengið, að það er sama, hvaða löggjafarákvæði verða sett í þessum efnum; ef ekki heldur áfram hagstæð þróun í sparifjármyndun landsmanna, þá eru þessi lagaákvæði og önnur hliðstæð algerlega gagnslaus og haldlaus.

Það má segja, að það sé í raun og veru ekki aðalatriðið að deila um það nú á þessu stigi málsins, hvort áætlun hæstv. ríkisstj. eða hæstv. félmrh. um tekjuöflun af þessu frv. eða löggjöf, ef að lögum verður, muni standast, heldur skiptir að sjálfsögðu öllu máli, hvernig um þau mál fer í framkvæmdinni. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að gera sér fulla grein fyrir í dag og nú, hverju haldið hefur verið fram um þessi efni og hverju spáð hefur verið, til þess að geta á ótvíræðan hátt haft það til samanburðar á síðara stigi málsins, þegar núverandi hæstv. ríkisstj. verður krafin efnda á loforðum sínum. Það er jafnveigamikið og það er nú þýðingarmikið að minnast hinna stóru gífuryrða hv. stjórnarsinna hér við útvarpsumræðurnar í vetur, þegar þeir héldu fram hver á fætur öðrum, að vörurnar hækkuðu alls ekkert í verði í landinu, dýrtíðin mundi ekkert vaxa. Sem betur fer eiga þm. eftir að fá tækifæri til þess að tala til landsmanna í útvarpið, áður en þingi lýkur nú, og væntanlega verður þá hægt að minna landsmenn á, hvað sagt var í þessum efnum af stjórnarliðinu í umræðunum í vetur, fyrir nokkrum mánuðum, en síðan þarf ekki að skýra fyrir fólkinu í þessu landi, hvort vörurnar hafi hækkað í landinu, hvort dýrtíð hafi vaxið í landinu. Það veit og finnur hver einstakur maður í sínu daglega lífi á hverjum einasta degi.

Því hefur verið haldið fram með ótrúlegu yfirlæti og gífuryrðum af hálfu stórnarsinna, að sjálfstæðismenn og fyrrv. ríkisstj. hafi blekkt fólkið í þessu landi, blekkt það til þess að hefja húsbyggingar, sem síðan hafi verið svikizt um að lána því fé til, eins og gefin hafi verið fyrirheit um. Þetta fær engan veginn staðizt. Það er staðreynd, að þegar sett voru húsnæðislögin nr. 55 frá 1955, var áætlað af hálfu þáverandi stjórnarflokka, að á næstu tveimur árum mundu verða handbærar í þessu landi ca. 200 millj. kr. bæði árin í löngum húsnæðislánum, án þess að tilgreint væri, að þau lán væru öll beinlínis lánuð af húsnæðismálastjórn. Þvert á móti kom fram í áætluninni, að tilskilinn hluti var áætlaður sem bein útlán frá húsnæðismálastjórn, annar hluti frá sparisjóðum, lífeyrissjóðum og öðrum peningastofnunum í þessu landi. Þessi ráðgerða áætlun hefur fyllilega staðizt og meira til, því að þegar gert var ráð fyrir um 200 millj. kr. löngum lánum til íbúðabygginga á árunum 1955 og 1956, þá hefur reynslan orðið sú, að þau hafa orðið töluvert meiri og líklega nálægt 230—240 millj. kr.

Það er þess vegna mikil óskammfeilni, sem hæstv. stjórnarstuðningsmenn hafa gert sig seka um æ ofan í æ undir meðferð málsins í Ed. og einnig í blöðum sínum dag eftir dag, að telja, að sjálfstæðismenn hafi brugðizt skyldu sinni, vegna þess að lánveitingar húsnæðismálastjórnar sjálfrar hafi ekki numið þeim 200 millj. kr., sem áætlað var að lánaðar mundu verða í þessu skyni, þegar lögin nr. 55 frá 1955 voru lögð fyrir Alþ. En það var aldrei áætlað. Þvert á móti, eins og ég sagði áðan, annar tiltekinn hluti frá húsnæðismálastjórn sjálfri, en almennt var gerð áætlun um löng lán til íbúðabygginga um 200 millj. kr. á tveimur árum. En það var alveg fullkomlega ósýnt, að hve miklu eða litlu leyti verulegur hluti þessara lánveitinga sveigðist fyrr eða síðar beinlínis inn í þetta almenna lánakerfi, þannig að húsnæðismálastjórn hefði beina íhlutun um lánin. Bæði var þetta fullkomlega óvíst almennt um sparisjóðina í landinu og er enn og eins um lífeyrissjóðina í landinu og tryggingafélögin og marga aðra aðila. Og það skipti vissulega engu höfuðmáli, hvort lánveitingarnar færu fram beinlínis af húsnæðismálastjórn sjálfri, heldur væri aðalatriðið hitt, að lánveitingarnar sveigðust í form hinna almennu lána veðlánakerfisins, a. m. k. ekki með lakari kjörum en þar væri boðið upp á. Og þegar grundvöllur var lagður að húsnæðismálalöggjöfinni 1955, þá var einmitt miðað við það, að hinar almennu peningastofnanir í landinu önnuðust sjálfar lánveitingarnar og þá ekki síður sparisjóðirnir en verið hafði fram til þess tíma, en vitað var, að meginhluti fjármagns þeirra var einmitt lánaður til íbúðabygginga. Og þó voru ákvæði um það, að ef sparisjóðirnir kysu að kaupa bankavaxtabréf af húsnæðismálastjórn, þá gætu þeir látið sjálfir fylgja lista um það, hvaða aðilum eða hvaða einstaklingum í byggðarlagi þeirra skyldi veita húsnæðismálalán, sem svaraði þeim upphæðum bankavaxtabréfa, er þeir keyptu.

Ég fullyrði því hér, að meira og minna af því, sem sagt hefur verið, og allar ásakanir í garð fyrrv. ríkisstj. og sjálfstæðismanna um, að þeir hafi brugðizt skyldu sinni og blekkt almenning í húsnæðismálunum, fær ekki staðizt. Það eru ósannindi og blekkingar, sem verða allar hraktar, þegar hinar raunverulegu staðreyndir eru leiddar fram í dagsins ljós.

Ég vil leyfa mér hér, með leyfi hæstv. forseta, að vitna til greinargerðar Landsbankans um það, hvernig komið hafi verið þessum málum í lok ársins 1955, en í skýrslu, sem Landsbankinn hefur gefið út um það, segir á þessa leið:

„Lánveitingar úr veðdeildinni hófust 1. nóv. 1955, og á þeim 17 mánuðum, sem síðan eru liðnir, hafa A- og B-lán úr veðdeildinni numið 81 millj. kr. til rúmlega 1450 einstaklinga auk 24 millj. kr. til byggingarsjóðs sveitanna. Hafa samningar og heildaráætlanir um lánveitingar fullkomlega staðizt.

Árið 1955 voru löng lán til íbúðabygginga rúmlega 100 millj. kr., en allt bendir til þess, að þau hafi verið um 120—130 millj. kr. á árinu 1956, en skýrslusöfnun um þau er enn ekki lokið.

Mikið hefur líka áunnizt. Nú liggja að vísu enn óafgreiddar 1800 umsóknir, en það er um 800 minna en í upphafi. Allmikill fjöldi þessara íbúða er skammt á veg kominn, en margir, sem umsóknirnar eiga, munu vafalaust geta bjargazt án lána úr veðlánakerfinu.

Á undanförnum 2 árum hefur fleiri íbúðum verið lokið en nokkru sinni fyrr. Árið 1955 var tala nýrra íbúða 1225, og 1956 reyndist hún allmiklu hærri, eða 1439. Það hefur m. ö. o. tekizt að byggja mun fleiri íbúðir en þurft hefði samkv. áætlun húsnæðismálanefndarinnar 1954, sem þó gerði ráð fyrir allmiklum byggingum til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði. Er lítill vafi á því, að hinn mikli fjöldi nýrra íbúða hefur þegar dregið úr húsnæðisskortinum hér í Reykjavík, og sjást þess merki í auknu framboði leiguhúsnæðis.“

Þetta er tilvitnun í skýrslu Landsbankans um árangurinn af lögunum um húsnæðismálastjórn og veðlánakerfi frá 1955.

Öllum mátti vera ljóst, að fyrsta gangan á þessu sviði mundi verða erfið, og vissulega vorum við margir í hópi stuðningsmanna þáverandi ríkisstj., sem bæði óskuðum þess og hefðum viljað, að það hefði mátt taka rösklegri tökum til þeirra mála en gert var. En aðalatriðið var þó, að það var hafinn nýr þáttur í þessum málum hjá okkur Íslendingum, eftir að veðlán til íbúðabygginga, almenn veðlánastarfsemi til íbúðabygginga hafði að verulegu verið vanrækt um margra ára bil, og byrjunin var með þeim hætti, að hún lofaði fullkomlega góðu og gaf fyrirheit um, að ef haldið væri áfram svipað og í upphafi hafði verið gert, þá mundi á mjög skömmum tíma vera búið að byggja upp hér á landi voldugt og sterkt veðlánakerfi til stórkostlegra hagsbóta fyrir almenning í þessu landi. Og það er einmitt á þessum grundvelli, upphafi veðlánakerfisins, sem hæstv. núverandi ríkisstj. byggir till. sínar í þessu máli, sem í sjálfu sér eiga engan veginn neitt skylt við nýja húsnæðismálalöggjöf, heldur eru framhald og að sumu leyti í nokkuð öðru formi en áður var til stofnað. Og þó vil ég segja það, að þar sem gert er ráð fyrir að stofna byggingarsjóð ríkisins og lúðrar þeyttir um nýjan byggingarsjóð ríkisins, þá vita það allir og ekki sízt ríkisstj. sjálf, að hér er ekki um annað en nafnbreytingu að ræða á varasjóði hins almenna veðlánakerfis, sem hér eftir á að nefnast byggingarsjóður ríkisins og verður náttúrlega hvorki minni né stærri til lánveitinga eftir en áður, hvort sem hann heitir varasjóður hins almenna veðlánakerfis eða svokallaður byggingarsjóður ríkisins.

En sannleikurinn er sá, að við erum í senn, sjálfstæðismenn, ásakaðir fyrir að hafa brugðizt skyldum við húsbyggjendur og svo erum við í sömu orðunum sakaðir um að vera að leiða þjóðina í glötun í efnahagsmálum hennar vegna hinnar gífurlegu fjárfestingar í íbúðarmálum, sem við höfum stofnað til.

Ég býst við því, að það haldi eitthvað áfram fram eftir sumri söngurinn um það, að við sjálfstæðismenn höfum stofnað efnahagslífi þjóðarinnar í mikinn voða með hinni miklu fjárfestingu, sem við höfum átt hlut að máli um og ekki sízt í íbúðamálunum, og að það hafi verið með öllu óverjandi af okkur að stofna til þessarar miklu fjárfestingar. Hitt veit ég alveg, eins og tvisvar tveir eru fjórir, að þegar kemur fram í ágúst—september, þá þagna alveg þessar ásakanir; svo byrja í október og nóvember að skjóta upp kollinum kröfur um það frá stjórnarsinnum að auka fjárfestinguna í íbúðamálunum, í byggingarmálunum, og svo þegar kemur fram í desember, þá á að stórauka íbúðabyggingar, einkum í Reykjavík, og þegar kemur fram í janúar, þá vita menn, af hverju þetta á að ske, af því að þá eiga að fara fram bæjarstjórnarkosningar í Reykjavík. Í febrúar 1958 byrjar svo aftur gamli söngurinn um það, að við höfum kollsteypt efnahagskerfi þjóðarinnar með hinni stórkostlegu fjárfestingu í íbúðamálunum fyrr og síðar.

Hæstv. félmrh. vék að því í sinni ræðu, að það væru ákvæði í þessu frv., sem hér er lagt fyrir, um, að það mætti síðar lækka vexti og breyta lánskjörum. Já, miklir menn erum við, Hrólfur minn! Þegar lögin nr. 55 1955 voru lögð fyrir, þá var nú ekki talið fært að fara lengra en það, að lánin skyldu veitt til 25 ára og með 7% vöxtum. Þá stóðu upp stjórnarandstæðingar, þeirra á meðal núverandi hæstv. félmrh., töldu þetta ósvífni og ósvinnu gagnvart almenningi í þessu landi, væru aðeins lánakjör, sem hinir ríku gætu búið við, að fá ekki nema 25 ára lán og með 7% vöxtum. Ég hirði ekki að rekja öll þau stóryrði, sem þá voru höfð í frammi um það, hversu skilningslausir þáverandi stjórnarflokkar væru á þarfir almennings í þessu landi og þessi löggjöf gæti engum komið að liði, því að enginn alþýðumaður í þessu landi gæti byggt eða tekið lán til byggingar húsa með kjörum eins og hér væri um að ræða. En hvað skeður? Nú leggja þessir sömu menn fram — hæstv. félmrh. í broddi fylkingar — nýjar till. í húsnæðismálunum. Þá skyldi maður ætla, að lánin væru löng, til 50 ára eða 100 ára, vextirnir lágir. En hvað skeður? Lánstíminn er sá sami og vaxtakjörin eru þau sömu, en þessir menn hugga sig við það nú, að það sé nú heimild til þess í lögunum að breyta þessu seinna, lækka vextina og lengja lánstímann o. s. frv.

Ég held, að með þessu og mörgu öðru séu þeir búnir, þessir menn, að renna nokkuð kyrfilega niður gífuryrðunum í garð sjálfstæðismanna varðandi þennan þátt þeirra í húsnæðismálunum, eins og á ýmsum öðrum sviðum.

Án þess að ég geti nú við þessa umr. farið út í einstakar greinar eða efni þessa frv., þá hjó ég í það, að hæstv. félmrh. sagði, að það mundi

verða stefnt að því, að lánin yrðu hlutfallslega meiri, þar sem þéttbýli væri minna utan Reykjavíkur og nágrennis. M. ö. o.: það á að fullnægja að meiri hluta þeim stöðum, þar sem þörfin er minni. Ef ég hef heyrt þetta rétt, þá skýtur hér nokkuð skökku við, en ef ég hef misskilið hæstv. ráðh. í þessu efni, þá væri mjög æskilegt, að það væri leiðrétt.

Ég vék að því áðan, að það væri ekki núna hátt risið á þeim mönnum, sem töluðu um lélegu lánskjörin og háu vextina 1955. En það er ekki aðeins á þessu sviði, sem er ekki hátt risið á flm. og stuðningsmönnum þessa máls, sem hér um ræðir, því að hvað á nú að marka stefnuna í húsnæðismálunum á næstunni, eftir því sem hæstv. félmrh. og stuðningsmenn hans boða? Því er haldið fram, að sjálfstæðismenn eigi sök á því, að fólkið hafi byggt óhóflega stórar lúxusíbúðir, og það verði að setja um það strangar reglur, að menn megi ekki byggja nema helzt eins og tveggja herbergja íbúðir og hæst upp í þriggja herbergja íbúðir og annað sé í raun og veru ósvinna.

Það er furðulegt að boða Íslendingum annan eins boðskap eins og þetta. Bæði Reykvíkingar og aðrir hér á landi muna þá tíð, þegar menn bjuggu í mjög lélegu húsnæði, þar sem ekki aðeins íbúðirnar sjálfar voru lélegar, heldur íbúðarherbergin voru fá. En sem betur fer hefur þróun málanna á undanförnum árum á þessu sviði verið hliðstæð og á mörgum öðrum sviðum, eins og t. d. á sviði raforkumálanna; þegar ljós og hiti hefur verið að færast æ lengra um landið, þegar ræktunin hefur verið að færast yfir æ stærri hluta og landssvæði í öllum landsfjórðungum, þegar samgöngur hafa batnað til sjós og lands og í lofti á þessu landi, þá hefur fólkið einnig mátt fagna því láni, að íbúðarhúsnæði þess hefur smátt og smátt verið að breytast, breytast til batnaðar, þannig að íbúðirnar hafa orðið stærri og fullnægt betur þörfum fólksins.

Þetta er ekki þróun, sem við þurfum að bera kinnroða fyrir, heldur er það til skammar að boða nú í dag þörfina á því að skera niður íbúðastærðina almennt í þessu þjóðfélagi, og þá erum við að hverfa til þeirrar stefnu, sem nágrannaþjóðir okkar að vísu á undanförnum árum höfðu hallazt nokkuð mikið að, en eru algerlega að hverfa frá og er orðið mjög viðurhlutamikið viðfangsefni hjá þeim, hversu mikið er einmitt af smáíbúðum í hinum ýmsu stórborgum Norðurlanda, enda er það svo, að þegar l. um verkamannabústaði voru sett á sínum tíma, þá var gert ráð fyrir því, að í þeim mættu vera fjögurra herbergja íbúðir. Nú heita það á máli hæstv. félmrh. lúxusíbúðir. Þegar Reykjavíkurbær er að undirbúa áætlun um að útrýma heilsuspillandi íbúðum og útrýma öllum herskálum hér á næstu árum, þá eru í þeirri áætlun svokallaðar raðhúsabyggingar, sem eru fyrsti áfangi þessarar áætlunar. Þær eru allar fjögurra herbergja íbúðir. Nú heitir þetta á máli hæstv. ríkisstj. lúxusíbúðir og óhófsíbúðir.

Ég vil minna á það, að árið 1928 voru í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur um 5228 íbúðir og þar af voru 2924 íbúðir eins eða tveggja herbergja með eldhúsi, eða nærri 56% af íbúðum, 55,9%, voru eins og tveggja herbergja íbúðir og þá voru um 4.8 manns á hverja íbúð. Í árslok 1947, eða nærri 20 árum síðar, eru íbúðirnar í bænum 10908 og þar af eru 1555 eins og tveggja herbergja íbúðir, eða 14.3%. Þessum litlu íbúðum, eins og tveggja herbergja íbúðum, hefur þess vegna fækkað um 1369 íbúðir fyrir utan þær eins og tveggja herbergja íbúðir nýjar, sem byggðar voru á þessu árabili. Þetta tel ég heilbrigða og ánægjulega þróun í höfuðstað landsins, og það væri stórkostlega varhugavert, ef svo kreppti að Reykvíkingum, að þeir þyrftu aftur að hverfa að því að byggja langsamlega mikinn meiri hl. af íbúðum sínum eins og tveggja herbergja íbúðir.

Það er lítill fótur fyrir ásökunum og getsökum stjórnarliða núna um lúxusíbúðir og óhófsíbúðir, og ef litið er á meðalstærð íbúða í Reykjavík, þá verða þessar tölur fyrir hendi: 1935 var meðalstærðin 298 m³, 1940 230 m³, 1945 301, 1950 325, 1955 359 m³ og 1956 353 m³, m. ö. o. á s. l. ári nokkru lægri meðalstærð en árið áður, eða 353 m³, og ég hygg, að þegar þessi mál eru skoðuð ofan í kjölinn, þá sjái menn augljóslega, að það veldur engum vandkvæðum stærð íbúðanna hér í höfuðstað landsins, enda þótt í þessum efnum séu eins og öllum öðrum ýmsar misfellur og einstakir aðilar fari þar kannske út fyrir eðlileg takmörk.

Við erum því miður í þeirri aðstöðu að geta borið okkur saman við þá nágrannaþjóð okkar, sem kannske stendur fremst á sviði íbúðamálanna af Norðurlandaþjóðunum, Svía, varðandi þéttbýli hér í höfuðborginni, enda þótt húsnæðisskorturinn hafi verið mikið vandamál á undanförnum árum. En ef teknar eru samanburðartölur, þá kemur það í ljós, að á hvert herbergi voru hér 1928 1.09 einstakiingar, 1940 1.18, 1950 1.05 og 1956 0.99, eða tæplega einn maður á hvert herbergi. Til samanburðar í höfuðstað Svíaríkis er þetta 1946 1.05 og á s. l. ári 0.91, eða næstum því sama tala og er hér hjá okkur Reykvíkingum.

Ég vil vekja athygli á því, að langsamlega mestur hlutinn af íbúðunum í höfuðborg Svíþjóðar hefur verið fram að þessu einmitt eins og tveggja herbergja íbúðir, sem nú eru að valda svo miklum vandkvæðum, að menn stefna hröðum skrefum frá þeirri þróun, enda má segja, að þessi þróun hljóti í miklu minni mæli en hjá flestum öðrum á undanförnum árum að hafa markazt af fjárhagsörðugleikum, þar sem vitað er, að Svíar hafa á undanförnum árum reyndar og um lengri tíma verið mjög vel fjáð þjóð og haft miklu meira fé einmitt til fjárfestingarframkvæmda eins og íbúðabygginga heldur en nokkrar aðrar nálægar þjóðir eða nokkurt af hinum Norðurlöndunum. En það er sem sagt, að það eru um 70% af öllum íbúðunum í Stokkhólmsborg, sem eru eins og tveggja herbergja íbúðir. Og frá þessu er nú búið að taka þá stefnu að hverfa stórlega frá þessum minni íbúðum og stækka íbúðirnar, og ef við lítum á hæfilegan mælikvarða í byggingarframkvæmdum höfuðborgar Svíþjóðar núna, þá gera þeir ráð fyrir eins og tveggja herbergja íbúðum, að þær megi ekki í byggingarframkvæmdunum fara yfir 30%

af íbúðarnýbyggingunum, í staðinn fyrir að heildin er 70% nú, og þriggja herbergja íbúðirnar megi vera allt að 55% og stærri íbúðirnar 15%.

Við Reykvíkingar höfum, eins og ég sagði áðan, átt við mikla erfiðleika að stríða í húsnæðismálunum á undanförnum 1½ áratug, eða síðasta áratug, og það fyrst og fremst vegna hins mikla aðstreymis til Reykjavíkur og hinnar öru fólksfjölgunar. Þannig er það, að frá árinu 1940 og til ársloka 1956 eru byggðar hér í Reykjavík um 6967 íbúðir, eða 46.4% allra íbúða í bænum. En skiptingin á íbúðastærðir er nokkuð athyglisverð hjá okkur, eins og ég hef verið að víkja að, og vil ég þó gera nokkru nánari grein fyrir því, að eftir því sem upplýsingar liggja fyrir frá byggingarfulltrúa, þá var hér 1928 ástandið í þessum málum þannig, að eitt herbergi og eldhús voru íbúðir, sem voru 24.8% af íbúðunum, 2 herbergi og eldhús voru 31.1% og 3 herbergi eða fleiri og eldhús 44.1%. 1940 eru sömu tölur 1 herbergi og eldhús 8.8%, 2 herbergi og eldhús 30.2% og 3 herbergi eða fleiri og eldhús 61%. 1950 er 1 herbergi og eldhús komið úr 24.8% 1928 niður í 6.2% af íbúðunum og 2 herbergi og eldhús 28.3% og 3 herbergi og eldhús eða fleiri 65.4%. Og á s. l. ári eru hlutföllin 5.2% 1 herbergi og eldhús, 25.3% 2 herbergi og eldhús og 69.5% 3 herbergi o. fl. og eldhús, eða nærri 70%. Minnstu íbúðunum hefur þess vegna fækkað frá 1928 úr 24.8% af íbúðafjöldanum niður í 5.2%, en stærri íbúðunum hefur fjölgað úr 44.1% upp í 69.5%.

Þessi þróun er ekki til að harma, heldur er hún mikið fagnaðarefni og mjög veigamikið atriði, að okkur lánist að halda áfram á svipuðum vegi eins og við höfum þarna verið. En það er nokkuð, sem við verðum að hafa í huga hér hjá okkur, þegar rætt er um erfiðleika bæjarfélaganna til þess að leysa úr húsnæðisvandræðunum, og segi ég það vegna þess, að það kemur ósjaldan fram, að sjálfstæðismenn séu ásakaðir fyrir það, af því að þeir hafa verið og eru í meirihlutaaðstöðu í Reykjavík, að þeir hafi ekki verið nógu ötulir í aðgerðum bæjarfélagsins til þess að láta byggja íbúðarhúsnæði í bænum. Hér er ólíku saman að jafna hjá bæjarfélögunum hjá okkur og hjá ýmsum okkar nágrannaþjóðum, og ef við gerum samanburð við Stokkhólmsborg, sem ég minntist á áðan, þá er það svo, að á öllum undanförnum árum hefur bæjarfélagið þar eða borgarstjórnin á hverjum tíma haft aðgang að lánum, sem ríkisvaldið hefur lagt grundvöllinn að og af ríkisvaldinu hafa verið tryggð, sem nema 100% af byggingarkostnaðinum og eru með 3% vöxtum og til mjög langs tíma, eða til 40 ára. Hafi byggingarsamvinnufélög óskað að byggja almenningsíbúðir í þessari borg, þá hafa þeim af hálfu ríkisvaldsins verið tryggð 95% lán með 3% vöxtum til 40 ára. Og hafi einstaklingar óskað að byggja yfir sig sjálfir, eða félög þeirra, þá hafa þeim á sama hátt verið tryggð 85% lán af kostnaðarverðinu með 3% vöxtum til 40 ára. Ég hygg, að af þessu megi menn dæma, að aðstaðan væri nokkuð önnur í þessu og öðrum bæjarfélögum, ef bæjarfélögin og sveitarfélögin hefðu í raun og veru alveg getað sleppt áhyggjunum af lánsfjármálunum og peningahlið málanna í sambandi við íbúðabyggingar og útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis. En hér hefur það verið svo, eins og kunnugt er, um margra ára skeið, að engin heildarlöggjöf hefur verið í þessu efni, gerð tilraun til þess, eins og hv. þm. rekur minni til, árið 1946 með l. um íbúðabyggingar þá, þar sem bæjarfélögin áttu lagalegan rétt til allt að 85% lána með lágum vöxtum til langs tíma, en sú löggjöf stóðst ekki nema mjög skamman tíma og þurfti síðan að fresta framkvæmd hennar, vegna þess að við lifum ekki í svo fjársterku þjóðfélagi, Íslendingar, að við höfum getað leyft okkur þetta, enda sjáum við, að mælikvarðinn er allur annar hér nú í þessu frv. og eins í fyrri löggjöfinni, þegar verið var að tala um almenn lán 70—100 þús. kr., sem í flestum tilfellum er ekki nema lítill hluti af byggingarkostnaðinum, og þau eiga að vera til 25 ára og með 7% vöxtum.

Hins vegar er það svo, að vegna atorku og dugnaðar þessarar þjóðar og rösklegs einkaframtaks hefur þrátt fyrir hina miklu lánsfjárörðugleika tekizt á undanförnum árum að lyfta Grettistökum í íbúðabyggingum í höfuðstað landsins og annars staðar á landinu. Byggingarframkvæmdirnar hafa í raun og veru verið það miklar, að þær hafa fullkomlega samsvarað fólksfjölguninni og aðstreymi fólksins hér, en hins vegar er enn ógert það hlutverk að útrýma lélegum og heilsuspillandi íbúðum, og þarf mikið átak, áður en því er lokið, en vonir standa til, að a. m. k. á næstu fáum árum þá verði því verkefni að mestu leyti lokið hér í Reykjavík, ef ekki núverandi hæstv. ríkisstj. með aðgerðum sínum í efnahagsmálum og á öðrum sviðum verður búin að kippa grundvellinum undan áframhaldandi þróun á þessu sviði.

Það er einnig augljós aðstöðumunurinn, sem við búum hér við að því leyti, að hér er langsamlega mestur hlutinn af íbúðabyggingunum í höndum einstaklinganna sjálfra, sem byggja þetta og leggja þá nótt við dag, byggja íbúðirnar í aukavinnu og næturvinnu og með aðstoð vina sinna og skyldmenna. Tel ég, að hin yngri kynslóð nú hafi lagt á sig meira erfiði í þessum efnum en nokkur önnur kynslóð hér á landi fyrr eða síðar og eigi mikið lof skilið, og hef ég áður látið í ljós, bæði hér og annars staðar, að ég tel undraverðan þann dugnað, sem einstaklingar hafa sýnt hér og annars staðar á undanförnum árum í íbúðabyggingum sínum, miðað við þá erfiðu aðstöðu, sem þeir hafa átt við að búa. Ef við lítum á hlutfallið milli þess, hvað bæjarfélagið byggir mikið hér í höfuðstað Reykjavíkur og einstaklingar annars vegar, og berum það saman við nágranna okkar, þá er á það að líta, að frá árunum 1931—47 byggði bæjarfélagið hér 5.2% af íbúðunum, en einstaklingar og félög 88.3%. Afgangurinn var svo verkamannabústaðir og aðrar byggingar. Á árunum 1948—56 byggði bæjarfélagið 5.7% af byggingunum, en einstaklingar og félög 91.4%. Ef þetta er borið saman við byggingarframkvæmdir í Stokkhólmsborg, þá kemur í ljós, að þar hefur bæjarfélagið byggt á árunum 1952—56 57% eða meira en helminginn af öllum íbúðum, sem þar hafa verið byggðar,

57% á móti 5.7% hér í Reykjavík, og einstaklingarnir þar sjálfir 30% á móti 91.4% hér. Þeim mun sárara er það, þegar einstaklingar og samtök þeirra hafa lagt á sig jafnmikinn dugnað og sýnt jafnmikla elju eins og á sviði þessara mála, að það opinbera hefur ekki reynzt þess megnugra en raun ber vitni að rétta þeim hjálparhönd einmitt á sviði lánsfjármálanna, og ber því að fagna öllum till., sem fram koma til úrbóta á þessu sviði, þó að hins vegar sé fullkomin ástæða til að gjalda varhuga við öllu því, sem teljast verður skrum og gylliboð í þessu sambandi, og umfram allt verð ég að taka fram, að að svo miklu leyti sem till. þær, sem hér eru fram bornar, verða að gagni, þá er það fyrst og fremst af því, að þær geta orðið reistar á þeim grundvelli, sem þegar hefur verið lagður af forsjálni í tíð fyrrverandi ríkisstj. og ekki sízt undir forustu sjálfstæðismanna.

Hæstv. félmrh. vék að því, að það mundi vera *handbært fé til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum* af hálfu þess opinbera eða ríkissjóðs með þeim framlögum, sem ætluð eru á fjárlögum 1957, — ég tók eftir, að það væri nálægt 8 millj. kr., og það á að mæta að jöfnu framlagi frá bæjarfélögunum, þegar byggt er, og ef bæjarfélögin legðu af sinni hálfu 8 millj. til þessara mála, þá mundi á þessu ári vera kleift að verja 16 millj. kr. til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Þetta er í sjálfu sér gott, en mun þó skammt hrökkva, því að vitað er, að byggingaráætlun Reykjavíkurbæjar til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, sem nú er verið að vinna að, er í það stórum sniðum, að Reykjavíkurbær þarf að verja miklu meira en 8 millj. kr. á þessu ári til þeirra framkvæmda. Á fjárhagsáætlun eru 10 millj. kr. til þeirra framkvæmda. Því verður áreiðanlega öllu varið, og ef vel árar, þá mætti e. t. v. hugsa sér, að síðar á árinu væri hægt að bæta við það fjármagn úr bæjarsjóði Reykjavíkur, og jafnframt er svo um að ræða lánsheimild hjá bæjarfélaginu til íbúðabygginga til þess að auka við þetta svo sem nauðsynlegt væri að hagnýta til þess að halda þeim hraða, sem æskilegastur væri í þessum efnum. Þegar þetta er haft í huga, þá sést, að skammt hrekkur það fé, sem það opinbera hefur aflögu, því að þá er minna en ekki neitt eftir handa öðrum bæjarfélögum og ekki einungis til að fullnægja þörfum Reykjavíkur einnar.

Við höfum lagt til, sjálfstæðismenn, á þessu þingi, að *hagnýtt væri lagaheimild, sem var* fyrir í l. nr. 55 frá 1955 til erlendrar lántöku til íbúðabygginga. Ég hef áður haldið því fram, að ástandið í íbúðamálunum hafi einmitt verið þannig, að það öðru fremur hafi réttlætt erlenda lántöku til þessara mála, ef hún væri fáanleg, og innan fyrrv. ríkisstj. voru þau mál einmitt til umr., og upplýst hefur verið að erlent lánsfé stóð Íslendingum þá til boða, sem að einhverju leyti hefði verið hægt að verja til þessara mála. Við höfum lagt áherzlu á, að hæstv. ríkisstj. reyndi að hagnýta heimild l. frá 1955 til erlendrar lántöku og það vegna þess, að nú er ástandið þannig, eins og margoft hefur verið bent á, að svo margar íbúðir eru í smíðum, og í því er mikill þjóðhagslegur hagnaður að gera sérstakt aukaátak til þess að fá þeim lokið. Hef ég áður á þessu þingi sýnt fram á, að miðað við fólksfjölgunina hér í bænum á undanförnum árum, ætti að mega ganga út frá því, að húsnæðisskortinum væri algerlega eytt á næstu 2—3 árum, ef öllum þessum íbúðum, sem nú eru í smíðum, væri á sama tíma lokið og nokkur eðlileg viðbót kæmi til. En í sjálfu sér væri það ekki stórt átak að miða við í íbúðamálunum. Við megum ekki gleyma því, að þótt erfiðleikarnir séu miklir í dag, þá erum við þó ótrúlega langt á leið komnir með þær mörgu hálfbyggðu íbúðir, sem nú eru í smíðum. Þær eru að vísu mikið vandamál og gætu valdið stórkostlegum áhyggjum, ef menn þyrftu að óttast, að til stöðvunar kæmi í þessum framkvæmdum. Þess vegna ber að sjálfsögðu að beina bæði þeirri aðstoð, sem bæjarfélög og ríkisvaldið getur veitt í þessum málum, lánsfjármálum íbúðabygginganna, á næstu árum fyrst og fremst að því að fá lokið *þessum mörgu íbúðum, sem ekki aðeins eru í* smíðum hér í Reykjavík, heldur á gervöllu landinu.

Ég skal ekki svo núna við þessa 1. umr. hafa mörg fleiri orð um þetta mál. Ég hef viljað rekja það almennt, en að sjálfsögðu þurfa hin einstöku atriði þess að athugast miklu nánar undir meðferð málsins. Það er að vísu svo, að við sjálfstæðismenn verðum mjög varir við það, að það ber ekki mikinn árangur í stjórnarherbúðunum, þó að við viljum færa til betri vegar málefni, sem þeir hafa flutt inn í þingið og þarfnast vissulega umbóta við, en engu að síður munum við ekki liggja á liði okkar í þessu efni.

Ég vil svo aðeins ljúka máli mínu með því að spyrja hæstv. félmrh., hvort það muni vera rétt, sem haft hefur verið eftir, að fyrir einhver mistök hafi hér ekki alls fyrir löngu verið byrjað að útbýta frv. um húsaleigu, sem flytja hefði átt af hæstv. ríkisstj., en því hefði verið kippt til baka og síðan hafi það verið læst inni í einhverjum skáp. Það er nokkuð mikill orðrómur um þetta, og ég held, að það gæti verið ágætt að hreinsa svolítið til í þessu máli og fá dálítið að vita um örlög þessa húsaleigufrv. og hvers borgarar þessa bæjar og íbúar landsins almennt eiga að vænta í þessum efnum. Finnst mér þá tilvalið tækifæri að inna hæstv. félmrh. eftir því nú, hvort ekki væri hægt að opna skápinn áður en þingi lýkur.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. hefur svo rækilega gert húsnæðismálunum almenn skil hér í sinni ræðu, að það er ekki ástæða til þess, að ég hafi mörg orð um það efni, en það voru þó örfá atriði, sem mig langaði til að minnast hér á við þessa umr.

Það er töluvert lærdómsríkt að bera saman í þessu máli eins og fleirum, sem hér hafa komið fyrir hið háa Alþingi nú, ummæli og fullyrðingar hv. núv. stjórnarflokka nú, eftir að þeir hafa komizt í valdastóla, og áður, þegar þeir voru að deila á fyrrverandi ríkisstj. fyrir hennar aðgerðir. Þá var vissulega meiri stórhugurinn og ætlunin að gera stór átök, eða a. m. k. þess var krafizt af þeirri ríkisstj. eða þeim ríkisstj., að þær gerðu stór átök. Maður gæti freistazt til þess

að halda, þegar borin eru saman orðin þá og efndirnar nú, að þessir hv. flokkar bæru jafnvel ekki sama traust til núverandi ríkisstj. og hinna fyrrverandi, vegna þess að þeir ætluðust til svo miklu meira af þeim en þeir ætlast til af þessari ríkisstj.

Ég hef hér fyrir framan mig brtt., mjög veigamiklar, sem fluttar voru á þingi 1954 við húsnæðismálafrv., sem hæstv. þáv. ríkisstj. lagði fram og varð síðan að þeirri húsnæðismálalöggjöf, sem nú gildir. Þær brtt. byrja nú hvorki meira né minna en með þeirri hátíðlegu yfirlýsingu, að sérhver íslenzkur ríkisborgari, sem ekki eigi sjálfur íbúð, sem hæf sé til íbúðar, eigi rétt til að byggja sér íbúðarhús með einni íbúð eða stærra hús, ef hann byggir með öðrum. Á hann kröfu á að fá til þess aðstoð frá því opinbera, sem nánar er kveðið á um í þessum lögum. Síðan koma ákvæðin um lán, allt upp í 90% af kostnaðarverði, og hefðu þessi ákvæði verið lögfest, hefði það verið tvímælalaus skylda ríkisins að sjá um, að menn fengju lán sem þessu næmi. Það hefði vissulega verið ánægjuefni, ef hægt hefði verið að lögfesta þessar stórhuga till., sem þarna voru fram settar af manni, sem nú er mikill áhrifamaður í stjórnarliðinu, og þess hefði vissulega mátt vænta og vafalaust hafa ýmsir gert ráð fyrir því, að þegar nú hann og hans flokksbræður hefðu hin æðstu völd varðandi húsnæðismálin og skipan þeirra, þá mundi vera gert veigamikið átak til þess að tryggja framgang þessarar stóru hugsjónar. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er árangur þessarar baráttu.

Það er að vísu talað töluvert stórum orðum um það átak, sem hér sé gert í húsnæðismálunum, en ég er hræddur um, að þegar menn fara að koma og leita eftir sínum stóru lánum, sem einu sinni var lagt til að menn ættu kröfu á að fá, þá verði erfiðara um úrlausn en ætla hefði mátt eftir hinum fyrri loforðum.

Það skal að vísu fram tekið, að það er næsta erfitt að átta sig á, hvað raunverulega er hér um að ræða. Það er að vísu ljóst, að það er aðeins um að ræða tvo nýja tekjustofna, annars vegar 1% álag á öll aðflutningsgjöld og hins vegar skyldusparnaðinn. Það eru einu nýju tekjuliðirnir, sem koma samkvæmt þessu frv. Að vísu er um að ræða einhverja smávægilega hækkun á framlagi til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði, en það er hverfandi lítið og skiptir ekki miklu máli. Það ætti að vera nokkurn veginn auðvelt að gera sér grein fyrir, hvað 1% álag á alla tolla gefur, en hitt er auðvitað gersamlega í lausu lofti, hvað skyldusparnaðurinn gefur í aðra hönd, eins og hér hefur áður verið minnzt á.

Það er auðvitað saga út af fyrir sig, hvernig allt þetta tollkerfi er orðið. Það mun hafa verið samþ. hér áður á þingi að leggja 1% ofan á aðflutningsgjöld, síðan kemur annað 1% ofan á aðflutningsgjöld og væntanlega það eina prósent, og það má gera ráð fyrir, að það geti orðið æði mörg prósentin, sem þannig komi áfram, ef svipaðri stefnu verður fylgt. Út í þá sálma skal ég ekki fara, en allt þetta flókna skattakerfi, sem að vísu var flókið áður, hefur nú verið af þessari hæstv. ríkisstj. gert flóknara en það nokkru sinni áður hefur verið, svo flókið, að fjöldamargir, sem með það eiga að fara, eiga erfitt með að átta sig á, hvað raunverulega í því felist, sbr. bjargráðatollana svokölluðu og framkvæmd þeirra. Það er mál út af fyrir sig, og skal ég ekki hafa á móti því, að til þessara þjóðnýtu framkvæmda sé aflað fjár á þennan veg, en það væri vissulega þess virði fyrir hæstv. ríkisstj. að reyna að gera sér grein fyrir því eða hæstv. fjmrh., hvort ekki væri hægt að koma þessu fyrir öllu á þann veg, að ekki yrði úr þessu fullkominn óskapnaður, eins og virðist óneitanlega stefna með þessu álagi á álag ofan, eins og hér er gert ráð fyrir.

En það eru ýmis atriði í sambandi við þetta, sem eru ákaflega óljós og ég vildi leyfa mér að spyrjast fyrir um hjá hæstv. félmrh. og biðja hann að útskýra nánar. Hann hefur vísað til þess, að í grg. frv. væri útskýrt, hvernig tekjum þessa kerfis væri háttað, bæði veðlánakerfisins og byggingarsjóðsins. En ég verð nú að játa, — það má segja, að ég sé ekki mikill reikningsmaður, — en ég verð að játa það a. m. k., að mín reikningskúnst nær ekki það langt, að ég geti til hlítar áttað mig á, hvað hér er alls staðar um að ræða, og geri ég ráð fyrir, að hæstv. ráðh. sé reiðubúinn til þess að upplýsa um það.

Í fyrsta lagi er það atriðið, sem er auðvitað veigamesti þáttur þessa máls, a. m. k. þangað til byggingarsjóði vex fiskur um hrygg, hvað verður til ráðstöfunar eftir hinum fyrri ákvæðum hins almenna veðlánakerfis. Það er talað um það í frv., að ríkisstj. muni sjá um, að húsnæðismálastjórn fái til úthlutunar á árinu 1957 eigi minni fjárhæð auk byggingarsjóðsins en 44 millj. kr., og mun hún taka upp samninga við banka og tryggingafélög. Það er nú æði mikið liðið af árinu, og ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort þessir samningar hafi verið gerðir eða hvaða horfur eru um þá eða hvaða leiðir aðrar ríkisstj. hugsar sér þá að fara til þess að tryggja þetta fé. Mér sýnist þetta allt vera ákaflega í lausu lofti og stinga mjög í stúf við það, sem var við undirbúning húsnæðismálafrv. fyrrv. ríkisstj., þar sem beinlínis fyrir fram hafði verið samið um til tveggja ára við bankana, hvaða fé væri til ráðstöfunar. Hér er sagt aðeins það eitt, að það verði séð um þetta í ár, það verði teknir upp samningar við banka og ef það ekki takist, þá skilst manni, að það eigi að afla þess á annan hátt. En ég vil leyfa mér að spyrja: Hefur þetta ekki verið skipulagt lengra fram í tímann, eða er ætlunin e. t. v., að hið almenna veðlánakerfi hætti störfum eftir árið í ár, er það allt í fullkominni óvissu, hvernig verður með þessi lán, sem eru þó stærsti hlutinn af því lánsfé, sem gert er ráð fyrir að verði til ráðstöfunar til húsnæðismálanna? Mér finnst þetta vera mjög veigamikið atriði, og væri æskilegt, að hæstv. ráðh. gæti gefið þm. upplýsingar um, hvað hér raunverulega er um að ræða og hvað er hægt að byggja á þessum óljósu orðum, sem hér er að finna í frv.

Þá vil ég enn fremur leyfa mér að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ráðh., hvaða 8 millj.

það eru, sem vísað er til neðar á 8. bls. í grg.: auk þess greiðir ríkissjóður 8 millj. kr. til verkamannabústaða. Það er rétt, að framlagið til verkamannabústaða var tvöfaldað á fjárl., úr 2 í 4 millj., en hvaða 8 millj. eru þetta, sem þarna koma til viðbótar?

Þá vildi ég enn fremur leyfa mér að biðja hæstv. ráðh. að sundurliða það, hvernig er fengin út sú tala, að á árinu 1957 verði a. m. k. 33 millj. kr. meira til úthlutunar í húsbyggingarlánum hins almenna kerfis, þ. e. a. s. sem beint er lánað af húsnæðismálastjórninni, skilst mér vera, heldur en á árinu 1956.

Þá vil ég í þriðja lagi spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ráðh., hvernig það er fundið út, að af stofnfé byggingarsjóðs ríkisins, sem tilgreint er að nemi 118.2 millj. kr., séu árlegar tekjur 23 millj. kr., að vísu er tekið fram, að það verði á árinu 1958. Ég vildi spyrjast fyrir um, hvernig það er fundið út, að það verði það það ár — og hverjar verða tekjurnar í ár? Það er, eins og hér var minnzt á áðan, að sjálfsögðu ákaflega villandi, þegar talað er um, að það sé stofnaður byggingarsjóður með 118 millj. kr. stofnfé, og þessu slegið upp. Ég er hræddur um, að hæstv. félmrh. eigi eftir að hafa af því ýmiss konar óþægindi að segja fólki, að það sé myndaður sjóður með 118 millj. kr. framlagi, og það muni ýmsir hugsa sem svo, að þeir gætu e. t. v. fengið lán úr þessum sjóði. En það er nú eitthvað annað. 53.2 millj. kr. af þessu fé eru ⅝ hlutar af væntanlegum stóreignaskatti, sem á að borgast á 10 árum, og allur hinn hluti sjóðsins er gamalt fé, sem er í þessari starfsemi. Það er varasjóður hins almenna veðlánakerfis, sem áður er til, 20.9 millj., það er lán ríkisins til lánadeildar smáíbúða, sem allt er í útlánum, 32.8 millj., og það eru A-flokkabréf ríkisins, sem einnig mun allt vera í útlánum, 11.3 millj., þannig að hér er vitanlega ekki um neitt nýtt fé að ræða nema þessar 5 millj., sem gert er ráð fyrir að stóreignaskatturinn gefi. Ég sé ekki betur en það sé það eina, sem er nýtt fé, en hins vegar talað um það með allmiklu yfirlæti, að það sé stofnaður byggingarsjóður með 118 millj. kr. stofnfé.

Ég vil svo að lokum spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ráðh., hvað mikið verði til útlána á árinu 1957. Hvað mikið fé verður til útlána á árinu 1957 til viðbótar þessum 44 millj., sem ríkisstj. segist ætla að útvega og er það sama og lagt var fram á síðastliðnu ári af bönkunum, hvað há upphæð verður á þessu ári til úthlutunar til viðbótar þessu framlagi banka, sem þarna er gert ráð fyrir? Það er að sjálfsögðu ljóst eða sýnist vera það, að það verði lítið, sem komi inn af skyldusparnaði á þessu ári. Stóreignaskatturinn, það er upplýst, að ekkert af honum verði innheimt á þessu ári, þannig að mér sýnist, ef þarna er ekki um einhvern misskilning að ræða hjá mér, að það sé tiltölulega ákaflega lítið fé, sem þarna komi inn til viðbótar, þannig að það sé ekki mikið, sem hægt sé að stæra sig af í því sambandi.

Þetta voru þau atriði varðandi lánsféð, sem til ráðstöfunar er, sem ég vildi sérstaklega biðja hæstv. ráðh. um upplýsingar um, og vona að hann sé fús til þess að gefa þær upplýsingar.

Til viðbótar því, sem ég áðan sagði um undrun manna yfir því, að ekki skyldu vera fram bornar þær stóru hugsjónir, sem áður voru fram settar af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. sumum hverjum, eru ýmis önnur atriði þessa frv., sem hljóta að vekja allmikla undrun hjá þeim, sem minnast fullyrðinga bæði sósialista og Alþýðuflokksmanna hér á Alþingi, þegar húsnæðismálalöggjöf ríkisstj. var þar til meðferðar. Ekki hvað sízt var þá tvennt, sem var haldið fram, annars vegar, að það væri hin mesta fásinna að vera að setja hér upp eitthvert húsnæðismálakerfi, eitthvert nýtt bákn, og heldur ætti að fela það veðdeild Landsbankans, sem gæti séð um þetta allt saman, — það kom fram í öllum þeim brtt., sem þá voru fram lagðar, og var önnur aðaluppistaðan í áróðrinum, að þarna væri gersamlega fráleitt að vera að setja upp nýtt embættismannabákn, sem ætti að leggja grundvöll að hlutdrægni og öðru illu í sambandi við þessi mál.

Nú gerist það hins vegar, að það er ætlunin að setja upp fasta stofnun, í rauninni miklu veigameiri stofnun en nú er starfandi, og færa út hennar starfsemi á margan máta, og það sem merkilegra er, að það er gert ráð fyrir því, sem var áður stórkostlega fordæmt og talið vera sönnun um, að þarna ætti að beita pólitískri hlutdrægni við lánveitingar, að fulltrúi Landsbankans hefði ekki atkvæðisrétt um lánveitingar. Það var m. a. bent á það þá af hæstv. núverandi félmrh., að þetta væri fullkomlega vítavert og sýndi, hver ætlunin væri með þessu, að láta þann manninn, sem helzt hefði vit á þessum málum, alls ekki hafa atkvæðisrétt um lánveitingar. Þetta er annað atriði málsins, sem þessir hv. núverandi forustumenn í þjóðmálum og í ríkisstj. hafa sjálfir gersamlega fallið frá, og hitt atriðið, sem ekki er minna, er ákvæðin um vextina. Það var tekið fram af hv. þáverandi 2. þm. Reykv., að það væri fullkomin óhæfa að hafa þessa vexti svona háa, og hæstv. núv. menntmrh. flutti þá langt mál um það, að þetta sýndi, að það væri alls ekki ætlunin að leysa húsnæðismálin, því að þarna væri gengið svo hart að fólki, að það væri gersamlega útilokað, að fólk gæti staðið straum af þessum mikla kostnaði, sem þessir háu vextir leiddu af sér, og það var sýnt fram á það, hvað menn gætu hæst staðið undir húsaleigu. Auðvitað er það rétt, sem þá var haldið fram, að það er ekki einhlítt að setja ákvæði um, hvað menn eigi að greiða öðrum í húsaleigu, það verður einnig að vera auðið fyrir menn að greiða þá húsaleigu, sem þeir verða að greiða sjálfum sér með vöxtum og afborgunum af lánum, sem á þeirra íbúðum hvíla. En nú hefur einnig þetta gersamlega gleymzt, og öll ákvæði, sem áður giltu um vexti og annað, sem þá var talið gersamlega óalandi og óferjandi, það er allt saman innleitt í þessu nýja frv. og engin breyting gerð á því, sem áður gilti um það efni.

Þegar þessi tvö meginatriði eru íhuguð og þegar það enn fremur er lesið niður í kjölinn, hversu raunverulega veigalitlar þær nýju fjár-

aflanir eru, sem nú er gert ráð fyrir, þá hlýtur það að vekja hina mestu undrun, að hæstv. félmrh. skuli hafa brjóstheilindi til að halda því fram hér á hinu háa Alþingi og láta hafa það eftir sér í málgagni sínu, Þjóðviljanum, að hér séu hinir núverandi stjórnarflokkar að uppfylla stórkostleg loforð, sem eigi að leysa vandræði þeirra þúsunda, sem nú bíða eftir lánum, og það sé eitthvað annað en fyrrv. ríkisstj. hafi talað um. Það er sannað, að fyrrv. ríkisstj. stóð við sín loforð og þau orð, sem hún viðhafði, en það hlýtur hins vegar að fullsannast af þessu frv., sem hér liggur fyrir, að því fer svo víðs fjarri, að það sé í nokkurn námunda við, að þessi hæstv. ráðh. og ýmsir hans stuðningsbræður í ríkisstj. hafi nokkra viðleitni til að standa við allar þær fullyrðingar og fyrirheit, sem þeir hafa áður gefið almenningi í þessu landi.

Jónas Rafnar: Herra forseti. Það má segja, að á síðustu árum hafi húsnæðisvandræðin í bæjunum verið eitt af þeim málum, sem þurft hefur að leysa og hefur valdið margvíslegum erfiðleikum og þurft ýmiss konar ráð til þess að finna þar einhverja bót á. Fyrir þessu liggja að sjálfsögðu eins og öðru harla margar ástæður, fyrst og fremst sú ástæða, að fólkinu hefur fjölgað mjög mikið í bæjunum og í bæina hefur verið misjafnlega mikið aðsteymi af fólki utan af landsbyggðinni, og svo það ekki síst, að með aukinni velmegun þjóðarinnar hefur fólkið að sjálfsögðu gert auknar kröfur um betra húsnæði.

Í þessu sambandi er varla hægt að komast fram hjá þeirri hugsun, að í allri þeirri uppbyggingu, sem hér hefur átt sér stað á síðari árum, hafi það eiginlega gleymzt, að það er engu síður þýðingarmikið, að fólkið í bæjunum og raunar alls staðar á landinu hafi viðunandi þak yfir höfuðið. Það er engu síður þýðingarmikið en það, að atvinnuvegirnir geti staðið á eigin fótum. Það er nauðsynlegt, að fólk búi í sæmilegu húsnæði, ekki síst í landi eins og okkar landi, þar sem veðurskilyrðin eru þannig, að gott húsnæði er nauðsynlegt.

Flestir sanngjarnir menn munu vera sammála um það, að fyrrv. ríkisstj. hafi gert myndarlegt átak með löggjöfinni frá 1955 í þá áttina að leysa vandræði þeirra manna, sem þá voru að byggja. Með lögunum um nýja veðlánakerfið var hafizt handa um að útvega fé í þessu skyni, og það má segja, að þá fyrst eftir mörg ár, eða síðan veðdeild Landsbankans hætti að lána út fé til íbúðabygginga, hafi húsbyggjendur fengið lánsfé með viðunandi kjörum.

Að sjálfsögðu hafa vissar stéttir þarna sérstöðu, eins og opinberir starfsmenn, sem hafa fengið fé að láni í lífeyrissjóðum, en allur fjöldi manna hefur ekki fyrr en 1955 haft aðstöðu til þess að fá lán með hagstæðum kjörum.

Fyrrv. ríkisstj. tókst á einu ári eða rúmlega einu ári að útvega í þessu skyni töluvert yfir 100 millj. kr., og verður ekki annað sagt en að þarna hafi verið um allmyndarlegt átak að ræða.

Það var engin furða, þó að húsnæðismálin væru nokkuð ofarlega á baugi fyrir síðustu kosningar. Þetta var mál, sem skipti svo marga landsmenn.

Núverandi stjórnarflokkar höfðu þó í þessu töluvert ólíkar skoðanir og ólík sjónarmið. Framsfl. deildi á of mikla fjárfestingu, taldi, að sú mikla fjárfesting, sem hér hefði verið undanfarin ár, væri að sliga þjóðarbúskapinn og þá að sjálfsögðu fyrst og fremst íbúðabyggingarnar í kaupstöðunum. Hins vegar gaf Alþb. sínum kjósendum þau fyrirheit, að ef það næði völdum, þá mundi það beita sér fyrir því, að byggt yrði yfir alla húsnæðisleysingjana í Reykjavík.

Þarna voru því nokkuð ólík sjónarmið, og maður skyldi ætla, að eftir að þessir tveir flokkar mynduðu með sér ríkisstj., hefði komið til áreksturs út af þessu máli. En þetta mál virðist hafa verið leyst þannig, að báðir aðilar fengu nokkuð.

Fjárfestingarreglunum var ekki breytt, sem sé að menn gátu eftir sem áður byggt óhindrað og þurftu ekki að sækja um leyfi til þess að byggja yfir sig íbúðir, það var óbreytt. En þá gerðist það, að með algerðu aðgerðaleysi ríkisstj. var svo til skrúfað fyrir allar lánveitingar til íbúðabygginga, og þetta varð til þess, að mjög fór að draga úr íbúðabyggingum, þ. e. a. s. færri menn en áður þorðu að ráðast í það að koma sér upp viðunandi húsnæði.

Í stuttu máli er óhætt að segja það, að hæstv. ríkisstj. hafi í þessu máli að útvega húsbyggjendum lánsfé eða útvega lánsfé til veðlánakerfisins gersamlega brugðizt. Þar sem ég þekki til úti á landsbyggðinni, hafa sárafá lán komið úr veðdeildinni núna á þessu sumri, og því miður hafa þeir menn, sem sótt hafa um lánin, fengið þær undirtektir, að það er ekki að búast við neinni verulegri úrbót á næstunni.

Í frv. því, sem hér liggur nú fyrir til 1. umr., má segja, að ekkert liggi fyrir, sem leysi vandann núna í dag. Ég vil undirstrika það: Það er ekki eitt einasta atriði í þessu stjórnarfrv., sem leysir vandræði þeirra manna, sem í dag eru að byggja og eru að sligast undir sínum skuldum.

Vegna dugnaðar fyrrv. ríkisstj. höfðu margir gert sér vonir um það, eftir að þeir peningar voru fengnir, sem stjórnin útvegaði, að á þessu yrði áframhald. Menn töldu, að eftir að ríkisstj. hafði hafizt svo myndarlega handa að útvega á tæpu ári 100 millj. kr. í þessu skyni, þá hlyti að verða framhald á þessu. En einmitt það, sem gerist, er það, að eftir að núverandi ríkisstj. tekur við völdum, virðast framkvæmdir í þessum málum gersamlega hafa stöðvazt.

En það er nú sorgarsaga, að burt séð frá þessu eina máli hefur ekkert verið gert til þess að létta undir með húsbyggjendum, síður en svo. Staðreyndirnar eru þær, að það, sem ríkisvaldið hefur gert í sambandi við húsbyggingar í landinu, hefur verið og verkað í öfuga átt.

Ég vil nefna aðeins örfá dæmi: Nýskeð eða 1. maí hækkaði stimpilgjald á sölu íbúða og húsa, það þrefaldaðist til fjórfaldaðist, þ. e. a. s., að þegar menn keyptu íbúðir og verð ekki gefið upp, en miðað við 5-falt fasteignamat. Nú skeður það, að eftir hækkunina á fasteignamatinu hafa

þessi gjöld þrefaldazt til fjórfaldazt, og miðað við t. d. meðalíbúð á Akureyri, þarf fátækur maður, það er náttúrlega ekki tekið tillit til efnahags, að greiða í ríkissjóðinn eingöngu fyrir það eitt, að hann kaupir handa sér íbúð, 6—7 þús. kr. skatt fyrir stimplun og þinglestur.

Með jólagjöfinni svonefndu hækkaði byggingarefni mjög verulega, og ýmsar þær vörur, sem áður voru á bátalista, eins og t. d. hreinlætistæki, margvíslegar þilplötur, hafa gífurlega hækkað í verði. Það hefur verið reynt að vinna á móti þessari þróun með því að hafa verðlagsákvæði á byggingarefni eins og öðru. Það mætti ætla og er líklegt, að þetta hafi þó orðið nokkuð til gagns fyrir húsbyggjendur. En í því sambandi er hægt að benda á það atriði, að mjög margar byggingarvöruverzlanir, og mér er sérstaklega kunnugt um verzlanir úti á landi, hafa haft þann háttinn á að lána viðskiptamönnum sínum úttekt til margra mánaða. Með því móti hafa viðskiptavinirnir sparað sér 7—8% vexti af því fé, sem þeir hafa lagt fram til þess að fá byggingarefni.

Eftir að verðlagsákvæðin komu til sögunnar, munu flestar, ef ekki allar byggingarvöruverzlanir hafa orðið að hætta því að veita mönnum gjaldfrest; í öllum tilfellum hafa þær orðið að taka vexti af því fé, sem þær hafa lánað.

Þá má benda á það, að vegna stefnunnar í efnahagsmálunum hefur orðið mun erfiðara fyrir sparisjóði og banka að veita mönnum fé út á byggingar. Ég held, að það sé ekki of mikið sagt, að sparisjóðir, bæði hér í Reykjavík og úti á landi, hafi mjög mikið dregið úr lánum til íbúðabygginga, og það stafar einfaldlega af þeirri ástæðu, að sparifé streymir ekki eins ört til þessara stofnana og áður og þeir hafa því ekki haft efni á því og getu að veita mönnum lán eins og þeir gerðu þó áður.

Það verður að viðurkennast, að eins og nú er háttað í okkar efnahagsmálum, sé ekki auðhlaupið að því að leysa vanda allra þeirra manna, sem nú standa í því að byggja yfir sig eða eignast húsnæði. En ég held, að ef eigi núna að ráða bót á brýnasta vandanum, þ. e. a. s. ef það á að hjálpa þeim mönnum, sem eiga erfiðast, og þá eru það að sjálfsögðu barnamennirnir, þá þurfi að grípa til sérstakra ráðstafana og allt annarra ráðstafana en þeirra, sem koma fram í því frv., sem liggur hér fyrir til umr.

Ég tel, að það þyrfti að kanna möguleikana á því að reyna að fá eitthvert lán erlendis til þess að leysa brýnustu vandræðin og koma þannig þeim mönnum til hjálpar, sem erfiðasta aðstöðuna eiga. Ég tel, að þegar verið er að athuga um lánsútveganir erlendis, sé ekki alltaf ástæða til þess að hafa óskir þeirra, sem eru að byggja, neðstar á listanum, og ég vil skora á hæstv. ríkisstj., að hún taki til rækilegrar athugunar nú í sumar, þegar hún heldur áfram með sínar lánsútveganir erlendis, hvort ekki sé hægt að hlaupa þarna eitthvað undir bagga.

Þá þyrfti að sjálfsögðu að gera raunhæfar ráðstafanir til þess að efla sparifjáraukninguna hér innanlands. Það er flókið mál, og koma þar sjálfsagt margar leiðir til athugunar, en það er staðreynd, sem allir eru sammála um, að ef ekki er hægt að auka sparifé, þá verður ómögulegt í framtíðinni að standa undir þeirri fjárfestingu, sem nú er hafin og nauðsynleg er á næstu árum.

Og að lokum er það eitt atriði, sem hæstv. ríkisstj. hlýtur að hafa í hendi sinni að framkvæma, og það er að afnema þær drápsklyfjar, sem nú hafa verið lagðar á allt byggingarefni. Það er ákaflega erfitt að skilja, að það sé nauðsynlegt að skattleggja einmitt þessar nauðsynjar, einmitt þessar vörur, sem óhjákvæmilegt er að fluttar séu til landsins, til þess að hægt sé að búa í þessu landi og lifa hér mannsæmandi lífi.

Þetta frv. er nú til 1. umr., og við 2. umr. gefst að sjálfsögðu tækifæri til þess að ræða einstakar greinar þess nánar.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég vil nú þakka hv. stjórnarandstæðingum fyrir þann brennandi áhuga, sem þeir sýna þessu máli með þessum afar löngu ræðum sínum. Það getur ekki sprottið af öðru heldur en miklum vilja til þess að láta til sín taka í málinu, þó að getan virðist vera frekar lítil, en það verður að virða til vorkunnar.

Ég get t. d. ekki sagt annað um ræðu hv. þm. Ísaf. (KJJ) heldur en það hafi verið eitt af því aumasta og vesællegasta framlagi í mál, sem ég hef nokkurn tíma heyrt hér á Alþingi, en ég tek viljann fyrir verkið. Vinnubrögð hans voru þar að auki dálítið furðuleg, því að hann er búinn að starfa að þessu máli í n. í hv. Ed. og málið á að lokinni 1. umr. að fara til n., sem hann á sæti í hér í þessari hv. d., en samt heldur hann hér langa þynnkuræðu um málið, áður en því er vísað til áframhaldsmeðferðar til n., sem hann á sæti í. Þetta sýndist vera nokkurn veginn óþarft, en það er nú búið og gert og ekkert við því að segja. Hann hefur aðeins verið að sýna sinn mikla áhuga fyrir þessu máli með þessari ræðu sinni.

Hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) er eins og oft áður brennandi af áhuga fyrir þessu máli og hafði mikið mál að flytja, hafði allt á hornum sér viðvíkjandi frv. sjálfu, fullyrti, að það hefði verið ótrúlega illa vandað til þess, en rökstuddi það auðvitað á engan hátt. Hann sagði, að það hefðu verið gerðar óskaplega miklar breytingar á þessu frv. í hv. Ed. Það er ýkjusaga. Það voru fluttar 16 brtt. við frv., flestar orðalagsbreytingar, og engin þeirra snerti að verulegu leyti meginefni frv. 16 brtt. við frv., sem er í mörgum greinum og 6 köflum, eru engin nýlunda hér á Alþingi, sízt af öllu þegar um er að ræða frv., sem innihalda mörg nýmæli, eins og þetta gerir. Þess var beinlínis óskað af mér, þegar ég lagði frv. fyrir Ed., að n. færi vandlega yfir frv. og athugaði breytingar, sem hún teldi nauðsynlegar á því eða æskilegar, og það gerði n. og gerði það vel, og var ég ánægður með allar hennar brtt.

Á brtt. minni hl. n. sá ég hins vegar, að minni hl. hafði verið mjög hrifinn af flestum nýmælum þessa frv. og hafði engar efnislegar breytingar við það að gera. Það var bersýnilegt, að ástæðan til þess, að minni hl. n. flutti brtt., ekki við frv.

sjálft, heldur við gildandi húsnæðismálalöggjöf, var sú ein, að nm. gátu ekki tekið efni frv., sem fyrir lá, og fléttað inn í brtt. sínar, nema með því móti að taka efni frv. og flytja það í brtt.-formi við gildandi löggjöf um húsnæðismál. Þá var hægt að flytja nýmæli frv. í brtt.-formi af minni hl., og það gerði hann.

Hv. 5. þm. Reykv. sagðist vefengja þær tölur, sem ég hefði farið hér með í framsöguræðu minni. Ég hygg, að það verði nokkuð erfitt fyrir hann að vefengja þær, því að það fer ekkert á milli mála, að eftir því sem næst verður komizt, verða árlegar tekjur byggingarsjóðsins í kringum 23 millj., tekjurnar, sem tryggt verður að komi frá bönkum, sparisjóðum, tryggingastofnunum og tryggingafélögum, verða 44 millj., og af sparnaðinum er áætlunin um það, að tekjurnar verði að meðaltali á ári 15 millj., að undanteknu árinu í ár, þar sem aðeins er gert ráð fyrir 7½ millj., þ. e. a. s. að skyldusparnaðurinn komist á á hálfnuðu þessu ári.

Þetta gerir það að verkum, að tölurnar liggja hér fyrir á þá lund, að tekjur byggingarsjóðs og veðlánakerfis verði samtals á ári frá 85 til 90 millj. kr., í stað þess að skýrslur Landsbankans sýna, að tekjur húsnæðismálastjórnar tvö s. l. ár voru aðeins 76 millj., þ. e. a. s. 38 millj. kr. að meðaltali hvort árið um sig.

Hv. 5. þm. Reykv. sagðist mótmæla því, að fólkið hefði verið blekkt, þegar lögin um húsnæðismálastjórn, veðlánakerfi o. fl. voru sett fyrir tveimur árum.

Það er öllum kunnugt, að þegar þessi löggöf var borin hér fram, þá var það útbásúnað, — það finnst líka í ræðum manna hér á Alþingi, að þá var gefið fyrirheit um það, að þeir, sem þá réðust í að byggja, skyldu fá 100 þús. kr. lán, hver sem byggði yfir sig. Þetta varð til þess, að mjög mikill fjöldi manna réðst í að byggja, og þá kom í ljós, að það var illa hægt að standa við þetta. Það komu ekki 100.5 millj. kr. inn í veðlánakerfið á hverju ári, eins og hv. þm. Ak. (JR) var að geipa hér um áðan. Það komu engar 100 millj. kr. á ári. Það var þetta 37—38 millj. kr. á ári. Það var lofað í grg. með frv. fyrir tveimur árum 100.5 millj. kr. hvort árið um sig, 201 millj. kr. áttu það að vera á tveimur árum, en það urðu 76 bæði árin.

Vitanlega eru þetta vanefndir. Það er þetta, sem olli vonbrigðum fólksins. Fólkið, sem hafði verið lokkað með gullnum loforðum í að byggja, stóð uppi í vandræðum, og unnvörpum urðu menn meira að segja að gefast upp við að byggja í miðju kafi.

Þá var það auðvitað úrlausn flestra að leita til vandamanna sinna, vina og kunningja og fá að láni hjá þeim handbært fé til þess að geta haldið byggingunni áfram. Af þessari ástæðu sogaðist verulegur hluti af sparifjármyndun landsmanna beint í íbúðabyggingarnar án milligöngu banka og sparisjóða.

Hv. 5. þm. Reykv. hefur hér margoft talað um hina rýrnandi sparifjármyndun. Er ekki hér að finna nokkurn hluta skýringarinnar á þessu fyrirbæri? Ég fullyrði: Þetta er að verulegu leyti ástæðan til þess, að sparifjáraukning hefur ekki haldið áfram með sama hætti og áður var eftir þeim tölum, sem hann fer hér með. Það er engum nema kannske honum neitt dularfullt fyrirbæri, að það er beint samband milli sparifjárupphæðanna í bönkunum og byggingarstarfseminnar, sem skortir lánsfé. Það munu flestallir skilja það.

En svikamylla Sjálfstfl. í þessu máli er í stuttu máli á þessa leið: Fyrst var lofað stórfé til íbúðarhúsabygginga. Síðan réðust þúsundir manna í framkvæmdir í trausti þeirra loforða. Því næst voru loforðin svikin á hinn herfilegasta hátt. Þá reyndu húsbyggjendur að bjarga sér með því að fá lán hjá vinum og kunningjum. Við það minnkuðu að sjálfsögðu sparifjárinnlög í banka og sparisjóði og síðan notuðu bankastjórar íhaldsins minnkandi sparifjármyndun í bönkunum sem röksemd fyrir því, að það yrði að neita að lána nokkurn eyri til íbúðahúsabygginga. Þá er kominn hringurinn.

Þegar svo var leitað til bankanna núna á þessu vori um að leggja fram svipað fé í ár og þeir höfðu gert s. l. tvö ár til húsnæðismálanna, þá sögðu þeir nei og undirskrifuðu allir, og í bréfinu stóð: Við skulum byrja að tala aftur um málið í júlímánuði. (**JóhH**: Undirskrifuðu allir?) Þeir undirskrifuðu það allir bankastjórarnir, já. (**MJ**: Eru það tómir íhaldsmenn?) Pétur Benediktsson var auðvitað gerður að höfuðsmanninum. Hann var látinn semja bréfið, og hann var fyrsti maðurinn, sem skrifaði undir það, og hinir skrifuðu svo undir með honum.

Þetta var þjónusta bankanna núna í byrjun þessa árs við þetta mikla áhugamál Sjálfstfl., sem 5 ræðumenn hans hafa nú verið að lýsa áhuga sínum á.

Annars verð ég nú að segja það, að ég er ekki alveg sannfærður um, að niðurstöður hv. 5. þm. Reykv. séu hárnákvæmar, þegar hann talar um sparifjármyndunina. Ég er hér með marzhefti Hagtíðindanna. Þar kemur í ljós, að spariinnlán í desember 1955 í sparisjóðum voru upp á 254.6 millj. Sparifjárinnlán í sparisjóðum í desembermánuði 1956, nú fyrir áramótin, voru aftur 317.1 millj. kr. Vöxturinn er þarna á þessu ári úr 254 millj. í 317 hjá sparisjóðunum. Að því er snertir spariinnlán í bönkum, þá segja Hagtíðindin, að í janúar 1956 voru það 928 millj. 697 þús., en í janúar 1957 1 milljarður 1 milljón 218 þús. M. ö. o.: þarna er um að ræða 72 millj. kr. aukningu á spariinnlánum í bönkunum, miðað við eitt ár, fram að áramótunum núna. Þegar þar við bætist svo það samhengi, sem ég áðan benti á milli húsbyggjendanna í lánahungri og talnanna í bönkum og sparisjóðum, þá held ég, að þarna sé nokkurn veginn fengin upplýsing um það, að sparifjáraukningin í landinu hafi sannarlega ekki gengið til þurrðar fyrir það, þó að Sjálfstfl. hætti að hafa forustu í ríkisstj.

Hv. 5. þm. Reykv. taldi, að aðgerðir stjórnarinnar í húsnæðismálunum mundu miðast við bæjarstjórnarkosningarnar hér í Reykjavík. Það er hinn mesti misskilningur og herfilegasta fjarstæða að bera slíkt fram. Það var með frv. um veðlánakerfi fyrir tveimur árum miðað við, að þar væri byggt upp kerfi til tveggja ára. Hér er gengið út frá því, að 10 ára tímabil móti þær aðgerðir, sem hér er um að ræða í frv., og þess

vegna algerlega hugarórar, að nokkuð sé verið að taka tillit til bæjarstjórnarkosninga, sem standi fyrir dyrum upp úr næstu áramótum.

Þá fór hv. 5. þm. Reykv. mjög fjarstæðukenndum orðum um það, að allar íbúðir væru að mínu áliti og núverandi ríkisstj. taldar lúxusíbúðir, ef þær væru fjögurra herbergja eða stærri. Það er hvorki stafur né stafkrókur, sem bendi í þessa átt, í þessu frv. Það er einmitt talað um það, að íbúðastærðirnar skuli húsnæðismálastjórnin fyrst og fremst miða við fjölskyldustærð.

Annars er það mikil spurning auðvitað, hve stórt á að byggja, og þar verður nokkurt tillit, að minni hyggju, að taka til þess, hversu brýn húsnæðisþörfin er. Ef hún er mjög brýn og mikið af því viðfangsefni óleyst, þá skilst mér, að það sé eðlilegt, að það sé reynt að fara af eins mikilli hagsýni bæði með lánsfjármagn og byggingarefni og unnt sé til þess að geta fullnægt þörf sem allra flestra.

Það má vel vera, að Sjálfstfl. vilji gerast talsmaður fyrir hinni stefnunni, að í miklum húsnæðisskorti beri að byggja stórt, beri að byggja fimm og sex herbergja íbúðir yfirleitt. Það má vel vera, að það sé hans stefna. Ég get samt ekki aðhyllzt hana, af því að mér er það ljóst, að fjögurra, fimm og sex herbergja íbúðir, sem byggðar eru nú, kosta mörg hundruð þúsundir króna, og það er ekkert af fólkinu í bröggunum, ekkert af fólkinu í kjallaraíbúðunum, ekkert af fólkinu í skúrunum, ekkert af fólkinu í hanabjálkaíbúðunum, sem hefur efni á því að byggja sér og notfæra sér slíkar íbúðir. Það verður því ekki það fólk, sem verður byggt fyrir með þeim byggingarhætti. Það verður efnaða fólkið, ríka fólkið, sem getur farið í þær íbúðir, og svo er meiningin að smokka hinu fólkinu aftur inn í annað lélegra húsnæði borgarinnar. Það væri miklu nær að minni hyggju, ef byggingastarfsemin miðast við að leysa húsnæðisskort þeirra, sem verst eru settir í þeim efnum, að byggja 3 herbergja og nokkuð af 2 herbergja íbúðum líka, eins og Danir, Svíar og Norðmenn hafa gert, til þess að fullnægja þörf unga fólksins, eldra fólks og fámennari fjölskyldna hjá efnaminna fólki. Og ég er alveg viss um það, að ef með þeim hætti væri hægt að bæta úr neyðarástandi fleira fólks en ella, þá væri það ekki illa séð og það væri heldur ekki ranglát stefna og ekki tekið illa af því fólki, sem annars verður að hírast um ófyrirsjáanlegan tíma í óviðunandi húsnæði.

Í frv. er hins vegar sagt, að húsnæðismálastjórnin skuli taka tillit til fjölskyldustærðar, og þegar um stórar fjölskyldur er að ræða, þá ber henni auðvitað að samþykkja allstóra íbúð. Það er ekkert bann við, að byggja megi stærra en 4 herbergja íbúð.

Þetta var nú það helzta, sem hv. 5. þm. Reykv. talaði um. Auk þess spurðist hann svo fyrir um, hvort það slys hefði átt sér stað, að það hefði verið byrjað að útbýta hér húsaleigufrv. og síðan hefði það verið lokað inni í skáp. Mér er ekki kunnugt um, að neitt slys hafi átt sér stað. Ég held, að hér hafi ekki verið útbýtt neinu húsaleigufrv. á Alþingi og menn þurfi engar áhyggjur að hafa af því.

Þá vitnaði hann mjög í, hvernig væri ástatt í húsnæðismálunum í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Það eru mjög ýtarlegar upplýsingar með frv., eins og það var lagt fram, um aðgerðir hins opinbera í byggingarmálum Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur. En ég vil segja það, að það eru aðeins fyrstu skrefin, sem við erum að stíga í þá átt, sem Norðmenn, Danir og Svíar hafa fyrir löngu stigið. Við erum þar miklir eftirbátar, og öll sú aðstoð, sem bæjarfélög og ríki veita einstaklingunum til þess að eignast skýli yfir höfuðið í nágrannalöndum okkar, er svo óralangt á undan okkur, að við erum þar aðeins byrjendur.

Þá tók hér næst til máls hv. 2. þm. Eyf., og hann þóttist lítið vita um þessi mál og spurði og spurði í þaula, spurði um flest það, sem hann hefði getað fengið svör við, ef hann hefði gefið sér tóm til að lesa frv. eins og það var lagt fram með þeim fylgiskjölum, sem því fylgdu. Hann byrjaði á því að ræða um till., sem hér höfðu verið bornar fram um húsnæðismál fyrir 2 árum, og það var frv., sem Einar Olgeirsson mun hafa flutt, og inn í þær till. tók hann eitt efni verkamannabústaðalaganna. Ég tók eftir því, að hv. 2. þm. Eyf. sagði: Þar var till. um, að það skyldi veita allt að 90% lán af byggingarkostnaði; mikill stórhugur, en nú örlar ekkert á sliku. — Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að þetta ákvæði hefur verið í mörg ár og er enn í l. um verkamannabústaði og var ekkert nýmæli þarna í þessum till., ekkert sem sýndi sérstakan stórhug stjórnarandstöðumannsins þá. Þetta er í l. um verkamannabústaði enn í dag, þótt hv. 2. þm. Eyf. viti ekki um það.

Hann sagði, að eina tekjuöflunin, sem væri ný í þessu frv., væri 1% gjaldið, sem á að innheimta af tolltekjum ríkisins. Það fannst honum of lítið, að það skyldi aðeins vera þetta. En hann sagði, að það væri alveg ótækt að vera að leggja svona á nýjan skatt. Hann vildi í burt þessa tekjuöflun. Þó er þetta alrangt. Meðal stofnfjárliða byggingarsjóðs ríkisins er t. d. lán ríkisins til lánadeildar smáíbúða. Þetta fé lánaði ríkissjóður á sínum tíma til útlánanna vegna smáíbúðakerfisins, og ríkissjóður hafði aldrei afsalað sér þessu fé. Þetta er nú um 33 millj. kr., en nú hefur ríkisstj. ákveðið, að þetta fé, jafnóðum og það kemur aftur, vextirnir og lánsupphæðirnar, skuli renna í byggingarsjóð ríkisins. Það eru þess vegna 33 millj. kr., sem þarna eru víst fé, sem rennur inn í byggingarsjóðinn. Annars hefur hv. þm. þetta á bls. 18, hvernig stóð með eignirnar í varasjóði hins almenna veðlánakerfis. Hér er það gert upp í töflunni, sem hagfræðideild Landsbankans gekk frá sem fylgiskjali með frv. Árið 1956 eru engar tekjur hjá byggingarsjóði eða framlög vegna stóreignaskatts eða neins slíks, en eign í árslok 1956 er 69 millj. 350 þús. kr. Nú verður eign stofnsjóðsins 118.3 millj. kr. Það þýðir, að nærri 49 millj. kr. verða viðbótareign stofnsjóðsins nú.

Þá spurði hv. þm.: eru samningar við bankana búnir? — Nei, samningar voru teknir upp við bankana. Við fengum þetta langa og mikla bréf frá Pétri Benediktssyni og hans félögum, sem var það lengsta nei, sem ég hef nokkurn

tíma augum litið, það var upp á margar þétt vélritaðar síður og loforðið svo um það, að við skyldum byrja að tala aftur um málið í júlí. En ríkisstj. hefur gefið skuldbindingu um það, að bankar, sparisjóðir, tryggingafélög og tryggingastofnanir skuli leggja sömu upphæð og þessar stofnanir tóku að sér að greiða til húsnæðislána á undanförnum tveimur árum, þ. e. a. s. 44 millj. kr., og ég er alveg sannfærður um, að við það verður staðið.

Þá var spurt: Hvaða 8 millj. eru það, sem eiga að fara til verkamannabústaða í viðbót við þær 4 millj. kr., sem eru á fjárl.? Þessu er ljúft að svara. 4 millj. eru á fjárl., og á móti því koma allt að 4 millj. kr. frá sveitarfélögum samkvæmt lögunum um verkamannabústaði, en ríkisstj. hefur þegar útvegað 8 millj. kr. til afhendingar byggingarsjóði verkamanna til starfsemi á þessu ári, þannig að ef sveitarfélögin greiða fullt á móti því, sem á fjárl. er, þá eru það 8 millj. og 8 millj. kr., sem ríkissjóður hefur þegar útvegað sem handbært fé til byggingarsjóðs verkamanna. Byggingarsjóður verkamanna getur því á þessu ári byggt fyrir allt að 16 millj. kr., í stað þess að hann hafði 4 millj. kr. s. l. ár.

Hvernig eru svo fundnar tekjurnar 1958? spurði hv. 2. þm. Eyf. Þær eru fundnar á þann hátt, að gengið er út frá, að bankar, sparisjóðir, tryggingafélög og stofnanir sjái um 44 millj. kr. Þá segir hér í töflu hagfræðideildar Landsbankans: Á árinu 1958 verða tekjur af byggingarsjóði ríkisins 7 millj. 840 þús., og tekjurnar, sem koma inn á árinu 1958 af stóreignaskattinum, verða 15 millj. 330 þús. Samtals 23 millj. 330 þús. Auk þess svo 4 millj. á fjárl. til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði, og að því meðtöldu 27 millj. 330 þús. Þá á því ári 103 millj. 700 þús. Nú get ég ímyndað mér, að menn hnjóti um þetta, að tekjurnar af stóreignaskattinum verði strax á árinu 1958 hvorki meira né minna en 15 millj. 330 þús. kr., en þetta stafar af því, að í frv. um stóreignaskattinn, sem við vorum að ræða hér í gær og í nótt, er ákveðið, að þeir skattgreiðendur, sem eiga að borga tiltölulega smáar upphæðir í skatt, skuli ljúka þeirri greiðslu á árinu 1958 í einu lagi. Aftur á móti skulu allir hinir stærri skattgreiðendur fá að skipta sinni skattgreiðsluupphæð á 10 árin. Þetta gerir það að verkum, þegar reiknað var út, að ⅔ hlutarnir af stóreignaskattinum, sem eiga að renna í byggingarsjóð ríkisins, eiga að skila sínum 15 millj. 330 þús. kr. á árinu 1958. Það er því nokkurn veginn gefinn hlutur, að byggingarsjóður ríkisins hefur þá að veðlánunum meðtöldum til húsnæðismálalána 7.8 millj. í viðbót og 15.3 millj. í viðbót, og að öllu samantöldu munu veðlánakerfið og byggingarsjóðurinn þá hafa milli 80 og 90 millj. kr. til umráða. En enn betur er hægt að sjá þetta, ef menn bera saman skýringargreinina við 9. og 10. gr. í grg., sem fylgdi frv., þegar það var lagt fram.

Þetta var um það, hvernig væru fundnar tekjurnar 1958. Það er hægt að lesa hér af töflunni á bls. 18 í frv., ef menn gefa sér tóm til þess. 118 millj. kr. stofnfé er upp sett hér í grein í frv. og algerlega fullnægjandi skýringar með því í grg.

Ég held, að það hafi verið hv. 2. þm. Eyf., sem talaði um það, að við hefðum sem stjórnarandstæðingar fyrir 2 árum talað um pólitíska hlutdrægni í sambandi við veitingu þessara íbúðarhúsnæðislána. Og var það nú að ófyrirsynju, að við töluðum um það. Hvernig var þá hagað þessum lánveitingum? Jú, þá hafði Sjálfstfl. tilnefnt formann flokksfélags síns, Ragnar Lárusson, til þess að annast úthlutunina fyrir hönd síns flokks, og hinn stjórnarflokkurinn, Framsfl., hafði þá svarað í sömu mynt og tilnefnt formann síns flokksfélags, Hannes Pálsson, til þess að annast lánveitingarnar fyrir hönd síns flokks. Þetta var fyrirkomulagið á þessum lánveitingum. Ég skal játa það fyllilega, að ég taldi, að þetta tryggði ekki, svo sem vera bæri, að ekki yrði um að ræða pólitíska hlutdrægni í sambandi við þessar lánveitingar, mér fannst þetta form vera næsta ólýðræðislegt, og ég mun hafa áreiðanlega gagnrýnt þetta hér á Alþingi.

Hvernig á að hafa þetta núna? Það á að kjósa í húsnæðismálastjórnina 4 menn á Alþingi, þ. e. a. s., það á að tryggja það, að jafnt stjórnarandstaða sem stjórnarflokkar fái hér kosinn sinn manninn hver, og síðan á að koma hinn sérfróði maður frá Landsbankanum til þess að fjalla um þessi mál líka, þessi fimmti maður í húsnæðismálastjórninni. Hann er atkvæðislaus nú, eins og hv. fyrrv. stjórnarflokkum þóknaðist að hafa. Honum er ætlað að vera þarna sem ráðgefandi fræðimaður, en hans atkv. á ekki að skera úr. Hér er um að ræða fulltrúa frá öllum stjórnmálaflokkum þingsins samkvæmt frv., en áður voru það stjórnarflokkarnir tveir, sem settu sinn manninn hvor í þetta, sérstaka flokksmenn og trúnaðarmenn, og engan frá stjórnarandstöðunni. Ég hygg því, að þetta atriði núverandi frv. geti ekki sætt gagnrýni frá þeim, sem hlutdrægnina frömdu, þegar fyrri löggjöf var sett.

Þá lét hv. 2. þm. Eyf. í ljós undrun sína yfir því, að í frv. væri gert ráð fyrir sömu vöxtum og sama lánstíma og væri í núgildandi lögum um hið almenna veðlánakerfi. Ég skal fyllilega játa, að ég hefði talið mjög æskilegt að geta lækkað vextina og jafnvel líka að lengja lánstímann. En nú horfumst við í augu við það, að þótt fjárframlögin verði nú rúmlega tvöfölduð til húsnæðismálanna, þá er okkur alveg ljóst, að þegar það bíða milli tvö og þrjú þúsund lánbeiðendur, sem ekki hafa fengið neitt lán og eru með hús sín sundurflakandi í smíðum, þá er meiri eftirspurn eftir þessum lánum en svo, að hægt sé að fullnægja eins og stendur þrátt fyrir þessa gífurlega háu vexti og þrátt fyrir það að lánstíminn sé ekki hagfelldari en þetta. En með því að lánstíminn sé ekki hafður lengri, er þó hægt að láta þetta fé, sem fyrir hendi er, „sirkúlera“ örara. Það er neyðarbrauð að þurfa að hafa hér byggingarlánavexti upp á 7%, þegar nágrannalöndin hafa þetta yfirleitt 3½—4%, og það er líka mikill munur á þessum kjörum, sem hér eru veitt, og þeim hinum, sem veitt eru samkvæmt lögunum um verkamannabústaði, að þar eru lánsvextirnir 3½% og lánstíminn 42 ár hið styzta. Það er alveg gefinn hlutur,

að ef efnalítill maður ræðst í að byggja fjögurra herbergja íbúð, og að því stefnir stórhugur Sjálfstfl., að menn geri það, þá er alveg víst, að sú íbúð er ekki undir 300 þús. Með 7% vöxtum eru það 21 þús. kr. í vextina. Sé svo meðaltalslánstími um 20 ár, þá eru þarna a. m. k. 15 þús. kr. í afborgun, þ. e. 36 þús. kr. í beina vexti og afborgun, 3 þús. kr. á mánuði, og þá eru eftir samt öll opinber gjöld af íbúðinni. Það er neyðarbrauð að þurfa að horfast í augu við þetta. Það eina, sem bjargar í þessu efni, er það, að íslenzka fólkið, sem er að berjast við að eignast þak yfir höfuðið, ver öllum sínum tómstundum og allri sinni líkamsorku í það að vinna sjálft að byggingu þessa húsnæðis og sparar sér með því lánsupphæðir, enda eru þær heldur ekki fáanlegar, og það fé er auðvitað það, sem í raun og veru lækkar vaxtabyrðina af heildarkostnaði íbúðarinnar. Þannig hefur þessu fólki tekizt hér í bæ og alls staðar á landinu að bjargast með þetta einhvern veginn, 70 þús. kr. hámarkslán með 7% vöxtum frá 15—25 ára, en það, sem stendur á, er bara, að þjóðfélagið geti lagt fram meira fé, til þess að menn eigi þess kost að notfæra sér þennan lánstíma og þessi óaðgengilegu lánakjör.

Ég verð nú að segja það, að mér finnst eins og slái í baksegl hjá hv. stjórnarandstöðu. Það var Sjálfstfl., sem stóð fyrir því að hækka lánsvexti til byggingar íbúðarhúsnæðis fyrir tveimur árum, þegar lögin voru sett, að hækka þá úr því, sem var. Það væri því anzi gott og ánægjulegt spor, ef nú væri hægt að lækka þá úr því, sem þeir voru ákveðnir af fyrrv. stjórnarflokkum. Til þess er þó heimild í þessum lögum, og sú heimild vænti ég að verði notuð, undireins og byggingarsjóði ríkisins hefur vaxið fiskur um hrygg og e. t. v. verkefnið orðið eitthvað viðráðanlegra.

Út af ræðu hv. 9. landsk. þm. (JR) tel ég ástæðulaust að fjölyrða. Hann gaf fyrst sögulegt yfirlit yfir ástand húsnæðismála og fullyrti síðan, að það væri ekki eitt einasta atriði í þessu frv., sem leysti vanda þeirra, sem væru að byggja. Síðan venti hann sér að því að lofprísa dugnað fyrrv. ríkisstj. um útvegun fjár, og sú útvegun fjár var upp á 38 millj. kr. á ári. Þegar liggur nú hér fyrir, að útvegaðar verði 80—90 millj. kr. á ári, þá þykir honum skömm til þess koma, en lofsyngur dugnað hinnar ríkisstj., sem útvegaði 38 millj. á ári til lausnar á húsnæðisvandræðunum. Verði honum að góðu með dugnað fyrrv. ríkisstj. og það fé, sem hún útvegaði. Það var góðra gjalda vert, svo langt sem það náði, en það er þó varla hægt að segja, að það sé einskisvert, þegar sú upphæð er meira en tvöfölduð.

Það, sem varð síðan uppistaðan í ræðu hans og hann fjölyrti allra mest um, var það, að stimpilgjöld hefðu nú hækkað frá því, sem áður var. Aldrei hafði mér nú dottið í hug að setja neitt ákvæði inn í þessa löggjöf um stimpilgjöld. Það heyrir annarri löggjöf til, og ég skil ekki, hvernig hann hugsar sem lögfræðingur, ef hann telur ekki nokkurn veginn eðlilegt, að þau stimpilgjöld, sem hafa verið lögfest og eru lögfest, — og ég veit ekki til, að það hafi orðið nein breyting á því, — séu miðuð við hið raunverulega söluverð húsa á hverjum tíma. Það hefði ég haldið að lögfræðingurinn teldi eðlilegt og veit ekki til þess, að það eigi að vera öðruvísi en að stimpilgjöldin verði reiknuð af söluverði, þegar kaup og sala á sér stað. Það skil ég því ekki, að lögfræðingurinn geti undrazt mjög, því að það tel ég vera það eðlilega.

Ég hef nú leitazt við að svara því helzta málefnalega, sem fram kom í ræðum þessara fjögurra ræðumanna Sjálfstfl. Ég geri mér alveg ljóst, að þessar löngu ræður þeirra stöfuðu ekki af því, að þeir hefðu svo mikið að segja um frv., enda voru ræður þeirra að minnstu leyti um það. Ræðurnar voru svona langar af því, að þeir ætluðu sér að halda uppi málþófi fram eftir deginum og kannske fram á kvöldið og nóttina, og það er guðvelkomið. Það er ekki nema sjálfsagt, að þeir verji sínum tíma eins og þeim lízt, og til þess eiga þeir rétt hér á hv. Alþingi. En ég lít á þetta svo, að það sé nokkuð satt í því, sem fyndinn sjálfstæðismaður sagði fyrir nokkru: Sjálfstfl. hefur hingað til í stjórnarandstöðunni hagað sér þannig eins og hann teldi sig vera spretthlaupara í 100 m spretthlaupi. — En núna er hann að gera sér það ljóst, að hann er og verður að þreyta maraþonhlaup, og nú eru maraþonhlaupin að hefjast hjá þeim í ræðuflutningnum í stjórnarandstöðunni. Þessi breyttu vinnubrögð eru núna að sýna sig. Þeir vita það nú, að spretthlauparar eru þeir ekki. Þeir ryðja ekki núverandi stjórn frá á 100 m spretthlaupi. Þeir verða að þreyta til þess maraþonhlaup, a. m. k. að reyna það, og það maraþonhlaup getur orðið langt, það vita þeir vel, og nú eru æfingarnar sem sé byrjaðar. Þær byrjuðu hér á stóreignaskattinum í gær og halda áfram í dag í sambandi við húsnæðismálin, og ef þolið er eins og garparnir byrja, þá mun verða svona haldið áfram fram á mánaðamótin. Og ég nýt þess að horfa á þá og finnst þeir fara bara vel á stað. En þeir mega gera sér það ljóst, að það er langt að marki, og það er eins gott að fara dálítið rólega í sakirnar fyrst, því að það er lokaspretturinn, sem allt er undir komið.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég heyri, að hæstv. ráðh. hefur breytt um heiti á hv. þm. Áður kallaði hann hann hv. þm. Ak. Nú kallar hann hann spretthlaupara. Ég hygg nú, að það hafi verið fátt spámæla, sem þessi ráðh. sagði nú frekar en endranær, en það sannaðist þó einstöku sinnum, að stundum ratast kjöftugum satt af munni, og ég hygg, að hann hafi séð rétt fram í tímann, að þess muni verða skammt að bíða, að Jónas Rafnar taki sprett upp í þingsæti Akureyrarkaupstaðar að nýju. Að öðru leyti sýnir það nokkuð alvöru þessa hæstv. ráðh. í hans málflutningi, að hann skuli, þegar hann flytur hér frv., sem hann sjálfur telur til stórmæla, undrast það, að 1. umr. þess skuli standa dagpart. Það sýnir að vísu nokkuð umhyggju hans eigin stuðningsmanna bæði fyrir málinu og þeirra tilfinningu fyrir því að þurfa að horfa upp á þennan mann í ráðherrasæti, hversu fáir þeirra sjálfra, hans stuðningsmanna, eru hér viðstaddir, og mjög ólíklegt er það, að þeir

nenni að leggja á sig að leggja honum lið í þessum umr., ef ég þekki þá rétt.

Nei, sannleikurinn er sá, að hér er um alvarlegt viðfangsefni að ræða, lausn húsnæðismálanna, og það er vissulega ekki kyn, þó að um það sé rætt eina dagstund á því þingi, sem búið er nú senn að standa 225 daga og lengst af hefur verið með öllu iðjulaust, af því að hin merkustu mál hafa ekki fengizt lögð fyrir það til úrlausnar.

Ég skal segja það strax, vegna þess að ég vil unna hæstv. ríkisstj. sannmælis, að í þessu frv. má segja, þótt að mörgu leyti hafi óhöndulega tekizt til og því hafi þurft að breyta meira af stjórnarliðinu en ég hygg að dæmi séu almennt til um um slík frv., þá er hér að vissu leyti um nokkra viðleitni að ræða til úrlausnar mikils vanda.

Ég óska, að svo takist til sem hæstv. ríkisstj. eða hæstv. ráðh. virðist ætla og hér takist betur til en með flestar aðrar ráðstafanir hæstv. ríkisstj., enda mundi ekki vanþörf á, og þættu það að vissu tíðindi til næsta bæjar. Ef svo skyldi reynast, að eftir allt saman skyldi þessi hæstv. ráðh. verða happasælastur af þessum sexmenningum, þá sýnir það, hvernig annað er í pottinn búið. En hann hefur haft skynsemi til þess að byggja að langsamlega mestu leyti á því, sem fyrrv. ríkisstj. hafði gert, og þær viðbætur, sem hann hefur fitjað upp á, eru tiltölulega lítilvægar. Það, sem hann aðallega leggur til, er gort yfir því að reyna að tileinka sér verk annarra manna. Við því var að búast úr þeirri átt. Að öðru leyti má segja, að til viðbótar við það, sem aðrir höfðu unnið, sé ekki um verulega nýjung að ræða í þessu frv. nema nýja skattlagningu og skyldusparnaðinn, sem er nýjung í þessu formi hér og vinstri flokkarnir hingað til hafa með öllu lýst sig andvíga.

Þess er að óska, að raunin verði hér betri en hjá flokksbræðrum hæstv. ráðh. austur í Rússlandi, þar sem við vitum, að allur almenningur hefur verið neyddur til þess að leggja stórfé fram sem skyldusparnað, en nú, þegar að gjalddaganum var komið, var frestað afborgunum og vöxtum um 20 ára skeið. Ég vonast til þess, að hér takist til betur en hefur tekizt hjá fyrirmyndinni í austri, en þá þarf líka, ef betur á að takast til, að finna haldbetri úrræði í fjárhagsmálum og efnahagsmálum yfirleitt en þessari hæstv. ríkisstj. hefur tekizt.

Við ræddum þessi mál nokkuð í gær í sambandi við stóreignaskattinn, og sá skattur er að vísu einungis hluti af þessu máli. Þau eru nátengd og því mjög eðlilegt, að þau séu rædd saman. En ég vil vekja athygli á því, að hæstv. fjmrh. sagði, að það væri í raun og veru ómögulegt að áætla, hversu stóreignaskatturinn yrði mikill, það væri ómögulegt að áætla það. En hér í framsöguræðu þessa hæstv. ráðh. veit hann alveg upp á tugþúsund, ef ekki krónu, hvað inn af honum á að koma á fyrsta ári, og verður þó að gera þá grein fyrir því, að það sé hlutfallslega miklu meira en líkindareikningur fyrir fram mundi benda til.

Þetta dæmi, þótt lítið sé, sýnir, að því miður er í því, sem nýtt er lagt til í þessu frv. umfram það, sem áður var lagt til, ekki á svo föstum grundvelli reist sem æskilegt væri.

Það er líka allsendis óvíst, hvernig muni til takast um innheimtu þessa blessaðs stóreignaskatts og hvort hann skapar ekki einmitt meiri vandræði í þessum efnum en hvað hann greiðir úr. Það er að vísu gott, ef nokkrar milljónir á ári fást til þess að bæta úr húsnæðisskortinum með þessu, og ef skattinn á að leggja á, þá er auðvitað ekki hægt að hafa á móti því, að hann sé af ríkinu settur til þess að bæta úr þessari þörf, þótt hæpið sé að gera það í því formi, sem gert er, og skal ég ekki segja, hvort það stenzt.

En ef svo skyldi t. d. fara, sem kunnugir menn fullyrða, að stóreignaskatturinn mundi leiða til þess, að fyrirtæki eins og Hótel Borg yrðu að hætta hótelrekstri og yrðu að breyta sér í skrifstofubyggingu, sem leigð yrði út fyrir fram, og með öðrum hætti mundi verða ákaflega örðugt að inna skattinn af höndum fyrir eiganda þess, — ég hef ekki næga þekkingu á því sjálfur að dæma um það, — þá er ég hræddur um, að það mundi víða verða þröngt fyrir dyrum hér í bænum, ef þeim gestahópi, sem þó hefur verið á Hótel Borg, ætti að dreifa út um venjulegar íbúðir bæjarins, því að vitanlega er ekki þrátt fyrir stóreignaskatt hægt að banna mönnum að koma áfram til bæjarins til dvalar, t. d. þingmönnum, sem sumir hafa dvalizt og dveljast enn a. m. k. öðru hverju á Hótel Borg.

Hér er aðeins eitt lítið dæmi, sem sýnir, að þó að þetta sé vafalaust allt í góðri meiningu gert á sinn veg, þá hefur alls ekki verið hugsað til hlítar, hvaða áhrif hver ráðstöfunin um sig hefur. Og óneitanlega var það harla broslegt í gær, þegar hæstv. fjmrh. var að verja form skattálagningarinnar, það, að skatturinn skuli einungis vera lagður á einstaklinga, en ekki fyrirtæki. Það var tvennt, sem hann færði þessu til afsökunar: Annars vegar, að með þessum hætti, sem á væri hafður, væri sérstaklega náð til þeirra, sem legðu fé í flokkssjóð sjálfstæðismanna. Það er þá orðin ein af megingrundvallarástæðum fyrir skattálagningu hér á landi að ná til þeirra, sem í þann flokkssjóð leggja. Hvort allir þeir, sem í skattinn komast nú, höfðu lagt mikið í þann sjóð, er svo annað mál, ef það væri skoðað ofan í kjölinn, og ég veit ekki út af fyrir sig, hvort allir framsóknarmenn eru þeim mun fátækari en sjálfstæðismenn sem þeir stundum láta meira yfir mannúð sinni í orði heldur en þeir vilja tileinka okkur sjálfstæðismönnum. Hin ástæðan átti að vera sú fyrir þessu furðulega formi, að það hefði verið tekinn upp sá háttur af einstökum auðmönnum að skipta upp eignum sínum í margs konar félög, og með þessum hætti mundu þeir geta skipt upp eignunum, þannig að hvert félag ætti ekki nema 900 þús. kr., sagði fjmrh., og væri þar með skattlaust.

En ég spyr: Er það ekki einmitt hæstv. fjmrh., sem hefur undanfarin ár, lengst af nú síðan 1934, verið fjmrh. og staðið fyrir því, að slík aðferð í skattálagningu væri yfirleitt upp tekin? Ef ótækt er að leyfa mönnum að skipta upp eignum sínum í sambandi við stóreignaskatt, hví er þá frekar heimilt að leyfa þeim að skipta upp eignunum á sama veg í sambandi við venju-

legan eignarskatt eða í sambandi við tekjur þessara félaga? Hæstv. ráðh. verður að gera grein fyrir svörum við þessum spurningum, áður en sú málsvörn hans verður tekin til greina, að þetta form skattsins, sem hann hefur gerzt talsmaður fyrir, styðjist í raun og veru við þessar ástæður.

Nei, það, sem við öll vitum að er hin raunverulega ástæða, er það, að verið er að hlífa Sambandi ísl. samvinnufélaga og fyrirtækjum þess, mesta auðhring landsins, eins og hv. þm. Siglf. (ÁkJ) sagði, en verið að reyna að leggja skattinn á þá, sem hæstv. fjmrh. beinlínis lýsti yfir í gær, að mundu tilheyra öðrum flokki en hann sjálfur er fylgjandi.

Við heyrðum það af munni hv. þm. Siglf. í gær, að hann hefur komið auga á, að það eru hættuleg þau forréttindi, sem Sambandið að þessu leyti hefur skapað sér, og ég hef heyrt það, að nýlega hafi á fundi í Alþýðuflokksfélagi Reykjavíkur, þótt enn hafi ekki verið sagt frá því opinberlega, annar hv. þm. haldið mjög skelegga ræðu um, að þessu yrði að breyta eitthvað í svipaða átt og hv. þm. Siglf. sagði.

Þetta sýnir, að óánægjan með þetta fyrirkomulag, þá aðferð við skattheimtuna, sem það frv. hvílir á, sem hér er til umr., er miklu víðtækari, útbreiddari en ætla mætti, þegar litið er til þeirra handa, sem upp verða réttar til stuðnings þessa máls, en það verða ýmsir, sem þar greiða atkvæði nauðugir og gegn betri vitund.

Um fjáröflun til húsnæðismálanna er það annars að segja, að áður fyrri fram til 1930 hafði komizt upp hér á landi allöruggt og vaxandi veðlánakerfi, sem fyrst og fremst var bundið við veðdeild bankanna og þá ekki sízt veðdeild Landsbankans. Það var eitt af fyrstu verkum Framsóknarstjórnarinnar, sem tók við völdum 1927 með stuðningi Alþfl., að stöðva starfsemi veðdeildarinnar, að hindra hana í sínum eðlilegu útlánum með því að koma í veg fyrir, að hún gæti tekið þau lán, sem óhjákvæmileg voru til þess að standa undir hinum mikilvægu byggingarmálum. Með þessu hafa framsóknarmenn tekið á sig þunga ábyrgð og Alþfl. varðandi það ófremdarástand, sem um langt bil ríkti í þessum málum. Úr þessu hefur verið reynt að bæta á ýmsan veg, borgararnir reyndu í sjáfsvarnarskyni að bæta úr því t. d. með stofnun Sparisjóðs Reykjavíkur, sem hefur veitt fleiri byggingarlán hér í Reykjavík á þessu árabili en nokkur önnur ein stofnun. Að nokkru leyti reyndu stjórnarvöldin sjálf að bæta úr því, sem þau gerðu miður, með því að efla verkamannabústaðina, og því var lengi mjög haldið á lofti, að sjálfstæðismenn hefðu í fyrstu talið, að þar væri ekki farin rétt leið. Látum það vera, um það mál var ágreiningur eins og fleiri og oft er, bæði í fyrstu og um framkvæmd. Raunin varð samt sú, að verkamannabústaðirnir í Reykjavík hafa heppnazt betur en nokkurs staðar annars staðar, og Reykjavíkurkaupstaður var lengi vel eini kaupstaðurinn, sem með framlögum stóð fyllilega við lagaskyldu sína í þessum efnum. Þeir staðir, þar sem Alþýðuflokksmenn, t. d. hæstv. núverandi félmrh., höfðu mikil áhrif, eins og á Ísafirði, urðu aftur á móti berir að algerum vanefndum, og lengi vel var það svo, að sú lóð, sem á Ísafirði hafði verið ætluð til verkamannabústaða, var óhrjálegasta grjóturðin í öllum kaupstaðnum. Ég vildi mega óska þess, að framkvæmd þessa frv. reyndist betur en þau fyrirheit um byggingu verkamannabústaða reyndust, sem þessi hæstv. félmrh. lengi vel sýndi með efndum sínum á loforðunum á Ísafirði. Óskandi er, að betur til takist, og ekki skal standa á stuðningi þeim, sem við sjálfstæðismenn getum veitt til raunhæfrar lausnar þessara mála. Það var svo í stríðslokin eftir hvatningu okkar sjálfstæðismanna og fyrir atbeina okkar með þál., sem borin var fram, að nýsköpunarstjórnin tók þessi mál upp og setti um þau heildarlöggjöf. Því miður var sú löggjöf, sem Alþfl. átti þátt í og beitti sér einkum fyrir, ekki svo raunhæf sem skyldi. Þess vegna hélt áfram glundroðinn, og tók fyrst að birta til, þegar smáíbúðadeildin var sett á stofn og í framhaldi hennar lögin frá 1955. Það ber fúslega að viðurkenna, að hæstv fyrrv. forsrh. og félmrh., Steingrímur Steinþórsson, skar sig mjög úr leik frá öðrum flokksbræðrum sínum um lifandi áhuga fyrir þessu máli, og hann á vissulega þakkir skilið fyrir sitt framlag og sinn góða vilja um að styðja og koma í framkvæmd með okkar stuðningi því, sem við sjálfstæðismenn stungum upp á og óskuðum eftir í þessum málum. Og með löggjöfinni, sem sett var 1955, var sem sagt skapaður sá grundvöllur, sem enn er byggt á í því frv., sem fyrir liggur og sýnir sem sagt, að hæstv. ríkisstj., hæstv. félmrh. er þó ekki alls varnað, að þannig skuli farið að, þótt reynt sé að leyna því með því að flytja þetta frv. í öðru sem sjálfstætt frv. og reyna með stóryrðum um það, hvað áður skeði, að leyna samhenginu, sem hér er á milli.

Reykjavíkurbær hefur af öllum aðilum lagt mest fram til að leysa þessi mál hér í bænum. Hann gerði með framlögum og með lóðaúthlutun starfsemi verkamannabústaðanna mögulega. Hann hefur yfirleitt gert byggingarframkvæmdir hér mögulegar með því að láta í té lóðir, með því að leggja götur, með því að leggja holræsi og undirbúa lóðirnar til byggingar á þann veg, alveg gagnstætt því, sem víða annars staðar er, þar sem einstaklingarnir, þeir sem byggja, verða allt þetta að kosta sjálfir og leggja fram fé úr sínum eigin vasa. Hlutur Reykjavíkurbæjar í þessum efnum er því ómetanlegur. En því til viðbótar hefur hann með ýmsum byggingum, bæði bráðabirgðaráðstöfunum, sem ég viðurkenni að eru hreinlega bráðabirgðaráðstafanir, eins og bygging Höfðaborgar á stríðsárunum, þegar ekkert varanlegt byggingarefni var fáanlegt og koma varð þess vegna upp húsum til bráðabirgða úr timbri, með byggingu húsa eins og við Hringbrautina, stórhýsa, sem eru fyrstu stórhýsi sinnar tegundar og mörkuðu tímamót á þann veg, — að það var fyrst eftir að þau voru reist, sem almenningur hér sannfærðist um, að það væri í raun og veru hægt og oft kostir því samfara að búa í svo stórum samhýsum. Áður töldu menn það vera frágangssök að hafa hér slíkar byggingar, þó að þær tíðkuðust erlendis. Bærinn kom upp þessum bygg-

ingum fyrst við Hringbraut, síðan við Miklubraut. — Þessar byggingar seldi hann með góðum kjörum, en jafnhliða kom hann upp og reisti margar íbúðir við Skúlagötu, sem hann á enn þá og hefur notað til þess að hjálpa þeim, sem verst eru settir. Næsta stórathöfn bæjarins var bygging Bústaðahverfishúsanna, þar sem húsin voru látin hálfköruð á þann veg, að létt var undir einstaklingunum að taka við þeim og ljúka byggingunni, og síðan voru þau seld með góðum kjörum. Því næst hafa raðhúsin tekið við, sem reynist vera hagkvæmur byggingarmáti og mjög eftirsóttur. Jafnhliða þessu var svo stórátak gert eins og fyrirgreiðsla fyrir smáíbúðahverfinu og ýmsar aðrar ráðstafanir, sem of langt yrði upp að telja.

Eins og hv. 5. þm. Reykv. drap á, þá er þátttaka bæjarins í þessum efnum hér á landi mun erfiðari en víða annars staðar, vegna þess að annars staðar hefur ríkið tekið að sér að útvega lán til bæjarins og annarra aðila, sem í byggingarframkvæmdunum standa. Hér hefur þetta ekki enn þá tekizt. Við skulum fúslega viðurkenna, að það hlýtur að taka langan tíma, hver sem við völd er og hvernig sem á annan veg fer að koma þessu í lag. Þetta er kerfi, sem krefst uppbyggingar um langt árabil og krefst þess einnig, að nokkur stöðugleiki gildi í fjárhagsmálefnum, þannig að menn fáist til þess að lána fé sitt til langs tíma. Þess vegna er hér um margháttuð vandamál að ræða, og ég álasa hæstv. félmrh. engan veginn fyrir það, þó að honum hafi ekki frekar en hans fyrirrennurum tekizt að finna fullnaðarlausn málsins. Ég virði það við hann, sem hann þokar málinu eftir sinni getu fram á við. En hann má ekki alltaf telja okkur trú um, að hann hafi einhver kraftaverk unnið, þegar töluvert skortir á og honum hefur ekki enn þá einu sinni tekizt að bæta upp þann skaða, sem hann gerði — óafvitandi þó — með tilkomu sinni í ríkisstj., með þeirri staðreynd, sem hann á auðvitað erfitt með að skilja, þó að landslýðurinn ofur vel átti sig á því og viti fullvel, að það eru svo fáir, sem bera traust til hans stjórnar og sérstaklega meðferðar á fjármálum, að stórlega hefur dregið úr sparifjársöfnun.

En einmitt vegna þess, að hér er um margþætt mál að ræða, sem ekki verður leyst, nema allir aðilar leggi sig fram og leyst séu úr læðingi öll uppbyggileg öfl, þá verð ég að lýsa undrun minni yfir því, að hæstv. félmrh. skyldi sérstaklega vera að finna að því, að Sparisjóður Reykjavíkur hefði lánað einum aðila eða einni fjölskyldu lán til að koma upp 24 íbúðum. Auðvitað var hér ekki um að ræða íbúðir handa þessum aðilum sjálfum. Hér er um að ræða óvenjulega hæfan og duglegan byggingarmann, mann, sem eitt stjórnarblaðið, Alþýðublaðið, einmitt á meðan hæstv. félmrh. var enn í Alþfl., — hvort hann var þar formaður þá, man ég ekki með vissu, eða ekki, — en meðan hæstv. félmrh. var enn í Alþfl., bar Alþýðublaðið fram þá till., að þessum manni yrði falið það hlutverk að byggja á vegum þess opinbera, sérstaklega bæjarins, vegna þess að hann byggði helmingi ódýrara en aðrir og mun fljótar. Ef það er nú rétt, og það er vissulega rétt, sem hæstv. félmrh. segir, að hér sé úr brýnni þörf að ráða, þá er það vitanlega alger fjarstæða, ef á að taka upp sem stefnu, að það eigi að útiloka einkaframtakið frá því að leggja sitt til þess að leysa húsnæðisvandamálið. Það er einmitt þessi ágreiningur og áhrif af honum, sem kom glögglega fram í Bretlandi á sínum tíma. Þá höfðu íhaldsmenn lofað því fyrir kosningar, að þeir skyldu tryggja það, að 300 þús. íbúðir, hygg ég að það hafi verið, skyldu byggðar á hverju ári. Alþfl., verkamannaflokkurinn þar, sem verið hafði við völd í mörg ár og reynt að leysa málin eftir beztu getu, taldi hér vera um algert kosningaskrum að ræða. Hann sagði: Ja, við höfum lagt okkur fram um að leysa málið, við höfum lagt fram opinbera styrki, bær og aðrir aðilar keppast við að byggja, og þetta er hreint kosningaskrum og fjarstæða, sem engri átt getur náð, að það sé hægt að ljúka 300 þús. íbúðum á hverju ári. — Íhaldsflokkurinn vann kosningarnar. Macmillan, núverandi forsætisráðherra í Bretlandi, var gerður húsnæðisráðherra, og hann leysti þetta verkefni, hann sannaði með framkvæmdum ár eftir ár, að það var hægt að ljúka 300 þús. íbúðum á ári, en það var gert með því að leyfa einkaframtakinu að beita sér með því að nota alla uppbyggilega krafta í landinu, ekki með því að hverfa frá eða banna fyrirgreiðslu ríkis og bæja, sem allir nú orðið viðurkenna að eigi rétt á sér og sé nauðsynleg að vissu leyti, en er bara ekki einhlít, það þarf fleira að koma til.

Hér er um slíkan vanda að ræða, að allir, sem eitthvað hafa af mörkum að leggja, eiga að fá að njóta sín. Og ég þori að fullyrða, að í bæ, sem fyrst og fremst er byggður upp af einkaframtakinu, eins og Reykjavík er byggð upp, væri það alger afneitun á því afli, sem Reykjavík hefur reynzt heilladrýgst, ef ætti að útiloka frá lánum menn eins og þann aðila, sem hér á hlut að máli. Það væri spor aftur á bak, en ekki fram á við. Við skulum einnig hafa það í huga, að þótt sjálfsagt sé og umfram allt eigi að styðja einstaklingana að því að byggja yfir sig sjálfa, þá verða alltaf svo og svo mörg hundruð fjölskyldna, sem ekki hafa ástæður til þess að ráðast í eigin framkvæmdir, og meðan almannavaldið, ríki og bær, er þess ekki umkomið eða hefur ekki vilja til þess — látum vera hvort heldur er — að sinna þessum þörfum, þá er það skylda að greiða fyrir því, að einhverjir aðrir geti það. Og ég vil segja, að það er ósæmilegt, ég sný orðunum við, það er ósæmilegt af félmrh. að vera að setja út á ráðstöfun, sem í þessum efnum var gerð, og hann getur fullvissað sig um það, ef hann vill og skoðar þetta mál ofan í kjölinn, að það er rétt, sem ég hef sagt um það í einu og öllu, enda er alkunnugt, að þær íbúðir, sem hér um ræðir, eru leigðar út með hagkvæmari kjörum en nokkrar aðrar hliðstæðar íbúðir hér í þessu bæjarfélagi.

Yfirleitt er það svo, — við erum auðvitað allir nokkuð með því markinu brenndir, — að það má vel lofa einn án þess að lasta annan. Það er vel hægt að segja, að þetta þurfi að gera, þetta sé ógert, vegna þess að það eru ætíð svo margir hlutir ógerðir, og við værum dauðir úr

öllum æðum, allir, ef við sæjum ekki, að margt og mikið þarf að gera og er ógert, án þess að vera að lasta það, þegar einhver annar finnur úrræði til að bæta úr brýnni þörf, þegar það er sannað, að það er gert á hagkvæmari og betri hátt en öðrum hefur tekizt.

Ég vil svo að lokum segja það og endurtaka, að úr húsnæðisvandamálinu verður ekki leyst, nema öll uppbyggileg öfl í þjóðfélaginu leggist á eitt, að ríkið geri sitt, að bæjarfélögin og sveitarfélögin geri sitt, að einstaklingarnir verði hvattir til þess að gera sitt og að þeir stjórnarhættir verði hafðir, að hverjum þeim, sem sýnir óvenjulegan dug, þekkingu og hæfileika til að leysa málin, verði ekki heldur varnað að gera sitt, og umfram allt, að það ástand skapist í þjóðfélaginu, bæði að menn sjái, að til einhvers sé að vinna með því að leggja sig fram, og traust skapað á fjárgildi og peningum, þannig að menn vilji leggja þá til hliðar, að menn vilji spara, að menn treysti fjárhagsstofnununum fyrir sínum fjármunum, þannig að hægt sé að nota þá til gagns bæði fyrir þá sjálfa, sem eiga þá, og einnig fyrir alþjóð með hyggilegum útlánum. Til þess að þetta geti orðið, þurfa allir að leggja sitt fram, og ber að fagna hverri nýrri hugmynd og hverri nýrri viðleitni, sem í þeim efnum á sér stað. Varðandi skyldusparnaðinn vil ég segja það, að ef ekki er hægt að ráða bót á málinu með öðru móti, þá getur verið rétt að reyna þá leið. En það er vissulega sorglegt tímanna tákn, ef í stað þess, að menn af frjálsum hug og frjálsum vilja leggja fram fé til sparnaðar og til hliðar sjálfum sér og öðrum til góðs, þarf að skylda þá til þess, og ég vildi óska, að þeir stjórnarhættir hæfust sem fyrst á ný á Íslandi, að frelsi gæti hvarvetna komið í stað þvingunar.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Mér finnst það nú harla einkennilegt, að hæstv. félmrh. skuli nánast vera með ákúrur hér bæði til mín og nokkurra annarra hv. þm., sem tekið hafa til máls í þessu máli, fyrir að vera að ræða málið. Ég hef satt að segja haldið, að það væri ekki óeðlilegt á þingi, að mál væru rædd og þá mest þau mál, sem talin eru þýðingarmest, og ég hefði haldið, að þetta mál, sem hér um ræðir, væri harla þýðingarmikið. Það kann hins vegar vel að vera skiljanlegt, að hæstv. ráðh. óski ekki eftir miklum umr. um málið, þegar þess er gætt, hvernig frá því hefur verið gengið frá hans hendi, og þess vegna muni fara bezt á því að leiða sem minnst fram í dagsljósið af hinu raunverulega efni málsins og láta sér nægja þær skrumfrásagnir, sem birtar hafa verið í málgagni ráðh. um málið sjálft. Hins vegar, meðan menn hafa málfrelsi hér á þingi, verður hæstv. ráðh. að una því, að menn leyfi sér að gera athugasemdir við þetta mál og önnur, hvort sem honum líkar það vel eða ekki.

Mér finnst sannast sagna ráðh. vera um of ánægður með sjálfan sig og sín afrek, þegar hann talar um, að það sé nú svo sem ekki mikið, þó að það hafi verið bornar fram 16 brtt. í annarri deildinni við þetta frv. Að vísu voru brtt. 30, en það skiptir ekki öllu máli, hitt verður að segja, sem er staðreynd, að ég held, að það sé mjög fátítt, að stjórnarfrv. séu undirbúin svo illa, að það þurfi í þingnefndum að bera fram við þau tugi brtt., vegna þess að það verður að ætla, að a. m. k. þetta mál, sem hefur verið í deiglunni mánuðum saman, hafi verið það hugsað af þeim mönnum, sem við það hafa fengizt, að þess sé lítil von, að þingnefndir, sem hafa með málin að gera aðeins nokkra daga, sjái þegar í hendi sinni, að þau séu svo illa samin, að það þurfi að gera á þeim grundvallarbreytingar. Það er sannast sagna meira en lítil breyting, þegar meira að segja kemur í ljós, að það hefur gleymzt að taka inn í frv. vissa tekjuliði, sem þó er gert ráð fyrir í öðrum greinum frv. og vísað til, en það hefur ekki verið tekið inn í frv. á sínum stað, að heimilað væri að leggja á þau gjöld, sem þar um ræðir. Sannleikur málsins er sá, að því miður er það lítt skiljanlegt, hvernig frá þessu máli er gengið og hversu það er ólögformlega útbúið í mörgum greinum, þannig að það er naumast sýnilegt, að það hafi komið nálægt því neinn, sem þekkingu hafði á þeim málum, hvernig ætti að gera frv. úr garði.

Hæstv. ráðh. gerði tilraun til að svara nokkrum fyrirspurnum, sem ég kom hér fram með. Að vísu sagði hann, að þetta væru atriði, sem ég hefði getað lesið í frv., því að í greinargerð frv. væri skýrt og ákveðið tekið fram, hvað hér væri um að ræða, þannig að það væri enginn vandi að sjá það. Ég verð nú hins vegar að játa það, ég er kannske ákaflega og óvenjulega tornæmur, en ég gat ekki fundið út úr upplýsingum hæstv. ráðh. raunverulega neina niðurstöðu um það, sem ég var að spyrja um. Og sannast sagna fann ég ekki heldur samræmi í því innbyrðis, sem ráðh. var að segja. T. d. varðandi þær árlegu tekjur, sem væru til ráðstöfunar, þá taldi hann þær í þremur liðum í upphafi síns máls, það væru árlegar tekjur byggingarsjóðs, sem mundu verða um 23 millj., frá bönkum og fleiri aðilum 44 millj. og sparnaður 15 millj. Þetta sagði hann að gerði 85—90 millj. Ég fæ nú ekki út úr því nema 82. En það kann að vera, að það séu einhverjir aðrir liðir sem hann hafi reiknað með til þess að fá út þessa niðurstöðu, en það hefði þá verið fyrir þann, sem á hlustar, skemmtilegra, að það hefði verið fært upp á þann veg, að hægt væri að fá þá niðurstöðu, sem ráðherrann fékk.

Varðandi þetta atriði er svo því til að svara, að ef hann á við með þessu, að þetta verði það, sem verði til ráðstöfunar næstu árin, þá sýnist mér, að það sé ljóst af því yfirliti, sem er varðandi skyldusparnaðinn, að það muni þegar á næsta ári fara að koma til endurgreiðslu á skyldusparnaðarframlögum og nettótekjur af þeim fari því minnkandi með árunum. Enn fremur varðandi þennan fyrsta lið, 23 millj. kr. tekjur byggingarsjóðs, þá skildist mér á honum, að þetta væri fundið þann veg út, þessi upphæð, og það er í rauninni eina skýringin á því, hvernig fást út þessar 23 milljónir sem arður af 118 millj. kr. höfuðstól, að þar væri reiknað með 15.3 millj. kr. framlagi af stóreignaskatti á næsta ári. Nú er það auðvitað vitanlegt, og ég býst við, að hæstv. fjmrh. fari næst manna um það, hvað sé raunverulegt í þessu efni, að

hann treysti sér ekki til að áætla þetta einu sinni í milljónum, hvað þá í hundruðum þúsunda, þannig að það er vitanlega algerlega óvíst enn, hvort hér verður um að ræða 10 millj., 15 millj. eða eitthvað þar á milli eða meira eða minna. Auðvitað verður að ganga út frá einhverri tölu í áætlun, en það er ekki hægt að ganga út frá þessu sem raunverulegri tölu. Og þá kemur einnig til greina, að það er auðvitað aðeins á næsta ári, sem tekjurnar verða þessar, því að eftir það verður það aðeins 1/10 hluti af því, sem þá verður eftir. Þess vegna hlýtur að vera til ráðstöfunar mun minna fé eftir þessum þremur liðum, sem tilgreindir voru. Við þetta allt saman bætist svo það, að það veit auðvitað enginn maður í dag, og hæstv. fjmrh. tók það fram í gærkvöld, hvað stóreignaskatturinn yfirleitt gefur. Reyndin varð sú, að síðasti stóreignaskattur, 1950, gaf um 45 millj., að ég held. Nú er ætlunin að ná inn um 80 millj. kr. Það var hins vegar tekið fram hér í gær, að lágmark þeirrar nettófjárhæðar í eign, sem lagt er á, hefði verið hækkað, og því var haldið fram af stjórnarliðinu, að með þessum skatti væri í rauninni síður en svo nær mönnum gengið en með hinum eldri, og ég er þess vegna ákaflega hræddur um, ef það er rétt, að þá verði það engar 80 millj., sem inn koma. En það er önnur saga. Þetta er sem sagt áætlun eins og annað.

En það var eitt, sem ég saknaði algerlega í upplýsingum hæstv. ráðh., og það var um það atriði, hvað yrði til ráðstöfunar á þessu ári. Ég er hræddur um, að almenningur vaði nokkuð í villu um það vegna þessara stóru talna, sem blöðin eru látin fara með, hvað sé verið að leggja fram með þessu nýja frv. eða þessum nýju lögum, og að menn hafi alls ekki áttað sig á því, hvað raunverulega verður hér til ráðstöfunar. Mér skilst sannast sagna, — ég spyr nú hæstv. ráðh. að því, hvort það sé rangt skilið, — að það verði ekki nema 16 millj. eða kringum það, sem verði nýtt fé á þessu ári, ef ríkisstj. fær þær 44 millj., sem hún gat um. Það skal að vísu fram tekið í því sambandi, að þá mun ekki vera reiknað með framlögunum til verkamannabústaða, sem hæstv. ráðh. upplýsti í sinni ræðu að væru þannig til komin, að ríkissjóður ætlaði að leggja þeim til alveg sérstaka fjárveitingu á þessu ári, og er það vissulega vel, ef svo er. En það var auðvitað ekki að ástæðulausu, að um þetta var spurt, vegna þess að í grg. er ekki hægt að finna neina skýringu á, hvernig þetta er til komið. Þar segir aðeins: „Og auk þess greiðir ríkissjóður 8 millj. kr. til verkamannabústaða.“ En eftir hvaða leiðum það er gert, sést ekki af þessari skilgreiningu.

Mér sýnist því eftir þessum upplýsingum hæstv. ráðh. að dæma, að allt sé meira og minna í lausu lofti, hvað þarna verður um að ræða, og styðji þá skoðun, að þetta sé ekki allt eins traust undirbyggt og látið er í veðri vaka í greinargerðum hæstv. ráðh. og ræðum hans, einkum þeirri, sem hann flutti í hv. Ed. um þetta mál á sínum tíma.

Hins vegar var annað atriði, sem kom fram í ræðu hæstv. ráðh. og mér fannst mjög merkilegt og ég vildi spyrja hann nánar um. Hann sagði í sinni ræðu, og ég held, að ég hafi alveg rétt tekið eftir því, að ríkisstj. hefði lofað að skylda bankana til þess að leggja fram þessar 44 millj. kr., ef þeir vildu ekki góðfúslega gera það. Mér þætti fróðlegt að vita, hvort þetta er rétt, að ríkisstj. hafi ákveðið að skylda bankana til þessa, hvað sem þeir hafa annars um það að segja og án þess að hlýða á þær röksemdir, sem fram hafa verið færðar frá þeirra hendi um þetta efni.

Hæstv. félmrh. hefur talað mjög digurbarkalega um, að það ætti að skylda bankana. Það er ekkert í þessu frv., sem bendir til þess, að þetta eigi að gera. En það væri mjög fróðlegt að vita, hvort það hefur verið samið um það af ríkisstj. á bak við, að hún ætlaði sér að fara þá leið að skylda bankana með lögum til að leggja fram þetta fé, ef þeir vilja ekki gera það, eða ríkisstj. hugsar sér kannske, að hún geti náð frekar fram þeim árangri með þeirri nýskipan, sem hún er að framkvæma í þessu efni.

Í því sambandi talaði hæstv. ráðh. mjög fyrirlitlega um greinargerð bankanna um peningamálin og sagði, að íhaldið hefði staðið að þeirri greinargerð. Það er öllum vitanlegt og ómótmælt, að hver einasti bankastjóri, sem um þetta mál hafði að ræða, og ekkert síður bankastjórar Framsfl. voru á einu máli um það, að eins og sakir stæðu væri ekki hægt að leggja fram þetta fé, — ekki af neinum fjandskap til málsins, heldur vegna þess eins, að það væri þannig ástatt um sparifjármyndun, að það væru engin tök á að leggja féð fram. Og það er náttúrlega í alla staði ómaklegt að ráðast að þessum mönnum á þann veg, að þeir hafi verið að setja fótinn fyrir þessar framkvæmdir, sem hér er um að ræða.

Hæstv. ráðh. fór mjög skakkt með mín orð. Hann hélt því fram, að ég hefði verið á móti því, að lagt væri á þetta 1% gjald. Það sagði ég aldrei, að ég væri því andvígur. Hins vegar sagðist ég vilja beina því til hæstv. ríkisstj., hvort henni fyndist ekki vera orðin nokkuð flókin skattheimtan, þegar hvert prósentið væri lagt ofan á annað með nýjum og nýjum viðaukum við þessi gjöld, — hvort ekki væri nauðsynlegt og skynsamlegt að taka það til athugunar, hvort hægt væri að koma þessu fyrir á einfaldari hátt.

Þá vildi ráðh. halda því fram, að það hafi verið misskilningur hjá mér, hvað væri litið af nýju fé, sem kæmi í þennan sjóð, og ræddi um það, að m. a. kæmi nú þangað stofnfé lánadeildar smáíbúða. Vitanlega er þar ekki um neitt nýtt fé að ræða. Þetta fé er allt í útlánum, og ég held, að engum heilvita manni hafi dottið í hug, þó að formlega hafi ekki verið frá því gengið, að það ætti að fara að draga þetta fé aftur út úr húslánakerfinu, þannig að það er vitanlega ekkert afrek á neinn minnsta máta, þó að það sé lögfest, að þetta fé skuli áfram vera í umferð til útlána til íbúða.

Þá hélt ráðh. því fram, að ég hefði farið með rangt mál varðandi brtt., sem fram kom á sínum tíma frá þáverandi hv. 2. þm. Reykv. við húsnæðismálafrv., og vitnaði til þess, að ég

hefði sagt, að hann hefði lagt til, að það yrði lánað 90%, og sagði, að þetta væri nú í lögum, þannig að það hafi ekki verið neinn sérstakur stórhugur í því. — Ég mun hafa orðað það þannig, að þar væri lagt til að lána allt að 90%. Það er alveg rétt. Ég tók ekkert fram um það, hvort það í einstökum atriðum væri í lögum eða ekki. Þessar till. voru í 3 eða 4 liðum, það voru verkamannabústaðirnir út af fyrir sig, það var útrýming heilsuspillandi íbúða, og það var hið almenna veðlánakerfi, sem þar var einnig lagt til að taka upp. Það er alveg rétt, að þar var gert ráð fyrir minni hlutfallslegum framlögum, mig minnir 67%. En ég hygg satt að segja, að þrátt fyrir það, þó að það væri ekki meira, þá mundu menn telja það mikla búbót, ef hæstv. félmrh. vildi fara eftir því að lána til þeirra hluta 67%, eins og þar var gert ráð fyrir.

Hæstv. ráðh. taldi, að það væri undarlegt, að það væri verið að finna að því, hvaða skipan væri höfð á þessum málum nú. Það væri verið að ákveða að kjósa hér sérstaka húsnæðismálastjórn. Áður hefði þetta verið pólitískt mál. Það hefði verið settur í það á sínum tíma formaður Varðarfélagsins og Framsóknarfélags Reykjavíkur, að mig minnir að hann segði. Að vísu byrjaði hann sjálfur á því að setja framkvæmdastjóra síns flokks í þetta. Það hefur kannske verið til að vera í stíl við annað, því að það einkennilega í þessu öllu saman er og kynduga við framferði þessarar hæstv. ríkisstj., að hún virðist aðallega hafa þá málsvörn til að bera, að þegar borið er á hana, að hún hafi ekki starfað í samræmi við það, sem hún hefur lofað, að hún hafi bara gert nákvæmlega eins og fyrrv. stjórn. Nú er það orðin aðaluppistaðan í svörum hæstvirtra ráðh., að þetta sé ekki annað en fyrrv. stjórn hafi gert og þá hljóti þetta að vera harla gott. Hann segir: Ja, landsbankafulltrúinn er atkvæðislaus eins og áður. — En ég segi bara það, úr því að það var alveg fráleitt að dómi þessara manna, þegar lögin um húsnæðismálastjórn voru á sínum tíma sett, og fráleitt að dómi hæstv. núverandi félmrh. að hafa þessa skipun á um þann manninn, sem helzt hefði vit á þessu, eins og hann orðaði það þá, hvernig í ósköpunum stendur þá á, að það er alls ekki hægt að breyta út af þessu? Það verður að vera eins og það var hjá þessari vondu stjórn, sem viðhafði þessar ólýðræðislegu og fráleitu aðferðir. Það er það, sem er ákaflega erfitt að skýra. Og nákvæmlega sama kemur upp á teningnum, þegar ráðherrann er að svara því með þjósti miklum, hvernig okkur detti í hug að vera að finna að því, að það séu hafðir sömu vextir á lánum úr veðlánakerfinu og hafi verið, þegar fráfarandi stjórn var við völd og réð þessum málum. — Þetta er bara alger misskilningur á því, sem sagt hefur verið. Við höfum ekkert út af fyrir sig verið að finna að því, við höfum aðeins bent á, að þessir menn hafa neyðzt til þess að kyngja öllum sínum fullyrðingum og fordæmingum um þessar reglur með því að lögfesta þær óbreyttar frá orði til orðs. Við höfum alls ekkert verið að finna að því, að þessar reglur hafi verið settar á sínum tíma. Það var talið þá, að það væri óumflýjanlegt að hafa þennan vaxtafót, og það er vafalaust alveg eins rétt í dag. En það er bara kyndugt, þegar þessir herrar eru farnir að taka það upp sem málsvörn, að þetta hafi fyrrv. stjórn gert og þess vegna sé alveg sjálfsagt, að þeir geri það sama. Ja, betur að þeir hefðu þá stjórn til fyrirmyndar um alla hluti.

Hann svaraði því til, að það væri ekki hægt að lækka vextina núna, vegna þess að það biðu svo margir eftir lánum, það væri ekki hægt að fullnægja öllum þörfum. Það vissu auðvitað allir, þegar þetta kerfi komst á, að það mundi taka langan tíma að þróast þannig, að það yrðu fullnægjandi lán handa öllum, þannig að það voru auðvitað þá ekki síður þær röksemdir fyrir hendi, að það væri ekki hægt að láta þetta kerfi verða fyrir miklum vaxtahalla, þannig að það þyrfti að borga með sér vexti og eyða þannig sínu starfsfé á þann hátt. Ég efast ekkert um, að það er rétt hjá hæstv. ráðh., að það sama gildir einnig nú.

Ég held, að það sé ekki þörf á því, að ég ræði þetta mál nánar. Ég hef minnzt á þau atriði, sem fram komu í ræðu hæstv. ráðh. og gefa tilefni til andsvara. Ég tel, að það sé alltaf gleðiefni, þegar hægt er að fá aukið fé til þessara mikilvægu mála, sem hér er um að ræða, en að það fari bezt á því, þegar þeir menn, sem málin flytja, verða að ganga í öllum verulegum atriðum troðnar slóðir, að þeir séu ekki með allt of mikið yfirlæti og mikillæti um sín eigin afrek og telji, að þeir hafi leyst einhvern Gordionshnút, sem ekki hafi áður tekizt að leysa.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri undarlegt, að við sjálfstæðismenn hefðum borið fram tillögur um, að þetta yrði afgr. sem breytingartillögur við lögin um hið almenna veðlánakerfi. Þetta er vitanlega ekkert einkennilegt, vegna þess að að undanskildum örfáum atriðum í þessu frv. er ekki um annað að ræða í þessu en nákvæmlega það sama og er í l. um hið almenna veðlánakerfi, og það hefði verið miklu einfaldara og eðlilegra, þar sem ekki er um neina gerbyltingu þeirrar skipunar að ræða, sem þar er rætt um, að það hefði verið afgreitt sem breytingar á þeim lögum, þannig að skýrt kæmi fram, hverju er verið að breyta og hvað er óbreytt, heldur en að flytja þetta á þennan máta og ætla fólki að álíta, að hér sé um einhverja nýskipan mála að ræða.

Því miður hefur farið svo, sem raunar mátti vita fyrir, að allar fullyrðingarnar um, að það væri hægt að fá eitthvert óhemjufé til þess að leggja í þessa starfsemi, hafa reynzt á sandi reistar, eins og svo margt, sem þessir ágætu menn hafa sagt, bæði í þessu máli sem öðrum. Þeir hafa orðið að beygja sig fyrir þeirri staðreynd, þegar þeir komast í valdastól, að það er hægara um að tala en í að komast. Það ber vissulega að virða sérhverja viðleitni þeirra, sem gengur í þá átt að bæta aðstöðu fólksins, hvort sem það er í þessu efni eða öðrum. En það fer jafnframt vel á því, að menn hafi það þá í huga og dragi af því sinn lærdóm fyrir seinni tímann, að það er betra og heppilegra alltaf að stilla orðum sínum í hóf, vegna þess

að það getur komið fyrir, eins og hefur komið fyrir þessa ágætu menn, að þeir komist í þá aðstöðu að verða krafðir reikningsskapar um að standa við allt, sem þeir hafa sagt.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. taldi óþarft af mér að ræða þetta mál hér, þar sem ég hefði aðstöðu til að ræða málið í þeirri n., sem væntanlega fær það til afgreiðslu, og hef auk þess nú þegar haft aðstöðu til þess að taka þátt í þeirri afgreiðslu að nokkru leyti með hv. heilbr.- og félmn. Ed., sem þar fór fram, og átti m. a. nokkurn þátt í því að koma þeirri skipan á málið, sem nú er orðin á því. Ég get vel skilið, að honum hafi þótt miður, að ég lýsti því, að það var samróma álit allra nm., að eins og frv. var, er það kom frá hans hendi, væri það ófært og óhafandi og engin leið að samþykkja það óbreytt. Ég talaði ekkert um, að það væri af þynnku hæstv. ráðh., að svona var ástatt um það. Ég vissi, að fljótfærni og flumbruháttur er gömul venja hjá honum og hefur löngum viljað vera einkenni á verkum hans, og fannst alveg óþarfi að taka það fram. Ég reyndi áðan að ræða málið aðeins efnislega, drap á nokkur atriði, sem ekki hafði tekizt að fá fylgismenn og flokksmenn hæstv. ráðh. til þess að taka til greina, þegar rætt var um málið í nefndunum, og bið engrar afsökunar á því.

Það var eitt atriði, sem ég heyrði hæstv. ráðh. tala um, sem gaf mér nú eiginlega tilefni til þess að standa hér upp. Það var það: nú á ekki að byggja stórt. Hæstv. ráðh. ætlar e. t. v. ekki að byggja núna. Tveggja og þriggja herbergja íbúðir eiga að duga handa almenningi. Þetta er nú allur framfara- og stórhugurinn. Einu sinni var hann þó meiri. Það var þegar hann var að byggja fyrir sjálfan sig. Það var fyrir nokkrum árum, þá átti hann heima á Ísafirði, var þar skólastjóri, og það voru erfiðleikatímar. Þá var bannað að byggja nema fá leyfi hjá fjárhagsráði, og sumar byggingar voru algerlega bannaðar á þeim tíma. Það var t. d. algerlega bannað að byggja bílskúr, að maður tali nú ekki um girðingar og annað því um líkt. En hvernig haldið þið að hæstv. ráðherra hafi þá byggt, þegar hann var að byggja fyrir sjálfan sig? Hann byggði tveggja hæða hús, fimm eða sex herbergja íbúð, en auk þess var í húsinu rúm fyrir sölubúð og auðvitað bílskúr við húsið. En það var ekki nóg. Það var allt of líkt því, sem var hjá öllum almenningi, sem var að byggja á þeim tíma og hefur verið að leitast við að byggja yfir sig fyrr og síðar. Til þess að það væri svolítið öðruvísi og sæist, að það væri einhver annar þarna á ferðinni, þá var settur turn á húsið. Ekki var nú samt þessi turn til þess að auka íbúðina. Það kann að vera, að það hafi einhvern tíma verið hugmyndin, en það var aldrei sett neitt gólf í turninn og aldrei neinn stigi þangað upp, svo að til íbúðarauknings var þetta ekki. Nei, það er nú svona, það er dálítið annað, sem menn telja sér nauðsynlegt, en öðrum ofrausn. Það eiga fleiri en hæstv. ráðh. líka sök og hann í þessu efni. Það er ekki óalgengt. Ég hef oft heyrt það núna undanfarið á þessum síðustu tímum heima hjá mér, vestur á Ísafirði, bæði hjá fyrrv. flokksbræðrum hans og einnig hjá sumum framsóknarmönnum þar, að óskapleg væri öll þessi fjárfesting, sem nú á sér stað í þjóðfélaginu, bæði í byggingum og öðru, að maður tali nú ekki um alla bílana, sem fluttir eru til landsins. En það er nú einhvern veginn svo með þessa menn, að þeim hefur láðst að spara við sjálfan sig að eignast bíl og annað slíkt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Nd., 23. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 565, n. 599).

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég vil eindregið mælast til þess, að þetta mál verði ekki tekið til 2. umr. nú, og neyðist til þess að greiða atkv. á móti afbrigðum. Málið var afgreitt af nokkurri skyndingu út úr d. við 1. umr., og ég tel, að það fari ekki vel á því, að haldið sé áfram slíkri aðferð að knýja málið fram með óvenjulegum hætti. Hér er um að ræða eitt mesta vandamál, sem fyrir liggur, og slíkt úrlausnarefni, að ekki sýnist af veita, að lögáskilinn frestur sé ætlaður þingmönnum, til þess að þeir geti áttað sig á því.

Mér virðist þar að auki, að það sé nægur tími fyrir hv. meiri hl. til að koma málinu fram fyrir þann tíma, sem hann nú hefur ráðgert þinglausnir, þó að lögákveðinn tími sé látinn líða frá því að nál. er útbýtt. Enn hef ég a. m. k. ekki séð nál. eða brtt. minni hl. Það kann að vera, að það sé búið að útbýta þeim, en ég hef ekki séð þær. Og ég vildi eindregið fara þess á leit, að málinu yrði frestað, í fyrsta lagi þangað til þær lægju fyrir og í öðru lagi þangað til lögákveðinn tími hefur liðið frá því, að útbýting þessara þskj. hefur farið fram.

Forseti (EOl): Út af tilmælum hv. 1. þm. Reykv. vil ég taka fram, að það er að vísu ætlið leitt að þurfa að hraða svo þingmálum, að ekki sé hægt að hafa hina ákveðnu fresti um útbýtingu skjala. En reynsla af þingstörfum, þegar dregur fram að síðustu dögum hvers þinghalds, er sú, að þá sé ekki annars kostur en að afgreiða málin með nokkrum afbrigðum. Forseti hafði fyrir sitt leyti, eftir að meiri hl. heilbr.- og félmn. hafði skilað áliti og því verið útbýtt á venjulegan hátt, sett sig í samband við minni hl. og gert raunverulega samkomulag um, að jafnvel þó að ekki næðist að útbýta nú nál. minni hl., þá yrði ekki byrjuð umr. frá hálfu minni hl. fyrr en kl. 5 í dag, á síðdegisfundi.

Ég get því miður ekki orðið við þeirri ósk að fresta að taka málið fyrir, því að af því mundi leiða, ef svipaðar óskir kæmu fram í sambandi við önnur mál, sem eftir eru á þinginu, að algerlega ókleift yrði að ljúka störfum þessa þings, sem þó er orðið alllangt, á þeim tíma sem verið er að keppast við nú. Ég mun þess vegna bera upp till. um, að veitt séu afbrigði, svo að þetta mál megi koma fyrir.

ATKVGR.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, HS, HV, KGuðj, PÞ, BrS, SkG, ÓJ, SvbH, ÁÞ, ÁB, BG, EirÞ, EystJ, GíslG, GJóh, EOl.

nei: IngJ, JóhH, JPálm, JS, KJJ, JR, PO, RH, BBen.

9 þm. (LJós, MJ, ÓTh, SÁ, ÁkJ, BÓ, EmJ, GÍG, GÞG) fjarstaddir.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þegar um frv. þetta var fjallað í Ed., unnu nefndir beggja deilda saman að athugun þess, og áttu þá nefndarmenn í heilbr.- og félmn. þessarar hv. deildar þess kost að koma á framfæri ýmsum ábendingum um breytingar á frv. Í Ed. hafa síðan ýmsar breytingar í þá átt, sem ábendingar komu fram um, verið gerðar. Fæstar þeirra breytinga voru þó stórvægilegar. Eftir að frv. hafði nú verið vísað til heilbr.- og félmn., hefur hún tekið það til athugunar að nýju. Hafa nefndarmenn ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. n., sem stendur að áliti á þskj. 599, leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það nú liggur fyrir. Minni hl. n. telur hins vegar, að enn þurfi frv. breytinga við. Mun hann skila sérstöku nál. og væntanlega leggja fram brtt., en þar sem þeim hefur ekki enn verið útbýtt og það nál. liggur ekki fyrir, ræði ég það að sjálfsögðu ekki frekar.

Ég skal svo ekki fjölyrða mjög um þetta mál, enda var það rækilega reifað af hæstv. félmrh. við 1. umr. þess. Ég vil þó segja þetta:

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að húsnæðismálin eða réttara sagt húsnæðiseklan er og hefur verið undanfarin ár eitt mesta vandamál okkar Íslendinga. Liggja ýmsar ástæður til þess öngþveitis, sem þau mál hafa komizt í, svo sem hin mikla dýrtíð og hinn hái og síhækkandi byggingarkostnaður, sem af henni hefur leitt, lánsfjárskortur og tilflutningur fólks í landinu. Í tíð fyrrverandi ríkisstj. undir forustu þáverandi félmrh., Steingríms Steinþórssonar, var með stofnun hins svokallaða almenna veðlánakerfis gert stærra átak til lausnar í þessum málum en nokkru sinni áður. Það veðlánakerfi var fyrst og fremst byggt á samningum við bankana um ákveðin framlög til íbúðarlána. Voru þeir samningar aðeins gerðir til tveggja ára. Hafa bankarnir ekki treystst til að endurnýja þá samninga. Hefur hið almenna veðlánakerfi því verið algerlega fjárvana nú um skeið, svo sem kunnugt er. Hafa því hlaðizt upp lánbeiðnir hjá húsnæðismálastjórn, sem ekki hefur verið unnt að sinna. Er nú svo komið, eftir því sem segir í grg. þessa frv., að 2000 lánaumsóknir liggja óafgreiddar hjá húsnæðismálastjórn og auk þess rúmlega þúsund umsóknir, sem aðeins hefur verið sinnt með smábyrjunarlánum.

Þó að gert væri mjög myndarlegt átak með stofnsetningu hins almenna veðláankerfis, þá sýndi það sig, að það var ekki nægilegt til að leysa hinn stóra vanda, sem hér er við að etja. Fjárhæð sú, sem útveguð var til hins almenna veðlánakerfis, reyndist ekki nægjanleg, þó að þau framlög væru að vísu miklu hærri en nokkru sinni áður og þó að það hafi greitt úr vandræðum fjölmargra. Enn fremur skorti það á, að sjóði almenna veðlánakerfisins væri tryggt nægilegt fjármagn til frambúðar, og var raunar varla við því að búast, að hægt væri að fá bankana til að gera fasta samninga um lengra tímabil en til 2 ára. Hér var því þörf á stærra átaki en nokkru sinni áður. Með frv. þessu, ef að lögum verður, er einmitt slíkt átak gert til lausnar húsnæðisvandamálanna. Með frv. þessu, ef að lögum verður, er séð fyrir meira lánsfé til íbúðabygginga en nokkru sinni fyrr. Með frv. er gert ráð fyrir stofnun byggingarsjóðs ríkisins, og er honum lagt til allríflegt stofnfé. Standa vonir til þess, að hann geti, áður en langir tímar líða, orðið það öflugur, að hann geti að verulegu leyti fullnægt eftirspurn eftir hinum nauðsynlegustu íbúðalánum. Jafnframt er gert ráð fyrir, að hið almenna veðlánakerfi starfi áfram við hlið byggingarsjóðs með svipuðum hætti og áður, og gefur ríkisstj. fyrirheit um það í grg. frv., að hún muni sjá svo um, að húsnæðismálastjórn fái á árinu 1957 eigi minni fjárhæð auk byggingarsjóðsins en 44 millj. kr. til lánsúthlutunar. Til viðbótar eru svo stóraukin framlög til byggingarsjóðs verkamanna og til útrýmingar heilsuspillandi íbúða.

Hér er því um að ræða stóraukna fyrirgreiðslu af hálfu ríkisvaldsins til lausnar á húsnæðisskortinum. Þess er brýn þörf, því að það ástand, sem nú ríkir í þeim efnum, er óviðunandi. Fjöldi ungra manna hefur ráðizt í íbúðabyggingar í trausti þess, að lán mundi fást í gegnum veðlánakerfið, en stendur nú uppi ráðalaus. Byggingarnar standa því hálfgerðar og koma eigi að gagni, fyrr en íbúðareigendum er gerð einhver úrlausn um lánsfé, og þessir menn eiga vissulega skilið að fá fyrirgreiðslu. Þeir hafa margir lagt á sig mikið erfiði við byggingu íbúðanna og lagt fram mikla aukavinnu, sem þjóðfélaginu kemur til góða. Hér er um að ræða brennandi mál fyrir margt ungt fólk, fyrir mörg ung hjón og hjónaefni, sem ýmist hafa alls ekkert þak yfir höfuðið eða búa við allsendis ófullnægjandi húsnæði. Takist eigi að leysa þessi mál á viðunandi hátt, hlýtur þetta unga fólk að glata trausti sínu á þjóðfélaginu og tiltrú til þess, og hvernig er með sanngirni hægt að ætlast til þess, að ungt fólk, sem ekki á þess kost að stofna heimili, vegna þess að hvergi er mannsæmandi íbúð að fá, finni til þegnskapar og þakkarskuldar gagnvart þjóðfélaginu?

Annað meginnýmæli þessa frv., sem hér liggur fyrir, er ákvæðin um sparnað til íbúðabygginga og þá fyrst og fremst fyrirmælin um skyldusparnað ungs fólks. Ég skal ekki fjölyrða um það efni, en vil aðeins segja það, að ég tel, að þar sé um mjög merkilegt nýmæli að ræða. Þar er farið inn á nýja braut, þar er um tilraun að ræða. Reynslan verður að skera úr, hversu sú tilraun tekst. Eins og ákvæðin eru úr garði gerð, held ég, að ekki sé of nærri neinum gengið. Hér veltur allmikið á því, hversu til tekst um framkvæmdina. Um það verður að setja nánari fyrirmæli í reglugerð. Er að því er mér virðist óhugsandi fyrir löggjafann að ætla sér að setja

um það ýtarlegar reglur, en ég fyrir mitt leyti legg áherzlu á og það er áreiðanlega sjónarmið þess nefndarmeirihluta, sem ég hef hér orð fyrir, að framkvæmdinni verði hagað svo, að skriffinnska í sambandi við þetta verði sem minnst og að framkvæmdin öll verði sem greiðust, hvar sem er á landinu.

Í sambandi við lausn húsnæðiseklunnar ber tvö atriði hæst, tvö atriði, sem eru nauðsynlegust, í fyrsta lagi útvegun lánsfjár til íbúðabygginga og í annan stað lækkun byggingarkostnaðar. Að mínu viti er lækkun byggingarkostnaðar ákaflega mikilsvert atriði. Byggingarkostnaður hefur farið síhækkandi og er nú orðinn svo mikill, að í raun og veru er óskiljanlegt, hvernig venjulegt fólk getur staðið undir byggingarkostnaði, jafnvel þó að það eigi kost byggingarlána. Það er hald ýmissa, sem til þekkja, að með skynsamlegum aðgerðum ætti að vera hægt að lækka ýmsa liði byggingarkostnaðar.

Ég fagna því, að í þessu frv. er húsnæðismálastofnun sett á fót, m. a. í því skyni að vinna að lækkun byggingarkostnaðar. Henni er einmitt ætlað að beita sér fyrir umbótum í byggingarmálum, og henni er skv. 2. gr. frv. falið það hlutverk að koma á fót og annast leiðbeiningarstarf í því skyni að lækka byggingarkostnað og koma á hvers konar umbótum í húsagerð og vinnutækni við byggingu íbúðarhúsa. Enn fremur er henni ætlað að gangast fyrir fjöldaframleiðslu einstakra hluta til íbúðabygginga, tæknirannsóknum, kynningu nýjunga í byggingariðnaði, tilraunum, námskeiðum, hagkvæmum íbúðateikningum o. s. frv.

Ég tel mjög mikilvægt og ég treysti því, að þessu hlutverki verði sinnt af alvöru og kostgæfni.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð öllu fleiri, en vil endurtaka, að hér er á ferðinni eitt merkasta mál, mál, sem miklar vonir eru tengdar við, og mál sem vonir margra eru tengdar við og beðið er eftir af mörgum með óþreyju. Mér dettur vitaskuld ekki í hug að halda því fram, að með þessari lagasmíð verði allur vandi leystur í þessum efnum, og mér dettur ekki í hug að halda því fram, að svo geti ekki farið, að þessi lagasmíð þurfi við innan tíðar einhverrar lagfæringar eða leiðréttingar eða endurbóta. Það er einmitt eðli slíkrar löggjafar sem þessarar, að hún hlýtur að taka nokkrum breytingum eftir breyttum þörfum og aðstæðum á hverjum tíma. En hitt hika ég ekki við að fullyrða, að með þessari lagasmíð verður stærra skref stigið en nokkru sinni áður til þess að bæta úr því mikla vandamáli, sem hér er við að etja, húsnæðiseklunni. Mér er því sérstök ánægja að því að mæla með samþykkt þessa frv., og ég legg svo til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað áfram til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir til 2. umr., var afgr. í miklum flýti frá heilbr.- og félmn. Nd. í gærkvöld. Minni hl. n. hefur hins vegar ekki fyrr en nú nýlega unnizt tími til að vinna að brtt. og séráliti, en því mun væntanlega verða útbýtt nú á fundinum.

Ég mun byrja á því að fara nokkrum orðum um einstakar greinar þessa frv., eins og það liggur hér fyrir.

Minni hl. þykir óeðlileg sú nafnbreyting, sem í 1. gr. frv. er gerð með því að taka upp heitið húsnæðismálastofnun. Enn fremur kemur þar nafnbreyting á varasjóði hins almenna veðlánakerfis, sem nú á að heita skv. frv. byggingarsjóður ríkisins. Í 1. gr. er tekið fram, að fulltrúi Landsbanka Íslands skuli eigi hafa atkvæðisrétt um lánveitingar. Þessi setning þykir okkur í minni hl. mjög varhugaverð, — að taka þannig atkvæðisréttinn af fulltrúa þeirrar peningastofnunar, sem útvegar mikið af fénu, sem verja á til lána í íbúðabyggingar. Þessa atkvæðisréttar mun raunar ekki hafa verið neytt til þessa, en ekkert mun liggja fyrir um það, að fulltrúi Landsbankans óski þess að hafa hann ekki.

2. gr. frv. fjallar að mestu leyti um ýmis atriði, sem þegar eru ákveðin í gömlu lögunum, nr. 55 frá 1955, um þetta efni, en greinin er orðfleiri og nánar fram tekið en nú er ýmislegt varðandi tæknimál. Yfirleitt erum við í minni hl. ekki mótfallin þessum atriðum. Hins vegar er málsgr. í 2. gr. frv., sem við getum alls ekki fellt okkur við, en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Húsnæðismálastjórn er heimilt að láta undirbúa byggingu íbúðarhúsahverfa í kaupstöðum með því að láta gera skipulagsuppdrætti af þeim í samráði við skipulagsnefnd ríkisins. Þegar slíkir skipulagsuppdrættir hafa verið samþ. af skipulagsnefnd og félmrh., er viðkomandi bæjarfélagi skylt að heimila byggingarnar og láta af hendi eða útvega landssvæði fyrir þær, ef með þarf með eignarnámi, og fer um eignarnám skv. l. nr. 61 frá 1917. Sömuleiðis er viðkomandi bæjarfélagi skylt að leggja nauðsynlega vegi og leiðslur um slík hverfi innan hæfilegs tíma að mati húsnæðismálastjórnar og félmrh."

Við teljum mjög varhugaverða þessa heimild til að fela húsnæðismálastjórn í raun og veru yfirráð þess, hvernig fara á með fé bæjarfélaganna, og einnig það ákvæði þessarar málsgr., að skylt sé að leggja nauðsynlega vegi og leiðslur innan hæfilegs tíma að mati húsnæðismálastjórnar. Þetta ákvæði er enn harðara gagnvart bæjarstjórnunum heldur en hið fyrra.

Í grg. frv., eins og það var lagt fyrir Ed., sagði, að þetta ákvæði væri sett í l. til þess að koma í veg fyrir, að viðkomandi bæjarfélag gæti hindrað byggingu íbúðarhúsa, sem húsnæðismálastjórn teldi hagkvæma. Það er ákaflega einkennileg ályktun að ætla, að bæjarfélögum sé það hagsmunamál að hindra byggingu hagkvæmra íbúða. En það verður að telja alls ótækt að fela öðrum aðila, sem alls ekki starfar á vegum bæjarstjórnanna, íhlutun um fjármál þeirra. Þess vegna leggjum við eindregið til, að þessi málsgr. hverfi, eins og raunar þessi grein öll, en fyrir því verður gerð nánari grein hér á eftir.

Um II. kafla frv. er það að segja, að hann er efnislega mjög samhljóða gömlu lögunum um sama efni. Þar er aðeins þetta nýyrði, sem fyrr

var getið: „byggingarsjóður ríkisins“, en veðlánakerfi til íbúðabygginga á að verða einhvern veginn skilið frá honum.

5. gr. er einnig samhljóða 5. gr. gömlu laganna að öðru leyti en því, að hér eru ákvæði, sem miðast við greinar í þessu frv., sem við munum leggja til að verði felldar burt, og getum við þess vegna ekki fallizt á þessa grein eins og hún er.

Í 6. gr. um útlánareglur húsnæðismálastjórnar er tekið fram, að lánin skuli greidd lántakendum í peningum. Í eldri lögunum var heimild til að greiða lántakendum lánin í bankavaxtabréfum með samþykki lántakanda. Þetta virðist sumum hafa þótt nokkuð varhugavert ákvæði. Sannleikurinn er sá, að þessu ákvæði hefur verið mjög lítið beitt, og fulltrúi frá Landsbankanum, sem kom til viðtals við heilbrigðis- og félagsmálanefndir beggja deilda, taldi það fremur til bóta að halda ákvæði um, að greiða mætti lánin einnig í bankavaxtabréfum.

Enn fremur gæti hugsazt, að heppilegt væri, að þessi lán mætti einnig veita til gagngerðra endurbóta á húsum, þannig að teljast mætti til nýbygginga. Það er oft svo með mjög gömul hús og úr sér gengin, að þau eru orðin óhæf til íbúðar í því ástandi, sem þau eru, en spara má mikið fé með því að gera á þeim gagngerar endurbætur. Slíkar breytingar eru mjög kostnaðarsamar, og það væri mjög æskilegt, að hægt væri að fá lán úr þessum sjóðum til þeirra hluta.

Í b-lið 6. gr. segir, að lánsupphæðin megi aldrei nema meiru en 100 þús. kr. á hverja íbúð. Nú er það svo, að ýmsir lífeyrissjóðir hafa heimild til að veita lán allt að 120 þús. kr. út á hverja íbúð, og það væri æskilegt, að þessu væri breytt, því að það er líklegt, að hér sæki í sama horfið og hjá lífeyrissjóðunum, og væri þá umsvifaminna að breyta upphæðinni strax.

Í g-lið 6. gr. eru ákvæði um heimild félmrh. til þess að setja nánari ákvæði í reglugerð um veitingu lána og um lánveitingar til einstaklinga, — skuli m. a. setja ákvæði, sem tryggi, að farið sé eftir ástæðum umsækjanda og húsnæði, fjölskyldustærð, efnahag, lánamöguleikum og fleiru, enn fremur um hámarksstærð íbúða, sem veita má lán til.

Eftir þeim hugmyndum, sem komið hefur á daginn að hæstv. félmrh. hefur um æskilega hámarksstærð íbúða, virðist þetta allhæpið ákvæði. Það hefur mjög komið fram hér í umr., að hæstv. núverandi stjórnarsinnar telja það mjög æskilegt, að fólk búi í sem allra minnstum íbúðum. Það er alveg rétt, að það er óþarfi fyrir ungt barnlaust fólk að búa í mjög stórum íbúðum og eins fyrir hjón, sem eru orðin ein á fullorðinsárum, börn þeirra vaxin úr grasi og farin að heiman, enda segja fróðir menn, að hver fjölskylda þurfi, ef vel á að vera, að eiga þrjár íbúðir um ævina; fyrst 2—3 herbergja íbúð, svo stærri íbúð, þar sem hvert barn getur haft sitt herbergi, og síðan aftur íbúð svipaða að stærð og þá fyrstu. En eins og nú háttar um skilyrði fólks til að byggja sér húsnæði, þá er mjög erfitt fyrir það að framfylgja þessari reglu, fyrr en ef til vill börnin eru orðin stálpuð. Það getur haft mjög óheppilegar afleiðingar fyrir fólk, sem hefur komizt af með lítla íbúð 4, 5, 6 fyrstu búskaparárin, að búa ekki í stærri íbúð eftir 14—20 búskaparár.

Það hefur verið vitnað hér í þessum umr. til þeirrar stefnu, sem ríki í íbúðabyggingum í Svíþjóð og hafi ríkt þar. Sagt er, að íbúðirnar í Stokkhólmsborg séu að meiri hluta mjög litlar. En nú þykir það komið á daginn, að þessi smæð íbúða hafi mjög óheppileg áhrif þjóðfélagslega, því að unglingar, sem búa í svo litlum íbúðum, hafi ekki svigrúm heima hjá sér til að sinna verkefnum sínum, hvort sem er við skylduvinnu eða tómstundavinnu, og leiti í þess stað mun meira út fyrir heimilið til að afla sér skemmtana. Unglingarnir hafa ekki skilyrði til að sinna starfi og leik heima fyrir, og vettvangur þeirra verður því meira á götunni en annars væri, ef fólk hefði getað eignazt stærra húsnæði.

Í niðurlagi 6. gr. stendur, að heimilt sé að setja það skilyrði fyrir láni, að bygging skuli hafin á tilsettum tíma árs, að bygging sé ekki hafin, áður en skriflegt lánsloforð er gefið, nema leyfi húsnæðismálastjórnar komi til, og að bygging sé undirbúin með þeim hætti, sem húsnæðismálastjórn telur nauðsynlegt. — Þetta ákvæði getur haft mjög óheppileg áhrif, sérstaklega utan Reykjavíkur, því að örðugt er að þurfa að leita til Reykjavíkur í hvert skipti um leyfi til byggingar og til að leita eftir lánsloforði. Þess vegna þætti okkur í minni hl. mjög æskilegt, að sveitarstjórnir utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar hefðu slíka heimild.

Í III. kafla laganna er fjallað um sparnað til íbúðabygginga. Þar er bæði gert ráð fyrir frjálsum sparnaði og skyldusparnaði, sem ætlazt er til að fólk á vissum aldri inni af hendi. Það er sjálfsagt og eðlilegt að örva fólk til að spara fé sitt af frjálsum vilja, en ég hef megna vantrú á því, að hið opinbera skyldi fólk til þess og allra sízt takmarkaðan hóp af fólki, enda er alveg ófyrirséð, hver haldsemi þessa skyldusparnaðarákvæðis til fjáröflunar til íbúðabygginga verður. Mjög víðar undanþáguheimildir eru í 11. gr. frá skyldusparnaðarákvæðunum, svo að ómögulegt er að segja það fyrir, hve mikið fé kann að fást með þessum ráðstöfunum.

Annars virðist vera dálítið á huldu, hvernig beri að skilja þennan skyldusparnað. Ná þessi ákvæði til alls fólks á aldrinum 16—25 ára, hversu lág laun sem það hefur? Fyrir nokkru, þann 11. maí, stóð í stjórnarblaðinu Tímanum eftirfarandi ritstjórnargrein, — hún var tekin upp úr forustugrein Alþýðublaðsins, enda er það ef til vill eðlilegt, að Tíminn beri þarna Alþýðublaðið fyrir sig, þar sem mjög líklegt er, að um blekkingu sé að ræða. Í greininni segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Skyldusparnaði fylgja þau réttindi, að þegar sparifjáreigendur, sem ætla að stofna heimili, þ. e. hjón eða hjónaefni, hafa eignazt innstæðu, sem nemur 25 þús. kr., hafa þau forgangsrétt á láni úr byggingarsjóði, og má lánið nema allt að ⅔ af kostnaðarverði þeirrar íbúðar, sem þau hafa hug á að eignast. Rétt er að líta örlítið nánar á það, hvernig þessi skyldusparnaður verkar. Tökum t. d. ungmenni, sem vinnur sér

inn að jafnaði 30 þús. kr. árlega á aldrinum 16—20 ára, eða um 5 ára skeið, en 39 þús. kr. eru lágmarkslaun til að vera skyldur til að spara, en auðvitað er það öllum frjálst.“

Þetta er það, sem mér sýnist að bæði þessi stjórnarblöð hafi misskilið. En sé skilningur þeirra réttur, þá held ég að væri nauðsynlegt að hafa ákvæði laganna um þetta skýrari. Í greininni segir enn fremur, með leyfi hæstvirts forseta:

„Á þessum 5 árum hefur þetta ungmenni lagt árlega til hliðar um 1800 kr., eða 9000 kr. á öllu tímabilinu. Má því gera ráð fyrir, að eftir 5 ár eigi þetta ungmenni inni í byggingarsjóði ekki minna en 12000 kr., er vextir hafa lagzt við. Stofni nú ungmennið ekki heimili við tvítugsaldur eða ákveði að spara áfram til 25 ára aldurs, verður upphæðin orðin yfir 25000 kr., þótt aldrei sé reiknað með meira en 30 þús. kr. lágmarkstekjum, sem að sjálfsögðu er of lágt reiknað, ef um er að ræða fullvinnandi mann, sem kominn er yfir tvítugt. Fleiri slík dæmi mætti nefna. Ungt fólk ætti vissulega að íhuga þessi mál rækilega og vera á varðbergi fyrir þeim, sem eru að reyna að vekja óánægju í sambandi við það.“

Þetta sagði Tíminn 11. maí. Er það mjög eðlilegt, að Tíminn skuli prenta þetta upp úr Alþýðublaðinu, ef til vill í þeirri trú, að þetta sé rétt, til að draga úr þeirri óánægju, sem hv. stjórnarsinnar óttast að sparnaðarskyldan veki hjá ungu fólki. Annars mun ég ræða um greinarnar um sparnaðinn nánar síðar, og við munum leggja fram brtt. þess efnis, að sparnaðurinn verði algerlega frjáls og enginn verði skyldaður til sparnaðar, en fríðindi þeirra, sem vilja spara af frjálsum vilja, verði hins vegar nokkuð aukin frá því, sem nú er.

Heyrzt hefur, að einhverjir óttist, að slíkur frjáls sparnaður til íbúðabygginga mundi draga sparifé frá öðrum peningastofnunum. En það er ekki mikil ástæða til að óttast slíkt, ef sá frjálsi sparnaður er bundinn við vissan tíma, eins og er raunar hér í lögunum, t. d. 5 ár. Fólk mundi alltaf síður vilja binda fé sitt til svo langs tíma, jafnvel þótt með meiri fríðindum væri en eru um venjulegt sparifé.

Þá er 17. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir, að sveitarsjóðir hækki framlag sitt í sjóð til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum. Þessi hækkun er gert ráð fyrir að nemi ⅓ frá því, sem nú er, en það er mjög hæpið, að ýmis sveitarfélög telji sér fært að takast slíkt á herðar.

Loks er 25. gr., sem minni hl. heilbr.- og félmn. er alveg mótfallinn, því að við teljum óþarft að afnema lög nr. 55 frá 1955, um húsnæðismálastjórn o. fl., en mun skynsamlegra að miða form frv. við breyt. á þeim lögum. Í samræmi við þá skoðun okkar gefum við út svo hljóðandi nál., sem ég mun nú lesa, með leyfi hæstv. forseta, af því að ég held að því hafi ekki enn þá verið útbýtt: [Sjá þskj. 606.]

Brtt. þær, sem við flytjum við 2. umr. málsins, eru samhljóða brtt., sem minni hl. heilbr.- og félmn. í Ed. flutti við frv. þar, en til frekari glöggvunar á því, hvernig till. okkar mundu verka, ef frv., svo breytt, verður að lögum, mun ég nú reyna að rekja það.

Það er þá fyrst við 1. gr. frv., að 3. málsgr. 1. gr. laga nr. 55, 1955 orðist svo:

„Í húsnæðismálastjórn eiga sæti 5 menn, 4 kosnir hlutbundinni kosningu af Sþ. til 3 ára í senn og einn skipaður af félmrh. samkv. tilnefningu Landsbanka Íslands. Varamenn skulu vera jafnmargir og valdir á sama hátt. Húsnæðismálastjórn skiptir með sér störfum.“

Fyrsta gr. mundi hljóða með þessari breyt. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Setja skal á stofn húsnæðismálastjórn, sem heyrir undir félmrn. Verkefni húsnæðismálastjórnar er að beita sér fyrir umbótum í byggingarmálum og að hafa yfirumsjón lánsfjáröflunar og lánveitinga til íbúðabygginga í landinu.“ Þá fellur hér út næst málsgr. um það, hvernig húsnæðismálastjórn var skipuð, en í staðinn kemur greinin, sem ég las áðan um, að í húsnæðismálastjórn skuli eiga sæti 5 menn, 4 kosnir hlutbundinni kosningu af Sþ. til 3 ára í senn og einn skipaður af félmrh. o. s. frv.

Loks heldur sér lokamálsgr. þessarar 1. gr.:

„Félmrh. ákveður þóknun húsnæðismálastjórnar, en kostnaður af störfum hennar skal greiddur úr ríkissjóði.“

2. gr. þessara laga mundi hljóða svo með þeim breyt., sem við leggjum til að felist í frv.:

„Húsnæðismálastjórn skal vinna að umbótum í byggingarmálum með því m. a.:

1) Að koma á fót og hafa yfirstjórn á leiðbeiningastarfsemi fyrir húsbyggjendur í því skyni að lækka byggingarkostnað og koma á hvers konar umbótum í húsagerð og vinnutækni við húsbyggingar.

2) Að láta fara fram rannsókn og samanburð á byggingarkostnaði húsa víðs vegar á landinu í því skyni að finna, hverjir byggja hús með minnstum kostnaði og hvað veldur þeim mun, sem er á byggingarkostnaðinum.

3) Að gangast fyrir tæknirannsóknum og kynningum nýjunga í byggingariðnaði með sýningum, námskeiðum og útgáfu rita.

4) Að beita sér fyrir útvegun hagkvæmra íbúðateikninga.

5) Að beita sér fyrir endurskoðun byggingarsamþykkta, þar sem þess þykir þörf.“

Þá er gert ráð fyrir, að sú málsgr., sem hér er seinust í 2. gr. laganna, eins og þau eru nú, falli brott, en í staðinn komi áframhaldandi töluliðir:

„6) Að leggja áherzlu á stöðlun (standandiseringu) sem flestra hluta til íbúðabygginga og fjöldaframleiðslu slíkra hluta.“

Þetta ákvæði er raunar í því frv., sem hér liggur fyrir, eins og það er, og væri að sjálfsögðu til mikils hagræðis, ekki sízt fyrir þá, sem annast útveganir hinna ýmsu hluta til húsbygginga.

„7) Að semja og gefa út reglur um lágmarkskröfur um byggingar, sem lán eru veitt til, svo sem um einangrun, lofthæð o. s. frv., sem og leiðbeiningar um undirbúning teikninga og áætlana.

8) Að stuðla að auknum byggingarefnarannsóknum.

9) Að láta fara fram samkeppni um byggingu hagkvæmra íbúða með því að bjóða lán þeim,

sem tekið gætu að sér að byggja flestar hagkvæmar íbúðir af ákveðinni meðalstærð fyrir tiltekna upphæð.

10) Að koma á fót byggingarmiðstöð í samvinnu við framleiðendur og innflytjendur byggingarefna, þar sem væri sýning á byggingarefnum, húshlutum og íbúðateikningum og almenn leiðbeiningastarfsemi fyrir húsbyggjendur færi fram.

11) Að gera grein fyrir raunverulegri þörf landsmanna fyrir íbúðabyggingar á hverjum tíma og gera tillögur og áætlanir um, hvernig þeirri þörf verði fullnægt á sem hagkvæmastan hátt og með sem minnstum tilkostnaði. Félmrh. er heimilt í þessu skyni að fela húsnæðismálastjórn í samvinnu við sveitarstjórnir, fasteignamat ríkisins og hagstofuna að koma upp spjaldskrá yfir allt íbúðarhúsnæði í landinu."

Í stað 2. málsgr. þessarar gr., eins og hún er nú í lögunum, komi síðan þrjár nýjar málsgr., er orðist svo:

„Setja skal á fót tækniráð húsnæðismálastjórnar, er sé skipað fulltrúum frá eftirtöldum aðilum: Húsnæðismálastjórn, iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans, húsameistara ríkisins, Iðnaðarmálastofnun Íslands, skipulagsstjóra ríkisins, teiknistofu landbúnaðarins, Landssambandi iðnaðarmanna, Félagi íslenzkra iðnrekenda, byggingarvörudeild Sambands íslenzkra samvinnufélaga og Félagi íslenzkra byggingarefnakaupmanna.

Verkefni tækniráðs er að vera húsnæðismálastjórn til ráðgjafar í tæknimálum og eiga frumkvæði að tillögum, er til umbóta og framfara horfa í byggingarmálum, og leggja fyrir húsnæðismálastjórn til ákvörðunar.

Félmrh. ákveður þóknun til meðlima tækniráðs og setur reglugerð um starfsemi þess að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar."

Í þessum till., sem ég hef nú rakið, eru tvö höfuðnýmæli, sem gert er ráð fyrir að komi inn í 2. gr., annað um byggingarmiðstöð. Ég hef orðið þess vör, að sumir hafa misskilið dálítið þessa hugmynd, en gert er ráð fyrir, að byggingarmiðstöð sé fyrirtæki, þar sem húsbyggjendur geti leitað sér upplýsinga um þá hluti, sem til eru á markaðnum til húsbygginga, og fengið ýmsar upplýsingar um notkun þeirra, gæði, verð o. s. frv. Þannig væri á einum stað sýnishorn af ýmsum tegundum af gólfdúk, hinum og þessum tegundum af málningu og þess háttar, svo að dæmi séu nefnd. Húsbygging er fjárfrekt og tímafrekt fyrirtæki, en um þessi efni er fjöldi fólks, sem leggur út í húsbyggingar, þó alls ófróður. Þess vegna mundi slík byggingarmiðstöð spara húsbyggjendum almennt mikinn tíma og þá mikið fé um leið.

Hitt nýmælið er tillaga um tækniráð. Það var hugmynd, sem kom fram frá fulltrúum sjálfstæðismanna í húsnæðismálastjórn í vetur, og gagnsemi þess að hafa slíka menn til ráðuneytis í þessum efnum liggur í augum uppi. Því tókum við tillögu fulltrúa flokks okkar í húsnæðismálastjórn hér upp.

Þá er brtt. við 3. gr. frv. um að hún verði 4. gr. Ég ætla að lesa alla gr. í gömlu lögunum, eins og hún verður með þessari breytingu:

„Í varasjóð hins almenna veðlánakerfis renna:

a) Afborganir og vextir lána, sem veitt hafa verið og veitt verða af framlögum ríkisins til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum.

b) Eignir lánadeildar smáíbúða, þegar greiddar hafa verið skuldir hennar.

c) Lántökugjald af lánum veðdeildarinnar samkv. lögum þessum.

d) Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga, sbr. 18. gr. laga 55/1945.

e) Lán ríkisins til lánadeildar smáíbúða.

f) A-flokka bréf ríkisins, er keypt voru fyrir tekjuafgang ríkissjóðs 1955.

g) ⅝ af stóreignaskatti samkv. lögum frá 1957.

h) 1% álag, er innheimta skal aukalega á tekju- og eignarskatt, stríðsgróðaskatt og aðflutningsgjöld samkv. tollskrá með gildandi viðaukum.

Varasjóður þessi skal vera í vörzlu veðdeildar Landsbanka Íslands."

4. brtt. okkar er við 4. gr. frv. um, að hún verði 3. gr. og orðist svo:

„2. og 3. málsgr. 3. gr. laga nr. 55/1955 orðist svo:

Í þessu skyni skal veðdeild Landsbanka Íslands vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf, samtals allt að 100 millj. kr. á ári, næstu 10 ár. Vaxtabréf þessi skulu vera þannig, að annar hlutinn, A-flokkar, verði með föstum vöxtum og afborgunum, en hinn hlutinn, B-flokkar, allt að 50 millj. kr. á ári, verði með vísitölukjörum, þannig að greiðslur afborgana og vaxta séu bundnar vísitölu framfærslukostnaðar. Eigi skal öðrum en veðdeild Landsbanka Íslands heimilt að gefa út vísitölubundin verðbréf, nema sérstök lagaheimild komi til."

Þessar tvær málsgr. breyta hinum tveimur núgildandi málsgr. í 3. gr. laga nr. 55 frá 1955, enda voru þau aðeins miðuð við skamman tíma eða 2 ár.

Þá er lagt til, að 5. gr. frv. falli niður, og við 6. gr. er lagt til, að hún verði 5. gr. og fjalli um breyt. á 6. gr. l. nr. 55/1955, sem kemur til með að hljóða svo eftir breytinguna:

„Almennar útlánareglur veðlánakerfisins samkv. 3. gr. eru þessar:

a) Lánin veitast aðeins til byggingar íbúða, meiri háttar viðbygginga eða kaupa á nýjum íbúðum. Þau skulu greidd lántakendum í peningum. Þó skal heimilt að greiða lánin í bankavaxtabréfum, ef lántakandi er því samþykkur. Heimilt er að lánin komi til útborgunar í hlutfalli við það, hversu langt er komið byggingu húsnæðis, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Ef byggingarfélag er lántakandi, skal láninu skipt að byggingu lokinni á hlutaðeigandi íbúðir.

b) Lánsupphæð nemi samtals allt að ⅔ hlutum verðmætis íbúðar samkv. mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbanka Íslands, þó ekki meiru en 100 þús. kr. út á hverja íbúð. Ef fleiri íbúðir eru í sama húsi, má lána út á hverja íbúð fyrir sig.

c) Lán til hverrar íbúðar skal vera í tvennu lagi, A- og B-lán. Allir, sem hafa fengið A-lán, skulu eiga rétt til að fá B-lán allt að sömu upphæð. Lántökugjald skal vera 1%.

d) A-lánin skulu tryggð með 1. veðrétti, en B-lánin með 1. samhliða veðrétti eða 2. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð.

e) A-lánin skulu vera jafngreiðslulán (annuitetslán) með 7% ársvöxtum til allt að 25 ára, og skulu jafngreiðslurnar inntar af hendi mánaðarlega, nema öðruvísi sé ákveðið. Þegar A-lán er veitt af andvirði seldra bankavaxtabréfa, mega vextir vera ¼% hærri en vextir bankavaxtabréfanna fyrir kostnaði veðdeildarinnar. A-lán skulu færð sérstaklega í reikning lánsstofnana, og skulu þær gefa veðdeildinni árlega skýrslu um þau.

f) B-lánin skulu vera með hliðstæðum kjörum og vísitölubundin verðbréf, sem út verða gefin. Vextir mega vera ¼% hærri en vextir hinna vísitölubundnu bankavaxtabréfa fyrir kostnaði veðdeildarinnar.

g) Veðdeildinni er heimilt að breyta vaxtakjörum og lánstíma á nýjum lánum að fengnu áliti húsnæðismálastjórnar og samþykki ríkisstjórnar."

Hér er lagt til að h-liður bætist við:

„Félmrh. skal að fengnum till. húsnæðismálastjórnar setja með reglugerð nánari ákvæði um úthlutun lána, er húsnæðismálastjórn hefur með höndum."

Síðan leggjum við til, að 7. og 8. gr. frv. falli niður og 9. gr. verði 6. gr. frv. og orðist svo:

„9. gr. laga nr. 55/1955 orðist svo:

Setja skal á stofn undir yfirstjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands sérstakt form spariinnlána í bönkum og sparisjóðum, er nefnist húsinnlán.

Húsinnlán skulu vera samningsbundin spariinnlán einstaklinga, er leggja inn fé af atvinnutekjum sínum, minnst 5 þús. kr. á ári í a. m. k. 5 ár.

Húsinnlán skulu bera 1% hærri ársvexti en almennir sparisjóðsvextir Landsbanka Íslands eru á hverjum tíma, og skal það fé, sem sparað er á þennan hátt, vera undanþegið tekjuskatti og útsvari, þó ekki yfir 5 þús. kr. á ári.

Bankar og sparisjóðir skulu skyldir að taka við peningum til húsinnlána. Það fé, sem innborgast til húsinnlána, skal ganga til kaupa á A-bankavaxtabréfum hins almenna veðlánakerfis.

Húsinnlán skulu færð á sérstakan reikning lánastofnana, og skulu þær gefa húsnæðismálastjórn skýrslu um þau.

Húsinnlán fást útborguð að minnst 5 árum liðnum frá því að innlög hófust. Öðlast þá eigendur þeirra rétt til að fá íbúðarlán hjá hinu almenna veðlánakerfi, allt að 25% hærra en venjulegt lánshámark er, þó aldrei yfir ⅔ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar, og skylt er að láta þá sitja fyrir um lán.

Um framkvæmd þessarar greinar fer að öðru leyti eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð um húsinnlán, sem félmrh. skal setja að fengnum till. húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands."

Loks leggjum við til, með því að gert er ráð fyrir í þessum brtt. okkar, að lögin nr. 55 frá 1955 haldi gildi sínu svo breytt, að 10., 11., 12., 13., 14. og 15. gr. frv. falli niður og að 16. gr. verði 7. gr. frv. og orðin „allt að 3 millj. kr. á ári næstu 5 árin" í 13. gr. laga nr. 55 frá 1955 falli niður.

Þá leggjum við til, að 21., 22., 23. og 24. gr. falli niður, og í samræmi við þetta leggjum við svo til breyttar kaflafyrirsagnir.

Loks er 22. gr. brtt. um, að fyrirsögn frv. orðist svo: „Frv. til laga um breyting á lögum nr. 55 frá 1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýming heilsuspillandi íbúða, breyting á I. kafla l. nr. 36/1952 o. fl."

Nú hefur þessi hæstv. ríkisstj. setið að völdum í um það bil 10 mánuði, og það er fyrst nú, sem fyrir liggur frv. um húsnæðismál, sem lengi hefur verið beðið eftir. Fyrir seinustu alþingiskosningar áfelldust núverandi stjórnarflokkar sjálfstæðismenn mjög í öðru orðinu fyrir það að bera ábyrgð á fjárfestingu, sem var taumlaus að þeirra dómi. Sú fjárfesting var, eins og hv. þdm. vita, að langmestu leyti fólgin í íbúðarhúsabyggingum. Um leið lágu þeir í hinu orðinu Sjálfstfl. á hálsi fyrir, að lánsfé væri hvergi nærri nægjanlegt til íbúðabygginga, að húsnæðismálin væru í algerum voða og á því þyrftu „umbótaflokkarnir" eða eftir atvikum Alþýðubandalagið að ráða bót strax eftir kosningar.

Það er ekki hægt um það að deila, að eina varanlega úrræðið í húsnæðismálum er það að byggja nægilega mikið af nýju húsnæði til að mæta fólksfjölguninni og endurnýja úr sér gengið og heilsuspillandi húsnæði. Við þetta miðuðust þær ráðstafanir, sem sjálfstæðismenn stóðu að, þegar vinna við eigin íbúðir var gerð skattfrjáls, lögin um lánadeild smáíbúða voru sett 1954 og lögin um húsnæðismálastjórn og almennt veðlánakerfi til íbúðabygginga 1955. Veðlánakerfið tók ekki til starfa fyrr en í nóvember 1955, svo að þess var engan veginn að vænta, að full festa væri komin á starfsemi veðlánakerfisins fyrir ári, þegar mest bar á staðhæfingum hv. núverandi stjórnarsinna margra um það, að með lögunum um hið almenna veðlánakerfi hefði landsfólkið verið blekkt til að hefja íbúðabyggingar með gullnum loforðum um lán. Samningar um fjáröflun til íbúðabygginga samkv. þessum lögum voru hins vegar gerðir til 2 ára, og áætlað lánsfé var 200 millj. kr. Það hlaut þess vegna að vera verkefni þeirrar ríkisstj., sem var við völd, hvort heldur það var ríkisstj. sjálfstæðismanna og framsóknarmanna eða þá sú ríkisstj., sem nú situr, — það hlaut að verða eitt hennar höfuðverkefni að afla fjár til íbúðabygginga. Það er hins vegar mikil blekking að halda því fram, eins og þráfaldlega hefur heyrzt bæði í ræðu og riti fjölmargra hv. fylgismanna núverandi ríkisstj., að áætlun þessi hafi hvergi nærri staðizt, heldur var staðreyndin sú, að lánveitingar fóru langt fram úr áætlun og námu um það bil 230 millj. kr. En hins vegar varð ekki það séð fyrir fram, hve mikill fjöldi fólks mundi sækja um þessi lán, og fljótlega kom í ljós, að ekki yrði unnt að fullnægja eftirspurninni, nema séð yrði fyrir auknu lánsfé, enda var það svo, að þörfin fyrir byggingar íbúðarhúsnæðis hafði

hlaðizt upp lengi vegna skorts á fjármagni til slíkra hluta í mörg ár áður. Hins vegar var það aðeins eitt, sem var örugg leið í þessu, og það var, að sú stjórnarstefna ríkti, sem hefði getað haldið við bjartsýni fólksins og örvað það til frjálsrar sparifjármyndunar, en síðari hluta ársins 1956 var efnahagsástandið allt í mikilli óvissu og óðfluga dró úr sparifjáraukningunni, og hefur við svo búið staðið til skamms tíma.

Eitt þeirra stefnumála, sem mjög voru höfð í hámælum, þegar hæstv. núverandi ríkisstj. komst til valda, var varanleg lausn húsnæðismálanna, enda gengu hin fyrstu bráðabirgðalög þessarar hæstv. ríkisstj. einmitt í þá átt að dómi hæstv. félmrh. Fyrstu bráðabirgðalögin voru um það, að fjölga skyldi mönnum í húsnæðismálastjórn úr 5 mönnum í 7, væntanlega vegna mjög mikilla verkefna húsnæðismálastjórnar, þannig að 5 mönnum væri ofviða að sinna þeim, en jafnframt var svo 3 mönnum falið að annast allar framkvæmdir á vegum húsnæðismálastjórnar til þess að útiloka þá menn frá áhrifum, sem ekki fylgdu hæstv. núverandi félmrh. að málum. Næsta stórframkvæmdin í húsnæðismálum var, þegar bráðabirgðalögin um afnot íbúðarhúsa voru sett og voru samþ. á þessu þingi, að ég þó hygg með miklum semingi af hálfu margra stjórnarsinna, enda voru þau einhver einstrengingslegustu lög um þessi mál, sem hér hafa ríkt; ég veit ekki til, að svona einstrengingsleg lög hafi gilt í þessum málum nokkurn tíma hér á landi. En margir hv. stuðningsmanna hæstv. ríkisstj. greiddu þessu frv. þó atkv., með því að þeir töldu, að ákvæði þess mundu úr gildi falla við setningu ákaflega víðtækrar húsnæðismálalöggjafar, sem hefur staðið til að setja í allan vetur, en ekki hefur komið fram enn, ekki a. m. k. sú löggjöf, sem felur í sér eða afnemur ákvæði þessara bráðabirgðalaga. Frá því að þessi bráðabirgðalög voru sett, líður og líður og mikið vatn rennur til sjávar í heilan vetur, og ekki sáust hin nýju úrræði, fyrr en loks þetta frv., sem hér liggur fyrir, er lagt fram, þ. e. að mestu leyti önnur útgáfa á eldri lögum um sama efni nokkuð aukin eða orðfleiri þó. Þessi orðmarga aukning er þó að mestu fólgin í upptalningu ýmissa framkvæmdaatriða, sem er í rauninni ekki nauðsynlegt að hafa í lögunum, en í mörgum tilfellum meinlaust þó. Og margt það, sem hæstv. félmrh. kallar nýmæli í l., er ný nöfn á gömlum hlutum: húsnæðismálastjórn á nú að heita húsnæðismálastofnun, varasjóður hins almenna veðlánakerfis á nú að heita byggingarsjóður ríkisins, svo að dæmi séu nefnd.

Eitt er það nýmæli, sem hæstv. félmrh. hefur þráfaldlega lýst gleði sinni yfir og enn fremur lýst því yfir, að ekki ein einasta óánægjurödd hafi heyrzt um. Þetta er ákvæðið um skyldusparnaðinn. Nú veit ég ekki, hversu vel hæstv. félmrh. hefur getað gefið sér tíma til að lesa blöðin í þessum mánuði, en það voru ekki liðnir nema 3 dagar af maímánuði, þegar birtist í víðlesnasta blaði landsins grein á síðu, sem er málgagn fjölmennustu æskulýðssamtaka landsins, rödd, sem ég vil leyfa mér að lofa hæstv. félmrh. að heyra, með leyfi hæstv. forseta. Greinin hljóðar svo:

„Eins og kunnugt er, var fyrir nokkru lagt fram á Alþ. stjórnarfrv. um húsnæðismálastjórn o. fl. Frv. í heild mun ekki verða tekið til meðferðar að þessu sinni, heldur getið lítillega um þann hluta þess, sem fjallar um skyldusparnað. Samkv. frv. skal öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skylt að leggja til hliðar 6% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða til bústofnunar í sveit. Þá er ákvæði um, að sparifé sé undanþegið tekjuskatti og útsvari. Þeir, sem náð hafa 25 ára aldri eða ganga í hjónaband og stofna heimili, eiga þess kost að fá sparifé sitt endurgreitt að viðbættum þeim vöxtum og uppbót vegna vísitöluhækkunar, sem greidd er af vísitölubundnum verðbréfum á innlánstímanum. Enn fremur skulu þeir, sem spara, að öðru jöfnu sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist. Þessi forgangsréttur til lána er þó bundinn því skilyrði, að sparifjársöfnun þeirra, sem að byggingu íbúða standa, nemi samanlagt a. m. k. 25 þús. kr. Undanþegnir sparnaðarskyldu eru: gift fólk, sem stofnað hefur heimili, skólafólk, sem stundar nám í skóla a. m. k. 6 mánuði á ári, iðnnemar og þeir, sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu og minna en 30 þús. kr. í tekjur á ári. Þetta eru meginatriði þess kafla frv., sem fjallar um skyldusparnað.

Það er mjög mikilsvert atriði í fjármálalífi hvers þjóðfélags, að takast megi að örva sparnaðarhneigð fólks sem mest, sér í lagi er slíkt mikilsvert á verðbólgutímum. Það verður helzt gert með því, að fólk öðlist trú á verðgildi peninganna. Það er augljóst, að núverandi ríkisstj. hefur ekki trú á, að aðgerðir hennar í efnahagsmálum veki traust fólks á verðgildi peninga og orsaki þar með almenna sparifjársöfnun. Þess vegna tekur hún það til bragðs að þvinga fólk til sparnaðar. Það er þó ekki gert til að draga úr verðbólgunni, eins og bezt sést á því, að ætlunin er að verja sparifénu jafnóðum til óarðbærra framkvæmda eins og húsbygginga.

Þessa þvingun er reynt að fegra með ýmsu móti. Sérstaklega er ætlazt til, að ákvæðið um forgangsrétt til lána gangi í augun á fólki. Ef það atriði er skoðað ofan í kjölinn, verður töluvert annað upp á teningnum. Forgangsrétturinn er sem sé bundinn því skilyrði, að sparifjársöfnun viðkomandi nemi a. m. k. 25 þús. kr. Til að ná því marki þurfa tekjur einstaklings á níu ára sparnaðartímabili, 16—25 ára, að nema ca. 420 þús. kr., eða ca. 47 þús. kr. að meðaltali á ári. Óhætt mun að fullyrða, að sá kvenmaður er ekki til, sem möguleika hefur til að ná því marki. Má í því sambandi benda á, að meðallaun stúlkna, sem vinna í verzlunum, eru um 30 þús. kr. á ári. Afgreiðslustúlkan væri því í 14 ár að öðlast hinn marglofaða forgangsrétt. Það má því strax reikna með, að það séu eingöngu karlar, sem möguleika hafa til að öðlast forgangsréttinn, eða um 50% af þeim, sem hefja söfnun. En nú eru ákvæði um, að þeir, sem ganga í hjónaband og stofna heimili, eigi þess kost að fá sparifé sitt endurgreitt. Nú giftast ca. 40% karl-

manna innan 25 ára aldurs og vafalítið að þeir munu taka út fé sitt, en á hinn bóginn vonlítið, að þeim hafi þá þegar tekizt að höndla forgangsréttinn. En aðalatriðið er þó það, að aðeins 10—15% karlmanna á aldrinum 16—25 ára hafa 47 þús. kr. á ári og þar yfir að meðaltali. Og enn er að því að gá, að % hlutar þess fólks, sem nú hefur söfnun, er meira en 16 ára gamalt. Hvað skyldu þeir svo verða margir, sem að lokum öðlast þenna frábæra forgangsrétt? Þetta er gáta handa Hannibal, sem hann hefur þó sennilega ráðið, áður en frv. var flutt.

Enn er eitt atriði í þessu sambandi, sem er þess vert, að minnzt sé á. Þess eru fjölmörg dæmi, að fátækir efnismenn hafa unnið árum saman að því að afla sér fjár með það fyrir augum að afla sér menntunar síðar meir. Nú er einn steinninn enn lagður í götu þeirra, með því að ekki eru þeir undanþegnir sparnaðarskyldunni, og svo er um fleiri, enda er hér að vissu leyti um beina skattlagningu að ræða. En það eru svo sem fordæmi fyrir slíkum skyldusparnaði. Það er langt síðan Rússar komu á skyldusparnaði hjá sér. Það þótti að sumu leyti myndarlegt bragð, en óánægju hefur að vísu gætt, aðallega vegna þess, að sparifé hefur ekki verið endurgreitt svo sem ráð var fyrir gert."

Þetta voru orð þess unga manns, sem skrifaði greinina um skyldusparnaðinn. Ég tel fullvíst, að það sé margt ungt fólk, sem taki í þennan sama streng. Að minnsta kosti finnst því óviðfelldið að láta þvinga sig til sparnaðar, þó að eðlilegt sé og sjálfsagt, að unglingar venji sig á sparsemi.

Hæstv. félmrh. hefur haldið því fram, að skyldusparnaðurinn sé unga fólkinu til mikils góðs, og telur, að hann hafi góð uppeldisáhrif, en ég get ekki fallizt á það, að hinu opinbera verði falið að annast það uppeldi. Hæstv. ráðh. virðist starfa í anda kenninga Friðriks mikla, en hann sagði: „Ég stjórna þegnunum eins og þeim er fyrir beztu, hvort sem þeim líkar betur eða verr." Sannleikurinn er sá, að unga fólkið nú og á dögum Friðriks mikla og almenningur yfirleitt treystir sjálfu sér betur til að finna, hvað því er fyrir beztu, heldur en stjórnarherrunum, hvort sem þeir bera nafn Friðriks mikla eða Hannibals Valdimarssonar.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. (RH) hefur nýlokið við að gera mjög ýtarlega grein fyrir afstöðu sjálfstæðismanna til þessa frv. og alveg sérstaklega með ágætri og ýtarlegri ræðu gegnumlýst frv. það, sem hér um ræðir, og hefur þá berlega komið í ljós, hvað kjarninn er lítill, þegar umbúðirnar eru af teknar, og hversu sárafá ný eða raunhæf úrræði til úrbóta í húsnæðismálunum felast í því frv., sem hér um ræðir. Þess vegna þarf í sjálfu sér litlu við það að bæta, og kann því að vera, að það, sem ég vík að hér, snerti eins mikið almenna hlið málsins, og er það þá einnig að hafa í huga, að með skyndingi var skrúfað fyrir framhald 1. umr. og beitt bolabrögðum til þess að hindra þm. í því að hafa eðlilegan ræðutíma til þess að fjalla um þetta mál við 1. umr.

Það er í raun og veru nýmæli í þessari löggjöf um tekjuöflun til húsnæðismálalána eða byggingarsjóðs ríkisins, eins og það er kallað nú, að lagt skuli 1% álag á allar hinar fyrri og miklu álögur hæstv. ríkisstj., sem fólust öðru fremur í jólagjöfinni miklu. Þetta 1% álag kemur að sjálfsögðu að einhverju liði þeim, sem lánanna njóta, en vissulega er það mjög miklum vafa undirorpið, hvort ekki hefðu fundizt aðrar og miklu heppilegri leiðir til fjáröflunar í þessu skyni heldur en að bæta nú 1% álagi ofan á allar eldri álögur. Þetta er hins vegar nýmæli — og ber að viðurkenna það — og stefnir að því, svo langt sem það nær, að auka nokkuð tekjuöflunina til íbúðalánanna, en er í eðli sínu mjög vafasamt ákvæði.

Annað nýmæli í löggjöfinni er ákvæðin um skyldusparnað, sem eiga að auka tekjuöflunina til íbúðarhúsalána og gert er ráð fyrir í grg. frv. og í ræðu hæstv. félmrh. að eigi að geta skilað einum 15 millj. kr. á ári. Í fyrsta lagi hefur verið mjög dregið í efa, að af þessu ákvæði leiði svo mikla tekjuöflun, og ég hef áður gert grein fyrir því, að mér sýnist, að það sé með öllu útilokað, að þetta fái staðizt. En það er einnig annað, sem er verra við þetta ákvæði, og það er sú blekking, sem í ákvæðinu felst, þegar ungu fólki er heitið fyrir það, að á það er lagður lögþvingaður sparnaður, forgangsrétti til íbúðalána. Hv. 8. þm. Reykv. sýndi mjög greinilega fram á, hversu ákvæðin um forgangsrétt eru óraunhæf og hversu mikil blekking í þeim er fólgin, þar sem telja verður mjög vafasamt, að nema lítill hluti þeirra, sem skyldaðir verða til sparnaðar, geti, eins og högum er háttað í okkar þjóðfélagi, öðlazt þennan lofaða forgangsrétt, sem miðaður er við að hafa á tilteknu árabili, frá 16 ára og til 25 ára aldurs, a. m. k. sparað 25 þús. kr. Það getur borið nauðsyn til að leggja þvinganir á landsfólkið, hvort sem það eru yngri eða eldri, en þær verða þá að vera vel rökstuddar og grundvallaðar, og ég held, að fátt sé verra en að grípa til lögþvingana gagnvart ungu fólki, sem byggðar eru á röngum forsendum og beinum blekkingum í garð þessa unga fólks. Unga fólkið sjálft hefur þegar áttað sig á þeim blekkingum, sem hér eru hafðar í frammi, og það er í raun og veru ósæmandi fyrir stjórnarliðið að hafa ekki gengið frá þeim breytingum á þessu frv. frá þeirra sjónarhóli, sem tryggi það, að svonefndur forgangsréttur sé annað og meira en orðið tómt, þessi forgangsréttur til þess að fá lán úr byggingarsjóði ríkisins.

Þegar þessum tveimur atriðum sleppir, eru í raun og veru ekki — held ég — fleiri raunhæf nýmæli í þessum lögum. Það er öðrum orðum komizt að ýmsu sama efni og var í eldri lögum, í flestum tilfellum er það fært til verri vegar og hefur að öðru leyti ekki þýðingu, eins og bent hefur verið á, því að íbúðabyggjendurna skiptir það ekki máli, hvort þeir eiga að fá lán úr byggingarsjóði ríkisins eða varasjóði veðlánakerfisins o. s. frv. En það vekur hins vegar óneitanlega athygli, að allt það, sem fyrsti flutningsmaður þessa máls eða hæstv. félmrh. og flokksmenn hans töldu húsnæðislöggjöfinni frá 1955 til mestrar foráttu, er óbreytt í þessu nýja

frv. Lögin frá 1955 voru dæmd óalandi og óferjandi, ef ég mætti viðhafa það orðbragð, af fulltrúum Alþýðubandalagsins, sem nú kallar sig, og fulltrúum Alþfl., vegna þess að þau kæmu engum alþýðumanni að liði, sökum þess að lánsféð í senn væri allt of lítið út á hverja íbúð, til allt of fárra ára lánað og með allt of háum vöxtum. Þetta, sem notað var til að fordæma þá löggjöf, sem er grundvöllurinn að því frv., sem nú liggur fyrir, er allt saman óbreytt í löggjöfinni nú. Þessu hefur verið vakin athygli á og er ástæða til þess að vekja athygli á til þess að sýna fram á sýndarmennskuna hjá stjórnarliðinu í flutningi þessa máls. Það er tekið allt upp, sem áður var fordæmt. Það er nauðalitlu breytt efnislega úr löggjöf, sem fyrir hendi er. En það er á pappírnum látið heita, að hæstv. núverandi ríkisstj. sé að flytja nýja húsnæðismálalöggjöf, stórkostlega og glæsilega fyrir væntanlega húsbyggjendur, þegar efni málsins er í aðalatriðum eins og ég hef nú vikið að.

Fulltrúi Alþfl. í fjhn., sem fjallaði um húsnæðislöggjöfina frá 1955, sagði um hana m. a. í nál. sínu í Ed.:

„Ég lít svo á, að frv. þetta, þótt að l. verði, leysi ekki úr húsnæðisvandræðum almennings í kaupstöðum og kauptúnum. Til þess er það fjármagn, sem frv. gerir ráð fyrir, ónógt, lánstíminn of stuttur, vextir of háir og fyrirhuguð lánsupphæð til hverrar íbúðar ófullnægjandi fyrir aðra en þá, sem eru mjög vel efnum búnir."

Varðandi atriði eins og þessi hafa núverandi stjórnarliðar rækilega rennt niður stóryrðunum frá 1955.

Minni hl. fjhn. í þessari hv. deild, sem var skipaður núverandi hæstv. menntmrh. og hv. formanni fjvn., Karli Guðjónssyni, viðhafði þau ummæli í sínu áliti, að höfuðeinkenni löggjafarinnar frá 1955 væru þau, með leyfi hæstv. forseta, eða frv., að í því væri ekkert stórátak gert til þess að útrýma heilsuspillandi húsnæði; og enn fremur: þessu húsnæði verður ekki útrýmt nema með myndarlegu átaki af hálfu ríkis og bæjarfélaga; og enn fremur: til þess þarf rausnarleg fjárframlög. — Það var miðað við í þessari löggjöf allt að 3 millj. kr. Ég man ekki, hvort það eru 4 eða 5 millj. kr., sem nú á að ætla í þessu skyni eftir þessari löggjöf, en við afgreiðslu fjárl. fluttum við hv. 6. þm. Reykv. (GTh) og ég till. um það, að ríkissjóður skyldi verja 10 millj. kr. á fjárl. 1957 til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði, m. ö. o. að nú skyldi tekið upp það, sem hv. stjórnarsinnar töldu að nauðsynlegt væri, nokkur rausnarleg fjárframlög í þessu skyni. Þetta var allt saman kolfellt. Það er von, að menn, sem svona í orði og æði ganga í sig sjálfa og éta ofan í sig fyrri svigurmæli, þurfi að reyna að búa til með orðagjálfri einhverja „gloríu" í kringum sjálfa sig, þegar frv. eins og hér liggur fyrir er flutt inn í þingsalina.

Það er fullt og ægir af brtt. og athugasemdum í nál. og þingræðum núverandi stjórnarstuðningsmanna frá 1955, sem hins vegar hefur algerlega verið gengið fram hjá af þessum háu herrum nú, þegar þeir flytja þetta frv. sitt, og hef ég nefnt nokkur dæmi, en mörg fleiri mætti nefna. T. d. lagði minni hl. fjhn. í Nd., sem ég gerði grein fyrir áðan, til þá um úthlutun lánanna, að hún væri falin veðdeild Landsbanka Íslands, en ekki nefnd, sem skipuð væri eins og þá var gert ráð fyrir. Og það er kannske það, sem er broslegast í því, að þeir lögðu einmitt til, að framlög ríkissjóðs til útrýmingar heilsuspillandi íbúða yrðu aukin úr 3 millj. kr. árlega í 10 millj. kr., en það var einmitt till., sem við hv. 6. þm. Reykv. og ég fluttum við afgreiðslu fjárl. og þá bara fyrir þetta ár, að framlagið yrði hækkað upp í 10 millj. kr. En auðvitað greiddu báðir þessir hv. nefndarmenn, hæstv. menntmrh. og Karl Guðjónsson, hv. 2. landsk., atkv. á móti till. þá. Það er sitt hvað að tala um eða í að komast, og hafa þessir aðilar vissulega fengið sig fullsadda á að reyna það.

Þegar stjórnarsinnar og hæstv. félmrh. ræða um það nýja fjármagn, sem með þessu frv. sé tryggt til íbúðalána, þá er það allt mjög á völtum kili og í sjálfu sér erfitt að átta sig á því. En eins og ég sagði við 1. umr. þessa máls, þá skipta í sjálfu sér ekki aðalatriði spádómar eða gylliloforð þessara manna nú í þessu efni, heldur þær efndir, sem fólkið á eftir að reyna við framkvæmd málsins, og vinnst þá nægur tími til að athuga þennan þátt málsins, þegar þar að kemur.

Hæstv. félmrh. segir t. d., að hæstv. ríkisstj. hafi skuldbundið sig til þess, að bankar landsins lánuðu síðar á árinu 44 millj. kr. til íbúðabygginga. Með þeirri bankalöggjöf, sem nú hafa verið lögð frv. að af hæstv. ríkisstj., er það að vísu tryggt, að ríkisstj. og lið hennar munu hafa í hendi sér valdið til þess í bönkunum að lána fé til þessara framkvæmda eins og annarra. En það þýðir bara ekki það sama og að hafa fjármagnið, til þess að úr vandkvæðum fólksins, sem þarf að byggja, verði bætt, svo að það er mikið alvöruleysi og ábyrgðarleysi af ráðh. þeirrar ríkisstj., sem hefur þurft að horfa upp á það, að dregið hefur stórlega úr sparifjármynduninni við tilkomu hennar, að taka svo mikið upp í sig að segja, að þeir hafi tryggt það eða hafi skuldbundið sig til að tryggja, að svo og svo margar millj. skuli veittar af peningastofnunum síðar á árinu, því að hvar standa þessir menn, ef þróunin heldur áfram í svipuðu formi og verið hefur? Ja, það er auðvitað hugsanleg sú leið með því að hafa fengið völdin að seðlapressu landsins að láta ekki upp á sig standa og prenta seðla til þess að standa við þessa skuldbindingu. En mér þykir vafasamt, að allt stjórnarliðið eða auk heldur öll ríkisstj. sé svo alvörulaus, að hún gefi slík fyrirheit eins og þessi með þá hugsun á bak við, að ef raunverulegur og fjárhagslegur grundvöllur undir þessum lánveitingum, eðlilegur fjárhagslegur grundvölllur, verði ekki fyrir hendi, þá skuli samt sem áður seðlarnir verða prentaðir, seðlar, sem hljóta auðvitað að byggjast á óraunhæfum grundvelli og skapa óeðlilega verðbólgu í landinu til viðbótar því, sem áður hefur verið. En ef þetta ætti eftir að koma fyrir, þá sýnist mér, að skörin sé farin að færast upp í bekkinn, þegar haft er í huga, að þessir menn, sem standa að flutningi þessa frv. nú, núverandi hv. stjórnarsinnar ásaka sjálfstæðismenn, og hafa ásakað

sjálfstæðismenn að langmestu leyti með röngu fyrir óhæfilega fjárfestingu og fyrst og fremst í íbúðabyggingum, ef þeirra hlutskipti ætti svo eftir að verða það að stuðla að áframhaldandi fjárfestingu, sem ekki byggðist á samanspöruðu fé í þjóðfélaginu, heldur fölsku fjármagni, þ. e. a. s. útgáfu seðla, þegar hinn eðlilegi grundvöllur, sparnaður fólksins, sem þessar framkvæmdir verða að hvíla á, er brostinn. — Mér þætti vænt um, ef hæstv. félmrh. vildi skýra nokkru nánar fyrir þingheimi, hvað hann á við með því, þegar hann segir, að ríkisstj. hafi skuldbundið sig til að tryggja 44 millj. kr. frá bönkunum til íbúðabygginga síðari hluta ársins. Ég endurtek, að ég inni eftir því, að hæstv. ráðh. skýri fyrir þingheimi, hvað hann nánar á við með þessum orðum sínum og hvers eðlis sú skuldbinding er, sem hæstv. ríkisstj. hefur með þessum hætti á sig tekið.

Í framhaldi af því leyfi ég mér að minna á, að við sjálfstæðismenn höfum flutt till. til þál. um lán til íbúðabygginga, þar sem Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir því, að veðdeild Landsbanka Íslands taki allt að 100 millj. kr. erlend lán, er varið verði til útlána á vegum hins almenna veðlánakerfis til íbúðabygginga. Þessi till. hefur ekki fengizt afgreidd. Því spyr ég um það nú, þegar ríkisstj. talar um skuldbindingar til þess að útvega frá bönkunum svo og svo margar millj. til íbúðabygginga, felst þá í því, ef sú forsenda brestur, að hægt sé að byggja þessar lánveitingar á aukinni sparifjármyndun, sú hugsun ríkisstj. að taka erlent lánsfé, sem vissulega mætti réttlæta, til þessara framkvæmda, ef það væri fáanlegt við hagstæðum kjörum? Ég spyr: Hver er afstaða hæstv. ríkisstj. til þessarar þáltill.? Hefur hún leitað eftir erlendu lánsfé til íbúðabygginga? Í fyrsta lagi: hefur hæstv. ríkisstj. leitað eftir erlendu lánsfé til íbúðabygginga? — og í öðru lagi: mundi hún taka erlent lánsfé til íbúðabygginga, ef það væri fyrir hendi, eða leyfa öðrum aðilum, sem ættu þess kost að fá erlent lánsfé til íbúðabygginga, að gerast að því lántakendur? Þessar spurningar, sem ég hef hér lagt fyrir hæstv. félmrh. fyrst og fremst, eru þess eðlis, að það er mjög veigamikið, að þeim fáist svarað afdráttarlaust, og það er að mínum dómi skylt, að hæstv. ríkisstj. geri hv. þingheimi grein fyrir viðhorfi sínu í jafnþýðingarmiklum atriðum og þessu varðandi lánsfjáröflunina til íbúðabygginga.

Í till. sjálfstæðismanna eða minni hl. heilbr.- og félmn. eru gerðar nýjar till. um húsinnlán, sem vissulega eru þannig úr garði gerðar, að ætla má, að ef þær yrðu að l., þá mundu þær afla verulega mikils lánsfjár til íbúðabygginga og í ólíkt ríkulegri mæli en þær aðrar ráðstafanir til fjáröflunar, sem í þessu frv. felast frá hálfu stjórnarliðsins. Mig undrar á því, að þessar till., sem fram komu í hv. Ed., skulu ekki hafa þótt þess verðar að íhugast nánar af stjórnarliðinu og að þeir, án þess að ég hafi orðið var við, að þeir færðu fyrir því nein rök, sem að haldi komi, skuli ganga fram hjá þeim, án þess að færa fyrir því nein rök, sem mark er á takandi, að till. væru ekki reistar á heilbrigðum grundvelli, en mundu geta náð ótrúlega miklum árangri til lánsfjáröflunar til íbúðabygginga, ef þeim yrði framfylgt.

Hæstv. félmrh. sagði hér við 1. umr. málsins, þegar hann vék að viðskiptum núverandi ríkisstj. og bankanna varðandi íbúðalánin, að bankarnir hefðu sent frá sér íhaldsgreinargerð um þessi mál. Ég vil nú taka það fram, að hér fer svipað og um allt annað, sem á þessu þingi og í málgögnum þessara flokka er talað um varðandi bankana og afstöðu sjálfstæðismanna eða íhaldsmanna í þeim efnum. Í öllum þeim viðræðum, sem hæstv. ríkisstj. átti við bankana og fulltrúi hjá Útvegsbankanum mætti á í sambandi við íbúðalánin, þá var það sá bankastjórinn, sem tilheyrir Framsfl., sem mætti á öllum þeim viðræðufundum ásamt með öðrum Framsóknarbankastjóra, þ. e. a. s. bankastjóra Búnaðarbankans. Þriðji bankastjórinn mun hafa verið sjálfstæðismaður frá Landsbankanum. En það er vitað, að enginn ágreiningur var á milli þessara bankastjóra á þeim viðræðufundum, sem fram fóru, og að sú grg., sem hæstv. ríkisstj. var send frá bönkunum síðar, var samin og send með einróma samþykki bankastjóra viðkomandi banka. Það liggur því fyrir, að í fyrsta lagi höfðu bankastjórar Framsfl. þau beinu og nánu sambönd við hæstv. ríkisstj. um þessi lánamál og stóðu að engu leyti öðruvísi að þessu máli heldur en aðrir bankastjórar, hvort sem þeir tilheyrðu Sjálfstfl. eða öðrum flokkum. En þetta er eins og annað; svo er komið hér í þingið og mér liggur við að segja gasprað um það af hæstv. félmrh., að sú grg., sem frá bönkunum hafi komið, hafi verið íhaldsgreinargerð, og á það að skiljast svo, að það séu fyrst og fremst sjálfstæðismennirnir, sem með ofurvaldi sínu og meirihlutaaðstöðu í bönkunum hafi ráðið því, hvernig hún var úr garði gerð. Þó veit hæstv. félmrh., þegar þetta er látið klingja hér í þingsölunum og þessi boðskapur hefur áður verið birtur í stjórnarblöðunum, að þetta er allt saman helber ósannindi.

Hitt vil ég taka fram, af því að það er full ástæða til þess og í beinu sambandi við það mál, sem við ræðum hér, að þegar fyrrv. hæstv. ríkisstj. ræddi við bankana á sínum tíma á árinu 1954 um það, að þeir tækju á sig skuldbindingar til þess að lána fjárfestingarlán annars vegar til raforkuframkvæmda og hins vegar til íbúðabygginga, þá var það fyllilega ljóst á milli fulltrúa ríkisstj., sem áttu viðræður við bankastjórana, að grundvöllurinn undir öllum þessum lánveitingum og skuldbindingum, sem bankarnir tækjust á hendur, væri áframhaldandi sparifjársöfnun landsmanna, og þeir hæstv. ráðh., þáverandi hæstv. félmrh. og bankamálaráðh., sem áttu viðræður við bankastjóra Útvegsbankans um þessi efni, létu þá í ljós, að þeir væntu þess, að þótt bankinn yrði við óskum ríkisstj., þyrfti ekki að gæta samdráttar í útlánum hans og þá fyrst og fremst til atvinnuveganna, þar sem vonir stæðu til áframhaldandi sparifjáraukningar og þeim mun fremur sem Alþ. væri nú að ganga frá nýrri skattalöggjöf, þar sem sparifé væri með vissum skilyrðum gert skattfrjálst og undanþegið framtalsskyldu. Þessi hugsunarháttur lá

til grundvallar því samkomulagi, sem á þeim tíma varð á milli hæstv. þáverandi ríkisstj. og stjórnenda bankanna. Og það var eingöngu í trausti þess, að sparifjárinnlögin héldu áfram að vaxa, að bankastjórarnir treystu sér þá til þess að svara tilmælum hæstv. ríkisstj. játandi. Og varðandi Útvegsbankann taldi hann óhjákvæmilegt að hafa þann fyrirvara fyrir sínum skuldbindingum, að þessi forsenda brysti ekki. Hinu vil ég vekja athygli á, að það var fullkomlega ríkjandi sá skilningur stjórna bankanna þá, eins og fram hefur komið nú í hinni svokölluðu íhaldsgrg., sem hæstv. félmrh. kallar, að tiltekinn og verulegur hluti af sparifjáraukningu landsmanna væri þess eðlis, að það væri skynsamlegt og ráðlegt að verja honum til íbúðabygginga í landi, sem byggi við húsnæðisskort. Og á þeim grundvelli var reist löggjöfin um veðlánakerfi til íbúðabygginga nr. 55 frá 1955, og kemur það fyrst og greinilega fram í nál. þeirrar undirbúningsnefndar, sem þáverandi ríkisstj. skipaði til þess að leggja grundvöllinn að þeirri löggjöf og kvaddi til þess fulltrúa frá bönkum landsins og hagfræðinga bæði frá Reykjavíkurbæ og Landsbankanum. Með leyfi hæstv. forseta, vil ég leyfa mér að vitna í einmitt ummæli þessarar n. um húsnæðislánin, þar sem segir m. a. svo:

„Nefndin álítur, að sökum þess, hve húsnæðismálið er þýðingarmikið frá félagslegu sjónarmiði, og jafnframt, hve íbúðir eru fjárhagslega trygg eign, þá eigi lánveitingar til íbúðabygginga að sitja fyrir um notkun á talsverðum hluta þess sparifjár, sem myndast í landinu."

Það varð því einnig að samkomulagi milli bankanna í framhaldi af þessum grundvallarsjónarmiðum, sem ég nú hef reifað, að þau framlög, sem þeir legðu til íbúðabygginga á árunum 1955 og 1956, eða þær fjárhæðir skyldu skiptast á milli bankanna, þegar endanlegt uppgjör væri gert í hlutfalli við sparifjáraukningu þeirra innbyrðis á tímabilinu. Það hefur þess vegna ekki skort á frá öndverðu við undirbúning laganna um hið almenna veðlánakerfi frá 1955, að fullur skilningur væri ríkjandi á nauðsyn þess, að tiltekinn hluti sparifjármyndunarinnar í landinu gengi til íbúðabygginga, og ekki heldur hefur skort á þann skilning hjá stjórnum bankanna, sem síðan hafa lagt allverulegt fé af mörkum í þessu skyni.

Vegna þess, hvað hv. frsm. minni hl. heilbr.- og félmn. hefur reifað þetta mál ýtarlega í sinni ágætu ræðu, þarf ég ekki á þessu stigi að hafa mörg orð um þetta fleiri. Aðalatriðið í afstöðu sjálfstæðismanna er það, að þeir leggja til, eins og hver hógvær og skynsamur maður hefði gert, að því, sem telst til nýmæla í þessari löggjöf, verði breytt í það form, að það verði breytingar við gildandi lög um hið almenna veðlánakerfi, og felst í brtt. minni hl., hvernig fulltrúar Sjálfstfl. í heilbr.- og félmn. hugsa sér að þetta megi verða. Þegar fyrir liggur afstaða þessarar hv. d. til þessara till., þá munum við sjálfstæðismenn áskilja okkur enn, sem væntanlega yrði við 3. umr. málsins, að freista þess að flytja brtt. við frv. eins og það kemur þá út úr 2. umr., ef ekki verður fallizt á brtt. okkar.

Ég vil svo ljúka máli mínu með því að vekja athygli hér á einni veigamikilli staðreynd. Því hefur verið haldið fram, að hæstv. fyrrv. ríkisstj. hafi skilið illa við húsnæðismálin, hún hafi í fyrsta lagi blekkt einstaklingana og skilið þá svo eftir á vonarvöl um það, með hverjum hætti þeir fengju lokið sínum íbúðum, og það hefur jafnvel verið tekið svo til orða, að þessi mál hafi verið í gjaldþrotaástandi, eins og það sé og æ hefur verið endurtekið, eftir að hæstv. fyrrverandi ríkisstj. fór frá völdum.

Ég vil nú bregða upp einni mynd af viðskilnaði íhaldsins í húsnæðismálunum, sem lýsir miklu betur hinu raunhæfa ástandi málanna heldur en öll stóryrði og slagorð stjórnarsinna, hvort sem þau hafa verið viðhöfð hér í hv. d. eða á öðrum vettvangi.

Í árslok 1955 voru í smíðum í Reykjavík — og tek ég þá höfuðstaðinn einan — 1800 íbúðir. Á árinu 1956 var lokið við byggingu um 700 íbúða í Reykjavík, en aukningin á þeim íbúðum, sem lokið hefur verið við árlega, hefur verið liðlega 100 hvort árið um sig 1955 og 1956. Það var lokið við um 600 nýjar íbúðir 1955, innan við 500 íbúðir 1954, en 708 íbúðir nákvæmlega 1956. Ég leyfi mér því að gera ráð fyrir, að sú þróun í þessum málum hefði haldið áfram, að á þessu ári mundi verða lokið við 700 íbúðir í Reykjavík, eða aðeins það sama og á árinu 1956, en engin aukning, eins og þó hefði átt sér stað á undanförnum árum, og enn fremur að það verði aðeins lokið við 700 íbúðir á árinu 1958 eða næsta ári og þá engin aukning, eins og á undanförnum árum hefur átt sér stað frá ári til árs. En það þýðir, að með eðlilegum gangi þessara mála og þó þannig, að úr allri vaxandi nýbyggingu dragi frá því, sem verið hefur, þá ætti að vera hægt auðveldlega, miðað við þær íbúðir, sem í byggingu eru, að ljúka 2100 íbúðum hér í Reykjavík á þessum þremur árum, 1956—1958 að báðum meðtöldum. Ef við miðum við, að í meðalfjölskyldu séu 4—5 manns, þá eru þetta íbúðir fyrir 9450 manns.

Fyrir liggur, að fólksfjölgunin í Reykjavík frá árunum 1950—1954 var um 1300 manns á ári. Á þremur árum með sömu fólksfjölgun mundi hún nema á þessum árum, 1956—1958, 3900 manns. Þegar búið væri að fullnægja á þennan hátt íbúðabyggingu fyrir fólksfjölgunina, 3900 manns, þá er eftir, miðað við íbúðarbyggingar fyrir 9450 manns, til ráðstöfunar íbúðir fyrir 5550 manns af þeim, sem nú eru hér og búa við ófullnægjandi eða heilsuspillandi húsnæði. Og það mundi samsvara — með 4—5 manns að meðaltali á fjölskyldu — 1200 nýjum íbúðum til þess að útrýma herskálum og öðru lélegu húsnæði, en eins og kunnugt er, þá munu herskálaíbúðir nú vera eitthvað innan við 500 hér í höfuðstaðnum. En ef við þetta bætist, að 1957 verði lokið við 100 íbúðum fleira en 1956 til samræmis við þróun undanfarinna ára og 200 íbúðum fleira 1958 og það alveg sérstaklega vegna þeirrar stóru byggingaráætlunar, sem nú er í framkvæmd hjá Reykjavíkurbæ, og á þessu ári og næsta ári mun einmitt innlegg þessarar íbúðaráætlunar verða hvað mest, þá er þess vegna þessi viðbótaraukning engan veginn út í bláinn, að

bæta 300 íbúðum við þær 1200 íbúðir, sem ég gat um áðan. Þá væri það ekki nema að halda í horfinu í húsnæðismálunum við það, sem var í tíð fyrrverandi ríkisstj., að hér yrðu á þessum 3 árum, 1956—1958, til ráðstöfunar 1500 íbúðir til útrýmingar herskálum og öðrum heilsuspillandi íbúðum, eða nýtt íbúðarhúsnæði fyrir 6750 manns.

Þetta er myndin af viðskilnaðinum í húsnæðismálunum, þegar stjórn Sjálfstfl. fór frá völdum á miðju ári 1956, að með þeim aðgerðum, sem stuðlað hafði verið að á undanförnum árum, hefur verið stórátaki lyft í þessum málum, og við erum í miðjum klíðum að leysa úr húsnæðisskortinum hér í höfuðstað landsins og annars staðar á landinu. En ef misfellur verða á þessu og ef þessi áætlun kemur ekki til með að standast, þá veit almenningur í þessu landi, hverjir bera fyrst og fremst höfuðsökina í þeim efnum og hvert ber þá að stefna geiri sínum. Þeir hafa reynsluna frá fyrrverandi stjórn, hversu þessum málum þokaðist áfram. Fjöldinn mun áreiðanlega bera í brjósti von til þess, að takast megi að skila málunum í svipuðum mæli framvegis. En eins og ég sagði, ef það ekki tekst, þá er augljóst, að það er fyrst og fremst vegna þess, að núverandi hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafa ekki verið þeim vanda vaxnir að standa undir því að halda áfram þeirri þróun í þessum málum sem öðrum, sem lagður var grundvöllur að undir forustu Sjálfstfl. í ríkisstj.

Umr. frestað.

Á 105. fundi í Nd., 24. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 565, n. 599 og 606).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 606,1 felld með 18:6 atkv.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 606,2 felld með 17:5 atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 606,3 felld með 17:4 atkv.
3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 606,4 felld með 18:5 atkv.
4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 606,5 felld með 19:4 atkv.
5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 606,6 felld með 19:6 atkv.
6. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 606,7 felld með 19:5 atkv.
7. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 606,8 felld með 19:5 atkv.
8. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 606,9 felld með 18:4 atkv.
9. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 606,10 felld með 19:4 atkv.
10. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 606,11 felld með 19:5 atkv.
11. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 606,12 felld með 17:4 atkv.
12. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 606,13 felld með 15:4 atkv.
13. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 606,14 felld með 19:4 atkv.
14. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 606,15 felld með 18:5 atkv.
15. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 606,16 felld með 18:4 atkv.
16. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
17.—20. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 606,17 felld með 17:5 atkv.
21. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 606,18 felld með 18:5 atkv.
22. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 606,19 felld með 18:6 atkv.
23. gr. samþ. með 18:1 atkv.
Brtt. 606,20 felld með 17:6 atkv.
24. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 606,21 felld með 19:5 atkv.
25. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 606,22—23 komu ekki til atkv.
26. gr. og bráðabirgðaákvæði samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 106. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls bar minni hl. heilbr.- og félmn. Nd. fram brtt. við það frv. um húsnæðismálastofnun, sem hér liggur fyrir. Þær brtt. byggðust á því, að efni þessa frv. ætti að leggja fyrir í formi brtt. við lög nr. 55 frá 1955, um húsnæðismálastjórn og veðmálakerfi til íbúðabygginga.

Þar eð þessar till. minni hl. voru felldar við atkvgr. eftir 2. umr. málsins, munum við freista þess að bera fram brtt. við frv. eins og það liggur nú fyrir. Þar eð miklar annir eru á skrifstofu þingsins og í prentsmiðjunni við prentun þingskjala, hefur ekki enn náðst að prenta þessar brtt., og mun ég því flytja þær skriflega og biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þeim.

Fyrsta brtt. er við 3. málsgr. 1. gr. frv. Við leggjum til, að sú setning falli brott, sem segir, að fulltrúi Landsbanka Íslands í húsnæðismálastjórn skuli ekki hafa þar atkvæðisrétt.

Önnur brtt. er við 8. tölul. 2. gr., sem nú er um, að húsnæðismálastjórn skuli beita sér fyrir endurskoðun byggingarsamþykkta, eftir því sem þörf krefji. Við leggjum hins vegar til, að 8. tölul. orðist svo: „Að koma á fót byggingarmiðstöð í samvinnu við framleiðendur og innflytjendur byggingarefna, þar sem væri sýning á byggingarefnum, húshlutum og íbúðateikningum og almenn leiðbeiningastarfsemi fyrir húsbyggjendur fari fram.“

Þá leggjum við til, að næsta málsgr. á eftir núverandi 12. tölul. falli brott, en hún er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Húsnæðismálastjórn er heimilt að láta undirbúa byggingu íbúðarhúsahverfa í kaupstöðum með því að láta gera skipulagsuppdrætti að þeim í samráði við skipulagsnefnd ríkisins. Þegar slíkir skipulagsuppdrættir hafa verið samþykktir af

skipulagsnefnd og félmrh., er viðkomandi bæjarfélagi skylt að heimila byggingarnar og láta af hendi eða útvega landssvæði fyrir þær, ef með þarf með eignarnámi, og fer um eignarnám samkv. lögum nr. 61 frá 1917."

Ef þessi brtt. okkar verður felld, þá leggjum við til til vara, að í stað orðsins „skylt" í frv. komi orðið „rétt" — að viðkomandi bæjarfélagi sé rétt að heimila byggingarnar — og að setningin í frv. um eignarnámið falli niður og sömuleiðis, að orðið „skylt" í setningunni um, að viðkomandi bæjarfélagi sé skylt að leggja nauðsynlega vegi o. s. frv., falli einnig niður og í stað þess komi orðið „rétt", — að viðkomandi bæjarfélagi sé þá rétt að leggja nauðsynlega vegi og leiðslur um slík hverfi innan hæfilegs tíma að mati húsnæðismálastjórnar og félmrh.

Það hefur þegar verið nægileg grein gerð fyrir því af hálfu okkur, að þetta ákvæði sé mjög óeðlilegt. Samkv. því tekur húsnæðismálastjórn ráðin af sveitarstjórnunum um fjármál þeirra.

Enn fremur leggjum við til, að í stað næstsíðustu málsgr. 2. gr. komi 3 nýjar málsgreinar, er orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Setja skal á fót tækniráð húsnæðismálastjórnar, er sé skipað fulltrúum frá eftirtöldum aðilum: húsnæðismálastjórn, iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans, húsameistara ríkisins, Iðnaðarmálastofnun Íslands, skipulagsstjóra ríkisins, teiknistofu landbúnaðarins, Landssambandi iðnaðarmanna, Félagi ísl. iðnrekenda, byggingarvörudeild Sambands ísl. samvinnufélaga og Félagi ísl. byggingarefnakaupmanna.

Verkefni tækniráðs er að vera húsnæðismálastjórn til ráðgjafar í tæknimálum og eiga frumkvæði að till., er til umbóta og framfara horfa í byggingarmálum, og leggja fyrir húsnæðismálastjórn til ákvörðunar.

Félmrh. ákveður þóknun til meðlima tækniráðs og setur reglugerð um starfsemi þess að fengnum till. húsnæðismálastjórnar."

Fyrir þessari efnislegu breytingu hefur einnig þegar verið gerð nægileg grein hér í hv. deild, og hygg ég óþarft að tefja fundartímann frekar með því.

Þá er brtt. okkar við 6. gr. frv. og gengur nokkru lengra en hin fyrri brtt. okkar við þá grein. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Upphaf A-liðs 6. gr. orðist svo:

Lánin veitast aðeins til byggingar nýrra íbúða, meiri háttar viðbygginga, gagngerðra endurbóta gamalla húsa eða kaupa á nýjum íbúðum. Þau skulu greidd lántakendum í peningum, en heimilt er þó að greiða lánin í bankavaxtabréfum, ef lántakandi er því samþykkur."

Það, sem nýtt er í þessum brtt., er um gagngerðar endurbætur gamalla húsa og um, að unnt sé að greiða lánin í bankavaxtabréfum, ef lántakandi er því samþykkur.

Þá er önnur brtt. okkar við þessa sömu gr.: í stað 100 þús. kr. í B-lið komi 120 þús. kr. Eins og fram kom við 2. umr. þessa máls, eru ýmsir sjóðir farnir að hafa 120 þús. kr. á hverja íbúð hámark láns. Þótt óvíst sé, að á því þurfi að halda fyrst um sinn að hafa slíkt hámark, þá þykir okkur horfa til bóta að hafa þá upphæð þegar ákveðna í þessum lögum.

Þá leggjum við til, að niðurlagssetningin í G-lið 6. gr. falli brott. Sú setning fjallar um, að félmrh. skuli hafa heimild til að setja í reglugerð ákvæði um hámarksstærð íbúða, sem veita má lán til. Okkur þykir þetta ákvæði allvarhugavert, þar eð fram hafa komið nokkuð þröngar hugmyndir hæstv. núverandi félmrh. um hámarksstærð íbúða.

Loks leggjum við til, að við þessa gr., 6. gr. frv., eins og hún er nú, bætist svo hljóðandi setning: „Þó skal sveitarstjórnum utan Reykjavíkur og næsta nágrennis heimilt að veita slík leyfi" — þ. e. a. s. leyfi fyrir því, að bygging sé hafin, áður en skriflegt lánsloforð er gefið eða bygging undirbúin með þeim hætti, sem húsnæðismálastjórn telur nauðsynlegan.

Þá er 4. brtt. okkar, að í stað 9. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

„Setja skal á stofn undir yfirstjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands sérstakt form spariinnlána í bönkum og sparisjóðum, er nefnist húsinnlán.

Húsinnlán skulu vera samningsbundin spariinnlán einstaklinga, er leggja inn fé af atvinnutekjum sínum, minnst 5 þús. kr. á ári í að minnsta kosti 5 ár.

Húsinnlán skulu bera 1% hærri ársvexti en almennir sparifjárvextir í Landsbanka Íslands eru á hverjum tíma, og skal það fé, sem sparað er á þennan hátt, vera undanþegið tekjuskatti og útsvari, þó ekki yfir 5 þús. kr. á ári.

Bankar og sparisjóðir skulu skyldir til að taka við peningum til húsinnlána. Það fé, sem innborgast til húsinnlána, skal ganga til kaupa á A-bankavaxtabréfum hins almenna veðlánakerfis.

Húsinnlán skulu færð á sérstakan reikning lánastofnana, og skulu þær gefa húsnæðismálastjórn skýrslu um þau.

Húsinnlán fást útborguð að minnst 5 árum liðnum frá því, að innlán hófust. Öðlast þá eigendur þeirra rétt til að fá íbúðarlán hjá byggingarsjóði ríkisins allt að 25% hærra en venjulegt lánshámark er, þó aldrei yfir ⅔ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar, og skylt er að láta þá sitja fyrir um lán.

Um framkvæmd þessarar greinar fer að öðru leyti eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð um húsinnlán, er félmrh. skal setja að fengnum till. húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands."

Þá gerum við ráð fyrir, að 10. gr., greinin um skyldusparnaðinn, falli niður og þessi gr. komi í stað allra þeirra gr., sem eru nú í III. kafla frv.

Þá er það enn fremur tillaga okkar, að niðurlag 16. gr. falli niður. Það niðurlag er um, að skjóta megi ágreiningi til húsnæðismálastjórnar, ef ágreiningur verður í bæjarstjórn um ráðstöfun íbúða, sem reistar eru á þeim grundvelli, sem frv.-kaflinn gerir ráð fyrir. Okkur þykir óeðlilegt að láta húsnæðismálastjórn vera þarna æðra dómstig, ef svo mætti segja, og leggjum því til, að þessi málsgr. falli niður.

Þá leggjum við til, að upphæðunum, sem greindar eru í 17. gr. frv., verði breytt í það horf, sem nú er. Þar sem gert er ráð fyrir framlagi, 24 kr. í minnsta lagi og 36 kr. í mesta

lagi, frá sveitarsjóðum, þ. e. 24 kr. og 36 kr. á hvern íbúa sveitarfélagsins, leggjum við til að komi 18 kr. og 24 kr., eins og upphæðirnar eru nú með vísitölu.

Fari svo, að þessar brtt. nái ekki fram að ganga, vil ég leyfa mér að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir skriflegri varatill. um, að upphaf 10. gr. þessa frv. orðist svo:

„Þeim einstaklingum á aldrinum 16—25 ára, sem hafa 30 þús. kr. eða meira í skattskyldar tekjur, skal skylt að leggja til hliðar 6% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum“ o. s. frv.

Þessi brtt. mundi strax mjög milda ákvæðið um sparnaðarskylduna og er í samræmi við skilning stjórnarblaðanna, Alþýðublaðsins og Tímans, á þessu ákvæði, svo að ekki er allsendis ósennilegt, að hún kunni að ná fram að ganga. — Ég leyfi mér að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 635) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þær brtt., sem hér hafa verið lagðar fram af hv. 8. þm. Reykv., komu fram eða var hreyft öllum í heilbr.- og félmn., en þær fengu þar ekki byr hjá meiri hl. n. Ég hygg þess vegna, að mér sé óhætt fyrir hönd meiri hl. n. að leggja til, að þessar brtt. verði felldar, enda þótt nm. hafi ekki gefizt kostur á að koma saman á fund, eftir að þessar brtt. hafa verið hér formlega fram lagðar. Að vísu hefðu kannske einstakir nm. getað hugsað sér að ganga til móts við einstakar af þessum breytingum, sem þarna er hreyft, en hins vegar er þess að gæta, að eins og kom fram hér í umræðum í gær, þá unnu nefndir beggja d. saman að athugun þessa máls, og ég hygg, að allar þessar brtt., sem nú hafa verið bornar fram, hafi komið til athugunar og umr. í hinni sameiginlegu n., en þær fengust ekki þar upp teknar. Þess vegna er það, að jafnvel þó að Nd. kynni að vilja fallast á einhverjar þeirra breytinga, þá mundi allt eins líklegt vera eftir forsögu málsins, að Ed. vildi ekki á þær fallast, og gæti þá svo farið, ef farið yrði að samþykkja brtt. við þetta, eins og nú er komið langt þinginu, að málinu væri með því teflt í tvísýnu. Þess vegna vildi meiri hl. heilbr.- og félmn. Nd. ekki fallast á neinar af þessum breytingum, þegar þeim var hreyft í nefndinni, og þess vegna legg ég gegn því, að þær séu samþykktar.

Ég skal aðeins víkja að þessum brtt. Þó að ég hafi þær að vísu ekki hér, þá held ég, að ég hafi efni þeirra.

Fyrsta brtt. laut að 1. gr. og hné í þá átt að breyta því ákvæði, sem nú er í frv., að fulltrúi sá, sem skipaður er í húsnæðismálastjórn skv. tilnefningu Landsbankans, skuli hafa atkvæðisrétt eins og hinir húsnæðismálastjórnarmenn. Eftir frv. er gert ráð fyrir, að hann hafi ekki atkvæðisrétt. Ég skal fúslega játa, að mér persónulega finnst þetta ákvæði í frv. ekki eðlilegt. En þá er þess að gæta, að þessi háttur hefur verið á hafður að undanförnu, svo að í frv. er ekki nein breyting á því ástandi, sem verið hefur, og það liggur heldur ekki fyrir nein ósk frá Landsbankanum um, að þessu sé breytt. Af þeirri ástæðu gat meiri hl. heilbr.- og félmn. ekki fallizt á þessa breytingu.

Viðvíkjandi brtt. þeirri, sem er við 2. gr. og fjallar um það, að komið skuli á fót byggingarmiðstöð í samvinnu við framleiðendur og innflytjendur byggingarefna, þar sem væri sýning á byggingarefnum, húshlutum o. s. frv., þá er þess að geta, að meiri hl. heilbr.- og félmn. er út af fyrir sig alveg sammála þessu að efni til, sem þarna kemur fram í þessari brtt., en hann lítur hins vegar svo á, að efni hennar felist algerlega í nokkrum þeirra liða, sem eru hér í 2. gr. og ég skal ekki fara að rekja, en þeir eru það viðtækir að okkar áliti, að þeir rúma þetta algerlega.

Um þá málsgr., sem kemur næst á eftir 12. lið í 2. gr. og lagt er til að breytt sé, þá er þess að geta, að um það var rætt allmikið á sínum tíma við sameiginlega athugun í nefndum beggja deilda, og þá var að vísu gerð nokkur breyting á þessu frá því, sem það upphaflega var í frv. En lengra vildu menn ekki ganga en þarna segir. Það er að vísu rétt, að með þessu getur verið nokkur skylda lögð á bæjarfélög. En þess er þá að gæta, að til þess að slík skylda verði lögð á þau, þarf að vera fyrir hendi bæði samþykki húsnæðismálastjórnar og félmrh. og þess vegna ekki nein ástæða að okkar viti til þess að ætla, að þessu verði misbeitt.

Viðvíkjandi tækniráðinu sjáum við ekki ástæðu til þess að hafa þetta öðruvísi en er í frv., þ. e. a. s., að þar sé um heimild að ræða, vegna þess að það kom í ljós við athugun málsins, að það gæti verið nokkurt vafamál, hverjir ættu að sitja eða fá setu í þessu ráði eða nefnd, og það væri þess vegna ekki rétt að fara að binda það beinlínis í lögum.

Ég skal svo fara fljótt yfir þetta. Ég skal aðeins geta þess að því er varðar þá brtt., sem snertir upphaf 6. gr., A-liðs hennar, og gengur í þá átt, að það sé einnig heimilt að veita lán til gagngerra endurbóta á eldri húsum, að það var að vísu áhugi hjá sumum nefndarmönnum fyrir breytingu í þessa átt, en meiri hlutinn treystist þó að athuguðu máli ekki til að leggja slíkt til. Þó að þeim væri ljós nauðsyn á þessu í sjálfu sér, þá töldu þeir, að það yrði þá að setja um það ákvæði annars staðar og að betur athuguðu máli. Þess vegna gat ekki meiri hl. n. fallizt á þá brtt., sem hér liggur fyrir, að heimilt væri að greiða út lán í bankavaxtabréfum, vegna þess að reynslan hefur þótt benda til þess, að menn gætu freistazt til þess að taka við slíkum bréfum og þeir neyddust síðan til þess að selja þau með afföllum.

Viðvíkjandi hámarksupphæð lánanna er það að segja, að það er rétt, að nýlega hefur verið gerð sú breyting á lánveitingum úr lífeyrissjóði, að hámark lána þar hefur verið hækkað úr 100 þús. í 120 þús., en við teljum samt sem áður ekki fært að taka inn þetta ákvæði í þessi l. Það er öllum kunnugt, að þörfin á lánum er svo geysimikil, og við teljum réttara, að hægt sé að veita

sem flestum úrlausn, heldur en að fara að hækka þarna hámarkið, sem gæti kannske haft þær afleiðingar, að færri fengju úrlausn en ella.

Það er að vísu rétt, að það kom í nefndinni fram nokkur ótti við það, að mönnum væri um of gert að sækja til Reykjavíkur í þessu efni, þar sem t. d. var gert ráð fyrir því, að menn mættu ekki byrja á byggingum, fyrr en skriflegt lánsloforð væri fengið hjá húsnæðismálastjórn. En í trausti þess, að þessu ákvæði verði beitt með sanngirni, féllumst við á það í meiri hl., *og ég held, að það gæti verið ákaflega varhugavert* að samþ. þá brtt., sem hér er lögð fram, að sveitarstjórnum utan Reykjavíkur skuli heimilt að veita slíkt leyfi. Ég held, ef slík breyting væri samþ., að þá væri fallið burt það aðhald, sem þessu ákvæði var ætlað að veita, sem sé það, að menn réðust ekki í byggingar án þess að hafa nokkuð gert sér grein fyrir því, hvernig þeir kæmust frá þeim og hvernig þeir ætluðu að afla fjár til byggingarinnar.

Það liggur svo í hlutarins eðli, að við erum algerlega andvígir þeirri breytingu, sem gengur í þá átt að fella niður ákvæðið um skyldusparnað, vegna þess að skyldusparnaðurinn er eitt meginefnið í þessu frv. og það mundi raska algerlega grundvelli þess, ef þau ákvæði féllu niður.

Svo skal ég aðeins að *lokum víkja hér að því* atriði, sem minnzt var á í sambandi við 11. gr. og þann skilning, sem þar hefði komið fram viðvíkjandi c-liðnum þar. Þann lið verður að skilja á þá lund, að einstaklingar á aldrinum 16—25 ára, sem hafa börn eða skylduómaga á framfæri sínu, séu því aðeins skyldir til sparnaðar, að þeir hafi yfir 30 þús. kr. skattskyldar tekjur. En jafnvel þó að þeir hafi svo háar tekjur, þá eru þeir ekki skyldir til sparnaðar, ef þeir hafa fyrir heimili að sjá, en allir einhleypir menn á þessum aldri, sem ekki komast undir undantekningarnar í a, b eða c, eru skyldir til sparnaðar, hversu litlar tekjur sem þeir hafa. Ég efa ekki, að það hefur verið rétt, sem hv. 8. þm. Reykv. (RH) vitnaði í um stjórnarblöð um þetta efni, en það, sem þar hefur verið skráð, hefur þá byggzt á misskilningi að þessu leyti. Af þessum skilningi leiðir, að ég get ekki mælt með og n. ekki eða meiri hl. hennar mælt með þeirri breytingu, sem hér um ræðir.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta.

ATKVGR.

Brtt. 635,1 felld með 17:5 atkv.
— 635,2 felld með 16:5 atkv.
— 635,2. varatill. felld með 16:5 atkv.
— 635,3 felld með 17:5 atkv.
— 635,4 felld með 19:3 atkv.
— 635,5 felld með 19:4 atkv.
— 635,5. varatill. felld með 20:3 atkv.
— 635,6 felld með 19:5 atkv.
— 635,7 felld með 19:5 atkv.
— 635,8 felld með 18:5 atkv.
— 635,9 felld með 20:5 atkv.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 638).

36. Skattur á stóreignir.

Á 85. fundi í Nd., 11. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um skatt á stóreignir [159. mál] (stjfrv., A. 435).

Á 86. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þegar lagt var fram frv. um útflutningssjóð o. fl., þ. e. a. s. frv. *um ráðstafanir ríkisstj. í málefnum* framleiðslunnar og efnahagsmálum fyrir áramótin, var því lýst yfir, að ýmsar ráðstafanir yrðu gerðar í beinu sambandi við þær till., sem þá voru lögfestar. Eitt af því, sem þá var yfir lýst, var, að ríkisstj. mundi beita sér fyrir því, að sett yrði á hv. Alþ. löggjöf um stóreignaskatt eða löggjöf um skatt á stóreignir. Það ber því að líta á þetta frv., sem hér liggur fyrir, sem einn lið í þeim ráðstöfunum í efnahagsmálum, sem stjórnin beitir sér fyrir á þessum vetri, og ber að skoða það í samhengi við aðrar ráðstafanir í þeim efnum.

Á undanförnum árum hefur verðlag hækkað mikið hér á landi vegna vaxandi verðbólgu, og af þessari þróun hefur svo aftur leitt misskiptingu eigna, vaxandi ósamræmi í eignaskiptingunni *milli* þegna þjóðfélagsins. Af þessu hafa líka orðið margháttuð vandkvæði fyrir framleiðsluna, eins og hv. alþm. er kunnugt.

Eins og ég sagði áðan, voru með lögum um útflutningssjóð o. fl. gerðar verulegar ráðstafanir til þess að sinna þörfum framleiðslunnar og ráðstafanir, sem áttu og eiga að miða í þá átt að koma efnahagsmálunum í betra horf en þau voru s. l. haust. Er gert ráð fyrir því í þeim lögum að afla fjármuna til þess að jafna halla, sem orðinn var á útflutningsframleiðslunni. Til þess að ná þessu marki var óhjákvæmilegt að leggja verulegar fjárhagsbyrðar á þjóðfélagsþegnana, og þykir þá rétt, að þyngstu byrðarnar komi á þá, sem óneitanlega hafa hagnazt mest á verðbólgu undanfarinna ára, þ. e. a. s. þá, sem mestar eignirnar hafa átt og eiga. Þetta frv. miðar að þessu marki. Enn fremur er vonazt eftir því, að þetta frv. verði til þess að vinna gegn nýrri verðbólgumyndun, þar sem gert er ráð fyrir talsvert verulegri tekjuöflun, sem renni til þess að mæta ýmsu því, sem óhjákvæmilegt verður að framkvæma á næstunni og ég kem að aðeins síðar.

Þar sem þessi skattur er lagður á með sérstöku tilliti til þeirrar verðbólguþróunar, sem verið hefur undanfarið, þykir skynsamlegt að gera till. um það, að sparifjáreignir manna svo og eignir í ríkisskuldabréfum og skuldabréfum með ríkisábyrgð verði undanþegnar skattinum. Þetta er byggt á þeirri hugsun, að þessar eignir *hafa rýrnað í verði undanfarið, á sama tíma sem* aðrar eignir hafa hækkað svo að segja dag frá degi. Það er gert ráð fyrir því, að varðandi þessar undanþágur verði fylgt sömu reglum og þeim, sem gilda um skattfrelsi sparifjár, að svo miklu leyti sem þær eiga við, sbr. III. kafla laga nr. 46 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Þessi skattur er byggður þannig upp, eins og segir í frv., að það skal miða við hið nýja fast-

eignamat, sem nú er að fara fram, en þó er ekki fasteignamat í venjulegri merkingu þess orðs, heldur aðeins tilraun til þess að samræma matið nokkuð frá því, sem verið hefur, en það er ekki fasteignamat á þann hátt, að það fari fram nýtt mat á hverri fasteign fyrir sig. Gert er ráð fyrir að byggja á þessu mati, en hækka það um 200% frá því, sem það verður í höndum nefndarinnar, sem hefur haft matið til meðferðar. Er það talið alveg öruggt, að þó að matið á fasteignunum sé þrefaldað frá því, sem nefndin gengur frá því, muni það samt vera undir gangverði, sé því alveg tryggt, að með þessu séu fasteignir sízt settar hærri en þær eiga að vera, samanborið við aðrar eignir. Þetta þýðir, eins og segir í grg. frv., að sums staðar verða fasteignir settar 15 sinnum hærri en gamla fasteignamatið var frá 1942, sums staðar 9 sinnum hærri og sums staðar 6 sinnum hærri, allt eftir því, hvað landsnefndinni, sem starfað hefur að því undanfarið að samræma matið, hefur fundizt skynsamlegt og rétt.

Nú má gera ráð fyrir, að vegna þess, hversu langt er síðan fasteignamatið fór fram og hver eign út af fyrir sig var metin, sé orðið nokkurt ósamræmi, sérstaklega á mati lóða á þéttbýlustu stöðunum og mati annarra fasteigna. Hefur því þótt óhjákvæmilegt til þess að reyna að leita að sem beztu samræmi, án þess þó að það tefði framkvæmd þessa máls um of, að gera ráð fyrir því, að fram fari, þar sem ástæða þykir til, sérstakt nýtt mat á lóðum í þéttbýlinu, og er fyrir þessu gert ráð í frv. og þetta lagt á vald landsnefndar þeirrar, sem nú hefur með höndum samræmingu á fasteignamatinu. Er þar gert ráð fyrir því, að eitt hið fyrsta skref í sambandi við framkvæmd þessa máls verði, að landsnefndin geri upp við sig, hvar slíkt mat þurfi að fara fram, og framkvæmi það.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í einstök ákvæði varðandi matið á eignunum til skattsins, en ég vil aðeins benda á það til viðbótar þessu, að það er gert ráð fyrir því að byggja á vátryggingarverði skipa að verulegu leyti og flugvéla, en draga þó frá 20%, en 33%, þegar um fiskiskip er að ræða. Enn fremur vil ég benda á, að gert er ráð fyrir því, þegar um er að ræða vinnslustöðvar fyrir landbúnað og sjávarútveg, að nokkur frádráttur eigi sér stað frá mati þessara eigna, eða um 20%.

Þá kem ég að því, hversu hár skatturinn er hugsaður. Er lagt til, að enginn skattur sé greiddur af fyrstu milljóninni, en síðan séu greidd 15% af því, sem er fram yfir eina milljón og upp að 1½ milljón, þá 20% og loks 25% af því, sem er yfir 3 millj. króna.

Auðvitað verður að greiða skatt eins og þennan í áföngum, og er gert ráð fyrir, að fyrst greiðist 1% og allur skatturinn, sé hann lægri en 10 þús., en það, sem eftir er, á 10 árum og vextir séu greiddir þá, sex % árlega.

Gert er ráð fyrir, að eignir séu taldar hjá þeim, sem raunverulega á þær, þ. e. a. s., að eignum félaga sé við útreikning skattsins skipt á eigendurna. Er þetta gert vegna þess, að þetta er eina leiðin til þess að finna, hversu mikið hver einstaklingur í landinu raunverulega á, en auðvitað er eðlilegt, að þessi skattur sé lagður á eftir því. Ef önnur aðferð væri viðhöfð, sem sé sú að skattleggja ekki á þennan hátt, heldur félögin hvert út af fyrir sig, þá mundi alls ekki vera hægt að koma því við, að hver einstaklingur greiddi eftir því, sem hann á raunverulega, heldur færi þá allt eftir því, hversu einstaklingurinn hefði dreift eignum sínum með þátttöku í félögum o. s. frv. Það eina skynsamlega og rétta í þessu er auðvitað að reyna að finna út, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., hvað hver einstakur raunverulega á, og mæla skatt hans eftir því.

Ég skal geta þess, að ætlunin hefur verið sú og ætlunin er sú, að með þessu móti verði lagt á ekki minna en 80 millj. kr. En það er ekki hugsanlegt að gera neina ábyggilega áætlun um það, hvað svona skattur gefur. Þess er enginn kostur. En við, sem að þessu frv. stöndum, vonum, að þessu marki geti orðið náð með frv.

Nú er sjálfsagt, þegar svona skattur er á lagður, að haga notkun fjárins þannig, að þetta fé verði ekki að eyðslueyri í þjóðarbúinu. Þess vegna er lagt til í 9. gr. frv., að þessum skatti verði ráðstafað þannig, að ⅔ hlutar hans renni til byggingarsjóðs ríkisins, en ⅓ hluti til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands. Með þessu móti er alveg tryggt, að þetta fé verður ekki að neins konar eyðslueyri, heldur hjálpar til þess að byggja upp þýðingarmikla lánastarfsemi í landinu, og þar með verður það framvegis til hjálpar við nauðsynlega uppbyggingu.

Ég vil taka það fram um byggingarsjóð ríkisins, að hann á að stofna skv. frv., sem í dag er til 1. umr. í hv. Ed. Þeim sjóði er, eins og hv. þm. er vafalaust kunnugt af því frv., sem útbýtt var í gær, ætlað að lána til íbúðabygginga í kaupstöðum og kauptúnum og einnig byggingarsjóði sveitanna. Í því frv. er gert ráð fyrir að safna mjög verulegum fjármunum á næstu árum til þess að byggja upp varanlegt lánakerfi fyrir íbúðabyggingarnar, en eins og við vitum öll, er höfuðnauðsyn að reyna að koma því svo fyrir, að fé til þeirra mála geti safnazt fyrir og síðan sé hægt að velta því aftur og aftur. Það er ekki hægt að fullyrða, eins og kemur fram af því, sem ég sagði um áætlun á heildarupphæð skattsins, hvað þetta muni gefa byggingarsjóðnum eða styðja hann mikið, en áætlanir hafa verið gerðar um það, miðað við, að skatturinn gæfi 80 milljónir. Er sú fjárhæð, sem byggingarsjóðurinn fær þá, innifalin í þeim fjárhæðum, sem í frv. um byggingarsjóðinn er gerð grein fyrir að hann muni eiga í vændum við þessar nýju ráðstafanir, og leyfi ég mér að vísa til þeirra áætlana, sem þar er að finna, um það atriði.

En varðandi veðdeild Búnaðarbankans, sem er hin stofnunin, sem á að njóta góðs af þessum skatti, vil ég taka eftirfarandi fram: Við vitum, að það er mikil þörf á því að efla veðdeildina, og ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það. Hún þarf að geta lánað til að hjálpa til við eigendaskipti á jörðum, og hún þyrfti að geta lánað til þess að hjálpa frumbýlingum til bústofnslánakaupa og áhaldakaupa, og mörg verkefni bíða hennar og þýðingarmikil.

Það er í rauninni ekki hægt að áætla, hvaða

gagn veðdeildin muni hafa af þessum ákvæðum, né fullyrða, hvað til hennar fellur skv. tillögum ríkisstj. í þessu frv. og annars staðar um eflingu hennar. En minna vil ég á það, að í frv. um íbúðalánamálin, sem ég minntist á, er gert ráð fyrir skyldusparnaði, eins og hv. þm. vita, og á veðdeild Búnaðarbankans að fá skyldusparnaðinn úr sveitunum. Ég held, að það sé ekki óvarlegt að hugsa sér, að veðdeildin ætti að geta á næstu árum fengið a. m. k. 5—6 millj. af nýju fé árlega fyrir þessar ráðstafanir samanlagt, þ. e. a. s. hluta sinn af stóreignaskattinum og skyldusparnaðinn úr sveitunum. Ég býst við því, að það sé varlega til getið. En eins og gefur að skilja, er ómögulegt að áætla þetta með nokkurri nákvæmni.

Gert er ráð fyrir því, að á þessu ári verði veðdeild Búnaðarbankans séð fyrir 5 millj. kr. láni, vegna þess að hún fær ekkert af stóreignaskattinum á þessu ári. Það mun fara allt þetta ár í að leggja hann á og undirbúa hann undir innheimtuna, svo að það er ekki hægt að búast við, að veðdeildin fái neitt af honum á þessu ári eða byggingarsjóðurinn. En á næsta ári ættu að geta byrjað að koma inn tekjur af stóreignaskatti. Skyldusparnað fá þessar stofnanir síðari hluta þess árs, sem nú er að líða.

Ég hef þá í stuttu máli gert grein fyrir höfuðástæðunum fyrir þessu frv. og minnzt á nokkur aðalatriði þess og rifjað upp, hvernig hugsað er að verja því fé, sem inn kemur vegna ákvæða frv. Mun ég láta þessa framsögu nægja, en vísa um einstök atriði til grg., sem ég ætla að sé sæmilega ýtarlega gerð.

Ég vil svo loks leggja til, að þessu máli verði vísað til hv. fjhn. deildarinnar að lokinni þessari 1. umr.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Frv. því, er hér er til umræðu, var sem kunnugt er fyrst útbýtt í gær, og höfum við þm. stjórnarandstöðunnar því haft skamman tíma til þess að átta okkur á einstökum atriðum þess. En þar sem hér er vitanlega um stórmál að ræða, munum við að sjálfsögðu taka það til vandlegrar athugunar, þegar er til þess gefst tóm, og taka að því búnu afstöðu til málsins, bæði í heild og til einstakra atriða þess. En ég vil þó þegar á þessu stigi málsins leyfa mér að drepa á nokkur atriði almenns eðlis, að því er snertir væntanleg áhrif skattaálagningar þessarar á fjármálakerfið í heild og þar með hagsmuni almennings.

Í grg. hæstv. ríkisstj. fyrir frv. er sagt, að skattur þessi sé á lagður til þess, að þeir, sem hann eiga að greiða, taki þannig á sig réttmætan hluta þeirra byrða, sem orðið hafi að leggja á þjóðina um s. l. áramót til þess að stöðva verðbólguna, eins og það er orðað. Það getur nú að vísu ekki verið álitamál, að með þeim ráðstöfunum voru lagðar allþungar byrðar á almenning, en hitt er umdeilt, hvort með þeim ráðstöfunum hafi tekizt að stöðva verðbólguna, en ekki skal ég þó ræða það mál að svo stöddu. En hvað sem því líður, þá er víst, að skattur sá, sem hér er um að ræða, getur ekki verið liður í ráðstöfunum til þess að stemma stigu við verðbólgunni, því að það er einmitt gert ráð fyrir, að öllu því fé, sem innheimta á á þennan hátt, skuli varið til fjárfestingar. Það verður einnig að teljast mjög hæpið, þegar því er haldið fram í grg. hæstv. ríkisstj. fyrir frv., að hér sé um skatt á verðbólgugróða að ræða. Grundvöllur þessa skatts er í rauninni verðhækkun á fasteignum, en þó að verðhækkun á fasteignum eigi sér stað, þýðir það ekki, að eigendur fasteignanna séu orðnir þeim mun ríkari. Þeir verða að vísu ríkari að krónutali, ef fasteignin hækkar í verði, en á móti því kemur auðvitað það, að hver króna verður minna virði. Það er aðeins í því tilfelli, að fasteignirnar hækki meira en hið almenna verðlag, að hægt er að segja, að fasteignaeigendur græði á verðbólgunni. Í öðrum tilfellum verður það ekki, og ætti það að vera jafnaugljóst og það, að vegarlengdin til Hafnarfjarðar hlýtur að verða sú sama, hvort sem hún er mæld í kílómetrum eða metrum. Á sama hátt breytir það í rauninni engu um verðmæti fasteignanna, þó að þær hækki í verði að krónutölu, ef verðgildi peninganna hefur minnkað að sama skapi. Þær eru aðeins metnar á annan mælikvarða en áður.

En hvað sem þessum atriðum líður, þá er með þessu ekki sagt, að slíkur skattur gæti ekki af öðrum ástæðum átt rétt á sér, en að því mun ég víkja örlítið hér á eftir.

Ef hér væri aðeins um það að ræða, hvernig eigi að skipta þeim byrðum, sem nauðsynlegt kann að vera að leggja á þjóðfélagsþegnana við og við, mundi slík skattaálagning varla verða mikið ágreiningsefni. Það er enginn ágreiningur um það, að þeim aðilum, sem hér eiga hlut að máli, ber auðvitað að taka sinn þátt í slíkum nauðsynlegum byrðum, því að til þess hafa þeir öðrum meira fjárhagslegt bolmagn. En það er nú einu sinni þannig, að hagsmunir stétta og einstaklinga eru svo samtvinnaðir í okkar þjóðfélagi sem öðrum nútíma þjóðfélögum, að mál þetta er engan veginn svo einfalt, að það sé hægt að gera ráð fyrir því, að skattar, hvort sem um er að ræða stóreignaskatta eða aðra skatta, séu ávallt bornir af þeim, sem skattarnir eru lagðir á, þannig að skattaálagningin snerti enga aðra en þá. Slíkur hugsunarháttur væri í rauninni álíka raunsær og karlsins, sem sagði forðum: „Ekki ber Skjóna það, sem ég ber.“ En til eru þeir, sem virðast hugsa sem svo, að eignir séu fyrst og fremst peningafúlga, sem menn hafi handbæra, og eignarskattur hafi því það eitt í för með sér, að þeim, sem slíka skatta greiða, sé gert að afhenda vissan hluta af fúlgunni. En við þekkjum þó það mikið allir til fjármála, sem hér erum staddir, að við vitum, að þetta er ekki rétt. Eignir manna eru að jafnaði ekki nema að litlu leyti handbærar, heldur eru þær að mestu fólgnar í raunverulegum verðmætum, svo sem húsum, skipum, vélum o. s. frv. eða þá lánum, bundnum til langs tíma.

Ef þeim, sem slíkir skattar eru lagðir á, er gert að greiða þá í handbæru fé, verður það því meginatriði í sambandi við áhrif slíks skatts á fjármálakerfið, hvernig fjárins er aflað. Fjórar leiðir koma til greina fyrir skattgreiðendur í þessu sambandi. Þeir geta í fyrsta lagi greitt hann af þeim hluta tekna sinna, sem þeir verja til persónulegrar neyzlu, í öðru lagi af þeim hluta

teknanna, sem þeir ella mundu spara, í þriðja lagi geta þeir ráðstafað sparifé, sem þeir kunna að eiga, til greiðslu skattanna, og í fjórða lagi geta þeir selt af hinum skattlögðu eignum. En þar sem hér er eingöngu um vel efnum búna einstaklinga að ræða, eru engar líkur á því, að þeir takmarki neyzlu sína vegna skattgreiðslunnar, þannig að skatturinn mun verða greiddur nær eingöngu af sparnaði eða sparifé eða þá á þann hátt, að skattgreiðendur selja af eignum sínum. En að því leyti, sem sú leið yrði farin, yrði skatturinn greiddur að mestu eða öllu leyti af sparnaði eða sparifé kaupendanna. Niðurstaðan af þessu hlýtur því að verða sú, að skattur þessi verður að langmestu, ef ekki að öllu leyti greiddur af sparifé. Löggjöf þessi þýðir því í raun og veru, að Alþingi ráðstafar á þennan hátt þeim hluta af sparifé landsmanna, sem nemur upphæð skattsins. Alþingi ráðstafar þessum hluta til þeirra framkvæmda, sem lögin gera ráð fyrir. Þar er vissulega um þarflegar framkvæmdir að ræða, en það ber að vara við þeim misskilningi, að hér geti verið um að ræða spor í þá átt að bæta úr lánsfjárskortinum. Það verður ekki um neina aukningu sparifjármyndunar að ræða. Fé það, sem bankar og aðrar lánastofnanir hafa til ráðstöfunar, hvort sem er í þágu þeirra framkvæmda, er verja á skattinum til, eða annars, hlýtur að minnka nokkurn veginn sem skattinum nemur. Lánsfjárvandamálið verður því í heild óleyst eftir sem áður. Jafnframt þessu munu verða eigendaskipti að nokkrum hluta hinna skattlögðu eigna, en ekki verður auga komið á rök fyrir því, að slíkt verði þjóðarheildinni til hagsbóta, því að ósannað verður auðvitað, hvort hinir nýju eigendur eru líklegir til þess að ráðstafa eignum þessum betur en hinir fyrri eigendur.

Ég hef þá gert nokkra grein fyrir þeim áhrifum, er mér í fljótu bragði virðist skattaálagning þessi muni fyrst í stað hafa á fjármálakerfið. Verður það svo auðvitað álitamál, hvort árangur sá, er af þessu má vænta, sé líklegur til að svara þeim kostnaði, sem skattheimtan hlýtur að hafa í för með sér og hlýtur að verða verulegur. En með þessu er þó að mínu áliti ekki sögð öll saga þessa máls. Þetta er í þriðja sinn á áratug, sem skattur af þessu tagi er lagður á. Þær aðstæður geta vissulega verið fyrir hendi, að slík skattaálagning sé skynsamleg, og í þau tvö skipti, sem slíkur skattur hefur verið lagður á áður, hefur Sjálfstfl. staðið að því. En fyrir því má ekki loka augunum, að stóreignaskattar, sem lagðir eru þannig á með stuttu millibili, geta haft mjög varhugaverð áhrif á efnaaukninguna í þjóðfélaginu, sem allar framfarir byggjast á.

Kunnur hagfræðingur og jafnaðarmannaforingi á Norðurlöndum komst eitt sinn svo að orði, að stóreignaskattur gæti verið skynsamleg ráðstöfun einu sinni á hálfri öld, en ætti að framkvæma hann öllu oftar, gæti það haft hin óheppilegustu áhrif á fjárhagskerfið.

Sú ákvörðun hæstv. ríkisstj. að undanþiggja sparifé skatti þessum er vissulega lofsverð, og dregur hún nokkuð úr óheppilegum áhrifum slíkra skatta á sparifjármyndunina. Engu að síður tel ég á því mikla hættu, að hinir síendurteknu stóreignaskattar hafi óheppileg áhrif á sparifjármyndunina í landinu. Menn verða nefnilega að hafa það hugfast, að sparifjársöfnun einstaklinga er sjaldnast markmið í sjálfu sér, heldur spara menn að jafnaði í einhverjum ákveðnum tilgangi. Sá tilgangur er venjulega fjárfesting í einni eða annarri mynd, svo sem kaup fasteigna eða atvinnutækja. Ef þeir, sem helzt hafa aflögu til að spara, fara að reikna með því sem vissum hlut, að festi þeir fé sitt í slíkum eignum, þá verði það allt tekið af þeim á skömmum tíma í eignarskatta, þá er hætt við, að sá hugsunarháttur verði ríkjandi, að peningum þeim, sem afgangs eru nauðsynjum, sé þá betur varið til skemmtiferðalaga, veizluhalda og annars persónulegs munaðar en til eignaaukningar. En eins og uppbyggingu okkar þjóðfélags er háttað, verður öll efnaaukning og framfarir í þjóðfélaginu mjög háð eignamyndun hjá einstaklingum, þannig að dragi úr henni, hlýtur það að skapa kyrrstöðu, og mundi slíkt í miklu ríkara mæli bitna á öðrum en þeim, sem skattur þessi er nú lagður á.

Þá verður það og að mínu áliti að teljast varhugavert, að skuldabyrðar þær, sem með hinum síendurteknu stóreignasköttum eru lagðar á atvinnufyrirtækin, gera áframhaldandi verðbólguþróun að hagsmunamáli atvinnurekenda, og getur það torveldað mjög baráttuna gegn verðbólgunni. Ætti það atriði ekki að þurfa nánari skýringa við, og ætti einnig að vera ljóst, að óheppilegar afleiðingar þessa bitna í ríkara mæli á öðrum en þeim, sem gert er að greiða skatt þennan.

Stóreignaskattur sem þessi og þeir, er á hafa verið lagðir á undanförnum árum, getur átt rétt á sér sem liður í gagngerðum ráðstöfunum til þess að skapa varanlegt jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar. En sé farið að endurtaka slíka ráðstöfun í sífellu og beita slíkum aðgerðum í sambandi við efnahagsráðstafanir, sem engum dettur í hug að geti verið annað en bráðabirgðalausn, svo sem lögin um útflutningssjóð o. fl. frá síðastliðnum áramótum, þá fer ekki hjá því, að þeirra óheppilegu áhrifa gæti, er hér hefur verið gert grein fyrir, og ber við því að vara, ekki sökum hagsmuna þeirra, er skattana eiga að greiða, en þeir eru að mínu áliti hér aukaatriði, heldur vegna hagsmuna almennings.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Þetta frv. er að mestu leyti sniðið eftir þeim l. um stóreignaskatt, sem samþ. voru 1950 og settur var á um leið og gengisbreytingin var framkvæmd það ár. Þegar gengisbreytingin var gerð í byrjun árs 1950, var tekið afleiðingunum af þeirri miklu byltingu, sem orðið hafði í efnahagskerfi landsins í stríðinu og eftir stríðið, og þeirri miklu verðlækkun krónunnar, sem þá var orðin. Undir þeim kringumstæðum og eftir peningaflóð stríðsáranna mátti að mörgu leyti teljast eðlilegt, að ráðstöfun eins og stóreignaskatturinn þá væri gerð, þótt hins vegar síðari reynsla í sambandi við framkvæmdina gerði það vafasamt, hversu hyggileg ráðstöfunin hafi verið, þegar öll kurl voru komin til grafar. En eins og á stóð, mælti margt með því, að þessi leið væri farin. Nokkrar aðrar þjóðir, þ. á m. Danir, fóru eftir stríðið út í eignakönnun og lögðu á stóreignaskatt, en þar

reyndist það svo, að þessar ráðstafanir höfðu að mörgu leyti í för með sér mjög óþægileg áhrif á efnahagskerfið, svo að því var jafnvel haldið fram af fræðimönnum, að eignakönnunin og stóreignaskatturinn hefði reynzt Dönum þyngri í skauti en hernám Þjóðverja.

Nú er lagt til með frv. þessu, að nýr eignarskattur verði lagður á 7 árum eftir þann fyrri. Er þessi skattur að mestu leyti lagður á sömu eignir og fyrri skatturinn, því að fasteignirnar eru aðalgrundvöllurinn undir skattlagningunni, en þær eru hækkaðar mjög í verði, eða frá því að vera metnar á sexfalt fasteignamat við fyrri stóreignaskatt upp í fimmtánfalt fasteignamat af húseignum í Reykjavík. En þegar hinn nýi væntanlegi fasteignaskattur verður gjaldkræfur, má segja, að meginhluti gjaldenda fyrri fasteignaskatts, sem að sjálfsögðu eru í verulegum atriðum þeir sömu og einnig borga þennan skatt, eigi enn ógreitt allt að því ⅔ hlutum af þeim skatti, sem lagður var á 1950.

Ég þekki ekki til, að endurtekning á slíkum ráðstöfunum hafi átt sér stað í öðrum löndum, þar sem stóreignaskattur var lagður á eftir stríð.

Í frv. er greind sú meginástæða fyrir þessum nýja skatti, að það sé nauðsynlegt í því skyni að stöðva verðbólguna og koma efnahagsmálunum á traustari grundvöll. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Til þess að ná þessu marki er óhjákvæmilegt að leggja verulegar fjárhagsbyrðar á þjóðfélagsþegnana, og þykir rétt, að þyngstu byrðarnar komi á þá, sem mest hafa hagnazt af verðbólgu undanfarinna ára, þá, sem mestar eignirnar eiga.“

Ég er sammála um það, að þyngstu byrðarnar eiga að koma á þá, sem hafa breiðust bökin. Ég er ekki að telja þá undan, sem ríkir eru, að bera sinn hluta byrðanna, þegar nauðsyn þjóðfélagsins kallar. En hér virðist vera meginröksemdafærslan sú, að þeir, sem hafa hagnazt á verðbólgunni, skuli skila nokkru aftur af því, sem þeir hafa grætt á þennan hátt. Ég er líka sammála þessu. En spurningin er aðeins þessi að minni hyggju: Á hvaða hátt verður þetta réttlátlega gert, og hverjir hafa grætt á verðbólgunni? Við skulum taka dæmi. Maður, sem átti skuldlausa eign fyrir stríð, sem virt var að fasteignamati á 80 þús., gat naumast á þeim tíma kallazt stóreignamaður. Við getum kallað manninn bjargálna. Nú verður svo gert samkvæmt frv., að þessi eign hans er fimmtánfölduð að fasteignamati og honum er sagt að greiða nokkurn stóreignaskatt af þessari eign, sem að vísu er ekki mikill, um 30 þús. kr. Þessi sami maður þurfti líka að borga nokkurn stóreignaskatt fyrra skiptið. Þessi maður er nú engu ríkari en hann var 1939. Í bezta lagi stendur hann alveg í sömu sporum. En það, sem hefur gerzt, er, að krónan hefur lækkað, en eignin hefur staðið í stað, maðurinn hefur m. ö. o. komizt hjá því að tapa á krónulækkuninni, en hann hefur ekkert grætt á henni. Það sama gildir um vélar, tæki og annað því um líkt. Verðbólgan eykur ekki raunverulegt gildi þeirra hluta, sem menn hafa átt, áður en verðbólgan hófst. Hins vegar má segja, hafi menn stofnað til mikilla skulda til þess að eignast þessi tæki og hafi borgað skuldirnar, meðan verðbólgan var hraðvaxandi, að slíkir aðilar hafi grætt á verðbólgunni.

En þegar leitað er réttlætis í máli eins og þessu, verður að mínu viti fyrst deilt um það, hvað nettóeign manna má vera mikil, áður en þeir komast í stóreignaskatt og er skipað á bekk með milljónamæringum. Flestum mun nú finnast, að það sé sanngjarnt, að menn megi eiga þak yfir höfuðið og kannske eitthvað örlítið meira, áður en þeim er skipað á bekk með þeim ríku.

Ég álít, að það eigi að athugast mjög gaumgæfilega, hvar þessa línu á að draga og á hvaða eign skatturinn eigi að byrja, ekki sízt með tilliti til þess, að flestir þeirra, sem undir þennan nýja skatt koma, hafa þegar greitt stóreignaskatt af þessum sömu eignum.

Við þessa umr. málsins og með þeim stutta tíma, sem menn hafa haft til íhugunar um málið, frá því að það var lagt fram hér í deildinni í gær, er ekki við að búast, að hægt sé að ræða það nú á þessari stundu ýtarlega, og hljóta því þessar umr. að vera aðeins lauslegar athuganir. Ég vil þó í þessu sambandi benda á nokkur atriði, sem ég tel að verulegu máli skipti.

Í l. um stóreignaskatt 1950 var félögum gert að greiða skatt fyrir hluthafa sína eða félagsmenn, að því leyti sem tilheyrði eign einstaklinganna í viðkomandi félagi. Þessi greiðsla var þá ekki afturkræf. Nú er gerð sú breyting, að félögin geti krafizt endurgreiðslu frá félagsmönnum sínum. Ég álít, að með þessu komist félögin algerlega frá því að greiða nokkurn skatt af eignum sínum, hversu rík sem þau kynnu að vera, en einstaklingarnir verða að borga af eignarhlut sínum í félögunum, þótt þeir hafi engin tök á að ná út nokkru af eign sinni í félögunum til þess að standa straum af greiðslu skattsins. Á þetta sérstaklega við um hlutafélög, sem bundin eru mjög ströngum lagaákvæðum um sjóði og úthlutun arðs. Ég tel, að það sé engin sanngirni, að svo sjálfstæðir fjárhagsaðilar sem hlutafélögin eru sleppi við skattinn, en einstaklingarnir látnir bera hann, án þess að þeir geti á nokkurn hátt notfært sér þau verðmæti, sem þeir samkvæmt virðingu skattayfirvalda eru taldir eiga í viðkomandi félagi. Ég er hræddur um, ef þessu atriði verður ekki breytt, að fyrirsjáanlegt sé, að mjög miklar deilur muni rísa í félögunum um þetta efni.

Fyrri stóreignaskattur átti að greiðast á 20 árum, og var hann þó ekki talinn, að mig minnir, hærri en um 50 millj. kr. Nú á að innheimta 80 millj. kr. á 10 árum. Þótt aldrei geti farið hjá því, að slíkur skattur hafi mikil áhrif á efnahagskerfið, er þó dregið úr hinum truflandi áhrifum hans því meira, sem hann er greiddur á lengri tíma. 10 ára greiðslufrestur er of skammur. Svo stuttur tími getur haft hættulegar afleiðingar. Eina skynsamlega leiðin til að forðast slíkt er að hafa gjaldfrestinn svo langan, að efnahagskerfið verði fyrir sem minnstri truflun við innheimtuna.

Vextir af fyrri stóreignaskatti voru 4%. Nú er gert ráð fyrir, að greitt verði 6% af því, sem eftir stendur af skattinum. Að vísu hafa vextir hækkað síðan 1950, en ég tel, að 5% séu sanngjarnir vextir, eins og aðstæður eru.

Eins og ég sagði áðan, er áætlað, að allur skatturinn sé um 80 millj. kr. Þessa fjárhæð á að taka með 8 millj. kr. afborgun á ári auk vaxta, sem í byrjun geta verið um 4 millj. Hér eru því raunverulega teknar 10—12 millj. kr. fyrstu árin af veltufé atvinnuveganna og á einn eða annan hátt settar í nýja fjárfestingu, þar sem skatturinn á allur að renna til íbúðabygginga.

Þetta álít ég að sé talsvert íhugunarefni. Ég skal ekki lasta fjárfestingu í þessu skyni, en okkur er þá jafnframt nauðsynlegt að gæta þess að reisa okkur ekki í þessu efni frekar en öðrum hurðarás um öxl, m. a. með því að draga svo mikið fé frá atvinnuvegunum og almennum rekstri í landinu, að það gæti valdið samdrætti eða jafnvel kreppu, — eða það gæti valdið enn meiri þenslu verðbólgunnar, sem þjóðin nú er að reyna að spyrna fótum gegn.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það var aðeins til þess að benda á eitt atriði, sem komið hefur fram. Það kom hér fram hjá hv. 9. landsk. þm. (ÓB) nokkur ótti um, að skattur eins og þessi gæti dregið úr sparifjársöfnuninni, haft óheppileg áhrif á sparifjársöfnunina.

Í þessu sambandi vildi ég benda á, að mér finnst, að það ætti alls ekki að vera hætta á því, að þessi skattaálagning geri þetta, einmitt vegna þess, að sparifé er undanþegið skattinum. Þessi skattaálagning verkar einmitt til þess að bæta nokkuð úr því mikla ósamræmi, sem sparfjáreigendur hafa orðið að búa við, samanborið við aðra eignamenn hér á landi. Þessi skattur verkar í þá átt og sýnir, að löggjafanum er þetta atriði ljóst og vill einmitt bæta úr þessu, um leið og fjármuna er aflað til nauðsynlegra framkvæmda. — Það var aðeins þetta, sem ég vildi taka fram, en að öðru leyti sýnist mér, að þau atriði, sem hér hafa komið fram og snerta einstakar greinar, ættu að skoðast í nefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 435, n. 470 og 488).

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Þegar frv. þetta var lagt fyrir d. þann 12. apríl, flutti hæstv. fjmrh. ræðu og gerði grein fyrir málinu. Í aths., sem frv. fylgja, eru einnig skýringar á einstökum greinum þess, og sé ég því ekki ástæðu til að ræða um frv. í heild eða einstakar greinar, en vísa til þeirra skýringa, sem því fylgja.

Frv. hefur verið til athugunar hjá fjhn. Hún hefur farið yfir það og aths., sem því fylgja. Eins og fram kemur á þskj. 470, mælir meiri hl. n. með því, að frv. verði samþykkt. Einstakir nm. í meiri hl. hafa þó áskilið sér rétt til að flytja brtt., en munu ekki leggja neinar till. fram nú við þessa umr., hvað sem síðar kann að verða. Hugsazt getur, að þeir flytji einhverjar till. við 3. umr., ef þeim að nánar athuguðu máli virðist ástæða til þess.

Frsm. minni hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Mig langar til að byrja á því að biðja hv. þm. að leiðrétta eina prentvillu, sem hefur slæðzt inn í nál. og er töluvert meinleg. Það er í 16. línu að neðan, þar stendur: „Að okkar áliti er sú leið eins vænleg til þess að leysa þetta vandamál, að komið verði á því jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar“ o. s. frv.

Af ástæðum, sem gerð er grein fyrir í nál. okkar, sem vorum í minni hl., höfum við ákveðið að leggja ekki fram okkar brtt. fyrr en við 3. umr. málsins. Sé ég því ekki ástæðu til þess að ræða hér einstök atriði frv., en vil hins vegar leyfa mér að fara nokkrum orðum um almenn atriði þessa máls til frekari áréttingar því, sem tekið er fram í nál. okkar hv. 5. þm. Reykv.

Varðandi þessa almennu hlið eru það tvö atriði, sem að mínu áliti er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir í upphafi: í fyrsta lagi, hver tilgangurinn er með þessu frv., og svo í öðru lagi, hvort líklegt sé, að það nái þeim tilgangi, sem til er ætlazt.

Við, sem stöndum að áliti minni hl. fjhn., getum ekki á það sjónarmið fallizt, sem fram kemur í grg. hæstv. ríkisstj. fyrir frv., að skattaálagning þessi geti verið liður í ráðstöfunum til stöðvunar verðbólgunni, því að það er beinlínis gert ráð fyrir því, að öllu því fé, sem innheimta á með skattinum, verði jafnóðum varið til fjárfestingar, og er því útilokað, að slík ráðstöfun geti haft áhrif til lækkunar á verðlaginu. Hér gegndi allt öðru máli, þegar stóreignaskatturinn var lagður á í Danmörku á sínum tíma. Þá var mest af því fé, sem innheimtist með skattinum, lagt inn á lokaðan reikning ríkissjóðs í þjóðbankanum, fé var dregið úr umferð, þannig að ætla mátti, að það hefði áhrif til verðlækkunar, eins og var í rauninni höfuðtilgangur þeirrar skattaálagningar. Við teljum heldur ekki, að hægt sé að líta á þennan skatt sem skatt á verðbólgugróða, svo sem gert er í áðurnefndri grg. hæstv. ríkisstjórnar. Ef skattleggja ætti verðbólguhagnað, yrði sá skattur fyrst og fremst að leggjast á gamlar skuldir, svo sem réttilega hefur verið bent á við 1. umr. málsins af hv. 2. þm. Reykv. En frambærilegustu rökin fyrir álagningu slíks skatts eru þau, að hér sé um að ræða nauðsynlega fjáröflun til þeirra framkvæmda, sem gert er ráð fyrir að skattinum verði varið til að standa straum af. Og þess vegna höfum við valið að ræða málið á þeim grundvelli í okkar nál.

Það er enginn ágreiningur um það, að brýna nauðsyn beri til þess að sjá þeim stofnunum, sem hér er um að ræða, fyrir auknu fjármagni. En sá hængur er á fjáröflun með þessu móti, að mest af eignum þeim, sem ráðstafa á hluta af til þeirra framkvæmda, sem um er að ræða, er bundið í atvinnurekstri landsmanna, og það verður hægara sagt en gert að breyta þessum eignum í handbært fé, ef stórfelld vandræði eiga ekki af að hljótast, eins og aðstæður eru nú í okkar fjárhags- og atvinnumálum. Og það er rétt að benda á það, að ólíkar aðstæður eru nú fyrir hendi hér á landi í þessum efnum þeim, sem fyrir hendi voru í Danmörku og öðrum löndum, er hernumin höfðu verið af Þjóðverjum í lok stríðsins, er eignakönnun og álagning stóreignaskatts var

framkvæmd í þeim löndum. Þá höfðu einstaklingar og fyrirtæki safnað í stórum stíl peningum, sem ekki hafði verið hægt að kaupa fyrir vegna vöruskorts á stríðsárunum. Og það var óttinn við það, að fé þessu yrði í stórum stíl ráðstafað til kaupa á varningi að styrjöldinni lokinni og verðlagið þannig spennt upp, sem var aðalástæðan til þess, að eignakönnunin og stóreignaskatturinn var framkvæmdur í þessum löndum. Hér eru ástæður nú aðrar og í rauninni gagnstæðar þeim, sem voru í Danmörku eftir stríðið. Allur atvinnurekstur hér á landi á nú yfirleitt við mikil greiðsluvandræði að etja og að jafnaði í þeim mun ríkara mæli sem um stærri atvinnurekstur er að ræða. Til þessa liggja ýmsar orsakir, en meðal þeirra helztu má nefna skattakerfið og þá fyrst og fremst veltuútsvörin. Enn fremur hefur hin minnkandi sparifjármyndun undanfarin tvö ár eðlilega aukið mjög erfiðleikana á því að fullnægja eftirspurn atvinnufyrirtækjanna eftir lánsfé.

Þar sem gera má ráð fyrir því, að skattar þessir bitni einkum á stærri atvinnurekendum, þá fer ekki hjá því, að greiðsluvandræði þeirra, sem voru tilfinnanleg fyrir, muni enn aukast. Ef ekki verður breytt núverandi ákvæðum frv. um innheimtu skattsins, getur ekki hjá því farið, að mörg atvinnufyrirtæki verði að selja eignir sínar og draga rekstur sinn saman á annan hátt. En hjá því fer ekki, að slíkar ráðstafanir hljóta að valda mörgu launafólki tjóni í atvinnumissi. Það er ekki hægt að segja, að þennan vanda geti skattgreiðendur leyst með því að selja af eignum sínum, því að með því er vandanum aðeins skotið yfir á kaupandann, og hvaðan á honum að koma handbært fé? Fjármagnsskorturinn er vissulega eitthvert erfiðasta efnahagsvandamál okkar. Samkv. opinberum skýrslum var sparifjármyndun um það bil helmingi minni árin 1955 og 1956 en verið hafði næstu tvö árin á undan. Það er þessi minnkun sparifjármyndunarinnar, sem er grundvallarorsök þess fjármagnsskorts, sem nú er við að etja. Þess vegna vantar nú fé til íbúðarhúsabygginga, ræktunarlána, lána til endurnýjunar fiskiskipa og margs fleira. Að áliti okkar, sem að áliti minni hl. stöndum, verður þetta vandamál ekki leyst nema með því, að séð verði fyrir nýju fjármagni til þess, annaðhvort auknu innlendu sparifé eða erlendu lánsfé. Hitt er engin raunhæf lausn, að ætla sér að ráðstafa til þessara framkvæmda fé, sem bundið er að mestu í atvinnurekstri, sem fyrir berst í bökkum hvað rekstrarfé snertir. Ég hef í rauninni ekki getað komið auga á það, hvernig slíkt er framkvæmanlegt við núverandi aðstæður.

Við hv. 5. þm. Reykv. munum, eins og grein er gerð fyrir í nál. okkar, leggja fram brtt. við 3. umr., er miða að því að auðvelda fyrirtækjum og einstaklingum greiðslu skattsins, og höfum við þá helzt komið auga á svipaðar leiðir og farnar voru í þessu efni, er stóreignaskatturinn var lagður á árið 1950, en þær eru í fyrsta lagi að lengja þann tíma, er greiða skal skattinn á, og í öðru lagi að heimila afhendingu eigna á matsverði upp í skattinn. En hverjar undirtektir, sem þær till. fá hjá stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj., þá verður að mínu áliti ekki komizt hjá ráðstöfunum til þess að auðvelda atvinnufyrirtækjunum greiðslu skattsins, ef ekki eiga að hljótast af vandræði, sem ótrúlegt má teljast að stjórnarvöld landsins vilji bera ábyrgð á. Við teljum og ýmis ákvæði frv. þannig úr garði gerð, að hætta sé á því, að álagning skattanna verði handahófskennd, og teljum nauðsynlegt, að þeim verði breytt í það horf, að skattaálagningin hlíti fastákveðnum reglum. Við teljum þó að svo stöddu ekki ástæðu til að ætla annað en þessir ágallar stafi af vangá, þannig að gera beri sér von um leiðréttingu þeirra. En þar sem við væntum þess, að þau atriði, er hér er um að ræða, muni aftur verða rædd í n. í heild, teljum við ekki tímabært að ræða þau í einstökum atriðum við þessa umræðu.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég veit, að hv. þm. taka eftir því, að meðferð þessa máls er nokkuð með sérstökum hætti og því miður ekki sem þinglegust. Ég vil geta þess, að eftir að Alþ. kom saman úr páskafríinu, var lögð á það mikil áherzla, að við fulltrúar Sjálfstfl. í fjhn. gætum lokið okkar athugun á málinu sem allra fyrst, og við lögðum, eftir því sem við gátum, tíma fram til þess að geta sem allra fyrst lokið efnisathugun á þessu máli. En það kom fljótt í ljós, að mörg atriði þess eru þannig, að þau eru verð þess að fá nána og nákvæma athugun, og einnig þess eðlis, að þau gefa fyllstu ástæðu til þess að ætla, að flm. frv. eða hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar mundu geta fallizt á leiðréttingar, sem lagðar væru fram, ef ætla mætti, að þær yrðu ekki að verulegu leyti til þess að raska grundvallaratriðum málsins, en til beinna málsbóta og kannske leiðréttingar frá því, sem fyrir sjálfum hv. flm. hefur vakað.

Nú var það svo, að þegar fundir voru svo boðaðir í fjhn. og við höfðum lokið okkar athugun og vorum reiðubúnir til og lögðum fram ýtarlegar brtt. og aðrar ábendingar til athugunar, þá þurfti fundur niður að falla þann daginn; og síðan næsta dag, þegar fundur var haldinn og okkar athuganir og brtt. lágu fyrir, var meiri hl. ekki reiðubúinn til þess að tjá sig um einstök atriði þeirra, en hins vegar lögð áherzla á að koma málinu sem fyrst til 2. umr. Í sjálfu sér er þessi meðferð hvorki þinglegt né að mínum dómi var hún vænleg til þess að flýta nokkuð fyrir gangi þessa máls. En þar sem svo mikil áherzla var lögð á þetta af hálfu meiri hl., höfum við fulltrúar Sjálfstfl. í n. tekið þá afstöðu, sem frsm. minni hl. hefur lýst, að leggja ekki að svo stöddu fram einstakar brtt., þar sem fyllilega hefur komið í ljós í n., að rökstudd ástæða er til að ætla, að innan n. sé jarðvegur fyrir einhverjar brtt., sem e. t. v. gæti náðst samkomulag um. Við munum því geyma okkur til 3. umr. að leggja fram hinar einstöku brtt., eingöngu vegna þess að við teljum það eftir atvikum og eins og málið er í pottinn búið vænlegra til þess að geta komið að einhverjum leiðréttingum í þessu máli. Ég mun þess vegna ekki fara út í neinar einstakar brtt. fram yfir það, sem hv. frsm. minni hl. hefur gert, sem við hyggjumst að flytja, en vildi, að þetta kæmi fram um með-

ferð málsins. Við höfum sem sagt lagt fram í n. og þar liggja fyrir af okkar hálfu allýtarlegar aths. og brtt. í níu liðum og enda fleiri atriði, sem við höfum rætt og athugunar þyrftu við. Með þessari málsmeðferð, sem hér er höfð, fellur að verulegu leyti niður ein umr. málsins í deildinni, eða 2. umr., og eins og ég sagði áðan, er það náttúrlega ekki sem heppilegast og ekki sem þinglegast. En ég vildi nú mega vænta, að það yrði þó ekki til þess að skaða neitt efnislega meðferð málsins og að tillit verði tekið til þess af hv. meiri hl. bæði innan nefndarinnar og í þingsölunum í áframhaldandi meðferð málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15:8 atkv.
2.—11. gr. samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SkG, ÓJ, SvbH, EOl, ÁÞ, ÁB, BG, EirÞ, EmJ, EystJ, GíslG, GJóh, GÞG, HS, PÞ, BS, HÁ.
GÞ, JPálm, GGísl, MJ, ÓB greiddu ekki atkv.
13 þm. (SÁ, ÁkJ, BBen, BÓ, HV, IngJ, JóhH, KGuðj, KJJ, LJós, ÓTh, PO, RH) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Jón Pálmason: Herra forseti. Mér hefur skilizt það á fulltrúum minni hl. í hv. fjhn., að það væru líkur fyrir því að fá fyrir 3. umr. verulegar breytingar á þessum greinum frv., og með tilliti til þess mun ég ekki greiða atkv. um þær núna og sit því hjá.

Ólafur Björnsson: Eins og kemur fram í áliti okkar, sem vorum í minni hl. fjhn., þá teljum við, að frv. sé óaðgengilegt með öllu í þeirri mynd, sem það liggur fyrir. En þar sem fram hefur komið, að ekki verður nú séð, hverjar lagfæringar kynni að vera hægt að fá á frv., mun ég sitja hjá við þessa umr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Nd., 14. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 101. fundi í Nd., 20. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 435, frhn. 558, 552).

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Meiri hl. fjhn. flytur brtt. við þetta frv. á þskj. 552.

Fyrri brtt. er við 2. gr. frv. Í 1. tölul. þeirrar greinar segir, að fasteignir skuli metnar með því verði, sem ákveðið verður af þeirri landsnefnd, sem vinnur að samræmingu fasteignamatsins, skv. l. nr. 33 frá 1955. En síðan frv. var lagt fyrir þingið, hefur landsnefndin lokið starfi sínu, og hið endurskoðaða fasteignamat gekk í gildi 1. þ. m. samkv. auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, sem dags. er 30. apríl. Er því lagt til, að breytt verði orðalaginu í upphafi 1. tölul. og það verði þannig: „Fasteignir skulu metnar með því verði, sem ákveðið er í nýja fasteignamatinu skv. lögum nr. 33 1955, er gekk í gildi 1. maí 1957.“ Hér er aðeins lagfæring á orðalagi vegna þess, sem gerzt hefur, síðan frv. var lagt fram, en engin efnisbreyting á frv.

Þá er einnig í a-lið fyrri brtt. lagt til að orða nokkuð öðruvísi og greinilegar ákvæðið um endurskoðun á matsverði lóða, sem landsnefndin, er starfaði skv. l. nr. 33 1955, á að framkvæma. En óbreytt eru fyrirmæli frvgr. um yfirnefnd, sem áfrýja megi til úrskurðum landsnefndarinnar um kæruatriði.

Í b-lið fyrri brtt. leggur meiri hl. til, að fiskiskip skuli reiknuð með vátryggingarverði að frádregnum 40%, en samkvæmt frvgr. er frádrátturinn 33⅓%.

Og í c-lið er till. um, að frá tryggingarverði annarra skipa og flugvéla skuli draga 25% í stað 20%.

2. brtt. meiri hl. er við 7. gr. frv. Í 1. málsgr. þeirrar frvgr. segir, að félög skuli annast greiðslu á þeim hluta skatts, sem lagður er á félagsmenn þeirra eða hluthafa vegna eigna í félögunum. En síðar í sömu málsgr. segir, að félögin hafi rétt til þess að endurkrefja félagsmenn eða hluthafa um þær skattupphæðir, er þau þurfa að greiða vegna eigna þeirra í félögunum.

Meiri hl. gerir till. um viðbót við málsgr. Er þar í fyrsta lagi ákvæði um, að ákvörðun félags um það, hvort nota skuli endurkröfuheimildina, skuli tekin á aðalfundi þess. Þá segir einnig svo í brtt., með leyfi hæstv. forseta: „Nú krefur hlutafélag hluthafa um endurgreiðslu á þeim skatti, sem það varð að greiða hans vegna, og er honum þá heimilt að greiða félaginu með hlutafjáreign sinni í því, á verði, sem svarar til mats á eignum félagsins til þessa skatts.“ — Með því að veita þessa heimild er stefnt að því að auðvelda hluthafa greiðslu til hlutafélags á skatti, sem það kann að krefja hann um samkvæmt endurkröfuheimildinni. — Í framhaldi af þessu er svo lagt til í niðurlagi brtt., að ef hlutafélag eignast sjálft meira en 10% af greiddu hlutafé í félaginu, vegna þess að hluthafi notar heimildina til að afhenda því hlutafjáreign til greiðslu á skatti, sem það hefur krafið hann um, skuli það heimilt, án þess að leyfi sé fengið frá ráðherra. En í lögunum um hlutafélög, sem vitnað er til í brtt., er ákvæði um, að félag megi ekki eiga meira en 10% af greiddu hlutafé nema með leyfi ráðherra.

Þetta eru þær breytingar, sem meiri hl. n. vill gera á frv.

Minni hl. fjhn. hefur skilað framhaldsnál. á þskj. 558. Þar er skráð, fremst á þskj., að mál þetta hafi sætt óþinglegri meðferð. Ég get ekki séð, að þessi ummæli hv. minni hl. hafi við nokkur rök að styðjast. Mér er ekki vel ljóst, hvers vegna minni hlutinn heldur þessu fram, skilst þó helzt, að hann vilji byggja ummæli sín á því, að meiri hl. mælti með frv. óbreyttu við 2. umr., en áskildi sér rétt til að flytja brtt. síðar og hefur nú lagt fram brtt. við 3. umr. málsins. En slík málsmeðferð er engin nýlunda. Það kemur oft fyrir, að þingnefndir fresta ákvörðun um brtt. þar til milli 2. og 3. umr. máls. Hef ég ekki fyrr heyrt það talið óþinglegt og vil því mótmæla þessum orðum hv. minni hluta.

Minni hl. n. ber fram nokkrar brtt. á þskj. 558. Meiri hl. getur ekki á þær fallizt og leggur á móti því, að þær verði samþykktar.

Frsm. minni hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil byrja mál mitt með því að víkja nokkuð að því, sem fram kom síðast í ræðu frsm. meiri hl. fjhn., að hann mótmælti því, sem kemur fram í nál. okkar minni hl. um meðferð þessa máls, að við teljum, að vegna hinnar óþinglegu meðferðar höfum við talið nokkur knúna til að gefa út framhaldsnál., sem nú liggur fyrir á þskj. 558.

Frsm. meiri hl. telur, að meðferð þessa máls sé á engan veginn óþingleg og ekki með öðrum hætti en mjög oft tíðkist, og mótmælir þess vegna því, sem um þetta er haldið fram. Ég verð að upplýsa það hér, að fyrir mér hef ég ekki minni mann í þessu efni en hæstv. forseta Sþ., sem á sæti í þessari n., í meiri hl., og þegar við vorum að ræða þessa meðferð, viðhafði þau orð, að hún væri a. m. k. óþingleg. En það, sem hér er um að ræða, er nánar tiltekið, að mjög veigamikið mál, eins og stóreignaskattsfrv., liggur fyrir í n., og það liggja fyrir í n. mjög margar brtt. og rökstuddar brtt. og athugasemdir frá minni hl., en meiri hl. fæst ekki til að taka afstöðu til þeirra innan n., áður en málið fer til 2. umr. Sjá menn af þessu, að slíkt er næsta óþingleg meðferð, þegar þannig háttar, að það liggja fyrir í n. margvíslegar brtt. og athugasemdir, sem ekki er hægt að ætlast til og var ekki ætlazt til út af fyrir sig að meiri hl. féllist á, en hann varð þó a. m. k. að gera minni hl. grein fyrir því, að hve miklu leyti eða að hve litlu leyti hann vildi fallast á þessar brtt., og við tókum það beinlínis fram, að afstaða okkar til málsins hlyti af þessu að mótast. Og við ræddum um það innan fjhn., að við fulltrúar Sjálfstfl. í n. teldum næsta óeðlilegt og óþinglegt að leggja fram okkar brtt., eins og málið var í pottinn búið við 2. umr., vegna þess að við vildum forðast að þurfa að taka upp deilur um málið eða einstakar brtt., sem ef til vill átti eftir að verða samkomulag um í n. Við höfðum rökstudda ástæðu til þess að ætla, að meiri hl. mundi að einhverju leyti verða okkur sammála um nauðsyn á breyt. á frv., enda varð líka sú raunin á, að þó að ekki væri beinlínis fallizt á okkar tillögur, hefur meiri hl. n. flutt brtt. á þskj. 552.

Þetta er auðvitað óþinglegt, eins og hæstv. forseti Sþ. tók fram í n., og í reyndinni leiðir það til þess, að einni umr. verður í raun og veru minna um slíkt mál en þingsköp að öðru leyti áskilja.

Ég skal að öðru leyti gera grein fyrir þeim breyt., sem við í minni hl. fjhn. leggjum til á þskj. 558 að gerðar verði á þessu máli. Fyrst vil ég minna á, að í nál. minni hl. á þskj. 488 er alvarlega varað við samþykkt þessa máls, bæði í því formi, sem það er, og einnig almennt, og um það fjallað, hversu óheillavænleg áhrif ætla má að samþykkt þessa máls nú geti haft á þróun efnahags- og atvinnulífs í landinu. Það hefur verið á það bent, hversu óeðlilegt það sé og óvarkárt að leggja á stóreignaskatta æ ofan í æ með stuttu millibili, og sé það nokkuð og allt annað en hitt, þó að bæði við og aðrar þjóðir grípum til þess eða teljum nauðsynlegt að grípa til þeirra ráðstafana að leggja á stóreignaskatta, þegar átt hafa sér stað verulegar umbyltingar og raskanir í efnahagslífi þjóðfélagsins eða þjóðfélaganna, eins og t. d. oft hefur átt sér stað í sambandi við styrjaldir og afleiðingar þeirra og skattamál í framhaldi af því, eða gagngerðar og róttækar breytingar á efnahagskerfi þjóðarinnar, eins og átti sér stað með setningu gengisbreytingarlaganna frá 1950, en í þeim voru einnig ákvæði um stóreignaskatt. En eins og við bendum á, er mjög ólíku saman að jafna, álagningu stóreignaskatts í sambandi við slíkar ráðstafanir, sem eru gerðar samhliða öðrum ráðstöfunum til að stuðla að stöðugu verðlagi og jafnvægi í þjóðarbúskapnum, verðuppbótum á sparifé, eins og þá var, og mörgum öðrum ráðstöfunum, eða nú, þegar ekki er með neinu móti hægt að réttlæta eða tengja þennan stóreignaskatt við þær aðrar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í efnahagsmálum þjóðarinnar. Það er næsta furðulegt, með hverjum hætti stóreignaskatturinn er réttlættur í grg. frv. af hálfu hæstv. ríkisstj.: „Nauðsyn ber til", segir í grg., með leyfi hæstv. forseta, „að vinna gegn nýrri verðbólgumyndun, og einn þátturinn í því er álagning þess skatts á stóreignir, sem frv. þetta fjallar um." En síðan eru ákvæði í frv. um það, að einmitt skattheimtufénu á að verja til fjárfestingaraukningar í þjóðfélaginu, og verður þess vegna á engan hátt hægt að skilja þetta sem ráðstöfun til þess að vinna á móti verðbólgumyndun, heldur þvert á móti.

En af þessum sökum, að við teljum, að hér standi mjög ólíkt á og við álagningu stóreignaskattsins 1950, höfum við varað við þessari skattheimtu nú og af tveimur ástæðum augljóslega, að þessi skattheimta mun ekki í framkvæmdinni bitna verst á þeim, sem skatturinn er heimtur af, heldur á öllum almenningi í þessu landi, vegna þess að eins og lánsfjármálum er varið hjá okkur, þar sem flestar eða allar greinar atvinnulífsins berjast við lánsfjárskort, getur slík skattheimta eins og þessi ekki til annars leitt en að enn tilfinnanlegri verði þessi lánsfjárskortur, því að skatturinn verður ekki greiddur nema að einhverju verulegu leyti með nýjum lántökum frá lánastofnunum til þeirra, sem skattinn eiga að greiða, og það enda þótt skatturinn megi greiðast á 10 árum. En það væri auðvitað til stórra bóta að lengja greiðslutímann, eins og við m. a. leggjum til í okkar brtt.

En við þetta bætist svo hitt, að aftur á móti er skatturinn ekki veruleg fjáröflun í fjárhagskerfi þess opinbera, þegar hugsað er til þess, að áætlanir eru uppi, þó að þær séu allar á reiki, um ca. 80 millj. kr. skatt, sem eigi að greiðast á 10 árum. Hann verður því í sjálfu sér að hlutfallslega litlu gagni þeim, sem eiga að njóta hans, þ. e. byggingarsjóði og veðdeild Búnaðarbankans, miðað við aðrar ráðstafanir, sem líklegar hefðu verið til þess að efla þessa aðila, en bitnar hart á atvinnulífinu og efnahagsþróuninni almennt.

1. brtt. okkar við þetta frv. er sú, að ákvæðið í 1. tölulið 2. gr. um sérstakt mat á einstökum lóðum skuli fellt úr lögunum. Við teljum, að það sé með öllu ósæmandi lagaákvæði, að þriggja manna nefnd sé falið það vald að mega endur-

skoða eða geta endurskoðað einstakar eignir tiltekinna manna algerlega af handahófi í sambandi við skattlagningu eins og þá, sem hér er um að ræða. Minni hl. hefur því lagt til, að þetta ákvæði sé algerlega fellt niður og lóðirnar sæti hinu almenna mati eins og fasteignirnar. Sýnist einnig, að það sé nokkuð sæmilegt, þegar gert er ráð fyrir að fimmtánfalda fasteignamatið við mat á fasteignunum frá því, sem verið hefur.

Nú var það svo, að innan fjhn. virtist þegar í upphafi skilningur eða nokkrar undirtektir hjá meiri hl. um, að þetta væri ekki gott ákvæði og gæti leitt til handahófs í framkvæmd málsins, sem ómögulegt væri að sjá fyrir um, hversu mikið ranglæti gæti af stafað. Meiri hl. flytur þess vegna brtt. við þetta ákvæði 2. gr. á þskj. 552, og við í minni hl. teljum það nokkuð til bóta, heldur geðfelldara og áferðarfallegra en þessi vanskapnaður, sem í frv. var og er ósæmandi. En þó tel ég, að það gangi allt of skammt og það sé því miður þrátt fyrir þessa brtt. hætt við, að á verulegan hátt sé hægt að mismuna mönnum í sambandi við þetta lagaákvæði. Óttast ég, að öll kurl séu ekki komin til grafar í þeim efnum eða komi ekki fyrr en síðar til grafar í þeim efnum, og almennt má líka segja sem svo: Hvers vegna á að vera að taka hér sérstaklega út úr lóðirnar og tilskilja sérstakt mat á þeim umfram aðrar eignir? Í greinargerð frv. er reynt að réttlæta þetta, vegna þess að mjög miklar verðbreytingar hafi orðið á einstöku stöðum á landinu á lóðum, þar sem þéttbýlismyndun hefur átt sér stað, og á þetta fyrst og fremst kannske og nær eingöngu við um Reykjavík. Þetta má að vissu leyti til sanns vegar færa. En það sýnir einmitt, hvað við erum komnir út á hálan ís, að gera sér grein fyrir, hvernig einstaklingar hér í Reykjavík margir hverjir, sem eiga lóðir hér í miðbænum eða við miðbæinn og engar aðrar eignir og ekki lausafjármuni, eiga að greiða kannske hundruð þúsunda af verðmæti þessara lóða, þegar búið er umfram 15% margföldunina að skella á það sérstöku mati. Þessir menn mega ekki afhenda lóðirnar, eins og þær eru metnar, nema samþykkt verði brtt., sem við flytjum um það. Og það er mjög líklegt, að það sé fjöldi manna, sem slíkar lóðir kann að eiga, en eiga, eins og ég sagði áðan, ekki aðra fjármuni og a. m. k. ekki lausafjármuni og eiga því ekki annars úrskosta en að reyna þá að selja lóðirnar öðrum og fá út úr þeim nægjanlegt fjármagn til þess að standa ríkinu skil á þessum skatti. En ég hygg, að menn hljóti að vera sammála um, að slík eignayfirfærsla, knúin fram af jafnósanngjörnum skattalögum og hér er um að ræða, sé næsta óheilbrigð og óeðlileg í þjóðfélaginu.

Við leggjum því mjög mikla áherzlu á það í minni hl., að 1. brtt. okkar, sem lýtur að því að fella niður öll ákvæði um mat á einstökum lóðum, verði samþykkt, og teljum, að brtt. meiri hl. gangi allt of skammt, þó að hún sé, eins og ég sagði áðan, nokkuð til bóta.

Þá er 2. brtt. okkar, við 2. mgr. 1. töluliðar 2. gr., en það er ákvæði í frv. um, að frá matsverði frystihúsa, sláturhúsa og annarra húseigna, sem notaðar eru fyrir vinnslustöðvar sjávarafurða og landbúnaðarafurða, skuli draga 20%. Þegar slík upptalning er gerð eins og þarna á vissum eignum, sem megi draga frá matsverðinu 20%, verður eðlilegt, að menn spyrji sjálfa sig: Vegna hvers þessar eignir, sem þarna eru taldar upp, og vegna hvers ekki aðrar, a. m. k. þær aðrar eignir, sem að öllu leyti má telja sambærilegar við þær, sem hér eru upp taldar? Og ef við athugum lög um sérstakar fyrningarafskriftir frá 1946, nr. 59, er þar einmitt upptalning á vissum eignum og verðmætum, sem mega njóta hinna sérstöku fyrningarafskrifta, og þar eru taldar upp allar þessar eignir, sem í þessari mgr. 2. gr. eru taldar, en umfram það eru í þeirri upptalningu dráttarbrautir og síldarverksmiðjur. Nú má segja, að undir þetta mætti kannske færa síldarverksmiðjur og þyrfti ekki að taka það sérstaklega fram, því að þær verði taldar sem vinnslustöðvar sjávarafurða, og væntanlega yrði á það fallizt, ef á reyndi. En þá leggjum við til, að dráttarbrautum verði bætt þarna inn, og þegar litið er á upptalninguna sem slíka, sýndist okkur, að skammt væri til þess að veita sömu heimild öðru iðnaðarhúsnæði, þar sem hér er alls staðar um iðnaðarhúsnæði í sjávarútvegi eða landbúnaði að ræða, og leggjum þess vegna til, að sú viðbót komi einnig til greina. Þetta mundi leiða til þess, að verulega fleiri eignir en upp eru taldar þarna fengju að njóta 20% frádráttar við matið en einmitt þær eignir, sem eru í atvinnurekstri landsmanna og myndazt hafa af arði atvinnurekstrarins. Segja má, að við álagningu þessa stóreignaskatts væri mjög æskilegt, ef almennt væri hægt að koma inn ákvæði um það, að verðmætum, sem eru í atvinnurekstrinum og hafa skapazt fyrir arð af atvinnurekstrinum, væri meira og minna hlíft í þessum efnum eða undanþegin. En ég sé nú ekki, hvernig raunar væri hægt að gera það og þess vegna verði það ekki gert nema að einhverju leyti með ákvæðum eins og þessu, sem hér er um að ræða og stefnir í þessa átt, og öðrum ákvæðum t. d., sem ég kem síðar að, þar sem skip eru og flugvélar, við mat á þeim má draga frá tiltekinn hundraðshluta, þegar eignin er virt, og einnig í sambandi við ákvæðið um, að nýbyggingarsjóðir séu frádráttarbærir við mat á eignunum, eins og var í stóreignaskattsákvæðunum frá 1950 og við leggjum til að tekið verði upp í þessa löggjöf.

Ég vildi alvarlega biðja hv. þm. að athuga það, sem felst í þessari brtt., og á erfitt með að trúa því, að þegar þm. athuga þetta nánar, geti þeir ekki fallizt á, að það sé næsta eðlileg sú breyting, sem í þessu er fólgin, og sanngjörn og nokkuð mikils virði fyrir atvinnureksturinn og iðnaðinn í landinu, sem Alþ. með ýmsum öðrum ráðstöfunum, bæði nú og fyrr, hefur verið að reyna að styðja, eins og hv. þm. er kunnugt um.

Þá kem ég að 3. brtt. okkar, þar sem frv. kveður á um, að við matsverð fasteigna, eins og það er ákveðið samkvæmt framansögðu, skuli bæta 200% álagi. Við leggjum til, að í stað 200% álags komi 150% álag. Í þessu sambandi vil ég minna á, að með eldri ákvæðum frá 1950 um stóreignaskatt var fasteignamat margfaldað með tölunum frá 3 til 6, mismunandi eftir stöðum eða fólksfjölda kaupstaðanna. Nú er hins vegar

ákveðið, að allt fasteignamatið skuli þrefalda fyrst, og síðan á að miða við 200% álag, sem leiðir til þess, að hér í Reykjavík verður miðað við fimmtánfalt fasteignamat frá því, sem verið hefur að undanförnu.

Landsnefndin, sem vann að þessum málum, hefur lagfært fasteignamatið, grundvöll þess, áður en þessi fimmtánföldun kemur til, eða við það nýja fasteignamat, sem í gildi gekk 1. maí s. l. Og við höfum í nál. okkar viljað vekja athygli á, hvað mikla hækkun hér er um að ræða frá fyrra mati til stóreignaskatts, ef samþ. verður 200% álagið óbreytt, og svo hins vegar, ef okkar brtt. um 150% álag yrði samþ. En samanburðurinn er sá, eins og kemur fram í nál. okkar, að í Reykjavík var eftir gömlu stóreignaskattslögunum miðað við sexfalt fasteignamat, eftir ákvæðum frv. fimmtánfalt, og það er m. ö. o. 150% hækkun frá fyrra mati til stóreignaskatts. Á Akureyri var áður fimmfalt, eftir frv. 9.6-falt, 92% hækkun; í Hafnarfirði fimmfalt áður, eftir frv. 13.8-falt, eða 176% hækkun frá fyrra mati til stóreignaskatts. Á Akranesi, í Keflavík og Vestmannaeyjum var áður ferfalt, verður nú eftir frumvarpsákvæðinu 13.8-falt, eða 245% hækkun frá fyrra mati til stóreignaskatts. Í Gullbr.- og Kjósarsýslu var áður þrefalt, nú 10.8-falt, eða 260% hækkun; í Árnes- og Rangárvallasýslu ásamt fleiri stöðum áður þrefalt, eftir frv. 9.6-falt, eða 220% hækkun; og í Eyjafjarðarsýslu, Neskaupstað, á Sauðárkróki, í Ólafsfirði ásamt fleiri stöðum áður þrefalt, nú 7.8-falt, eða 160% hækkun; og loks í S.-Múlasýslu, á Patreksfirði, í Stykkishólmi og á Seyðisfirði áður þrefalt, nú sexfalt, eða 100% hækkun.

Það er m. ö. o. lagt til í þessu frv. um stóreignaskatt, að matsverð fasteigna verði stórkostlega hækkað frá því matsverði, sem lagt var til grundvallar 1950, og vek ég alveg sérstaka athygli á því, að eins og búið er nú að lagfæra grundvöllinn í fasteignamatinu, verður hækkunin mjög misjöfn. Og það er eðlilegt, að menn spyrji þá eða finnist nokkuð órökstutt, að t. d. skuli hækkunin nú verða 245% og 260% á Akranesi, Keflavík, Vestmannaeyjum og Gullbr.- og Kjósarsýslu og á Selfossi, en ekki nema 100% annars staðar og t. d. 92% á Akureyri. Minnst er hækkunin á Ísafirði og Siglufirði, eða 50% frá matinu, sem lagt var til grundvallar við stóreignaskattinn 1950.

Þegar við förum nánar að athuga þetta, reyndum við að gera okkur grein fyrir, hver eðlileg hækkun væri, miðað við breyttar aðstæður, frá því að stóreignaskatturinn var lagður á 1950, og taldist þá til, að skynsamlegast væri í þessu efni að miða við byggingarvísitöluna og hvað hún hefði hækkað á þessum tíma. Er nánar gerð grein fyrir því á bls. 2 í nál. okkar, en miðað við byggingarvísitöluna eða hækkunina á henni, ætti hækkunin að vera nokkuð nálægt því að vera frá 135% til 143 eða 144% hér í Reykjavík, og til samræmis við það gerðum við okkar tillögu um, að álagið yrði 150%, sem er nokkru hærra, en ekki 200%, eins og er í frv. Er þó, ef sú till. yrði samþ., veruleg hækkun frá fyrra mati til stóreignaskatts, eða 108.33% hækkun í Reykjavík, 60% hækkun á Akureyri, 130% hækkun í Hafnarfirði, 187.5% hækkun á Akranesi, Keflavík og Vestmannaeyjum, 25% hækkun á Ísafirði, 200% hækkun í Gullbr.- og Kjósarsýslu og Selfossi, 166.67% hækkun í Árnessýslu, 116.67% hækkun í Eyjafjarðarsýslu, Neskaupstað, Sauðárkróki, Ólafsfirði ásamt fleiri stöðum, og 66.67% hækkun í S.-Múlasýslu, Patreksfirði, Stykkishólmi og Seyðisfirði.

Hér er sem sagt, jafnvel þó að okkar till. verði samþ., um verulega mikla hækkun frá matsverðinu, sem lagt var til grundvallar við álagningu síðasta stóreignaskatts, að ræða, og sýnist eftir atvikum vera nokkurt samræmi hins vegar í hækkuninni, ef grundvöllurinn, eins og ég gerði grein fyrir, er miðaður við hækkaða byggingarvísitölu á þessum tíma.

Þá er 4. brtt. okkar, þ. e. í sambandi við frádráttinn, sem heimilaður er frá vátryggingarverði skipa og flugvéla, þegar matsverð þeirra er ákveðið til stóreignaskatts. Í frv. er gert ráð fyrir, að fiskiskip skuli reiknuð með vátryggingarverði að frádregnum 33⅓% og önnur skip talin með vátryggingarverði að frádregnum 20%. Meiri hl. leggur til, að frádráttarheimildin hækki á fiskiskipum úr 33⅓% upp í 40% og önnur skip og flugvélar úr 20% upp í 25%. Við leggjum til, minni hl. í fjhn., að öll skip skuli reiknuð, hvort sem það eru fiskiskip eða önnur, með vátryggingarverði að frádregnum 40%. Ég held, að það sé tæplega hægt að rökstyðja ástæður fyrir því, að það sé ekki heimilt að draga frá vátryggingarverði jafnháa tölu á öðrum skipum en fiskiskipum. Það er að vísu svo, að sum fiskiskip hafa barizt í bökkum og búið við mjög erfiðan rekstur á undanförnum árum og kannske almennt erfiðari en önnur skip, verzlunarskip og flutningaskip. En á það er þá einnig að líta, að þeir aðilar, fiskiskipin, hafa notið margvíslegra styrkja og hlunninda frá því opinbera, sem hinum aðilunum hefur ekki verið látið í té, enda er langsamlega stærstur hluti annarra skipa, sem hér væri um að ræða, þ. e. a. s. verzlunarskip og flutningaskip, meira og minna í eign almenningssamtaka hjá okkur, þar sem er annars vegar skipafloti Eimskipafélags Íslands og hins vegar Sambands ísl. samvinnufélaga. Vildi ég mega ætla, að hv. þm. gætu fallizt á þessi sjónarmið að draga frá vátryggingarverði allra skipa 40%, eins og við leggjum til.

En þá kem ég að flugvélunum, þar sem í frv. er lagt til að megi draga 20% frá vátryggingarverði, þegar matsverð er ákveðið, en meiri hl. leggur til, að hækkað verði upp í 25%. Þegar stóreignaskatturinn var á lagður 1950, voru flugvélarnar metnar eins og lausafé, og í l. sjálfum voru því miður ekki nein ákvæði um það. En við framkvæmdina var stillt upp sérstökum skala, sem farið var eftir við mat á lausafé, og þegar sá skali er hafður í huga núna, ef t. d. matið á lausafénu væri eitthvað hliðstætt og þá, fá flugvélarnar hér miklu verri hlut en áður og það engu síður, þó að heimilt sé að hækka upp í 25% það, sem draga megi frá matsverðinu, og töluvert miklu verri aðstöðu en við stóreignaskattinn síðast, enda þótt till. okkar um heimild til að draga 50% frá vátryggingarverð-

inu verði samþ. Ég hygg, að það muni ekki vera fjarri lagi, að flugvélaeign Flugfélags Íslands verði með ákvæðum þessa frv. metin helmingi hærri en samkv. l. um stóreignaskatt frá 1950 og þeirri framkvæmd, sem fylgt var þar um mat á lausafé. Ég held, að það hljóti að vera af yfirsjón og misskilningi, sem þetta er sett í þessu marki inn í frv., og ég held einnig, að hv. meiri hl. n. hafi ekki áttað sig nægjanlega á nauðsyn þess að auka stórlega frádráttinn við matsverðið á flugvélum, því að hvaða ástæða er líka í raun og veru til þess? Alþ. er öðrum þræði að taka á ríkissjóð stórkostlegar ábyrgðir fyrir tugi eða hundruð milljóna króna fyrir þennan atvinnurekstur landsmanna, sem svo blessunarlega hefur blómgazt á undanförnum árum, að *hann hefur þó ekki þurft að njóta styrkja frá* hinu opinbera, enda þótt hann hafi aldrei skilað neinum arði, svo að heitið geti, til þeirra aðila, sem til hans hafa stofnað.

Ég vil því alvarlega mega vænta þess, að á þetta verði litið og fallizt á till. okkar um, að heimilt sé að draga 50% frá vátryggingarverði flugvélanna, þegar matsverð þeirra er ákveðið.

Þá kem ég að brtt. okkar við 3. málsgr. 2. tölul. 2. gr., þ. e. a. s. um matsverðið á lausafénu. Þar stendur í frv., með leyfi hæstv. forseta: „Um matsverð á vélum, áhöldum og öðru lausafé, sbr. c-lið 19. gr. laga nr. 46/1954, skulu settar sérstakar reglur.“ Það eru m. ö. o. engin föst ákvæði í frv. sjálfu um það, hvernig matsverðið á lausafé skuli ákveðið, en um það skuli settar sérstakar reglur. Það verður samkvæmt þessu algerlega á valdi þess ráðh., sem fer með framkvæmd þessara mála, að ákveða, hvernig lausaféð skuli metið. Nú skal ég viðurkenna, að það eru ákvæði þessu hliðstæð í eldri skattalögum og það var ekki heldur tekið ákveðið fram í l. um stóreignaskatt frá 1950, hvernig matið skyldi framkvæmt. En á þessu eru stórir gallar, og það er í sjálfu sér, þegar menn íhuga það betur, lítt viðunandi að ganga þannig frá löggjöf, að það er útilokað að gera sér grein fyrir, hversu álagið verður mikið á lausafjáreign manna. Við gerum ekki neinar getsakir um, að óhóflega mundi verða í þetta farið, en það, sem við leggjum áherzlu á, er þetta, að borgarinn er í raun og veru þarna varnarlaus og löggjafinn gefur með slíku ákvæði framkvæmdavaldinu heimild til þess að leggja skatta á eftir mati framkvæmdavaldsins sjálfs.

Þess vegna er okkar till., að það sé ákveðið í löggjöfinni sjálfri, hvernig ákveða beri matsverðið á lausafjármunum, alveg að sínu leyti á sama hátt og frv. felur í sér ákvæði um það, hvernig meta beri fasteignirnar, skipin og flugvélarnar, eins og ég hef verið að tala um, og leggjum við því til, að um þetta verði sett þannig ákvæði, að matsverð á vélum, áhöldum og öðru lausafé skuli vera kostnaðarverð að frádregnum löglegum afskriftum. Nú kann að vera, að einhverjum finnist, að við höfum ekki hitt þann rétta mælikvarða í þessu sambandi, og þá mundum við auðvitað vera viðmælanlegir um að rökræða það og taka tillit til annarra sjónarmiða, sem kynnu að verða fram sett. En þó teljum við sjálfir, að það sé mjög eðlilegur mælikvarði, sem hér er á lagður, en veigamest atriðið hitt, að frá löggjöfinni sjálfri sé þannig gengið, að hún feli í sér rammann um það, hvernig matsverð eignanna er fundið, en það sé ekki algerlega og óbundið látið á vald ráðh. eða þeirra, sem fara með framkvæmd málanna.

Þá er næsta till. okkar sú, til viðbótar því, sem segir í frv., að ógreiddur söluskattur vegna viðskipta 1956 og ógreidd slysatrygginga- og atvinnurekendaiðgjöld vegna ársins 1956, samkv. lögum um almannatryggingar, teljast með skuldum til frádráttar eignum, sömuleiðis ógreidd gjöld til atvinnuleysistryggingasjóðs, að við þetta bætist einnig tekjuskattur, stríðsgróðaskattur og útsvar reiknað af tekjum ársins 1956. Hér er um að ræða eignauppgjör miðað við tiltekinn dag, 31. des. 1956, *og þá skilst okkur, að rétt sé*, að frá eignum, sem þá eru fyrir hendi, megi draga ekki aðeins tilteknar skuldir, eins og þarna eru upp taldar, heldur allar skuldir. Eðli málsins samkvæmt skulda borgararnir tekjuskatt, eignarskatt og útsvar af tekjum ársins 1956, enda þótt ekki sé búið að ákvarða, hvað sú skuld er há, um áramótin og sé ekki af skattayfirvöldum gert fyrr en síðar. Hins vegar má telja víst, að þessar ákvarðanir verði búið að taka, þegar stóreignaskatturinn, sem hér um ræðir, kemur til innheimtu, og sé því auðvelt að framkvæma þetta atriði þeirra hluta vegna. Við sýnum fram á það með dæmi á bls. 3 í nál. okkar, hversu óréttlátt er að leggja stóreignaskatt á eignina án þess að draga frá tekju- og eignarskattinn, og ef miðað er við tiltekið dæmi, kemur fram, að af 700 þús. kr. nettótekjum, sem tiltekið félag, sem þarna er tekið, hefur í tekjur 1956 og hækkað hefur þá nettóeign þess um þá upphæð, mun félagið hafa greitt 600 þús. kr. í skatta og útsvör á árinu 1957, þegar stóreignaskatturinn verður á lagður. Þess vegna teljum við, að þegar stóreignaskatturinn er lagður á, beri að draga frá þessa upphæð, sem langflestir munu einmitt á þeim tíma vera búnir að greiða ríkinu, sem skuld við það, áður en skatturinn er reiknaður út. Þetta sýnist mjög eðlilegt og sanngjarnt og ég vil segja alveg hliðstætt við þær aðrar greiðslur, sem heimilað er að draga þarna frá eignum, eins og ógreidd slysatrygginga- og atvinnurekendaiðgjöld, gjöld í atvinnuleysistryggingasjóð o. fl., sem upp er talið í frv.

Þá er næsta brtt. okkar, þ. e. 2. brtt., en þær brtt., sem ég hef nú talið og eru 7 talsins, eru allar við 2. gr. Næsta brtt. okkar er við 4. gr., og efni hennar er, að draga megi frá, þegar verið er að meta eignir aðila, allt það fé, sem lagt hefur verið í nýbyggingarsjóði skv. lögum nr. 20 1942 og lögum nr. 46 1954, hvort sem búið er að verja því til kaupa á framleiðslutækjum eða ekki, enn fremur að með eignum félaga teljist eigi heldur innistæður þeirra í sparisjóði. Þegar stóreignaskatturinn var á lagður 1950, var heimilað að draga frá matsverði eignanna það fé, sem lagt hafði verið í nýbyggingarsjóði, hvort sem var búið að verja því til kaupa á framleiðslutækjum eða ekki, og þetta varð einmitt sérstaklega útgerðarfyrirtækjunum veigamikið atriði. Annars hefðu þau átt mjög erfitt með að standa undir þessum skatti. Nú er að vísu heimilt

að draga frá matsverði skipanna og ýmissa eigna 20 og 25%, ef brtt. meiri hl. verður samþ., og 33 og 40% af fiskiskipunum, sem voru ekki hliðstæð ákvæði um þá, og mun gefa hlunnindi sem ég hef ekki getað reiknað út, hvort eru meiri eða minni en þau hlunnindi, sem veitt voru varðandi ákvæðin um frádrátt nýbyggingarsjóðanna. En við teljum engu að síður, að það sé rétt að taka upp að nýju eldra ákvæðið um það, að fé, sem í þá hefur verið varið á þessu tímabili, megi draga frá matsverði eignanna. Svo höfum við lagt til, að ef félögin, sem ég efast nú um að sé mikið um, eigi innistæður eða hafi átt innistæður í sparisjóði, þá séu þær ekki taldar með við eignauppgjörið, heldur dregnar frá, og er það til samræmis við ákvæði 3. gr. um sparifé einstaklinga.

Þá kem ég næst að brtt. við 6. gr., en eftir frv. er lagt til, að ef skatturinn er hærri en 10 þús. kr., sé gjaldanda heimilt að greiða allt að 90% af því, sem þar er fram yfir, með skuldabréfum, er hann gefur út, en ríkisstj. ákveður form og texta skuldabréfanna, og andvirði bréfanna greiðist með jöfnum afborgunum á eigi lengri tíma en 10 árum og séu vextir af þeim 6%.

Við teljum, að hér sé allt of skammt gengið, það beri að lengja greiðslufrestinn, og leggjum til, að hann sé færður upp í 15 ár. Ég minni á það, að með ákvæðunum um stóreignaskatt í lögunum frá 1950 var heimilt að greiða stóreignaskattinn á 20 árum, og það verður einnig að hafa hér í huga, að mjög margir þeirra, sem nú verða fyrir því, að á þá verður lagður þessi stóreignaskattur, ef að lögum verður, eiga enn ógreiddan mikinn hluta af fyrri stóreignaskatti, sem á hefur verið lagður fyrir 7 árum. Ég held, að það mundi verða til mikilla bóta fyrir einmitt atvinnureksturinn og atvinnustarfsemina að lengja lánstímann úr 10 árum upp í 15 ár, en hitt verði það erfitt, að félög og einstaklingar eigi erfitt undir því að standa. Og þótt ekki væri nema vegna annarra ákvæða í okkar skattalöggjöf, þá held ég, að enginn aðili geti skilað þeim arði af sínum atvinnurekstri, að hann eigi eftir það, sem síðan á að greiða í þennan stóreignaskatt, enda þótt það megi deila því á 10 ár, því að það er rösklega gengið samkvæmt öðrum lögum fram í því að taka í ríkissjóð og sveitarsjóði af tekjum manna, sérstaklega þegar um hátekjur er að ræða.

Á hinn bóginn skiptir þetta ekki verulega miklu máli fyrir þá aðila, sem eiga að njóta skattsins, eins og ég sagði áðan. Þó að gert væri ráð fyrir, að áætlanir stæðust um 80 millj. kr. á 10 árum, 8 millj. kr. á ári, þá er þetta ekki það, sem veldur neinum straumhvörfum til stuðnings byggingarsjóði ríkisins annars vegar og veðdeild Búnaðarbankans, og mundi ekki miklu muna þessa aðila, þótt þeir fengju þetta á 15 árum í staðinn fyrir á 10 árum og þá einar 6 millj. kr. í staðinn fyrir 8 millj. kr. En veigamikið atriði er þetta bæði fyrir einstaklingana og atvinnureksturinn, og þess vegna tel ég mjög mikið atriði, að hv. þm. skoði hug sinn vel um það, áður en þeir hafna því að gera þessa breytingu.

Þá leggjum við einnig til, að við þessa gr. bætist eftirfarandi ákvæði: „Til greiðslu á skattinum er heimilt að afhenda eignir með því matsverði, sem ákveðið er samkvæmt lögum þessum.“ Eftir stóreignaskattsákvæðunum eða lögunum frá 1950 var heimilt að afhenda eignirnar með því matsverði, sem ákveðið var í lögunum, til greiðslu á skattinum, og ég hygg, að það hafi ekki nema í til þess að gera fáum tilfellum verið gert. En það er rökstuðningur fyrir slíku ákvæði eins og þessu, að stundum getur viðkomandi aðila verið algerlega ókleift að inna af höndum þennan stóreignaskatt, ef hann má ekki afhenda eignina upp í skattinn, og í öðru lagi er slíkt ákvæði mikilsverður öryggisventill fyrir borgarana, að matið á eignunum verði hóflegt, og það hefur þeim mun meiri þýðingu nú en áður, ef ekki verður samþ. brtt. okkar um að fella niður sérstaka matið á lóðunum, jafnvel þó að samþ. verði brtt. meiri hl. fjhn. um það atriði. Þessi brtt. er þess vegna í senn sanngirniskrafa og mikilsvert öryggi fyrir skattþegnana.

Loks leggjum við til, að fellt verði niður ákvæði um það, að félög hafi rétt til þess að endurkrefja félagsmenn eða hluthafa um þær skattupphæðir, er þau þurfa að greiða vegna eigna þeirra í félögunum.

Meiri hl. hefur fallizt á nokkra brtt. við þetta ákvæði, þó að hann fallist ekki á okkar sjónarmið að fella þetta alveg niður. Teljum við í minni hl. það til bóta, þó að það gangi of skammt, en það er bæði til bóta, að ákvæði eru sett um, að aðalfundir þurfi að taka ákvarðanir um þetta í hlutafélögunum, og þar kemur inn viðurkenningin á réttmæti þess, að aðili megi þó greiða skattinn með þeirri eign, sem hann á, og eftir því mati, sem á hana hefur verið lagt, eða m. ö. o. að hann megi greiða eignina með hlutabréfum sínum, sem þá verða metin í hlutfalli við eignir viðkomandi hlutafélaga. Þetta verður þannig með till. meiri hl. viðurkennt í þessu einstaka tilfelli, en ætti að sjálfsögðu að vera sú almenna regla, sem við einnig leggjum til að verði með breytingunni á 6. gr.

Ég hef nú rakið þessar einstöku brtt., sem við í minni hl. flytjum á þskj. 558, og ég vil fastlega mega vænta þess, áður en málið verður afgr. hér í d., að þm. geri sér fulla grein fyrir því, hvort ekki sé bæði réttmætt og skylt að taka að verulegu eða miklu leyti til greina það, sem við höfum lagt til, enda þótt samkomulag hafi ekki orðið um það innan fjhn.

Ég hygg, að þetta mál í heild mundi fá töluverða lagfæringu, ef allar okkar brtt. verða samþ. Þó yrði málið aldrei glæsilegt, og ég hygg, að það verði seint til sóma þeim, sem nú standa að flutningi þess, og eigi eftir að hafa í för með sér eða leiða í ljós margháttuð tilfelli, sem sýna, hversu ógeðfelldur og óeðlilegur þessi skattur er, eins og hann nú ber að. Það er ekki aðeins, að það verkar almennt lamandi á uppbyggingu í efnahags- og atvinnulífi þjóðar, þegar menn mega búa við það æ ofan í æ, að án tilefnis eða annarra orsaka í þjóðfélaginu sé verið eftir á að taka af þeim þær eignir, sem myndazt hafa, og þetta lamar efnahagslífið, því að eignasöfnunin hjá einstaklingum og félögum er grundvöllurinn undir blómlegu efnahagslífi og atvinnulífi í landinu, en verð-

ur lítils virði, þegar því er hins vegar kippt af *hinum einstöku og safnað í sameiginlegan sjóð*, eins og hér er um að ræða og greinilega kemur nú fram varðandi þetta mál, eins og ég sagði áðan, vegna þess að það ræður engu verulegu til hagsbóta fyrir þá, sem skattsins eiga að njóta, miðað við það, sem hægt væri að áskilja þessum aðilum á annan hátt. T. d. er hér verið að tala um, að veðdeild Búnaðarbankans eigi að fá eitthvert brot af þessum skatti á næstu árum, en á sama tíma er beinlínis í fjárl. tugum og hundruðum millj. varið til ýmissa þarfa landbúnaðarins á undanförnum árum og nýjar skattheimtur til stuðnings atvinnurekstrinum um s. l. áramót um hundruð millj. kr., og einhvers staðar hefði sennilega mátt finna holu, þar sem hægt hefði verið að *hliðra til einum 8 millj.* kr. í öllum þeim ósköpum, þó að ekki væri farin sú leið, sem hér er um að ræða. En ég veit, að hv. stjórnarstuðningsmenn skilja þessar röksemdir, sem ég hef verið að *fjalla um hér, og er ljóst*, að *málið* er að verulegu leyti sýndarmál og blekking, ætlað það gagn í hinum pólitíska áróðri, að það hafi ekki aðeins verið lagðar hundruð millj. kr. álögur á almenning í þessu landi, heldur hafi stjórn hinna vinnandi stétta eða vinstri stjórnin ekki hlífzt við að láta hina ríku borga.

Það verður nú margur maðurinn, sem verður fyrir barðinu á þessum skatti, sem ekki telst ríkur maður í okkar skilningi og ómögulegt er annað en að segja um að muni verða fyrir fyllsta ranglæti. Ég hef t. d. í huga mann, sem hefur haft lífsuppeldi sitt af því að kenna hér íþróttir í höfuðstað landsins og byggt sér hús til þess og ég held að megi segjast að hafi verið bjargálna maður, en enginn ríkisbubbi. Hann kemst sennilega svipað af í þessari atvinnu sinni með þeim arði, sem hann hefur af þessari eign, eins og ýmsir hv. þm. í þeim störfum, sem þeir vinna í þjóðfélaginu, en þessi stóreignaskattur leggst nú samt á þennan stóreignamann með þeim hætti, að hann mun sennilega þurfa að greiða um 378 þús. kr. í slíkan stóreignaskatt, þó að enginn stóreignamaður eða ríkisbubbi sé.

Ég hygg, að í mörgum fleiri tilfellum verði þetta svipað og auk þess muni koma fram á öðrum sviðum, að erfitt verður um skattinnheimtuna, þar sem ekki má láta eignirnar eða hluta af þeim upp í skattinn, sem mun þá koma af stað ýmiss konar óheilbrigðum, óeðlilegum og ósanngjörnum eignayfirfærslum í þjóðfélaginu.

Ég lýk því máli mínu með því að ítreka þá almennu skoðun, sem fram kom í áliti minni hl. fjhn. á þskj. 488, að hér væri um mjög varhugavert *mál að ræða, og grundvöllur til álagningar* þessa stóreignaskatts verður á engan hátt réttlættur í sambandi við aðrar aðgerðir þings og stjórnar í efnahagsmálunum og engan veginn með því, að þetta sé ráðstöfun til þess að draga úr verðbólgu í þjóðfélaginu.

Þessi skattur er í dag að ófyrirsynju á lagður og mun ekki verða að miklu liði, en bitna almennt harðast á launþegum og öðrum í þessu landi, sem hafa lífsafkomu sína af því, að atvinnurekstur*inn* geti blómgazt og dafnað í þjóðfélaginu, og það er hætta á því, eins og á stendur í dag, yfirvofandi hætta og augljós hætta á því, að álagning þessa skatts verði til þess að *lama atvinnulífið* í landinu og stöðva á vissum sviðum rekstur atvinnulífsins, og sjá þá allir, að miklu verr er af stað farið en heima setið. En þessi almennu sjónarmið okkar eru einnig staðfest í bréfi frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Félagi íslenzkra iðnrekenda, sem gerð er grein fyrir í nál. okkar, en þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Er einróma álit samtakanna, að afleiðingar af álagningu skattsins verði ekki aðeins til stórkostlegs tjóns öllum þeim atvinnufyrirtækjum, sem skattinn þyrftu að greiða, heldur einnig launþegum þessara fyrirtækja og þá um leið beint eða óbeint öllum almenningi í landinu, þar sem samþykkt frv. felur í sér slíka árás á flest atvinnurekstrarform, að atvinnurekst*urinn* mundi torveldast eða dragast saman að meira eða minna leyti. Verður þó ekki að óreyndu trúað, að slíkt vaki fyrir hinu háa Alþingi.“

Enn fremur segir þar, með leyfi hæstvirts forseta:

„Á þessu stigi málsins er ekki hægt að gera sér fulla grein fyrir, hve stóreignaskattsálagningin verður þungbær. Þó er sýnt, að flest hinna stærri útgerðar-, iðnaðar- og verzlunarfyrirtækja, sem frv. tekur til, hljóta annaðhvort að draga saman rekstur sinn og selja fasteignir sínar eða tæki eða að bankarnir verða að auka lán til þeirra sem nemur greiðslum afborgana og vaxta af stóreignaskattinum.“

Þetta er upp tekið úr bréfi Vinnuveitendasambandsins og Félags ísl. iðnrekenda, sem þeir sameiginlega skrifuðu n., en þessir aðilar benda réttilega á, að atvinnufyrirtæki hér og einstaklingar, sem búa við sáran rekstrarfjárskort í landinu, geta ekki greitt stóreignaskattinn nema með þrennu móti, að bankarnir auki lán til fyrirtækisins, sem svarar greiðslu á stóreignaskattinum, og kemur það þá niður á því lánsfé eða lánsfjármöguleikum, sem ella hefðu verið til annarra þarfa hjá bönkunum, í öðru lagi, að fyrirtækin selji hluta af eignum sínum til greiðslu skattsins, eða í þriðja lagi, að fyrirtækin afhendi eignir upp í skattinn á matsverði, ef slíkt yrði leyft.

Fyrirsvarsmenn þessara heildarsamtaka, Vinnuveitendasambands Íslands og Félags íslenzkra iðnrekenda, sátu fund með fjhn. og gerðu grein fyrir sínum sjónarmiðum, sem að mestu leyti voru að árétta þau sjónarmið, sem fram komu í bréfi þeirra og minni hl. hefur komið hér á framfæri með því að birta í sínu nál. Innan n. varð ekki neitt samkomulag um að sinna þessum sjónarmiðum eða taka þau upp, en eins og menn sjá, er að verulegu leyti gengið til móts við þau og á margan hátt lengra en óskað er eftir í þeim till., sem minni hl. fjhn. flytur.

Ég legg svo áherzlu á, að það *mundi* verða til mikilla bóta, ef okkar brtt. yrðu samþ., en heilbrigðast að leyfa þessu máli í heild að hvíla sig og bíða betri tíma.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Áður en mál þetta fer út úr þessari deild, vildi ég lýsa afstöðu minni til þess. Hún er í stuttu máli sú, að ég er andvígur frv. í heild sinni og ég er andvígur

þessari skattaálagningu og tel hana ekki verða að því gagni, sem talið er.

Það er, eins og gefur að skilja, dálitið óvenjulegt og ekki gert stöðugt að leggja skatt á eignir, og það er rétt í því sambandi að gera sér ljóst, að þessi skattur er lagður á eignir, sem menn eru búnir að borga tekjuskatt af, þegar þeir eignuðust þær, og tekjuskattur á Íslandi er sannarlega ekkert sérstaklega lágur. Ég býst við, að það sé álit allra, að hann sé fyllilega sambærilegur við skatta annars staðar af tekjum. Og það er eitt, sem er alveg sérstaklega vert að gera sér ljóst, að einmitt þær eignir á Íslandi, sem mest væri þörf á að skattleggja, eru þær eignir, sem ekki eru á skattframtölum manna, þær eignir, sem er stungið undan tekjuskattinum. En hérna er verið að skattleggja einmitt þær eignir, sem ekki hefur verið stungið undan tekjuskatti, heldur eru komnar á skattaframtöl manna, og þangað komast þær ekki, nema því aðeins að þeirra hafi verið aflað með tekjum, sem búið er að borga tekjuskatt af. Þetta er vert fyrir okkur að gera okkur ljóst og þá að reyna að gera sér ljóst, hvaða afleiðingar svona skattlagning getur haft.

Ég held, að fyrstu afleiðingarnar af svona skattlagningu séu þær, að menn bera minna traust til hins opinbera en áður; það séu fyrstu afleiðingarnar. Menn telja, að þeir séu ekki frjálsir með eignir sínar, þó að þeir séu búnir að borga tekjuskatt af þeim. Það er ekki einu sinni öruggt að telja þær fram. Það getur komið einhver ríkisstj., sem tekur þær af þeim samt.

Hvað þýðir þetta í framkvæmdinni? Þetta þýðir það, að menn fara miklu meira en raun er á núna að skjóta tekjum sínum og eignum undan sköttum. Og hver er svo afleiðingin af því, ef ágerist það mjög svo sjúklega fyrirbrigði í okkar þjóðfélagi, sem er allt of almennt, — við vitum, að það er svo almennt, að það er bókstaflega eitt af okkar mikla böli? Ef menn fara nú meira en orðið er að skjóta tekjum og eignum undan eðlilegri skattálagningu, þá erum við að stíga skref aftur á bak.

Þegar talað var um stóreignaskatt hér fyrr á árum, — þá átti ég sæti á þingi líka, — var það byggt sérstaklega á því, að það var talið og það með allmiklum rétti, að stríðsástandið hefði skapað einstökum mönnum sérstaklega góða aðstöðu til tekjuöflunar, til gróða, og vegna þess að stríðsástandið var mjög óeðlilegt ástand og því óeðlilegt, að það skapaði mönnum gróða, var talið eðlilegt og sjálfsagt að leggja á stóreignaskatt og hagnýta þannig í almenningsþágu nokkuð af þeim gróða, sem menn höfðu þannig safnað sér. Þetta er sjónarmið, sem er að vissu leyti réttmætt. Og ég held, að það hafi allir, sem sæti áttu á þingi, verið nokkurn veginn sammála um það, að eitthvað slíkt þyrfti að gera, það væri óeðlilegt, að menn sætu uppi með þann ofsagróða, sem þeir höfðu af stríðsástandinu. Og í þeim anda voru sett lögin um stóreignaskatt 1947 í sambandi við eignakönnunina, sem munu svo aldrei hafa verið framkvæmd, en afnumin, þegar stóreignaskatturinn var á lagður árið 1950.

Í öðru lagi má segja, að það séu viss rök fyrir því að leggja á stóreignaskatt, þegar framkvæmdar eru stórfelldar breytingar á hagkerfi þjóðanna, breytingar, sem hafa það í för með sér, að þeir menn, sem eignir eiga, verða venjulega ríkari, miðað við gjaldmiðilinn. Slíkar breytingar er aðeins hægt að tala um, ef um stórfelldar gengislækkanir er að ræða, stórfellda breytingu á skráningu gengis.

Nú hefur ekkert slíkt skeð. Við höfum leyst okkar efnahagsmál með bráðabirgðaráðstöfunum og ekkert öðru en bráðabirgðaráðstöfunum, með því að innheimta stórfellda skatta og það meiri skatta en áður hafa þekkzt, og síðan er þessum sköttum úthlutað til þeirra, sem reka tapatvinnurekstur í sjávarútvegi, eftir ýmsum þar til settum reglum.

Ég gerði grein fyrir því, þegar þessar ráðstafanir voru gerðar í desembermánuði s. l., að ég teldi, að þessi stórfellda skattaálagning, sem framkvæmd var í sambandi við lausn vandamála sjávarútvegsins, hlyti að hafa það í för með sér, að allmikill samdráttur yrði í atvinnulífinu, vegna þess að þeir fjármunir, sem þannig væru dregnir saman, kæmu út yfir rekstrarfé fyrirtækjanna. Og þar sem vitað er, að ástandið í landinu er þannig, að það er ekki hlaupið að því fyrir fyrirtækin að fá að sama skapi hærra rekstrarfé sem skattheimtan verður hærri, var náttúrlega sýnilegt, hver afleiðingin hlyti að verða. Þegar tekið var til að leysa málin með þessum hætti, segir það sig sjálft, að það eru ekki sérstök rök fyrir að leggja slíkan skatt á eignir, eins og hér er um að ræða. Það er alltaf vinsælt að taka eignir af ríkum mönnum, og í því skjóli er þetta boðað, en ég held, að þetta hafi miklu alvarlegri afleiðingar en svo, vegna þess að meginhlutinn af þeim mönnum, sem koma til með að borga þennan skatt, er menn, sem halda uppi atvinnulífinu og alveg sérstaklega atvinnulífinu í þessari borg. Og ef þeir eru neyddir til þess að borga stórfé af lausafé sínu, þá hlýtur það að verða til þess, að atvinnulífið dregst saman, og þá kemur það út yfir þá, sem vinna hjá þeim, það verða færri, sem þeir geta veitt atvinnu, kannske getur svo farið, að þeir hætti rekstrinum, og þá er ég ekki viss um, að ríkið eða samvinnufélög eða nein önnur félög séu tilbúin að taka jafnmarga menn í vinnu. Það eru ýmis merki þess hér í Reykjavík, að atvinnulífið sé að dragast saman. Það má kannske segja sem svo, að það megi nokkuð dragast saman frá því, sem var, en það er ákaflega mikil hætta á því, eftir því sem ég hef frétt af vinnustöðum hingað og þangað, að það sé að dragast saman svo óeðlilega mikið, að það geti orðið beinlínis háskalegt, og þegar samdráttur er byrjaður, getur hann orðið óviðráðanlegur, hann getur velt upp á sig. Tekjumissir eins mann getur valdið tekjumissi og veldur tekjumissi annarra manna, og þannig veltur þetta eins og snjóbolti, sem hleður utan á sig og getur orðið óviðráðanlegur.

Ég tel því, að úr því að svo var farið að, uppbótarleiðin valin, það var valið að leggja á röskar 500 millj. af sköttum, — að vísu var endurálagt eitthvað um 160—170 millj. af því, en annað af því var nýtt, — fyrst sú leið var farin, þá sé ekki rök fyrir því að leggja á þennan skatt, sem hér er um að ræða. Það hefðu verið viss rök fyrir því, ef það hefði verið farið inn

á þá braut að breyta genginu. En ég sé engin rök fyrir því, fyrst þessi leið var farin, sem sýnilega hefur þegar í för með sér stórfelldan samdrátt í öllu atvinnulífi þjóðarinnar.

Eitt atriði í þessu sambandi er spurningin um lögmæti þessa skatts. Ég ætla ekkert að fara að spá því, hvað hæstiréttur mundi segja um það, en ég vil bara benda á það: Er hægt að leggja á eignarskatt, ja, við skulum segja t. d. árlega? Væri hægt að leggja skatt á eignir t. d. árlega? Hér er gert ráð fyrir því, að ef menn eiga yfir 3 millj., eins og þær eignir eru útbúnar með þeim reglum, sem í frv. eru, og það þarf ekki að vera stór atvinnurekstur, til þess að það komist upp í 3 millj., þá á ríkið að taka ¼ af eignunum, sem umfram er. Má þá ekki alveg eins taka helming eða kannske allar eignirnar, sem eru umfram 3 millj. kr.? Hvar eru takmörkin yfirleitt fyrir þessu? Ég var á þeirri skoðun, að stóreignaskatturinn væri sérstakt fyrirbrigði, sem alveg sérstaklega helgaðist af stríðsástandinu, og mér fannst, að ef væri hóflega í það farið, þá væri hægt að helga slíkan eignarskatt aftur núna, ef það hefði verið í sambandi við einhverjar stórfelldar breytingar á gildi peninga í sambandi við gengislækkun. En þegar þetta kemur ofan á stórkostlega skatta, sem eru lagðir á þessi fyrirtæki fyrir, þá sé ég engin heilbrigð rök fyrir því að leggja þennan skatt á.

Það er vitanlega hverjum manni ljóst, að hvert iðnaðarfyrirtæki í Reykjavík, skulum við segja, og raunar hvar sem er um landið, eða verzlunarfyrirtæki þarf núna allmiklu meira fé til rekstrar, það þarf nú að borga þessi innflutningsgjöld, um leið og það leysir út sína vöru, sem það ætlar að selja eða ætlar að framleiða úr, og verður þess vegna að hafa meira fé milli handa til þess að halda uppi sömu starfsemi og það hélt uppi, áður en skattarnir frá því í des. s. l. voru á lagðir. Þetta sem sagt verður til þess, að laust fé í þjóðfélaginu minnkar og minnkar verulega mikið.

Það munar um það, þegar innheimtar eru þarna um 400 millj. kr. Það munar mikið um það, þegar slíkar fúlgur eru innheimtar, og það er enginn vafi á því, að þetta mun valda geysilega miklum örðugleikum í atvinnulífinu. Ofan á þetta bætist svo, að bankarnir eru svo fast keyrðir, að það er ekki einasta það, að bankarnir hafi ekki getað haldið áfram að lána til rekstrarins það fjármagn, sem þeir gátu gert áður, heldur eru þeir allir að reyna að draga inn eins mikið og þeir mögulega geta og þyrftu raunverulega að draga inn meira. Þeir eru komnir í yfirdrátt í seðlabankanum o. s. frv., sumir, eins og vitað er, þannig að þarna verður engin vörn að því að geta fengið lán. Svo kemur þessi skattur, að vísu á ekki að borga hann í einu lagi, það á að borga hann í 10 pörtum, en hann getur líka orðið nokkuð hár, þarna er búið að hækka t. d. fasteignir svo mikið, að þetta verða allmiklar upphæðir. Mér er sagt t. d., að eitt fyrirtæki, sem hefur aðsetur hér í miðbænum og er talið þjóðþrifafyrirtæki og nauðsynjafyrirtæki, muni þurfa að borga um 3 millj. kr. í þennan skatt. Þeir eiga að borga þetta á 10 árum. Það gerir sem sagt 300 þús. kr., þar að auki 6% af 3 millj., eða nærri ½ millj. Þetta á þetta fyrirtæki að borga af rekstri sínum á ári, lækkandi örlítið með lækkandi vöxtum, og þetta er fyrirtæki, sem við mundum sennilega allir blygðast okkur fyrir, ef það hætti rekstri sínum, það væri þjóðinni til skammar. Þetta sýnir, að það er dálítið háskaleg braut, sem verið er hér, ja, kannske ekki að byrja á, heldur kannske halda áfram á. Mér finnst skattaálagningin vera orðin of mikil í þjóðfélaginu almennt og að það taki út yfir, þegar menn geta ekki einu sinni verið í friði með sinn rekstur eða með þær eignir, sem þeir eru búnir að telja fram og búnir að borga tekjuskatt af. Ef það væri verið að eltast við þær eignir, sem þeir hefðu stungið undan, væri það kannske sök sér.

Ég held, að jafnvel þó að þessum skatti yrði nú sleppt, þá gæti hæstv. ríkisstj. verið ánægð með afrek sín á þessu sviði, á sviði skattaálagningar. Ég held, að hún sé búin að slá öll met, sem þekkjast hingað til, þó að þessu verði sleppt, og hún geti alveg þess vegna með góðri samvizku lagt þennan skatt á hilluna og geymt hann þá þangað til það verður kannske nauðsynlegt að breyta genginu, sem hver einasti maður hlýtur að sjá, að er óhjákvæmileg nauðsyn þá og þegar og ekki hvað sízt vegna þeirra ráðstafana, sem gerðar voru í vetur.

Ég held, að ein af meginástæðunum fyrir því ástandi atvinnuveganna, að meira og meira af atvinnurekendum landsins er að koma til ríkissjóðs og biðja um framlög úr ríkissjóði, sem innheimt eru svo með sköttum á allan almenning, sé sú, að við erum búnir að ganga of langt í skattaálögum. Við erum búnir að kippa svo fótunum undan öllum, sem eru að reyna að hafa einhvern rekstur með höndum, að þetta er ekki hægt lengur. Og hver verður svo niðurstaðan? Niðurstaðan verður svo sú, að það verður að hækka skatta á allan almenning mjög verulega til þess að halda öllu gangandi. Það þýðir náttúrlega ekkert að neita því, að samfara þessu er svo vitanlega geysilega mikið aukið ríkiseftirlit á öllum sviðum. Það er verið að ráða tugi manna alltaf, það er ekki eingöngu þessi hæstv. ríkisstj., heldur hafa líka undanfarandi ríkisstj. gert þetta. Þróunin hefur verið þessi. Það er alltaf verið að ráða fleira og fleira fólk í alls konar neikvætt eftirlitsstarf í þjóðfélaginu, taka hendur frá jákvæðri framleiðslu í neikvæð skrifstofustörf, og þetta er enn eitt stórt skref á þeirri braut.

Ég hef ekki trú á, að það sé hægt að leysa og að það eigi að leysa alla hluti með nýjum skattaálögum og nýju eftirliti og láta ríkið vera með sitt nef ofan í hvers manns koppi. Ég hef ekki trú á því, að það sé lausnin á þjóðfélagsvandamálinu. Ég held, að þetta auki þjóðfélagsvandamálið og það mjög verulega, eins og þróun síðustu ára hefur sýnt, að aldrei hefur orðið að borga eins mikið úr opinberum sjóðum til þess að halda gangandi atvinnulífinu, sem þó er undirstaðan undir öllu, eins og einmitt núna er gert.

Ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um það, að ein meginástæðan fyrir því, að útgerðin er svo illa komin, að það er ekki hrundið báti á flot nokkurs staðar á landinu, svo að það sé ekki

byrjað á því að tala við hæstv. ríkisstj. um það, sé þessir miklu skattar.

1942, á fyrra þinginu, fyrir kosningarnar, var breytt mjög verulega skattalöggjöfinni. Ég kom ekki á þing fyrr en eftir kosningarnar 1942, og þá var skattur á útgerð og útgerðargróða stóraukinn, og það var vitað mál, að útgerðarfélög, sem græddu mjög verulega á stríðsárunum, voru í harðakapphlaupi við ríkisstj. um að eyða sem mestu og á sem heimskulegastan hátt til þess að fá þó eitthvað, að því er þeim fannst, fyrir peninga sína; annars fór það allt í ríkið. En um leið og eitthvað fór að bjáta á eftir stríðið, hvað var þá gert? Þá komu þessir menn og urðu að fá ríkisstyrk, og það hefur enginn flokkur treyst sér að neita slíku. Það getur enginn haldið því fram, að það eigi að stöðva útgerðina. Ætli það hefði ekki verið betra að leyfa þeim að safna þá einhverjum gróða, ef það hefði verið tryggt, að það gengi í varasjóði, sem þeir hefðu getað gripið til, svo að ekki væri verið að taka þetta á opinbera framfærslu?

Nú er verið að segja, að útgerðin sé þjóðnýtt á þann hátt, að töpin séu þjóðnýtt, en gróðinn sé einkaeign. Það er nú síður en svo, að það sé, því miður. Því miður hefur enginn gróði verið í þessu, og er mér vel kunnugt um það og betur en ýmsum öðrum, að enginn gróði er. Ég hef starfað í þeim málum alla vega og meðal annars verið sjávarútvegsmálaráðherra. Því miður er engan gróða þar um að ræða. Og ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um það, að ef það væri gróði fyrir hendi, þá mundu menn ekki kæra sig um að þurfa að leggja sig undir það eftirlit og allt það pex og rex, sem því er samfara að þiggja fémútu úr ríkissjóði til þess að geta haldið atvinnurekstri sínum gangandi. Það mundi áreiðanlega enginn gera það af frjálsum vilja að fara þannig að.

Ég held, að þessi skattur, sem hér er um að ræða, muni leggjast alveg sérstaklega og með sérstökum þunga á iðnaðinn í Reykjavík. Þess vegna verður hann alveg sérstaklega háskalegur fyrir atvinnulíf Reykvíkinga, og það finnst mér það háskalegasta við hann. Þó að maður fari alla ströndina frá Reykjavík og til Reykjavíkur aftur, er ég óviss um, að þar verði nokkur maður, sem verði talinn stóreignaskattskyldur. Ég skal þó ekki fullyrða það, en þeir verða ekki margir. Þetta er sem sagt skattur á Reykjavík. Og þetta er fyrst og fremst skattur á iðnaðinn og verzlunina í Reykjavík, sem vitanlega hlýtur að hafa þær afleiðingar að draga saman rekstur þessara fyrirtækja og minnka það lausafjármagn, sem þau geta haft til rekstrar, og þar með minnka atvinnuna. Og það gæti orðið dýr skattur á fólkið. Það er hægt að borga alls konar skatta, 100%, jafnvel 200%, og eitt og annað, sem menn þurfa að kaupa sér, ef þeir hafa vinnu. En hafi þeir ekki vinnu, þá verður enginn skattur sóttur í vasann hjá því fólki. En þessum skatti framar öllu öðru virðist mér vera beinlínis stefnt að sjálfri uppsprettu þjóðarteknanna, sjálfri vinnustarfseminni, að menn geti fengið að starfa.

Það er líka rétt að benda á í þessu sambandi, að verðlagsákvæði hæstv. ríkisstj. hafa verið það þröng, það hefur verið vitað mál, og þar hef ég umsagnir manna úr öllum flokkum, að þau séu það þröng, að meiri hluti fyrirtækja í Reykjavík sé rekinn með tapi vegna verðlagsákvæða þeirra, sem ríkisstj. hefur fyrirskipað. Það er sýnilegt, að verðlagsákvarðanirnar eru framkvæmdar af fullkomnum óvitaskap. Það er engu líkara en þeir menn, sem stjórna verðlagsmálunum, haldi, að öll álagning sé þjófnaður, þeir geri sér ekki ljóst, að af álagningunni eru borguð vinnulaun til meginhluta til dæmis Reykvíkinga. Og það er vitanlega gersamlega óþolandi, að ráðherra noti sitt vald til að snúa atvinnulífinu þannig við, að það sé rekið með tapi. Meira að segja hefur verið státað af því í Þjóðviljanum og það hefur verið nefnt sem rök fyrir því, hvað sá flokkur á skelegga ráðherra, að ákveðin félög, sem eru nefnd á nafn, séu rekin með tapi og með verðlagsákvæðunum sé búið að taka af þessum félögum stórkostlega fjármuni. Ef þetta er rétt, sem Þjóðviljinn hefur sagt, að félögin hafi verið rekin með tapi og þau hafi orðið að skila stórkostlegum fjármunum þannig, þá er það lögbrot, það eru hrein lögbrot. Það er óheimilt að nota verðlagsákvæðin þannig. Það þyrfti engan verðlagsskatt að leggja á, ef það væri hægt að taka það svoleiðis. Það þyrfti engan stóreignaskatt að leggja á, ef þannig væri hægt að gera. En það er vert einmitt að athuga það, að einmitt þessi stóreignaskattur, sem kemur kannske ekki mest við eignir manna, kemur við tekjurnar. Tíundi hluti hans þarf þó að borgast í peningum. Þannig kemur hann þyngst niður. Hann lendir á fyrirtækjum, sem eru harðpínd með — eins og ég segi — óvitalegum verðlagsákvæðum.

Ég verð nú að segja það: Hvernig stendur á því, að ríkisstj. kemur ekki auga á neina aðra leið en nýja skatta? Finnst henni þetta vera hægt? Hvað á að gera um næstu áramót? Á að bæta við 200 milljónum eða 300 milljónum þá? Hvað á að gera? *Við erum að borga Færeyingum*, sem við höfum tekið í vinnu hér, á annað þúsund manns, — við erum raunverulega að borga þeim 50—70% hærra kaup en íslenzkum sjómönnum, af því að þeim er borgað í gjaldeyri og gjaldeyririnn er skráður svona skakkt. Lætur ríkisstj. sér detta í hug, að það sé hægt að halda áfram á þessari braut?

Ég hef verið mikið að velta því fyrir mér, hvernig stendur á þessu ákaflega mikla skattaæði. Ég er ekkert undrandi yfir Alþýðubandalaginu og ráðherrum þess. Þó er ég mjög undrandi yfir hæstv. viðskmrh., af því að við vorum mjög vel sammála um það, þegar við vorum flokksbræður, að það væri komið allt of langt í skattaníðslu á *Íslandi*. *Ég er mjög mikið hissa á hans afstöðu* í þessu máli. En viðhorf Alþýðubandalagsins, minna gömlu samherja, er ósköp einfalt. Það er með sköttum, af því að það er á móti einkarekstri. Það er með sköttunum til þess að stöðva einkareksturinn. Það er ósköp einfalt. Þetta er ósköp vel skiljanlegt. Þeir telja allan einkarekstur vera frá hinu illa, það eigi að afnema hann, hver sá maður, sem rekur eitthvað á eigin reikning, sé ekki heiðarlegur maður, það eigi allir að vera á launum hjá ríkinu eða ríkisfyrirtækjum. Það er þeirra viðhorf. En ég hef verið meira hissa á þessu skattaæði Framsfl. Og það er vitanlega

ekki komið af þessum ástæðum. Ég held það sé af þeirri ástæðu, að þeir telji sig vera að brjóta S. Í. S. frekar braut í íslenzku atvinnu- og verzlunarlífi. En ég vil bara benda þessum hv. mönnum á það, að S. Í. S. er nú orðið ekkert lítið fyrirtæki. S. Í. S. er orðið stærsta auðfyrirtæki landsins. Það er hreinn barnaskapur, það er hrein fásinna að vera að tala um kapítalista á Íslandi í samanburði við S. Í. S. Þeir eru allir saman eins og óvitar með leikföngin sín miðað við þetta bákn, sem þarna er um að ræða. Þetta bákn nýtur þar að auki sérstakra skattfríðinda, og þar liggur hundurinn grafinn. Ef þessi skattur ætti að leggjast á S. Í. S. og eignir S. Í. S., þá yrði haldið í spottann frá Framsfl. En hann á ekki að leggjast á S. Í. S. Það er mál út af fyrir sig, sem ég ætla ekki að fara að ræða um hér, um skattaálögur samvinnufélaganna, en það voru viss rök fyrir því, að samvinnufélögin hefðu skattfríðindi, á meðan þau voru smá og veigalítil fjárhagslega og voru samtök fátæks fólks til þess að komast upp úr fátæktinni á þeim árum, þegar afi minn og ýmsir fleiri voru að starfa að þessu. En núna þegar Samband ísl. samvinnufélaga hefur fullkomnustu tæki, sem yfir er hægt að ráða, í hverri grein fyrir sig, hefur betri aðstöðu en nokkur einstaklingur, svo að það er ekki hægt að bera það saman, og hefur haft betri aðstöðu gagnvart löggjafanum en nokkur einstaklingur líka, þegar kaupfélögin eiga þar að auki að vera skattfrjáls, þá er það orðið skakkt að mínu áliti. Þetta hefur líka komið þannig út, að skattarnir á einstaklinga hafa orðið óhóflega háir og eru óhóflega háir, skattarnir á tekjur einstaklinga. Þetta hefur svo aftur valdið því, að ásóknin í kauphækkanir hefur orðið enn meiri vegna þessara óhóflegu skatta, og þannig hefur dýrtíðarskrúfan verið keyrð áfram, þannig að það er verulegur hluti í þessu óeðlileg skattfríðindi samvinnufélaganna, sem ég held að væri bezt fyrir Samband ísl. samvinnufélaga sjálft og alla, sem vilja því vel, að fá leiðrétt, að það tæki sinn þátt í því að leggja fram það fjármagn, sem þarf til almennra mála á Íslandi, eins og aðrir. Og ég verð að segja það, að það hefur vakið mér mikla hryggð að sjá Framsfl. falla alveg í faðma við Alþb. í því skattaæði, sem mér virðist hafa ríkt á þessu þingi, sem nú er að ljúka.

Það verður sagt náttúrlega á eftir, að nú sé Áki Jakobsson óttalegur níðingur, hann vilji ekki lána fólki til þess að byggja sér hús, af því að það á að nota þetta til þess að byggja hús fyrir. En ég vil benda hæstv. ríkisstj. á það, að ef hún telur, að það þurfi skatt eins og þennan og aðra skatta, eins og kemur að vissu leyti fram í tekjuöflunarfrv. til húsnæðismálastjórnarinnar, sem liggur fyrir þinginu líka, þurfi endilega skattaálagningu, þá er það fyrir það, að hún hefur ekki trú á því, að henni takist að stöðva dýrtíðina. Eins og verið hefur, hafa skattarnir verið lagðir á til þess að afla tekna í húsnæðismálasjóð, til þess að það væri hægt að lána. En af hverju þarf skatta til þess að afla fjármuna í þessi útlán? Það er vegna þess, að þegar peningarnir koma til baka frá lántakendunum, eru þeir einskis virði eða kannske ekki nema þriðjungsvirði af því, sem þeir voru. Það er sem sagt dýrtíðin, sem veldur þessu. Ef við hefðum getað stöðvað dýrtíðina, mundi sparifé skapast af sjálfu sér. Þá fengu menn traust á peningunum, og þá þyrfti ekkert húsnæðismálakerfi eða húsnæðismálastjórn, þá gætu bankarnir annazt þetta. Ástæðan fyrir því, að ekki eru til peningar til þess að lána til eðlilegra húsnæðisbygginga, er sú, að dýrtíðarskrúfan hefur gengið. En með þessum ráðstöfunum er verið að hraða ferð dýrtíðarskrúfunnar, en ekki stöðva hana, þannig að það er ekki verið að leysa neitt. Við erum að taka inn með sköttum peninga til þess að byggja húsnæði fyrir, og við vitum, að þessir peningar koma ekki aftur nema örlítill hluti þeirra, af því að dýrtíðarskrúfan heldur áfram að gera peningana verðlausa. Það er engin leið að leysa vandamálið svona. Vandamálið verður að leysast með því að stöðva dýrtíðina, og það hafa allar stéttir þjóðfélagsins jafnan hag af því, að það sé gert. Ég held, að það sé einmitt það, sem hefði þurft á þessu þingi að skapa samtök um, að reyna að stöðva dýrtíðina, og það hefðu allir flokkar átt að geta verið sammála um. En það hefur ekki orðið enn sem komið er, og það er sýnilegt, að þær ráðstafanir, sem gerðar voru í desember, ætla að hafa meiri áhrif til dýrtíðaraukningar en jafnvel menn létu sér detta í hug þá.

Ég vildi gera grein fyrir því, áður en þetta mál færi úr deildinni, hver væri afstaða mín til þess, og því hef ég skýrt þessa afstöðu, en ég er algerlega á móti því, að þessi skattur á stóreignir verði á lagður, eins og nú standa sakir.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég vil fyrst nota tækifærið til þess, úr því að ég sé þá báða stadda í deildinni, hæstv. fjmrh. og viðskmrh., sem sannast sagt ber nú ekki allt of oft við, að þeir virði þingheim þess að sitja með honum á fundum, og ég hef veitt því athygli, að þeir hafa yfirleitt ekki látið svo lítið við þessar umr. um þessa mjög óvenjulegu skattheimtu að vera hér inni, þó að þeir hafi nú rekizt hér inn og sitji eins og kríur á steini rétt um sinn, — en úr því að þeir eru hér, þá vil ég spyrja þá, hvort þeir séu sammála hv. síðasta ræðumanni, þm. Siglf. (ÁkJ), þeirra stuðningsmanni og ríkisstj., um, að það sé fyrirsjáanlegt og óhjákvæmilegt, að gengi íslenzku krónunnar verði fellt. Ég tel þeim mun meiri ástæðu til þess að spyrja um þetta og beina því til hæstv. ráðh., þar sem ég heyri það hvaðanæva af landinu, að því sé nú hvíslað úr stjórnarherbúðunum til þeirra manna, sem þeir vilja vel gera, að þeir skuli búa sig undir gengisfellingu, sem verði fyrir haustið. Það er mjög alvarlegt mál, ef þannig er farið að, í fyrsta lagi, ef það er haft í huga að fella gengið, í öðru lagi, ef beita á stjórnarvaldinu til þess að gefa einstökum gæðingum færi á því að mata krókinn í sambandi við þær ráðstafanir með því að láta þennan orðróm berast. Og það er fullkomin ástæða til að ætla, að hann sé ekki jafntilhæfulaus og menn hefðu kosið að væri, úr því að hv. þm. Siglf., sem auðsjáanlega er bersögulli en margir aðrir stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., þó að hann hugsi ekki ólíkt því, sem margir þeirra gera, og menn skyldu ætla, að þeir hugs-

uðu á annan veg, eftir þeirra atkvæðagreiðslum hér, — en hann segir, hv. þm., og hefur sagt nú og fyrr á þessu þingi það, sem síðar kom á daginn að var inni fyrir hjá stjórnarliðinu í heild. Við minnumst þess, þegar hv. þm. Siglf. gerði grein fyrir afstöðu sinni til jólagjafarinnar miklu, sem samþ. var hér í desember, og tók fram, að þar væri um bráðabirgðaráðstafanir að ræða, allsendis ófullnægjandi. Þetta skaut mjög skökku við það, sem fram hafði verið haldið af stjórnarliðinu í umr. þá fáu tíma, sem okkur voru ætlaðir til þess að ræða og taka ákvarðanir um þetta mjög mikilsverða mál. En hvað kom svo á daginn, eftir að Framsfl. hafði haldið, ég hygg miðstjórnarfund eða einhverja samkomu hér í vetur? Þá var sagt í forustugrein Tímans um þessar ráðstafanir mjög svipað því, sem hv. þm. Siglf. hafði sagt við sína grg. hér í vetur. Þess vegna hlýtur það mjög að auka grunsemdir manna um sanngildi þess orðróms, sem flokksmenn stjórnarinnar eru nú að læða til sinna vildarvina, þegar hv. þm. Siglf. rýfur þögnina hér á Alþingi og segir, að þannig hafi verið á haldið, að óhjákvæmilegt sé, að gengið verði fellt, og verið sé að undirbúa það. Málgagn hæstv. viðskmrh., Þjóðviljinn, málgagn stærsta stjórnarflokksins, hefur raunar hvað eftir annað fullyrt, að hinir stjórnarflokkarnir hafi viljað knýja gengislækkun fram fyrir áramótin og það hafi eingöngu verið fyrir stöðugleika þessara hv. þm. og staðfestu hans og hæstv. félmrh., að komið var í veg fyrir hin óskyggilegu áform.

Ef ég þekki minn fyrri samstarfsmann, hæstv. fjmrh., rétt, þá er hann nú nokkuð iðinn við kolann og gefst ekki upp við fyrstu raun. Hann hefur í ýmsu reynzt staðfastari en hæstv. félmrh., sem hefur hlaupið á milli flokka oftar og tíðar en tölu verður á komið í skjótu bragði, og reynzt skoðanafastari um margt en hæstv. viðskmrh., sem eins og við vitum hefur a. m. k. varðandi eitt aðalefni stjórnarsamningsins, varðandi dvöl erlends varnarliðs, verið harla óviss í sínum skoðunum og hvarflað mjög til, ekki síður en hæstv. félmrh., sem fullyrt er að hafi vegna þeirra ummæla, sem hann hafði um það mál 1. maí, ekki fengið ræður sínar, sem hann hélt á þeim hátíðisdegi verkalýðsins, birtar í málgagni flokksins, Þjóðviljanum.

Það skyldi því engan undra, þó að nú væri verið langt komið með að hnoða deigið, svo að bráðum yrði efnt til bakstursins, það væri búið að gefast upp og við fengjum að éta þetta gengisfellingarbrauð einhvern tíma áður en haustnætur hefjast. En ég hygg, að það sé miklu mennilegra af hæstv. ríkisstj. að segja hreinlega, hvað fyrir henni vakir, heldur en að halda áfram þeim skollaleik, sem hún nú gerir, og það er sannast sagt ofboðslegt, þegar málgagn fjmrh., Tíminn, segir í gær, að þær ráðstafanir, sem gerðar hafi verið í fjárhagsmálunum, séu til frambúðar, ef einhverjum illum mönnum takist ekki að hleypa af stað nýrri kauphækkunar- og verðbólguöldu. Ég spyr: Hverjir hafa hér haft forustu um að hleypa af stað þeirri kauphækkunar- og verðbólguöldu, sem því miður er nú að rísa hærra en nokkru sinni áður? Það var rétt, sem hv. þm. Siglf. sagði um það, og það var rétt, sem hv. 9. landsk. þm. (ÓB) sagði í umr. hér á laugardag, og hann er allra manna kunnugastur þeim efnum og skilríkastur í sínum ummælum, að dýrtíðin hefur aldrei vaxið örar eða óskyggilegar en einmitt síðustu mánuðina. Og þarna höfum við einmitt frumhöfundana sitjandi hlið við hlið, gæðingana úr Suður-Múlasýslu, hæstv. ráðh., viðskmrh. og fjmrh. Á þeim tíma, sem þeir höfðu sett lög til þess að festa verðlag í landinu, höfðu þessir herrar heilindi til þess að gera sín á milli samning um mestu okurálagningu, sem nokkurn tíma greinir í sögu þjóðarinnar að gerð hafi verið með einum samningi, og hæstv. viðskmrh. lét sér sæma að lúta svo lágt að gera samning við félag, sem sóttist eftir okurálagningu, í stað þess að segja því eins og öðrum landsins þegnum að fara eftir því, sem landslög segja til. Hann hafði í hendi sér að setja hámarksákvæði um farmgjald þessa fyrirtækis eins og annarra. Nei, í þess stað var gerður samningur til þess að leyfa meiri okurálagningu en dæmi eru til, sem hefur svo leitt til þess, að olíuverð hefur haldizt hér úr hófi fram og þetta fyrirtæki hefur grætt að óþörfu og gersamlega tilefnislaust fullar 15 millj. kr. Nú er mér að vísu sagt, að það séu einhverjir samningar um það, að eigendur þessa fyrirtækis ætli að fara að afhenda ríkissjóði aftur eitthvað af þessari upphæð. Það færi betur, að þeir hefðu sómatilfinningu til þess. En ólíkir eru þeir þá sjálfum sér, ef þeir láta það af hendi, sem þeir hafa einu sinni fest hendur á, en svo langt má fara, að þeir sjái, að of langt hafi verið gengið, og skyldi það vissulega verða metið, ef þetta reyndist rétt. En það var ekki nóg, að þannig væri brotið blað í sögunni, eins og Framsfl. hafði lofað fyrir kosningar, þótt með nokkuð öðrum hætti væri en hann hafði ætlað með þessari okurálagningu, heldur reyndist einnig svo, að á meðan kaupbindingarlögin voru í gildi, hafði hæstv. fjmrh. geð í sér til þess og heilindi sem varaformaður Sambands ísl. samvinnufélaga að hækka launin við starfsmenn S. Í. S. um 8%, einmitt á þeim tíma, sem menn töldu að slíkar almennar kauphækkanir, þó að þær brytu ef til vill ekki beint gegn bókstaf laga, væru ákaflega hæpnar og ætti að forðast þær. Nei, þá var það hæstv. fjmrh., sem brá sér úr stjórnarráðinu, af sinni skrifstofu í fjmrn., til þess að hækka kaupið. Svo leyfa þessir herrar sér að koma til annarra og segja, að þeir séu að ryðja braut fyrir kauphækkunum og verðbólgu, þessir menn, sem hafa þarna haft forustuna, ruddu fyrstu brautina og hafa dyggilega haldið áfram að gera þetta sama fram á þennan dag. En það eina, sem þeir ásaka okkur fyrir, er það, að við skulum ekki ganga í þagnarbindindi með þeim hinum um það, hvað er að gerast í þjóðfélaginu. Þeir skammast sín svo fyrir sínar eigin gerðir, að þeim finnst það nánast landráð, ef fólkinu er sagt frá því, sem er að gerast á Íslandi í dag. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég vildi fyrst spyrjast fyrir um það, hvort herra forsetanum væri kunnugt, hvað orðið hefði af þeim gestum, sem voru hér viðstaddir í dag, hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskmrh. Mér þykir mjög leitt, ef mín ummæli hafa orðið til þess að hrekja svo sjaldséða gesti úr

d., en ég átti nokkuð meira vantalað við þá og vildi því beina því til hæstv. forseta, hvort ekki væri hægt að nálgast þá og sjá um það, að a. m. k. einn dagpart gegndu þeir þeirri þingmannsskyldu að sitja hér á þingbekkjum eins og við hinir, hvort forseti mundi treysta sér til þess. (**Forseti:** Það er nú mættur einn ráðherra, og það getur verið að fleiri komi.) Nú, ég las nýlega í Þjóðviljanum, að það væri sá, sem gegndi því hlutverki að vera í þjónustu minni, og ég á sízt vantalað við hann hér í þingsölunum og vildi heldur eiga þess kost að ræða við þá hina. Ja, ætli þeir séu með öllu ófinnanlegir, ráðherrarnir? (**Forseti:** Það er ekki á valdi forseta að ráða því, hvaða þm. eru viðstaddir.) Nei, en forseti hefur í hendi sér, ef menn vanrækja þingskyldu, að grípa til nauðsynlegra ráðstafana, og ég vildi beina því til hans, að svo mjög hafa sumir vanrækt sín þingstörf, ekki sízt hæstv. forsrh. og þeir, sem feta í hans fótspor, að mér sýnist fullkomlega ástæða til þess, að forseti íhugi það að grípa til þeirra ráðstafana, sem lög heimila.

En ég var að rekja það áðan í ræðu minni, hversu fráleitt það er, þegar hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningslið ásakar einhverja aðra í þjóðfélaginu um, að þeir hafi staðið fyrir því að hleypa af stað þeirri kauphækkunar- og verðhækkunaröldu, sem vissulega er mjög alvarleg. Ég hafði rakið það, hvernig hæstv. ríkisstj. hafði haft um það beina forustu með því að semja við forráðamenn skipsins Hamrafells um að greiða okurleigu fyrir flutning með því skipi, hvernig þar var rutt frá lokunum fyrir takmarkalausri álagningu hjá þeim aðilum, sem hæstv. ríkisstj. lætur sér sérstaklega annt um. Og ég drap á hliðstætt dæmi, þegar hæstv. fjmrh. átti hlut að því sem varaformaður í S. Í. S. að hækka kaup fastra starfsmanna þar um 8%, á meðan kaupbindingarlögin voru í gildi. En því fer fjarri, að þessar aðgerðir hæstv. ríkisstj. hafi verið nokkurt einsdæmi. Segja má, að hennar störf yfirleitt varðandi þessi málefni hafi öll mjög verið á hinn sama veg.

Það var ekki ýkja langt liðið frá því, að hæstv. fjmrh. beitti sér fyrir kauphækkuninni hjá S. Í. S., þegar ríkisstj. átti beinan hlut að því með öðrum aðilum, að blaðamenn fengju kauphækkun, sem nam kringum 10%. Og þá er á það að líta, að sjálf bjargráðin, sem fólust í jólagjafarlögunum frægu, höfðu einmitt hið sama mark á sér, eflingu verðhækkunar og kaupgjalds. Það var að vísu á sínum tíma ómögulegt að fá það upplýst, hvað í þessu lagafrv. raunverulega fælist. Þegar við bárum fram spurningar um það á Alþingi í vetur, var þeim spurningum annaðhvort alls ekki svarað eða svarað með öllu út í hött. Síðar kom það í ljós, nánast af tilviljun, þegar hæstv. viðskmrh. lýsti því yfir við umræður í Ed. Alþingis, að með þessum lögum hefðu sjómenn, eins og hann mun hafa orðað það, fengið kauphækkun, sem nam 15—18%. Eftirtektarvert er, að þótt eitt stjórnarblaðanna, Þjóðviljinn, hafi hvað eftir annað itrekað þessa skýrslu hæstv. viðskmrh., hafa önnur þeirra mjög dregið úr henni. Ég hygg, að Tíminn hafi að vísu sagt, að hlutur sjómanna hafi verið bættur, en aldrei fengizt til þess að nefna ákveðna hundraðstölu í því sambandi, og leynir sér ekki, að hann vill gera mun minna úr þessum bótum en hæstv. sjútvmrh. og hans málgagn. Nú játa ég, að ég hef nokkrar grunsemdir um, að hæstv. sjútvmrh. hafi ýkt töluvert þá hækkun á kaupi sjómanna, sem þeir raunverulega hafi fengið, þannig að því fari fjarri, að kauphækkunin í raun og veru nemi þessum 15—18%. En það er eitt af því, sem stjórnin varast að veita almenningi nákvæma fræðslu um, svo að erfitt er að átta sig á, hvað rétt er í raun og veru.

Þá hefur það einnig komið fram í sambandi við þessa lagasetningu, að með henni hafi útgerðarmönnum verið veitt verulega betri aðstaða en gert hafi verið á síðustu árum. Það hefur ekki heldur fengizt upplýst, hversu miklu þessi aðstöðumunur muni nema. Mér er þó sagt, að talið sé, að hann sé mun meiri en nemi þeirri 15—18% hækkun, sem sagt er að sjómennirnir hafi fengið. Ýmsir telja, að erfitt sé að átta sig á þessu og jafnvel ríkisstj. sjálf muni engan veginn vita með vissu, hvað í þessum samningum fólst, sem hún gerði við útgerðarmenn um áramótin og voru undirstaða jólagjafarlaganna. Eins er það víst, að útgerðarmenn telja sig enn mjög vanhaldna um efndir á þeim loforðum, sem þeir þá hafi fengið. Þó hygg ég, að það sé víst, að þar hafi verið um verulega hækkun að ræða og sennilega mun meiri hækkun en þá, sem sjómennirnir fengu.

Öll vitum við það, að með þessum lögum voru lagðir á skattar. Við stjórnarandstæðingar höfum talið, að skattarnir muni hafa numið 250—300 millj. kr. Eftir því sem hv. þm. Siglf. reiknaði hér áðan, höfum við þar heldur dregið úr en bætt við, því að mér skildist, að samkvæmt útreikningi hans teldi hann, að hin nýja skattahækkun um áramótin hafi numið kringum a. m. k. 330 millj. kr., og efa ég ekki, að sú tala sé rétt. En hvort sem hún er rétt eða það, sem stjórnin sjálf sagði um áramótin, að einungis væri um 250 millj. að ræða, þá er vitað og óumdeilt, að með þessum lögum voru með einni lagasetningu hækkaðir skattar meira en nokkur dæmi eru til áður að með einni og sömu löggjöf hafi verið gert. Sú hækkun hlaut auðvitað að koma fram sem hækkaður tilkostnaður með margvíslegu móti. Okkur var sagt í fyrstu, að þetta mundi muna sáralitlu, í mesta lagi kringum einu vísitölustigi, að því er mig minnir. Nú er komið á daginn, að á fáum mánuðum hefur vísitalan hækkað um hvorki meira né minna en 4 stig, og er það enn eftirtektarverðari hækkun á svo stuttum tíma, þegar haft er í huga, að á öllu tímabilinu frá árslokum 1952 fram til verkfallsins mikla 1955 var um eins stigs vísitölulækkun að ræða. Vísitalan sveiflaðist að vísu til og frá á þessu tímabili, en þegar verkfallið hófst, var vísitalan einu stigi lægri en verið hafði í árslok 1952. Samt var þeirri ríkisstj., sem þá sat að völdum, legið á hálsi fyrir það, að hún hefði ekki ráðið við verðbólguna í landinu, og það var talið henni helzt til ámælis, að hún hefði sýnt máttleysi í þeim efnum. Hafi sú ásökun verið rétt, sem að vísu var ekki, hversu miklu harðari hlýtur þá dómurinn að verða um

núverandi ríkisstjórn, sem marghælir sér af því, að hún hafi stöðvað verðlag og staðið á móti kauphækkunum, þegar á örfárra mánaða bili er nú svo komið, að hækkunin er jafnmikil og raun ber vitni um, og vita þó allir, að vísitalan hefur aldrei verið fjær því en einmitt nú að gefa rétt mynd af ástandinu, vegna þess að álögunum í vetur var vísvitandi hagað með þeim hætti, að þær kæmu sem minnst niður á vísitöluvörum, ekki til þess, að álögurnar yrðu almenningi léttbærari, síður en svo, því að ef þær hefðu komið niður á vísitöluvörunum, hefðu menn fengið hækkanir sem því svaraði, heldur til þess að leggja þær á þær vörur, sem menn fengju enga uppbót fyrir þrátt fyrir hækkunina, þannig að um beinar álögur á allan almenning er nú að ræða. Þetta eru óvéfengjanlegar staðreyndir, enda sjáum við það, að sjálft ríkið hefur haft margvíslega forgöngu um hækkun verðlags á undanförnum mánuði. Það eru ekki aðeins óþarfavörur eins og brennivín og tóbak, sem hækkað hafa og strax var riðið á vaðið með, sjálfsagt fyrir ötula forustu hæstv. fjmrh., heldur hafa ýmsar aðrar hækkanir á flestum sviðum ríkisrekstrar fylgt í kjölfarið. Þannig er nú síðast fyrir fáum dögum skýrt frá því, að vélasjóður ríkisins hafi hækkað leigu á skurðgröfum til ræktunarsambanda og bænda um 20%, og með svipuðum hætti hefur verið tilkynnt veruleg hækkun á áburði. Það stendur því á sama, hvert litið er. Ríkið hefur ekki aðeins átt þátt í hækkunum, heldur haft beina forustu um hækkanir, um eflingu verðbólgunnar langt frá því, sem áður hafði verið.

Um þessi atriði, sem ég hef nú talið, sérstaklega okursamninginn við Hamrafellið, um samninginn við S. Í. S., um þær hækkanir, sem fólust í jólagjafalögunum og afleiðingum þeirra, má segja að ríkisstj. sjálf hafi haft beina forustu. Að öðru leyti mætti segja, að hún hafi átt sinn hlut að og ekki getað við gert, eins og t. d. varðandi þær hækkanir, sem urðu eftir verkföllin á Akranesi og í Grindavík strax upp úr áramótum. En þó verður að segja einnig eins og er, að ýmsar þær kaupdeilur, sem orðið hafa og ætla hefði mátt að ríkissstjórnin hefði getað haldið sér utan við, hafa einmitt leystst með stórkostlegum hækkunum, af því að ríkisstj., að því er virtist gersamlega að ástæðulausu, tók sig fram um að bjóða fram fríðindi af hálfu ríkisins til að auka við þær hækkanir, sem atvinnurekendur treystu sér til að bjóða fram. Í því sambandi má sérstaklega minna á hækkunina, sem varð hjá flugmönnum, þar sem atvinnurekendur sjálfir létu að vísu nokkuð af hendi rakna, en ríkisstj. átti beina forustu um aðalhækkunina með því að veita þessum aðilum gjaldeyrisfríðindi, sem gerðu að verkum, að flugmenn sjálfir og aðrir kunnugir telja, að sú kauphækkun, sem raunverulega varð, muni allt í allt hafa numið milli 30 og 40%. Er þetta þeim mun eftirtektarverðara og íhyglisverðara, sem vitað er, að flugmennirnir eru einmitt ein launahæsta stétt í landinu. Ég veit, að það má færa viss rök fyrir því, að þessir menn hafi þurft að fá hækkun. Það má sýna fram á, að þeir hafi átt kost á stöðum annars staðar og þess vegna hafi orðið að gera þessar ráðstafanir til þess, að þeir færu ekki úr landi og flug hér tepptist að verulegu leyti eða stöðvaðist alveg. Þetta eru afsakanir, sem hægt er að færa fram. En staðreyndin stendur eftir, að hæstv. ríkisstj. hefur þarna haft beina forustu.

Eins kom það fram í Tímanum, nokkru eftir að farmannadeilan var leyst með allt að 8% kauphækkun til sumra flokka farmannanna, að ríkisstj. hefði átt verulegan þátt í lausn deilunnar. Ég hygg nú, að sannleikurinn sé sá, að helzti þátturinn, sem ríkisstj. hafi átt í þeirri deilu, hafi verið að fela ráðh. fyrir flestum deiluaðilum, til þess að þeir spilltu ekki fyrir með nærveru sinni, og það hafi einungis verið hæstv. utanrrh., sem var talinn hafa þau áhrif á deiluaðila, að hann gæti í raun og veru borið sáttarorð á milli, sem hann mun hafa gert með mörgum andvökustundum og vafalaust af góðum hug, eins og honum er trúandi til, þegar sá gállinn er á honum. En eftirtektarvert er, að þegar deilan var búin, þá ásakaði Tíminn íhaldið, sem réð Eimskip, fyrir það, að það hefði sýnt ósáttfýsi í deilunni, sem studdist við það, að það var einmitt Ríkisskip og S. Í. S., sem höfðu forustu um þær kauphækkanir, sem þarna voru látnar í té. Það var Eimskipafélagið, sem var tregara til hækkananna en hinir aðilarnir, og Tíminn, sem venjulega skammar sjálfstæðismenn þessa dagana fyrir það, að þeir séu að efna til kauphækkana, réðst í þessu tilfelli á þá fyrir það, að þeir hefðu sýnt ósáttfýsi, að þeir hefðu ekki verið nógu fljótir á sér, nógu gírugir til þess að veita hækkanirnar úr þeim sjóðum, sem félagið réði ekki yfir, vegna þess að það var vitað og yfirlýst, að ef ekki fengist fragthækkun, þá væri félögunum ómögulegt að standa undir þeim kauphækkunum, sem þarna urðu. — Það má svo segja hæstv. ríkisstj. til lofs, að skömmu síðar veitti hún félögunum 5% fragthækkun. Ég tel, að það hafi verið óhjákvæmileg ráðstöfun, eins og margt af því, sem gert hefur verið. En það tjáir ekki að halda því fram, að það hafi verið lækkunarráðstöfun, að það hafi verið til þess að draga úr verðlagi í landinu. Og var það þó auðvitað lítið, sem Eimskip og ríkisskip fengu með þeim farmhækkunum, miðað við þá rausnarlegu gjöf, sem þeir vinirnir, hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskmrh., sömdu um, þegar þeir voru að láta Hamrafellið fá 15 millj. kr. gersamlega að óþörfu.

Enn gerðist það um svipað leyti, að ríkisstj. varð við þeirri ósk bænda víðs vegar um landið að greiða þeim hækkað verð á mjólk, til þess að hægt væri að jafna verð á milli landsfjórðunga. Í þessu máli hafði það gerzt, að hv. 2. þm. Skagf. — hygg ég verið hafi — bar fram till. við afgreiðslu fjárlaga um, að þetta vandræðamál yrði leyst. Þá komu upp allar hendur stjórnarliðsins til þess að greiða atkvæði á móti þessu hagsmunamáli bænda. Nokkrum vikum síðar var greiðslan innt af hendi, en þá fylgdi bara eitt skilyrði, að þeir, sem tóku við greiðslunni, áttu að þegja um, að hún hefði farið fram. Þeir áttu að þegja um, að hún hefði farið fram. Hæstv. fjmrh. telur sig hafa heimild til þess að greiða fé úr ríkissjóði án heimildar Alþingis. Eftir að hann er sjálfur búinn að standa fyrir því, að heimildin er felld í Alþingi, telur hann sig hafa heimild til og telur sér sæma að láta greiða fé

úr ríkissjóði gegn því skilyrði, að aðilar þegi um, að þeir hafi fengið peningana frá honum. Það er öllum aðilum kunnugt, að þessi greiðsla hefur farið fram, og ég held, að mörg blöð hafi sagt frá henni, en það er eitt blað, sem alveg hefur þagað um það, það er bændavinablaðið Tíminn. Það er í þagnarbindindi með hæstv. fjmrh.

Enn gerðist það ekki löngu síðar, að ríkisstj. átti hlut að samningum, sem gerðir voru milli atvinnurekenda og yfirmanna á togurum um að hækka aflaverðlaun þeim til handa, sem nam kringum 40%. Þessir samningar voru, eftir því sem Þjóðviljinn sagði, í sambandi við skattahlunnindi, sem þessum aðilum voru veitt með breytingu á frv. um önnur skatthlunnindi, sem lágu fyrir Alþingi. En hæstv. fjmrh. lét undan fallast að segja Alþingi frá því, hvernig þessir samningar hefðu verið til komnir, að þeir væru í sambandi við þessa miklu aflaverðlaunahækkun, þegar hann bar fram brtt. og mælti fyrir henni hér á Alþingi. Hann heldur, að það sé hægt að forðast afleiðingar verka sinna með því að þegja um þær í sínu eigin blaði og reyna að dylja löggjafarþingið þess, sem hann er að gera í umboði alþjóðar. Slíkar aðferðir geta dugað börnum í leik, og sagt er, að strúturinn hafi gaman af að iðka þær, en ég hélt sannast sagt, að hæstv. fjmrh. væri þroskaðri maður en svo, að hann iðkaði slíkan leik, og vissulega er honum nú mjög brugðið frá því, sem var, þegar hann var í betri félagsskap og sýndi af sér meiri manndóm og þroska. Það dregur hver dám af sínum sessunaut.

Þegar þessar staðreyndir eru hafðar í huga, er það sannast sagt mjög furðulegt, að ríkisstj. skuli vera stöðugt að klifa á því og láta klifa á því, að sjálfstæðismenn séu að ýta undir kauphækkun, og sérstaklega hafa stjórnarblöðin haft til dæmis þá hækkun, sem gerð var við starfsfólk Iðju. Um þá kauphækkun er það að segja, að þar var fylgt fordæmi, sem áður hafði átt sér stað um samninga milli iðnrekenda og iðjufólks, án þess að til uppsagnar kæmi, og varð þá ekki vart, að Tíminn eða Þjóðviljinn fyndi að, enda voru kommúnistar þá forráðamenn Iðjufélagsins. Nú kom á daginn, þegar bornir voru saman samningar þessa félags og aðrir kaupsamningar, að Iðjufólk hafði orðið aftur úr, að því er talið var, og þess vegna þótti heppilegt að forðast deilur milli aðila með því að gera þessa samninga um nokkrar hækkanir, að vísu mun minni en þær hækkanir, sem ríkisstj. hafði átt hlut að. Þarna var, að því er mér skilst, hæsta hækkunin um 6% til kvenna eða mun minna en sú hækkun til starfsfólks S. Í. S., sem hæstv. fjmrh. hafði beitt sér fyrir, á meðan kaupbindingarlögin enn voru í gildi í desember s. l. En þeim mun hjákátlegra er, að hæstv. ríkisstj. skuli vera að setja út á þessa samninga, þessa hækkun til hinna lægst launuðu kvenna, þar sem alveg næstu dagana, eftir að hún var samþykkt, beitti ríkisstj. sér fyrir með miklu yfirlæti og lúðrablæstri, að staðfestur var alþjóðlegur samningur um jafnt kaup karla og kvenna. Það var að vísu fyrir atbeina okkar sjálfstæðismanna, að því var bætt við, að það ætti nú að gera ráðstafanir til þess, að þessi samningur yrði ekki aðeins dauður bókstafur, en svo virðist sem það hafi verið ætlun hæstv. ríkisstj., að sá hátturinn yrði hafður á. En ef ætlunin var, að eitthvert mark væri tekið á þessari samþykkt, var það vissulega í fullu samræmi við hana og aðeins til framkvæmdar á því, sem ríkisstj. var að lýsa áhuga sínum fyrir, að sú kauphækkun átti sér stað, sem konunum í Iðju var veitt, enda má játa það, að Alþýðublaðið hafði í þessu meiri sanngirni og samræmi við sjálft sig en hin stjórnarblöðin, því að það lýsti því í forustugrein, að um þessa iðjusamninga, sem þess samstarfsblöð hafa svo mjög vitt, væri ekkert nema gott að segja, og er þó Alþýðublaðið málgagn sjálfs iðnaðarmálaráðherrans, sem ætla má að einkum hefði haft áhyggjur af því, ef iðnaðurinn hefði þarna lent á villigötum.

Að þarna sé ekki um jafnhættulegt fordæmi að ræða og stjórnarblöðin hafa látið, styðst og við það, að síðan hefur alveg sams konar atvik gerzt varðandi verkakvennafélög hér í Reykjavík og Hafnarfirði. Þau hafa án uppsagnar fengið kjarabætur, sem Alþýðublaðið eitt stjórnarblaðanna hefur í fyrirsögn sagt með gleiðu letri að væru verulegar. Við þessar kjarabætur hefur hvorki Þjóðviljinn né Tíminn né ríkisstj. haft neitt að athuga, en það er e. t. v. vegna þess, að þar telur það ekki hægt að koma höggi á sína stjórnmálaandstæðinga, af því að það eru stjórnarliðar, sem eru í forustu beggja þessara félaga.

En slíkt ósamræmi dugir ekki í málflutningi, og vissulega var það greinilegt, að þegar Alþýðusambandsstjórnin rétt fyrir mánaðamótin apríl—maí sendi út áskorun til verkalýðsfélaganna um að segja ekki upp samningum, þá var ekki miðað við stéttarleg eða fagleg sjónarmið, heldur hitt, að ekki mætti gera ríkisstjórninni ófrið. Það var beinlínis talað um það, að ríkisstj. yrði að hafa starfsfrið, þ. e. a. s. þangað til kommúnistarnir, sem ráða öllu í stjórn Alþýðusambandsins, telja, að sér henti ekki lengur að styðja hæstv. ríkisstj., þá á starfsfriðurinn að vera úti. Það er ósköp eðlilegt, að fjöldi launþega og verkamanna, sem er búinn að læra það í mörg ár af Þjóðviljanum, af Alþýðublaðinu og af Tímanum, t. d. meðan á verkfallinu mikla 1955 stóð og undirbúningi þess, að slíkar kaupkröfur væru verkalýðnum ætíð til góðs, — það er ósköp eðlilegt, að mörg verkalýðsfélög verði ekki eins snör í snúningum og stjórn Alþýðusambandsins óskaði, þegar hún eftir algerlega pólitískum sjónarmiðum hvarf alveg af fyrri braut og fór nú að beita sér fyrir fullkominni íhaldssemi í þessum efnum, á meðan hennar menn væru sjálfir við völd í ríkisstj., enda reyndist það svo, að fjöldi félaga hafði þennan boðskap að engu. Hv. stjórnarliðar ýmsir halda því fram og Tíminn, Þjóðviljinn, jafnvel Alþýðublaðið, að þetta sé fyrir forgöngu sjálfstæðismanna. Ég segi: Við sjálfstæðismenn erum þá orðnir býsna voldugir í verkalýðshreyfingunni og áhrif okkar meiri en við höfum jafnvel talið, ef við höfum ráðið því, að félögin tóku þessa afstöðu. Í þessum hóp var t. d. slíkt forustufélag sem Prentarafélag Íslands. Víst veit ég það, að við sjálfstæðismenn

erum þar öflugir og eigum þar marga góða stuðningsmenn, en allir vita, að þar höfum við ekki fram á þennan dag haft meiri hl., svo að það er vissulega verið að skekkja myndina meira en lítið og gera veg okkar meiri en rétt er, ef sagt er, að við höfum öll ráð í þessum félögum. Sannleikurinn er sá, að við sjálfstæðismenn höfum verið óhvikulir í því, sem við höfum um þessi mál sagt fyrr og síðar, og þar í ekkert ósamræmi átt sér stað. Við teljum, að þessi mál verði og eigi að leysa eftir stéttarlegum og faglegum sjónarmiðum, en ekki eftir stjórnmálahagsmunum, hvort heldur Eysteins Jónssonar, Hannibals Valdimarssonar, Hermanns Jónassonar eða hvað þeir nú heita allir þessir herrar, sem vilja nota þessi félög almennings sem tröppur í sinni eigin valdabaráttu.

Það kemur líka glögglega fram, að félög, sem kommúnistar hafa algerlega ráðið yfir, eins og samtök þeirra, sem vinna við mjólkursamsöluna, og mjólkurfræðinga, hafa þarna alla forustu, og þegar Þjóðviljinn segir, að það séu einungis þeir hæst launuðu, sem hafi sagt upp, en ekki þeir lægst launuðu, þá virðist þar farið eftir þeim boðskap, sem ríkisstj. hefur farið eftir. Hún hefur veitt flugmönnunum, hæst launuðu stéttinni sem í verkfalli hefur verið, mestar uppbæturnar. Á sama veg virðast Dagsbrúnarstjórnin og Alþýðusambandsstjórnin ekkert hafa að athuga við það, þó að mjólkurfræðingar og þeir, sem vinna við mjólkursamsöluna, segi upp samningum. Þeir hafa betri kjör og betri aðstöðu en þeir lægst launuðu. Það er í samræmi við gerðir þessara háu herra, hvernig þarna er farið að. Það eru aðeins þeir lægst launuðu, sem keppzt er við að halda niðri.

Þannig mætti rekja félag eftir félag. Það er t. d. vitað, að verkfræðingarnir, sem nú hóta verkfalli, gerðu einnig verkfall, sem kom sér mjög illa, þegar sjálfstæðismenn voru í stjórn með framsóknarmönnum fyrir nokkrum árum. Ég geri ráð fyrir, að það séu ýmsir sjálfstæðismenn áhrifamiklir í þessu félagi, hafi verið þá og séu nú. Við höfðum ekki ráð á þeirra gerðum þá. Ég minnist þess ósköp vel, að hæstv. fjmrh. var þá ákafari en ég til þess að semja við þessa menn. Ég var hræddari en hann við það fordæmi, sem skapað yrði með því að veita þessum tiltölulega hálaunuðu mönnum fyrstu kauphækkunina eftir það kyrra tímabil, sem komizt hafði á eftir árslok 1952. Ég og aðrir þeir, sem varlega vildu fara, það skiptist ekki algerlega eftir flokkum, við urðum þá undir, en hæstv. fjmrh. var áreiðanlega ekki einn þeirra, sem þá drógu mest úr. Nú heyri ég aftur á móti sagt, að hann hafi sagt, að það væri jafngott að skera sig á hálsinn strax eins og að semja við þessa aðila. Ég spái því nú, að hæstv. fjmrh. semji við þessa aðila um töluverða kauphækkun, áður en yfir lýkur, og láti vera að skera sig á hálsinn, af því hann meti meira að hanga við völdin og eigi e. t. v. ekki góðrar heimkomu von eftir hálsskurðinn.

Nei, hæstv. fjmrh. og ríkisstj. verða að athuga, að í þessum efnum duga ekki einungis stóryrði eða fögur fyrirheit um það, hvað gera skuli, heldur er nauðsynlegt, að staðið sé við þær yfirlýsingar, sem hafðar eru í frammi. Hæstv. fjmrh. hélt föstudaginn 10. maí í útvarpið ræðu, sem — með leyfi hæstv. forseta — endaði á þennan veg:

„Reynt er að afla erlendra lána. En okkur er öllum hollast að gera okkur það ljóst, að við getum ekki byggt stórframkvæmdir okkar allar á erlendum lánum, og takist ekki að auka sparnaðinn, þ. e. a. s. fjármagnsmyndunina, í landinu sjálfu og minnka eyðsluna, þá hlýtur að draga hér úr framkvæmdum á næstu árum, þótt framar vonum tækist með erlendar lántökur.“

Nú spyr ég hæstv. fjmrh. og þingheim: Telja menn líklegt, að það frv., sem nú er til umr., muni ýta undir menn til þess að auka fjármagnið og draga úr eyðslu? Það lætur að vísu vel í eyrum að segja, að taka eigi fé af þeim ríku til þess að bæta úr ýmiss konar þörfum, og víst skal ég viðurkenna, að oft getur staðið þannig á, að slíkt sé réttmætt. Hv. þm. Siglf. gat þess t. d. áðan í sinni ræðu, og slíkt hið sama hafði komið fram hjá fyrri ræðumönnum, að það hefði ekki verið óeðlilegt í stríðslok í sambandi við það uppgjör, sem þá varð að fara fram, að láta e. t. v. einhverja slíka eignaupptöku eiga sér stað. Hún gæti einnig verið réttlætanleg í sambandi við gengisbreytingu, ef talið væri, að með henni væri einhverjum aðilum skapaður óeðlilegur gróði, og verið væri að gera verulegar ráðstafanir til þess að koma efnahag þjóðarinnar í betra horf en áður. En engu slíku er nú til að dreifa. Síður en svo. Ég skal einnig játa, að það gæti verið fullt vit í því t. d. varðandi verðhækkanir á eignum, sem verða vegna þess, að menn hafa ekki sjálfir lagt fram annað en eiga eignina nógu lengi og síðan hafa almennar framkvæmdir hækkað hana í verði. Þá er það alveg rökstyðjanlegt og ekkert við því að segja, ef hægt er að koma því fyrir, að verðhækkunarskattur eigi sér stað á slíkum eignum. Ef hann er látinn ganga jafnt yfir, þá má færa mörg rök að því. Ég játa, að það eru erfiðleikar á því. T. d. ef eignirnar eru í eigu sama manns, þá er erfitt að koma þessu við, en aftur á móti, ef sala fer fram, þá er eðlilegt, að einhver viss hluti hennar sé tekinn af almannavaldinu til sinna þarfa til jafnvægis við það, sem það hefur lagt af sinni hendi fram til þess að auka verðmæti þessarar eignar. Þar við er að vísu það að athuga, að oft mundi þá vera reynt að fara einhvern veginn í kringum sölu, svo að þetta nýttist ekki eins og skyldi, en þarna er um að ræða gamalkunnugt vandamál, sem menn hafa gert sér ljóst að æskilegt væri að reyna að leysa, og fáir hygg ég vilji bera á móti því, að ef hagkvæm og framkvæmanleg lausn fáist, þá sé rétt að reyna eitthvað slíkt.

Eitthvað af þeim eignum, sem hér er verið að skattleggja, er svona til komið, og ég skal sem sagt ekki hafa á móti því, að þær séu skattlagðar. En það er bara ekki gert upp á milli þeirra og þeirra eigna, sem beinlínis eru komnar fram í sambandi við atvinnurekstur, í sambandi við það, að menn hafa lagt af mörkum vinnu, fé og annað til þess að byggja upp fyrirtæki, að menn í stað þess að eyða hverjum eyri, sem þeir fengu, vildu sjálfum sér til framdráttar, en um leið þjóðarheildinni til gagns og björgunar leggja fé til hliðar í stað þess

að eyða því í hégóma, í veizluhöld, siglingar eða hvað það nú er, sem menn eyða fé sínu í. En hvort skyldi nú slík löggjöf sem þessi, sem tekur upp jafnverulegan hluta af eigum manna og hér er gert, frekar verka til þess að ýta á menn að leggja fé til hliðar, að safna því nauðsynlega fjármagni, sem hæstv. fjmrh. talar svo fagurlega um á hátíðlegum stundum, eða mundi hún ýta undir menn til eyðslunnar, til þess, sem hæstv. fjmrh. á þessum sömu stundum telur varhugaverðast og það, sem forðast beri?

Ég hygg, að það sé ómögulegt að neita því, að slík löggjöf sem þessi hljóti að hvetja menn til þess að eiga heldur góða daga, að vera ekki að leggja of mikið að sér, að vera ekki að láta alla sjá, að þeir hafi of mikið undir höndum, heldur lifa sínu góða og þægilega lífi, verja fé sínu til þeirra hluta, sem ekki er hægt að skattleggja, en þá um leið síður verða aðþjóð til gagns.

Á sama veg er ómögulegt að neita því, að þegar farið verður að innheimta þetta fé, þá getur það ekki haft önnur áhrif en að auka lánsfjárskortinn í landinu eða atvinnuleysi — og sennilega hvort tveggja. Það er að vísu sagt, að fénu eigi að verja til þarflegra framkvæmda. Það er út af fyrir sig lofsvert, að hæstv. fjmrh. skuli ekki taka það í sinn stóra ríkissjóðskassa og láta það hverfa þaðan, án þess að þess verði verulega vart, eins og of mikið af því fé fer, sem hann fær undir hendur. Það er út af fyrir sig lofsvert og sýnir nokkuð, hvert álit hans fjármálastjórn hefur í hans eigin huga, að það er talið til lofs, að fé skuli ekki eiga að lenda í hans höndum, heldur eigi að verja til ákveðinna þarfa. En því er bara gleymt, að féð er ekki hægt að taka, nema það sé tekið úr peningastofnunum, af því fé, sem í umferð er, eða atvinnuvegir dregnir saman, eignir seldar til þess að afla fjármunanna. Allt hlýtur þetta óhjákvæmilega, eins og nótt fylgir degi, að hafa í för með sér, að atvinnan dregst saman, að minna fé er til þess að halda uppi hollum atvinnurekstri, að minni möguleikar eru til þeirrar uppbyggingar, sem við öllu fremur þurfum á að halda.

Og vissulega verðum við að segja, að hæstv. fjmrh. talar óhugnanlega með tungum tveim, þegar hann úti á flugvelli, við móttöku hinna síðustu glæsilegu flugvéla, sem hingað komu, talar fagurlega um þörfina á því að efla flugflotann og við megum ekki láta útgjöldin verða til þess að sliga okkur í samkeppni við aðra, þegar hann hefur sjálfur viðurkennt getuleysi þess aðila, sem þar á hlut að máli, með því að veita stórkostlegar ríkisábyrgðir til þess að kaupa þessar nýju flugvélar til landsins, en jafnframt því, sem hann viðhefur þessi fögru orð og veitir ríkisábyrgðirnar, leggur svo á slíkan skatt sem þennan og hagar skattálagningunni með þeim hætti, að ljóst er, að þessi félög, sem þarna ræðir um, verða talin til stóreignafélaga, þó að allir viti, að þau hafa yfirleitt gefið eigendum sínum lítið sem ekkert fé.

Alveg eins er t. d. um Eimskipafélag Íslands. Það hefur yfirleitt ekki borgað eigendum hlutafjár síns nema 4% arð af hlutabréfunum, og ég efast um, að ef miðað er við arðgreiðslur frá upphafi, þá nái þær 4%. Um það hef ég ekki ákveðnar tölur í kollinum, en það mun ekki fara fjarri lagi, sem ég segi um það. Í stað þess að greiða arð, í stað þess að eyða þessu fé, þá er svo komið, að talið er, að eftir þeim l., sem hér eru sett, muni hlutabréfin kannske verða talin hafa hundraðfalt gildi. Ég veit ekki, hvort svo verður að lokum — það fer nokkuð eftir því, hvaða reglur endanlega verða um þetta samþykktar, — en það er ljóst, að mjög skýtur það skökku við, ef einstaklingarnir, sem eiga þessi bréf og aldrei hafa fengið af þeim meira en 4% að meðaltali, eiga nú að skattleggjast af þessari eign sinni eins og hún væri hundrað sinnum meira virði en nafnverðið segir til um. Þetta getur leitt til þess, að menn, sem að öðru leyti, vegna þess að þeir eiga eitthvað annað til, lendi í stóreignaskatti, þurfi kannske að greiða stórfé fyrir að hafa á sínum tíma, þegar fjármagn var hér lítið, og af þegnskap látið verulegt fé, eftir því sem þá var um að ræða, í Eimskipafélag Íslands. Nú má segja, að félagið ráði því, hvort það endurheimtir þetta aftur eða ekki. En þá komum við að því, að ef þetta frv. verður samþykkt eins og það er, þá er niðurstaðan sú, að menn verða að gæta þess mest hér eftir, ef þessu fordæmi á að fylgja, að ganga aldrei í félag með efnuðum manni. Hingað til var talið viss trygging í því að stofna félag með þeim, sem eitthvað ætti til og ef til vill væri þá reiðubúinn að hlaupa undir bagga, ef illa færi. Nú er þessu snúið við, nú er það orðið stórhættulegt að eiga í félagi með efnuðum manni, vegna þess að þá á maður á hættu að þurfa að fara að borga stórkostlega skatta hans vegna, og vissulega er oft óhjákvæmilegt, að sú skattlagning sé tekin á félögin, en ekki aðilana, vegna þess að aðilarnir hafa ekkert fengið út úr félögunum, eins og er t. d. um hluthafana í Eimskipafélagi Íslands, þannig að það væri hreint rán og með öllu ósæmilegt, ef ætti að fara að skylda þessa menn til þess að taka þessar greiðslur á sig sjálfa.

Hitt væri allt annað atriði, ef menn gætu komið sér saman um að hafa einhvern hæfilegan skattstiga á öll félög í stað einstaklinga, þannig að félög, sem verulega hafa grætt, eins og t. d. Eimskipafélag Íslands, ættu hreinlega sjálf að greiða einhvern tiltekinn hluta, hvort sem það væri mikið eða lítið, af sínum eignum, ef það er á annað borð talið nauðsynlegt. En af hverju má ekki viðhafa þá aðferð, af hverju má ekki skattleggja félögin sjálf, heldur endilega skattleggja einstaklingana? Við sjálfstæðismenn lögðum til, að sá háttur yrði hafður á, að félögin yrðu skattskyld, í sambandi við gengislögin, sem við bárum fram snemma á árinu 1950. En þegar samningar voru teknir upp við Framsfl. um samstjórn og samþykkt laganna, var þetta eitt af þeim atriðum, sem endilega varð að breyta, ómögulega máttu standa óhögguð. Af hverju skyldi það hafa verið? Jú, það var vegna þess, að samband ísl. samvinnufélaga mátti ómögulega greiða skatt. Það varð að haga lögunum þannig, finna form, hversu óeðlilegt sem það væri, til þess að Sambandið, þessi sterkasti auðhringur landsins, sterkasta fjármagnsstofnun, sem til hefur verið á Íslandi frá alda öðli, yrði skattfrjálst til þess að eflast enn, til þess að fjmrh., sem þar ræður

mestu, gæti haft enn þá meira fé undir höndum til þeirrar starfsemi, sem hann hefur mestan áhuga fyrir. Starfsemi, sem að vissu leyti er góð og nytsöm, eins og starfsemi Eimskipafélags Íslands er og margs konar annar rekstur í þessu landi, á vissulega ekki að undirþiggjast skatti einungis vegna þess, að hæstv. fjmrh. og hans félagsbræður telja, að það geti orðið sínum pólitísku völdum hættulegt.

Við sjálfstæðismenn neyddumst á sínum tíma til þess að fallast á þá breytingu, sem var algert skilyrði af hálfu framsóknarmanna, til þess að þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar voru, yrðu gerðar. Ég sé, að það mun eitthvað svipað hafa átt sér stað nú. Ég heyrði glögglega af ræðu hv. þm. Siglf., að hann hefur um þetta svipaðar hugmyndir og við og aðrir sanngjarnir menn höfum, en enn á ný hefur ofurvald Framsóknar, kappgirni hæstv. fjmrh. orðið þess valdandi, að þarna eru látin gilda mjög óeðlileg ákvæði, ákvæði, sem fyrst og fremst miða að því að efla hin pólitísku áhrif þessa hæstv. ráðh. og hans félagsbræðra. En auðvitað er það rétt, sem fram hefur komið og óhagganlegt er, að þó að slík hlutdrægni dugi um sinn og kunni að verða skálkaskjól, meðan nokkur stund varir, þá endist hún ekki til lengdar. Allt verður þetta einungis til þess að safna eldi að höfði þeirra manna, sem svona fara að. Þeir gá ekki að því, að áður en varir eru þeir búnir að skapa slíka andstöðu í þjóðfélaginu gegn þessu atferli, að miklu hættulegra væri en ef þeir í tíma tækju saman höndum við sanngjarna menn um að koma skynsamlegri skipan á, og vissulega þekki ég engan, sem hafi löngun til þess að bera hlut þessa félagsskapar, Sambandsins, fyrir borð eða halla á það.

Ég segi eins og er, að mér hefði fundizt eðlilegt, að gerð væri tilraun til þess að breyta þessu frv. í þá átt, að skattgreiðendur yrðu ekki einstaklingar eingöngu, eins og nú er ráðgert, heldur allir fjármálaaðilar, þeir sem eru persónur að lögum og slíkar eignir eiga, að þeir yfirleitt eru skattskyldir. Ég játa þó, að ég hirði ekki um að bera þessar brtt. fram nú, vegna þess að ég veit, að þetta er vonlaust, — það er búið að semja um framgang frv. í öllum höfuðatriðum og sennilega smáatriðum, svo að það borgar sig ekki að eyða pappír í það að skrifa brtt. En engu að síður er nauðsynlegt, að þetta sjónarmið komi hér fram, því að það er það eina rétta og sanngjarna og það, sem fara verður eftir, ef menn vilja ekki láta rangindin við þessa lagasetningu verða enn meiri en jafnvel þörf væri á, ef fullri sanngirni væri beitt.

Ég játa, að þær brtt., sem meiri hl. hv. fjhn. hefur borið fram, horfa til góðs. Ég tel þær þó allsendis ófullnægjandi, eins og ég tel, að þó að brtt. hv. minni hl. fjhn. væru samþ., þá mundi það ekki hrökkva til þess, að frv. bæri að samþ. Slík ráðstöfun, eins og nú standa sakir, er ekki réttlætanleg. Það eru engin þau atvik í okkar fjármálalífi, sem gera verjanlegt að láta slíka eignatilfærslu, sem eðli sínu samkv. er ekkert annað en eignarán, eignaupptaka, eiga sér stað.

Ég játa það, að út af fyrir sig tel ég það ekki skaðsamlegast við þetta frv., þó að einhverjir einstaklingar þurfi að greiða nokkur hundruð þúsund eða jafnvel nokkrar milljónir til þeirra þarfa, sem hér um ræðir. Sem betur fer, verða sjálfsagt allir þeir aðilar svo vel stæðir þrátt fyrir þessa eignatöku, að þeir fari ekki á vonarvöl fyrir þær sakir. Á málið ber því ekki að líta frá þeirra sjónarmiði, heldur einungis hvaða áhrif þetta hefur á efnahagslífið í heild. Og þá er ljóst, að hér er ekki aðeins skapað hættulegt fordæmi, sem mjög erfitt er að segja, hvar staðar skuli numið við, ef samþ. verður enn á ný, heldur er ljóst, að nú á þeim tímum, þegar óráðsíumenn eru við völd í ríkisstj. landsins og þess vegna líklegt, að margt gangi miður en skyldi eingöngu þess vegna, þá er enn þá sigið á ógæfuhlið með því að samþ. þessi lög, sem hljóta að hafa í för með sér skort á starfsfé, samdrátt atvinnutækja og vaxandi atvinnuleysi og þar með hægari uppbyggingu og meiri vesöld í þessu landi en vera þyrfti.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Með þeim fáu orðum, sem ég hafði hugsað mér að segja hér við þessa 3. umr. þessa máls, ætlaði ég að hreyfa eða bera fram nokkra viðvörun í sambandi við suma þætti þessa frv. eða þó sérstaklega einn þátt þessa frv. En máske er það nú óþarfi að gera þetta, því að eftir þeirri ræðu, sem hv. þm. Siglf. (ÁkJ) hélt hér áðan, mætti máske líta svo á, að það væru orðin nokkur straumhvörf um afstöðuna til þessa máls. Hann er, eins og kunnugt er, stuðningsmaður þeirrar ríkisstj., sem nú fer með völd á Íslandi. Hann lýsti þeirri afstöðu sinni til þessa máls, að hann væri algerlega á móti þessu frv., og taldi upp á því mikla ágalla, sem hann mótaði þessa afstöðu sína út frá. Það var að heyra enn fremur, að hann stæði ekki einn í sínum flokki um þessa afstöðu til frv., því að hann talaði mikið um það, að Alþb. og Framsfl. féllust í faðma um það skattaæði, sem hann var að lýsa að fælist í þessu frv. og fleiri lögum um fjármál, sem afgreidd hafa verið frá þessu þingi. Nú hefur enginn úr flokki hv. þm. Alþfl. talað, síðan hann hélt þessa ræðu, og á meðan ekki koma andmæli fram gegn þessu, mundi mega líta svo á, að hann stæði ekki einn uppi um þá skoðun að telja á þessu frv. svo mikla ágalla, að það væri ekki gerlegt að fylgja því, að með frv. væri farið út á þjóðhættulega braut, eins og hann lét falla orð um, sem gæti haft skaðlegar og mundi hafa skaðlegar afleiðingar fyrir efnahagsafkomu þessarar þjóðar.

Þó að máske sé nú svona komið, að frv. í þeirri mynd, sem það liggur nú hér fyrir, verði ekki afgreitt frá Alþ., þá ætla ég samt sem áður að hreyfa því atriði, sem ég alveg sérstaklega vildi vekja athygli á, áður en þetta mál verður afgreitt hér frá d. Tilgangur þessa frv. um að afla tekna til ákveðinna hluta er í sjálfu sér góður, og nauðsyn ber til, að það verði gert. Tveir þriðju þess fjár, sem á að afla með þessu frv., eiga að ganga til byggingarsjóðs ríkisins og einn þriðji hluti til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands. Fyrr á þessu þingi höfum við sjálfstæðismenn borið fram tillögur um að afla fjár til veðdeildar Búnaðarbankans. Er þess hin allra brýnasta þörf. Veðdeild Búnaðarbankans hefur því hlutverki að gegna fyrir landbúnaðinn, að mjög er mikils-

vert, að hún ráði yfir fé. Hlutverk veðdeildarinnar er fyrst og fremst að stuðla að því með lánum, að ungir menn, sem vilja reisa bú í sveit, geti keypt jarðnæði til búrekstrarins. Í öðru lagi á hún að stuðla að því, að þeir geti fengið þar lán til þess að koma sér upp bústofni. En þetta hvort tveggja er undirstaða þess, að hægt sé að reisa búrekstur á þessu landi. Hér er því um mjög mikilsvert hlutverk að ræða.

Hitt er líka nauðsyn, að stuðla að því, að menn geti á öðrum stöðum á landinu reist hús og fengið þak yfir höfuðið. Það eru að sjálfsögðu þau frumskilyrði, sem fyrst verður að stuðla að. En hins vegar verður á það að líta í sambandi við skattaöflunina, að henni sé hagað þannig, að ekki sé með henni stefnt í hættu vissum þáttum atvinnulífsins í landinu, en það álít ég að á sumum sviðum geti jaðrað við, svo að eigi sé dýpra tekið í árinni en þörf er á, með þessu frv.

Við þekkjum það, því að það hefur verið eitt af aðalviðfangsefnum — ekki þessa þings, heldur þinganna á undanförnum árum að gera ráðstafanir, sem stutt gætu að því, að hægt væri að halda áfram rekstri sjávarútvegs í þessu landi, að hlutfallið á milli kaupgjalds og afurðaverðs á erlendum markaði hefur verið það, að afurðaverðið hefur hvergi nærri hrokkið til þess að standa undir tilkostnaði framleiðslunnar. Það hefur verið verkefni undanfarinna þinga og þessa þings, sem nú situr, að brúa þetta bil, sem þarna hefur myndazt, með ýmiss konar ráðstöfunum. Það hefur verið gert með því að breyta genginu, og það hefur verið gert með því að leggja á skatta og veita beint fjárframlög inn í þennan atvinnuveg, til þess að hann gæti haldið áfram.

Nú er það svo um sjávarútveginn, að hann er að því leyti til ákaflega kostnaðarsamur, bæði að því er snertir stofnkostnað í sambandi við hann og rekstrarkostnað, og það liggur í því, að fiskinn verður að verka á mjög margvíslegan hátt til þess að geta gert hann að söluhæfri vöru á sem rýmstu sviði á erlendum markaði. Það verður að salta nokkuð af fiskinum, það verður að herða fiskinn, og það verður að hraðfrysta fiskinn, og hraðfrystingin út af fyrir sig krefst mikils húsrýmis, bæði við frystinguna, við geymslu á frosna fiskinum, og auk þess mjög mikils vélakostnaðar. Þess vegna er það, að þeir, sem að útgerðinni standa, verða að ráða yfir geysilega miklum húsakosti, miklum vélakosti, hafa yfir að ráða miklu landi, stórum lóðum og öðru þess háttar. Nú hefur farið fram nýtt mat á lóðum og öllum húsum í landinu, mat, sem nú er að taka gildi, og hefur hinni nýju fasteignamatsbók nýlega verið útbýtt, sem þó tekur ekki enn þá til kaupstaða landsins, heldur annarra landshluta.

Þegar ákveðið var á þinginu 1955, að nýtt fasteignamat skyldi fara fram, var sett það hámark inn í lögin um fasteignamatið, að það mætti ekki meira en fimmfalda matið, sem gilt hefur á fasteignum, þangað til hið nýja mat kemur til. Þetta var gert með tilliti til þess, að eigi þótti fært eða hyggilegt að leggja hærra mat til grundvallar fyrir sköttum á þessar fasteignir. Þess vegna var þetta hámark sett inn í lögin.

Nú í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er þetta fasteignamat, sem er nú yfirleitt fimmfaldað eða allt að því fimmfaldað, það er hámarkið samkv. hinum nýju lögum, þá er það fasteignamat allt að því fimmtánfaldað. Það er fimmtánfaldað í Reykjavík, það er nærri því fjórtánfaldað í Hafnarfirði, Akranesi, Keflavík og Vestmannaeyjum, og svo í Gullbr.- og Kjósarsýslu, þar er það nærri ellefufaldað, og svo lækka tölurnar úr því. Og þetta er þá sá grundvöllur, sem skatturinn í þessu tilfelli er reistur á. Í öðru lagi á að miða þennan skatt við, að mat verði látið fara fram á vélum, áhöldum og öðru lausafé, en þetta nemur að sjálfsögðu mjög stórum upphæðum, miðað við okkar útgerðarrekstraraðstöðu.

Þannig er það, að á vegum útgerðarmannanna samkv. þessu tilbúna mati koma fram geysilegar fjárhæðir. Þetta er tilbúið mat, sem hér er um að ræða, og ég efast um það, a. m. k. á sumum stöðum, þar sem illa gekk á vertíðinni í vetur, að þá mundi þess vera nokkur kostur að selja fasteignirnar fyrir það verð, sem á að leggja til grundvallar fyrir þessum skatti. Fiskiskipin á svo að reikna eftir vátryggingarverði þeirra, en í því efni eru útgerðarmenn bundnir í báða skó um það að hafa þetta vátryggingarverð hátt, bæði af því, að í sambandi við lán, sem á skipunum hvílir, verður að tryggja þau, og auk þess er það svo, að ef óhöpp ber að höndum og þarf að endurnýja skipin, þá verður vitanlega að tefla á fremsta hlunn um það að tryggja möguleikann með því að vátryggja skipin hátt. Þess vegna er það, að útgerðarmenn eru bundnir af því að hafa hátt vátryggingarverð á þessum skipum, og þetta vátryggingarverð á svo að leggja til grundvallar fyrir þessum skatti. Að vísu er gerð sú undantekning frá reglunni, að það má samkv. frv. draga frá vátryggingarverði á fiskiskipum 33⅓%. Nú liggja fyrir till. frá tveimur aðilum um að hækka þetta upp í 40%. Frá vátryggingarverði þeirra húsa, sem notuð eru í þágu útgerðarinnar, og það tekur einnig til frystihúsa og annars, sem notað er í sambandi við verkun á kjöti, má draga 20%, en fyrir liggja hér till. um að hækka þetta upp í 25%, ætla ég að sé, á þskj. 558.

Ég held þess vegna, að allar aðstæður séu þannig að því er sjávarútveginn snertir, að hættulega langt sé gengið með þeirri skattaálagningu, sem hér er um að ræða, þrátt fyrir þennan frádrátt, sem heimilaður er að því er snertir fiskiskipin og einnig þau hús, sem notuð eru í sambandi við verkun aflans. Og ég tala nú ekki um það, af því að útgerðin krefst mikils landrýmis, að ef þau ákvæði þessa frv. verða notuð að fara nú enn að hækka lóðaverðið frá því, sem gert er ráð fyrir, þá getur það náttúrlega aukið enn á um þá skatta, sem fyrir liggur um hverjir geta orðið samkvæmt þessu frv. Og ég tel þetta mjög varasamt.

Með tilliti til þessara aðstæðna held ég, að það væri fullkomin ástæða til að athuga að nýju, áður en gengið er frá þessu frv., hvort fært er að leggja svo þungar byrðar eins og hér er gert á þá menn, sem að útgerðinni standa á Íslandi núna. Eins og kunnugt er, verður að borga nú bæði með togurunum 5000 kr. á hverjum einasta degi ársins og auk þess margs konar framlög í

sambandi við bátaútveginn, sem skipta nokkrum hundruðum milljóna.

Það er þess vegna mjög varhugavert með atvinnurekstur, sem þannig er á vegi staddur hér hjá okkur, að fara að leggja á hann gjöld, sem gætu orðið til þess að þrengja mjög kosti þeirra manna, sem að útgerðinni standa, og máske verða þess valdandi, að þeir yrðu af þeim sökum að draga saman seglin. Það mundi að sjálfsögðu valda útvegsmönnunum sjálfum erfiðleikum, en umfram allt mundi leiða af þessu tjón fyrir atvinnulífið í landinu, því að eins og kunnugt er, þá er mikill og stór hópur landsmanna, sem beint og óbeint vinnur hjá útgerðinni og hefur laun sín af þeim afrakstri, sem af útgerðinni flýtur.

Ég held þess vegna, að aðstaða útvegsins í þessu efni, þegar ákvæðin um þetta voru sett, hafi engan veginn verið athuguð til hlítar og af þjóðhagslegum ástæðum sé það nauðsynlegt, áður en lengra er gengið, að gera á þessu enn nákvæmari athugun en fram hefur farið. Og undir öllum kringumstæðum mundi ekki af veita, að því er útveginn snertir, þó að hann fengi þá linkind, sem felst í brtt. þeim, fyrst og fremst sem meiri hl. n. flytur, og auk þess í brtt. þeim, sem eru á þskj. 558 og allar stefna að því að draga úr bæði á því sviði og máske öðrum.

Ég segi fyrir mitt leyti, að ég er ekki nærri eins viðkvæmur fyrir því, þó að þungur skattur sem þessi lendi á mönnum, sem safnað hafa miklu fé, en sjálfir standa ekki eða eru ekki í fararbroddi fyrir atvinnurekstri í landinu og eru þannig ekki virkir þátttakendur í því mikla nauðsynjastarfi. Ég er ekki nærri eins viðkvæmur fyrir því. Það má segja það, að náttúrlega er hægt að ganga einnig of langt gagnvart slíkum mönnum, eins og hv. þm. Siglf. (ÁkJ) lagði hér á mjög mikla áherzlu í ræðu sinni. En hættulegast er að gera þetta gagnvart þeim, sem bera uppi atvinnulífið í landinu, ef þetta mundi verða þess valdandi, að þeir yrðu þar að draga saman seglin. Það er þjóðfélagslegt tjón, sem af slíkum ráðstöfunum mundi leiða.

Mér er kunnugt um það heima í minu byggðarlagi, uppi á Akranesi, að þar eru það aðallega þrjú útgerðarfyrirtæki, sem standa undir atvinnulífinu í kaupstaðnum, þegar frá er tekin sú útgerð, sem bæjarfélagið stendur fyrir með útgerð tveggja togara. Þessi fyrirtæki hafa byggt mikið af húsum, keypt mikið af vélum og eru yfirleitt og hafa verið í fararbroddi um alla nýbreytni í verkun aflans, bæði að því er snertir frystingu, söltun og herzlu á fiski. Þessi atvinnutæki, sem eru á Akranesi og búið var að koma upp fyrir nokkru, því að þeir voru framarla í því að bæta aðstöðuna að þessu leyti og geta mætt þeim kröfum, sem breyttir markaðir erlendis höfðu í för með sér, eru miklu stærri en þörf er fyrir fyrir þann flota, sem nú er heima á Akranesi. Þau gátu til dæmis að taka tekið á móti fiski úr allt að a. m. k. ⅓ af öllum togaraflota landsins á tímabili til viðbótar þeim afla, sem barst á land heima á Akranesi.

Nú hafa þau útgerðarfyrirtæki, sem standa að togurunum, komið sér upp vinnslutækjum og þurfa þess vegna ekki að leita á náðir annarra með þetta, og það er þannig ástatt á Akranesi nú eða var á s. l. vertíð, sem var alveg sérstaklega misbrestasöm að því er aflann snertir, þar sem aflinn var ekki meiri en í hæsta lagi ⅔ af því, sem var á vertíðinni 1956, sem var þó allléleg, að það notast ekki fyrir þennan flota heima af nema nokkrum hluta af þeim húsum og vélum, sem þarna eru til vinnslunnar, og þess vegna er það náttúrlega því tilfinnanlegra fyrir þá menn, sem kæmu til með að verða fyrir þungum skatti eins og þeim, sem hér um ræðir, að standa undir slíkum greiðslum, þar sem svo hagar til, að þeir geta hvergi nærri fullnýtt þessi tæki og þann mikla tilkostnað, sem þeir eru búnir að leggja í þar heima í sambandi við þennan rekstur. Ég hef náttúrlega ekki neinar tölur um það, hvernig þessi skattur mundi koma út þarna heima. Það hvíla náttúrlega miklar skuldir á þessum eignum, en þó býst ég við, að með þessu tilbúna verði, sem hér er um að ræða, gæti þessi skattur a. m. k. fyrir sum af þessum fyrirtækjum komið til með að verka þannig, að þau yrðu að draga saman seglin, og það er vitanlega ástand, sem Alþ. má ekki undir neinum kringumstæðum standa að í nokkurri mynd, að í ljós geti komið eða leitt til framkvæmda.

Þeir greiðsluskilmálar, sem hér er um að ræða, eru þess eðlis, að ég býst við, að þeir yrðu líka þungir í skauti. Þetta á að vísu að greiða á 10 árum, en það er allhá vaxtagreiðsla, sem bætist við upphæðina, þar sem á að borga af eftirstöðvunum eftir fyrstu greiðslu 6% vöxtu, svo að þegar allt kemur til alls, þá er ég mjög hræddur um, að hér sé mjög óvarlega farið, og það var alveg sérstaklega með tilliti til þessa atriðis, sem ég stóð hér upp og tek þátt í þessum umr., að ég vildi á þetta benda.

Ég er einnig ákaflega hræddur um það, að þessi skattur geti orðið þungur í skauti flugfélögunum okkar. Hér eru tvö flugfélög, sem rekin eru af miklum myndarbrag, og það er næstum furðulegt, hve mikil og ör þróun hefur verið í fluginu hér hjá okkur á Íslandi, bæði hin almenna þátttaka í heimsfluginu og svo það mikla flug, sem fer hér fram innanlands á hverju ári og það, eins og nú er komið, óslitið allt árið nema allra verstu óveðursdaga. Og það er annað, sem er merkilegt við þessa starfsemi á Íslandi, og það er það, að hún hefur frá upphafi verið rekin án nokkurra styrkja. Á sama tíma sem hliðstæð flugfélög í nágrannalöndum okkar á Norðurlöndum hafa notið stórra fjárframlaga við sína þjónustu, hefur þessari starfsemi verið haldið uppi hér alveg gersamlega styrklaust. Þau einu fríðindi, sem félögin hafa notið, er það, að þau hafa fengið nokkra ríkisábyrgð fyrir lánum til þess að flýta fyrir þróuninni, bæði að því að fjölga flugvélunum og að kaupa nýjustu gerðir flugvéla til nota fyrir félögin.

Það er vitað, að flugvélarnar eru ákaflega dýrar, og grundvöllurinn fyrir mati á þeim er vátryggingarverðið, að vísu að frádregnum 20%, eins og er með húsakostinn í sambandi við atvinnustarfsemina við sjó og í sveit. Mér er sagt, að flugvélarnar, sem keyptar voru núna, þessar tvær nýju flugvélar, hafi kostað upp undir 20 millj. hvor þeirra. Þær vitanlega koma ekki undir þessa skattgreiðslu nú, af því að þær voru ekki

keyptar fyrr en nokkuð var komið fram á þetta ár. En félögin eiga fjölda flugvéla fyrir, sem einnig eru mjög dýrar, og það stendur í þeim mikið fé, og að sjálfsögðu verða flugfélögin, bæði í sambandi við lán, sem þau hafa orðið að taka, og í sambandi við möguleikana á því að geta endurnýjað þessar vélar, að hafa vátryggingarverðið á þeim mjög hátt.

Það er þess vegna fullkomlega athugunarvert, og ég veit engan veginn, hvort það hefur verið skoðað niður í kjölinn svo sem skyldi, hvað slík skattaálagning á flugfélögin getur haft í för með sér, því að illt er vissulega að leggja með slíkum hætti stein í götu þessarar þróunar hér á landi, svo mjög erfitt sem er hér um samgöngur á ýmsan hátt innanlands, og ég tala nú ekki um, hve mikils virði það er fyrir Íslendinga að geta verið virkir þátttakendur í heimsfluginu. Þá er það vitanlega mál, sem verður að skoða rækilega niður í kjölinn, hvort ekki sé með þessari skattaálagningu gengið það langt, að þetta geti orðið þrándur í götu þessa rekstrar, sem segja má að sé eini reksturinn á Íslandi, þegar hvalveiðarnar eru teknar frá, sem hefur siglt sinn sjó og borið uppi sína starfsemi með öflun eigin fjár. Ég vil vekja athygli á þessu.

Ég viðurkenni alveg fullkomlega nauðsyn á því að afla þess fjár, sem hér er stefnt að að aflað verði. En það verður að gæta alls öryggis í því, að eigi sé svo langt gengið í þessari skattheimtu, að því er snertir fyrst og fremst atvinnufyrirtæki landsmanna, að þeim sé lagður steinn í götuna, sem gæti orðið til þess að gera þeim alveg sérstaklega örðugt fyrir í sambandi við reksturinn.

Það verður að hafa hér í huga það hyggilega spakmæli að slátra ekki mjólkurkúnni fyrr en í síðustu lög, og mjólkurkýr Íslendinga í víðari merkingu eru að sjálfsögðu fyrst og fremst atvinnuvegir landsmanna, bæði til lands og sjávar. Þar er sá grundvöllur, sem við stöndum á bæði efnalega og menningarlega.

Emil Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. Borgf. virtist vilja draga þá ályktun af því, að enginn úr þingflokki Alþfl. hefði tekið til máls um þetta mál annar en hv. þm. Siglf., að þá væri þingflokkurinn yfirleitt sömu skoðunar og hann um málið. Ég verð nú að hryggja hann með því, að þetta er ekki tilfellið. Hv. þm. Siglf. hefur ekki túlkað skoðanir flokksins í þessu máli, heldur eingöngu sínar eigin skoðanir, og allur þingflokkurinn að honum undanteknum er allt annarrar skoðunar, og mun ég ef til vill koma nánar að því síðar.

Þessar umræður, sem nú hafa farið fram, líkjast eiginlega meir því, að hér væri málið til 1. umr. og væri rætt almennt, frekar en eins og nú er, að um 3. umr. sé að ræða, og einstök atriði þess rædd, áður en það fer út úr þessari hv. deild. (Gripið fram í.) Jú, og það skal líka viðurkennt, að hv. þm. Borgf. var inni á einstökum atriðum og brtt. En mér fannst þó, að þessar stórpólitísku umræður, sem hér fóru fram í kvöld fyrir það hlé, sem gert var á umræðunum, væru meir eins og tíðkast við 1. umr. en að þær líktust nokkru öðru. Þær voru almennar umræður um, hvernig tekið hefði verið á lausn vandamála atvinnuveganna, og um þær aðferðir, sem í því máli hefðu verið farnar fyrir áramótin, og ýmislegt, sem í sambandi við það hefði gerzt síðan. Ég vildi þess vegna með nokkrum orðum í upphafi ræða um þetta mál almennt.

Það er öllum vitanlegt og ljóst, að þegar taka skyldi ákvörðun um, hvernig snúast skyldi við vandamálum þeim, sem leysa þurfti fyrir áramótin, til þess að atvinnuvegir landsmanna stöðvuðust ekki, þá var um tvær leiðir að ræða, annars vegar styrkja- og uppbótaleiðina, sem farin var, og hins vegar gengislækkunarleiðina. Um það, hvora þessa leið skyldi velja, greindi menn að sjálfsögðu nokkuð á. Sumir vildu fara gengislækkunarleiðina, en aðrir vildu fara þá leið, sem farin var, að veita styrki og uppbætur til framleiðslunnar og freista að komast af með það.

Alþfl. hefur aldrei farið dult með skoðun sína í þessu máli. Hann hefur, raunar þvert á móti því, sem hv. þm. Siglf. sagði hér í kvöld, talið, að hagsmunum almennings væri betur borgið með því, að ekki þyrfti til gengislækkunar að koma, ekki þyrfti að grípa til svo róttækra aðgerða eins og gengislækkunin felur í sér, og að það bæri að gera allar hugsanlegar aðgerðir, sem hægt væri, eftir þeim leiðum, sem nú hafa verið farnar, áður en til gengislækkunarinnar yrði gripið. En hins vegar hefur hann gert sér ljóst, að ef ekki væri vissum skilyrðum fullnægt, þá væri ekki hægt að komast hjá því að grípa til þessarar gengislækkunar. Spurningin er þess vegna ekki eins og hv. 1. þm. Reykv. stillti henni upp hér í kvöld, hvort hæstv. ríkisstj. ætlar að fara út í gengislækkun eða ekki. Málið liggur ekki svo einfaldlega fyrir, heldur er spurningin, hvort ríkisstj. muni takast að koma fram því að halda í skefjum kapphlaupinu um launahækkanir og verðlagshækkanir, svo að á þann hátt verði komizt hjá gengislækkun og dýrtíðarhækkun raunar líka. Ef henni tekst ekki þetta, þá sýnist mér ljóst, að ekkert sé eftir nema gengislækkun. En það er og hefur alltaf verið álitið af okkur Alþýðuflokksmönnum algert neyðarúrræði, sem ekki mætti undir neinum kringumstæðum grípa til, fyrr en allt annað væri útilokað. Það er þess vegna þýðingarmikið fyrir þá, sem í raun og sannleika vilja ekki gengislækkun, að það megi takast að halda þessu hvoru tveggja í skefjum, verðlaginu og kaupgjaldinu.

Sjálfstfl. hefur farið báðar þessar leiðir. Hann var með í ríkisstj. Stefáns Jóh. Stefánssonar 1948, sem reyndi fyrir sér mjög svipaðar leiðir og nú er gert, og Sjálfstfl. virtist þá una því vel. Stjórnarandstaðan þá hafði að vísu uppi gegn þessu andmæli, sem eru mjög svipuð því, sem Sjálfstfl. hefur uppi nú, að með þessu væri verið að skattpína almenning. En ég held, að það fari ekki á milli mála, að sú leið, sem Sjálfstfl. reyndi 1950, hafi sízt gefið betri raun, því að afleiðingin af henni varð sú, að við sátum bæði með gengislækkunina og með styrkja- og uppbótakerfið í algleymingi. Sannleikurinn er sá, að það verður ekki í þessum málum gert hvort tveggja að halda atvinnuvegunum gangandi og komast hjá því að gera ráðstafanir, sem einhvers staðar koma við. Leiðirnar, sem um hefur verið að ræða, eru raunverulega ekki nema tvær, og menn skulu

bara gera það upp við sig, hvora þeirra þeir vilja heldur fara.

Ég hef lýst stefnu Alþýðuflokksins, þeirri sem hann jafnan hefur haft, að ávallt, þegar fært sé og möguleikar eru til, beri að forðast gengislækkunina. Mér finnst þess vegna, að ef Sjálfstfl. í raun og sannleika vill forðast gengislækkun, beri honum að reyna að styðja þær aðgerðir ríkisstjórnarinnar, sem miða í þá átt að koma í veg fyrir þetta. Það dugir ekki að koma hér eins og hv. 1. þm. Reykv. gerði í kvöld og jafnvel láta liggja að því, eins og hann gerði, að hæstv. ríkisstj. væri farin að hvísla því að vinum sínum, að nú ætti að fara fram gengislækkun í haust, til þess að þeir gætu gert viðhlítandi ráðstafanir. Þetta finnst mér næstum því að segja ósæmilegar aðdróttanir að hæstv. ríkisstjórn, því að ég veit, að hv. 1. þm. Reykv. trúir því ekki sjálfur.

Það, sem um er að ræða í þessu máli, er einfaldlega þetta, hvort það tekst að halda uppi því jafnvægi í launagreiðslum og verðlagsmálum, sem dugi til þess að koma í veg fyrir gengislækkunina. Hæstv. ríkisstj. hefur farið þá leið að leita um þetta samvinnu við launastéttirnar og við bændasamtökin. Og hún hefur fengið forvígismenn þessara samtaka beggja til þess að fallast á sín sjónarmið og reyna að vinna að lausn málanna á þennan hátt. Ef nú Sjálfstfl. vildi af heilum hug vinna þessum ráðstöfunum fylgi, sem eiga að miða að því að koma í veg fyrir gengislækkun, þá bæri honum vissulega að reyna að styðja þessa viðleitni ríkisstj., en ekki reyna að gera hana tortryggilega. Og það verður að segjast, að það hefur stjórnarandstaðan og blað hennar, Morgunblaðið, vissulega reynt að gera. Hún hefur reynt að gera allar þær tilraunir, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert í þessu máli, eins tortryggilegar og hún hefur mögulega getað. Og það, sem merkilegra er, það hefur verið í þessu blaði og af hálfu þessa flokks reynt að ýta undir aðgerðir til þess að gera ráðstafanir ríkisstj. óvirkar og reynt að gera þá aðila, sem vissulega þurfa að sætta sig við þessar aðgerðir, óánægða.

Það er alveg augljóst mál, að þegar farið er út í aðgerðir eins og þessar, þá fást ekki allir til þess að vera sammála um þær. Það verða einstakir hópar í þjóðfélaginu, sem hugsa sér að fá sínum hag betur borgið með því að vera á annarri skoðun. Og því er ekki að leyna, að það eru til ýmsir hópar innan launastéttanna t. d., sem telja, að sínum hag mundi vera betur borgið, ef þeir fá einhverja launahækkun. Það hefur komið fram. En það, sem allt veltur á í þessu sambandi, er, að það jafnvægi, sem reynt er að skapa, raskist ekki. Og ef ekki er hægt að tryggja þetta jafnvægi og það fer úr skorðum, a. m. k. svo að nokkru nemi, þá sé ég ekki að annað blasi við en sú gengislækkun, sem sjálfstæðismenn eða stjórnarandstaðan virðist a. m. k. í öðru orðinu ekki telja æskilega.

Skattaálögur á almenning eru náttúrlega ekki vinsælt verk, og eins og hér var tekið fram í kvöld, eru miklir skattar lagðir á í þessu landi. En ríkisstj. og þeir flokkar, sem styðja hana, eru þeirrar skoðunar, að hag almennings sé betur borgið með þessari skattaálagningu en ef farin væri gengislækkunarleiðin. Það hefur þess vegna orðið niðurstaðan, að þó að það sé vissulega óæskilegt að leggja á þunga skatta, þá sé það samt léttbærara fyrir almenning í þessu landi en hitt, ef til gengislækkunarinnar hefði orðið að grípa með þeim afleiðingum, sem það hefði haft í för með sér.

Ströng verðlagsákvæði eru líka nauðsynleg til þess að hindra, að vöruverðið fari upp. Og það er annar þátturinn í þessari baráttu, sem ríkisstj. verður að heyja, að reyna að halda vöruverðinu í skefjum með svo strangri verðlagsálagningartakmörkun, að þar sé ekki farið nokkurs staðar lengra en góðu hófi gegnir.

Það hefur verið látið í það skína hér í þessum umr., að þessi verðlagsákvæði, sem ýmist hafa verið í gildi eða hafa nú verið sett, væru svo ströng, að það væri ómögulegt að reka verzlun eða viðskipti eða jafnvel framleiðslu með þessum verðlagsákvæðum.

Ég skal viðurkenna, að vitaskuld verður að gæta þess, að þessi verðlagsákvæði séu ekki það ströng, að atvinnurekstrinn geti ekki verið rekinn með þeim. Hins verður einnig að gæta, að halda verðlaginu svo í skefjum sem frekast er mögulegt til þess að hindra, að réttmætur grundvöllur skapist á þann hátt fyrir frekari kaupkröfum. Og þó að því sé haldið fram, að þessi verðlagsákvæði, sem nú eru í gildi, séu svo þröng, að það sé ekki hægt að reka hvorki viðskipti né framleiðslustarfsemi ýmsa með þeim, þá má nú vera, að minni hyggju, að sá áróður, sem um þetta er rekinn, sé kannske ekki alveg grundvallaður á hreinum tölum, heldur sé það gert vegna þess, að þeir, sem verða fyrir barðinu á þessum ákvæðum, telji hag sínum ekki nógu vel borgið, þó að honum sé kannske á þann hátt borgið, að allt komist af og geti blessazt. En ég vil undirstrika það, að ég er vissulega ekki því sammála, að þessi ákvæði séu höfð svo þröng, að atvinnurekstrinum sjálfum stafi hætta af, enda veit ég eða tel mig vita, að það muni ekki vera ætlun hæstv. ríkisstj.

Úr því að þessi leið var farin, sem farin var fyrir áramótin, varð ekki komizt hjá því að leggja á allþunga skatta. En þessir skattar og þessi afgreiðsla málsins, sem gerð var í samráði við launþegasamtökin og bændur, miðaðist við, að það yrði um leið lagður skattur á stóreignir, og út frá því var gengið, þegar hin almennu lagaákvæði voru sett til bjargar og viðreisnar atvinnurekstrinum í landinu, að stóreignaskattslögin fylgdu á eftir þeirri skattlagningu, sem þá var ákveðin, ekki út af fyrir sig vegna þess, að það fé, sem fengist með stóreignaskattinum, yrði notað í sama tilgangi og hinir skattarnir, sem þá voru á lagðir, heldur til þess að þeir, sem urðu að sætta sig við skattana, fengju ekki það á tilfinninguna, að neinum í þessu þjóðfélagi væri ívilnað, heldur yrðu þeir, sem efni hefðu á því, líka að bera sinn hluta af byrðunum og ekki þann sízta. Þetta er það, sem liggur til grundvallar fyrir þessu frv., sem hér liggur fyrir til umræðu. Og það er vissulega ekki óeðlileg hugsun, þó að sá maður, sem verður að sætta sig við skatt á brýnustu nauðsynjar sínar til þess að halda atvinnuvegunum í landinu gangandi, hafi

það ekki á tilfinningunni, að öðrum sé hlíft við skatti, sem betri efni hefur á því að greiða hann. Um þetta voru allir stjórnarflokkarnir sammála, og eru, eftir því sem ég bezt veit, enn, með þeirri undantekningu, sem hér kom fram í kvöld.

Það, sem sérstaklega rökstyður það, eftir mínu viti, að það er réttmætt, að þessi skattur sé á lagður, er, að hér hefur orðið ámóta verðbreyting á hlutum í þessu landi síðan 1950, að síðast var farin þessi leið, sem fullkomlega jafngildir stórkostlegri gengislækkun, sem þá var talin rökstuðningur fyrir því, að skatturinn var lagður á 1950, því að þetta er ekki í fyrsta skipti, sem þessi skattur er lagður á. Hann var einnig lagður á 1950 og af þeim mönnum, sem nú gagnrýna þessa skattlagningu hvað mest.

1950 var lagður skattur á alla eign einstaklinga, sem var umfram 300 þús. kr. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er ráðgert, að 1 millj. kr. verði undanþegin skattinum. Hjá félögum var samkvæmt lögunum frá 1950 gert ráð fyrir, að skatturinn væri tekinn af öllum eignunum, eins og þær lögðu sig, undantekningarlaust, þannig að það virðist ekki, að með því frv., sem hér liggur fyrir í dag, sé farið lengra, heldur skemmra en gert var ráð fyrir í lögunum frá 1950. Að vísu má segja, að skattstiginn á fyrstu 200 þúsundirnar frá einstaklingum, frá 300 þús. kr. og upp í 500 þús. kr., hafi verið lægri en skattstiginn er lægstur nú, eða 10% og 15% upp í 500 þús. kr. og 1 millj., en af 1 millj. til 1½ millj. reiknaðist 20%, nákvæmlega eins og í þessu frv., og síðan 25%, eins og líka er gert ráð fyrir í frv. því, sem hér liggur fyrir, þannig að ég sé ekki, að hér sé, eins og hv. þm. Borgf. sagði, um hættulegt fordæmi að ræða. Fordæmið er vissulega fyrir hendi og fordæmið er gefið af Sjálfstfl. og Framsfl. 1950. Rökin fyrir þessum skatti 1950 voru þau fyrst og fremst, að með gengislækkuninni væri gert ráð fyrir mikilli verðhækkun, sem rétt væri að gera að grundvelli fyrir skattinn. En hér er vissulega ekki verið um að ræða neina væntanlega verðhækkun, því að verðhækkunin hefur orðið gífurleg á öllum hlutum í þessu landi, síðan gengislækkunin var framkvæmd 1950 og eftir að gefizt var upp við gengislækkunarleiðina og farið inn á hina fyrri styrkja- og uppbótaleið, svo að sá grundvöllur, sem var til staðar 1950 fyrir þessa skattaálagningu, er vissulega til enn í dag.

Því hefur verið haldið fram, að þessi skattur, ef krafinn yrði, mundi ríða atvinnuvegina ýmsa gersamlega á slig, koma á stað atvinnuleysi, sem aftur gæti velt upp á sig meira atvinnuleysi og svo koll af kolli, þannig að við værum að komast út í hreint öngþveiti í atvinnumálum, ef þessi skattur yrði lagður á.

Ég held, að þeir, sem halda þessu fram, hafi ekki gert sér þá grein fyrir þessum hlutum sem skyldi, og ég vil bara nefna eina staðreynd, sem sýnir ljóslega, hvað þessi hugsun er fráleit. Ríkissjóður tekur í dag af þjóðinni í kringum 600 millj. kr. Með þessu frv. er gert ráð fyrir að taka af þjóðinni í kringum 80 millj. kr., og þessi 80 millj. kr. upphæð á að takast á 10 árum, þannig að það komi 8 millj. á ári, og trúi því hver sem vill, að það ríði atvinnuvegi þjóðarinnar á slig, ef tekjur ríkissjóðsins eru hækkaðar um 8 millj. kr. með þessari skattheimtu eða um tæpan 1½%. Ég trúi því a. m. k. ekki, að þetta geti haft nein úrslitaáhrif. Það eru líka ýmsar ráðstafanir gerðar í frv. til þess að koma í veg fyrir þetta. Það eru gerðar þær ráðstafanir, eins og ég sagði áðan, að lágmarkið, sem skatturinn er tekinn af, er hækkað stórkostlega frá því, sem var í lögum Sjálfstæðisflokksins frá 1950. Þá var lágmarkið, eins og ég sagði, 300 þús. kr. hjá einstaklingum og núll hjá félögum, en lágmarkið í dag samkvæmt þessu frv. er sett við 1 millj. kr. hjá öllum.

Þá er enn í þessu frv. gert ráð fyrir því, að skattinum á félögin verði skipt upp, alveg eins og gert var ráð fyrir í lögunum frá 1950. Þá var hreinum eignum félags skipt niður á þá einstaklinga, sem áttu félagið, og félagið látið greiða fyrir þá skattinn. En hversu miklu þetta munar fyrir félagið, skilja menn kannske bezt á því, að mér hefur sagt ráðamaður úr Eimskipafélagi Íslands, að ef skatturinn hefði verið lagður beint á það félag og ekki skipt upp á hluthafana, þá hefði skatturinn orðið 10 millj. kr., sem Sjálfstfl. lagði á 1950, en vegna þess að honum var skipt upp, varð hann ekki nema 2 millj. Nú er ég út af fyrir sig ekkert spenntur fyrir því að leggja skatt á Eimskipafélagið, og ég hef verið með því ávallt, að þeim væru gefin mikil skatthlunnindi, á meðan fram á það var farið, en mér þykir það ekki ýkja mikið, þó að félag eins og Eimskipafélag Íslands greiði á þennan hátt, eins og það gerði 1950, eftir að það hafði notið skatt- og útsvarshlunninda jafnan, 2 millj. kr. úr sjóði sínum í þennan stóreignaskatt. Nú má vel vera að vísu, að þessi upphæð verði eitthvað hærri, vegna þess að eignir félagsins hafa bæði vaxið raunverulega og hækkað í verði síðan, en ég trúi því þó ekki, að hann verði það mikill, og vona það vissulega, að hann verði ekki það mikill, að hann þurfi að hafa nein úrslitaáhrif á rekstur félagsins.

Þá eru enn gerðar ráðstafanir í frv. til þess að draga úr því, að skatturinn komi illa við þar, sem kannske sízt skyldi og hætta er á því, að hann geti gengið nærri möguleikum atvinnurekenda, á þann hátt, að eignir þær, sem skatturinn er greiddur af, eru færðar það niður í mati, að mér finnst þar gengið mjög langt. Samkvæmt þeim brtt., sem við berum fram í meiri hl. fjhn. um þetta efni, er gert ráð fyrir, að fiskiskip verði talin til eignar með verði, sem sé vátryggingarverðið að frádregnum 40% og tilsvarandi lægra á verzlunarskipum, eða 33⅓%, en með þessu eru eignirnar færðar það langt niður í verði, að ég tel, að þeir, sem þar eiga hlut að máli, megi mjög vel við una.

Við athugun málsins í fjhn. hafa verið gerðar á frv. nokkrar breytingar, eins og ég hef að nokkru leyti lítillega minnzt á. Í 2. gr. frv. voru ákvæði um það, að endurskoða mætti mat á einstökum lóðum í kaupstöðum og kauptúnum. Ég skal gjarnan viðurkenna, að mér þótti þetta ekki nægilega skýrt a. m. k., svo að ég hafi nú ekki um það önnur orð, og að sú framkvæmd, sem á þessari lagasetningu byggðist, gæti ef til vill orðið nokkuð tilviljunarkennd. Þess vegna hefur

þetta verið numið í burtu og greinin umorðuð, þannig að það mat, sem þar er um að ræða, verður almennt og því aðeins tekið til hækkunar á fasteignamatinu, sem skýrt er frá annars staðar, hvernig með skuli fara, að sú nefnd, sem um þetta fjallar, telji, að lóðamatið sé í ósamræmi við matsverð á öðrum fasteignum, og ég tel þessa breytingu til verulegra bóta. Sömuleiðis hef ég minnzt á þær breytingar, sem gerðar eru á matsverði skipa, að frádráttarheimildin er hækkuð og skipin þar af leiðandi lækkuð í verði.

Þá var líka nokkuð um það rætt í nefndinni, að ef eignir félags eru metnar — eða gerðar upp, kannske réttara sagt — á þann hátt, að nettóeign félagsins er látin koma fram til ákvörðunar stóreignaskattsins, þ. e. hrein eign umfram hlutafé sé lögð til grundvallar, þá geti þetta haft þær afleiðingar, ef fé verður endurkrafið af eigendum hlutabréfanna, að þeir komi til með að greiða ósanngjarnlega háan skatt fyrir sín bréf, vegna þess að bréfin þurfa ekki — og alls ekki — að vera þeim jafnmikils virði og hrein eign félagsins gefur til kynna. Þess vegna tók nefndin það upp í brtt. sínum á þskj. 552 að heimila þeim, sem þannig væri ástatt um, að endurgreiða félaginu í hlutabréfum, sem þá væru metin á sama verði og eignir félagsins eða í samræmi við eignamat félagsins sjálfs. Þetta tel ég líka til verulegra bóta eða geta mætt sanngjörnum óskum þeirra, sem hér eiga hlut að máli.

Umfram þessar till. frá meiri hl. n. hafa hv. sjálfstæðismenn í fjhn. borið fram nokkrar brtt. á þskj. 558, sem mér sýnist aðallega fjalla um það að draga enn frekar úr, þar sem greiðslutíminn er t. d. lengdur úr 10 í 15 ár og til greiðslu á skattinum yfirleitt megi nota eignir með því matsverði, sem ákveðið verður samkv. þessum lögum, og ýmislegt fleira.

Ég get, eins og hv. frsm. meiri hl. n. hefur lýst hér áður, ekki fallizt á þessar till. og mun því ekki treysta mér til þess að greiða þeim atkvæði.

Ég held, að það liggi alveg ljóst fyrir, að með þessari skattheimtu, þessum skatti á stóreignir, sem hér er gert ráð fyrir, sé ekki stofnað til neinna vandræða fyrir atvinnulíf þjóðarinnar. Það hafa verið gerðar ýmsar ráðstafanir í því sambandi, eins og ég nefndi hér áðan, lágmarkið sett við 1 millj. kr., skattinum skipt upp, þegar um félög er að ræða, en langflestir eigendur þessara atvinnutækja eru félög, og matið á eignum í flestum tilfellum, að ég tel mig þora að fullyrða, lægra en raunverulegt verð þessara eigna eða söluverð þeirra og greiðslutíminn 10 ár, þannig að ég tel ekki, að hér sé stofnað til neinna vandræða.

Hv. þm. Borgf. gat þess í sinni ræðu, að menn mættu gæta sín á því að meta ekki húsakost, vélar og lóðir útvegsmanna það háu verði, að skatturinn gæti stöðvað eða dregið úr þeirra rekstri, og þetta er vissulega rétt, og það er áreiðanlega ekki ætlun frv., að með því verði dregið úr rekstrinum. Ég held, að með þeim ráðstöfunum, sem frv. felur í sér, sé engin hætta á því, að það verði gert. En á það vil ég benda hv. þm. Borgf., að það mun ekki vera ótítt, að ýmsir af þessum mönnum, sem þarna er um að ræða, hafi byggt sín hús á miklu ódýrari tíma en við höfum nú. Þeir hafa sjálfsagt byggt verulegan hluta af þessum húsum sínum og keypt talsverðan hluta af þessum vélum sínum með lánsfé og kannske að öllu leyti fyrir lánsfé, en sá skuldabaggi, sem hvílir á þeim nú, miðað við sömu eign, er ekki sá sami sem hvíldi á þeim, þegar til þessara verka eða til þessara fyrirtækja var stofnað. Skuldabyrðin hefur létzt með hækkandi verðlagi í landinu, og það er þess vegna ekki ósanngjarnt, að hið opinbera taki einhvern hluta af því, sem þeir eingöngu vegna vaxandi verðbólgu í landinu hafa unnið, í sinn hlut, því að það er áreiðanlegt, að sá arður eða sú eignaaukning, sem þeir á þennan hátt hafa fengið, er ekki þeim að þakka, heldur er hún því að þakka, að verðlagið hefur breytzt, svo að skuldirnar, sem á þessum eignum hvíldu, miðað við verðmæti eignanna, eru orðnar miklu minni. Þetta réttlætir vissulega, að það sé farið inn á þessa braut, enda var alveg sama hugsunin, sem vakti fyrir Sjálfstfl. 1950, þegar hann setti sín lög um skatt á stóreignir.

Því var haldið fram af hv. 1. þm. Reykv. (BBen), að það mætti vara sig á því að setja svona lög, vegna þess að það gæti lamað sparnaðarviðleitnina í landinu, og raunar vildi hann nú helzt slá því föstu, að mér skildist, að um slíka viðleitni yrði ekki að ræða, þegar skattur slíkur sem þessi væri tekinn. En ég held, að þarna verði að líta á fleira og að það sé ekki eins mikil hætta á þessu og hann vildi vera láta, aðallega vegna þess, að skatturinn nær ekki til þeirra í þessu landi, sem almennt leggja fram sparifé. Spariféð leggja fram þeir smáu, sem geyma sér skilding til elliára eða síðari tíma og síðari nota, en það eru áreiðanlega fáir, sem safna spariskildingum í þessu landi, sem geta komið þeim á þann hátt upp fyrir milljónina. Það verður þá eitthvað meira að koma til, og skatturinn á þá, sem eiga meira en 1 millj. kr., verður ekki fyrst og fremst á sparifjármyndunina.

Ég veit ekki, hvort það er fleira, sem ég þarf hér að ræða. Það hefur verið talað til ýmissa annarra en til mín í þessum umr. hér í dag og kvöld, og ég veit, að þeir, sem eftir eiga að tala hér, munu svara þeim ásökunum, sem fram hafa verið bornar, t. d. þeim ásökunum hv. 1. þm. Reykv., að hæstv. ríkisstj. sjálf hefði unnið að því að hækka laun í þessu landi. Ég held, að hann vaði þar að verulegu leyti í villu og svíma. Það, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert, er, að hún hefur neyðzt til að framkvæma ýmsar samræmingar. Hún hefur líka, eins og ríkisstj. hafa áður gert, veitt fyrirgreiðslu í sambandi við kaupdeilur, sem er ekki óþekkt fyrirbæri. Mér virtist t. d. hv. þm. hneykslast mjög á því, að hæstv. ríkisstj. hefði veitt flugmönnum einhver gjaldeyrisfríðindi í sambandi við sínar kaupkröfur. En þetta er sannarlega ekki í fyrsta skipti, sem það hefur verið gert. Bæði ríkisstj., sem hann hefur verið í sjálfur, og margar aðrar fleiri hafa oft gripið inn til þess að hjálpa til með að komast af án verulegra kauphækkana með því að veita ýmiss konar þess háttar fríðindi. Annars veit ég, að hæstv. ríkisstj. muni geta svarað þessari hlið

málsins betur en ég hef aðstöðu til, vegna þess að ég er ekki nógu vel inni í því.

Ég skal að lokum segja það, til þess að það verði á engan hátt dregið í nokkurn vafa, að Alþfl. hefur ákveðið að fylgja þessu frv., vegna þess að hann taldi það vera í ósamræmi við ráðstafanirnar fyrir áramótin, ef það yrði ekki gert og ef þetta frv. næði ekki fram að ganga, úr því að sú leið var farin í lausn efnahagsmálanna, sem farin var.

Það er tiltölulega auðvelt verk og ég vil segja ekki sérstaklega stórmannlegt að ganga á móti nauðsynlegum skattaálögum bara af því, að menn vilja ekki líta raunsætt á hlutina og koma sér hjá þeim óþægindum, sem því fylgja, vitandi þó, að það var nauðsynlegt til þess að firra öðru, sem verra var. Það, sem verið er að gera með þessari skattálagningu hæstv. ríkisstj. eða var verið að gera um áramótin, og það sem er verið að gera nú í framhaldi af því, er að koma í veg fyrir það, sem verra var. Hvað lengi það tekst, það veit enginn, hvorki ég né aðrir, og ég býst við, að hæstv. ríkisstj. hafi heldur enga möguleika til þess að gera sér grein fyrir því á þessu stigi málsins. Það verður að fara eftir því ástandi, sem í landinu skapast, hvort menn vilja una þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið, eða hvort þeir með aðgerðum, sem fara í gagnstæða átt við stefnu hæstv. ríkisstj., vilja vera með í því að framkalla annað, sem er enn þá verra.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég mun ekki taka mikinn þátt í þeim umr., sem hér hefur verið efnt til um stjórnmálaviðhorfið almennt, en kvaddi mér fyrst og fremst hljóðs til þess að ræða um nokkur atriði þessa máls, sem hér liggur fyrir. En þó mun ég með aðeins örfáum orðum minnast á nokkuð af því, sem hv. 1. þm. Reykv. lét hér falla almennt.

Þessi hv. þm. fjargviðraðist nokkuð um fjarvistir ráðh., sagði, að þeir væru ekki nægilega oft á deildarfundum, og hafði hv. þm. um þetta nokkuð mörg orð. Ég hygg, að það sé engin ný bóla, að ráðh., sem gegna annasömum störfum, þurfi eða neyðist til þess að vera oft nokkuð lausir við á þingfundum, og hafi því verið óþarft fyrir hv. þm. að vera með þessi látalæti út af því. En út af þessu væri ástæða til þess að spyrja þennan hv. þm. að því, hvar formaður stjórnarandstöðunnar hafi verið í vetur, því að á þingi hefur hann ekki verið. Á þingi hefur hann ekki unnið í vetur, og á þingi hefur hann ekki verið, en hvað hefur tafið hann, hvar hefur hann verið í vetur? Hvernig hefur hann rækt sínar þingmannsskyldur á þessum vetri? Það væri fróðlegt að heyra skýrslu frá hv. 1. þm. Reykv., sem hefur svo ríkan áhuga fyrir því, að þm. geri skyldu sína, heyra skýrslu frá honum um það mál, fyrst hann er að gera sig að eins konar siðameistara í þinginu. Og þetta er raunar ekki í fyrsta sinn, sem hefur bryddað á þessu hjá honum.

Þá spurði hv. þm., hvort stjórnin ætlaði að lækka gengið, og heimtaði að fá að vita það. Sannleikurinn er sá, að allar ráðstafanir ríkisstj. hafa verið miðaðar við það að komast hjá gengislækkun. En á hinn bóginn hefur öll vinna þessa hv. þm. og flokks hans gengið í þá átt að grafa undan verðgildi peninganna. Í það fer allt erfiði þessa hv. þm. og hefur farið, síðan hann komst í stjórnarandstöðu. Og þó að hv. þm. hafi nokkra tilhneigingu til þess að koma hér fram í þessum umr. eins og óknyttastrákur, sem hefur fleygt í glugga í myrkri og hleypur síðan frá, og vilji þannig koma á aðra ýmsu af því, sem hefur stafað af moldvörpustarfsemi hans og stjórnarandstæðinga í þessa átt, þá kemur það honum að engu haldi, því að það sást til hans, eins og þar stóð. Og þessi hv. þm. mun eiga eftir að standa í því að gera alþjóð miklu ýtarlegri grein fyrir þessu starfi öllu en hann sjálfur óskar, um það er lýkur.

Þessi hv. þm. var að segja það hér áðan, og það er einn þáttur í þessari starfsemi, sem hann stendur fyrir um þessar mundir, að Eysteinn Jónsson eða hæstv. fjmrh., eins og hann segir, hafi haft geð og heilindi, sagði hann, — geð og heilindi til þess að labba upp í Samband og hækka kaupið þar um 8%, á meðan kaupstöðvunarlögin giltu. Og svo bætti hann við: og tekið þar með forustuna um nýja kauphækkun. — En hverjar eru staðreyndir þessa máls, staðreyndir, sem hv. 1. þm. Reykv. eru mjög vel kunnar? Þær eru þessar: 1955 hækkaði kaupgjald hjá Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur um allt að 15%, síðast á árinu 1955 voru sett lög á Alþingi um laun embættismanna, sem hækkuðu laun þeirra a. m. k. um 9—10%, sumarið 1956 hækkaði bæjarstjórn Reykjavíkur laun sinna starfsmanna að minnsta kosti um 8%, og Landsbankinn og aðrar hliðstæðar stofnanir hækkuðu launagreiðslur sínar sumarið 1956, og það var ekki fyrr en um haustið 1956, sem Sambandið breytti sínum launum til samræmis við það, sem aðrir voru búnir að gera. En hv. 1. þm. Reykv. hentar að snúa sannleikanum algerlega við og segja, að með þessu hafi Eysteinn Jónsson og Samband ísl. samvinnufélaga tekið forustuna um nýja kauphækkun, þó að honum sé fullkomlega ljóst, að það, sem hér var verið að gera, var aðeins að gera það, sem aðrir voru búnir að gera löngu á undan Sambandi ísl. samvinnufélaga. Enda þótt hv. 1. þm. Reykv. sé þetta ljóst og honum hafi verið gerð grein fyrir þessu, þá lætur hann blað sitt endurtaka þessa blekkingu svo að segja daglega í því trausti, að séu blekkingarnar endurteknar nógu oft, þá trúi menn þeim að lokum.

En hvers vegna er hv. 1. þm. Reykv. að halda þessu svo mjög á lofti? Jú, það er auðvitað augljóst mál. Það er þáttur í þessu, sem hann er að aðhafast, að grafa undan verðgildi peninganna, koma af stað nýrri kauphækkunar- og verðhækkunaröldu. Hann er sem sagt að segja mönnum þetta: Takið eftir, þeir hækkuðu kaupið í Sambandinu, þið eigið að hækka það líka. Alveg sjálfsagt, þið eigið að hækka það líka. Það er ekki bara Sambandið, sem á að hækka kaup. Þið eigið líka að hækka kaup.

Af sama toga er það spunnið, þegar þessi hv. þm. í blaði sínu storkar þeim verkalýðsleiðtogum, sem vinna að því að hafa óbreytt kaup fyrst um sinn og sjá, hvort tekst að stöðva

verðlagið. Þessum verkalýðsleiðtogum storkar þessi hv. þm. í blaði sínu og manar þá, eggjar þá lögeggjan að láta ekki við svo búið standa. Svo kemur þessi hv. þm. hér á Alþingi og segir, að það séu aðrir menn, sem séu að grafa undan verðgildi peninganna í þessu landi, talar um nauðsyn þess að byggja hér upp fjársöfnun og annað eftir þessu, og hann var meira að segja eitthvað að tala um hræsni fyrir tveimur eða þremur dögum. Meira að segja þessi hv. þm. var að tala um hræsni. En þá hló einhver, og það var von.

Þessi hv. þm. var að segja hér ýmsar sögur, alla vega sögur, sem allar gengu þó í sömu átt og strákurinn við gluggann mundi hafa sagt, ef hann hefði verið hérna eða hefði verið í piltahóp og verið að afsaka sig og koma sök sinni á aðra. Hann var að segja t. d., að Eimskipafélaginu hefði verið álasað fyrir það að ganga ekki nógu fljótt að einhverju atriði í sambandi við verkfall, og annað þar fram eftir götunum. Sannleikurinn er sá, að þessi leikur er þannig leikinn, að ef vel á að fara frá sjónarmiði þessa hv. þm., sem hefur nú raunar eytt 10—20 árum af ævi sinni til þess að reyna að sannfæra menn um, að allar kauphækkanir væru til bölvunar, — þessi leikur er þannig leikinn, að það verður að fara saman hvort tveggja, löng verkföll til þess að styrkja þjóðarbúið og efla verðgildi peninganna og styðja framleiðsluna og svo miklar kauphækkanir. Og þegar hv. þm. af og til setur út fótinn til þess að framlengja verkfall og til þess að koma í veg fyrir t. d., að Eimskipafélagið fallist á atriði, sem allir vissu í byrjun deilunnar að hlaut að verða gengið að, ef hún átti nokkurn tíma að leysast, þá lætur hann jafnframt húskarla sína eggja sjómenn lögeggjan að gera engar sættir, nema það verði stórkostleg grunnkaupshækkun. Já, það er ekki lítið, sem þessi maður leggur á sig til þess að halda uppi verðgildi peninganna, og það er ekki furða, þó að þessi maður haldi svo hjartnæmar ræður hér á Alþingi um það, hvílíkur voði af því stafaði, ef ríkisstj. kynni nú að hafa átt hlut að því að leysa einhverja deilu til þess að koma í veg fyrir það, að hún yrði endalaus, t. d. með skattfríðindum eða einhverju slíku, sem gat átt þátt í því að leysa málið.

Ein af þeim sögum, sem þessi hv. þm. var að segja hér, var um 7 aura. Hún var um það, að það ætti að greiða úr ríkissjóði 7 aura uppbætur á mjólk og þessir peningar hefðu verið látnir með því fororði, að það mætti ekki segja frá því, sagði hv. þm. Hvaðan hefur þessi hv. þm. þetta slúður, að það mætti ekki segja frá því? Það sanna í þessu máli er, að það lá fyrir, að mjólkurverðið varð að hækka um 7 aura til þess að auka verðjöfnunina á mjólkinni. Þá vildi ríkisstj. koma í veg fyrir, að mjólkurverð til neytenda hækkaði, og ákvað að borga þessa 7 aura niður til viðbótar því, sem áður hafði verið greitt niður á mjólk. Þessi hv. þm. sagði, að þetta hefði verið gert þvert ofan í heimildir. Þetta er alger misskilningur, ef ekki eitthvað verra, því að það eru heimildir í lögum til þess að greiða niður verðlag á vörum, og samkvæmt þeirri heimild er þessi greiðsla af hendi innt.

Eitthvað svipað þessu var um aðrar sögur þessa hv. þm., sem ég hirði ekki að rekja nánar.

Þá er það ofur lítið um málið sjálft, sem fyrir liggur, en þessi inngangur er nú raunar orðinn lengri hjá mér en ég ætlaðist til.

Þeir segja núna, sjálfstæðismenn, að þessi stóreignaskattur sé ákaflega hættulegur og ákaflega þungbær, með meiru. En 1950 var svona skattur góður, enda var sá munur á, að þá voru sjálfstæðismenn í stjórn. Ef þeir eru í stjórn, þá er svona skattur góður og sjálfsagður, en ef aðrir eru í stjórn, þá er hann þjóðhættulegur, leggur atvinnulífið í rústir, veldur jafnvel atvinnuleysi og vesöld, sagði hv. 1. þm. Reykv. Og þeir segja, að þetta komi sérlega hart niður á atvinnurekstrinum.

Íhugum nú þennan skatt annars vegar, að því er varðar atvinnureksturinn, t. d. fiskveiðar, siglingar og samgöngur, sem þeir hafa nú mest talað um í þessu sambandi, og svo hins vegar tillögur sjálfstæðismanna sjálfra 1950, áður en framsóknarmenn skemmdu þær á þann hátt, sem hv. 1. þm. Reykv. var að segja frá áðan og ég kem nú að síðar. Þeir ætluðust til þess þá, að fiskiskip og önnur skip væru metin með fullu vátryggingarverði, en nú er ætlazt til þess, að skip verði metin með vátryggingarverði að frádregnum 40%. Svo koma þessir menn, sem þá lögðu til, að skip væru metin með fullu verði, og eru að burðast við að deila á okkur fyrir að ætla að meta skip með vátryggingarverði að frádregnum 40%.

Ef við íhugum um flugvélar og samgöngutæki, sem þeir héldu hér um hjartnæmar ræður, þá verður sama upp á teningnum, þó að munurinn sé ekki alveg eins mikill. Þeir ætluðust til, að þessi tæki væru metin með fullu vátryggingarverði. Við ætlumst til, að þau séu metin með vátryggingarverði að frádregnum 25%.

Þá sagði hv. 1. þm. Reykv., að ég hefði verið að tala um það hér á dögunum, bæði í útvarp og við móttöku flugvéla, að það þyrfti að efla fjármagnsmyndun í landinu og sparnaðinn. Það er alveg rétt. Ég lagði áherzlu á þetta og hef gert það oftar, og það er mín skoðun, að þetta þurfi að gera. Þess vegna hef ég einnig ævinlega reynt að vinna að því, að í landinu gæti verið sem stöðugast verðlag og þar með skapazt grundvöllur að sparnaði. Og ég hef aldrei fallið fyrir þeirri freistingu enn þá, hvað sem á eftir að verða, þó að ég hafi verið í stjórnarandstöðu, að vinna eftir fyrir fram gerðri áætlun að því að rýra gildi peninganna, eins og hv. 1. þm. Reykv. gerir nú. Ég þykist því alveg hafa ráð á því að tala um þessi mál eins og ég gerði við þessi tvö tækifæri.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að þetta frv. væri alveg sér í lagi í ósamræmi við þetta, því að það mundi alveg sérstaklega spilla fyrir eðlilegum sparnaði. En ég vil benda hv. þm. á, að þetta frv. gerir ráð fyrir því, að innstæður í bönkum og sparisjóðum séu undanþegnar skattinum, en eins og við vitum, hefur einmitt á undanförnum árum alveg sérstaklega hallazt á hlut þeirra, sem slíkar eignir hafa átt, en hinir, sem hafa haft undir höndum fasteignir og aðrar

slíkar eignir, hafa hagnazt stórkostlega á verðbólgunni, á sama tíma sem þeir, sem innstæðurnar áttu, hafa skaðazt.

Þetta frv. jafnar þess vegna metin í þessu efni í rétta átt. Og ef menn nú sjá, ef þetta frv. verður að lögum, að sparifé er einmitt undanþegið í þessu sambandi, þá verður það heldur hvöt en hið gagnstæða til þess, að menn beini sparnaði sínum í þá átt að eiga innstæður. Þetta ætla ég að hverjum ætti að geta verið ljóst, sem íhugar þetta málefnalega.

Þá er það annað atriði, sem hv. 1. þm. Reykv. gerði mikið úr, og það var, að það ætti ekki að leggja skattinn á félögin sjálf, heldur ætti að leggja skattinn á einstaklingana. Þetta taldi hv. 1. þm. Reykv. óhæfu og hafði um það sterk orð. Þetta kallaði hann pólitiska hlutdrægni og sagði, að þetta væri gert til þess eins, að Samband ísl. samvinnufélaga þyrfti ekki að borga stórfé í stóreignaskatt. Þetta gefur mér kærkomið tilefni til þess að rifja upp, hvernig þetta mál er vaxið, og það er alveg satt, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að við framsóknarmenn urðum að standa fyrir því 1950, að einmitt þessi háttur var á hafður um álagningu stóreignaskattsins, að hann var ekki lagður á félögin sjálf, heldur einstaklingana.

En það er dálítið meira í málinu en það, sem hv. 1. þm. Reykv. dró hér fram. Því er nefnilega þannig varið, að á undanförnum áratugum hefur sá leikur verið leikinn af auðmönnum og gróðamönnum þessa lands „að skipta sér“, svo að segja, „niður í mörg félög“ — eiga í mörgum félögum og skipta atvinnurekstri sínum niður í félög til þess að komast þannig léttara frá því að greiða skatta. Og ef þessi stóreignaskattur *væri núna lagður á eins og hv.* 1. þm. Reykv. vill og eins og Sjálfstfl. vildi 1950, þá yrðu þessir menn, sem dreifa þannig eignum sínum í óteljandi sæg smárra hlutafélaga til þess að hlífa sér við skatti, — þá yrðu margir af þeim og þ. á m. margir af auðugustu mönnum landsins skattlausir. Það var þetta, sem Sjálfstfl. vildi 1950, og það er þetta, sem hv. 1. þm. Reykv. meinar, þegar hann er að hafa hér uppi baráttu fyrir því, að leggja eigi skattinn á allt öðruvísi en hér er gert ráð fyrir. En þessi skattur, eins og skatturinn 1950, er ekki lagður þannig á, að auðugustu menn landsins geti komið sér undan honum með því að eiga í nógu mörgum og smáum félögum, heldur er hann lagður þannig á, að allar eignir hvers einstaks manns, þó að þær séu í mörgum félögum, eru samandregnar í einn stað á hans nafn, og hann verður að greiða af því, sem hann raunverulega á. En það er þetta, sem hv. 1. þm. Reykv. þolir ekki. Það er þetta, sem hann kallar pólitiska hlutdrægni og öðrum álíka nöfnum. Og hann segir, að það hljóti allir sanngjarnir menn að sjá, að það sé engin hæfa að leggja skattinn á eins og hér sé gert ráð fyrir. Ef það væri farið að eins og hann vill og þessu komið þannig fyrir, að sumir af auðugustu mönnum landsins þyrftu ekkert að greiða, þeir ættu bara sínar 900 þúsund krónurnar í *hverju félagi fyrir sig — skattfrjálsir, þá væri* aftur á móti allt í lagi. Þannig er það, sem hv. 1. þm. Reykv. vill fara að.

Að lokum svo aðeins þetta: — Þeir hafa verið að tala um það hér, hv. sjálfstæðismenn og hv. 1. þm. Reykv., að það yrðu ferleg áhrifin af þessum skatti á efnahagslífið í heild. Hv. 1. þm. Reykv. talaði í því sambandi um samdrátt atvinnulífsins, atvinnuleysi og vesöld, eins og ég sagði áðan. Hér er gert ráð fyrir því, að skattur þessi gefi 80 millj. kr. tekjur og verði greiddur á 10 árum, og þá er þetta 8 millj. kr. skattlagning á hverju ári í 10 ár. Ég hef séð þá forráðamenn Sjálfstfl. standa frammi fyrir öðru eins og þessu án þess að blikna. Ég hef séð þá vera með í því að leggja á hundruð milljóna án þess að depla auga. En það var bara sá munur, að þær álögur voru ekki, a. m. k. ekki fyrst og fremst á þá auðmenn, sem greiða hæst í kosningasjóð sjálfstæðismanna. En það gæti verið, að það væri öðruvísi ástatt um þennan skatt.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það hefur verið tekið fram hér, að það væri ekki að öllu leyti farið að þingsköpum með þessa umr., og er nokkuð mikið til í því. En það stafar af því, að við 2. umr. málsins hér í hv. d. fengust ekki nein úrslit um það í hv. fjhn., hvort tekið yrði tillit til þeirra brtt., sem minni hl. n. flutti, og þýddi það í sjálfu sér það að draga aðalumræðu málsins til 3. umr. Þess vegna er það, að í dag og í kvöld og væntanlega kannske áfram í nótt verða umr. ekki einasta um málið almennt, heldur og nokkuð um einstök atriði þess.

Það má segja, að það þurfi engum, hvorki alþm. né öðrum, að koma mjög á óvart, þó að þetta frv. hafi verið lagt hér fram á Alþingi, og í rauninni, að það hafi komið nokkru seinna en líkur stóðu til eftir allar þær umr., öll þau *loforð, allan þann áróður í blöðum og á fund*um, sem dundi yfir landslýðinn á s. l. sumri og fyrri hluta vetrar um það, hvílík nauðsyn á því væri og hvað það væri sjálfsagt að taka eignirnar af þeim ríku, einkum í Reykjavíkurbæ. Þetta er þess vegna eitt af þeim loforðum, sem hæstv. ríkisstj. gaf við kosningarnar síðustu, sem hún virðist ætla að efna. En mörg af hinum hafa nú þegar verið svikin.

Við getum byrjað á því að minna á það, að þetta mun vera í fjórða skiptið, sem aðalforsvarsmaður fjármálanna í þessari og fyrrverandi stjórn, hæstv. fjmrh., beitir sér fyrir því að vega að þessu leyti í sama knérunn, því að fyrsta sporið var tekið með eignakönnuninni og eignakönnunarskattinum, annað sporið með eignaraukaskattinum, þriðja sporið með stóreignaskattinum 1950 og svo er þetta fjórða sporið á sömu leið og í raun og veru í mörgum tilfellum í garð sömu stofnana og sömu aðila. Hverjir eru svo þessir ríku menn, sem alltaf er verið að útmála út um landið að þurfi að taka eignirnar af og telja fólkinu þar, sem er yfirleitt fátækt fólk, trú um, að því sé óhætt, því að þessi skattur lendi ekki á því, en það sé óhætt að gera upptækar eignir þessara ríku Reykvíkinga, sem eigi milljónir og aftur milljónir? Nú er það svo, að eins og gefur að skilja, þá er fjöldi manna víðs vegar um *landsbyggðina og eins í kaupstöðum landsins* mjög ókunnugur því, hvernig varið er öllum hinum stærri atvinnurekstri bæði hér í Reykja-

víkurbæ og öðrum hinum stærri kaupstöðum. En eins og nú er komið, þá er það víst, að það er enginn stærri rekstur mögulegur nema með miklu kapitali, mikilli eign eða miklu lánsfé. Og þeir ríku aðilar, sem hér eiga hlut að máli, eru í fyrsta lagi stofnanir ríkisins, bankarnir og aðrar ríkisstofnanir. Það eru í öðru lagi Samband ísl. samvinnufélaga, Eimskipafélagið, flugfélögin o. s. frv., og svo eru hinir ríku aðilar þar næst, nokkur útgerðarfélög, verzlunarfélög, iðnfyrirtæki og aðallega verksmiðjureksturinn hér í höfuðstað landsins.

Það er nú svo, að það mun vera mjög rétt, sem hv. þm. Hafnf. tók fram hér áðan, að það eru ekki þessir menn, sem eiga sparifé í peningastofnunum landsins, því að þeirra ríkidæmi allra byggist á því, hvað þeir eiga skuldlaust af þeim húseignum, skipum, vörubirgðum o. s. frv., sem þeir þurfa á að halda í sínum atvinnurekstri, og það, hvað þeir eiga mikið skuldlaust, gerir það að verkum, hverjir eru möguleikarnir fyrir þessa aðila til þess að halda sínum atvinnurekstri áfram. Ég skal taka það fram, að mér þykja mjög undarlegar sumar þær rökvillur, sem haldið er fram í þessu sambandi og eru aðallega þær, að það sé engin hætta á því fyrir þjóðfélagið, fyrir atvinnulífið í heild sinni, þó að teknar séu eignir þessara aðila, þessara félaga og stofnana, sem standa fyrir atvinnurekstrinum, aðallega hér í Reykjavíkurbæ. Það hefur á þessu þingi verið ákveðið með samþykkt laga að kaupa á næstu árum hingað til lands 15 togara til viðbótar þeim, sem fyrir eru, og það er áætlað, að hver þessara togara kosti 15 millj. kr. Nú skulum við hugsa okkur það, að einhverjar stofnanir, einhverjir menn eigi nokkurt fé til þess að gera það mögulegt að kaupa eitthvert þetta skip. En þá er það fyrir fram ákveðið af núverandi ríkisstj. og hennar flokkum að taka mikinn hluta af þessari eign í skatt. Segjum það, að einhver maður eigi 3 millj. kr., sem gætu orðið til styrktar í útgerðarfélagi með væntanlegu nýju skipi. Þá á að taka af því 375 þús. kr. með þessum skatti. Þetta þýðir það, að maður eða fyrirtæki, sem ætti fé fyrir einum þessara nýju togara, 15 millj. kr., yrði að borga í þennan skatt 1375 þús. kr. Á svipaðan veg er þetta með verksmiðjuiðnaðinn hér í höfuðstaðnum, að það er engan stærri verksmiðjuiðnað hægt að reka hér nema með miklum höfuðstól, miklu fé, og það getur kippt fótunum undan þeim rekstri, ef á ofan á alla aðra ránskatta, sem búið er að leggja á í þessu landi, að gera upptækt nokkuð af eignum þessara fyrirtækja. Ég held þess vegna, að hæstv. ríkisstj. og hennar flokkar geri sér ekki nægilega grein fyrir því, sem mjög var greinilega fram tekið af hv. þm. Siglf. (ÁkJ) hér í dag, að með þessu frv., ef að lögum verður, er verið að kippa fótunum undan þeim atvinnurekstri, sem heldur uppi atvinnunni fyrir fólkið hér í höfuðstað landsins og kannske víðar um land.

Hæstv. fjmrh., sem ævinlega gengur á undan öllum öðrum mönnum í skattaæði, var að útmála það hér áðan, að þetta væru 8 millj. á ári og það væri ákaflega lítilfjörleg upphæð. En þetta er bara rangt hjá hæstv. ráðh. eins og margt annað, sem hann sagði og segir oft, því að það er áætlað, að þessi skattur verði 80 millj. á þessu yfirstandandi ári. En það á bara að vera sú linkind við þá, sem skattinn greiða, að þeir mega borga hann á 10 árum og borga vexti af sínum eigin eignum, sem er verið að gera upptækar. Þess vegna þurfa menn ekkert að vera að tala hér um 8 milljónir á ári, það eru 80 millj., sem hér er um að ræða, þó að þær eigi að borgast á 10 árum. Nú skal ég segja ykkur það, að mikið af þeim fyrri sköttum, sem hafa verið lagðir á á þessum grundvelli, eru ekki innheimtir enn, og m. a. voru í árslok 1954 óinnheimtar rúmlega 6 millj. af eignakönnunarskattinum, sem lagður var á fyrir mörgum árum. Og þá var óinnheimt af stóreignaskattinum frá 1950 rúmlega 41 millj. Þetta eru upphæðir, sem þeir aðilar skulda ríkinu, sem nú á að bæta þessum litla böggli ofan á til viðbótar við alla aðra skatta, sem búið er að leggja á.

Nú er það svo, að hæstv. fjmrh., sem er stærsti syndaselur, sem komið hefur nálægt stjórn fjármála í þessu landi, hefur venjulega fylgt þeirri blekkingartilraun, þegar hann er að leggja á nýja skatta, að taka einhver vinsæl mál, sem þessi upphæð eigi að fara í. Og þetta er gert einnig hér. Það eru tekin hér tvö vinsæl mál, þ. e. veðdeild Búnaðarbankans, sem er búið að berjast fyrir í allan vetur að fá einhverja peninga í, og það eru framlög til húsbygginga í kaupstöðum. Og svo er sagt: Jú, þessi upphæð á að fara í þetta. Það á að láta þetta í sérstakan vasa í ríkissjóðnum, og það á að fara í þetta, og þið, sem eruð á móti þessum skatti, þessari skattheimtu, þessari aðferð til skattheimtu, eruð náttúrlega á móti því að leggja fé í veðdeildina, og þið eruð á móti því að leggja fé fram til húsabygginga. — Þessi blekkingaraðferð hefur verið höfð mörgum sinnum áður af hæstv. ráðh. og blekkir fjöldamargt af fólki, sem lætur telja sér trú um, að þeir, sem ekki eru samþykkir því að taka skatt á þennan hátt, séu á móti þeim nytjamálum, sem hér er verið að afla fjármuna í.

Ég skal nú minnast ofur lítið á það, sem mér stendur hér næst, og það er framlag til veðdeildar Búnaðarbankans, sem allir sveitamenn hafa meiri áhuga fyrir að fá fé í heldur en flest annað, vegna þess að það er brýn þörf fyrir frumbýlinga sveitanna að geta fengið einhverja fjármuni, eitthvert lán til að kaupa jarðir, til að kaupa bústofn, verkfæri o. s. frv. Það er búið að berjast hér fyrir því yfirleitt á þessu þingi, sem var till. frá mþn., sem skipuð var af fyrrv. landbrh. og í voru bæði sjálfstæðismenn og framsóknarmenn, — það er búið að berjast fyrir að fá því framgengt, að það væru lagðar fram af ríkissjóði 5 millj. kr. á ári í þessa stofnun. En þó að hæstv. ríkisstj. sé búin skv. áætlun að hækka útgjöld ríkisins og útflutningssjóðs frá því, sem áætlað var fyrir árið 1956, um 400 millj. á þessu ári, þá hefur ekki fengizt samþykkt að leggja einn einasta eyri í þessa deild. Nú koma svo þessir herrar og segja: Ja, nú ætlum við að láta ykkur hafa peninga, nú ætlum við að láta ykkur hafa af þessum stóreignaskatti ⅛, sem mundi vera rúmlega 2½ millj. á ári

á næstu 10 árum, ef hæstv. ríkisstj. og fyrst og fremst hæstv. fjmrh. er ekki búinn að setja allt fjármálalíf landsins í rúst, áður en þessi skattur *mundi innheimtast*.

Nú er það svo, að ég tek þetta svona í meðallagi alvarlega, og ekki trútt um, að ég sé óviss um, að þessi fjárhæð komi veðdeild Búnaðarbankans og bændum landsins, þeim sem ætla að fara að byrja búskap, að því gagni, sem með þessu frv. er látið í veðri vaka. Nú er það svo, að þegar búið er fjórum sinnum að fara inn á þessa eignaupptökuleið, þá höfum við, sem hér erum á þingi og erum eignarréttarmenn og viljum yfirleitt, að eignarréttur einstaklinga sé virtur, eins og stjórnarskrá okkar lands gerir ráð fyrir, fulla ástæðu til að hugsa sem svo: Hvar á að setja takmörkin, hvað verður næst, verður ekki haldið áfram á sömu brautinni, það eru teknar eignir af þessum mönnum nú, þær verða teknar af öðrum næst og svo áfram, þangað til allir eru orðnir eignalausir? Og nú er það svo, að samkv. þessu frv. er það engan veginn þannig, að það sé raunveruleg eign, sem hér er verið að reikna með, og það er vegna þess, að það er gert ráð fyrir því, að a. m. k. hér í höfuðstaðnum sé fasteignamatið gamla fimmtánfaldað á húseignum. Og það er algerlega víst, að ef ætti að fara að selja hér hundruð eða hver veit *hvað af húsum, þá mundu þau ekki seljast fyrir* þetta verð. Það er varðandi fasteignamat ekki á neinu viti byggt að miða við einstakar sölur, sem mögulegar eru á tímum eins og undanfarið hafa verið, þegar hefur verið mikið aðstreymi af fólki utan af landinu, vegna þess að það hefur verið betri aðstaða fyrir það hér í höfuðstaðnum en annars staðar.

Hæstv. fjmrh. sagði í ræðu sinni áðan og herti mjög mikið á sínum fullyrðingum: Sjálfstæðismenn voru með því að leggja á stóreignaskatt 1950, af því að þeir voru þá í stjórn, en þeir eru á móti því núna, af því að þeir eru ekki í stjórn.

Við skulum bera saman ofur lítið aðstöðuna 1950 og aftur nú. Það er rétt, að sjálfstæðismenn voru með framsóknarmönnum í stjórn 1950, þegar stóreignaskatturinn var lagður á. En hvernig var aðstaðan þá? Það var verið að fella gengi íslenzku krónunnar um hvorki meira né minna en 74%. Og um leið og fellt var gengi krónunnar, þýddi það, að verið var að hækka sem því svaraði verð á fasteignum, bæði hér og annars staðar. Ég kannske segi of mikið, að það hafi verið sem því svaraði, en hækkaði stórkostlega frá því, sem áður var, því að hvert gengisfall miðar að því helzt að hækka verð á fasteignum, en lækka peninga og allt lausafé. En hvernig er það núna? Núna er ástandið þannig, að þær ráðstafanir, sem ríkisstj. hefur verið að gera, hafa miðað að því að lækka verðið á fasteignum. Við höfum aldrei séð það á undanförnum árum eins og í vetur, að það eru tugir, jafnvel hundruð af húseignum og íbúðum auglýstar í blöðunum viku eftir viku og mánuð eftir mánuð, og mikill hluti af þessum húseignum gengur ekki út. Undanfarin ár hefur það verið svo, að það hefur verið meiri eftirspurn eftir húseignum en hægt hefur verið að fullnægja. Þetta er af því, að hvorki geta einstaklingarnir keypt, vegna þess að bankarnir mega heita peningalausir, og svo annað hitt, að fólkið þorir ekki að gera neitt vegna hræðslu við þá hallæris- og vandræðastefnu, sem núverandi ríkisstj. hefur tekið upp.

Mig undraði það mjög áðan, þegar svo greindur maður sem hv. þm. Hafnf. var að tala um það, sem fjmrh. svo endurtók, að starf og stefna núverandi ríkisstj. hefði miðað að því að koma í veg fyrir gengislækkun. Frá mínu sjónarmiði er þetta þvert á móti, því að allt starf ríkisstj., síðan hún tók við, hefur miðað að því að gera líkurnar fyrir óhjákvæmilegu gengisfalli miklu alvarlegri en nokkurn tíma hefur áður verið, því að hver getur trúað því, að það að leggja á skatta, svo að skiptir hundruðum milljóna, sem hefur það í för með sér að hækka allt vöruverð í landinu og þar á ofan leiðir af sér hækkuð laun og hækkað kaupgjald, — hver getur trúað því, að það miði að því að koma í veg fyrir gengisfall?

Ég var þeirrar skoðunar árið 1955 eða fyrri hluta síðasta þings, þegar var verið að knýja í gegn launalögin nýju, sem hæstv. fjmrh. beitti sér ákaflega fast fyrir, að það væri eitt hið versta verk, sem þá væri hægt að gera, vegna þess að til þess að tryggja gengi okkar krónu *er nauðsynlegt að halda kostnaðinum*, sköttunum, laununum, kaupgjaldinu sem mest niðri, að mögulegt er. Og þegar það var gert að hækka laun embættismanna ríkisins með opinberum ráðstöfunum um 65 millj. kr. á einu ári, þá er það háskaleg leið, og sú leið var farin á þann hátt, að það var hækkað hjá þeim lægst launuðu um 10%, en hjá þeim hæst launuðu upp í 40%. Og það hefur komið í ljós, eins og ég spáði þá, að þessu hlyti að fylgja samsvarandi hækkun á launum allra annarra fastlaunaðra manna í þessu landi, hjá bæjarfélögunum, hjá verzluninni, hjá iðnaðinum, hjá bönkunum, tryggingastofnuninni og yfirleitt alls staðar. Þetta hefur orðið reynslan, og afleiðingin af þessum glannaskap, því að það var ekkert annað en glannaskapur, sem þarna var um að ræða, og fjármálavitleysa, — afleiðingin af því hefur orðið meiri líkur fyrir því, að gengið yrði að fella fyrr eða síðar. Eftir öllum horfum, sem fyrir liggja, þá eru þær frá mínu sjónarmiði þannig, að það séu ekki sterkar líkur fyrir, að það sé hægt að halda genginu eins og það er nú, heldur sé miklu meiri hætta á því, ef haldið er áfram á sömu braut, að það verði ekki gengisfall, heldur gengishrun. *Og hin skynsamlega ræða, sem hér var* flutt um þetta efni af hv. þm. Siglf. í dag, var byggð á rökréttri hugsun, og undarlegt er, ef það er í raun og veru svo, að enginn annar maður í flokkum stjórnarinnar er á sömu hugsun og þessi hv. þm., sem talaði um þessa hluti mjög skynsamlega.

Þegar verið var að afgreiða skattafrumvörpin í vetur, var vísitölunni aftur sleppt lausri, og það er komið nú þegar í ljós, að hún hefur hækkað, sem er afleiðing af þeirri verðhækkun, sem þá var undirbúin með skattahækkunum. Hún hefur hækkað nú þegar um 4%. Það þýðir annaðhvort hækkað kaupgjald hjá öllum at-

vinnurekstrinum eða þá hækkaðar niðurgreiðslur, sem mundu kosta 24 millj. kr. fyrir ríkissjóðinn. Samkv. upplýsingum fyrrv. hæstv. viðskmrh. var komið svo í lok síðasta árs eða um næstsíðustu áramót, að það mundi kosta 6 millj. kr. að borga niður hvert einasta vísitölustig. Hér er þess vegna ekki um neina smámuni að ræða og vitaður hlutur, sem ég hef alltaf sýnt fram á alla tíð síðan 1940, að vísitöluskrúfan er fyrirbæri, sem getur ekki leitt til annars en ófarnaðar í öllu okkar fjármálalífi.

Hv. þm. Hafnf. upplýsti það hér, sem undarlegt má heita, að hv. þm. Siglf. stæði einn uppi í sínum flokki með þá skoðun, sem hann lýsti hér í dag. Ég verð að segja, að þetta er sönnun þess, að sá flokkur, eins og raunar hinir, virðist ekki hafa gert sér grein fyrir því, á hvaða glæfrabraut í fjármálum við erum og höfum verið fyrst og fremst og aldrei eins og síðan þessi hæstv. ríkisstj. tók við völdum. Þessi sami hv. þm. var að tala um, að það væri einhver jafnvægisstefna, sem ríkisstj. berðist fyrir. Ja, sér er nú hver jafnvægisstefnan að hækka útgjöld hins opinbera bara hjá ríkinu og útflutningssjóði um 400 millj. kr. á einu ári og ætla svo að bæta með þessu frv., sem hér er, 80 millj. ofan á.

Þá er eitt atriði, sem ég vildi víkja aðeins að, og það er matið á lóðunum. Við, sem erum í landsnefnd fasteignamatsins, erum nú búnir að ganga frá matinu, eins og ætlazt var til að það væri skv. lögum, sem um það fjalla. Ef það er ætlun meiri hl. Alþ. að fara svo að fyrirskipa það, sem alls ekki hefur verið talað um, ég held ekki við neinn okkar, a. m. k. ekki við formann n., Hannes Pálsson, ekki heldur við mig, að hér eigi að fara að gera breytingu á þann hátt að fara að meta upp lóðir sérstaklega í mati, sem nýbúið er að ganga frá, ef það eru líkur til, að þær lóðir verði til þess að koma einhverjum manni, sem á slíkar lóðir, í stóreignaskatt, þá er sú aðferð furðuleg. Og mig undrar það, ef það eru 32 menn til hér á Alþingi, sem fallast á slíka vitleysu, því að það er ekkert annað en vitleysa, þegar nýbúið er að ganga frá fasteignamati, að ætla sér þá að fara að fyrirskipa að setja sérstakt mat og hærra mat á einstakar lóðir. Ég veit ekki, hvort það á að vera eingöngu hér í Reykjavík, hvort það á að vera líka á Akureyri, Hafnarfirði, Akranesi og fleiri kaupstöðum.

Þá skal ég taka það fram, að ég ætla ekkert að fara að svara árásum hæstv. fjmrh. á hv. 1. þm. Reykv., því að ég býst við, að hann sé fullkomlega maður til þess miklu fremur en ég að svara þeim árásum. En vissulega er heimskulegt og furðulegt að hafa séð það í blöðum dag eftir dag og heyra það í ræðum hér á þingi, að það þýði sama og að egna fólkið til kauphækkana að segja frá því, hvað það er, sem er að gerast, og hvað það er, sem sýnir máttleysi og ræfildóm þeirrar ríkisstj., sem hefur gefið loforð um að laga allt okkar fjármálalíf með varanlegum ráðstöfunum, ef það má ekki segja frá þessu í blöðum, þá á það að heita, að það sé verið að egna fólkið til verkfalla og kaupskrúfu. Það hefði einhvern tíma ekki þótt mikið að segja frá því, þegar verkalýðsforingjarnir sjálfir, sem hafa verið í stjórnarandstöðu á undanförnum árum, hafa verið að hópa saman fundum til þess að spana til verkfalla og kaupskrúfu. En það, sem hér er gert, er eingöngu það, eftir því sem ég veit bezt, að hv. 1. þm. Reykv. hefur sagt frá því í blaði sínu, hvað það er, sem hefur verið að gerast, þegar hefur komið ný kauphækkun, ný launahækkun, jafnvel hjá hæstlaunuðu stéttum landsins, og sýnt fram á, hvað þetta er gagnstætt öllum þeim miklu loforðum, sem hæstv. ríkisstj. og hennar flokkar gáfu í síðustu kosningum og gáfu, þegar þeir tóku við.

Nú má segja, að það sé eitt undarlegt fyrirbrigði í hæstv. ríkisstj., sem er undarlegra en öll önnur, og það er hæstv. fjmrh., maðurinn, sem var í fyrrverandi stjórn og er í þessari og gengur fram fyrir skjöldu í blaði sínu og lætur aðra sína flokksmenn gera hið sama til þess að halda því fram, að allt, sem hér fer aflaga, hafi verið að kenna þeirri fyrrverandi stjórn, sem hann var sjálfur í og réð mestu um fjármálastefnuna hjá. Það var ein skrýtla sögð í blaði hér einu sinni í vetur, sem er mjög sláandi dæmi um aðferð þessa hæstv. ráðh., og hún var á þá leið, að hann hefði gengið út og lokað sinni stjórnarskrifstofu í sumar og ætlað að fara út á götuna, en snúið við á þröskuldinum, farið aftur inn á sína skrifstofu, opnað hurðina og hrópað upp: Hér er ljót aðkoma. — Þetta er aðferð þessa manns, sem hefur verið í öllum stjórnum nú að undanförnu, hrópar hæst um það, að hann sé að koma í veg fyrir gengislækkun, hann sé að koma á heilbrigðu fjármálalífi, en hefur gengið allra manna lengst í því að æða fram með sífelldar skattahækkanir og ganga þannig frá fjármálastjórninni, að það eru ekki neinar líkur til annars en að hún stefni beint til hruns.

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frsm. minni hl. fjhn., hv. 5. þm. Reykv. (JóhH), sagði í ræðu sinni um þetta mál í dag, að ekki væri hægt að réttlæta þá skattálagningu, sem hér um ræðir, með öðrum ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið í efnahagsmálunum. Sama skoðun virtist mér koma fram í ræðu hv. þm. Siglf. (ÁkJ).

Ég sé ástæðu til að gera aths. við þetta. Vil ég í því sambandi vekja athygli á því, sem greinir í aths., er frv. fylgja. Þar er á það bent, að með l. um útflutningssjóð o. fl., sem sett voru í næstliðnum desembermánuði, voru gerðar sérstakar ráðstafanir í efnahagsmálunum — og þær allvíðtækar — til þess að koma þeim málum á traustari grundvöll og jafna halla, sem orðinn var á útflutningsframleiðslunni. Í sambandi við þær ráðstafanir var óhjákvæmilegt að leggja verulegar fjárhagsbyrðar á þjóðfélagsþegnana, og voru þær fyrst og fremst í formi hækkaðra aðflutningsgjalda á útlendum vörum og svonefnds yfirfærslugjalds. Virðist þá eðlilegt, að þyngstu byrðarnar komi á þá landsmenn, sem mestar eignir eiga og mest hafa aukið eignir sínar vegna verðbólgunnar.

Þá er því haldið fram af hv. minni hl. fjhn., að með skattálagningunni sé ekki unnið gegn

verðbólgunni. Ég sé einnig ástæðu til að gera aths. við þetta.

Eitt af helztu einkennum verðbólgunnar um mörg undanfarin ár hefur verið áköf viðleitni manna til þess að koma peningum sínum í aðrar eignir, sérstaklega í fasteignir. Af þessu hafa margir haft verulegan gróða og þó sérstaklega þeir, sem hafa komizt yfir lánsfé og varið því til fasteignakaupa. Fasteignir hafa því vegna eftirspurnarinnar hækkað mjög í verði, og hefur það síður en svo verið þjóðinni til farsældar, þegar á heildina er litið.

Samkv. frv. á að leggja skatt á eignir, sem eru umfram eina milljón hjá hverjum einstökum manni, en sparifé er undanþegið skattinum eftir reglum tekju- og eignarskattslaganna um skattfrelsi sparifjár, og svo er einnig um eignir í ríkisskuldabréfum og skuldabréfum með ríkisábyrgð. Ég get ekki betur séð en að þetta hljóti að vera ráðstöfun, sem vinnur gegn verðbólgunni, að skattleggja á þennan hátt aðrar eignir en sparifé og ríkisskuldabréfin. Hv. 5. þm. Reykv. nefnir það að vísu, að skattinum eigi að verja til fjárfestingar, og telur það til stuðnings sinni skoðun um, að með skattálagningunni sé ekki unnið gegn verðbólgunni. Þriðji hluti skattsins á að fara til veðdeildar Búnaðarbankans, sem veitir lán til stuðnings landbúnaðinum, en tveir þriðju í byggingarsjóð ríkisins. Úr þeim sjóði á að veita mönnum lán til að byggja íbúðarhús til eigin nota. Það, að menn byggi íbúðarhús eingöngu til þess að fullnægja eigin þörfum, er allt annað og ólíkt því, þegar menn sækjast eftir að eignast sem mest af slíkum eignum umfram eigin þarfir, en í því skyni að hafa af því fjárhagslegan hagnað.

Hv. þm. Siglf. flutti ræðu um þetta mál og lýsti sig mótfallinn því, að frv. yrði samþ. Mér skildist á hv. þm., að hann teldi það óviðeigandi og jafnvel rangt að leggja skatt á eignir manna, ef þeir hefðu borgað tekjuskatt af þeim tekjum, sem eignirnar hafa myndazt af. Þetta þykir mér mjög nýstárleg kenning hjá hv. þm. Ég veit ekki betur en að það hafi verið gert alla tíð síðan lögleitt var, að greiða skyldi tekjuskatt og eignarskatt til ríkisins, að leggja skatt á eignir manna, þó að þeir hafi borgað tekjuskatt af þeim tekjum, sem myndað hafa eignirnar, og ég minnist þess ekki, að ég hafi heyrt þetta talið óeðlilegt fyrr en nú í dag, þegar ég hlýddi á ræðu hv. þm. Siglf. Hitt er annað mál, sem ástæða er til að vekja athygli á einmitt í sambandi við frv., sem hér liggur fyrir, að margir menn hafa á liðnum árum komizt hjá að borga eignarskatt af eignum sínum nema að nokkru og stundum mjög litlu leyti. Sérstaklega eru það þeir, sem hafa geymt fjármuni sína að mestu í fasteignum. Það er vegna þess, að fasteignamatið, sem eignarskatturinn er miðaður við, hefur verið óbreytt frá því um 1940 og þar til nú 1. maí 1957. Mörgum var það ljóst fyrir löngu, að fasteignamatinu átti að breyta, en aldrei fékkst því fram komið, þar til nú fyrir tveim árum, að samþ. voru lög um svonefnda samræmingu á matinu, en þar var þó of skammt gengið til leiðréttingar á matinu, þar sem það ákvæði var sett í l., að ekki mætti hækka gamla matið um meira en 400%, þ. e. a. s. fimmfalda það. En kunnugt er, að gangverð fasteigna hefur á sumum stöðum á landinu nú að undanförnu verið u. þ. b. 20 sinnum hærra en gamla fasteignamatið. Vegna þess að fasteignamatinu hefur ekki fengizt breytt, hafa menn komizt hjá að greiða eignarskatt af fasteignum sínum nema að nokkru leyti og stundum aðeins greitt skatt af litlum hluta af raunverulegu verðmæti þeirra. Þetta hefur m. a. ýtt undir kapphlaupið um að breyta peningaeignum í fasteignir og þannig átt sinn þátt í verðbólgunni.

Einmitt þetta, sem ég hér hef nefnt, að menn hafa að miklu leyti sloppið við að greiða hæfilegan eignarskatt af því fé, sem þeir hafa átt í fasteignum, gerir það ásamt fleiru sanngjarnt og eðlilegt, að þetta frv. verði samþ. og sá skattur, sem þar um ræðir, verði á lagður.

Ég hef hér sérstaklega nefnt fasteignirnar, vegna þess að gera má ráð fyrir, að þær verði helzti skattstofninn, en um aðrar eignir en fasteignir, sem hér koma til skattlagningar, má einnig segja, að þær hafi yfirleitt verið lægra metnar til eignarskatts á liðnum árum en sem söluverði nemur, þó að munurinn hafi þar ekki verið eins geipilegur og á matsverði og gangverði fasteignanna. En þó hafa menn vitanlega ýmsir haft verðbólgugróða af öðrum eignum en fasteignum. Og það var ekki fyrr en með nýju skattal. 1954, sem ákvæði voru sett um skattfrelsi sparifjár. Miklar eignir eru nú hjá einstaklingum, sem safnazt hafa vegna verðbólgunnar og sloppið hafa undan eignarskatti á liðnum árum vegna ákvæða eignarskattslaganna, og margir hafa aukið eignir sínar með því að stofna til skulda og komast hjá að greiða nema nokkurn hluta til baka af því verðmæti, sem þeir fengu að láni, vegna verðbólgunnar. Þetta gerir ásamt öðru eðlilegt, að þessi skattur á stóreignir verði á lagður.

Víst má gera ráð fyrir því, að ákvæði frv. um, að sparifé og viss skuldabréf séu undanþegin skattinum, eftir sömu reglum og nú gilda við álagningu eignarskatts, verði til þess að örva sparifjármyndunina, og er vel, ef svo tekst til.

Hv. þm. Siglf. lét í það skína í ræðu sinni, að hann teldi nokkurn vafa leika á því, að löglegt væri að leggja á slíkan skatt. Ég held jafnvel, að þetta hafi verið nefnt af öðrum ræðumanni, en er þó ekki viss um það. Þetta sé ég ekki að hafi við nokkur rök að styðjast.

Þegar allar ástæður eru athugaðar, tel ég engan vafa á, að það sé í alla staði löglegt að leggja á slíkan skatt, og læt mér ekki koma til hugar, að nokkur dómstóll muni úrskurða á annan veg, ef það mál kemur einhvern tíma til álita hjá dómara.

Hv. þm. Siglf. helgaði Sambandi ísl. samvinnufélaga og öðrum samvinnufélögum einn kaflann í ræðu sinni, talaði þá um „stórveldi“ og „óeðlileg skattfríðindi“, sem hann sagði að ætti að afnema. Ég vil benda á það, að samkv. frv. á að skipta eignum samvinnufélaga niður á félagsmennina til skattlagningar hjá þeim eins og eignum hlutafélaga niður á hluthafana. Þó segir í 4. gr. frv., að með eignum félaga, sem skiptast samkv. ákvæðum frv., teljist ekki innstæðufé í

sameignarsjóðum, sem samkv. landslögum er óheimilt að skipta milli félagsmanna við félagsslit, en á þá að afhendast því opinbera til varðveizlu, sbr. lög nr. 46 1937. Hér er vitnað í samvinnulögin.

Þegar stóreignaskatturinn var á lagður 1950, var þetta framkvæmt með alveg sama hætti, að innstæðufé í óskiptilegum sameignarsjóðum kom ekki til skiptingar og skattálagningar. Þótti þetta þá sanngjarnt, og er það vitanlega eins enn.

Í brtt. sínum vill hv. minni hl. fjhn. tengja við þetta fyrirmæli um, að fé, sem forðum var lagt í nýbyggingarsjóði útgerðarfyrirtækja, skuli dregið frá eignum. Engin ástæða er til að tengja þetta saman. Nýbyggingarsjóðirnir voru að vísu undanþegnir stóreignaskattinum 1950, en þá voru skip líka talin með vátryggingarverði. Nú á aftur á móti samkv. brtt. meiri hl. að draga 40% frá vátryggingarverði fiskiskipa.

Hv. þm. Siglf. nefndi afa sinn, Jakob Hálfdánarson, í ræðu sinni. Frásagnir um hann eru geymdar og munu geymast, en hann var einn af brautryðjendum samvinnustefnunnar hér á landi. Það er því mörgum ljóst, hvert viðhorf Jakobs Hálfdánarsonar var til þeirra mála og hvernig hann vann að framgangi þeirra. Ekki mundi honum hafa geðjazt vel að þeirri kenningu, sem sonarsonur hans, hv. þm. Siglf., hreyfði hér, að réttmætt væri að skattleggja óskiptilega sjóði samvinnufélaga á sama hátt og um eign eins manns væri að ræða.

Sennilega hefði verið ástæða til að andmæla fleiru af því, sem fram hefur komið frá þeim, sem beita sér móti frv., en ýmsu af því hefur þegar verið svarað af öðrum, og læt ég því hér staðar numið. Ræður þeirra sumra hafa líka að verulegu leyti snúizt um aðra hluti en það frv., sem hér er á dagskránni.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er nú orðið liðið á nóttu og þess vegna eðlilegt, að menn fari að stytta mál sitt, þar sem þetta er þar að auki orðið allýtarlega rætt. En það hefur ýmislegt fram komið í ræðum hv. stjórnarsinna, sem eðlilegt er að taka til nokkurrar meðferðar, þótt áliðið sé næturinnar.

Hv. þm. V-Húnv. var að ljúka máli sínu, og hann sagði — ég veit, að þið hafið, áheyrendur góðir, tekið eftir því, að ráðagerðir stjórnarinnar, m. a. með þeirri lagasetningu, sem hér er fyrirhuguð um stóreignaskattinn, mættu verða til þess að örva sparifjármyndun í landinu. Mikil er sú bjartsýni, eða hvar hefur hv. þm. V-Húnv. verið? Hefur hann ekki fylgzt með því, að síðan hæstv. núverandi ríkisstj. kom til valda hefur sparifjármyndunin stöðugt farið minnkandi? Hvers vegna? Vegna þess að traust almennings á núverandi hæstv. ríkisstj. fer stöðugt þverrandi, var lítið í upphafi, er enn þá minna í dag, og það þarf ekki að gera ráð fyrir því, á meðan núverandi hæstv. ríkisstj. situr og meðan almenningur í landinu treystir ekki hæstv. ríkisstj., að sparifjármyndun þjóðarinnar örvist. Aðgerðir hæstv. ríkisstj. og hæstv. þingmeirihluta, ekki aðeins í þessu máli, heldur í mörgu öðru, eru að grafa undan því trausti, sem nauðsynlegt er að almenningur beri til valdhafanna. Það er þess vegna, sem efnahag þjóðarinnar er stefnt í voða.

Það hefur verið gert dálitið að umtalsefni, sem hv. þm. Siglf. sagði hér í dag í sambandi við þetta frv., og hv. þm. Hafnf., formaður Alþýðuflokksins, lýsti því yfir hér áðan, að Alþfl. allur, að þessum eina hv. þm. undanskildum, væri fylgjandi þessu frv. Það er þó vitað mál, að það eru fleiri þm. Alþfl. óánægðir með núverandi hæstv. ríkisstj. en hv. þm. Siglf. og það eru fleiri hv. þm. í Alþfl. hreinskilnir en hann og segja það, sem þeir hugsa, um samstarf núverandi hæstv. ríkisstj. og það, sem hún hefur gert og er að gera, og það verður að segja hverjum hv. þm. það til heiðurs, ef hann vill vera hreinskilinn og tala af sannfæringu.

Hv. 10. landsk. þm. (BrS) hefur að nokkru lýst viðhorfi almennings til núverandi hæstv. ríkisstj. í ræðu, sem hann flutti á aðalfundi Alþýðuflokksfélags Reykjavíkur nú fyrir skömmu. Ég geri ráð fyrir því, að margir hv. þm. hafi lesið þessa ræðu, því að hún er birt í Alþýðublaðinu 16. þ. m., og það er margt athyglisvert, sem þessi hv. þm. segir. Hann er litið ánægður með margt, sem núv. ríkisstj. hefur gert, og hann veit, að fólkið í landinu er ekki heldur ánægt með það. Ræðumaður, þ. e. Bragi Sigurjónsson, kveðst ekki draga fjöður yfir það, að hinn vinstri kjósandi hefði á ýmsan hátt orðið fyrir nokkrum vonbrigðum með ríkisstj., efnahagsaðgerðir hennar í vetur væru að dómi hans bráðabirgðaúrræði, engin varanleg úrræði, úrræði, sem hafi brugðizt vonum manna, og hann segir ýmislegt fleira athyglisvert, með leyfi hæstv. forseta:

„Að öllu samanlögðu er því ekki að neita, að hinn óbreytti kjósandi hefur orðið fyrir talsverðum vonbrigðum með samstarf vinstri flokkanna og ríkisstj. þykir verksein, ekki úrræðafljót og hliðrar sér hjá því að ganga afdráttarlaust til verks.“ Og hann segir ýmislegt fleira. Hann segir t. d., að almenningi sé nú ljóst, að það sé ekki einhlítt til þess að halda vinnufriði, að hinir svokölluðu vinstri flokkar, hinir svokölluðu verkalýðsflokkar, fari með stjórn landsins. Og á hverju byggir þessi hv. þm. það? Hann byggir það á því, að þær ráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert, hafi miðað að því að gera kjör fólksins í landinu verri en þau áður voru og að almenningur í landinu, sem áður gerði sér vonir um, að stjórn hinna vinnandi stétta, sem kallaði sig svo, gæti skapað hinum lægst launuðu bætt lífskjör, — hún hefur brugðizt því og leitt yfir allan almenning erfiðari tíma, verri lífskjör en hinn fátækari almenningur hafði áður búið við, og stjórn, sem þannig vinnur, sem þannig starfar, missir vitanlega traust fólksins. Það fólk, sem kaus þessa flokka við síðustu kosningar í trausti þess, að hin svokallaða vinstri stjórn gæti leyst vandamálin, hefur fengið opin augu fyrir því, að loforðin, sem gefin voru fyrir síðustu kosningar, voru falsloforð, sem núv. hv. stjórnarflokkar hafa keppzt við að svíkja í þá 9 mánuði, sem þeir hafa setið að völdum. Það má vel vera, að það hafi verið nauðsynlegt fyrir íslenzku þjóðina, fyrir íslenzkan verkalýð að ganga í þennan skóla, að fá þennan reynslutíma

yfir sig, en sú skólaganga fyrir almenning í þessu landi er kostnaðarsöm, verður íslenzku þjóðfélagi og íslenzku efnahagslífi kostnaðarsöm og afdrifarík, það verður erfitt að byggja upp á þeim rústum, sem núverandi stjórnarflokkar skilja eftir sig, þegar þeir hrökklast frá.

Hv. þm. Hafnf. (EmJ) hélt hér tiltölulega stutta ræðu í kvöld, en að mörgu leyti athyglisverða. Hann talaði um það, að ríkisstj. og flokkar hennar vildu hafa jafnvægi í efnahagslífinu og það væri það, sem ríkisstj. væri að berjast fyrir, en Sjálfstfl. ynni gegn því, að þetta gæti tekizt.

Það var rétt, sem hv. þm. A-Húnv. (JPálm) sagði hér áðan, að það er undarlegt, að ekki verr gefinn maður en hv. þm. Hafnf. skuli láta sér detta í hug að nefna jafnvægi í efnahagslífi og atvinnulífi í sambandi við þær aðgerðir, sem núverandi hv. stjórnarflokkar hafa gert undanfarið. Það er vitað mál, að núverandi hv. stjórnarflokkar hafa lagt á þjóðina á síðustu mánuðum hvorki meira né minna en 400 millj. kr. í nýjum sköttum. Það er vitað mál, að þetta hlýtur að leiða til hækkaðrar dýrtíðar og versnandi lífskjara hjá öllum almenningi í landinu.

Til þess að koma í veg fyrir þetta stoðar ekki verðlagseftirlit. Hv. þm. Hafnf. vildi gefa í skyn, að verðlagseftirlitið, sem nú á að heita algert, ætti þrátt fyrir aðgerðir stjórnarinnar, þrátt fyrir hina nýju tolla og álögur, eigi að síður að geta haldið verðlaginu niðri. En það er komið allt annað í ljós. Dýrtíðin hefur farið síhækkandi undanfarna mánuði, og þrátt fyrir það að skattarnir voru þannig á lagðir, að þeir skyldu sízt koma á hinar svokölluðu vísitöluvörur og niðurgreiðslan aukin til þess að halda vísitölunni niðri, þá hefur vísitalan vaxið um 4 stig, sem mun kosta ríkissjóðinn í auknum niðurgreiðslum hvorki meira né minna en 25 millj. kr. á ári.

Aðgerðir ríkisstj. leiða til vaxandi dýrtíðar, leiða til vaxandi erfiðleika. Einn stuðningsmaður ríkisstj. játaði það hér í dag, að gengishrun væri óhjákvæmilegt, m. a. vegna aðgerða ríkisstj. á s. l. vetri. Þetta er hans skoðun, en þarf eigi að síður ekki að vera skoðun allra. E. t. v. mætti enn þá forða þjóðinni frá gengishruni, ef nú þegar væri kippt í spottann, verðlagið stöðvað og ráðstafanir gerðar til þess að gera raunhæfar aðgerðir í atvinnu- og efnahagsmálum. En það er erfiðara nú en það var fyrir rúmlega ári, þegar við sjálfstæðismenn gerðum till. um það í marzmánuði 1956 að stöðva verðlagið, að greiða niður verðlagið. Það voru kölluð bráðabirgðaúrræði. Það voru bráðabirgðaúrræði þá, en okkur var ljóst, að til þess að nokkuð mætti gera raunhæft í þessum málum, varð að byrja á því að stöðva verðlagið og síðan að gefa sér tíma til þess að greina, hvernig ætti að stíga niður dýrtíðarþrepin og koma atvinnuvegunum á réttan grundvöll og forða þjóðinni frá böli vaxandi dýrtíðar. En í stað þess að taka í útrétta hönd okkar sjálfstæðismanna í marzmánuði 1956 hlaupa framsóknarmenn úr ríkisstj., frá allri ábyrgð, og segja, að það sé ekki hægt að leysa efnahagsvandamálin með sjálfstæðismönnum, það verði aðeins gert með því að reka hina svokölluðu vinstri pólitík. Stofnað var til kosninga, og við vitum, hvað gerzt hefur síðan. Það hefur stöðugt sigið á ógæfuhliðina. Dýrtíðin hefur vaxið. Meðgjafir ríkissjóðs hafa aukizt, skattar verið á lagðir, og nú tala stjórnarflokkarnir ekki lengur um bráðabirgðaúrræðin, sem þeir hafa gert, sem jákvæða eða varanlega lausn, heldur eru þeir nú farnir að tæpa á gengislækkun. Það er eftirtektarvert, að hv. þm. Hafnf., að hæstv. fjmrh., að form. hv. fjhn. þessarar d. og frsm. fyrir þessu máli, sem hér er til umr., þeir hafa engir mótmælt skoðun hv. þm. Siglf., þegar hann lýsti því hér í dag, að gengislækkun væri óhjákvæmileg vegna aðgerða ríkisstj. og stjórnarflokkanna á s. l. vetri.

Ég vil vekja athygli á því, að þetta tal um gengislækkun getur verið nokkuð hættulegt og afdrifaríkt fyrir efnahagslíf landsmanna. Ef allur almenningur fer að trúa því, að gengislækkun sé á næsta leiti, þá er voðinn vís, og ég vil, af því að gengislækkun hefur komizt inn í þessar umr. og af því að sá orðrómur gengur, að hæstv. ríkisstj. sé jafnvel búin að semja um það sín á milli að láta gengislækkun fram fara, að alvarlegar umr. um gengislækkun hafi farið fram í sambandi við það samkomulag, sem stjórnarflokkarnir gerðu um bankafrv., sem hér eru einnig á dagskrá, þá vil ég að gefnu tilefni, af því að skoðun hv. þm. Siglf. hefur ekki verið mótmælt, gera þá fsp. til hæstv. fjmrh., hvort það sé rétt, að hv. Sósfl. eða Alþb. hafi fallizt á það, þegar samkomulagið var gert um flutning bankafrv., að láta gengislækkun verða áður en langt líður. Ég spyr um þetta að gefnu tilefni og einnig vegna þess, að ég vil gefa hv. stjórnarflokkum tækifæri til þess að sverja þetta af sér, af því að ég tel, að það geti valdið háska og skaða, ef allur almenningur í landinu trúir því, að þetta samkomulag hafi verið gert og að gengislækkunin sé fyrirhuguð.

Svo er það annað mál, hvers vegna Alþb. hefur fallizt á þetta, ef svo hefur verið, hvort það hefur verið í sambandi við einhver viðskipti eða verzlun á milli stjórnarflokkanna. Það upplýsist aftur seinna.

En þá mundi nú margur spyrja: Hvað væri eftir hjá hv. Alþb. af kosningaloforðunum? Herinn er í landinu og gengislækkunin fyrirhuguð. Hvað er þá eftir? Það verður talið upp seinna.

Það er nú tæplega svaravert, sem hv. þm. Hafnf. sagði hér áðan og hæstv. fjmrh. í garð okkar sjálfstæðismanna, þegar þeir eru með brigzlyrði til okkar sjálfstæðismanna út af því, að við viljum kynda undir dýrtíðina og verkföllin. Þetta hefur maður séð í stjórnarblöðunum, ekki sízt Tímanum, alls konar dylgjur og rangfærslur um sjálfstæðismenn. Hvers vegna? Vegna þess, að samvizka stjórnarflokkanna er slæm. Vegna þess, að þeir sjá, að þeir eru á feigðargöngu, að þeir nálgast fossbrúnina og eru komnir að því að hrapa, nema þeir bjargi sér til lands nú þegar, og þá er það, sem þeim finnst gott að reyna að koma sökinni á andstæðingana, kenna Sjálfstfl. um það, sem þeir sjálfir eiga sök á.

Ég vil spyrja þessa hv. menn: Var það sjálfstæðismönnum að kenna, að Sambandið hækk-

aði kaupið við starfsfólk sitt í desembermánuði s. l., meðan kaupbindingarlögin voru í gildi? Var það Sjálfstfl. að kenna, að hæstv. viðskmrh. hækkaði kaupið við sjómenn um 15—18%, eins og hann sjálfur sagði í þingræðu hér í vetur og eins og birt var með feitu letri í Þjóðviljanum? Var þetta Sjálfstfl. að kenna? Var það Sjálfstfl. að kenna, að kjör sjómanna á Akranesi og í Grindavík voru stórum bætt? Var það Sjálfstfl. að kenna, að flugmenn gerðu verkfall og að kjör þeirra voru stórum bætt, þannig að flugmenn meta þessar kjarabætur allt að 50—60 þús. kr. á ári? Flugmenn eru hæst launuðu menn í þessu landi, en stjórn hinna vinnandi stétta gekk fram fyrir skjöldu og gaf þessum mönnum 50—60 þús. kr. kauphækkun yfir árið. Var það sjálfstæðismönnum að kenna, að farmenn fengu 8% hækkun, eins og Alþýðublaðið sagði frá? Var þetta sjálfstæðismönnum að kenna?

En hvernig stendur á því, að hæstv. fjmrh. og Tíminn sættir sig við það, að Þjóðviljinn, að hæstv. viðskmrh. segir frá því, að sjómenn hafi fengið 15—18% kauphækkun, úr því að Tíminn og hæstv. fjmrh. og fleiri stjórnarsinnar eru heitvondir við sjálfstæðismenn af því, að þeir segja frá því, sem er að ske í þjóðfélaginu? Hvernig stendur á því, að hæstv. fjmrh. finnur ekkert að því við samstarfsflokk sinn, Alþfl., og Alþýðublaðið að segja frá því með feitu letri, að farmenn hafi fengið 8% kauphækkun? Tíminn segir ekki frá þessu. Framsókn ætlast til, að almenningur í landinu sé blekktur og fái ekki að fylgjast með því, sem er að gerast. Þeir, sem ekki lesa annað en Tímann, sem munu vera nokkrir í Suður-Múlasýslu og jafnvel Norður-Múlasýslu, trúa því, að það hafi engar kauphækkanir átt sér stað. En er það þannig, sem stjórnmálabaráttan á að vera í þessu landi? Er það þannig, sem á að reka lýðræðisþjóðfélag, að það megi ekki segja fólki frá því, sem er að ske? Hvað hafa sjálfstæðismenn gert annað en segja hlutlaust frá því, sem er að ske, að stjórn hinna vinnandi stétta, sem hét vinnufriði, sem hét því að stöðva dýrtíðina, sem lofaði því að koma atvinnuvegunum á heilbrigðan grundvöll, hefur staðið þannig við loforð sín, að verkföll hafa dunið yfir hvert af öðru, að kauphækkanir hafa á undanförnum mánuðum verið stórkostlegri en nokkru sinni fyrr og þá helzt hjá þeim, sem hæst eru launaðir, en svo er ætlazt til, að bændur og Dagsbrúnarmenn, hinir verst launuðu, sætti sig við þann hlut, sem þeim er ætlaður og skammtaður, og það er farið að segja það innan stjórnarflokkanna, að Dagsbrúnarmenn verði að liggja niðri, vegna þess að ef þeir hækki kaupið, þá leiði það til þess, að landbúnaðarvörurnar verði að hækka í haust? Bændum er ætlað að taka fullkominn þátt í dýrtíðinni án þess að fá nokkuð bætt af því, sem af dýrtíðinni leiðir, og verkamenn eiga þrátt fyrir minnkandi atvinnu að sætta sig við það kaup, sem þeir hafa, þótt hækkað hafi verið við alla þá, sem bezt eru settir og hæst eru launaðir.

Það er rétt að víkja að því betur, hvernig sú stjórn, sem telur sig vinveitta bændum að öðrum þræði, framkvæmir það, sem að bændunum snýr. Bændunum var lofað á s. l. hausti, að þeir skyldu fá 8.2% hækkun á landbúnaðarvörur, mjólk og kjöt, og þeim bar það samkvæmt útreikningi verðlagsnefndarinnar. Hvað hafa þeir fengið? Þeir áttu að fá 28 aura hækkun á mjólkurlítra fyrir verðlagsárið, sem byrjaði 1. sept. 1956 og endar 31. ágúst n. k. Hvað hafa bændur fengið í hækkuðu mjólkurverði? Þeir fengu ekkert fyrir septembermánuð. Fituaukningin var hækkuð um 4 aura 1. okt., en það gerir 15 aura hækkun á lítra. Þetta hafa þeir fengið. Meira hafa þeir ekki fengið, og meira munu þeir ekki fá. Þeir eru snuðaðir um 13 aura á hvern mjólkurlítra, sem þeim ber. Þeir eru einnig snuðaðir um 3.1% af afurðaverði sauðfjárins af því, sem þeim ber. Þetta varð ekki fyrr en þessi stjórn tók við, enda var aldrei við því að búast, að þessi stjórn stæði við samninga gagnvart bændum frekar en öðrum. Og nú segi ég það, að um leið og hún svíkur bændur um afurðaverðið, þá fer hún ekki betur með verkamennina, því að það fara saman hagsmunir bænda og verkamanna. Bændum er ætlað að fá verð afurða sinna í réttu hlutfalli við það, sem verkamenn bera úr býtum á hverjum tíma, og aðgerðir ríkisstj. í atvinnumálum þjóðarinnar leiða til þess, að tekjur hins almenna verkamanns fara minnkandi, að kaupgeta hans þverr og að bændur selja verr og selja minna af afurðum sínum á markaði í kauptúnunum en þeir áður gerðu.

Það er ekki aðeins það, að núv. hæstv. ríkisstj. hafi lagt á 400 millj. kr. í nýjum sköttum. Það er ekki aðeins á þann hátt. sem hún þrengir að. Hún þrengir að almenningi einnig á annan hátt, með því að taka atvinnuna af fólkinu, taka eftirvinnuna í burtu, þannig að menn verða nú að sætta sig við það, sem þeir bera úr býtum með 8 stunda vinnu, og mega þakka fyrir, ef það er, og ég veit, að í vetur gengu margir verkamenn vinnulausir og margir hafa nú áhyggjur af því, að þeir komist ekki í vinnu á þessu vori, og það mun sýna sig, þegar skólafólkið kemur úr skólunum á vinnumarkaðinn, að það verður atvinnuleysi á þessu sumri.

Það er ástæðulaust að rekja það í fleiri orðum en þegar hefur verið gert, bæði af mér og öðrum sjálfstæðismönnum, að það er staðleysa, að við sjálfstæðismenn höfum nokkuð gert til þess að ýta undir vinnudeilur, ýta undir verkföll. Við gerum okkur alveg ljóst, hvað það þýðir, ef ekki er vinnufriður, hvað það kostar fyrir þjóðfélagið. En við gerum okkur líka ljóst, að það er tæplega við því að búast, að þeir, sem eru verst settir í þjóðfélaginu, þeir, sem lægst launin hafa, verði ánægðir, þegar þeir líta á það, hvað hefur gerzt undanfarið undir forustu þeirrar ríkisstjórnar, sem fram að þessu hefur kallað sig stjórn hinna vinnandi stétta.

Það er ekki nema eðlilegt, að almenningur í landinu lýsi óánægju sinni, og það eru takmörk fyrir því, sem almenningur þolir og lætur bjóða sér. Hinn vinnandi maður, hvort sem hann er við sjó eða í sveit, hefur nú gert sér alveg fyllilega grein fyrir því, sem hann ekki vissi áður, að stjórnarflokkarnir, sem hafa kallað sig flokk bænda, sem hafa kallað sig flokk verkamanna og vinnandi fólks, eru úrræðalausir flokkar. Þetta er stjórn, sem vinnur að því að skapa fólki í

þessu landi verri lífskjör en þörf er á. Ég gat um það í upphafi máls míns, að sparifjármyndunin í landinu hafi stöðvazt við tilkomu þessarar stjórnar, og það er afdrifaríkt, þegar það skeður. Fjármagnsmyndun í landinu er undirstaðan að atvinnulífinu, að framkvæmdunum. Um leið og sparifjármyndunin stöðvast, kemur aukinn fjárskortur, minnkandi möguleikar á framkvæmdum, minnkandi möguleikar á því að halda uppi atvinnu, minnkandi trú manna og traust á valdhöfunum, sem leiðir til upplausnar, til stöðvunar, til þess, að almenningur í landinu hættir að lifa við góð lífskjör, eins og áður hefur gerzt í þessu landi, og það er nú svo, að hæstv. ríkisstj. virðist enn í dag ekki hafa opnað augun fyrir því, hvað þessi stöðvunarpólitík hennar leiðir af sér. Hún öðrum þræði hrósar sér af því að vera frjálslynd og framtakssöm, en öðrum þræði kemur það augljóslega fram, að framkvæmdirnar eru að stöðvast undir hennar forustu og verndarvæng. Ég get t. d. minnzt á eitt áþreifanlegt mál, sem er að ske í mínu kjördæmi. Það hafði verið ákveðið að leggja rafmagn á 32 bæi í Rangárvallasýslu á þessu ári samkv. áætlun. Þetta mun vera nálægt 30 km, sem þurfti þá að leiða um þennan hrepp. Mér var sagt á sunnudaginn, að nú væri jafnvel ákveðið að leggja aðeins 8 km af þessum 30. Það á bara að svíkjast um að leggja 22 km, sem hafði verið búið að samþykkja og lofa. Það verður dýrt fyrir fólkið úti um hinar dreifðu byggðir, sem bíður eftir rafmagni, og það verður orðið langeygt eftir rafmagninu, ef stöðvunarpólitík núv. hæstv. ríkisstj. á að ráða til lengdar, og þegar hæstv. ríkisstj. svíkur eða ætlaði að svíkja það, sem er þannig búið að lofa og staðfesta skriflega, þá get ég búizt við því, að það verði fleira, sem svikið hefur verið. Ég get nefnt annað dæmi úr mínu kjördæmi í sambandi við brú, sem er nú ekki nema að hálfu leyti á fjárlögum. Það er gert ráð fyrir því, að þessi brú kosti um 200 þús. kr. Það eru 100 þús. kr. á fjárlögum. Það er meira en mánuður síðan ég skrifaði hæstv. ríkisstj. og óskaði eftir því að mega byggja brúna í sumar, ef ég útvegaði 100 þús. kr. lán til brúargerðarinnar, sem ég bauðst til að gera, og vegamálastjóri var þessu samþykkur og mælir með því. Ég hef ekki enn þá fengið svar hæstv. ríkisstj. um það, hvort hún leyfi mér að útvega þessar 100 þús. kr., til þess að þessi brú verði byggð. Stöðvunarpólitíkin gengur svo langt hjá hæstv. ríkisstj., að hún vill ekki þiggja 100 þús. kr., til þess að hægt sé að byggja þessa brú.

Ég hef nú nefnt þessi dæmi hér, þótt þau séu kannske ekki beinlínis viðkomandi stóreignaskattinum eða þessu frv., sem hér er til umræðu. En allt er þetta nú nokkuð samtvinnað og hvað öðru skylt, ef um þetta er rætt frá ýmsum hliðum. Ég fyrir mitt leyti gæti undir ýmsum kringumstæðum fallizt á það, að lagður væri stóreignaskattur á þá, sem eiga verulegar stóreignir, eignir, sem þeir nota eingöngu fyrir sjálfa sig, en ekki koma öðrum að notum. En þetta frv. gerir engan greinarmun á því eða mjög lítinn greinarmun á því, hvort hinar svokölluðu stóreignir eru í eign einstaklinga, sem ekki nota þær í þágu atvinnuveganna, eða hvort þessar eignir eru beinlínis í framleiðslunni og leiða til þess að veita tugum og jafnvel hundruðum manna atvinnu. Það er að vísu gert ráð fyrir nokkrum frádrætti hjá þeim, sem í framleiðslunni eru, en að mínu viti er það ekki nærri nógu mikið. Mér fyndist, að það ætti algerlega að undanskilja ýmis atvinnufyrirtæki, sem berjast í bökkum og vantar algerlega rekstrarfé. Við skulum t. d. taka iðnaðarfyrirtæki, sem hafa tugi manna og hundruð manna í atvinnu. Ég býst við því, þegar búið er að fimmtánfalda fasteignamatið á húsum og vélum þessara fyrirtækja, sem áður hafa barizt í bökkum og tæplega haft fjármagn til þess að borga kaup, að stóreignaskattur í þessum tilfellum leiði til þess, að það verði stór samdráttur hjá þessum fyrirtækjum. Þessir menn, sem eiga fyrirtæki, hafa vissulega nóga möguleika fyrir sjálfa sig. Og það má segja, að skatturinn komi ekki þyngst niður á þeim, sem skattinn eiga þannig að greiða, en ef skatturinn leiðir til þess, að það verður að segja upp helmingnum af þeim, sem áður höfðu þarna atvinnu, þá kemur hann niður á hinum fátæka verkamanni, sem hefur fengið lífibrauð sitt hjá fyrirtækinu.

Ég býst við, að það megi nefna nokkur iðnaðarfyrirtæki hér í Reykjavík, sem þannig stendur á með og áreiðanlega verða að draga saman seglin og segja upp fólki, eftir að þessi skattur kemur til framkvæmda. Og þótt stóreignaskattur gæti verið réttmætur á ýmsa, þá er enginn vafi á því, að eins og atvinnumálum okkar er nú komið, þá er nauðsynlegt að íþyngja ekki hinum ýmsu atvinnuvegum, sem veita atvinnu og vinna að þjóðnýtum störfum. Annars er það svo, að iðnaðurinn virðist vera að fara algerlega í kút undir stjórn núverandi hæstv. ríkisstj. eins og flest annað. Það eru býsna mörg iðnaðarfyrirtæki, sem nú hafa þegar sagt upp starfsfólki sínu vegna öryggisleysis og vegna vantrúar á því, að mögulegt sé að starfrækja iðnaðarfyrirtækin, eins og nú er komið. Ég get nefnt dæmi um eitt iðnaðarfyrirtæki, sem var að vísu ekki stórt, en það varð að hætta starfsemi sinni á s. l. vetri, vegna þess að það fékk ekki neina hækkun á framleiðslunni, enda þótt hráefnin til framleiðslunnar hefðu hækkað um 30%. Verðlagsyfirvöldin höfðu ekki betri skilning á þessari starfsemi en svo, að þótt hægt væri að sýna fram á með tölum, sem ekki voru rengdar, að hráefnin höfðu hækkað um 30%, fékkst alls ekki að hækka söluverð á því, sem þetta fyrirtæki framleiddi. Afleiðingin varð sú, að fyrirtækið hætti, sagði upp því fólki, sem það hafði, og hefur lokað húsi núna. Ég veit ekki, hvort þetta er verst fyrir eigendurna, en það er áreiðanlega slæmt fyrir það fólk, sem hafði atvinnu hjá fyrirtækinu. Þetta gerðist að vísu áður en stóreignaskatturinn kom til framkvæmda, en var eingöngu vegna verðlagsákvæðanna.

Ég ætla ekki að fara út í verðlagsákvæðin í nótt. Það gefst tækifæri og tími til þess seinna. Það er vitanlega, eins og það er sjálfsagt að útiloka okur, eins nauðsynlegt að fyrirbyggja, að heilbrigður atvinnurekstur sé stöðvaður vegna skilningsleysis þeirra, sem með verðlagsákvæðin fara.

Nú má segja, að það hafi verið beitt svo vel á öngulinn fyrir ýmsa í sambandi við þetta frv., að þess vegna bæri að fylgja þessu frv., vegna þess, hvernig eigi að verja því fé, sem inn kemur með þessum skatti. Veðdeild Búnaðarbankans á að fá ⅓, og það er vitað, að við sveitamennirnir erum viðkvæmir fyrir því. Við vitum, að veðdeild Búnaðarbankans þarf að fá fé. Hún þarf að fá meira fé en gert er ráð fyrir að hún fái með þessu frv. Það er gert ráð fyrir, að stóreignaskatturinn gefi á 10 árum 80 millj. kr. Þriðji partur af því er 27 millj. kr. Þetta greiðist á 10 árum. Það eru 2.7 millj. á ári. Veðdeildin hefur lánað hverjum manni undanfarið, þegar hún á annað borð hefur getað lánað, 35 þús. kr. Hvað eru þetta þá mörg lán? Það er fljótreiknað. 35 í 27, það eru 74 lán. Það er rúmlega 1% af bændum, sem getur fengið lán úr veðdeildinni, eftir að þetta frv. er orðið að lögum.

Ég segi nú, að ef ætlazt er til, að þetta sé beita, sem menn eiga að gleypa þrátt fyrir vont bragð, þá er það misskilningur. Veðdeild Búnaðarbankans er hægt að efla, það er hægt að afla henni fjár með öðru móti, og það verður að afla henni fjár, þótt þetta verði að lögum. Það er ekki nóg, að 1% af bændum geti fengið veðdeildarlán.

Það er svo annað mál, að það stóð með feitu letri í Tímanum, það var heilsíðufyrirsögn, að með þessu frv. væri búið að leysa fjármál veðdeildar Búnaðarbankans. Ég spyr nú hv. þingmenn og er freisting að spyrja þá, sem sitja hér á móti mér: Er þetta nú ekki heldur mikil nægjusemi? Er það ekki heldur mikil nægjusemi fyrir fulltrúa bænda að fullyrða, að það sé búið að leysa fjármál veðdeildar Búnaðarbankans með því að gera 1% af bændum mögulegt að fá lán úr veðdeildinni, en það er með þessu frv.? Væri ekki rétt fyrir okkur, sem erum fulltrúar bænda, að stefna örlítið hærra? Ég held, að við verðum að gera það. Við vitum, að það er fjöldi bænda, sem vantar lánsfé, og að veðdeildinni þarf að útvega meira fé. Og ég verð að segja, að það er illa á haldið, þegar hinn svokallaði bændaflokkur hefur fjmrh. í stjórn og forsrh. og leggur 400 millj. kr. í nýjum sköttum á landsmenn, að það skuli þá ekki sjást nokkur möguleiki til þess að útvega veðdeild Búnaðarbankans fé með öðru móti en þessu og ekki meira fé en þetta.

Það getur vel verið, að það hafi tekizt í bili að blekkja menn með þessari fyrirsögn í Tímanum og að menn hafi haldið í bili, að þetta væri nokkuð mikið fé, 27 millj. kr., 2.7 millj. kr. á ári. En þegar farið er að deila í þessa upphæð, þá sjá menn, hvað þetta er smátt, að þetta er blekking, að þetta er í samræmi við þann blekkingavef, sem núverandi stjórnarflokkar hafa verið að vefa, síðan þeir komust að völdum. Og það er ekkert undarlegt, þegar stjórninni er haldið uppi á þessu, að þeir verði ókvæða við, þegar sagt er umbúðalaust frá því, sem gerzt hefur, og að þeir jafnvel verði heitvondir, ef talað er um, að þetta framlag til veðdeildarinnar sé ekki stór upphæð, heldur lítil upphæð.

Það var líka í blaði hæstv. félmrh., Þjóðviljanum, feit fyrirsögn með stórum stöfum: „Ríkisstjórnin hefur gert ráðstafanir til þess að leysa fjármál byggingarsjóðs ríkisins". Og það var m. a. með þessu frv., með því að útvega byggingarsjóði ríkisins skv. þessu á ári 5.3 millj. Það átti nú að útvega meira. Það var hinn svokallaði skyldusparnaður. Það var 1% á alla skatta til viðbótar. Og þegar félmrh. hæstv. fór að reikna, þá taldist honum til, að það væri kannske 11—12 millj. nýtt fé, sem hann með öllum þessum bægslagangi hefði tryggt byggingarsjóði ríkisins. En það verður svo að geta þess, að byggingarsjóði ríkisins er ætlað að lifa á því fé, því fjármagni, sem fyrrv. ríkisstj. hafði útvegað. Það stofnfé, sem fyrrv. ríkisstj. hafði skapað, verður lagt í byggingarsjóð ríkisins, og með því að leggja það við það nýja fé, sem núverandi hæstv. ríkisstj. útvegar, er þetta orðin töluverð upphæð samanlagt. En þessar 11—12 millj. kr., sem hæstv. núv. ríkisstj. útvegar byggingarsjóði ríkisins, hvað eru það mörg lán? Eða ætlar hæstv. ríkisstj. að smækka lánin frá því, sem þau voru? Áður var lánað 70 þús. kr. út á íbúð, og ég hefði nú ætlað, að með hækkandi verðlagi á byggingarefni, hækkandi vinnulaunum, þá væri frekar þörf á því að hækka þessi lán á hverja íbúð heldur en að lækka þau. En við skulum nú segja, að það verði ekki lánað nema 70 þús., eins og áður var, og þá sjáum við, hvað það verða mörg lán, sem þetta nýja fé hæstv. ríkisstj. getur veitt. Það er með því að deila 7 í 11. Ég veit, að hæstv. félmrh., þótt hann brosi, þá getur hann reiknað það dæmi, enda hefur hann verið skólastjóri. Það eru ca. 150 lán. En nú er mér sagt, að það liggi fyrir hvorki meira né minna en 2000 umsóknir um lán, og hæstv. núverandi ríkisstj. ætlar að afgreiða 150 af þessum 2000. Hún gerir ráðstafanir sem sagt til þess, að hægt sé að afgreiða 150 af 2000. Verði afgreitt meira, þá er það ekki fyrir hennar tilstilli, heldur er það fyrir það fé, vexti og afborganir af því fé, sem fyrrverandi ríkisstj. hafði útvegað. Það er ekkert undarlegt, þótt það séu feitar fyrirsagnir í Þjóðviljanum og þótt stjórnarflokkarnir segi, að þeir hafi nú leyst fjármál byggingarsjóðs ríkisins og að nú sé þetta allt komið á góðan veg.

Ég held, að það sé ástæðulaust að hafa þessi orð öllu fleiri. Það hefur verið rætt um þetta allýtarlega. Það hefur verið gert alveg ljóst, hvert hæstv. ríkisstj. er að stefna í atvinnumálum þjóðarinnar og að þetta frv., sem hér er til umr. um stóreignaskatt, er eitt afsprengi hennar, sem er í samræmi við annað, sem hún hefur gert. Og það fé, sem ætlazt er til að komi út úr þessum stóreignaskatti, leysir ekki fjármál veðdeildarinnar, það leysir ekki fjármál byggingarsjóðsins, en með því að frv. gerir allt of lítinn mun á eignum, hvort það eru eignir, sem eru ekki notaðar í almenningsþágu, eða eignir, sem eru beinlínis í atvinnurekstrinum, vegna þess er frv. ótækt, og m. a. vegna þess er ég algerlega á móti því.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ræða sú, sem hv. 1. þm. Rang. var nú að ljúka við að flytja hér, var að vísu með nokkuð sérstökum hætti um það frv., sem hér liggur fyrir, svo lítið sem hann ræddi um það sem slíkt. En

þó eru þessi ræðuhöld, sem flest eru innbyrðis nokkuð lík, af hálfu þeirra sjálfstæðismanna um það stóreignaskattsfrv., sem hér liggur fyrir, ekki með öllu óeðlileg, þegar það er athugað, hvernig í rauninni stendur á því, að það frv., sem hér er nú til umr., um stóreignaskatt, liggur hér fyrir.

Það er sem sagt kunnugt, að ákvörðun ríkisstj. um það, að lagður yrði á sérstakur stóreignaskattur, var tekin sem ein ákvörðun af fleirum í sambandi við þær dýrtíðarráðstafanir, sem gengið var frá um síðustu áramót. Þá var gengið út frá því, að afla þyrfti allmikilla nýrra tekna til stuðnings við atvinnuvegi landsmanna, og eitt úrræðið, sem fallizt var á í því samkomulagi, sem þá var gert við vinnustéttirnar í landinu, var einmitt það, að þeir, sem hefðu safnað á undanförnum árum verulegum eignum, skyldu einnig láta nokkuð af mörkum í sambandi við þessar nýju tekjuöflunarleiðir. En það kom vitanlega fljótt í ljós, að Sjálfstfl. var algerlega andvígur því, að þessir aðilar, sem nú er ætlað að borga stóreignaskatt, þeir sem eiga yfir 1 millj. kr. í skuldlausri eign, ættu hér einnig að koma til með að leggja nokkurt fé fram.

En í þessu sambandi er rétt að athuga nokkru nánar þá stefnu, sem Sjálfstfl. hefur haldið uppi og gerir nú í þessum umr. einmitt varðandi lausn efnahagsmálanna. Því hefur sem sagt verið lýst yfir af talsmönnum Sjálfstfl., að sú tekjuöflun, sem átti sér stað um síðustu áramót, hafi sízt verið of mikil, ekki hafa atvinnuvegirnir fengið of mikinn stuðning. Það hefur komið mjög greinilega fram frá hálfu sjálfstæðismanna. Sjávarútvegurinn hefur ekki fengið of mikið sér til stuðnings. Landbúnaðurinn hefur ekki fengið of mikið, síður en svo. Þetta hefur sérstaklega verið undirstrikað af ýmsum aðaltalsmönnum sjálfstæðismanna. Nú, en hvað þá? Þá hefur tekjuöflunin verið nauðsynleg. Um hvað stendur ágreiningurinn þá? Jú, ágreiningurinn stendur um það, hvernig átti að afla teknanna. Hverjir áttu að borga? Og þá er það fyrst skemmtilegt að virða fyrir sér stefnu Sjálfstfl., þegar þannig er litið á málið. Hvað hafa sjálfstæðismenn lagt hér til í þessum efnum? Hverjir áttu að borga þessar miklu fjárhæðir, sem þurfti til þess að styrkja atvinnuvegina að þeirra dómi? Ja, vill nú ekki t. d. hv. 1. þm. Reykv. (BBen), sem hér talar væntanlega næst á eftir, skýra þingheimi hér frá því, hverjar hafi verið till. sjálfstæðismanna og hverjar séu till. sjálfstæðismanna í þeim efnum, hverjir áttu að bera það, sem útvega þurfti í fjármunum handa atvinnuvegunum? Það væri svo sem fróðlegt að fá að heyra það. Þegar ríkisstj. ákvað að fara þá leið að láta þá aðila í landinu leggja fram nokkurt fé, sem sannanlega höfðu eignazt mestar eignir á undanförnum árum, eiga í hreina eign 1 millj. og meir, þá er Sjálfstfl. á móti slíkri tekjuöflun, hún kemur ekki til mála. Og þegar ríkisstj. leggur til, að ýmsir milliliðir í landinu, verzlunin og aðrir slíkir, verði einnig að leggja nokkurt fé af mörkum, þá er hrópað dag út og dag inn, að það sé verið að þjarma svo að verzluninni í landinu, að hún geti ekki lifað. Ekki getur hún borið þessar álögur. Og það er auðvitað verið að þjarma svo að ýmsum skipafélögum í landinu, eins og Eimskipafélaginu, að þau eru svo að segja að fara á höfuðið. (Gripið fram í.) Já, jafnvel það, a. m. k. að dómi olíufélaganna, því að þau álíta, að ekki sé hagur olíufélaganna of góður. (**Gripið fram í:** Eru þau nú orðin samvizka ráðh.?) Ja, það hefur nú komið fyrir áður, að þegar tekinn hefur verið aðeins mesti kúfurinn af því, sem olíufélögin hafa fengið, þá hafi heyrzt hljóð úr horni hjá sjálfstæðismönnum, og það ætla ég að segja í sambandi við Hamrafellið, af því að því var skotið hér inn í, að þrátt fyrir stórlækkandi fragtir á heimsmarkaði, þá var það svo og liggur nú alveg skjalfest fyrir, að leigan, sem Hamrafellið var tekið á, var mun lægri en hefði verið hægt að fá á frjálsum markaði. Við leigðum 3 skip fyrir 220 shillinga hvert, en Hamrafellið fór 3 túra á 160 shillinga hvern túr. Einn túr fór Hamrafellið á 100 shillinga og síðasta túrinn sinn fór það á 115 shillinga. (**Gripið fram í:** Nú, það er búið að lækka það.) Er búið að lækka, já. Já, það var samið við Hamrafellið mjög góðfúslega um að lækka síðasta túrinn, en það hefði hins vegar ekki verið gert í tíð sjálfstæðismanna. En það sýnir aðeins það, að ríkisstj. hafði í þessum efnum tryggt landsmönnum eins hagstæðar fragtir og tök voru á þá. Hefði hins vegar hin leiðin verið farin, að hinn frjálsi markaður hefði verið notaður, þá hefðum við búið við mun hærri fragtir á olíuskipum.

Það hefur sem sé komið í ljós, að Sjálfstfl. hefur ekki heldur þolað þá álagningu, sem olíufélögunum hefur verið boðin. Hann hefur ekki heldur þolað það. Svo þolir hann auðvitað ekki heldur þá gífurlegu álagningu, sem hann segir að ríkisstj. hafi beitt sér fyrir á almenning í landinu, eða m. ö. o. það þurfti að afla allra þeirra tekna, sem aflað var við síðustu áramót. Verzlunin getur ekki borið álögurnar. Hin stóru skipafélög geta ekki borið álögurnar, verzlunarstéttin getur ekki borið álögurnar, auðmennirnir í landinu geta ekki borið álögurnar, og almenningur getur ekki borið álögurnar. En hver átti svo að borga að dómi sjálfstæðismanna? Hver átti að borga?

Jú, það liggur alveg ljóst fyrir, hver var meining sjálfstæðismanna um það, hverjir áttu að borga það, sem óhjákvæmilega þurfti fram að leggja til stuðnings atvinnuvegunum. Það fer vitanlega enginn í grafgötur með það, að það var meining þeirra sjálfstæðismanna að skella á gengislækkun, sem yrði framkvæmd þannig, að hún bitnaði alveg einhliða á launþegum í landinu. Og svo þegar þessi mál liggja fyrir á þennan hátt, þá kemur hér hv. 1. þm. Rang. og talar um úrræðalausa flokka í sambandi við lausn á efnahagsmálum landsmanna. Og hver voru úrræði Sjálfstfl.?

Það er öllum vitað, að húsnæðisvandamálin eru þess eðlis, að þau hafa gífurlega mikil áhrif á gang verðlagsmálanna í landinu. Hin feiknarlega háa húsaleiga, sem orðin er hér í Reykjavík, hefur vitanlega leitt af sér mikla og almenna dýrtíð í landinu. Það var því ekki nema eðlilegt, að samtök launþega legðu á það höfuðáherzlu í sambandi við lausn efnahagsmálanna

um s. l. áramót, að reynt yrði til frambúðar að leysa húsnæðisvandamálin, og af því var það einmitt, að samið var um að leggja á þennan stóreignaskatt, til þess að tryggja á þann hátt allmyndarlegt framlag til lausnar á húsbyggingarmálunum hér á næstu árum. Vitanlega sjá allir menn, að eina leiðin til þess, að hægt verði að lækka húsaleiguna á komandi árum, er sú, að það takist að skapa hér byggingarsjóð, sem getur starfað að verulegu leyti með eigin fé og þannig lánað út fé til húsbygginga með sanngjarnari og hagkvæmari kjörum en hægt hefur verið fram til þessa.

Stóreignaskatturinn, sem hér er lagt til að innheimta, er einmitt ætlaður til þess arna. Hann er því að mjög verulegu leyti hugsaður þannig, að hann á að vinna gegn hinu háa verðlagi, hann á að hjálpa til þess, að hægt sé að koma niður húsaleigukostnaðinum, og þannig styrkja það, að hægt verði að halda á komandi árum stöðugu verðlagi í landinu.

En hverjar eru þá till. sjálfstæðismanna í sambandi við lausn þessa mikla vandamáls, sem er húsnæðisvandamálið og glíman við hina háu húsaleigu? Hvaða till. hefur Sjálfstfl. komið með fram í þeim efnum?

Sjálfstfl. hefur vitanlega engar till. þar fram að færa, sem á neinn hátt fela það í sér, að hægt sé að búast við því, að á komandi árum gæti húsaleigan lækkað. Einmitt sú braskstefna, sem hann hefur gengizt fyrir í sambandi við húsbyggingarmálin, leiðir af sér síhækkandi húsaleigu og þar með síhækkandi verðlag.

Það hefur verið talað hér um þennan stóreignaskatt á þann hátt, að helzt mætti ætla, að hér væri verið að framkvæma einhverja eignaupptöku. En þetta er vitanlega mesti misskilningur. Skatturinn er þannig hugsaður, að allar líkur benda til þess, að atvinnureksturinn í landinu verði að mestu laus við þessa skattgreiðslu. Ég trúi því t. d. ekki, að neinar greinar sjávarútvegsins þurfi að kvarta undan þessum skatti. Mér þykir furðulegt, ef yfirleitt nokkrir, sem fást við sjávarútveg hér, þurfi að greiða nokkurn skatt samkvæmt þessu frv. Ástæðan er vitanlega sú, að það hefur verið þröngt í búi hjá sjávarútveginum á undanförnum árum, þar hafa skuldir hrúgazt upp og þar er því ekki um mikla nettóeign að ræða. Þeir, sem lenda í þessum milljóneraskatti, munu yfirleitt eiga fé sitt og eignir annars staðar en í framleiðsluatvinnuvegum landsmanna.

Ég vil t. d. nefna aðeins sem dæmi, að einstaklingur, sem telst skv. því skattmati, sem hér er lagt til grundvallar, eiga hreina eign umfram skuldir 5 millj. kr., á að greiða í þennan skatt 870 þús. kr., sem hann má greiða á 10 árum, eða 87 þús. kr. á ári. Nú er enginn vafi á því, að eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, þá mundu þessar eignir að raunverulegu verðmæti vera allmiklu meira virði en 5 millj., sem þarna kæmu til skatts, því að skattmatið er greinilega þannig upp byggt, að það er gengið út frá því, að það sé allmiklu lægra en raunverulegt verðmæti eignanna. Sá aðili, sem telst eiga 5 millj. kr. skuldlausar eftir tiltölulega lágu mati, — ég tel, að það sé ekki óeðlilegt, þegar afla þarf tekna til þess að standa undir brýnustu þörfum atvinnuveganna og til þess að leysa slíkt vandamál eins og húsnæðisvandamálin eru, þó að slíkir aðilar greiði þessa skattupphæð, sem ég gat þarna um.

Nei, hér er sannarlega ekki nærri neinum gengið, en hins vegar ætlazt til þess, að þeir, sem sannanlega eiga mikið, láti nokkuð af höndum.

Í þessar umr. hefur það spunnizt nokkuð, að orðrómur gengi um það, að núverandi ríkisstj. stefndi að gengislækkun, og þó að hv. 1. þm. Rang. (IngJ) talaði hér mörgum orðum um það, hvað hættulegt væri að tala um væntanlega gengislækkun, þá reyndi hann samt að slúðra hér nokkuð um, að þetta stæði til og hann hefði m. a. heyrt, að samið hefði verið um gengislækkun í ríkisstj. í sambandi við afgreiðslu bankafrv. þeirra, sem nú liggja fyrir þinginu.

Ég vil í tilefni af þessu segja það, að þetta er vitanlega algerlega úr lausu lofti gripið. Ekkert slíkt hefur borið á góma í ríkisstj. Þetta er eins og hvert annað íhaldsslúður, sem gengur um ríkisstj. Það hefur greinilega komið fram frá hálfu ríkisstj., að hún gerir það, sem í hennar valdi stendur, til þess að hægt verði að komast hjá gengisfalli, og ef það tækist, sem hún hefur haft vonir um, að hægt væri að halda verðlaginu nokkuð jöfnu og koma í veg fyrir allar meiri háttar hækkanir, þá eru vitanlega fyllilega vonir til þess, að ekki þurfi að grípa til neinna sérstakra ráðstafana um næstu áramót til stuðnings útflutningsframleiðslunni, því að það mun vera almennt viðurkennt af t. d. öllum útvegsmönnum, að þannig hafi verið gengið frá stuðningi við sjávarútveginn um s. l. áramót, að í meðalárferði ætti útgerðin að geta haldið velli á sæmilegan hátt og þurfi því ekki að óska eftir frekari stuðningi en þar var gert ráð fyrir, nema komi til verulegra verðlagshækkana, sem enn eru ekki fyrirsjáanlegar. En því er vitanlega ekki að neita, að það er ljóst, það er öllum mönnum í landinu ljóst, að Sjálfstfl. hefur beitt sér mjög ákaft fyrir því að reyna að gera að engu þessar vonir ríkisstj. um stöðugt verðlag. Hann hefur lagt sig fram á alla lund með að reyna að koma á stað kauphækkunaröldu í landinu og verðhækkunaröldu. Hann hefur gengizt fyrir því, þar sem hann hefur mögulega getað, að krefjast þess, að verðlag verði hækkað, álagning fái að hækka til mikilla muna, og beitt sér af miklu kappi fyrir því í vissum stéttarfélögum, að þau segðu upp kaupgjaldssamningum sínum og legðu til verkfalla.

Tilvitnanir þeirra sjálfstæðismanna í það, að ríkisstj. hafi í ýmsum tilfellum beitt sér fyrir kauphækkunum og að af þeim ástæðum sé það hún, sem ryður brautina og kallar á það, að aðrir hækki, eru alveg furðulegar. Ein af tilvitnunum þeirra er sú, að ég hafi t. d. skýrt frá því hér í umr. á Alþingi, að kaup hafi verið hækkað til sjómanna allverulega um síðustu áramót, og þetta hefur síðan verið tuggið hér upp æ ofan í æ í blöðum sjálfstæðismanna og í ræðum þeirra hér á þingi sem dæmi um það, að á þennan hátt beiti ríkisstj. sér fyrir kauphækkunum.

Strax þegar þessi mál lágu fyrir um áramót, var öllum ljóst, sem nokkuð skildu í vandamálum útvegsins í landinu, að þau voru þess eðlis, að það þurfti ekki einungis að bæta rekstrarafkomu báta og togara. Það þurfti einnig að vinna að því, að það fengjust sjómenn á skipin. Það lá því alveg augljóst fyrir sem ein fyrsta krafa meira að segja útgerðarmanna í landinu jafnt sem sjómanna, og ég hélt, að allir hefðu skilið það, sem nokkuð þekktu til þessara mála, að það þurfti líka að vinna að því, að sjómenn gætu fengið nokkra kauphækkun. Öllum var það því ljóst, þegar þessar till. voru afgr. hér á Alþingi, að þá var samþ. nokkur hækkun á fiskverði, og um sama leyti var samþ. löggjöf hér á Alþingi, sem tryggði sjómönnum hærra orlofsfé en þeir höfðu fengið áður. Ríkisstj. skýrði þá þegar frá þessu ásamt því, að hún mundi beita sér fyrir auknum skattfríðindum sjómanna.

Svo þegar þetta ber á góma hér í umr. á Alþingi tveimur mánuðum síðar, þá stökkva sjálfstæðismennirnir í loft upp, en þá voru þeir komnir í sinn fulla ham að berjast fyrir kauphækkun, og segja, að nú hafi það uppgötvazt í ræðu viðskmrh., að sjómenn hafi hlotið kauphækkun um síðustu áramót. Höfðu þeir ekki séð þau frv., sem gengu hér í gegn og fólu þetta í sér?

Vitanlega var þessi kauphækkun, sem sjómönnum var tryggð, ekki nein vísbending um, að það væri ástæða til þess t. d. að hækka kaup hjá verkfræðingum í landinu eða öðrum slíkum, en það var hins vegar jafnnauðsynlegt að leysa þetta vandamál sjávarútvegsins og önnur.

Vegna þess að hér er nú langt liðið á nóttu, vil ég ekki lengja þessar umr. miklu meira. Hér hefur á margt verið minnzt, sem vitanlega verður tekið hér nánar fyrir í umr. síðar, en ég ætla þó, að það hafi þegar komið mjög greinilega fram í þessum umr., að Sjálfstfl. allur og reyndar einn Alþýðuflokksmaður eru andvígir því, að þeir aðilar í landinu, sem sannanlega hafa safnað verulegum gróða, leggi einnig fram nokkuð af mörkum til lausnar á vandamálum atvinnuveganna og til úrlausnar á hinum erfiðu húsnæðismálum; þeir eru á móti þessu. En menn hafa þá jafnframt tekið eftir því, hvað þessi sami Sjálfstfl. leggur til í staðinn. Hvað er það, sem hann hefur upp á að bjóða, á sama tíma sem hann neitar því að afla teknanna á þennan hátt? Er ekki tími til kominn einmitt nú, þegar hann berst hér gegn stóreignaskatti, að hann lýsi því einnig yfir, hvernig hann vill afla tekna almennt til þess að leysa vandamál atvinnuveganna?

Það er aftur á móti mín skoðun, að ríkisstj. hafi með samkomulagi sínu við vinnustéttirnar um s. l. áramót farið þann meðalveg, sem helzt var vænlegur í þessum efnum, þegar hún ákvað að taka að nokkru leyti tekjurnar af stóreignamönnum, að nokkru leyti af milliliðum, af verzluninni, og svo að nokkru leyti með hækkandi álögum í sambandi við þann varning, sem minnst á að koma við afkomu þeirra, sem lægst eru launaðir í landinu. Ég held einmitt, að reynslan hafi sýnt það, að í þessum efnum hafi verið farinn nokkuð eðlilegur meðalvegur, og það sannast kannske bezt á því, að aðrar till. um tekjuöflun, sem þó var talin nauðsynleg, hafa ekki komið fram.

Af þessum ástæðum tel ég, að það sé sjálfsagt að samþykkja það frv., sem hér liggur fyrir um stóreignaskatt, í því formi, sem um það hefur verið samið.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég verð fyrst að láta uppi undrun mína yfir því, að sumir ráðherranna og jafnvel hæstv. forseti sameinaðs Alþingis hafa talað um það hér, að umræðurnar hafi farið nokkuð á víð og dreif. Þessum hv. herrum ætti þó að vera kunnugt um, að samkvæmt þingsköpum á við 3. umr. í senn að ræða málin almennt og einstök atriði þeirra, og það hefur einmitt verið gert hér. Umræðurnar hafa ekki á neinn veg af hálfu okkar sjálfstæðismanna farið út fyrir þann ramma, sem stjórnin sjálf hefur sett, þegar hún skýrir þetta frv. á þann veg, að það sé einn liðurinn í dýrtíðarráðstöfunum hennar, einn liðurinn af mörgum framkvæmdum, sem hófust með jólagjafafrv. sæla í desember. Um þessi efni öll hefur því verið óhjákvæmilegt að tala og bein þingmannsskylda okkar að kryfja málin til mergjar á þann veg, til þess að þau yrðu útskýrð, og það sýnist jafnvel ekki veita af fyrir hæstv. ráðherra sjálfa, að þeir athugi málin ögn betur en þeir hafa til þessa gert.

Það er t. d. furðulegt að heyra hæstv. sjútvmrh. koma hér og fullyrða, að þessi skattur komi alls ekki við sjávarútveginn í landinu. Það er öllum kunnugt, að þetta fær ekki staðizt. Vill þá hæstv. ráðh. taka þátt í því að fá einhverja hlutlausa menn til að athuga frv. og kanna það, á hverjum þessi skattur lendir, og vill hann þá standa við sín orð, jafnvel ef ekki er lengra farið fram á við en að hann standi við orðin eina næturstund? Vill hann þá standa við það að kanna nú til hlítar, hvort það er rétt hjá honum, að þessi skattur bitni ekki á sjávarútveginum? Það væri ákaflega mikilsvert, ef hæstv. ráðh. vildi standa við þessa yfirlýsingu sína. En ég er ósköp hræddur um, að þegar á reyni, þá fari í því eins og fleiru hjá þessum hæstv. ráðh., að það verði látið sitja við orðin ein og minna verði um efndirnar.

Það var líka eftirtektarvert, að hæstv. ráðh. var ákaflega loðinn í sínum yfirlýsingum varðandi gengisfellingu fyrirhugaða. Hann var þó sýnu ákveðnari en hæstv. fjmrh. og hæstv. forseti sameinaðs þings, því að þeir gáfu berlega í skyn, að gengislækkun hefði verið tekin til íhugunar og þyrfti í raun og veru ekki að íhuga það svo mjög, því að ef þessar ráðstafanir, sem nú hefðu verið gerðar, dygðu ekki, væri hún óhjákvæmileg. Hæstv. sjútvmrh. ætlar okkur aftur á móti að trúa því, að stjórnin sé svo fyrirhyggjulaus og hann sem sjútvmrh., að hann hafi ekki látið sér til hugar koma, hvað ætti að taka við, ef þetta hrófatildur hryndi, sem allir sjá nú þegar að er hrunið að meira eða minna leyti. Ja, ábyrgðarlaus vissi ég að hann var, en ég vil ekki halda því fram, að hann sé svo ábyrgðarlaus og fyrirhyggjulaus, að hann sé ekki farinn að hugleiða, hvað taka eigi við, þegar þessum ósköpum linnir, sem hann hefur hrúgað upp að undanförnu. Nei, hæstv. ráðh. tekst ekki að

komast hjá staðreyndum málsins á svo auðveldan hátt. Honum tekst ekki heldur að komast hjá því að gera grein fyrir þessum sköttum með því að segja: Ja, allir hafa viðurkennt, að það væri nauðsynlegt að leggja svona mikla skatta á eða útvega svona mikið fé. — Ja, ég segi: Við sjálfstæðismenn höfum aldrei viðurkennt það, einfaldlega vegna þess að hæstv. ráðh. hefur aldrei gert grein fyrir þörf útvegsins. Hann hefur aldrei gert grein fyrir þörf útvegsins. Það var að vísu sagt, hæstv. forsrh. sagði, að tveir erlendir sérfræðingar, sem komu hér í haust, hefðu komizt að þeirri niðurstöðu, að það þyrfti að eiga sér stað millifærsla í þjóðfélaginu upp á 500 millj. kr. Við höfum óskað eftir því, að það yrði staðið við þau loforð, að sú skýrsla yrði birt, að við fengjum að sjá grg., sem allt þetta er byggt á. Nei, þá er nú fyrst þagað. Sú skýrsla má ekki sjást. Það var þó talað um það dálítið digurbarkalega, að hún mundi nú verða sýnd síðar, þegar búið væri að breyta henni. En það sýnist þurfa nokkuð langan tíma til að breyta henni á þann veg, að hæstv. sjútvmrh. langi til að sýna almenningi á Íslandi hana. Þó var búið að lofa, að þessi skýrsla skyldi birt, og með henni skyldi fara fram úttekt á þjóðarbúinu í allra ásýnd, gagnstætt því, sem verið hefði, þegar íhaldið illa var við völd áður fyrri. En aldrei hefur annar eins feluleikur átt sér stað eins og nú. Nei, sannleikurinn er sá, að hæstv. sjútvmrh. fékkst alls ekki til þess, þegar lögin voru til meðferðar hér fyrir jólin, jólagjafarlögin, að gera mönnum grein fyrir efni þeirra laga, hvorki hverjar þarfir útvegurinn hefði, hvað hann ætti að fá mikið í sinn hlut og hvað sjómennirnir ættu að fá mikið. Ég fullyrti þá þegar, og ég endurtek þá fullyrðingu nú, að þetta var af ráðnum hug gert, vegna þess að hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. vildi ekki leyfa almenningi að kynna sér, hvernig þessar ráðstafanir væru í raun og veru. Það var fyrirætlun stjórnarinnar að hylja það fyrir stjórnarandstæðingum og fyrir almenningi, hvað verið væri að gera, og það gloprðist aðeins upp úr hæstv. ráðh. síðar í umr. á Alþingi, að sjómenn hefðu fengið jafnmikið og hann fullyrti þá að þeir hefðu fengið.

Nú efast ég mjög um, að sjómennirnir hafi fengið eins mikið og hæstv. ráðh. sagði. Og ég efast ekki síður um það, þó að þessi hæstv. ráðh. segi það, vegna þess að því miður, þó að hann sé um margt geðslegur maður, þá er hann að öðru þekktur frekar en sannsögli.

Eins þori ég að fullyrða, að enn er mjög óvíst í flestra huga, jafnvel stjórnarliða, hvað útgerðarmönnum í raun og veru var ætlað með þessum ákvörðunum í desember í vetur, ég efast jafnvel um það, að allir í hæstv. ríkisstj. viti það, og loks efast ég um það, að hæstv. sjútvmrh. hafi til hlítar gert sér grein fyrir, um hvað hann samdi. Og ef hann hefur gert sér grein fyrir því, um hvað hann samdi, og hann hristi höfuðið yfir því, þegar ég bar það upp á hann nú, þá segi ég: þá er hann óorðheldnari en hægt er að trúa, að hann sé, því að hann hefur engan veginn staðið við þau fyrirheit, sem hann gaf. Nei, það má vel vera, að útvegurinn hafi þurft þessa aðstoð. Ég skal ekkert um það segja.

Ég endurtek það, sem ég hef ótal sinnum sagt hér í þingsölunum og enn þá oftar utan þingsalanna, að það er nauðsynlegt að halda við arðbærri útgerð á Íslandi, og það er nauðsynlegt að launa sjómannastéttina svo, að menn sækist eftir því að verða sjómenn. En það er nauðsynlegt að gera þetta fyrir opnum tjöldum. Það er nauðsynlegt að gera almenningi grein fyrir því, hverjar þarfirnar eru, hvar veikleikinn, hver er orsök meinsemdanna, því að ef það er hulið, þá fæst lækningin aldrei.

Hæstv. ráðh. spyr: Ja, hverjar eru till. sjálfstæðismanna? Hver eru úrræði sjálfstæðismanna? Ég segi: Úrræði sjálfstæðismanna hvíla á þeim einföldu sannindum, að menn verði að gera sér grein fyrir, að grundvallarframleiðslan í landinu þolir ekki hærra kaupgjald en hún sjálf vinnur fyrir, að úr atvinnuvegunum verður ekki tekið meira en þeir framleiða, og ef annarri stefnu er haldið uppi og þeir eru knúðir til þess að borga hærra kaup en þeir í raun og veru standa undir, þá er farið á villigötur. Og það er gert af pólitískum ástæðum af flokksbræðrum hæstv. sjútvmrh. að koma þessari svikamyllu af stað með því þannig að ná kverkatökum á þjóðlífinu, að fá því áorkað, að almenningur trúi því, að ef þeir séu ekki leiddir til æðstu valda, settir í þá stóla, sem þessir tveir Alþýðubandalagsmenn svokölluðu sitja nú hér í þingsalnum, þá sé þjóðarvoði vís. Það er þessi meinsemd, sem er undirstöðumeinsemdin, og fyrr en menn átta sig á þeim grundvallarsannindum, verða allar leiðir, hverjar sem þær eru, leið til bráðabirgða. Og ég spyr þessa hv. talsmenn stjórnarliðsins, sem nú eru að tala um það, að gengislækkun sé eina úrræðið, ef þetta hrófatildur hrynur til grunna, sem nú stendur, — þá spyr ég: Ja, hverju erum við nær með gengislækkun, hvaða úrræði reyndist gengislækkunin 1950, eins og Alþýðusambandsstjórnin og kommúnistar höguðu sér þá? Alþýðusambandsstjórnin var þó „loyal“ til að byrja með, en þegar hæstv. félmrh. náði völdum og kommúnistar komust undir með skemmdarverk sín, hverju áorkaði hún þá? Gengislækkun er vitanlega gagnslaus, nema margt annað fylgi með, fyrst og fremst það, að allur almenningur átti sig á þeim undirstöðusannindum efnahagslífsins, sem allt hvílir á. Ef menn eru búnir að átta sig á þeim og skilja, að það verður ekki meira tekið af atvinnuvegunum en þeir raunverulega framleiða, þá er lausnin tiltölulega einföld. En meðan slík svikamylla heldur áfram sem þessir hæstv. ráðherrar hafa öðrum fremur gerzt hér talsmenn fyrir, þá er þetta mál mjög torleyst, og tjáir ekki að láta þannig, að það verði leyst með nokkrum töframeðulum. Veikleiki hæstv. fjmrh. og gremja hans í minn garð áðan kemur af því, að hann, þessi lífsreyndi maður, hélt, að bara með því að taka saman höndum við þessa tvo samráðherra sína væri allur vandi efnahagslífsins leystur, og þá var verið að kenna okkur sjálfstæðismönnum, að það sé okkar vonzku að kenna, að þær kenningar, sem þessir menn eru búnir að eyða allri sinni ævi í að innprenta fólki, eru enn þá of lifandi með þjóðinni. Nei, það þarf sannarlega meira til,

og hæstv. fjmrh. hefur gert óhæfilega lítið úr sér með því að ganga svo í þá gildru, sem við vitum að vísu að hann gerði ekki af fúsum vilja, heldur leiddur af öðrum mönnum, en það bætir ekki hans hlut eða gerir hans veg á neinn hátt meiri.

Að öðru leyti komu fram eftirtektarverðar yfirlýsingar hjá hæstv. sjútvmrh. Hann hefur lag á því að blanda í sitt mál mjög fróðlegum upplýsingum, sem hann ætlast auðsjáanlega ekki til að komi fram með þeim hætti, eins og t. d. það, að nú væri Hamrafellið búið að lækka fragtina á einni ferð úr 160 shillingum, sem um var samið, niður í 115 shillinga. Því var ekki sagt frá þessu góðfúslega samkomulagi fyrr en þegar ég fór að ganga á eftir því hér í dag, að frá þessu væri skýrt? Og mér kemur það nú til hugar, — ég hélt, að deyfðarsvipurinn á hæstv. fjmrh. undanfarna daga kæmi af öðrum ástæðum, að það væri samvizkan, sem væri farin að óróa hann, en það skyldu þá aldrei hafa verið áhrifin af hinu góðfúslega samkomulagi, sem við höfum þurft að horfa upp á á andliti hæstv. fjmrh. fram til þessa, þar sem hann hefur verið eins og draugur afturgenginn upp úr gröf, þangað til í dag, að hann verður dálítið broshýrri, þegar hann fær að nýju færi á því að leggja skatta á landsfólkið? (Gripið fram í.) Já, það er víst alveg víst.

Ég skal ekki blanda mér í þær innanhúsdeilur, sem orðið hafa á milli stjórnarstuðningsmanna um það, hvaða úrræði séu vænlegust, og allra sízt um það, hvort Alþfl. sé allur nema hv. þm. Siglf. sammála um það, sem gert hefur verið. Hv. 1. þm. Rang. sýndi glögglega fram á það, að hinn nýi varaþm. flokksins, Bragi Sigurjónsson, hefur haldið fram mjög svipuðum kenningum varðandi haldgæði þeirra úrræða, sem hér er um að ræða, í heild, eins og hv. þm. Siglf., svo að ágreiningurinn um það, hvaða úrræði skyldi velja, sýnist óneitanlega vera meiri en hv. þm. Hafnf. vildi halda fram, enda hafa stjórnarsamstarfsmenn þeirra, Alþýðubandalagsmennirnir, hvað eftir annað fullyrt, að bæði Alþfl. og Framsfl. hafi í raun og veru viljað gengislækkun, en það hafi verið hetjurnar í Alþb., sem komu í veg fyrir það. Nú segir hæstv. forseti Sþ., minn ágæti vinur, þm. Hafnf., að þeir hafi alltaf í Alþfl. verið á móti gengislækkun. Ég skal ekki dæma hér um, hvor þeirra segir satt. En það vill löngum fara svo, að þegar menn eru lentir í vandræðum og þurfa að klóra sig út úr því, sem þeir skammast sín fyrir, þá fara þeir að kenna hver öðrum um og allt kemst í mótsagnir.

Út af álagningunni, sem nokkuð hefur verið gerð hér að umræðuefni og hv. þm. Hafnf. sagði um, að hann væri að vísu flokksbróður sínum, hv. þm. Siglf., sammála um það, að lækkun yrði að stilla svo í hóf, að atvinnurekstur yrði ekki skertur, eðlilegur atvinnurekstur, og sagðist trúa því, að ríkisstj. héldi þannig á, þá vil ég benda á ummæli hv. varaþm. Braga Sigurjónssonar um þetta atriði. Alþýðublaðið segir þannig frá ræðu hans, með leyfi hæstv. forseta: „Hins vegar sagði ræðumaður, að stöðvun sú, er gerð var á kaupgjaldi og verðlagi, hefði þótt spor í rétta átt og lækkun álagningar í heildsölu mæltist vel fyrir.“ Ég vek athygli á því, að hv. þm. takmarkar sig hér við það, að ákvæði um álagningu í heildsölu mælist vel fyrir. En af hverju mælast þá ekki ákvæðin um takmörkun álagningar í smásölu jafnvel fyrir? Af hverju er það ekki tekið fram? En kannske gæti hæstv. núverandi forseti, hv. 2. þm. N-M., gefið okkur dálitla skýringu á því, af hverju ýmsir stjórnarsinnar eru ekki sérstaklega glaðir yfir þessum álagningarákvæðum? Það er vegna þess, að þau koma þannig út, að kaupfélögin með sinn fasta rekstrarkostnað, mikla mannafla og þungu stjórn standast álagningarreglurnar jafnvel verr en kaupmenn, sem vinna að þessum störfum sjálfir með sínu skylduliði frá morgni til kvölds. Þess vegna er það, að sambandskaupfélagsstjórum hefur verið hóað hér saman hvað eftir annað, ýmist til þess að veita þeim heimild eða færi á því að gefa útrás reiði sinni, sumpart til að reyna að knýja hæstv. félmrh. til að veita eitthvað, sem þeir kalla leiðréttingu á þeim ákvæðum, sem hér hafa verið sett.

Þessir hv. þm. láta svo út í frá eins og allt sé með hýrri há og góðu samkomulagi þeirra á milli. En þegar skrif þeirra eru lesin ofan í kjölinn og menn eru nokkuð kunnugir því, sem á bak við býr, þá sjáum við nú, að þverbrestirnir eru fleiri, jafnvel töluvert fleiri en menn í fljótu bragði skyldu ætla.

Hv. þm. Hafnf. sagði, að það væri nánast ósæmilegt af mér, að ég hefði sagt, að framsóknarmenn, sérstaklega framsóknarmenn, hygg ég, væru að læða því út til sinna vina úti um landið, að kannske mundi verða gengislækkun fyrir haustið. Ja, ég fullyrði að þetta er gert, og ég fullyrði, að þetta hefur verið gert með allsendis ósæmilegum hætti af þessum aðilum í einstökum tilfellum. Og ég bendi á, að það er engan veginn óeðlilegt, þó að slíkur orðrómur komi upp, þegar í Tímanum, aðalmálgagni forsrh. og fjmrh., birtist slík klausa eins og í gær, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta: „Ef til vill geta þeir sjálfstæðismenn áorkað því, að viðreisnarráðstafanirnar, sem gerðar voru um áramótin, missi að einhverju leyti marks og frekari aðgerða verði því þörf. En þær verða þá því auðveldari og skiljanlegri, sem íhaldið lætur verr“ o. s. frv. Þarna er beinlínis verið að boða aðrar ráðstafanir, og það er búið að koma fram hér af hálfu a. m. k. hæstv. forseta Sþ., að ef þessar ráðstafanir dugi ekki, þá sé ekki um neitt annað en gengislækkun að ræða. Halda þessir hv. þm., að almenningur sé svo skyni skroppinn, að hann skilji ekki, hvað hér er á ferðum, og skyldi ekki þessi ofsalega ákefð stillingarmannsins hæstv. fjmrh. um að reyna að kenna sjálfstæðismönnum um það, að þeir væru að eyðileggja þessar framkvæmdir þeirra, koma af því, að hann er sjálfur orðinn sannfærður um, að þetta dugir ekki, og ætlar sér því að stefna út í gengislækkun? Og ætli sá orðrómur sé svo fjarri lagi, að endanlega hafi um gengislækkun verið samið, um leið og um útdeilingu bankaráðs og bankastjóraembætta var samið? A. m. k. hefur hæstv. fjmrh. eftir minni reynslu litla tilhneigingu til þess að láta nokkuð án þess að fá tölu-

vert í staðinn. Ég veit það að vísu, að hæstv. forsrh. fékk það í staðinn að fá að sitja kyrr í sínum stól. Ég veit, að hæstv. fjmrh. er málefnalegri maður, og mér þykir það engan veginn ósennilegt, að hann hafi tekið þessa tvo samráðherra sína og látið þá lofa sér því, áður en hann féllst á að hleypa þeim inn í bankana, að þeir skyldu gera það, sem Vilhjálmur Þór teldi nauðsynlegt í þessu sem aðalbankastjóri, áður en yfir lyki. Og sú afsökun, að sá glundroði, sem nú ríkir, sé sjálfstæðismönnum að kenna, kemur heldur seint fram, því að í Tímanum í marz, 20. marz, hygg ég vera, er forustugrein um aðalfund miðstjórnar, og þar segir: „Þær skoðanir komu fram, að heppilegra mundi hafa verið að gera róttækari og óflóknari ráðstafanir í efnahagsmálunum um seinustu áramót“ o. s. frv. Róttækari og óflóknari ráðstafanir. Þarna gægist þetta sama fram, sem með öðrum orðum og dálítið skýrar er sagt s. l. sunnudag: ráðstafanirnar voru haldlausar, þær voru gagnslausar.

Við skulum líka muna eftir því, sem hæstv. fjmrh. sagði á fyrra stigi málsins hér á Alþ. Hann tók alls ekki að sér að verja þessar ráðstafanir í raun og veru. Hann sagði bara: Beztu ráðstafanirnar eru þær, sem verkalýðurinn sættir sig við. — Ja, verkalýðurinn, það er þá verkalýður, sem situr þarna. Það er tími til kominn, að þessir hv. herrar átti sig á því, að þeir eru alveg í sama skipi og Lúðvík sálugi 14., sem sagði: „Ég og ríkið, við erum eitt.“ Hann fékk að reyna betur og hans afkomendur, þeir góðu menn, að þetta var alger misskilningur. Þó að þessir menn hafi í bili náð tökum á verkalýðshreyfingunni og misnoti hana sér til hags, þá á verkalýðurinn og þeirra hagsmunir ekkert skylt við þetta fólk — ekki nokkurn skapaðan hlut. Fólkið heldur áfram að hugsa alveg eftir sem áður, þó að þessir menn séu komnir til valda. Ég met það að vísu til trygglyndis íslenzkrar alþýðu, að hún hefur ekki strax snúið bakinu við þessum mönnum, eftir að hún sá, hvernig þeir hegðuðu sér, þegar þeir komust til valda. Það er þessi rótgróna trú fólksins að vilja trúa því bezta hjá þeim, sem maður hefur treyst í lengstu lög. Þess vegna hafa þessir menn enn þá meiri áhrif en maður skyldi ætla eftir þeirra framkomu. En vonbrigðin hjá þeirra fylgjendum eru miklu meiri en þessir menn ætla. Og ég segi hæstv. fjmrh. það alveg satt, að hann telur bæði mín áhrif og mín ráð miklu meiri og dýpri en þau eru, ef hann heldur, að ég geti hvort tveggja í senn stjórnað því, að Eimskipafélagsstjórnin sýni ósáttfýsi, og fengið húskarla mína, eins og hann orðaði það, til þess að heimta ógurlegar kaupkröfur, — kaupkröfur, sem voru þannig, að ef þeir hefðu fengið að greiða atkv., sem ekki komu til Reykjavíkur og enginn gat haft áhrif á, vissu allir, að seinasta till. sáttasemjara í farmannadeilunni hefði verið felld, og einmitt þess vegna var hún borin upp á fundi, og þar munaði aðeins 7 atkv. Ætlar hæstv. fjmrh. að telja mönnum trú um, að Bjarni Benediktsson, þótt bæði illur sé og undirhyggjumaður, að því er virðist að hans hyggju, hafi slík völd, jafnvel yfir mönnum úti í sjó, að ríkisstj. verði að beita öllu sínu valdi til þess að koma í veg fyrir, að mennirnir úti á hafi fái að greiða atkv. um sín eigin mál, til þess að þessi illi maður, Bjarni Benediktsson, geti ekki spillt þeim? Nei, þetta er of fáránleg kenning til þess, að slíkur maður eins og hæstv. fjmrh. láti sér hana um munn fara; enda sýnir það, að honum er allbrugðið, þeim góða manni, sem hefur allra manna mest gaman af fornum sögum og fróðleik og hefur það sér helzt til ágætis, hvað hann er vel að sér í þeim hlutum, að það er hans aðalákæruefni á mig, að ég skyldi koma hér upp í ræðustólinn áðan og segja sögur. Hann sagði ekki, að ég hefði sagt ósannar sögur, enda gat hann ekki haldið því fram, af því að hvert orð, sem ég sagði, var satt. En hann finnur það sjálfur, ef sannar sögur eru sagðar af því, sem hann hefur verið að burðast við að gera og hans félagar undanfarið, þá leiðir þar af í hans eigin samvizku, að fólkið segir: Ja, af hverju á ég ekki að fá kauphækkun eins og hinn? — Þess vegna þorir hann ekki, að sannleikurinn sé sagður. Þess vegna skýtur hann sér undir þögnina, undir það að þegja fyrir þingheimi, þessi að ýmsu leyti grandvari maður, að þegja fyrir þingheimi um ýmsar þær ráðstafanir, sem hann er að gera, og forðast að láta blað sitt segja frá þeim í þeirri fáfengilegu trú, að kjósendur austur á landi fái ekki að vita sannleikann, bara af því að Tíminn þegi um hann nokkra mánuði. Það tekst kannske að blekkja menn dálitla stund, en það verður ekki ýkja lengi. Og hæstv. ráðh. sagði, að það skyldi verða gert mönnum kunnugra en ég vildi, hvað ég hefði verið að aðhafast. Ég skal óhræddur mæta þessum hæstv. ráðh. og tala við hann, og hans gremja kemur af því, að hann veit, að það er ég, sem segi satt og held mér við sannleikann, en hann er nú í þeim félagsskap, þar sem sannleikurinn er hataður og fyrirlitinn.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði ekki sagt alla söguna um kauphækkun Sambandsins. Ég vil leggja áherzlu á, að hann staðfesti allt, sem ég sagði. Hann staðfesti, að Sambandið hefði s. l. haust, meðan kaupbindingarlögin voru í gildi, hækkað kaupið. Hann sagði að vísu: Það var gert til samræmingar. — Við hvað? Ja, við það, sem hann sagði í öðru orðinu, að aðrir hefðu gert löngu áður. Það var mikil óheppni og mikil óforsjálni af þessum hæstv. ráðh. að vera ekki búinn að veita Sambandsfólkinu þessa nauðsynlegu leiðréttingu, áður en hann beitti sér sjálfur fyrir því, að kaupbindingarlögin voru sett. Hann segir: Bókstafurinn bannar það ekki. — Nei, það er auðvitað það sama og okrararnir segja. Þeir passa alltaf að hafa sitt okur þannig, að bókstafurinn banni það ekki. En verknaðurinn er sá sami. Hæstv. ráðh. verður að skilja það, að hann sleppur ekki með þessum refjum frá sínum verknaði. Og ég spyr hæstv. ráðh.: Hvenær hefur kauphækkun verið gerð hér, svo að ekki sé sagt, að hún sé til samræmingar við eitthvað annað? Hvenær hefur hún verið gerð? Og ég spyr hæstv. sjútvmrh.: Var það ekki ástæðan til þess, að ríkisstj. ætlaði sér að leyna því, hvað útvegsmenn og sjómenn raunverulega áttu að bera úr býtum samkvæmt jólagjafarákvæðunum, að þeir vissu, að ef það yrði heyrinkunnugt, mundu þessar samræmingarkröfur rísa upp með

ómótstæðilegum krafti? Auðvitað vitum við allir, að þetta var ástæðan. Því í ósköpunum eru mennirnir að gera sig að þeim börnum, fávitum í okkar augum að vera að neita þessu, sem allir vita?

Það getur vel verið, að það hafi verið rétt og nauðsynlegt að láta Sambandsfólkið fá hátt kaup og hæstv. fjmrh. hafi verið tregari til að gjalda því kaup en ríkisstarfsmönnum, þó að það sé nú kannske ekki sennilegt, þegar til þess er litið t. d., að bændur landsins furða sig mjög á því, hvað hann býr ólíkt betur að þeim skóla, sem Sambandið heldur uppi, varðandi húsakost og annað slíkt, en búið er að bændaskólum og öðrum skólum, sem ríkið á að sjá fyrir. Það getur skeð, að peningarnir séu fengnir með því að halda í kaupið við Sambandsfólkið í lengstu lög. En þarna var þá haldið í kaupið lengur en hægt var að gera, ef átti að byrja kauphækkunarskriðuna hjá Sambandinu, meðan þessir herrar höfðu sett kaupbindingarlög á allan almenning í landinu. Og hæstv. ráðh. komst ekki hjá því að staðfesta það, sem ég sagði um 7 aurana, sem hann ákvað að greiða niður til viðbótar úr ríkissjóði á mjólkurlítra. Hann var að fara í kringum það, að ég hefði sagt, að það hefði átt að halda þessu leyndu. Samt hef ég lesið þetta í blöðum. Hæstv. ráðh. veit, að þjóð veit, þá þrír vita, og það sýnir þá barnalegu einfeldni, sem hefur gripið þennan annars áður svo greinda mann, að honum skyldi detta í hug, að það væri hægt að halda því leyndu bara með því, að hann þegði um það fyrir okkur og léti Tímann þegja um það enn í dag, að þessir 7 aurar væru greiddir. Það er svo skrýtið, að mönnum sýnist bregða. Það er sagan um skemmda eplið, sem alltaf kemur fram. Það er auðvitað ekki nóg til að leysa vandamálin að hafa góðan vilja til þess, eins og ég efast ekki um að þessir hæstv. ráðleysingjar hafi. En það bara nægir ekki, og það nægir ekki, þó að Tíminn þegi um staðreyndirnar, þær breytast ekki vitundar ögn við það. Ef við ætlum að lækna meinsemdirnar, þá er það fyrsta að gera okkur grein fyrir, hverjar staðreyndirnar eru, og gera öllum landslýð ljóst, hverjar þær eru og við hvað er að glíma. Ef menn hafa ekki kjark til þess að gera það og tala síðan hreinskilnislega um vandamálin, þá hafa þeir lagt í vonlausa baráttu.

Hæstv. fjmrh. hóf mál sitt á því að býsnast mjög yfir því, að ég hefði gengið eftir því hér, að hann og fleiri ráðh. væru við umr. Ég tel það þingræðislega skyldu ráðh. að vera við umr. meiri háttar mála á Alþ. Það er þeirra embættisskylda, til þess eru þeir launaðir, og þó að þeir hafi öðrum embættisstörfum að gegna, þá verða þeir að haga þeim þannig, að við umr. um hin mest varðandi mál séu þeir viðstaddir. Við, sem höfum lagt það á okkur að sitja hér á þingbekkjum í vetur, vitum, að þessir hæstv. herrar hafa mjög sjaldan sézt hér, þ. á m. hæstv. fjmrh., sem áður fyrri stundaði sín þingstörf með prýði. Það er í því eins og öðru, að honum hefur farið aftur, og það er meðal annars þess vegna, sem hann saknaði þess að hafa ekki séð sinn gamla húsbónda, Ólaf Thors, það er vegna þess að þeir hafa hitzt hér svo sjaldan, að þegar Ólafur hefur verið hér, þá hefur Eysteinn verið í burtu, svo sem oftast er. Og ég heyrði, að það var sannarlegur saknaðarblær í rödd ráðh., hann nærri viknaði og komst við, þegar hann lýsti sorg sinni yfir því að hafa ekki séð sinn gamla húsbónda. Ég vonast til þess, að það verði áður en langt um líður, að þeir hittist, og ég vonast nú ekki eftir því, að það þurfi á miklu samstarfi við hæstv. fjmrh. að halda í bili, en ég hygg, að honum væri eftir sem áður holl handleiðsla sér betri og vitrari manna.

Frsm. minni hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er næstum því orðið föst venja hér í þinginu, þegar rædd eru meiri háttar mál, að í sambandi við þau komi fram í einni eða annarri mynd framkoma stjórnarflokkanna fyrir síðustu kosningar og ýmis þau gylliloforð, sem þá voru gefin og á hvern hátt þau hafa verið svikin í framkvæmdinni. Þetta höfum við bent á sjálfstæðismenn æ ofan í æ á þingtímanum, og núna, þegar við erum að ræða stóreignaskattinn og þegar umr. eðlilega blandast inn í hina almennu lausn efnahagsmálanna, þá verður alveg sama upp á teningnum.

Hér kemur hv. þm. Hafnf. í dag og lýsir því yfir og alveg umbúðalaust, að það sé ekki hægt að komast hjá því að grípa til gengislækkunar, ef viss skilyrði séu ekki uppfyllt í efnahagsmálunum, og ef stjórninni ekki takist, að því er manni skilst, að halda jafnvægi í verðlagsmálunum, þá sé ekkert eftir nema gengislækkun. Fyrir suma eru þetta kannske ekki svo undarlegar yfirlýsingar og ekki torskildar, en fyrir þá, sem áttu orðastað við stjórnarliða fyrir síðustu alþingiskosningar, verður þetta nokkru óskiljanlegra. Þá er það Framsfl., sem rýfur stjórnarsamstarfið við sjálfstæðismenn, vegna þess að það sé ekki hægt að eiga samstarf við þá um lausn efnahagsmálanna á þeim grundvelli, sem unnið hafði verið, með hinni svokölluðu millifærsluleið eða álögum, sem lagðar voru á almenning og síðan varið til þess að halda framleiðslustarfseminni gangandi. Þá er það haft uppi af bandamanninum, Alþfl., í Hræðslubandalaginu, að að sjálfsögðu komi ekki til greina að fara þessar leiðir, þessar bráðabirgðaleiðir Sjálfstæðisflokksins, og undir það sama tók alveg óhikað þriðji aðilinn, sem nú er í þessari stjórn, eða Alþýðubandalagsmennirnir. Að vísu voru sumir, sem sögðu þá fyrir kosningar og höfðu sagt, þ. á m. hæstv. fjmrh., að það væru að vísu þrjár leiðir til úrlausnar í efnahagsmálunum: það væru álögurnar og millifærsluleiðin, uppbótaleiðin, í öðru lagi gengislækkunin og í þriðja lagi niðurfærsluleiðin. En ef þessir aðilar voru spurðir að því fyrir kosningar: Hvaða eina leið af þessum þremur ætlið þið að fara, ef þið hafið aðstöðu til að ráða leiðinni eftir kosningar? — þá var enginn þessara manna, sem hafði drengskap eða hreinskilni til að bera nægjanlega til þess að segja við kjósendurna: Ja, við ætlum fyrst að fara bráðabirgðaleiðir og í miklu ríkari mæli en farið hefur verið eftir fram að þessu, og ef okkur ekki tekst eftir þeim leiðum, þá ætlum við að fara gengislækkunarleiðina. — En nú koma hér hv. stuðningsmenn ríkisstj. og segja hik-

laust: Við erum í dag á fallvaltri bráðabirgðaleið, sem er miklu meiri bráðabirgðaleið en nokkru sinni áður hefur verið farin. Það er ósýnt um, hvort okkur tekst að halda áfram á þessari leið, en ef okkur mistekst eitthvað í þessum efnum, þá er engin önnur leið en gengislækkunarleiðin í efnahagsmálunum. Fyrir kosningar var allt þetta dulbúið með því af Framsfl. og Alþfl., að það ætti að beita því, sem kallað var „varanleg úrræði í efnahagsmálunum", en án þess að það væri nánar skilgreint. Nú veit almenningur í dag, hvernig þessi „varanlegu úrræði" líta út og hvað fyrir þessum mönnum hefur vakað. Þessi tvískinnungur og þau óheilindi, sem höfð hafa verið í frammi í efnahagsmálunum, hafa opinberazt okkur áður hér undir meðferð annarra mála, en kannske aldrei jafnaugljóslega og í dag, þegar talað er jafnbert um þetta og undanbragðalaust eins og af hálfu hv. þm. Hafnf. og þegar jafnríkulega er nú látið skína í það, jafnvel af mörgum fleiri stuðningsmönnum ríkisstj., að í raun og veru verði kannske gengislækkunarleiðin eina úrræðið, áður en varir.

Inn í þessar almennu umr. um efnahagsmálin hefur jöfnum höndum verið rætt um efnahagsmálin almennt og um einstök atriði þess máls, sem hér fyrir liggur. Sérstaklega voru það nokkur efnisatriði frv. um stóreignaskatt, sem hv. þm. Hafnf. ræddi um hér fyrr í umr. Hann lagði á það áherzlu, að því er virtist, að stóreignaskattsfrv., sem nú er lagt fram, væri í raun og veru ekki annað en sams konar ráðagerðir og stóreignaskatturinn 1950 og þó væru þetta sennilega vægari álögur en þá. Ég vil nú minna á það, að þegar stóreignaskatturinn var á lagður 1950, verður einnig að hafa það í huga, að með þeirri löggjöf voru úr gildi felld ákvæðin um innheimtu eignaraukaskatts, sem sett höfðu verið með l. frá 1948, og þegar stóreignaskatturinn sem sagt er lögfestur 1950, þá gerist það um leið, að önnur skattheimta er niður felld. Þegar á það eitt er litið, verður náttúrlega sjálf skattheimtan allverulega miklu minni og ber að skoða í öðru ljósi en ella hefði verið.

Það er veigamikið atriði, sem fram hefur komið í sambandi við þennan skatt nú hjá mörgum ræðumanna, að þeir segja sem svo, að þeir, sem hafi safnað miklum auði á undanförnum árum, eigi að leggja eitthvað fram og það eigi þeim mun fremur að gera það, sem ríkisstj. hafi verið svo skelegg í því að leggja þungar álögur á almenning um áramótin. Hv. þm. Hafnf. orðaði það einhvern veginn á þá leið, að bæði fasteignir, hús og ýmiss konar tæki hefðu verið byggð og keypt á ódýrari tímum í atvinnurekstrinum. Nú hefði þetta stórhækkað í verði, og þessi arður er ekki eigendunum að þakka, segir þessi hv. þm., þessi arður, sem er sú verðhækkun, sem átt hefur sér stað. En hvers konar arður er þetta, sem hægt er að taka af aðilunum? Í vissum tilfellum hafa menn hagnazt á verðhækkunum, en í ákaflega mörgum tilfellum og í ríkum mæli eru verðhækkanirnar ekki þannig, að þær hafi skilað eigandanum neinum arði eða gert hann betur stæðan, heldur í mörgum tilfellum þvert á móti. Og það er rétt að minnast þess í þessu sambandi, að á sínum tíma, þegar var verið að leggja á eignaraukaskattinn 1947—48 undir forustu Alþfl., þá var beinlínis ákveðið í þeim l., að ef sama eign hafði verið óslitið í eigu manns frá þeim tíma, sem verðhækkunin var miðuð við, frá 1940 til 1947, þá bar að meta eignina með sama byrjunarverði og sama lokaverði, sem síðan var miðað við, vegna þess að í mörgum tilfellum var hér um að ræða, þótt eignin væri metin í krónutali meira nú, á engan hátt verðmeiri eða notadrýgri eign fyrir einstaklinginn eða félögin, sem áttu hér hlut að máli. Menn verða einnig að gera sér grein fyrir því, að enda þótt slíkar verðhækkanir eins og hér er um að ræða hafi átt sér stað og talað er um að einstaklingarnir og félögin hafi á þennan hátt orðið aðnjótandi einhvers arðs, eins og ég sagði áðan, að þegar á að taka af þessum arði, — og hér er um að ræða bæði fasteignir og húsbyggingar og annað í atvinnurekstrinum, — þá verða þessar eignir mönnunum ekki að fjármunum, nema þær verði seldar, og salan í flestum tilfellum, ef af henni gæti orðið, mundi leiða til þess, að samdráttur ætti sér stað í atvinnurekstrinum. Það er þess vegna grundvallarmisskilningur hjá hæstv. sjútvmrh., að við sjálfstæðismenn séum fyrst og fremst andvígir þessum skatti vegna þess, að við viljum ekki, að þeir ríku beri baggana eins og allur almenningur. Það er grundvallarmisskilningur. Við höfum beinlínis tekið það fram, að þrátt fyrir þennan skatt teljum við, að hann muni í langfæstum tilfellum koma þannig niður, að þeir aðilar, sem eiga að greiða hann, geti út af fyrir sig ekki auðveldlega borið hann og munu fullkomlega bera sitt barr, en í framkvæmdinni muni hann verða þyngstur ekki á þeim, sem hann er á lagður, heldur öllum almenningi, vegna þess að hann torveldar atvinnustarfsemina og efnahagsþróunina í því *þjóðfélagi*, þar sem *lánsfjárskortur* hefur verið mjög mikill, og þessar 80 millj. kr. verða auðvitað til aukinna vandræða hjá fyrirtækjum og atvinnurekstri, sem þegar er í miklum lánsfjárskorti, þó að menn vilji halda því fram, að það ætti að vera vandræðalítið að borga þessar 80 millj. kr. á tíu árum. Hæstv. fjmrh. sagði: Hvað er það, 8 millj. kr. á ári? — og eitthvað svipað sagði hv. þm. Hafnf. Það er þó svo, að sennilega verða nokkrir að borga um millj. kr. og kannske þaðan af meira í þennan stóreignaskatt, en hafa áður verið í miklum lánsfjárskorti, og hvernig á greiðsla þessa skatts að fara fram af hálfu þessara manna?

Nú skulum við segja, að rekstur atvinnuveganna yrði með þeim hætti, að það yrði mikill afrakstur og mikill gróði. Þá vitum við það um leið, að önnur skattalöggjöf hér á landi er með þeim hætti, að það yrði mjög lítið eftir skilið hjá viðkomandi aðilum, þegar þeir væru búnir að greiða alla skatta og skyldur, bæði til ríkisins, í tekjuskatt, stríðsgróðaskatt, eignarskatt og útsvör til bæjarfélaganna, til þess, þó að þeir hefðu mikinn tekjuafgang, að greiða kannske nokkur hundruð þús. kr. á ári í vexti og afborganir af þessum stóreignaskatti. Langsennilegast er því, að jafnóðum og borgast skuldabréfin til ríkissjóðs í stóreignaskattinum, hlaðist upp hjá þessum aðilum nýjar skuldir hjá peningastofnunum, sem þeir þurfa að stofna til, til þess að geta

staðið í skilum með þessar greiðslur, og endirinn verður þá vafalaust í mjög mörgum tilfellum sá, að að 10 árum liðnum er skuldin ekki lengur við ríkið, heldur við einhverja af peningastofnunum landsins að meira eða minna leyti. Og þá er komið að því, sem við sjálfstæðismenn höfum bent á, að þá verður þetta aukið og nýtt álag á peningastofnanirnar, sem takmarkar getu þeirra til annarra útlána, sem menn hafa þó mjög borið sig upp undan að væru ekki nægjanlega mikil. Allt þetta leiðir til þess að valda samdrætti í atvinnulífinu og bitna þess vegna, eins og ég sagði áðan, ekki á þeim, sem skattur er raunverulega lagður á, heldur almenningi, sem á að njóta ávaxtanna af atvinnurekstrinum og njóta stöðugrar vinnu, og alvarlegast af öllu er það, ef samdrátturinn verður í svo ríkum mæli, að vinnumarkaðurinn dregst saman og atvinnuleysi skapast.

Hæstv. fjmrh. benti á það, að við stóreignaskattinn 1950 hefði ekki verið leyft að draga frá vátryggingaverði skipanna, eins og nú væru till. uppi um, fiskiskipanna 40% og annarra skipa 33⅓%. Það er rétt. En ég vek athygli á því, hæstv. fjmrh., að þá var hins vegar heimild til þess að draga nýbyggingarsjóðina frá, þegar eignirnar voru metnar, hvort sem þeim hafði verið varið til kaupa á framleiðslutækjum eða ekki, og er vafalaust, að í því ákvæði einu eru ekki minni hlunnindi en í þeim frádráttarheimildum, sem hér er um að ræða í frv. og brtt. frá meiri hl. fjhn. En við í minni hl. leggjum til, að til viðbótar við þennan frádrátt, þegar metin eru til verðs skipin, komi einnig á ný ákvæðin um nýbyggingarsjóðina, og þá gæti kannske eitthvað farið að nálgast það, að þessi skattur bitnaði ekki þungt á sjávarútveginum. En þegar hæstv. sjútvmrh. sjálfur kemur hér og segir áðan: Það er ótrúlegt, að nokkur, sem stundar sjávarútveg, komi til með að þurfa að greiða þennan skatt, — og eins og hann orðaði það: milljónerarnir eru ekki í framleiðslustarfseminni, — þá er tvennt, sem mér finnst að komi til álita. Í fyrsta lagi hygg ég, að það sé rétt, sem hv. 1. þm. Reykv. (BBen) benti á, að í þessu kemur fram, að hæstv. ráðh. hefur engan veginn nægilega kynnt sér efni þess máls, sem um er að ræða. En látum það vera. — Ef þessi ráðh. meinar það, að þessi skattur eigi ekki að bitna á þeim, sem hafa byggt upp eignir sínar í framleiðslustarfseminni, og er að því leyti samþykkur þeim sjónarmiðum, sem ég setti fram hér í fyrstu ræðu minni og mjög greinilega komu fram hjá hv. þm. Borgf. (PO), þá ætti hæstv. sjútvmrh. að vera fáanlegur til þess, að gerð yrði sú breyting á þessu frv., að undanþegnar mati til stóreignaskatts skyldu vera allar eignir, sem hagnýttar eru í framleiðslustarfsemi sjávarútvegsins. Til þess að flytja slíka brtt. við frv. þarf að gera allverulegar breytingar, og ég er þess vegna ekki á þessu stigi tilbúinn til þess að flytja slíka brtt., en það getur enn unnizt tími til þess, og málið á a. m. k. eftir að fara til síðari deildar. En mér þætti mjög vænt um að heyra afstöðu hæstv. sjútvmrh. til þess, hvort hann er tilleiðanlegur til þess að vinna að þeirri breytingu á þessu frv., að undanþegnar mati til stóreignaskatts séu allar eignir, sem hagnýttar eru í framleiðslustarfsemi sjávarútvegsins. Þá þarf engum blöðum um það að fletta, hver hugur fylgir máli, og ef það er svo, að þessi ráðh. sjávarútvegsins vilji stuðla að því, að skatturinn leggist ekki sem sérstakar byrðar á þá, sem sjávarútveginn stunda, þá hefur hann sannarlega tækifæri til þess að koma þessum vilja sínum fram, og hann mundi njóta góðs stuðnings sjálfstæðismanna í því efni.

Hv. þm. V-Húnv., frsm. meiri hl. fjhn., talaði hér áðan og heldur fram þeirri staðhæfingu, sem fram kemur í grg. fyrir þessu frv., að þessum skatti sé ætlað það hlutverk að vinna gegn verðbólgu í landinu og hann fái ekki betur séð en eðli málsins samkvæmt muni þessi skattur gera það; það sé eðlilegt, eins og hann sagði, að byrðarnar komi á þá, sem mest hafa aukið eignir sínar á verðbólgunni. Ég hef í fyrri ræðu minni vikið að því, að í raun og veru er líklegt, að þetta verði í mörgum tilfellum algerlega óraunhæft, að byrðarnar leggist á þá, sem hafa aukið eignir sínar á verðbólgunni, því að við megum ekki gleyma því, hvernig það eignamat er fundið, sem hér er um að ræða Það er fundið með þeim hætti að fimmtánfalda fasteignamatið frá því, sem áður var, þegar um fasteignir er að ræða. Og ef þetta eignamat er borið saman við það, sem var í stóreignaskattinum 1950, þá benti ég á það í fyrri ræðu minni, að hér væri um stórkostlegar hækkanir að ræða, allt frá 60% og upp í 260% hækkanir frá fyrra mati við stóreignaskattinn. Þetta kemur greinilega í ljós, þegar ákveðin dæmi eru tekin, eins og ég vék að í dag, að tiltekinn maður á eina fasteign og hefur átt hana allan þennan verðbólgutíma, iðróttakennari í bænum, og hefur atvinnu sína af því að kenna í þessu húsi, og hverjum dettur svo í hug, að hann sé milljónunum ríkari fyrir það, þótt þessi fasteign sé núna með þessu mati, sem tilbúið er, virt á 3 millj. kr., í staðinn fyrir gamla fasteignamatið á fasteign og lóð, sem mun vera nálægt 200 þús. kr.? En þessi tiltekni maður á að borga nálægt 375 þús. kr. í stóreignaskatt af eign, sem áður var metin á 200 þús. kr.; fyrir það á þessi tiltekni maður að borga 375 þús. kr., og hvað er eignaupptaka, ef þetta er það ekki í því tilfelli, sem hér um ræðir? Ég veit, að margir hafa aðra aðstöðu og hafa raunverulega hagnazt á verðbólgutímunum, en það er í senn fjöldi einstaklinga, sem svipað mun standa á um og þennan aðila, og einnig í mjög ríkum mæli mun skatturinn, eins og við höfum margtekið fram, koma þannig niður á atvinnurekstrinum, að hann verður þeim verstur, sem sízt skyldi, þ. e. a. s. launþegum og almenningi í landinu. Hvort skatturinn getur með nokkru móti unnið gegn verðbólguþróuninni í þessu þjóðfélagi, það fæ ég ekki séð, nema með þeim hætti, að menn fara smátt og smátt að hætta að setja fjármuni sína og hætta fjármunum sínum í atvinnutæki og uppbyggingu atvinnulífsins, sem innan tíðar mundi að sjálfsögðu stefna til atvinnuleysis í þessu landi. Það gæti vel verið, að þá færi eitthvað að slá á verðbólguna í þjóðfélaginu, en ég er ekki viss um, að það sé á þennan hátt, sem hv. þm. V-Húnv. eða aðrir þeir sem hafa talað

hér fyrir þessu máli, óska eftir að þessi skattlagning vinni gegn verðbólgunni.

Ég vil svo aðeins að lokum segja það, að ég sakna þess nokkuð, að það er enginn úr stjórnarliðinu, sem tjáð hefur sig um neina af þeim brtt., sem við flytjum, og það er með þetta mál eins og mörg önnur, að stjórnarliðið virðist fyrir fram vera búið að gera það upp við sig, hvernig málið eigi að afgreiðast. Ég vil samt sem áður, áður en ég lýk máli mínu, taka eina till. út úr og vekja sérstaka athygli hæstv. fjmrh. á henni, og það er brtt., sem við flytjum varðandi flugvélarnar. Hann er sjálfur flugmálaráðh. og virðist hafa áhuga á þeim málum og hefur haft forgöngu um, að flugfélögunum væru veittar stórkostlegar ábyrgðir ríkissjóðs til að byggja upp sína starfsemi í þjóðfélaginu. En eins og frá þessu er gengið í frv. og með brtt. meiri hl. fjhn., þá held ég, að það sé ómögulegt annað en ganga út frá því, að menn hafi ekki enn nægilega gert sér grein fyrir því, hversu mikil breyting er í þessu frá því, sem áður var í stóreignaskattslögunum, og að hér sé verið á óeðlilegan hátt að leggja byrðar á þessa ungu atvinnugrein í þjóðfélagi okkar. Seinast voru eignir flugfélaganna metnar eins og lausafé, og ég hygg, ef þetta mál er athugað nánar, að þá sjái menn, að eignir félaganna muni eftir ákvæðum frv. og jafnvel þótt samþ. sé brtt. meiri hl. verða metnar eftir því mati, sem hér er lagt til grundvallar, meira en helmingi hærra mati en þegar stóreignaskatturinn var síðast á lagður. Ég vil leyfa mér að mega vona, að þegar menn athuga þetta, þá sjái þeir, að þetta sé byggt á misskilningi, og fallist því á að samþ. brtt. okkar um, að frá vátryggingarverði flugvélanna megi dragast 50%. Enda þótt það væri samþ., mundi samt sem áður eignamat flugvélanna verða allverulega miklu hærra en það var árið 1950. En um þessa atvinnugrein verður það að segjast, eins og tekið var fram hér áður í kvöld, að hún hefur byggt sig upp á fáum árum og án nokkurra opinberra styrkja fyrir utan þær ábyrgðir, sem ríkissjóður hefur veitt fyrr og síðar, og þegar um það hefur verið að ræða hér á Alþingi, þá held ég, að þm. úr öllum flokkum hafi ævinlega verið um það sammála. Ég vil því ljúka máli mínu núna með því eindregið að mælast til þess, að þetta sé haft í huga í sambandi við brtt. okkar um eignamatið á flugvélunum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 102. fundi í Nd., 21. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 558,1.a felld með 17:7 atkv.
— 552,1.a samþ. með 22 shlj. atkv.
— 558,1.b felld með 19:6 atkv.
— 558,1.c felld með 19:8 atkv.
— 552,1.b samþ. með 18 shlj. atkv.
— 558,1.d felld með 17:8 atkv.
— 558,1.e felld með 19:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RH, SÁ, BBen, IngJ, JóhH, JPálm, KJJ, MJ.

nei: PÞ, BrS, SkG, ÓJ, SvbH, ÁB, BG, EirÞ, EystJ, GíslG, GÍG, GJóh, GÞG, HÁ, HS, HV, KGuðj, LJós, EOl.

8 þm. (ÓTh, PO, ÁÞ, ÁkJ, BÓ, EmJ, JS, JR) fjarstaddir.

Brtt. 552,1.c samþ. með 22 shlj. atkv.
— 558,1.f felld með 19:8 atkv.
— 558,1.g felld með 19:8 atkv.
— 558,2 felld með 19:8 atkv.
— 558,3 felld með 18:8 atkv.
— 558,4 felld með 19:8 atkv.
— 552,2 samþ. með 22 shlj. atkv.

Frv. samþ. með 19:8 atkv. og afgr. til Ed.

Á 59. fundi í Sþ., 22. maí, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 579).

Á 105. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. til l. um skatt á stóreignir, sem hér liggur fyrir, er liður í þeim ráðstöfunum í efnahagsmálum, sem ríkisstj. beitir sér fyrir á þessu hv. Alþ. Það ber að skoða þetta frv. í sambandi við aðrar þær till. í þessum málum, sem frá ríkisstj. og þingmeirihlutanum hafa komið.

Á undanförnum árum hafa orðið geysilega miklar verðbreytingar í landinu, þannig að nær því má kalla það verðbyltingu, eins og við sjáum á því, hversu geysilega framfærslukostnaður hefur aukizt frá því að núverandi vísitölukerfi var tekið upp eða nánar tiltekið 1950. Sú vísitala, sem þá var 100, er nú rétt um 190. Þessi stórkostlega verðbreyting hefur haft í för með sér gífurlega röskun á eignaskiptingunni í þjóðfélaginu, og nú, þegar gera þurfti miklar ráðstafanir til þess að færa fjármagn yfir til framleiðslunnar og leggja á landsmenn þungar álögur í því skyni, þótti þeim, sem að þessum ráðstöfunum standa, alveg eðlilegt, að stóreignamenn landsins, þeir, sem óneitanlega hafa mjög grætt á þeirri verðbyltingu, sem orðið hefur á undanförnum árum, legðu fram nokkurn skerf til almenningsþarfa. Á þessum hugsunarhætti er frv. byggt.

Ég sagði áðan, að það hefði orðið mikil breyting á eignaskiptingu í landinu við þessa miklu verðbyltingu, og þessi verðbylting hefur einnig haft í för með sér mikið ósamræmi á milli eignamanna eftir því, hvort þeir hafa átt eignir sínar í föstu, sem kallað hefur verið, eða hvort þeir hafa átt peninga eða peningaverðmæti. Eignir þeirra, sem hafa átt og eiga fé sitt í föstu, hafa í raun og veru ætíð stigið stórkostlega í verði í hlutfalli við hinar eignirnar, sem þannig hafa lækkað í verði, þ. e. a. s. peningaverðmætin hafa lækkað stórkostlega í verði, samanborið við hinar föstu eignir.

Nú er það ákvæði í þessu frv., að þeir, sem eiga peningainnstæður í sparisjóðum og eiga skuldabréf með ríkisábyrgð og ríkisskuldabréf, skuli ekki telja þau verðmæti með eignum í sambandi við þetta skattuppgjör. Þetta þýðir, að þeir, sem fyrir frv. standa, vilja, að þeir, sem eiga eignir sínar í peningaverðmætum, þurfi ekki að greiða af þeim skatt, heldur komi skatt-

urinn fyrst og fremst á hina, sem hafa haft undir höndum hinar föstu eignir, sem kalla mætti í þessu falli, og hafa raunverulega stórgrætt á því ástandi, sem verið hefur undanfarið.

Hér er því stefnt að tvennu: að þessir aðilar leggi nokkurn skerf til þeirra ráðstafana í efnahagsmálum, sem hafa verið gerðar nú í vetur, og jafna metin og minnka ósamræmið á milli þeirra, sem annars vegar hafa átt eða eiga innstæður, peningaverðmæti, og hinna, sem hafa haft undir höndum eða eiga föstu eignirnar.

Þetta er fullkomlega réttmætt að mínum dómi. Þetta ætti að verka heppilega þannig, að með þessu sýndi löggjafinn því fólki, sem vill leggja fjármuni sína í innstæður og geyma þá í peningaverðmætum, að hann metur það með því að hlífa þeim eignum við þessum skatti, sem nú er á lagður.

Ég hygg, að þetta, að þannig er gert upp á milli eignanna einmitt á þessa lund, muni heldur verða til þess að örva menn framvegis í því að leggja fjármuni sína í banka og sparisjóði og eiga peningaverðmæti. En það er mjög mikil nauðsyn einmitt á því hér hjá okkur að ýta undir, að menn vilji gera þetta, því að lánsfjárskortur sá, sem við búum við, er svo stórkostlegur, stafar fyrst og fremst af því, hversu menn sækja ört í það að festa fé sitt, ýmist eyða því eða festa það í því, sem kallað er raunveruleg verðmæti, en hafa ekki viljað eiga á hættu að eiga það sem innstæðu í peningastofnunum landsins.

Þessi þróun er geysilega háskaleg. Við vitum, að hún stafar aðallega af þeirri miklu verðbyltingu, sem orðið hefur hér á undanförnum áratugum, og slæmri reynslu manna í sambandi við það. En allt, sem gengur í þá átt að bæta hag þeirra, sem vilja eiga innstæður, stefnir að mínu viti rétt. Þannig hefur verið gengið inn á þá braut að gera sparisjóðsinnstæður skattfrjálsar, þegar um tekju- og eignarskatt er að ræða, og vexti af þeim. Og hér er stigið enn skref í sömu átt í þessu frv., þar sem gert er ráð fyrir, að þessar innstæður séu líka skattfrjálsar við uppgjör til stóreignaskatts.

Menn hafa rætt nokkuð um, að þessi skattur mundi valda erfiðleikum í atvinnulífinu. Ég vil benda á, að þessari skattlagningu verður að teljast í hóf stillt, þar sem gert er ráð fyrir, að enginn skattur sé greiddur af fyrstu milljóninni, sem hver einstakur á. Þá vil ég benda á í því sambandi, að eignamatið er mjög varlegt. Það er áreiðanlegt, að engin eign verður metin til þessa skatts með fullu gangverði, eins og frá matsákvæðum er gengið, enda hefur enginn haldið því fram í sambandi við umr. um þetta mál, t. d. í hv. Nd. eða utan þings, í alvöru, að ég hafi getað merkt, að eignir væru metnar umfram það, sem gera mætti ráð fyrir að gangverð þeirra væri.

Þegar þetta er haft í huga og svo hitt, að ein milljón er skattfrjáls, þá hljóta allir að sjá, að hér er í hóf stillt þeim framlögum, sem þeim ríkustu er ætlað að leggja til, og enn fremur er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að menn greiði þennan skatt á nokkrum árum.

Það er ekki hægt að áætla, hversu mikið þessi skattur muni gefa í tekjur. En menn hafa viljað stefna að því, að hann gæfi ekki minna en 80 milljónir, og setjum svo, að það tækist, þá yrði það, sem menn ættu að greiða, um 8 milljónir á ári að viðbættum vöxtum af því, sem útistandandi er.

Þegar þess er gætt, hvernig hér er háttað um verðgildi peninga, verður ekki sagt, að hér sé um stórfelldar álögur að ræða, sem gæti haft alvarlega röskun í för með sér í þjóðlífinu á einn eða annan hátt eða atvinnurekstrinum, þegar þess er þá einnig gætt, að sumar eignir, sem mest eru notaðar í atvinnurekstrinum, eins og t. d. skip, er ráðgert að meta sérstaklega vægilega til skattsins.

Ég held, að það sé því að seilast nokkuð langt til raka að halda því fram, að hér sé verið að lögfesta álögur, sem geti valdið stórerfiðleikum í atvinnurekstrinum. Einnig vil ég í því sambandi benda á, að því miður er því nú þannig farið, — ég segi og legg áherzlu á: því miður er nú þannig ástatt hjá okkur, að þeir, sem hafa fyrst og fremst stundað undirstöðuatvinnuvegi landsmanna eða þá atvinnuvegi, sem þjóðin á mest undir, þ. e. a. s. framleiðsluatvinnuvegina, hafa ekki safnað stóreignum eða grætt á því verðbyltingarástandi, sem hér hefur verið nú áratugum saman. Því miður eru það ekki þeir, sem eiga stóru eignirnar, og þess vegna kemur þetta minnst niður á þeim mönnum. Miklu fremur eru það hinir, sem hafa snúið sér að alls konar annarri starfsemi, millilíðastarfsemi og hvers konar annarri starfsemi, sem hafa safnað hinum stóru eignum.

Það er gert ráð fyrir því í frv., að þessi skattur verði ekki að eyðslueyri hjá ríkinu, heldur gangi hann í sjóði, að tveim þriðju í þann sjóð, sem á að lána til íbúðabygginga í kaupstöðum, en að einum þriðja í veðdeild Búnaðarbankans og verði að starfsfé hjá þessum sjóðum. Bak við þetta liggur sú hugsun, að þetta fé megi ekki verða að eyðslueyri, heldur eigi það að verða áfram að gagni við að byggja upp í landinu, og hafa þá þessir tveir sjóðir orðið fyrir valinu. Mun öllum hv. dm. vel ljóst, að með því móti verði fénu vel varið, því að einmitt nú alveg nýlega hafa íbúðamálin og raunar líka málefni veðdeildarinnar, Búnaðarbankans, verið til ýtarlegrar umr. hér í hv. d., og hefur þá áreiðanlega rifjast fullkomlega upp fyrir mönnum, hversu rík nauðsyn er á því, að einmitt þessar stofnanir fái aukinn stuðning frá því, sem verið hefur.

Mér finnst ég hafa með þessum fáu orðum tekið fram það, sem mestu máli skiptir, en leyfi mér að öðru leyti að vísa til grg., sem fylgir frv., þar sem fjallað er sæmilega ýtarlega um hvert meginatriði fyrir sig.

Ég vil benda hv. dm. á eða rifja það upp, sem þeir þó vita mjög vel, að um þetta mál hafa orðið ýtarlegar umr. í hv. Nd., sem ég efast ekkert um að þeir hafa fylgzt allvel með, og að þetta mál hefur fengið mjög nákvæma athugun í fjhn. Nd. Ætti það því ekki að vera neitt óviðurkvæmilegt, þó að ég færi fram á, að þetta mál fengi sæmilega skjóta afgreiðslu hér í d.

En það geri ég einnig með sérstöku tilliti til þess, að það er mjög liðið á þingtímann og æskilegt, að hægt sé að ljúka þinginu sem allra fyrst.

Ég vil því, um leið og ég legg til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. þessarar d., óska eftir því við form. fjhn., að hann vildi hraða meðferð málsins, eftir því sem hann og hv. fjhn. sæi sér frekast fært.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. gat þess í upphafi framsöguræðu sinnar, að á frv. þetta bæri að líta sem einn lið í efnahagsmálaráðstöfunum ríkisstj. Þar sem þessu er þannig varið, verður það að teljast eðlilegt, að inn í umr. um frv. spinnist nokkuð almennar umr. um ástand efnahagsmálanna í hinu íslenzka þjóðfélagi í dag, og verður þá einnig nauðsynlegt að líta nokkuð um öxl og þá fyrst og fremst til þess tíma, er hæstv. núverandi ríksistj. var mynduð.

Hæstv. ríkisstj. lýsti því yfir við valdatöku sína og raunar fyrir hana, að fram mundi verða látin fara almenn „úttekt“ á þjóðarbúinu og ástandi efnahagsmálanna. Jafnframt var því heitið, að nýjar leiðir mundu verða farnar til lausnar þeim vanda, sem við blasti, og tillögur um ný úrræði fram lagðar.

Í samræmi við þessi fyrirheit réð svo hæstv. ríkisstj. innlenda og erlenda sérfræðinga til þess að kryfja vandamálin og ástand efnahagsmála þjóðarinnar í heild til mergjar. Því hafði verið heitið, að þjóðinni yrði gert ljóst álit þessara sérfræðinga og að allt skyldi fara fram fyrir opnum tjöldum. Það fyrirheit var út af fyrir sig mjög loflegt, því að æskilegt var, að þjóðin fylgdist sem bezt með þeirri rannsókn og úttekt, sem fram færi og verða átti grundvöllur að nýjum leiðum og úrræðum í þessum þýðingarmiklu málum.

Rannsókn fór fram, en því miður varð niðurstaðan sú, að almenningi var ekki gert kunnugt, hver niðurstaða „úttektarinnar“ hefði orðið. Jafnvel þegar hæstv. ríkisstj. lagði fyrir Alþ. till. sínar til stuðnings útflutningsframleiðslunni fyrir jól, fengust ekki upplýsingar um það, hverjar niðurstöður sérfræðinganefndanna hefðu verið og hverjar till. hefðu verið uppi um leiðir til lausnar vanda efnahagsmálanna. Það fékkst heldur ekki upplýst, hverjar þarfir atvinnuveganna raunverulega væru, þegar rætt var um till. ríkisstj. fyrir jólin.

Ég álít, að þetta hafi verið mjög miður farið og hafi gert hæstv. ríkisstj. að mörgu leyti erfiðara fyrir sjálfri sér, að almenningur skyldi ekki fá upplýsingar um það, hvað raunverulega var að gerast í þessum málum, — hvað hinir innlendu og erlendu sérfræðingar sögðu um ástand efnahagsmálanna og upp á hvaða leiðum var brotið. Ekki sízt olli þetta miklum vonbrigðum, vegna þess að lofað hafði verið fullt og fast nýjum leiðum og úrræðum.

Um þetta þýðir ekki að fjölyrða. Það er komið sem komið er. Enn hefur hvorki þing né þjóð fengið upplýst, hverjar tillögur sérfræðinganna voru og hverjar þarfir atvinnuveganna raunverulega voru, þegar hinar nýju ráðstafanir voru gerðar á Alþ. nokkru fyrir síðustu áramót.

En staðreyndirnar standa eftir um það, sem gert var. Það, sem fyrst og fremst var gert til stuðnings útflutningsframleiðslunni á s. l. vetri, var, að lagðir voru á nýir skattar, er nema munu um 300 millj. kr., og því fé verður varið til áframhaldandi og stóraukinna uppbóta á útflutningsframleiðslu landsmanna.

Eins og ég sagði áðan, var í þessum málum engin ný leið farin og ekkert nýtt úrræði bent á.

Hæstv. ríkisstj. og flokkar hennar og málgögn hafa þó haldið því fram, að með þessum till., með þessum geysilega þungu nýju skattaálögum hafi hag framleiðslunnar verið borgið. En nú er svo komið, að sú staðreynd verður ekki sniðgengin, að síðan þessar till. voru samþ., hafa orðið stórkostlegar kauphækkanir í landinu, sem síðan hafa stuðlað að hækkun verðlags og enn nýjum erfiðleikum fyrir framleiðsluna. En ætlun hæstv. ríkisstj. var fyrst og fremst að koma í veg fyrir það kapphlaup, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum milli kaupgjalds og verðlags. Hvorki meira né minna en 13 kauphækkanir hafa átt sér stað síðan um síðustu áramót. Ég get í stuttu máli nefnt þá aðila, sem kauphækkanir hafa fengið, og það er í raun og veru grundvallaratriði í þessum umræðum, að menn geri sér ljósa þá þróun, sem er að gerast, vegna þess að menn verða að ganga út frá ástandinu eins og það er, en ekki eins og menn vildu gjarnan að það hefði verið.

Fyrstu aðilarnir, sem kauphækkun fengu, voru í fyrsta lagi starfsfólk Sambands ísl. samvinnufélaga, sem fékk kauphækkun, er var látin verka aftur fyrir sig allt til næstsíðustu áramóta. Hæstv. fjmrh. sagði í umr. í Nd. í gær eða fyrradag um þetta, sem ég var áheyrandi að, að þetta væri ekki rétt með farið, starfsfólk Sambands ísl. samvinnufélaga hefði aðeins verið að fá kauphækkun, sem aðrir hefðu fyrir löngu, jafnvel fyrir ári verið búnir að fá, sumpart með setningu nýrra almennra launalaga og sumpart með samningum við atvinnurekendur.

Þetta er að sjálfsögðu rétt hjá hæstv. ráðh., að aðrir aðilar höfðu fengið svipaða kauphækkun eða hærri áður. En það breytir engan veginn þeirri staðreynd, að þessi aðili fékk nú kauphækkun, eftir að hæstv. ríkisstj. var búin að lýsa því yfir sem sinni stefnu, að frá kauphækkunum skyldi horfið og kapphlaupið milli kaupgjalds og verðlags stöðvað. Þrátt fyrir þessi ummæli hæstv. ráðh. stendur sú staðreynd óhögguð, að starfsmenn S. Í. S. voru einir þeir fyrstu, sem fengu kauphækkun í lok s. l. árs, sem verkaði um það bil heilt ár aftur fyrir sig.

Þá urðu blaðamenn til þess í svipaðan mund að fá allverulega kauphækkun.

Eftir áramótin komu svo verkföll og kaupdeilur í Grindavík og Akranesi, sem lauk með kauphækkunum. Þá koma í fimmta lagi farmenn, sem Sjómannafélag Reykjavíkur samdi fyrir og töluverð kauphækkun náðist fyrir eftir um það bil eins mánaðar verkfall.

Í sjötta lagi lýsti svo hæstv. viðskmrh. því yfir sjálfur, og blað hans flutti þá fregn með stórum fyrirsögnum, að sjómenn hefðu fengið 14—18% kauphækkun með þeim ráðstöfunum, sem hæstv. ríkisstj. gerði til stuðnings sjávar-

útveginum um síðustu áramót. Á því hefði að vísu farið miklu betur, að þessar upplýsingar hefðu verið gefnar í þann mund, sem lögin um þær ráðstafanir voru sett, en þá varðist hæstv. sjútvmrh. allra tíðinda um það atriði og raunar miklu fleiri, eins og t. d. um það, hverjar raunverulegar þarfir sjávarútvegsins væru, sem hægt væri að hafa til hliðsjónar, þegar ákveðið væri af hv. Alþingi, hvaða byrðar skyldu lagðar á landsfólkið til þess að afla tekna upp í útflutningsuppbæturnar og stuðninginn við útflutningsframleiðsluna.

Í sjöunda lagi komu svo Iðjusamningarnir, sem höfðu í för með sér nokkra kauphækkun til lægst launaða verkafólksins í Iðju og þá fyrst og fremst kvenna, sem talið var búa við skarðan hlut.

Í áttunda lagi kom kauphækkunin til flugmannanna, sem fengu mjög veruleg gjaldeyrisfríðindi, er jafngilda mikilli grunnkaupshækkun.

Í níunda lagi kom hækkun til yfirmanna á togurum, í tíunda lagi 7 aura hækkun uppbóta á mjólkurlítra, í ellefta lagi hlýtur að leiða verulega kauphækkun af till., sem hv. Alþingi hefur samþykkt um jafnrétti karla og kvenna og hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir með stuðningi allra flokka þings.

Í tólfta og þrettánda lagi hafa nú verkamannafélögin í Reykjavík og Hafnarfirði samið um nokkra kauphækkun.

Á okkur sjálfstæðismenn hefur verið deilt fyrir það, að við höfum í blöðum okkar sagt þjóðinni frá því, sem er að gerast í þessum efnum. Það hefur verið talið bera vott ábyrgðarleysis okkar og jafnvel um stefnubreytingu í kaupgjalds- og verðlagsmálum, að við höfum gefið þjóðinni kost á því að fylgjast með því, þegar verkalýðsfélög hafa sagt upp og þegar nýir samningar hafa verið gerðir, og jafnframt sagt frá niðurstöðum þeirra.

Ég hygg, að í þessu felist hinn mesti misskilningur. Ég veit, að hæstv. ríkisstj. gerir sér það ljóst, að þótt hún láti t. d. Tímann, eitt aðalmálgagn sitt, þegja um það, sem er að gerast í þessum málum, verkföll og kauphækkanir, þá breytir það ekki þeirri staðreynd, að þessir hlutir hafa gerzt og eru að gerast, því að um þessar mundir hefur fjöldi verkalýðsfélaga sagt upp samningum og sum þegar boðað verkföll.

Stefna sjálfstæðismanna í þessum málum er þess vegna gersamlega óbreytt, þótt þeir í sínum góða blaðakosti gefi almenningi kost á því að fylgjast með því, sem er að gerast. Og því fer auðvitað fjarri, að það sé sjálfstæðismönnum að kenna, að allmörg verkalýðsfélög hafa ekki viljað una við þá yfirlýsingu Alþýðusambands Íslands, að nú skyldi ekki sagt upp samningum og krafizt kauphækkana. Það sést auðvitað gleggst á því, að mörg félög, þar sem flokkur ríkisstj. er í forustu, hafa sagt upp samningum, og meira að segja forustufélag Alþfl.-manna, Sjómannafélag Reykjavíkur, varð fyrst verkalýðsfélaganna til þess að fara út í verkfall. Það er þess vegna eins og hver önnur fásinna, að sjálfstæðismenn beri ábyrgð á þessari þróun, sem hæstv. ríkisstj. telur sér að vísu óhagstæða og út frá því sjónarmiði, að stöðva beri kapphlaupið milli kaupgjalds og verðlags, er að sjálfsögðu óheppileg og hættuleg.

Þar að auki hefur ríkisstj. beinlínis sjálf, bæði sem heild og einstakir ráðh., unnið að því að leysa einstakar kjaradeilur, sem ekki hefur verið hægt að leysa öðruvísi en með kauphækkunum. Verður þá enn ljóst hversu ósanngjörn sú ásökun er á hendur Sjálfstfl., að hann beri fyrst og fremst ábyrgð á þessum atburðum. En ég hef dregið upp mynd af þessu hér, þessum kauphækkunum, vegna þess að sú mynd sýnir enn betur en það, sem gerðist um síðustu áramót, að hæstv. ríkisstj. hefur gefizt upp við að koma fram nokkurri stefnubreytingu í dýrtíðar-, kaupgjalds- og verðlagsmálum. Það er ekki einungis, að hún hafi ekki flutt neinar nýjar till., ný úrræði um það, hvernig vandinn skuli leystur í þessum málum, heldur hefur þróunin, sú óheillaþróun, sem átt hefur sér stað tvö s. l. ár með kapphlaupinu milli kaupgjalds og verðlags, haldið áfram í ríkum mæli, og það er rétt, sem sagt hefur verið, að dýrtíðin hefur á undanförnum mánuðum farið hraðvaxandi. Að sumu leyti hefur það átt rætur sínar að rekja til beinna ráðstafana hæstv. ríkisstj., þ. e. a. s. skatta- og tollahækkananna, og sumpart til kauphækkananna. Þetta sést greinilegast á því, að nú hefur kaupgjaldsvísitalan hækkað um 4 stig, sem þýðir að sjálfsögðu aukin útgjöld fyrir atvinnurekstrinn og fyrir ríkið sjálft.

Málin standa þá þannig, ef litið er á heildarmyndina af efnahagsástandinu, að núverandi hæstv. ríkisstj. hefur ekki komið með nein ný úrræði, hún hefur aðeins vaðið lengra út í fen styrkjastefnunnar, hún hefur lagt á hærri skatta og tolla en nokkur ríkisstj. hefur gert á jafnskömmum tíma áður, og það, sem verst er af öllu, ólánsatburðarásin, kapphlaupið milli kaupgjalds og verðlags, heldur áfram hröðum skrefum.

Er ég þá kominn að því, sem hefur borið allmjög á góma í umr. um þetta frv. hér á þingi undanfarna daga. Það eru líkurnar á yfirvofandi gengislækkun. Fyrsta vísbendingin um það, að hæstv. ríkisstj. kynni að hafa gengislækkun í huga sem örþrifaráð í baráttu sinni við vanda efnahagsmálanna, kom í Tímanum, nokkru eftir að miðstjórnarfundi Framsfl. lauk. Hinn 20. marz komst Tíminn, með leyfi hæstv. forseta, m. a. að orði á þessa leið:

„Þær skoðanir komu fram, að heppilegra mundi hafa verið að gera róttækari og óflóknari ráðstafanir í efnahagsmálunum um seinustu áramót.“

Það dylst engum, að hér er átt við það, að á miðstjórnarfundi Framsfl. hafi komið fram þær skoðanir, að heppilegra hefði verið að fella gengið um síðustu áramót heldur en halda áfram styrkjastefnunni með stórkostlegum nýjum álögum tolla og skatta. Síðan þessi ummæli komu fram í Tímanum, hefur orðrómur gengið um það, að hæstv. ríkisstj. hygðist með haustinu fella gengi íslenzku krónunnar. Það hefur jafnvel flogið fyrir, að einstakir ráðh. hefðu skýrt vildarmönnum sínum frá því, að þetta mundi vera í uppsiglingu og þeim mundi betra og hollara að miða efnahagsráðstafanir sínar við þessa vitneskju.

Ég skal engan dóm leggja á það, hvort þessi orðrómur hefur við rök að styðjast. Mér þykir raunar ótrúlegt, að hæstv. ráðh. leyfi sér slíkt ábyrgðarleysi og slíka einstæða misnotkun á hinu æðsta stjórnvaldi í landi sínu. Ég verð að segja það, að þó að ég treysti ekki vel þessari hæstv. ríkisstj., þá verð ég að telja ótrúlegt, að einstakir hæstv. ráðh. hafi leyft sér slíkar aðfarir.

Loks koma svo ummæli tveggja hv. þm. Alþfl. hér á hv. Alþ. um þetta atriði. Það eru í fyrsta lagi ummæli hv. þm. Siglf. (ÁkJ), er féllu í neðri deild Alþingis fyrir nokkrum dögum. Þar komst þm. að orði á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Kemur ríkisstj. raunverulega ekki auga á neitt nema nýja skatta? Er það ætlun hennar um næstu áramót að leggja 200—300 millj. kr. nýja skatta á þjóðina? Færeyingum eru borguð 50—70% hærri laun en íslenzkum sjómönnum, af því að gengi krónunnar er vitlaust skráð. Sér hver maður, að gengislækkun verður óhjákvæmileg, sérstaklega eftir aðgerðir Alþingis í efnahagsmálunum í vetur."

Þetta voru ummæli hv. þm. Siglf. í þingræðu í hv. Nd. fyrir nokkrum dögum. Þessi sömu ummæli gerði hv. þm. Hafnf. (EmJ), formaður Alþfl., að umræðuefni nokkru síðar í þingræðu um þetta sama mál, sem hér liggur fyrir. Hann lýsti því að vísu yfir, að hv. þm. Siglf. hefði ekki túlkað stefnu og skoðanir Alþfl. í heild í ræðu sinni. Hins vegar komst þm. Hafnf., sem er formaður Alþfl., að orði á þessa leið:

„Alþfl. hefur aldrei farið dult með skoðun sína í þessu máli. Hann hefur viljað fara allar hugsanlegar leiðir, áður en til gengislækkunar kæmi. En hann hefur gert sér ljóst, að ef vissum skilyrðum er ekki fullnægt, þá yrði að grípa til hennar. Spurningin er, hvort ríkisstj. muni takast að halda kapphlaupinu milli kaupgjalds og verðlags svo í skefjum, að gengislækkun verði hindruð. Ef það tekst ekki, þá er um ekkert annað en gengislækkun að ræða."

Leiðirnar í efnahagsmálunum eru ekki nema tvær, sagði hv. þm. Hafnf., og fyrr í sinni ræðu hafði hann lýst, hverjar þessar leiðir væru, það væri í fyrsta lagi styrkjaleiðin, í öðru lagi gengislækkunarleiðin. Styrkjaleiðin hefði verið farin um síðustu áramót. Þegar á það er litið, að auðsætt er og raunar viðurkennt af hæstv. ríkisstj. og talsmönnum hennar, að fyrri leiðin, sem hv. formaður Alþfl. talaði um, styrkjaleiðin, hefur þegar misheppnazt, og enn fremur litið á það, að hv. þm. Hafnf. segir, að ef hún mistakist, þá sé ekki um neitt annað að ræða en gengislækkun, þá verður auðsætt, að að áliti formanns eins stjórnarflokksins er á næstunni ekkert annað fyrir hendi en gengislækkun.

Þannig er þá ástandið í íslenzkum efnahagsmálum í dag, eftir að hæstv. ríkisstj. hefur setið að völdum í rúmlega níu mánuði eða um það bil. Styrkjastefnan hefur verið reynd með stórkostlegum nýjum sköttum og tollum, dýrtíðin heldur áfram að magnast, vísitalan hækkar, hver vinnudeilan skellur yfir á fætur annarri, og hver kauphækkunin á fætur annarri fylgir í kjölfar þeirra, samtals 13, eins og ég taldi upp áðan.

Gagnvart þessari mynd af efnahagsástandinu stöndum við í dag, þegar hæstv. fjmrh. leggur frv. um enn nýjan skatt fyrir þessa hv. þingdeild.

Áður en ég kem að því að ræða beint um þetta frv., vildi ég fara nokkrum orðum um skattamál okkar almennt á undanförnum árum.

Það hefur yfirleitt verið viðurkennt af öllum stjórnmálaflokkum, að skattar væru hér orðnir allt of háir. Þessi skoðun hefur m. a. birzt í því, að flestir, ef ekki allir stjórnmálaflokkar hafa fyrir kosningar lofað að beita sér fyrir endurskoðun skattalöggjafar, og á undanförnum þingum hefur hvert frv. rekið annað um lagfæringar á einstökum atriðum skattalaga, frádrátt og undanþágu í þágu einstakra stétta og starfshópa. Niðurstaðan varð og sú í tíð hæstv. fyrrv. ríkisstj., að skattalögin voru tekin til endurskoðunar í samræmi við endurtekin fyrirheit bæði Sjálfstfl. og Framsfl. Þessari endurskoðun skattalaga lauk ekki nema að nokkru leyti.

Ég hygg, að ég muni það rétt, að það hafi verið árið 1955, sem endurskoðuð voru þau ákvæði skattalaga, sem fjölluðu um skattgreiðslur persónulegra skattgreiðenda, og niðurstaða þeirrar endurskoðunar varð sú, að samþ. var á Alþingi breyting á skattalögunum, sem hafði í för með sér, að mig minnir, 25—29% lækkun á skattgreiðslum persónulegra skattgreiðenda. Hins vegar náðist ekki samkomulag um skattgreiðslur félaga, og endurskoðun skattalaga að því leyti, er til þeirra tekur, hefur ekki enn þá farið fram, ef ég man rétt.

Meðal almennings er sú skoðun einnig almenn og miklu almennari en meðal fulltrúa þjóðarinnar hér á þingi, að skattar séu orðnir allt of háir. Á ég þá í þessu sambandi fyrst og fremst við hina beinu skatta, þeir séu orðnir það háir, að þeir dragi mjög úr persónulegri hvöt einstaklinganna til þess að vinna og framleiða og bæta sinn hag. Má raunar öllum vera ljóst, hversu hættulegt það er fyrir ungt og vaxandi þjóðfélag, sem stendur mitt í uppbyggingu, að lama athafnaþrá og framtak borgara sinna og verða til þess þar með, að þeir haldi að sér höndum, noti ekki krafta sína eins og þeir geta og gjarnan vildu í sína eigin þágu og þjóðfélagsins. Það er nefnilega staðreynd, að ekkert þjóðfélag verður byggt upp eða safnar miklum þjóðarauði, er síðan komi til skipta á milli einstaklinga þess, án þess að einstaklingurinn sjálfur sé sterkur og dugandi og hafi áhuga fyrir því að leggja sig fram. Það er þess vegna áreiðanlegt, að það er ekki of djúpt tekið í árinni, að Íslendingar séu komnir út á hála braut að því er snertir skattheimtu og skattalöggjöf. Sést það m. a. bezt á því, að það er almennt viðurkennt, að skattsvika og fjölþættrar viðleitni til þess að sniðganga skattalöggjöf verði hér mjög vart og í vaxandi mæli, en það sprettur af því, að einstaklingurinn finnur svo að sér þrengt, að hann neyðist út í það að falsa framtöl sín, svíkja þjóðfélagið og í raun og veru að gera sjálfan sig að minni manni fyrir. En á þessu ber þjóðfélagið fyrst og fremst sök.

Nú má enginn skilja mín orð þannig, að ég

sé mótfallinn því, að þeir, sem hafa miklar tekjur, eða þeir, sem eiga miklar eignir, greiði háa skatta. Vitanlega verður þjóðfélag í hraðri uppbyggingu að leggja á mikla skatta, ella verður það alls ekki fært um að sinna þeim fjölþættu verkefnum, sem krafizt er af því að það sinni og framkvæmi. En meðalhófsins verður að gæta. Ríkisvaldið má ekki ganga lengra en svo í skattheimtunni, að hvöt einstaklingsins til þess að leggja sig fram, til þess að vinna vel sjálfum sér og þjóðfélaginu til gagns verði ekki lömuð. Það er kjarni málsins. Á þessum kjarna málsins hefur löggjafinn að mínu viti of oft misst sjónar á undanförnum árum.

Ég er þá kominn að frv. sjálfu, um skatt á stóreignir, sem hér liggur fyrir til 1. umr. Áður en ég ræði það frekar efnislega, get ég ekki varizt því að benda á, að það eru ekki einungis við þm. Sjálfstfl., sem teljum þetta frv. að mörgu leyti vanhugsað og hættulegt fyrir atvinnulífið í landinu. Einn af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. hefur talið sig knúðan til þess að gefa í Nd. í umr. um þetta mál yfirlýsingu um algera andstöðu sína við þetta frv. Hv. þm. Siglf. komst þannig að orði í hv. Nd., að hæstv. ríkisstj. gæti vel unað við skattaálögur sínar, þótt þessum skatti væri sleppt, því að hún væri þegar búin að slá öll met í þessu efni. Hv. þm. Siglf. hélt síðan áfram: Hinar síendurteknu skattaálögur eru meginástæða til þess, að fleiri og fleiri atvinnurekendahópar koma til ríkisstj. til þess að biðja um styrki. Þessir styrkir væru svo greiddir með enn auknum almennum álögum. Þessu fylgdi svo, að fleiri og fleiri menn þyrfti til alls konar eftirlits, fólk væri tekið frá jákvæðum framleiðslustörfum til neikvæðra skrifstofustarfa.

Hv. stjórnarsinnar reyna stöðugt að stimpla okkur sjálfstæðismenn sem umboðsmenn hinna ríku, vegna þess að við vörum hæstv. stjórn við ákafa hennar í skattheimtunni. Nú koma hennar eigin stuðningsmenn og taka undir þessar aðvaranir, segja það fullum fetum, að hæstv. ríkisstj. hafi þegar slegið öll met í þessum efnum og hún ætti þess vegna að geta látið staðar numið.

Mér er auk þess kunnugt um það, að ýmsir af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. eru alveg sama sinnis og hv. þm. Siglf. Þeir eru bara dulari en hv. þm. Siglf., þeir fara betur með þessa skoðun sína, og þeir vilja ekki ergja flokksbræður sína í ríkisstj. með því að segja þetta opinberlega. Ég er t. d. alveg sannfærður um það, að ef hæstv. fjmrh. gegnumlýsti sinn ágæta flokk, Framsfl., þá sæi hann innan í mörgum þm. Framsfl. ákaflega mikla óbeit á þessu frv., sem hæstv. ráðh. hefur lagt hér fyrir í dag, og hann mundi sjá meira, ef hann færi út um byggðir landsins og út um kaupstaði og sveitir. En hæstv. ráðh. heldur bara, að það þurfi ekki nema að nefna menn, sem eiga milljón og yfir það, þá muni allir rétta upp hendurnar og segja: Við skulum flá milljónamæringana. — Það er þetta hugarfar, sem liggur bak við stefnu hæstv. fjmrh., það er að flá köttinn.

Hér er ekki fyrst og fremst verið að ganga hart að nokkrum ríkum mönnum, og það er ekki það, sem ég er fyrst og fremst að fárast yfir. Það er sú stefna hæstv. fjmrh., sem í þessu frv. birtist, sú stefna, að það sé í raun og veru áfellisvert, ef einhverjum tekst að koma atvinnutæki á sæmilega traustan grundvöll, hvort sem það er í iðnaði eða sjávarútvegi, og þá beri bókstaflega að refsa þeim aðila, sem gerist sekur um slíka óhæfu. Ef ríkið sleppur við það að gefa með einhverjum, einhverri starfsgrein eða með einhverjum atvinnurekstri, þá verður að leggja á skatt, sem kemur niður á honum. Það er þessi hugsunarháttur, sem liggur bak við þetta frv. Að það sé einhver réttlætiskennd, sem sé svona miklu þroskaðri í brjósti hæstv. fjmrh. og hv. stjórnarflokka yfirleitt, sem liggi á bak við þetta frv., því trúi ég ekki, og það eru áreiðanlega fáir menn, sem trúa því, í þessu landi.

Nei, það er þetta, að flá köttinn. Þarna er grunntónn stefnunnar, sem kemur fram í þessu frv., sem þó bitnar fyrst og fremst á atvinnulífinu, á þeim fyrirtækjum, sem eiga að standa undir atvinnu og afkomu almennings í landinu.

Það liggur þannig fyrir sem staðreynd, að það eru ekki einungis við sjálfstæðismenn, sem gagnrýnum þetta frv. og erum því mótfallnir, heldur stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. sjálfrar, jafnvel á Alþingi. — Ég get ekki látið hjá líða að geta þess, að mér hefur borizt til eyrna, að einum af hv. varaþm. stjórnarliðsins hafi verið bannað að mæta á þingi þessa dagana, vegna þess að kunnugt sé um það eða a. m. k. nokkur vafi leiki á um fylgi hans við stóreignaskattsfrv. Það er meira að segja komið þannig, að líkur eru til þess, að hæstv. ríkisstj. verði að reka sína eigin menn af þingi til þess að losna við andstöðu þeirra við þetta frv., sem þeir telja vera eitthvert réttlætismál og hæstv. fjmrh. heldur að menn syngi fagnaðarsöng yfir úti um byggðir landsins.

Það er sagt, að megintilgangur þessa frv. sé sá að afla fjár til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og byggingarsjóðs ríkisins. Þetta eru að sjálfsögðu ákaflega góðar stofnanir, og situr sízt á mér eða okkur sjálfstæðismönnum að leggja stein í götu tekjuöflunar til þeirra. En mér er spurn: Hvernig stendur á því, að þessar stofnanir hafa verið hafðar út undan af hæstv. ríkisstj., að hún hefur ekki átt neitt aflögu handa þeim af því gífurlega fjármagni, sem hún þegar hefur innheimt og áskotnazt með nýjum sköttum og tollum? Hvernig stendur á því, að veðlánakerfið, sem stofnað var fyrir 2 árum og orðið hefur að stórmiklu gagni, hefur að mestu staðið máttvana og fjárþrota, síðan núverandi hæstv. ríkisstj. tók við völdum? Ég hef að vísu rætt orsakir þess fyrir nokkrum dögum hér í hv. þingdeild og skal ekki endurtaka það nú, aðeins benda á það, að ein meginástæða þess er sú, að sparifjármyndun í landinu hefur stöðvazt og fólk hefur vantrú á efnahagsmálastefnu stjórnarinnar yfirleitt. Þess vegna hafa bankarnir ekki fé, eins og þeir höfðu þegar þetta veðlánakerfi var sett á laggirnar, til þess að veita hinn nauðsynlega og sjálfsagða stuðning við umbætur í húsnæðismálum landsmanna.

Það er staðreynd, sem almennt er viðurkennd, að atvinnurekstur landsmanna á nú við mjög

mikla rekstrarfjárerfiðleika að etja. Allt bendir til þess, ekki síst vegna þess, að sparifjármyndunin er stöðvuð, að þessir erfiðleikar muni fara vaxandi. Enn fremur má á það benda, að aukinn framleiðslukostnaður lendir á atvinnutækjunum með vaxandi og sífellt hækkandi kaupgjaldi og dýrtíð. Ef við þetta á svo að bætast, að ríkisvaldið, sem öðrum þræði þykist þó vera að hjálpa framleiðslunni og er að því, kemur og leggur sligandi skatta fyrst og fremst á atvinnutækin, þá getur engum dulizt, hvaða afleiðingar slíkt hlýtur að hafa. Það hlýtur að leiða til samdráttar í atvinnulífi landsmanna. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég var þar kominn máli mínu, að ég ræddi um, að atvinnurekstur landsmanna ætti um þessar mundir við mikinn skort á rekstrarfé að búa og að ekki væri annað sýnna en að sá skortur og þeir erfiðleikar, sem af honum leiddi, mundu á næstunni fara vaxandi. Sprettur það m. a. af því, að framleiðslukostnaður fer töluvert hækkandi, bæði af völdum hækkaðs kaupgjalds og vaxandi dýrtíðar í landinu yfirleitt.

Þegar við þetta bætist, að nú er lagður á nýr skattur, sem fyrst og fremst bitnar á atvinnutækjum landsmanna, þá verður auðsætt, út á hve hála braut almannavaldið er komið.

Annars vegar blasir sú staðreynd við, að öll útflutningsframleiðsla þjóðarinnar er rekin með stórkostlegu tapi, sem ríkissjóður greiðir og aflar sér tekna til þess með stórkostlegum álögum á almenning. Hins vegar kemur nú almannavaldið sjálft og ákveður að leggja nýjar álögur á þessi sömu framleiðslutæki sem það er að styrkja.

Eins og ég mun hafa drepið á í upphafi máls míns, er það ekki alvarlegasta hlið þessa máls, að nokkrir efnaðir menn verða að greiða allháan aukaskatt í ríkissjóð. Í fjármagnslitlu þjóðfélagi, sem er í örri uppbyggingu, er það auðvitað sjálfsagt, að þeir, sem hafa háar tekjur og eiga miklar eignir, greiði háa skatta.

En hið alvarlegasta er hitt, að þetta hlýtur að hafa þau áhrif að draga saman atvinnulífið og minnka atvinnu í landinu. Það eru hin almennu áhrif þessarar skattlagningar, sem eru að mínu viti miklu geigvænlegri og varhugaverðari en áhrifin gagnvart einstaklingunum, sem skattinn eiga að greiða.

Í þessu frv. er engin grein gerð fyrir því, hvernig eigi að leysa þetta vandamál, hvernig eigi að hindra það, að skattlagningin hafi þau áhrif, sem ég nú hef verið að lýsa. Í grg. er ekki einu orði að þessu vikið.

Flestir menn, sem hugsa þetta mál rólega og æsingalaust, munu gera sér það ljóst, hversu ófuguggalegt það er í raun og veru, að á sama tíma sem ríkisvaldið er að leggja óhemjuálögur á almenning til þess að styðja t. d. sjávarútveginn, þá skuli þetta sama vald koma og leggja stórkostlega nýja skatta á þessi sömu atvinnutæki, sem er verið að styrkja með stófelldum framlögum af almannafé.

Það liggur þannig ljóst fyrir, að þessi skattlagning verður ekki atvinnulífinu til gagns, nema miklu síður sé. Hún bitnar fyrst og fremst á sjávarútvegi og iðnaði landsmanna.

En mundi þá vera hægt að gera ráð fyrir því, að með þessari löggjöf verði leyst lánsfjárvandamálið að einhverju leyti eða dregið úr dýrtíðarmynduninni?

Lánsfjárvandamálið er auðvitað útilokað að verði leyst með þessari löggjöf, þó að hún afli 8 millj. kr. tekna á ári. Að vísu er það ekki fyllilega vitað, hve tekjurnar verða miklar. En það er gert ráð fyrir því, að það verði um 8 millj. kr. á ári næstu 10 ár. Lánsfjárvandamálið verður ekki leyst vegna þess, að þessa fjár til að greiða skattinn verður annaðhvort að afla með sölu á eignum þeirra, sem skatturinn leggst á, eða þá með tilfærslu á því sparifé, sem kynni að vera til í landinu og þessir aðilar kynnu að eiga eða geta aflað sér.

Þá er spurningin sú, hvort þessi skattlagning mundi geta dregið úr verðbólgunni. Engin rök hafa verið færð fyrir því, að þessi nýi skattur mundi draga úr henni, og það er fyrst og fremst vegna þess, að það er ekki meiningin að nota þær tekjur, sem af honum koma, til þess að borga upp skuldir eða til þess að safna þeim í sjóði. Þvert á móti er ætlunin að nota tekjurnar til þess að styðja með íbúðalánastarfsemi og til þess að efla veðdeild Búnaðarbanka Íslands, sem síðan mun lána fé til fjárfestingar í sveitum.

Vitanlega eru þetta hvort tveggja mjög gagnlegir hlutir, og fjarri sé það mér að hafa á móti því, að þessari starfsemi sé sýndur skilningur og veittur stuðningur. En það má ómögulega gera sér það í hugarlund, að með þessum ráðstöfunum sé verið að vinna gegn verðbólgu. Þvert á móti hlýtur hin aukna fjárfesting, sem rennur í kjölfar þessarar lánastarfsemi, að hafa í för með sér aukna verðbólgu. Þetta er að vísu ekkert nýtt, að samtímis því, sem við Íslendingar þykjumst vera að berjast gegn verðbólgunni, gerum við ráðstafanir, sem verka alveg þveröfugt.

Sú ríkisstj., sem felldi gengið á sínum tíma árið 1950, gerði sig seka um kórvillu, skylda þessari. Hún gekk svo langt, að hún skyldaði bankana til þess að dæla hagnaði sínum af gengisbreytingunni út í fjárfestingu, sem auðvitað var hin hrapallegasta villa, sem hægt var að gera.

Engu að síður sagðist stjórnin vera í mjög harðri og einlægri baráttu við verðbólgu og dýrtíð í landinu og varð að vísu töluvert ágengt í þeirri baráttu, þó að þessi ráðstöfun hennar gengi gersamlega í berhögg við yfirlýsta meginstefnu stjórnarinnar. Vitanlega gekk það fé, sem þar var dælt út í fjárfestingu, til gagnlegra hluta, alveg eins og ætlunin er með þeim tekjum, sem gert er ráð fyrir að fáist af þessum nýja stóreignaskatti.

Allar líkur benda til þess, að lánsfjárvandamálið verði ekki leyst með að leggja nýja og stórfellda skatta á þjóðina. Svo nærri hefur nú verið gengið gjaldþoli einstaklinganna, að þar er í raun og veru lengur ekki feitan gölt að flá, eins og sést greinilegast af því, að hæstv. núverandi ríkisstj. leggur þó ekki í að heimta hærri stóreignaskatt af þjóðinni en 80 millj. kr. á tíu árum, þ. e. a. s. 8 millj. kr. á ári.

Menn beri nú þetta saman við þær hótanir

allar og bægslagang, sem uppi hafa verið af hálfu kommúnista á undanförnum mánuðum, sem sífellt hafa talað um óhóflega auðsöfnun „milljónunga“, sem nú gengju um ljósum logum í þessu landi. Af þeim og þeirra málflutningi hefur mátt skilja, að á glámbekk lægju hundruð milljóna króna, sem ríkisvaldið hefði ekkert annað að gera en að raka til sín í einu vetfangi og leysa síðan með því öll vandamál, sem við blöstu, ekki sízt í fjárfestingarmálum.

Ég veit, að hv. þm. hafa á undanförnum árum heyrt hinar orðmörgu og innfjálgu ræður hv. 3. þm. Reykv. (EOl) um þessi ósköp, sem lægju óhirt við götuna af auðmagni á Íslandi. Nú kemur stjórn þessa hv. þm. og leggur fram frv. um stóreignaskatt, og þá er þó ekki risið hærra á þeim en svo, að það á að innheimta 8 millj. kr. á ári af þessum hundruðum „milljónunga“, sem hér ganga um strætin og hafa rakað til sín þessum óhóflega gróða á seinustu árum.

Í þessu felst í raun og veru ákaflega merkileg játning á því, að þessi flokkur hafi farið með fleipur eitt um þessi mál á undanförnum árum.

Engu að síður getur þessi skattheimta haft þau áhrif, sem ég hef lýst hér, dregið úr möguleikum athafnalífsins og skapað atvinnuleysi í landinu, í raun og veru enn meira öngþveitisástand en nú þegar ríkir hér.

Hæstv. fjmrh. talaði hér áðan um það, að eðlilegt væri, að stóreignamenn landsins legðu fram skerf til almenningsþarfa, ekki sízt þegar á það sé litið, að stórfelldir skattar hafi verið lagðir á alþýðu manna með þeim till., sem ríkisstj. flutti á s. l. vetri.

Þetta er mikið rétt og hljómar sérstaklega vel í eyrum mikils fjölda fólks. En spurningin er bara þessi: Verður almenningi það til gagns eða góðs, að nær sé gengið atvinnuvegunum, þeim mönnum, sem eiga atvinnutækin, og félagasamtökum þeirra en gert hefur verið á undanförnum árum? Ef hér hefðu ríkt sérstaklega mild skattalög, sem hefðu skapað mönnum skilyrði til þess með heiðarlegu móti að eignast stórfé, þá mætti segja, að stóreignaskattur væri réttlætanlegri en hann er í dag. En því er bara ekki að heilsa. Hér hefur gilt mjög ströng skattalöggjöf, sem skapað hefur ákaflega takmörkuð tækifæri til verulegrar auðsöfnunar einstaklinga. Ég veit, að það eru nokkrir einstaklingar og nokkur félagasamtök til í landinu, sem hafa safnað allmiklu fjármagni, en í langsamlega flestum tilfellum er þetta fjármagn bundið í atvinnutækjum, sem atvinna og afkoma almennings víðs vegar um land byggist á. Á það má einnig benda, að í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að viss félagasamtök sleppi við þessa skattheimtu, þrátt fyrir það að því hafi ekki verið mótmælt, að þau séu meðal þeirra samtaka, sem mestu fjármagni hafa safnað á undanförnum árum.

Það hefur einnig verið játað af hæstv. fjmrh., að með þessu frv. sé allhart gengið að þjóðnytjafyrirtækjum, eins og t. d. flugfélögunum, sem byggð hafa verið upp af miklum dugnaði og bjartsýni á undanförnum árum og með drengilegum stuðningi ríkisvaldsins og hæstv. fjmrh. Að því hafa verið leidd rök, að þessi fyrirtæki muni verða fyrir stórfelldu áfalli, ef það frv., sem hér liggur fyrir, verður samþ. óbreytt eins og það nú liggur fyrir. Nokkur breyting mun nú hafa verið gerð á frv. að því er snertir matsverð á flugvélum. En felld hefur verið brtt. frá sjálfstæðismönnum, þar sem lagt var til, að í staðinn fyrir, að flugvélar skuli teljast með vátryggingarverði að frádregnum 20%, skuli koma 50%. Þessi till. frá sjálfstæðismönnum í Nd. hefur verið felld.

Að því hafa ekki heldur verið leidd rök af hálfu hæstv. fjmrh., að sjávarútvegurinn þoli eða geti með sæmilegu móti tekið á sig þennan nýja skatt. Mér er sagt, að hæstv. sjútvmrh. hafi haldið því fram, að þetta snerti alls ekki sjávarútveginn. Ég veit ekki, hvaðan hæstv. sjútvmrh. hefur þessar upplýsingar. Ef þeir, sem samið hafa þetta frv., hafa myndað sér þessa skoðun á hlutunum, þá væri fróðlegt að fá upplýsingar um það, á hvaða grg. þeir hafa byggt þetta álit sitt. Allt bendir til þess, að hraðfrystiiðnaðurinn í landinu og ýmis útgerðarfyrirtæki, sem berjast í bökkum, muni verða fyrir miklu áfalli af álagningu þessa nýja skatts. Ég vildi gjarnan mega spyrja hæstv. ríkisstj. að því, hvort hún mundi verða reiðubúin til þess að hjálpa þessum útgerðarfyrirtækjum, sem atvinna og afkoma almennings er undir komin, til þess að greiða þennan skatt, jafnhliða því sem ríkið er að innheimta stórkostlega skatta af almenningi til þess að standa undir útflutningsframleiðslunni.

Ég get nú stytt mál mitt um þetta frv., ekki sízt vegna þess, að ég á sæti í þeirri hv. n., sem mun fjalla um það. Ég vil aðeins undir lok míns máls, að það komi fram, að meðal lögfræðinga hefur verið vakin athygli á því, að mjög hæpið sé, að þessi löggjöf fái staðizt gagnvart ákvæðum stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins. Hefur þá verið vitnað til 67. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir svo, með leyfi hæstvirts forseta:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli, og komi fullt verð fyrir.“

Í 69. gr. stjórnarskrárinnar segir enn fremur:

„Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til.“

Ég skal ekki fullyrða neitt um það, hvort þetta frv. og ákvæði þess stangast á við ákvæði stjórnarskrárinnar um þetta efni, en hitt vil ég segja, að það jaðrar a. m. k. við það. Og það færi ekki illa á því, að dómstólar yrðu látnir skera úr um það, hvort svo sé eða ekki.

Hæstv. fjmrh. hefur talið nokkurs ósamræmis gæta í afstöðu okkar sjálfstæðismanna nú gagnvart þessu frv. og málafylgju okkar fyrir 7 árum, þegar ríkisstj., sem við áttum sæti í, beitti sér fyrir setningu stóreignaskatts. Á það hefur verið bent, að allt öðru máli gegndi, þegar sá stóreignaskattur var á settur. Hann var settur sem liður í fjölþættum ráðstöfunum þáverandi ríkisstj. til þess að koma á jafnvægi í efnahagslífi þjóðarinnar með mjög róttækum ráðstöfunum. Gengisbreyting var samþ. og jafnhliða henni gerðar ýmsar aðrar ráðstafanir. Hér er ekki um

að ræða neinar slíkar róttækar ráðstafanir. Eins og ég hef vikið að hér á undan, hefur núverandi hæstv. ríkisstj. aðeins haldið áfram lengra út í styrkjastefnufenið. Hún hefur hvergi brotið í blað. Hún hefur engin ný úrræði lagt fram. Hún hefur ekki einu sinni viljað láta þjóðina sjá niðurstöður þeirra rannsókna, sem fram fóru á efnahagsástandinu hér á landi á s. l. sumri, nokkru eftir að hún tók við völdum. Sú ríkisstj., sem felldi gengið og flutti frv. um stóreignaskattinn, hafði allt annan hátt á. Hún lagði öll plöggin á borðið, álit þeirra sérfræðinga, sem hún kvaddi sér til aðstoðar, um þær leiðir, sem um væri að ræða til lausnar efnahagsvandamálunum. Og hún gerði till. um nýjar leiðir og breytta stefnu gagnvart efnahagsvandamálunum. Í stað styrkjastefnunnar var að því ráði horfið, að framleiðslutækin skyldu bera sig styrkja- og uppbótalaust. Þessa stefnu tókst að framkvæma með allgóðum árangri um nokkurra ára skeið. Og einmitt vegna þess, hversu vel það tókst, gerðu kommúnistar sitt fræga herhlaup 1955 með þeim árangri, sem okkur öllum er kunnugt.

Einn af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. hefur einnig viðurkennt gersamlega rök okkar sjálfstæðismanna í þessum efnum. Hv. þm. Siglf. benti á það í sinni ræðu í Nd. fyrir nokkrum dögum, alveg eins og við sjálfstæðismenn höfum gert, að 1950 hefði staðið allt öðruvísi á, þá hefðu allt önnur rök og gildari hnigið til þess, að stóreignaskattur væri á lagður, heldur en nú. Til viðbótar þeim rökum, sem hann flytur og ég hef drepið á hér, vil ég aðeins benda á það, að það tíðkast ekki í nokkru þjóðfélagi, að stóreignaskattur, sem verkar aftur fyrir sig, skattleggur í raun og veru tekjur og eignir langt aftur í tímann, sé lagður á á nokkurra ára fresti. Það er eins og hvert annað siðleysi í skattamálum að haga sér þannig og skapar fullkomið öryggisleysi og efnahagslega upplausn í þjóðfélögunum. — Það er þess vegna ekki ég einn og við sjálfstæðismenn, sem höldum þessu fram, heldur nánustu stuðningsmenn og samverkamenn hæstv. ríkisstj.

Ég vil að lokum draga saman í örfá atriði niðurstöður míns máls um efnahagsmálastefnu hæstv. ríkisstj., sem þetta frv. á samkvæmt yfirlýsingu hæstv. fjmrh. að vera einn liður í.

Hæstv. ríkisstj. hefur engin ný úrræði eða leiðir bent á í efnahagsmálunum síðan hún tók við völdum.

Í öðru lagi hefur engin „úttekt“, sem almenningur hefur átt kost á að kynna sér, farið fram á efnahagsástandinu.

Í þriðja lagi voru 300 millj. kr. nýir skattar lagðir á almenning á s. l. vetri.

Í fjórða lagi á sér stað áframhaldandi kapphlaup milli kaupgjalds og verðlags. Verkföll og vinnudeilur vaða uppi.

Í fimmta lagi er gengislækkun yfirvofandi samkvæmt yfirlýsingum sjálfra stjórnarfl.

Í sjötta lagi hefur enn verið bætt nýjum skatti á þjóðina, skatti, sem fyrst og fremst bitnar á atvinnuvegunum og hlýtur að hafa í för með sér erfiðari aðstöðu framleiðslunnar á næstunni og felur í sér mikla hættu á þverrandi atvinnu og versnandi afkomu almennings í landinu.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Það er búið að ræða þetta mál svo mjög, bæði hér á Alþ. og utan þings, að segja má, að það sé að bera í bakkafullan lækinn að halda umr. áfram. En hér er slíkt stórmál á ferðinni, að það getur ekki verið vítavert, þó að menn láti í ljós álit sitt um málið almennt. Ég mun ekki tefja þessar umr. neitt að ráði.

Ég veitti því athygli, að þegar hæstv. ráðh. lagði þetta mál hér fyrir hv. d., þá lagði hann mikla áherzlu á nauðsyn þess, að söfnun sparifjár aukist í landinu. Ég hygg, að allir geti tekið undir þessi ummæli hæstv. ráðh. Landi, sem skortir fjármagn svo að segja til alls, ríður á því meir en nokkru öðru að sparifjársöfnun aukist. Alþ. hefur og skilið þetta með því að veita skattfrelsi sparifjár. En það hefur sýnt sig, að þetta nægir ekki, a. m. k. ekki þegar þjóðin vantreystir aðgerðum þeirra stjórnarvalda, sem með völdin fara. Þjóðin treystir því ekki, að verðgildi krónunnar haldist. Ég hygg líka, að að því reki, að Alþ. sjái nauðsyn þess með einhverjum hætti að ganga hér betur frá en gert hefur verið. Ég mun ekki fara neitt inn á það frekar, en óskandi væri, að vitrir menn kynntu sér, hvað er hægt að gera til þess að tryggja sparifjársöfnun í landinu. Og ég mundi síður en svo hafa á móti slíku máli og því, sem hér liggur fyrir, ef það væri gert til þess að tryggja á einhvern hátt sparifjármyndun í landinu.

Mér þótti hæstv. fjmrh. furðu bjartsýnn, þegar hann vildi ekkert úr því gera, að þetta frv. verkaði á atvinnuvegi landsins. Ég hygg, að það eigi eftir að koma fram, að þetta frv., ef að l. verður, hafi stórfelld áhrif til ills á atvinnuvegi landsins. En það þýðir ekki að vera að bollaleggja um þetta, reynslan verður að skera úr þessu eins og öðru. En ég held, að allir geti þó séð eitt, að það eru ýmis mjög þörf fyrirtæki hér í landi, sem allir flokkar hafa verið að lofa og vegsama, sem bíða stórfelldan hnekki við þessa löggjöf, eins og frá henni er gengið. Ég vil nefna sem dæmi flugfélögin. Ég minnist þess, að hæstv. ráðh. talaði mjög fallega um dugnað og atorku þeirra manna, sem hafa staðið fyrir þessum málum, hér suður á flugvelli á dögunum, þegar hinar nýju, glæsilegu flugvélar komu hingað til landsins. En það er augljóst mál, að ef áfram verður haldið á svona braut, þá verður starfsemi flugfélaganna lömuð svo mjög, að þau bíða þess seint bætur. Það er ég sannfærður um.

Það er vafalaust dautt mál að minnast á Eimskipafélag Íslands í þessu sambandi. Mér hefur fundizt á undanförnum árum, að allir stjórnarflokkarnir, sem nú eru, hafi keppzt um að rægja þetta fyrirtæki. En sú var tíðin, að þjóðin hlustaði ekki á slíkan són, og ég vona, að hún geri það ekki enn þá. Eimskip er meðal þeirra fáu fyrirtækja hér á landi, sem öll þjóðin hefur tekið þátt í að mynda og koma á fót. Því er ekki að neita, að Eimskip hefur hagnazt vel sum árin, en það eru ekki hluthafarnir, sem hafa hirt þann gróða. Við þurfum ekki annað en að líta yfir hinn glæsilega flota Eimskipafélagsins til að sjá, til hvers gróðinn hefur farið.

Ég skal ekki ræða mikið einstök atriði í þessu frv., en ég verð að segja það, að ég kann illa

við sum ákvæði 2. gr. Þar er ekki látið nægja hið almenna mat, sem sett hefur verið á fasteignir, og það mat síðan margfaldað, heldur á að taka einstakar fasteignir út úr og meta þær sérstaklega og alveg eftir geðþótta. Ef nokkurt vit er í því mati, sem hefur verið framkvæmt hér á landi, hví á það þá ekki að standa og margfalda almennt? Að sjálfsögðu á slíkt að ganga jafnt yfir alla, en ekki að vera taka út úr einstakar fasteignir og meta þær sérstaklega. Mér finnst það gersamlega óhæfileg aðferð í skattaálögum, og ég hygg, að hún þekkist hvergi.

Ég geri ráð fyrir, að þetta mál sé ráðið, að forlög þess séu ráðin, en ég vildi þó mælast til þess við hv. fjhn., að hún athugaði 2. gr. og breytti henni þannig, að eitt yrði látið ganga yfir alla. Það er það eina, sem sæmandi er í slíkri löggjöf sem þessari.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 107. fundi í Ed., 24. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 579, n. 601 og 620, 596).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Ég tel alveg óþarfa að rekja efni þessa frv., sem hér liggur fyrir. Það er öllum hv. þm. vel kunnugt. Ég geri ráð fyrir, að allir þm. hafi lesið frv., þegar það var lagt fyrir Alþ., og einnig frv., eins og það er nú, eftir að hafa tekið nokkrum breyt. í hv. Nd.

Til þessa hafa miklar umr. orðið um málið, bæði hér á Alþ. og í blöðum, og veit ég, að hv. þm. þessarar deildar hafa fylgzt með þeim umr.

Fjhn. d. tók frv. fyrir til athugunar og umr. á fundi sínum í gær. Frv. hafði tekið nokkrum breyt. í hv. Nd. frá því, sem það var upphaflega lagt fram. Virtist mér öll n. sammála um, að þær breyt. hefðu verið til bóta, en lengra náði samkomulagið ekki. Það kom í ljós á nefndarfundinum, að tveir nm., þeir hv. þm. N-Ísf. (SB) og hv. 2. þm. Árn. (SÓÓ), sem tóku þátt í nefndarstörfunum fyrir hönd Sjálfstfl. í forföllum þeirra hv. 6. þm. Reykv. (GTh) og hv. þm. Vestm. (JJós), sem voru fjarverandi, voru málinu andvígir, og var það raunar áður vitað. Við hinir þrír nefndarmenn, ég, hv. 8. landsk. þm. (BjörnJ) og hv. 4. þm. Reykv. (EggÞ), leggjum til, að frv. verði samþ. Við leggjum þó ekki til, að það verði samþ. óbreytt, því að við mælum með brtt. á þskj. 596 frá hæstv. fjmrh. (EystJ), en sú brtt. er við 2. gr. frv., 2. málsgr., og er um þann frádrátt, sem eigendum flugvéla er leyfilegt að draga frá, að það skuli koma 40% í staðinn fyrir áður í frv. 25%. Við, sem skipum meiri hl. n., höfum ekki heldur bundið okkur um það að vera skilyrðislaust á móti hverri þeirri brtt., sem fram kynni að koma. Hins vegar skal ég þó játa, að ég tel ólíklegt, að við föllumst á fleiri brtt. en þá, sem ég nefndi nú.

Þetta frv. hefur sætt mikilli gagnrýni af hendi hv. Sjálfstfl. M. a. hélt hv. þm. N-Ísf. langa ræðu hér í d. við 1. umr. málsins og fann að vísu frv. flest til foráttu. Aðallega ræddi þó hv. þm. um fjármálastefnu ríkisstj., en um þann kafla ræðu hans mun ég ekki ræða að þessu sinni, því að það á ekki við nú við 2. umr. þessa máls, og var jafnvel hæpið að hefja slíkar umræður við 1. umr. þessa tiltekna máls. En að því leyti sem hv. þm. vék að frv. sjálfu, þá tók hann það fram, að því er mér skildist, að hann hefði ekki neitt á móti því, að hár skattur væri lagður á ríka menn. Hins vegar taldi hann, að stóreignaskatturinn, sem frv. gerir ráð fyrir, kæmi aðallega niður á atvinnuvegunum, en ekki á ríkum mönnum, og hann sagði, að skatturinn kæmi aðallega á sjávarútveg og iðnað. Enn fremur hafði hann þau orð, að hér væri verið að leggja stórfelldan skatt á þau sömu atvinnufyrirtæki og alltaf væri verið að styrkja, til þess að þau gætu orðið rekin.

Út af þessu vil ég benda hv. þm. N-Ísf. á 1. gr. frv., en hún hljóðar svo:

„Á árinu 1957 skal leggja sérstakan skatt á eignir allra einstaklinga, sem skattskyldir eru samkv. I. og II. kafla laga nr. 46/1954, og skal skattálagningin miðuð við eignir þeirra hinn 31. des. 1956."

Með öðrum orðum: Með frv. þessu er eingöngu verið að leggja skatt á ríka menn, eins og hann sagðist vilja, að gert yrði. Þetta sést einnig, ef maður athugar 4. gr. frv., þar sem raunverulega á að leggja skatt félaga á þá einstaklinga, sem félagið eiga.

Enn þá er ekki komið verr en það hér í þessu landi, að þeir einstaklingar, sem eiga meira en milljón krónur og það allmiklu meira, eins og ég mun síðar víkja að, eru enn þá taldir ríkir menn.

Hvað atvinnufyrirtækin snertir, þá er þess að gæta, eins og ég sagði rétt áðan, að ein millj. kr. er skattfrjáls, og þó er miklu meira en ein millj. kr. skattfrjáls, þegar málið er athugað nánar. Það gera þau ákvæði í 2. gr. frv., sem ræða um, hvernig skatt skuli leggja á fasteignir og einnig hvað megi draga frá matsverði annarra tiltekinna eigna. Það er alveg áreiðanlegt, að þó að lagt sé 200% á fasteignamatið nýja, þá verður slíkt mat ekki nándar nærri eins hátt og gangverð flestra fasteigna er. Sama er að segja um aðrar eignir. Það er leyft að draga 40% frá vátryggingarverði fiskiskipa, 25% af öðrum skipum, og samkv. till. hæstv. fjmrh., sem ég gat um áðan, má draga 40% frá vátryggingarverði flugvéla o. s. frv.

Ef það er nú rétt, sem hv. þm. sagði, að þessi skattur kæmi að miklu leyti á þau fyrirtæki, sem við höfum verið að styrkja með stórfé á undanförnum árum og nú síðast um áramótin, þá verð ég að segja það, að mér þykir undarlega við bregða. Þá hefur rekstur þessara fyrirtækja ekki verið eins bágborinn og af hefur verið látið. En því miður mun þetta ekki vera rétt. Þessi skattur mun tiltölulega lítið koma niður á atvinnufyrirtækjum. Því er verr, segi ég, því að ef atvinnufyrirtæki, einkum fyrirtæki sjávarútvegsins, væru svo vel stæð, að þau ættu að bera þennan stóreignaskatt, þá mundi sennilega ekki hafa þurft að styrkja þau

eins mikið og gert hefur verið á undanförnum árum, og þá sennilega hefði ekki heldur þurft að leggja þau gjöld á, sem lögð voru á um áramótin síðustu.

Fyrir rúml. 19 öldum var það sagt í Gyðingalandi af fólkinu: Sjá, spámaður mikill er upp risinn meðal vor. — Og fólkið fagnaði. Það er nú, að því er mér virðist af blöðum hv. Sjálfstfl., að það fari svipuð fagnaðaralda um Sjálfstfl. eins og þá átti sér stað á Gyðingalandi. Það er spámaður risinn upp, sem bæði hv. þm. N-Ísf. og aðrir hans flokksbræður vitna mikið í, svona svipað og prestar vitna til guðspjallamannanna. Og þessi spámaður er hv. þm. Siglf. (ÁkJ). Hann kvað hafa sagt, — ég hlustaði ekki á það, — að með þessu frv. hefði ríkisstj. slegið öll met í skattaálögum. Ég býst við, að það megi segja, að þetta sé rétt; ef miðað er við krónutölu, þá hafi þessi ríkisstj. slegið öll met í skattaálögum. En ég er búinn að vera nokkuð lengi á þingi, — það eru bráðum 34 ár síðan ég var kosinn á þing, — og sannleikurinn er sá, að ég man ekki eftir nokkurri ríkisstj., sem ekki hefur slegið öll fyrri met í skattaálögum. Og þetta er ósköp eðlilegt, a. m. k. nú á síðari árum er það ákaflega eðlilegt. Og aðalorsökin er alltaf sú nú á seinni árum, að hverjar þúsund krónurnar eða milljón krónurnar eða hvaða upphæð sem við tökum gildir allt annað nú í ár en sama upphæð gilti í fyrra. Það gerir stöðugt vaxandi dýrtíð og verðfall peninganna. Og meira að segja sú eina stj., sem hefur kennt sig við íhald hér á landi, síðan við fengum innlenda stjórn, stjórn Íhaldsflokksins, sem mynduð var á Alþ. 1924, fyrsta þinginu, sem ég sat á, sló öll fyrri met í álögum, og þó var hennar aðalstefnumál sparnaður ríkisfjár. Hún gekkst fyrir því, að lagður var nýr tollur á vörur, sem ekki hafði verið áður og síðan hefur verið ein höfuðtekjulind ríkissjóðs. Þá var Framsfl. í stjórnarandstöðu, en hann hagaði sér töluvert öðruvísi en stjórnarandstaðan gerir nú og stjórnarandstaða gerði, meðan fyrrverandi ríkisstj. sat og hennar fyrirrennari, því að Framsfl. þrátt fyrir sína stjórnarandstöðu, hann eða a. m. k. mestur hluti hans studdi þetta mál, sem þáv. hæstv. fjmrh. bar fram, Jón Þorláksson.

Það verður ekki alltaf með sanngirni gert að ásaka eina ríkisstj. um það, þó að hún slái öll fyrri met í skattaálögum. Mér skildist á hv. þm. og hefur skilizt það á fleiri hans flokksbræðrum í umræðum um þetta mál, að þetta frv., ef að lögum yrði, mundi styðja að því, að framkvæmd yrði gengislækkun. Hv. þm. Siglf. er nú borinn fyrir því einnig og jafnvel hv. þm. Hafnf. einnig. Það vildi svo til, að ég hlustaði á hv. þm. Hafnf., þegar hann ræddi um þetta mál í hv. Nd., og nú hefur ræða hans verið birt á prenti. Og eins og allir geta séð, ef þeir lesa ræðuna, þá er langt frá því, að hann væri að boða gengisfall eða teldi það æskilegt, heldur sagði hann, eins og rétt er, að aðgerðir stjórnarinnar miðuðu einmitt að því að koma í veg fyrir gengisfall, en vitanlega gæti rekið að því, að gengisfall yrði beint eða óbeint, ef ráðstafanir ríkisstj. yrðu niður brotnar.

Hv. þm. N-Ísf. sagði við 1. umr. þessa máls m. a., að Íslendingar væru komnir út á hála braut. Ég er þessu alveg sammála, að Íslendingar séu það. Undanfarið má segja, að þjóðin hafi verið í allsherjar kröfugöngu á hendur ríkissjóði og ríkisstjórn, og það verður eitthvað undan að láta, þegar svo er. Og ég hef ekki orðið var við það, að hv. sjálfstæðismenn eða hv. þm. N-Ísf. persónulega væru þar eftirbátar. En að gera hvort tveggja, að gera kröfur á hendur ríkissjóði eða hans stofnunum, en jafnframt vera á móti öllum sköttum, það er pólitík, sem ég hef aldrei skilið að fengi staðizt. Og ég hef ekki einu sinni skilið það, að slík pólitík gæti orðið þeim til framdráttar, sem hana reka, því að fólk er ekki svo heimskt, að það skilji ekki, að slíka pólitík er ekki hægt að reka. Og það held ég að dæmin sýni nú um þá stjórnarandstöðu, sem var, áður en þessi stjórn kom til sögunnar, að það var ekki ýkja mikil fylgisaukning, sem flokkar þeir, sem þá voru í stjórnarandstöðu, höfðu upp úr að reka þess háttar pólitík. En þetta hefur nú verið síður hér á voru landi, að það hafa allir flokkar, sem lent hafa í stjórnarandstöðu, gert eitthvað svipað þessu, sem ég nefndi, nema Framsfl. einn.

Samkv. 3. gr. frv. er svo ákveðið, að III. kafli laga nr. 46 1954, um skattfrelsi sparifjár, gildi við álagningu skatts skv. lögum þessum og ríkisskuldabréf og skuldabréf með ríkisábyrgð séu einnig undanþegin skattinum eftir sömu reglum. Ég álít, að þetta sé ákaflega réttlátt ákvæði.

Hátt á annan áratug hefur efnahagsþróunin í landinu verið slík, að kaupmáttur peninga hefur stöðugt minnkað, og veldur gengislækkunin, sem ákveðin var á Alþingi, þar minnstu. En verð á öðrum eignum eða svo til öllum öðrum eignum hefur stöðugt hækkað á sama tíma. Nú má e. t. v. segja, að t. d. fasteign verði ekki verðmætari, þótt hún hækki í verði vegna almennrar verðhækkunar. Ef ég hef átt hús fyrir 20 árum og á það enn og bý í því, þá er húsið mér ekkert verðmætara til að búa í því heldur en það var fyrir 20 árum. En bæði er það, að fasteignir hafa yfirleitt hækkað meira en sem nemur hinni almennu verðhækkun, og svo er annað, að flestir þeir, sem eignazt hafa verðmæti, fasteignir, skip eða önnur tæki, hafa byrjað með því að taka lán til þess að geta eignazt þessar eignir. En skuldirnar hafa lækkað að sama skapi og gildi peninganna hefur rýrnað. Flestir þeir, sem þessi fyrirhugaði stóreignaskattur lendir á, hafa því beinlínis grætt á dýrtíðinni án eigin tilverknaðar, á sama tíma sem t. d. innstæðueigendur sparifjár hafa tapað án þess að eiga sök á því.

Talið er, að stóreignaskatturinn samkvæmt þessu frv. muni nema 80 millj. kr. Ég hef að vísu mínar efasemdir um það, að hann muni ná þeirri upphæð. Hann má greiðast á 10 árum. Ef gert er ráð fyrir þessu, að skatturinn nemi samtals 80 millj. kr. og hann greiðist á 10 árum, þá yrðu það 8 millj. kr. á ári, og það er nú ekki nema 1% af því, sem lagt er á allan almenning í landinu á ári nú.

Ég spyr nú: Er það ósanngjarnt, að þeir, sem

óneitanlega eru efnaðastir í landinu og flestir hafa grætt beinlínis á dýrtíðinni, borgi 1% aukalega, þegar þjóðfélaginu liggur svo mikið á peningum sem nú er? Ég skal játa, að mér hefði fundizt sanngjarnast, þegar slíkur skattur er á lagður, að hann hefði gengið til þess að verðbæta sparifé, því að bæði þróunin, sem orðið hefur í landinu svo að segja ósjálfrátt, og líka ráðstafanir ríkisvaldsins með gengislækkunum hafa rýrt eignir þeirra, sem peninga eiga í bönkum eða sparisjóðum. En þetta var að nokkru leyti reynt í sambandi við gengislækkunina 1950 og varð til lítils gagns og reyndist ákaflega flókið í meðförum. Reynslan af þessu, það sem hún nær, er því ekki góð. Og svo er hitt, að þörf þjóðfélagsins kallar á þetta fé til annars, sem það er nú ætlað til að renna, í veðdeild Búnaðarbankans og til byggingarlánakerfisins.

Þrátt fyrir það, þó að ég hafi talið þessa ráðstöfun réttmæta eða sanngjarna, sem ég nefndi, þá treysti ég mér þó ekki af þessum tveim ástæðum til að bera fram neina till. um slíkt og mundi jafnvel greiða atkvæði á móti slíkri till., þótt fram kæmi, því að bæði, eins og ég sagði, sé ég ekki, að framkvæmdin gæti orðið auðveld, svo að ekki sé meira sagt, og í öðru lagi gæti ég ekki með atkvæði mínu stuðlað að því, að þessar tvær stofnanir, sem skattsins eiga að njóta, yrðu af honum. Og það er ekkert svar við þessu að segja sem svo: Ja, það munaði ekki um það í allri sláturtíðinni að taka þessa upphæð úr ríkissjóði. — Það munar vitanlega um hverja milljónina, þegar teflt er á fremstu nöf um skattaálögur og þol ríkissjóðs til að standa undir þeim þörfum, sem að kalla, og þeim kröfum, sem þjóðin gerir til hans.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég kvaddi mér hljóðs aðeins til þess að benda hv. þm. á brtt., sem ég flyt við málið um, að mat á flugvélum fari eftir sömu reglum og mat á fiskiskipum.

Á meðan málið hefur verið til meðferðar, höfum við verið að athuga nokkru nánar í fjmrn. um mat á skipum einmitt og flugvélum. Þessu var breytt ofur lítið í hv. Nd., en við höfum komizt að þeirri niðurstöðu, að það muni vera hyggilegra að láta flugvélarnar sæta sömu reglum og fiskiskipin. Vona ég, að hv. d. vilji á þetta fallast.

Frsm. minni hl. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls fór ég nokkuð almennum orðum um efnahagsmálastefnu hæstv. ríkisstj., sem flutningur þessa frv. er sagður vera einn liður í. Ég skal ekki endurtaka það, sem ég sagði þá við þessa umr., en aðeins undirstrika það, að þetta frv. virðist fyrst og fremst vera flutt til efnda á pólitískum hernaðaryfirlýsingum kommúnista og þeirra, sem næst þeim standa og undanfarin ár hafa þrátt fyrir mjög háar skattaálögur sífellt fjölyrt mjög um það, að mikill fjöldi ríkra manna slyppi allt of vel við skattaálögur og að brýna nauðsyn bæri til þess, að þjóðfélagið skóflaði til sín allverulegum hluta af því óhóflega fjármagni, sem veltist í vösum þeirra.

Niðurstaðan hefur hins vegar orðið sú, þegar til átti að taka, þrátt fyrir allar hinar orðmörgu hernaðaryfirlýsingar kommúnista um óhóflegan auð, sem safnazt hefði fyrir undir núgildandi skattalögum, að núverandi hæstv. ríkisstj. hefur aðeins treyst sér til þess að leggja á skatt, sem gert er ráð fyrir að nemi 8 millj. kr. á ári næstu 10 árin, og hv. frsm. meiri hl. fjhn. hefur nú lýst því yfir, að hann telji mjög vafasamt, að skatturinn geti numið svo hárri upphæð, og má vel vera, að hann hafi rétt fyrir sér í því.

Andstaða okkar sjálfstæðismanna gegn þessu frv., þrátt fyrir það, þó að það feli ekki í sér meiri skattabyrði en raun ber vitni um, sprettur hins vegar af því, að við teljum, að sú skattheimta, sem í frv. felst, muni bitna að verulegu leyti á tveimur atvinnuvegum þjóðarinnar, sjávarútvegi og iðnaði, og geti leitt til samdráttar í atvinnulífinu og þverrandi atvinnu og jafnvel atvinnuleysis í landinu.

Við bendum þessari staðhæfingu okkar til rökstuðnings á það, að aðalútflutningsframleiðsla þjóðarinnar er nú rekin með stórfelldu tapi og framlögum og uppbótum af opinberri hálfu, sem síðan er aflað tekna til að rísa undir af ríkisins hálfu með stófelldum sköttum á almenning.

Ég vil að svo mæltu gera grein fyrir þeim brtt., sem minni hl. n., ég og hv. 2. þm. Árn., leggjum til að gerðar verði á frv. Við erum á móti frv. í heild, en við vildum freista þess með þessum brtt. að sníða af því verstu agnúana.

Fyrsta brtt. okkar er við 2. gr. frv., um að orðin: „Þó skal landsnefndin" og út málsgr. til og með orðunum „ákvæði í reglugerð" í 1. málsgr. 1. tölul. skuli falla niður. Við teljum, að með þessu ákvæði gr. skapist möguleikar á hættulegri hlutdrægni og handahófskenndu mati á einstökum lóðum og að landsnefndinni sé veitt allt of mikið vald. Við leggjum þess vegna til, að aðeins upphaf 1. málsgr. 1. tölul. 2. gr. standi, þar sem segir, að fasteignir, þar undir lóðir, skuli metnar með því verði, sem ákveðið er í nýja fasteignamatinu samkvæmt l. nr. 33 1955, er gekk í gildi 1. maí 1957.

Önnur brtt. okkar er við 2. málsgr. 1. tölul. 2. gr., um að í málsgr. verði bætt síldarverksmiðjum, dráttarbrautum svo og öðru íbúðarhúsnæði og að frá matsverði þessara mannvirkja megi draga 20%.

Þriðja brtt. okkar, einnig við 2. gr. frv., er um, að við matsverð fasteigna, eins og það er ákveðið samkv. framansögðu, skuli bæta 150% álagi, í stað 200% eins og segir í málsgr.

Fjórða brtt. okkar er um það, að skip skuli reiknuð með vátryggingarverði að frádregnum 40%. Í frv. er þetta ákvæði nú þannig, að fiskiskip skuli reiknuð með vátryggingarverði að frádregnum 40%, en önnur skip skuli talin með vátryggingarverði að frádregnum 25%. Við leggjum til, að þarna verði sami hundraðshluti lögleyfður frádráttur frá vátryggingarverði, og teljum það vera sanngjarnt og eðlilegt.

Fimmta brtt. okkar er um það, að 3. málsgr. 2. tölul. 2. gr. orðist þannig:

„Matsverð á vélum, áhöldum og öðru lausafé,

sbr. c-lið 19. gr. l. nr. 46 1954, skal vera kostnaðarverð að frádregnum löglegum afskriftum.“ Í frv. er þetta þannig nú, að ekki er ákveðið, hvaða reglum skuli fylgja um matsverð á lausafé, heldur skuli settar um það sérstakar reglur. Við teljum réttara að kveða skýrt á um þetta í sjálfum l. og leggjum því til, að til grundvallar skuli lagt kostnaðarverð að frádregnum löglegum afskriftum.

Í hv. Nd. höfðu fulltrúar sjálfstæðismanna í fjhn. flutt till. um, að flugvélar skyldu teljast með vátryggingarverði að frádregnum 50%. Nú hefur hæstv. fjmrh. komið til móts við þessa skoðun og flutt hér brtt. um, að frá vátryggingarverði flugvéla skuli dregin 40%. Við töldum því ekki ástæðu til þess að endurflytja brtt. þá, sem flutt var varðandi flugvélar í hv. Nd. um, að heimildin skyldi vera 50%, þar sem við töldum þýðingarlaust að flytja hana, hún mundi ekki verða samþ., en hins vegar hálfur sigur eða vel það unninn með þeirri brtt., sem hæstv. fjmrh. hefur flutt við þetta ákvæði.

Sjötta brtt. minni hl. er einnig við 2. gr. frv., um að aftan við 1. málsgr. 3. tölul. bætist:

„Einnig tekjuskattur, stríðsgróðaskattur og útsvar, reiknað af tekjum ársins 1956.“

Það er sem sagt lagt til, að þessir skattar og gjöld skuli teljast með skuldum til frádráttar eignum, þegar skattur er á lagður. Virðist það vera sanngjarnt og eðlilegt, að þau verði talin með til frádráttar eins og þau gjöld, sem nefnd eru í málsgr. í frv. sjálfu.

Þá er sjöunda brtt. okkar við 4. gr. frv., um að aftan við 2. málsgr. hennar bætist, að það fé teljist ekki með eignum félaga, sem lagt hefur verið í nýbyggingarsjóði samkvæmt lögum nr. 20 1942 og lögum nr. 46 1954, hvort sem búið er að verja því til kaupa á framleiðslutækjum eða ekki; með eignum félaga teljist ekki heldur innstæður þeirra í sparisjóði.

Loks er brtt. okkar við 6. gr. frv., þar sem lagt er til, að skatturinn greiðist á 15 árum í stað 10 og að aftan við greinina bætist heimild til þess að greiða skattinn með afhendingu eigna með því matsverði, sem ákveðið er samkvæmt lögum þessum.

Þessi ákvæði eru mjög þýðingarmikil. Margt bendir til þess, að þeim, sem skatturinn lendir á, muni mörgum verða það ofviða að greiða hann á 10 árum, og það virðist enn fremur sanngjarnt, að skattgreiðandinn fái að greiða skattinn með eignum á því verði, sem honum eru reiknaðar þær samkvæmt lögunum.

Að síðustu leggjum við til, það er 9. brtt. okkar, að niður falli 4. og 5. málsl. 7. gr. frv. um rétt félaga til þess að endurkrefja félagsmenn eða hluthafa um þær skattupphæðir, er þau þurfa að greiða vegna eignar þeirra í félögunum og um, að samvinnufélögum sé þó aðeins heimilt að endurkrefja félagsmenn um þann hluta af skatti, sem lagður hefur verið á séreignir þeirra í félögunum, þ. e. stofnsjóðsinnstæður þeirra.

Þessar brtt. skýra sig sjálfar og hafa einnig verið ræddar, svo að ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þær fleiri orðum.

Ég vil að lokum minnast á nokkur atriði, sem komu fram í framsöguræðu hv. frsm. meiri hl. fjhn.

Hv. þm. sagði, að eingöngu væri verið að leggja skatt á ríka menn með þessu frv. og að ég hefði lýst því sem minni skoðun við 1. umr. þessa máls, að á tekjuháa menn og eignaháa bæri að leggja háa skatta.

Það er alveg rétt, að þetta er mín skoðun og okkar sjálfstæðismanna, að þetta þjóðfélag, sem skortir fjármagn til þúsund ógerðra hluta, verði að leggja allháa skatta á borgara sína til þess að geta risið undir sameiginlegum þörfum. En á hitt hef ég og mínir flokksmenn jafnan lagt áherzlu, að í þessum efnum yrði að gæta hófs, það mætti ekki ganga svo nærri gjaldþoli einstaklinganna, að athafnaþrek þeirra væri lamað og öll eða mestöll ábatavon af þeim tekin af því að leggja sig fram um að bæta sinn eigin hag og þjóðfélagsins. Það, sem ég óttast í sambandi við þessa skattheimtu og einnig hefur verið vakin athygli á af öðrum, er það, að hún muni bitna harkalega á þeim atvinnuvegum, sem allmikill hluti af fjármagni þjóðarinnar eðlilega hlýtur að vera í, þ. e. í sjávarútvegi og iðnaði.

Það er staðreynd, sem ekki verður sniðgengin, að sjávarútvegurinn er nú ákaflega illa á vegi staddur. Og þó að einstakir útgerðarmenn eigi allmiklar eignir, þannig að hægt sé að leggja á þá skatt samkvæmt þessum lögum, fer því víðs fjarri, að það sé þjóðhagslega heppilegt að leggja slíkan skatt á og krefja þessa menn um stór framlög til viðbótar þeim, sem þeir áður hafa greitt af tekjum sínum frá ári til árs til ríkissjóðs og bæjar- og sveitarfélaga.

Allt bendir hins vegar til þess, eins og ég gat um í frumræðu minni, að þetta hafi þær afleiðingar, að margir útvegsmenn og iðnrekendur verði annaðhvort að selja eignir sínar og þá undir hælinn lagt, með hvaða kjörum það tækist, eða þá að fá lán hjá lánsstofnunum eða öðrum, sem laust fé kynnu að eiga, til þess að greiða skattinn.

Af þessu getur hins vegar leitt samdrátt í atvinnulífi og kyrrstöðu, sem bitna mundi á atvinnu og afkomu almennings í fjölmörgum byggðarlögum.

Þó að slíkir menn í útvegsmannahópi eða iðnrekendahópi teljist á okkar mælikvarða ríkir menn eða vel efnum búnir menn, þá er ekki þar með sagt, að það sé þjóðfélaginu hagkvæmt að krefja þá um þennan skatt, með þeim afleiðingum, sem ég hef lýst að hann í mörgum tilfellum muni hafa.

Á það er einnig lítandi, hvernig „ríkidæmi“ manna er fundið út eftir þessum lögum. Það er fundið út með því, að maður eins og t. d. hv. 1. þm. Eyf. (BSt), sem hefur átt hús í mörg ár, alltaf sama húsið, verður að hlíta því, að þessi eign hans, sem er hin sama og hún hefur verið í áratugi, sé margföldud í mati, allt að því fimmtánfölduð, og síðan sagt við manninn: Nú ertu orðinn milljónamæringur. Húsið, sem þú byggðir fyrir 30 árum og kostaði kannske 50 þús. kr. og er núna að fasteignamati kannske innan við 100 þús. kr. eða um það bil, það hefur allt í einu gert manninn að milljónamæringi,

sem leggur honum þá skyldu á herðar að borga stóreignaskatt.

Það má vera, að segja megi, að þeir, sem átt hafi fasteignir, hafi yfirleitt grætt á verðbólgu og verðfalli peninganna. En á það má benda í þessu sambandi, að þessum mönnum hefur líka verið gert fyrr en nú að greiða sérstaka skatta, einmitt vegna þessarar aðstöðu sinnar. Hér hefur verið látin fara fram eignakönnun, og hér hefur verið lagður á stóreignaskattur, síðast fyrir tæpum 8 árum. Vitanlega hefur þetta verið gert með hliðsjón af því, að eigendur húsa og annarra fasteigna hafi hagnazt umfram þá, sem lagt hafa þjóðfélaginu til rekstrarfé með því að safna sparifé.

Í sambandi við aðstöðu sparifjáreigenda í þessu sambandi vil ég benda á það, að þegar stóreignaskattur var síðast á lagður, 1950, var þó sýndur litur á því að bæta sparifjáreigendum við gengislækkunina nokkuð þeirra tap. Nú er gengi íslenzkrar krónu að falla og sparifjáreigendur stöðugt að tapa. Hvorki í þessu frv. né öðru er sýndur minnsti litur á því að líta í nokkru á þeirra hagsmuni.

Hv. 1. þm. Eyf. sagði, að fagnaðaralda færi nú um Sjálfstfl. yfir því, að mikill spámaður væri upp risinn meðal vor, og átti þar við hv. þm. Siglf. (ÁkJ). Ég veit, að hv. frsm. undrast þetta ekkert, því að það er auðvitað eins í Sjálfstfl. og í himnaríki, að þar verður meiri gleði yfir einum ranglátum, sem bætir ráð sitt, heldur en 99 réttlátum. Okkur sjálfstæðismönnum er það að sjálfsögðu fagnaðarefni, að það rofar jafnvel til innan stjórnarherbúðanna, það eru til menn þar, sem ekki eru þau flokksverkfæri, að þeir lofsyngi allt, sem stjórn þeirra gerir. Við sjálfstæðismenn fögnum því, að hv. þm. Siglf. hefur greinilega tekið undir okkar rök, t. d. gagnvart þessum skatti. Hann hefur lýst því yfir, að núverandi hæstv. ríkisstjórn hafi þegar slegið öll met í skattaálögum og í þessari skattaálagningu felist geigvænleg hætta fyrir bjargræðisvegi þjóðarinnar.

Ég veit, að hv. 1. þm. Eyf. er ekkert undrandi á því, þó að okkur þyki ánægjulegt að fá slík ummæli frá hv. þm. Siglf. Það er sönnun þess, að okkar skoðanir eiga hljómgrunn víðar en innan þess hóps, sem fylgir Sjálfstfl. að málum, bæði á þingi og með þjóðinni. Og ég er alveg sannfærður um, að það eru miklu fleiri menn á Íslandi í dag en bæði hæstv. fjmrh. og hv. 1. þm. Eyf. grunar innan þeirra eigin flokka, sem eru sömu skoðunar og hv. þm. Siglf. Fólkið er farið að sjá það og finna, að sú skattastefna, sem nú er fylgt, er ekki holl fyrir efnahagslega uppbyggingu í þessu landi. Og ég hef engan mann heyrt halda því fram, að þessi skattlagning gæti haft minnstu áhrif til góðs í baráttu hæstv. ríkisstj. við verðbólgu og dýrtíð, sem er eitt megináhugaefni hæstv. stjórnar.

Eins og ég sagði við 1. umr., ef hæstv. ríkisstj. ætlaði að nota þetta fé til þess að borga upp skuldir eða leggja í sjóði, þá mætti segja, að um efnahagslega skynsamlega ráðstöfun væri að ræða. En meining hæstv. stjórnar er að dæla þessu fé út í fjárfestingu, að vísu mjög nauðsynlega fjárfestingu. Nú hefur hæstv. fjmrh. og hans flokkur haldið því einna fastast fram, að orsök allrar okkar ógæfu í dag, efnahagserfiðleika okkar, vaxandi verðbólgu og dýrtíðar, sé einmitt of mikil fjárfesting. Það hefur verið bent á hin nýju íbúðahverfi, sem risið hafa upp hér í Reykjavík og í ýmsum öðrum kaupstöðum landsins og sjávarþorpum og þau talin greinilegastur vottur um þá heimskulegu fjárfestingarpólitík, sem við höfum rekið.

Ég verð að segja það, — enda þótt ég viðurkenni, að þessar húsbyggingar hafi verið ákaflega nauðsynlegar og gagnlegar, að það er ákaflega mikið til í þessari gagnrýni á efnahagsmálastefnu okkar á undanförnum árum. Við höfum farið of hratt í fjárfestinguna. Eyðslan hefur verið allt of mikil. Við höfum gert allt of mikið að því að stofna til skulda vegna framkvæmda, nauðsynlegra að vísu, og allt of lítið að hinu, að spara og safna til þess að treysta grundvöll efnahagskerfis okkar. En um þetta tjáir ekki að tala, því að hver sá, sem bendir á þetta, er bara stimplaður sem afturhaldsseggur og úrtölumaður. En við verðum að gera okkur það ljóst, að efnahagskerfi okkar þjóðfélags fylgir nákvæmlega sömu lögmálum og efnahagskerfi annarra þjóða. Við höfum ekki frekar efni á því en aðrir, Íslendingar, að haga efnahagsmálastefnu okkar óskynsamlega. Það hlýtur að bitna á okkur eins og öðrum.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta frv. að sinni. Ég vænti, að a. m. k. einhverjar af þeim brtt., sem minni hl. hefur borið fram, verði samþykktar. Ég vil láta í ljós ánægju mína með þá brtt., sem hæstv. fjmrh. hefur flutt og gengur til móts við þá brtt., sem minni hl. fjhn. flutti í Nd., og miðar að því að létta nokkuð byrðum þessa skatts af flugfélögunum, en mjög óheppilegt væri, ef einmitt nú, þegar þau eru í örri uppbyggingu, hefðu þau þurft að greiða þungan og óskynsamlegan skatt.

Ég vil svo aðeins segja það að lokum, að við sjálfstæðismenn höfum bent á þá hættu, sem felst í þessari skattlagningu, og við berum þá heldur ekki ábyrgðina á þeim óheillavænlegu afleiðingum, sem hún getur haft fyrir bjargræðisvegi landsmanna.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:4 atkv.
Brtt. 620,1.a felld með 10:4 atkv.
— 620,1.b—d felld með 10:4 atkv.
— 596 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 620,1.e—f felld með 10:4 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 620,2 felld með 11:4 atkv.
4.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 620,3 felld með 11:4 atkv.
6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 620,4 felld með 11:4 atkv.
7.—11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:3 atkv.

Á 108. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 629).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KK, PZ, SE, BjörgJ, BjörnJ, FS, EggÞ, HermJ, BSt.

nei: JK, SÓÓ, FÞ.

5 þm. (JJós, SB, AG, FRV, GTh) fjarstaddir.

Frv. endursent Nd.

Á 107. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 108. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Sú breyting ein hefur verið gerð á þessu frv., síðan það fór úr hv. d., að mat á flugvélum er nú ákveðið að verði hliðstætt við mat á fiskiskipum.

Frsm. minni hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir þessari breyt., sem gerð hefur verið á þessu frv. í Ed. Ég lagði sérstaka áherzlu á það hér undir meðferð málsins, að ákvæðinu um matið á eignum flugfélaganna yrði breytt þannig, að frádrátturinn frá þeim yrði leyfður meiri en lagt var til upphaflega í frv. og af meiri hl. fjhn. Við nánari athugun hefur komið í ljós, að það voru rökstuddar ástæður fyrir breytingu á þessu, og þessu hefur síðan verið breytt, og er ástæða til að fagna því.

Af þessu tilefni vil ég aðeins segja það eitt, að ég held, að það sé allt of títt hér undir meðferð mála, þegar fram koma rökstuddar aths., þar sem bent er á, að í raun og veru er sagt í lögunum annað en þeir meina kannske, sem að frumvörpunum standa, að þá sé þó ekki tekið tillit til þess. Ég segi þetta ekki sem ásökun í garð núverandi stjórnarflokka og mæli ekki Sjálfstfl. undan sök í þessu efni, heldur til okkar allra og flokkanna í heild. Þetta er eitt dæmi, sem sannar það, og mér þykir mjög vænt um, að þessi breyting hefur verið gerð á þessu máli í Ed.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 644).

---

37. Fjáraukalög 1954.

Á 49. fundi í Sþ., 3. apríl, var útbýtt:

Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1954 [149. mál] (stjfrv., A. 401).

Á 50. fundi í Sþ., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. til fjáraukalaga er samið eftir sömu reglum og áður hafa gilt um þau efni. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í einstök atriði frv., en leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjvn. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjvn. með 31 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Sþ., 22. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 401, n. 576).

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Frv. þetta til fjáraukalaga fyrir 1954 er með svipuðu sniði og fjáraukalagafrumvörp undanfarinna ára. Við uppsetningu þess hefur verið tekið tillit til bendinga, sem fjvn. gaf í sambandi við afgreiðslu fjárl. 1951.

Annars skipta ekki frumvörp til fjáraukalaga mjög miklu máli lengur. Þau eru lögð fram árlega til þess að fullnægja fyrirmælum stjskr., en eru hins vegar í raun og veru að mestu leyti dauður bókstafur, eins og ég hef víst áður sagt, þegar ég hef haft á hendi framsögu fyrir fjvn. um frv. til fjáraukalaga. Fyrirmælin um, að þau skuli samin og lögð fyrir Alþ., eru frá þeim tímum, þegar þau gátu komið fram jafnsnemma eða þá rétt eftir að umframgreiðslur fóru fram úr ríkissjóði, og þá var ríkissjóðurinn líka ekki öllu umfangsmeiri en ýmsir sveitarsjóðir eru nú. Þá var með þessu frv. leitað heimildar þingsins fyrir aukagreiðslum. En nú er svo orðið fyrir breytta tíma, að þau verða ekki fram lögð fyrr en svo löngu eftir að greiðslurnar hafa farið fram, að efni þeirra er fyrnt í hugum manna og ekki öllu nálægara en snjórinn, sem féll í hittiðfyrra eða árið þar á undan. Aftur á móti hafa umframgreiðslurnar komið fram í ríkisreikningnum, gengið í gegnum endurskoðunardeild stjórnarráðsins og athugun yfirskoðunarmanna og fengið þannig staðfestingu og samþykki Alþ. í reikningnum með 3 umræðum í hvorri deild þingsins. Þetta virðist allrækileg og fullkomin afgreiðsla, sem ætti að nægja. Hún gefur bæði tækifæri til athugasemda við framkvæmd fjárl. og til að staðfesta framkvæmdina.

Vafalaust verður breyting gerð á ákvæðum um fjáraukalög, þegar stjskr. verður breytt næst, ef í það stórræði verður einhvern tíma ráðizt. Máske verður þá ríkisreikningurinn gerður að fskj. með fjáraukalögum. Það fyrirkomulag mætti a. m. k. vel láta sér detta í hug. Þá yrði hann ekki lagður fyrir deildir þingsins eins og nú, heldur afgreiddur í Sþ. eins og fjárl., en ákvörðun um þetta bíður vitanlega síns tíma.

Nú standa sakirnar þannig, að ríkisreikningurinn 1954 hefur verið samþ. og þar með allt, sem frv. það til fjáraukalaga 1954, er hér liggur fyrir, á að innihalda.

Fjvn. hefur athugað frv. og borið það gaumgæfilega saman við reikninginn. Við þann samanburð kom fram skekkja, sem nam kr. 2684606.27. Skekkja þessi er í sambandi við 10. gr. reikningsins. Sú grein er í þrem köflum: 1. kafli:

stjórnarráðið; 2. kafli: hagstofan; 3. kafli: utanríkismál. Þeim, sem hefur samið frv., hefur láðst að taka upp í það annað en umframgreiðslur 3. kaflans. Hjá hagstofunni eru að vísu engar umframgreiðslur. Fjárlagaveitingin til hennar stenzt vel og skilar meira að segja ofur litlum afgangi. En niðurstaðan af allri gr. er samt of lágt reiknuð um fyrrnefnda upphæð.

Af þessari skekkju leiðir, að gera þarf breytingar á fjórum liðum frv., eins og lagt er til í nál. á þskj. 576.

Mér finnst það aðfinnsluverð óvandvirkni hjá þeim, sem samið hefur frv., að hafa látið svona lagaða villu eiga sér stað. Má vera, að minni alúð hafi verið við höfð, af því að frumvarpsgerðin þyki ekki hafa mikla þýðingu nú orðið, en það getur þó ekki réttlætt óvandvirknina um að hafa frv. í fullu samræmi við reikninginn.

Hitt má svo ef til vill lengi deila um, hvað eigi að taka inn í frv. af eignahreyfingartölum 20. gr. Við þann lið gerir n. þó enga aths. að þessu sinni, en það skal samt tekið fram „til eftirbreytni framvegis“, eins og yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna segja oft, að taka ber upp í fjáraukalagafrumvörp allt af 20. gr., sem til umframútborgana getur talizt, og hafa í því efni sem fyllst samræmi milli ára, svo að fjáraukalögin séu sambærileg frá ári til árs.

Fjvn. mælir með samþykkt frv. með þeim leiðréttingum, sem gera þarf á því samkv. till. hennar á þskj. 576. Með samþykkt þess er verið að fullnægja stjórnarskrárákvæði, svo sem skyldugt er, en efni frv., umframgreiðslurnar 1954, er Alþ. búið að samþ. um leið og ríkisreikninginn 1954. Þessi afgreiðsla málanna er þess vegna formsatriði í raun og veru.

ATKVGR.
Brtt. 576,1 samþ. með 33 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 576,2 samþ. með 30 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Sþ., 27. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 589).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 658).

---

38. Innflutnings- og gjaldeyrismál, fjárfestingarmál o. fl.

Á 1. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 88 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl. [13. mál] (stjfrv., A. 13).

Á 4. fundi í Ed., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 13, er flutt til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin af núverandi ríkisstj. Efni frv. er aðeins um það að fjölga forstöðumönnum innflutningsskrifstofunnar úr tveimur, eins og verið hafði í lögum, í fjóra. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta litla efni neitt frekar á þessu stigi málsins. Aðalástæðan til þess, að rétt þótti að gera þessa breytingu, var sú, að sá háttur hafði verið hafður á áður, að aðeins fulltrúar þáverandi ríkisstj., einn maður frá hvorum flokki, hafði verið í innflutnings- og gjaldeyrisskrifstofunni, en nú þótti fullkomlega eðlilegt, að þeir flokkar, sem nú höfðu bætzt við í ríkisstj., fengju fulltrúa einnig í þessari stofnun, eins og jafnan hafði verið áður. Annars liggur fyrir endurskoðun á löggjöfinni um innflutnings- og gjaldeyrismál, og verður þá sjálfsagt um fleiri breytingar að ræða á þessari löggjöf, þegar þeirri endurskoðun er lokið.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál frekar á þessu stigi, en legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 498).

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta til l. um breyt. á l. nr. 88, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., er stjórnarfrv. og er flutt til staðfestingar á samhljóða brb.-lögum frá því í septembermánuði s. l.

Frv. felur í sér þá einu breytingu frá áður gildandi lögum, að forstöðumönnum innflutningsskrifstofunnar verði fjölgað um tvo, úr tveimur í fjóra. Ástæðurnar fyrir þessari breytingu eru svo alkunnar og augljósar, að naumast er ástæða til að fara um þær mörgum orðum.

Fáir menn fara með öllu meira vald í þjóðfélaginu en þeir, sem stýra þessari stofnun. Þeir hafa með höndum ráðstafanir á mestum hluta gjaldeyris þjóðarinnar, veitingu allra leyfa til fjárfestingar og yfirstjórn verðlagsmála. Það er því mikils um vert, að allir borgarar landsins séu og finni sig jafnréttháa gagnvart slíkri stofnun, en á því hefur þótt nokkur misbrestur, að ekki sé fastar að orði kveðið, með þeirri skipan, sem verið hefur að undanförnu.

Á hinn bóginn er augljóst, að störf innflutningsskrifstofunnar eru raunverulega framkvæmd í umboði ríkisstj. á hverjum tíma og á hennar ábyrgð. Gat því ekki farið hjá því, að ný ríkisstj. hlyti að gera þær breytingar á forstöðu stofnunarinnar, sem tryggðu þar aðild allra þeirra stjórnmálaflokka, sem að henni standa, jafnframt því sem stjórnarandstöðuflokkurinn héldi þar sínum fulltrúa, og virðist, að allir mættu una þeirri skipan.

Fjhn. hefur athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. En rétt er að geta þess, að tveir nm., hv. 6. þm. Reykv. (GTh) og hv. þm.

Vestm. (JJós), voru fjarstaddir við afgreiðslu málsins úr n. og eiga því ekki hlut að nál.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 96. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 97. fundi í Nd., 14. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 109. fundi í Nd., 27. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 645).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er komið hingað frá hv. Ed. Það er borið fram af hæstv. ríkisstj. til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 28. sept. næstliðið ár. Efni frv. er það, að stjórn innflutningsskrifstofunnar skuli skipuð fjórum mönnum, en áður voru aðeins tveir stjórnendur hennar. — Fjhn. hefur athugað frv., og samkvæmt nál. á þskj. 645 mælir n. með því, að frv. verði samþ., en tveir af hv. nefndarmönnum hafa þó undirritað álitið með fyrirvara.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJóh, HÁ, HS, KGuðj, LJós, PÞ, BrS, SkG, ÓJ, SvbH, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, EirÞ, EystJ, GíslG, GÍG, EOl.
nei: BBen, BÓ.
IngJ, JR, RH greiddu ekki atkv.
11 þm. (GÞG, HV, JóhH, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓTh, PO, SÁ, EmJ) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 16:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 664).

---

39. Heilsuvernd í skólum.

Á 80. fundi í Ed., 1. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um heilsugæzlu í skólum [146. mál] (stjfrv., A. 390).

Á 81. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. um heilsugæzlu í skólum á sér þann aðdraganda, að í lögum um fræðslu barna frá 1946 er svo kveðið á, að ráðinn skuli sérfróður læknir, skólayfirlæknir landsins, er skipuleggi og hafi yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti svo og íþróttastarfsemi. Í sömu lögum segir enn fremur:

„Lækniseftirliti með heilbrigði skólabarna og kennara og hollustuháttum skólanna skal haga eftir reglum, er heilbrigðismálastjórn setur í samráði við fræðslumálastjórn."

Á þessum lagafyrirmælum mun hafa verið byggt, þegar ákveðið var af fyrrverandi ríkisstj. að stofna til embættis skólayfirlæknis. Var eini læknirinn í kennarastétt, Benedikt Tómasson skólastjóri Flensborgarskólans í Hafnarfirði, fenginn til að taka að sér embættið og fara þegar til útlanda til þess að kynna sér framkvæmd heilsugæzlu í skólum, bæði í Bretlandi og á Norðurlöndum. Ég hygg, að það verði varla um það deilt, að mjög fær maður hefur verið valinn í embætti skólayfirlæknis landsins. Benedikt Tómasson kom heim úr þessari för á liðnu sumri og hóf þá þegar starf sitt í þjónustu heilsugæzlunnar í skólum landins.

Með því að hér er hafið mjög þýðingarmikið og fjölþætt starf, en engin lagafyrirmæli til um framkvæmd þess, þótti einsætt að móta það þegar í upphafi með lagasetningu og gera auk þess ráð fyrir nánari ákvæðum um einstök framkvæmdaratriði heilsugæzlustarfsins í skólunum með setningu reglugerðar. Af þessum sökum er þetta frv. fram borið. Höfundar þess eru landlæknir og skólayfirlæknir. Mjög ýtarleg grg., sem Benedikt Tómasson hefur samið, fylgir frv., og tel ég hana þess verða, að hv. alþm. gæfu sér tóm til að lesa hana.

Það skal tekið fram til þess að fyrirbyggja misskilning, að með þessu frv. eru engar beinar nýjar kvaðir lagðar á ríki og sveitarfélög, því að það verður eftir sem áður á valdi þessara aðila að ákveða hverju sinni fjárframlög til heilsugæzlustarfsins, og undir því er mjög mikið komið, hversu viðfeðmt það getur orðið. Aðaltilgangur frv. er því einkum sá að lögfesta meginatriði starfsemi, sem farið hefur fram, en þó jafnframt — og á það legg ég áherzlu — að veita heimild til samræmdari og virkari þjónustu og hagkvæmari notkunar bæði á fé og starfskröftum.

Það er vissulega rétt, sem segir í grg., að heilbrigðiseftirlit í skólunum hefur vaxið upp skipulagslítið. Það má heita, að það hafi víðast hvar aðeins verið fólgið í læknisskoðun nemenda í byrjun skólaárs, en skv. ráðuneytisbréfi til fræðslumálastjóra haustið 1916 var í fyrsta sinn lagt fyrir héraðslækna að líta eftir því, að húsakynni skólanna séu ekki heilsuspillandi, að kenn-

arar séu ekki með smitandi sjúkdóma og að börn og unglingar, sem reynist vera með smitandi sjúkdóma, séu ekki tekin í skóla. Þetta hefur verið grundvöllur heilsugæzlustarfsins í skólum fram að þessu, með litlum viðaukum, en engri lagasetningu.

Við skólaskoðun hefur berklaskoðunin verið aðalatriðið, og óneitanlega er hún þýðingarmikil, en samt hvergi nærri einhlít. Víðast hvar hefur lítið verið gert að skoðun lokinni til þess að bæta úr þeim heilsufarságöllum, sem skoðanirnar hafa leitt í ljós. Heyrnarsljóa barnið hefur aðeins verið skráð á skýrslur. Það sjóndapra eða nærsýna sömuleiðis. En engin aðstoð hefur verið veitt, nema hvað einstaka kennarar eða skólastjórar kunna að hafa haft framtak um það, eftir því sem unnt reyndist. Framkvæmdin hefur þannig verið í molum, en óþarflega miklum tíma hins vegar varið í síendurteknar rannsóknir á heilbrigðu nemendunum. Þetta þyrfti auðvitað að lagast. Eftirlit með heilsufari hinna heilsutæpu og óhraustu barna og unglinga þarf að vera virkt, og aðstoð verður að fylgja í framkvæmd.

Unglingaskólar hafa mikils til orðið út undan um framkvæmd þessa vísis að heilsugæzlu, sem ástunduð hefur verið fram til þessa. En einmitt þar, í unglingaskólunum, er fullkomin heilsugæzla e. t. v. hvað nauðsynlegust. Þar dveljast nemendur á hinu viðkvæma kynþroskaskeiði, sem er byltingarkenndasta tímabil bæði líkamlegs og andlegs þroska.

Þessu frv. er ætlað að tryggja heilsugæzlu í öllum íslenzkum skólum nema í háskólanum. Sú undantekning er þó vissulega ekki gerð sökum þess, að þar sé heilsugæzlustarfs ekki þörf, heldur er minnzt þeirrar sérstöðu háskólans, að við hann starfar læknadeild, sem á fyllilega að geta annazt heilsugæzlu stúdentanna, og þykir því óþarft, að höfð séu afskipti af þeim málum af öðrum aðilum.

Í hverju á nú heilsugæzla skólanna að vera fólgin? Skólayfirlæknir lýsir því svo: Heilsugæzlustarf skóla þarf einkum að vera fólgið í eftirfarandi: 1) Eftirliti með berklaveiki og öðrum smitandi sjúkdómum. Það er það, sem hefur raunar verið framkvæmt. 2) Almennri skólaskoðun. 3) Eftirliti með gæzlunemendum, þ. e. a. s. hinum heilsutæpu eða sem eitthvað er áfátt heilsufarslega, og tæknilegri hjálp þeim til handa. 4) Eftirliti með námskröfum skólanna. 5) Eftirliti með íþróttakennslu. 6) Eftirliti með teikningum af nýjum skólahúsum og breytingum á skólahúsnæði. 7) Eftirliti með skólahúsgögnum, hreinlæti og aðbúnaði í skólum og á heimili. 8) Eftirliti með klæðnaði og líkamshirðingu. 9) Tannvernd. 10) Fræðslu um hollustuhætti.

Hér vil ég leyfa mér að staldra aðeins við eitt þessara atriða, sem nú voru talin upp, nefnilega námskröfur skólanna til nemendanna. Um það atriði eru merkilegar og athyglisverðar upplýsingar í ritgerð skólayfirlæknisins, þeirri sem prentuð er hér með frv. Þar segir hann m. a. svo:

„Nauðsynlegt er, að læknar hafi meira eftirlit en verið hefur með námskröfum skóla og heildarvinnutíma nemenda. Með því að leikni og kunnátta í námsgreinum er að kalla eini mælanlegi árangur skólavistar, hart er að skólum gengið í því efni, bæði af aðstandendum og öðrum, og sá skóli mest metinn, sem fastast gengur eftir, er varla að undra, þótt það sitji í fyrirrúmi að koma sem mestum fróðleik í nemendur, en út undan verði aðrir þættir í hlutverki skóla, sem ekki er þó minna um vert. Ekki munu hafa verið gerðar nema lauslegar athuganir á vinnutíma nemenda í skólum hérlendis, enda er ekki auðvelt að koma við hlutlægri rannsókn. Er ef til vill óvarlegt að nefna tölur að svo lítt rannsökuðu máli, en ólíklegt verður að telja, að börn í efstu bekkjum barnaskóla í kaupstöðum komist af með öllu skemmri vinnutíma en átta klukkustundir á dag, ef gera á námsefninu góð skil, þó að kröfur um heimavinnu séu að vísu mjög komnar undir einstökum kennurum, einkum þar sem um bekkjarkennslu er að ræða. Í grein, sem Jóhannes Björnsson dr. med., skólalæknir, hefur ritað, er talið líklegt, að 12—13 ára börn í barnaskólum Reykjavíkur þurfi að vinna um 60 stundir á viku, en síðan sú ritgerð var samin, hefur vikustundum verið fækkað í skólunum. Í bóklegum framhaldsskólum, þar sem fagkennarar einir kenna og námsefnið er að kalla fastskorðað, er miklu auðveldara að fara nærri um daglegan vinnutíma. Leikur ekki vafi á, að enginn, nema e. t. v. örfáir afburða námsmenn, kemst þar af með minna en 10 stunda vinnu á dag til þess að ná viðunandi tökum á námsefninu, og eru til um þetta nægir vitnisburðir foreldra og kennara. Ekki verður þó gerð nein tilraun til að gizka á, hve mikill hundraðshluti nemenda vinnur raunverulega svo lengi, en hann er sennilega stærri en margan grunar, sem lítt hefur kynnt sér þessi mál. En það skiptir ekki heldur meginmáli, með því að skyldunámsskólum er vitaskuld óheimilt að gera til nemenda sinna kröfur, sem fyrir fram er vitað um að miður gefnir nemendur ráða alls ekki við og hinir betur gefnu ekki án þess að vinna úr hófi fram. Víst er, að vinnuharka í skólum hefur aukizt stórum á undanförnum árum og að aldrei hafa verið gerðar slíkar kröfur til nemenda almennt og jafnungra sem nú. Að þessu hefur margt stuðlað, en líklega ekki sízt samræming sú og kvörðun (standardísering), sem á komst með nýju skólalöggjöfinni, þó að ekki hafi hún gefið beint tilefni til þess. En óþarft er að rekja orsakir nánara hér. Aðalatriðið er, að þjóðfélagið krefst nú tvímælalaust lengri vinnudags af börnum og unglingum en af fullorðnu fólki, sem vinnur sambærileg störf, og þau eru stimpluð ónytjungar, ef ekki er orðið við kröfunum. Vinnutími þeirra manna hérlendra, sem stunda andlega vinnu og hafa reglulegan vinnutíma, mun yfirleitt vera frá kl. 9 að morgni til kl. 5 síðdegis, þ. e. ekki yfir 7 stundir. Mundi þykja linlega að staðið, ef nemandi, sem kominn á að vera í skóla kl. 8 að morgni, liti ekki í bók eftir kl. 4 síðdegis. En vaninn virðist hafa gert menn sljóa fyrir þessu, svo að nemandi er talinn vanrækja nám sitt, ef hann vinnur ekki mestan hluta dagsins og helzt einnig á kvöldin. Er þetta viðhorf líklega arfleifð, bæði hér og erlendis, frá þeim tíma, er menntaskólar og háskólar voru að kalla einu skólar þjóðfélagsins, en kröfur slíkra skóla hafa ætíð verið miðaðar við úrval.

Ekki er þó lengd vinnutímans ein saman mælisnúra á hættuna, heldur kemur hér einnig og ekki síður til greina eðli verksins. Börn og unglingar eru hvort sem er að eins konar iðju, meðan þau eru á fótum, og sumir eru svo gerðir, að þeir njóta þess að sökkva sér sem fastast í nám. Hættan er fólgin í því, hversu einhæf skólavinna er, í löngum kyrrsetum, innivist og andlegu álagi, sem getur orðið mjög mikið, einkum í prófum. Þó að erfitt sé að færa óyggjandi rök fyrir því, hver hætta stafar af námskröfum þeim, sem nú eru gerðar, má eigi að síður færa fyrir því miklar líkur. Nemendur, sem ráða ekki við nám sökum gáfnatregðu, skorts á líkamlegu þreki eða andlegra og líkamlegra kvilla eða ágalla, gefast fyrr eða síðar upp og neyta allra bragða til að víkja sér undan námi. Veitir skólinn óbeint slíkum nemendum uppeldi í að bregðast skyldum sínum og vinnur því gersamlega andstætt tilgangi sínum. Margir þessara nemenda eru í eðli sínu samvizkusamir og berjast af furðulegri þrautseigju. Mætti hver líta í eigin barm og gera sér grein fyrir því, hvílík þjáning það hlýtur að vera að fást árum saman við verkefni, sem menn ná aldrei neinum tökum á. Slíkum nemendum er búin síðferðileg hætta, auk annars. Nemendur, sem eru heilsuhraustir og gæddir nægum hæfileikum, gera yfirleitt það, sem skólinn krefst af þeim. Að sumu leyti getur námið orðið þeim stæling, en eigi að síður er heilsu þeirra stefnt í hættu með þeim kröfum, sem nú eru gerðar. Hljóta glöggir kennarar að hafa veitt því athygli, hversu guggnir og aðþrengdir margir nemendur eru orðnir, þegar dregur að vori. En auk þess, sem nú hefur verið drepið á, má ekki gleyma þeirri mannúðarskyldu, að börn og unglingar fái að njóta bernsku sinnar og æsku eftir áskapaðri þörf sinni og eigi afgangs nokkra orku til að sinna hugðarefnum sínum, sem skólar fá ekki ætíð svalað með þeim fábreyttu verkefnum, sem þar er völ á, ekki sízt í framhaldsskólum."

Þetta tel ég að mörgu leyti vera þarfa hugvekju til skólamanna og annarra.

Nú munu flestir vera orðnir þeirrar skoðunar, að leggja beri höfuðáherzlu á að koma í veg fyrir sjúkdóma; hitt, að lækna sjúkdóma, sé miklu fremur nauðvörn, sem ekki eigi lengur að skipa fyrirrúmið í heilbrigðismálaaðgerðum þjóðarinnar. Höfuðáherzluna eigi sem sé að leggja á að uppræta orsakir sjúkdóma, að gera menn ónæma fyrir smitsjúkdómum og leita byrjandi sjúkdóma með hvers konar rannsóknaraðferðum og rannsóknartækjum. Reynslan hefur einmitt sýnt, að mjög margir sjúkdómar, sem í ljós koma á fullorðinsárunum, eiga rót sína að rekja til veilna frá vaxtarárunum. Þangað ber því að beina vísindalegri athygli í öllu heilsuverndarstarfi. Og nú vill svo til, að auðvelt er að ná til allra einstaklinga á tilteknu aldursskeiði í skólum landsins. Það er því sjálfsagt að ástunda vel skipulagða heilsuverndarstarfsemi, og er það margra skoðun, að almenn heilsuvernd sé nálega óframkvæmanleg og óhugsandi, svo að í nokkru lagi sé, án rækilegs heilbrigðiseftirlits í skólum. Þess vegna er það skoðun mín, að þetta frv. megi teljast til stórmála, og vænti ég mikils af framkvæmd þess í höndum þess ágætismanns, sem valizt hefur í embætti skólayfirlæknis.

Ef til vill er rétt að rifja upp fyrir hv. þingmönnum, hvað Benedikt Tómasson skólayfirlæknir telur í stuttu máli vera hlutverk skólayfirlæknis landsins, en um það segir hann svo:

„Hlutverk skólayfirlæknis er í meginatriðum það að vera sérfræðilegur ráðunautur fræðslumálastjórnar, heilbrigðisstjórnar og einstakra skóla við að skipuleggja heilsugæzlukerfi skólanna í heild og stjórna starfi heilbrigðisstarfsfólks þeirra, að fylgjast með andlegum og líkamlegum þroska, heilsufari, skólavinnu og aðbúð þeirrar kynslóðar, sem á skólabekk situr hverju sinni, hafa forgöngu um almennar ráðstafanir henni til heilsuverndar og beita sér fyrir því, að leitað sé tiltækilegrar lækningar eða annars konar hjálpar þeim, sem á þurfa að halda, og loks að stuðla að auknum skilningi almennt á mikilvægi hófsamlegra lifnaðarhátta og sköpunar á hollum lífsvenjum. Af einstökum atriðum má nefna að vera ráðunautur um vikulegan hámarksvinnustundafjölda hvers aldursflokks nemenda, um val og iðkun skólaíþrótta, um mataræði í heimavistarskólum, um fræðslu í heilsufræði og slysahjálp, um gerð skólahúsa og skólahúsgagna, að skipuleggja námskeið í skólaheilsufræði fyrir skólalækna, skólahjúkrunarkonur og kennara, að heimta inn skýrslur um skólaheilsugæzluna og vinna úr þeim og fleira. Eftirlit með íþróttastarfsemi er einkum fólgið í því að skipuleggja læknisskoðun á íþróttamönnum og leita úrræða til að draga úr ofþreytu og slysahættu."

Þetta voru ummæli skólayfirlæknis um, hvaða hlutverk þessum embættismanni ríkisins sé einkum ætlað.

Ég vil vona, að Alþ. hraði afgreiðslu þessa máls, því að ég tel, eins og ég áðan sagði, að málið sé mjög mikilsvert heilbrigðismál, sem okkur beri að kosta kapps um að verði rætt af alúð sem allra fyrst, af fyllstu þekkingu þess ágæta sérfræðings, sem valinn hefur verið til að gegna því, og að þetta mál verði sett í fremstu röð þeirra mörgu mála, sem okkur ber skylda til að leysa af myndarskap og á allan veg á menningarlegan hátt.

Ég legg til, að málinu verði, þegar þessari umr. lýkur, vísað til heilbr.- og félmn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 10 shlj. atkv.

Á 105. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 390, n. 586).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Tilgangurinn með frv. til laga um heilsugæzlu í skólum er, eins og segir í grg., að lögfesta meginatriði starfsemi, sem þegar er til. Heilbrigðiseftirlit hefur verið rækt í öllum skólum landsins nú um margra ára skeið, þótt misjafnlega hafi það verið af hendi leyst, enda aðstæður ekki alls staðar jafngóðar.

Í lögum nr. 34 1946, um fræðslu barna, er kafli um heilbrigðiseftirlit. Eru þar ákvæði um lækniseftirlit með heilsufari skólabarna og kennara og hollustuháttum skólanna, um skipun skólayfirlæknis, er hafi umsjón með heilsuvernd í skólum, og loks heimild til að fela heilsuverndarstöðvum skólaeftirlit. Í l. nr. 58 1946, um menntaskóla, segir svo í 20. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirstjórn skólanna skipar í samráði við skólayfirlækni og skólastjóra skólalækna til 5 ára í senn og ákveður þeim þóknun fyrir starfann. Skólalæknar skulu hafa eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólunum."

Í l. nr. 48 1946, um gagnfræðanám, er ekki að finna nein bein ákvæði um heilsuvernd í skólum gagnfræðastigsins. Er mér nær að halda, að þar sé um hreina vangá að ræða. Lögin gera sýnilega ráð fyrir skólalæknisstarfi, því að í 15. gr. er svo fyrir mælt, að undanþegnir frá því að stunda lögboðið nám skuli m. a. vera þeir unglingar, sem að dómi skólalæknis og skólastjóra geta ekki haft not venjulegrar skólagöngu vegna líkamlegra eða andlegra annmarka. Loks er í heilsuverndarlögum 1955 gert ráð fyrir heilsuvernd barna og unglinga á skólaaldri sem sérstakri heilsuverndargrein.

Þrátt fyrir nefnd ákvæði í lögum og þrátt fyrir framkvæmd þeirra laga hefur nokkuð skort á um heilsuvernd í skólum. Vissulega er hún víða vel rækt, og alls staðar mun henni eitthvað sinnt. En það, sem einkum hefur háð þessari þjónustu almennt, er, að heildarsamræmingu hennar hefur vantað. Skólaeftirlitið hefur ekki verið fært í fastmótað kerfi, sem nái til allra skóla landsins, og um enga sameiginlega yfirumsjón með þessu starfi hefur heldur verið að ræða til þessa. Úr þeim ágöllum er lagafrv. því, sem hér liggur fyrir, ætlað að bæta, og er það bæði brýnt verkefni og mikilsvert.

Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. hefur haft þetta frv. til athugunar í alllangan tíma. Sendi hún það strax nokkrum sérfróðum aðilum til umsagnar, en svör frá þeim hafa borizt mjög dræmt. Verður að líta á það sem vott þess, að þessir aðilar, sem eru úr hópi skólalækna og annarra heilsufræðinga, hafi ekki haft mikið við frv. að athuga, enda hefur formaður n. fengið það staðfest munnlega hjá nokkrum þeirra.

Um ágreining innan n. hefur ekki verið að ræða, og mælir hún einróma með, að frv. verði samþ. með fáeinum minni háttar breytingum, er ekki raska meginatriðum þess að neinu leyti. Eru þær brtt. ásamt nál. prentaðar á þskj. 586, og skal nú gerð grein fyrir þeim.

Nefndin leggur til, að orðið heilsuvernd verði notað í stað heilsugæzlu alls staðar, þar sem síðarnefnda orðið kemur fyrir í frv. Orðið heilsugæzla er vafalaust þarna komið af vangá, enda er það í ósamræmi við ríkjandi málvenju. Í ritinu Almannatryggingar á Íslandi, sem félmrn. gaf út 1945 og samið var af þeim Jóni Blöndal og Jóhanni Sæmundssyni, er komizt þannig að orði í tillögukaflanum um heilsugæzlu, með leyfi hæstv. forseta:

„Allir íslenzkir ríkisborgarar, búsettir hér á landi, skulu eiga rétt á fjárhagsaðstoð við heilsugæzlu samkvæmt því, er hér fer á eftir, og í samræmi við önnur ákvæði þessara laga. Heilsugæzla merkir í þessu sambandi bæði heilsuvernd og sjúkrahjálp."

Síðar í sama riti segir svo:

„Orðið heilsugæzla er látið tákna tvennt: a) heilsuvernd, b) lækning sjúkra."

Hér leitast höfundar við að festa ákveðna merkingu við heilsugæzluheitið og gefa því víðtækari merkingu en orðið heilsuvernd hefur. Heilsuvernd og sjúkrahjálp eru tveir meginþættir í allri heilbrigðisþjónustu, sem nefnd er heilsugæzla. Löggjafinn hefur síðar notað þessa sömu skilgreiningu orðanna. Í l. nr. 50 1946 segir svo orðrétt: „Heilsugæzla merkir í l. þessum bæði heilsuvernd og sjúkrahjálp." Sama aðgreining er viðhöfð í l. nr. 38 1953, þar sem ráðh. er heimilað að skipa sérstakan heilsugæzlustjóra, sem hafa skal með höndum forstöðu allra læknamálefna Tryggingastofnunar ríkisins, bæði heilsuverndarmála og sjúkrahjálparmála. Þannig er þegar fram komin hefð í þessu efni. Heilsugæzla er annað hugtak og víðtækara en heilsuvernd, og er illt að fara nú að rugla þeim saman. Starf skólayfirlæknis og allra skólalækna er heilsuvernd, en ekki lækning sjúkra, og því ekki heilsugæzlan öll. Þetta liggur í hlutarins eðli, því að starfið er fólgið í eftirliti með heilsufari og hollustuháttum. Í grg. frv. segir líka réttilega, að sjúka nemendur sendir skólalæknir til heimilislæknis. Þar er einnig bent á, að sjúkir skólanemendur skuli ekki aðeins faldir forsjá heimilislæknis, heldur einnig, ef svo ber undir, sendir til sérfræðinga eða sérstakra stofnana til þess að njóta þar þess þáttar heilsugæzlunnar, sem nefnist sjúkrahjálp. Það breytir vitanlega engu í þessu efni, þótt svo hagi til í strjálbýli, að sami læknirinn sé allt í senn skólalæknir, heimilislæknir og sérfræðingur. Starf hans sem skólalæknis er eftir sem áður heilsuvernd. Það breytir heldur engu, þótt skilin á milli heilsuverndar og sjúkrahjálpar séu ekki ævinlega glögg og báðir þessir þættir heilsugæzlunnar grípi nokkuð hvor inn í annan. Þar fyrir er aðgreining á hugtökum og festing orða við þau jafnhentug og mikilsverð. Í heilsuverndarlögum nr. 44 1955 kemur fram ótvíræð staðfesting á, að skólalækniseftirlitið er heilsuvernd, en ekki heilsugæzlan öll. Í 2. gr. þessara l. eru taldar upp helztu heilsuverndargreinar, og er þar í þriðja sæti skólaeftirlit, heilsuvernd barna og unglinga á skólaaldri. Hér ber því allt að sama brunni, orðið heilsugæzla er í frv. notað um annað hugtak en venja er til. Það, sem átt er við í frv., er táknað með heitinu heilsuvernd, og er því rétt að setja það orð inn í frv. alls staðar, þar sem heitið heilsugæzla kemur fyrir. Verði það ekki gert, rekst hvað á annars horn í lögum, sem fjalla um náskyld efni og nú hafa verið nefnd.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að heilsuvernd skuli rækt í öllum skólum samkvæmt reglum, er menntmrh. setur með ráði heilbrigðisstjórnar. Eins og í grg. frv. segir, er nauðsynlegt, að samvinna sé á milli heilbrigðisstjórnar og fræðslumálastjórnar um heilsuvernd í skólum. Hitt getur orkað tvímælis, hvor stjórnin eigi að setja starfsreglur, og er það einnig viðurkennt í grg. Í frv. hefur orðið ofan á, að menntmrh. setji

reglurnar með ráði heilbrigðisstjórnar. Þetta ákvæði hafa nokkrir aðilar talið óeðlilegt og stungið upp á, að heilsuvernd í skólum skuli rækt samkvæmt reglum, er heilbrmrh. setur í samráði við fræðslumálastjóra. Á sömu sveif hallaðist heilbr.- og félmn., og fjallar 1. brtt. hennar um það atriði. En síðdegis í dag bárust mér tilmæli frá einum hv. alþm. um, að n. tæki aftur þessa till. nú við þessa umr., og ef hv. samnefndarmenn mínir mótmæla því ekki, þá geri ég þau tilmæli hér með að ósk nefndarinnar.

Þá leggur n. til, að gerð verði smávægileg breyting á 3. gr., þess efnis, að skólayfirlæknir skuli auk yfirumsjónar með heilsuvernd í skólum hafa á hendi stjórn þess heilbrigðisstarfsliðs, sem annast hana, að því starfsliði undanskildu, er vinnur á vegum heilsuverndarstöðva.

Með þessu er leitazt við að afmarka sem ljósast verksvið heilsuverndarstöðva annars vegar og skólayfirlæknis hins vegar, þannig að ekki komi til árekstra.

Skv. brtt. fá heilsuverndarstöðvar eftir sem áður að ráða starfslið sitt og stjórna því, en skólayfirlæknir hefur umsjón með, að heilsuverndarstöðvar annist skólaeftirlitið í samræmi við reglugerð og lög.

Síðasta till. n. felur í sér orðalagsbreytingu eingöngu, og er óþarft að fjölyrða um hana.

Þess er vert að geta sérstaklega, að þetta frv. til laga um heilsuvernd er víðtækara að efni til en heiti þess segir til um. Það ræðir ekki aðeins um heilsuvernd skólanemenda, heldur einnig um heilsuvernd íþróttamanna. Samkvæmt því skal skólayfirlæknir hafa eftirlit með íþróttastarfsemi í landinu og heilsufari íþróttamanna.

Ég tel þetta ákvæði mjög þarft og tímabært. Íþróttir, eins og þær eiga að iðkast, eru heilsusamlegar, en oft eru þær iðkaðar þannig, að þær eru heilsunni gagnslausar eða verra en það. Margir ungir menn hafa bilazt á heilsu vegna íþróttaiðkana, og heilsan hefur bilað af því, að kapp var mikið, en forsjá engin. Blindrar tiltrúar á ágæti íþrótta hefur gætt um of hingað til og skaðað málstað þeirra. Skynsamleg þjálfun íþróttamanna hefur verið sorglega vanrækt, en þeim mun meiri áherzla lögð á að glæða metnað þeirra og ofurkapp, heilsu þeirra til tjóns. Það er því vel farið, að lagaákvæði verður nú sett um eftirlit með íþróttastarfsemi og það eftirlit falið lækni, sem hefur sérstaklega kynnt sér þá grein heilsuverndar. Er þess að vænta, að hann fái notið sín sem bezt í þessu starfi, svo að íþróttir geti orðið það, sem þær eiga að vera: nefnilega aflgjafi aukinnar heilbrigði.

Frv. fylgir löng grg., sem hefur að geyma ýmsan fróðleik og nokkrar tímabærar ábendingar. Hefði ég gjarnan viljað fara orðum um fáein atriði grg., en sleppi því nú. E. t. v. gefst betri tími til þess við 3. umr. málsins.

ATKVGR.

Brtt. 586,1 tekin aftur.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 586,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 586,3 samþ. með 13 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 586,4 (ný 5. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 586,5 samþ. án atkvgr.

6. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 586,6 samþ. án atkvgr.

7. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 586,7 samþ. án atkvgr.

9. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

10.—11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 586,8 samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um heilsuvernd í skólum.

Á 106. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 597).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 104. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 105. fundi í Ed., 24. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

Á 109. fundi í Nd., 27. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 597, n. 639).

Frsm. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til 2. umr. á þskj. 597, um heilsuvernd í skólum, var flutt í Ed. af hæstv. félmrh. Heilbr.- og félmn. Ed. leitaði umsagnar nokkurra aðila um frv., og voru umsagnir þeirra, sem til var leitað, á einn veg, þannig að mælt var með, að frv. næði fram að ganga á Alþ.

Heilbr.- og félmn. Ed. gerði nokkrar smávægilegar breyt. við frv. Aðallega voru það orðalagsbreytingar og skýringaratriði. Þá lagði n. enn fremur til, að fyrirsögn frv. breyttist þannig, að í staðinn fyrir orðið „heilsugæzla“ kæmi: heilsuvernd, — og að alls staðar, þar sem stóð í frv. „heilsugæzla“, komi: heilsuvernd.

Heilbr.- og félmn. Nd. tók málið fyrir á fundi sínum 24. maí s. l. Eftir að einstakir meðlimir n. og nefndin í heild hafði athugað frv., varð hún sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Einn nm., hv. þm. Ísaf. (KJJ), var fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

Ég vil leyfa mér að mæla með því, að frv. verði samþ., og að lokinni þessari umr. legg ég til við hæstv. forseta, að frv. verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

2.—11. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 665).

40. Landsbanki Íslands.

Á 99. fundi í Nd., 17. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 frá 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands [177. mál] (stjfrv., A. 553).

Á 100. fundi í Nd., 18. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um breyt. á l. nr. 10 frá 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands, mun ekki koma neinum á óvart.

Þegar núverandi ríkisstj. tók við völdum, var því yfir lýst í málefnasamningnum, sem gerður var milli flokkanna, sem að ríkisstj. standa, að ríkisstj. mundi beita sér fyrir breytingum á bankalöggjöf landsins, þar með breytingu á seðlabankanum, þannig að hann yrði settur undir sérstaka stjórn.

Á dagskrá í dag er jafnhliða þessu frumvarpi frv. til l. um Útvegsbanka Íslands og enn fremur frv. til l. um breyt. á l. nr. 17 frá 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands.

Ég mun ræða um breytingar á l. um Landsbanka Íslands, en jafnframt mun ég ræða hin lagafrumvörpin, þar sem þau eru hluti af þessu sama máli.

Einn aðaltilgangurinn með þessu lagafrv. er að greina seðlabanka landsins meira en verið hefur frá starfsemi viðskiptabankanna og gera stöðu hans sem jafnasta til hinna einstöku ríkisbanka. Frv. er flutt í samræmi við þessa yfirlýstu stefnu ríkisstj., og með þessu móti er seðlabankinn gerður sjálfstæðari en verið hefur og honum sett sérstök stjórn. Það hefur oft og mörgum sinnum verið rætt um það að greina seðlabankann algerlega frá viðskiptabankanum, eins og víða tíðkast, en um þetta hefur löngum verið mikill ágreiningur meðal íslenzkra stjórnmálamanna. Hér í þessu frv. er farið nokkuð bil beggja, Landsbankinn er gerður að tveimur stofnunum, tveimur bönkum. Eins og fyrr segir, er seðlabankinn settur undir sérstaka stjórn, og þó eru báðir bankarnir meiður á sama stofni. Fimm manna bankaráð á að stjórna bankanum, og eru fjórir kosnir af Alþingi, en formaður bankaráðs skipaður af ráðh. þeim, sem með bankamál fer. Með þessu móti hefur hin svokallaða landsbankanefnd verið lögð niður. Þetta bankaráð ræður síðan 3 bankastjóra fyrir viðskiptabankann með svipuðum hætti og verið hefur, en í stjórn seðlabankans eru aðalbankastjórinn, sem er skipaður af forseta, þ. e. ríkisstj. að fengnum till. bankaráðs, bankastjóri, sem ráðinn er af bankaráði, og 3 menn, sem skipaðir eru af ríkisstj. eftir till. bankaráðs.

Með því að skilja þannig að stjórn seðlabankans og stjórn sparisjóðsdeildar Landsbankans er ætlunin að tryggja það, að stjórn seðlabankans geti betur beitt áhrifum sínum í peningamálum þjóðarinnar en verið hefur, enda er stjórn bankans fengið víðtækt vald í þessum efnum, m. a. í 11. gr. þessa lagafrv., þar sem vald til eftirlits og íhlutunar um rekstur sparisjóða er innifalið. Eins og kemur fram í lagafrv. þessu, er stjórn seðlabankans allsjálfstæð, enda eru þessir trúnaðarmenn ráðnir þannig, að einn þeirra, eins og fyrr segir, er skipaður af forseta, þ. e. ríkisstj., annar bankastjóri ráðinn af bankaráði og þrír stjórnendur skipaðir af ríkisstj. eftir till. bankaráðs. Það er því raunverulega löggjafarvaldið sjálft, sem velur 4 af þessum trúnaðarmönnum, þar sem 4 af 5 bankaráðsmönnum eru kosnir af Alþingi. Vald stjórnar seðlabankans er þó bundið í þeim stærri málum því skilyrði, að leitað sé samráðs við ríkisstj. um stefnuna í öllum meiri háttar málum, en jafnframt er fyrir því hugsað, til þess að bankinn fái nokkra festu, að taka upp þann hátt, sem hafður er víða í erlendum sjóðbönkum, að forseti eða konungur skipar aðalbankastjórann sem embættismann, enda gætt hér þess jafnvægis, sem fyrr segir, að 4 af stjórninni eru kosnir óbeint af Alþingi og einfaldur meiri hl. ræður síðan úrslitum viðkomandi þeim ákvörðunum, sem teknar eru af stjórn seðlabankans. Þá þykir rétt að taka það fram, að þar sem hér er um allvíðtæka skipulagsbreytingu að ræða á Landsbanka Íslands, er svo fyrir mælt í frv. þessu, að Alþingi kjósi nýtt bankaráð, þegar er l. hafa öðlazt gildi, jafnframt skipar ríkisstj. formann og varaformann bankaráðs, enda falla að sjálfsögðu niður umboð núverandi bankaráðsmanna.

Hið nýkjörna bankaráð skal síðan hlutast til um, að framkvæmdastjórn viðskiptabankans verði komið í það horf, sem fyrir er mælt í l. þessum. Enn fremur er bankaráðinu skylt að gera till. til ríkisstj. um skipun aðalbankastjóra seðlabankans og 3 meðstjórnendur hans. Þá skal bankaráð ráða einn bankastjóra, eins og fyrr segir, að seðlabankanum.

Af hinni breyttu skipan á framkvæmdastjórn Landsbanka Íslands leiðir það auðvitað, að umboð núverandi bankastjóra hans falla niður í því formi, sem nú er. Verkefni hins nýja bankaráðs skal þá jafnframt vera það að koma framkvæmdastjórn viðskiptabankans í rétt horf samkvæmt l. þessum.

Ég ætla að leyfa mér, eins og ég sagði áðan, að minnast örlitið á frv. um Útvegsbanka Íslands, þó að það liggi ekki beint fyrir í sambandi við þetta mál, sem ég ræði nú. Eins og menn muna, var Útvegsbanki Íslands reistur á rústum hins gamla Íslandsbanka og hefur frá upphafi verið einkabanki. Bankinn hefur verið hlutafélag, eins og kunnugt er, en langmestur hluti hlutafjárins eða 87.69% er eign ríkisins. Af því leiðir, þar sem þessu fjármagni fylgir fullur atkvæðisréttur samkvæmt l. þar um, að ráðh. sá, sem fer með bankamálin, ræður því raunverulega einn, hverjir eru með vissu millibili kosnir í bankaráð bankans,

og þá um leið, hverjir verða bankastjórar. Í eigu bankans eru 8.11% og í einkaeign eru aðeins 4.20% af hlutafé bankans. Með hliðsjón af þessu er það eitt talið eðlilegt, að ríkið eigi allt hlutaféð og bankinn sé gerður að ríkisbanka, er lúti sérstakri stjórn með hliðstæðum hætti og hinir viðskiptabankarnir, og hefur því ríkisstj. ákveðið að beita sér fyrir þessu. Af þessum ástæðum eru í frv. fyrirmæli um eignarnám á þeim hlutabréfum, sem eru í einkaeign.

Ríkisstj. telur nauðsynlegt, að þetta eignarnám fari fram þegar við gildistöku l. þessara og hlutafélagið Útvegsbanki Íslands leggist niður, en hinn nýi ríkisbanki verði stofnaður. Á hið nýkjörna bankaráð þá þegar að taka við stjórn bankans. En um leið og Útvegsbanka Íslands h/f. er þannig breytt í ríkisbanka, er nauðsynlegt að setja um hann heildarlöggjöf, því að löggjöfin, sem gilt hefur um Útvegsbanka Íslands h/f, er mjög ófullkomin löggjöf, enda var hún sett í mjög miklum flýti til þess að greiða fram úr vandræðum, sem leiddi af fjárþroti og lokun Íslandsbanka á sínum tíma.

Eins og tekið er fram í grg. fyrir þessu frv., er það að miklu leyti sniðið eftir gildandi lögum um Landsbanka Íslands.

Breyting sú, sem frv. til l. um breyting á l. nr. 17 frá 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands, felur í sér, er svo augljós, að hún þarf ekki langrar skýringar við. Er þar lagt til, að aukin verði fjárhæð sú, sem fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast á erlendu láni, er bankinn tekur, og í öðru lagi, að gerð verði breyting á skipun bankaráðs í samræmi við allar skipulagsbreytingar, sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir að gerðar væru á hinum bönkunum.

Þetta eru í höfuðatriðum þær skipulagsbreytingar, sem gerðar verða á þessum bönkum, ef frv. þetta verður að l., og hef ég gert grein fyrir þeim í aðalatriðum. En þess er auðvitað ekki að dyljast, að þær breytingar, sem fyrirhugað er að gera á bankalöggjöfinni, eru gerðar með hliðsjón af því, að einn stjórnmálaflokkur, sem jafnframt er stjórnarandstaðan í landinu, hefur komið sér þannig fyrir, að hann ræður einn og óskorað yfir tveimur aðalbönkum þjóðarinnar, aðalviðskiptabönkunum, og er annar þeirra þjóðbankinn. Það liggur í augum uppi, að því getur ríkisstj. ekki unað, og liggja að því svo augljós rök, að ekki þarf að rekja þau hér. Það hefur líka lengst af þar til nú allra síðustu árin verið þannig háttað völdum og yfirráðum í stjórn hinna tveggja aðalviðskiptabanka, að enginn einn flokkur hefur þar ráðið óskorað. Með þeirri löggjöf, sem nú á að setja, verður valdaaðstöðunni skipt með ekki ólíkum hætti og var um langt skeið, áður en sú þróun átti sér stað, sem olli þeirri röskun á yfirráðum yfir bönkunum, sem ég minntist á áðan.

Ég vil svo að lokum gera það að till. minni, að málið og þessi mál öll verði tekin til umr. í þeirri nefnd, sem þeim verður vísað til og sennilega verður fjhn., og vildi jafnframt óska eftir því, að þessi vinnubrögð yrðu viðhöfð, vegna þess að það er orðið mjög áliðið þingtímans og það flýtir fyrir vinnubrögðum hér í þinginu, að sá háttur sé á hafður, sem hefur verið á hafður um fleiri mál.

Ég ætla svo ekki að láta fylgja þessu fleiri orð að sinni, en legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til fjhn.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki halda langa ræðu við þessa 1. umr. um þau frv. til laga um breytingu á bankalöggjöfinni, sem nú hafa verið lögð hér fram.

Hæstv. forsrh. hefur nú í fáum orðum gert nokkra grein fyrir þessum frv., og í lok ræðu sinnar sagði hann, hvers vegna þessi frv. væru fram komin, það væri vegna þess, að Sjálfstfl. réði einn tveimur aðalbönkum þjóðarinnar, þ. e. Landsbankanum og Útvegsbankanum. Er þessi fullyrðing hæstv. forsrh. í samræmi við það, sem raunverulega er? Hefur ekki Framsfl. bankastjóra í Landsbankanum, Vilhjálm Þór, og aðstoðarbankastjóra, Svanbjörn Frímannsson, sem ég ætla að báðir séu áhrifaríkir menn, vanir bankastörfum, og trúi því hver sem trúa vill, að bankastjórar Sjálfstfl. í Landsbankanum ráði algerlega, á meðan þessir tveir menn sitja þar einnig að stjórn. Hæstv. ráðh. hefði ekki átt að koma með svona fjarstæðu hér fram í hv. deild, heldur færa fram einhverja aðra og skynsamlegri ástæðu fyrir flutningi þessara mála heldur en þetta.

Ef komið er að Útvegsbankanum, sem sagt er að Sjálfstfl. einnig ráði að öllu leyti, þá veit ég ekki annað en einn bankastjórinn þar, Valtýr Blöndal, sé framsóknarmaður, eða hann hefur verið talinn það. Ég veit heldur ekki annað en Valtýr Blöndal sé mætur maður og alveg maður til að gegna sínu starfi, og hefði ég haldið, að hann ásamt bankastjórum Landsbankans, sem ekki eru sjálfstæðismenn, hefði ekki unnið til þess að fá þær hnútur, sem þeir nú hafa fengið hjá hæstv. forsrh., þar sem hann gerir þessa bankastjóra alveg að núlli og áhrifalausa. — Ekki meira um þetta.

En löggjöf um bankamálin hefur verið boðuð — var boðuð um leið og núverandi ríkisstj. var mynduð. Það hefur verið beðið eftir þessum frv. í allan vetur, og hv. Alþingi hefur verið aðgerðalítið síðustu vikurnar, vegna þess að þessi frv. hafa ekki komið fram. Nú var þeim útbýtt í gærdag, og hv. þm. munu flestir hafa lesið frv.

Ég vil segja, að í frv. um Landsbanka Íslands er eitt atriði, sem er þess virði að vera rætt, vera hugsað og rætt í fullri alvöru, og það er það atriði að setja seðlabankann undir sérstaka stjórn. Um það hefur oft verið rætt áður, en um það hafa menn ekki verið sammála. Að tilhlutan sjálfstæðismanna var skipuð hin svokallaða bankamálanefnd, og hún skyldi athuga bankamálalöggjöf landsins, m. a. það, hvort heppilegt væri að setja seðlabankann undir sérstaka stjórn. Bankamálanefndin mun ekki hafa verið sammála, enda skilaði hún aldrei áliti.

Við sjálfstæðismenn viljum athuga rækilega þessa hlið málsins. Ef það mætti verða til þess að treysta fjármálalegan grundvöll þjóðarinnar að koma seðlabankanum undir sérstaka stjórn, þá er það vissulega mál, sem er tímabært. Hitt er svo vitað, að þótt þetta yrði gert, þá er vandinn ekki að öllu leystur fyrir því. Fjármagnið vex ekki, þótt seðlabankinn sé undir sérstakri stjórn,

og ásókn í afurðalán og ásókn eftir peningum minnkar vitanlega ekki við það. En það má vel vera, að það sé hægara að sporna við, ef stjórnendur seðlabankans eru lausir við það að tala við hina almennu viðskiptamenn og þurfa ekki öðrum að neita heldur en viðskiptabönkunum, þegar þeir koma til seðlabankans og tjá honum raunir sínar og peningaleysi.

Við sjálfstæðismenn viljum athuga þessa hlið frv. undir meðferð málsins hér í hv. Alþingi. En þegar þetta er frá skilið og umbúðirnar eru af því teknar, er augljóst, að tilgangur frv. er sá að tryggja stjórnarflokkunum fleiri sæti og fleiri stöður í bönkunum. Nú þetta veit ég, að hæstv. ríkisstj. vill játa hreinskilnislega: þetta er tilgangurinn — og þetta fólst m. a. í orðum hæstv. forsrh. hér áðan. En það er nú svo, að þetta er nýmæli hjá okkur Íslendingum, að bankalöggjöfinni sé breytt, vegna þess að komin er nú ný ríkisstj. í landinu, breytt til þess, að stuðningsmenn ríkisstj. geti fleiri komizt að í bönkunum en þeir áður gerðu. Mundi ekki einhver segja, að löggjöf, sem byggð er á þessum forsendum, byggist á hentistefnu? En löggjöf má aldrei mótast af slíku, heldur af því einu að geta orðið til almenningsheilla. Löggjöf má ekki mótast af því, að óskir séu uppi um það að koma vissum mönnum í góð embætti og góðar stöður í þjóðfélaginu. Það mundi einhver segja, að þetta gæti verið vafasamt fordæmi. Það mundi einhver segja, að það gæti verið, að seinna yrði minnt á það, sem skeði í lagasetningu Íslendinga árið 1957, og ég býst við, að margir efist um, að þetta út af fyrir sig leiði til þess að skapa aukið traust á fjármálum og bankamálum landsmanna. Ég efast ekki um, að hv. stjórnarflokkar hafa ýmsa mæta og færa menn, sem geta tekið þessi störf að sér, og hafa ýmsir menn verið nefndir í þessu skyni, en það er mál út af fyrir sig, og ég er sannfærður um, að það munu margir ábyrgir menn líta þannig á, að það sé ekki heppilegt fordæmi, sem skapað verður með þessu. Það er auðvitað alltaf hægt fyrir þingmeirihluta að breyta lögum. Það er hægt fyrir þingmeirihluta að gera lög þannig úr garði, að andstæðingar missi áhrif og missi þann rétt, sem þeir hafa haft. Sú breyting, sem nú á að gera á bankalöggjöfinni, leiðir til þess að svipta rétt kjörna bankaráðsmenn umboði því, sem þeir nú hafa samkvæmt l. Og hvers vegna á að svipta þá þessu umboði? Til þess að geta í krafti nýs bankaráðs breytt að einhverju leyti um framkvæmdastjórn bankanna.

Þegar umbúðirnar eru teknar af þessum frv. og atriðið um seðlabankann undan skilið, þá sýnist mér, að frv. hafi aðeins þann eina tilgang að breyta um menn í þessum stofnunum. Frv. eru þrjú, og ég vil minnast á þau öll í fáum orðum, enda þótt nú sé aðeins frv. um Landsbankann til umr.

Það er gert ráð fyrir, eins og áðan er lýst, að gera Útvegsbankann að ríkisbanka. Hæstv. forsrh. sagði, að það væri nauðsynlegt að breyta l. um Útvegsbankann, m. a. vegna þess, hversu löggjöf sú, sem hann er byggður á, væri ófullkomin, henni hefði verið hraðað, hún hefði verið sett í skyndi. En hvað er þessi löggjöf gömul, hvað höfum við búið lengi við þessi lög? Ég man ekki árið, en ég ætla, að það séu nær 30 ár, og hæstv. forsrh. núverandi hefur vissulega ekki verið áhrifalaus í landsmálunum undanfarið, og mig undrar það, ef þessi löggjöf hefur að hans áliti verið skyndilöggjöf, sem ekki væri hægt við að búa, að hann skyldi aldrei fyrr hafa hreyft því, að það væri nauðsynlegt að breyta þessum l., ekki fyrr en eftir um 30 ár. Þess ber einnig að minnast, að lög þau, sem Landsbanki Íslands býr nú við, voru samin að tilhlutan framsóknarmanna, að ég ætla á árinu 1928. Þá er og sýnilegt, í hvaða tilgangi breytingin um Framkvæmdabankann er flutt hvað snertir bankaráðið. Það er gert til þess, að allir stjórnarflokkarnir geti átt fulltrúa í bankaráðinu og Framsfl. sé öruggur um að hafa formanninn, a. m. k. nú, á meðan þeir eiga fjármálaráðherra, og þá um leið 2 menn af 5 í bankaráðinu. Má því segja, að framsóknarmenn hafi þarna komið ár sinni sæmilega fyrir borð.

Hv. stjórnarflokkar hafa samið um það sín á milli að gera umrædd frv. að lögum, sennilega án breytinga. Við því er ekkert að segja, það verður reynslan, sem sker úr því, hvernig framkvæmdin verður. Eitt held ég að mönnum ætti að vera alveg ljóst, að enda þótt bankastjórum verði fjölgað og enda þótt allir stjórnarflokkarnir eigi fulltrúa í bönkunum og ótal áhrifamenn þar, þá vex peningamagnið ekki við það. Hætt er við, að fjárskorturinn geri vart við sig eigi að síður. Hætt er við, að þeir, sem fara í bankana í leit að peningum, fái neitun eins og áður og að það komi í ljós, að það er ekki allsherjarlausn á þessu máli að skipta um menn.

Það, sem er raunhæft í fjármálum landsmanna, er, að það geti orðið fjármagnsmyndun í landinu, sparifjármyndun, að landsmenn í heild fái aukið traust á gjaldmiðlinum, aukið traust á stjórnarfarinu. Má vera, að það spor að setja seðlabankann undir sérstaka stjórn geti orðið að einhverju leyti til þess að skapa festu og öryggi í þessum málum. Ég vil ekki neita því, að það gæti átt sér stað, að það væri spor í rétta átt. En þess verður að minnast, að um leið og núverandi hæstv. ríkisstj. kom til valda, hvarf sparifjármyndunin næstum því. Sparifjármyndunin hætti að aukast við tilkomu núverandi hæstv. ríkisstj. Sparifjármyndunin hafði aldrei verið meiri en hún var fyrstu 7 mánuði s. l. árs, eða síðustu mánuðina, sem fyrrverandi ríkisstj. fór með völd.

Það hefur mikið að segja í fjármálum landsmanna, að almenningur í landinu treysti stjórnarfarinu, búi ekki við öryggisleysi, að borgararnir eigi ekki refsivöndinn yfir sér, að starfsgleði megi vaxa og þróast, að þeim, sem hafa dug, þeim, sem hafa kjark og þrek til að starfa, sé ekki gert það ómögulegt og þeim sé ekki refsað, af því að þeir sýna ráðdeildarsemi.

Ég skal ekki hafa þessi orð öllu fleiri við þessa 1. umr. málsins, en eins og ég sagði áðan, þá viljum við sjálfstæðismenn athuga rækilega þann kafla frv. um Landsbanka Íslands, sem snertir seðlabankann.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Loks hafa frv. þau um svokallaðar endurbætur á bankalöggjöf-

inni, sem lengi hefur verið lofað, séð dagsins ljós. Ég skal í upphafi máls míns taka það fram, að ég get fúslega á það sjónarmið fallizt, að þörf sé endurbóta á núgildandi bankalöggjöf, en grundvöllur núgildandi skipunar banka- og peningamálanna er sem kunnugt er landsbankalögin frá 1927. Með tilliti til þeirra miklu breytinga, sem orðið hafa á þeim 30 árum, sem liðin eru síðan sú löggjöf var sett, þá er þess engin von, að hún samsvari lengur kröfum tímans. En megineinkenni núverandi skipunar okkar peningamála er það, að seðlabanki landsins og stærsti viðskiptabanki eru undir sameiginlegri stjórn. Þetta hefur, eins og raunar hefur nú komið fram í ræðum þeirra tveggja þm., sem talað hafa hér á undan mér, lengi verið umdeilt atriði, enda mun það vart þekkjast í þeim löndum, sem búa við svipað stjórnskipulag og við, að slíkt fyrirkomulag sé haft. Þetta sjónarmið kom þegar fram í nefnd þeirri, sem undirbjó landsbankalögin frá 1927, að tímabært væri að taka það fyrirkomulag að koma á fót sjálfstæðum seðlabanka einnig hér. Það var Benedikt Sveinsson, þáverandi alþingisforseti, sem lagði þá til, að stofnaður yrði sérstakur seðlabanki, en meiri hl. n., eða fjórir af 5, er sæti áttu í n., aðhylltust þá skipan, sem upp var tekin. En hvað sem því líður, hvort skynsamlegt hafi verið að taka þessa skipan upp, miðað við þær aðstæður, sem voru á þeim tíma í þessum efnum hér á landi, þá hefur það lengi undanfarið verið skoðun mín, að þessu bæri að breyta. Seðlabankinn annars vegar og viðskiptabankarnir hins vegar eiga svo ólíkum hlutverkum að gegna, að telja verður slík tengsli sem nú eru hér milli seðlabankans og stærsta viðskiptabanka landsins óeðlileg og jafnvel hættuleg heilbrigðri efnahagsstarfsemi í landinu. En hlutverk seðlabanka er fyrst og fremst það að ákveða, hve mikið af gjaldmiðli skuli vera í umferð í þjóðfélaginu hverju sinni, og stjórna þannig verðlagsþróuninni í stórum dráttum. Hlutverk viðskiptabanka er hins vegar það að ávaxta á sem arðvænlegastan hátt það fé, er almenningur trúir þeim fyrir. Hagsmunir viðskiptabanka sem slíks geta því mjög oft verið andstæðir því hlutverki, sem seðlabankinn á að gegna, og er því mikil hætta á því, að ef viðskiptabanka og seðlabanka er stjórnað sameiginlega, þá verði það hagsmunir viðskiptabankans og viðskiptavina hans, sem ráði mestu um seðlaútgáfuna, en það ætti ekki að þurfa nánari skýringar við, hverja hættu það gæti haft í för með sér.

Að því er snertir skipan og starfsreglur seðlabanka, þá hefur í öðrum löndum aðallega gætt tvenns konar sjónarmiða. Að vísu má segja, að þriðja sjónarmiðið komi fram í því frv., sem hér liggur fyrir, að því leyti sem yfirleitt er hægt að segja, að þetta frv. komi til móts við þá hugmynd að koma á fót seðlabanka, en að því kem ég síðar.

Viðvíkjandi þessum tveim höfuðsjónarmiðum, sem ég nefndi, þá er fyrra sjónarmiðið það, að þjóðbankinn skuli vera eins konar ríki í ríkinu, þannig að stjórnendur bankans eða meiri hluti þeirra sé skipaður á þann hátt, að þeir séu sem óháðastir ríkisvaldinu og geti sjálfstætt ákveðið stefnu bankans í peningamálum. Þó að þetta fyrirkomulag hafi að vísu ýmsa kosti, þá getur það varla talizt lýðræðislegt, og skal ekki um það fjölyrt. Hin reglan er sú að setja fastar reglur um starfsemi bankans, þau tæki, sem honum er ætlað að beita, og hvernig þeim megi beita. Hvaða stefna hins vegar skuli rekin í peningamálum, er ákveðið af ríkisstjórn þeirri, sem með völdin fer hverju sinni, en stjórnendur bankans hafa þá svipaða aðstöðu og venjulegir embættismenn. Af þeim eða sumum þeirra er þá stundum krafizt sérþekkingar, en annars njóta þeir sama öryggis og embættismenn almennt. Slíka skipan málefna seðlabankans mundi ég telja þá eðlilegustu, þannig að aðstaða stjórnenda hans yrði þá svipuð og t. d. hagstofustjórans og skrifstofustjóra í stjórnarráðinu, svo að einhver dæmi séu nefnd af handahófi. Hvað viðskiptabankana aftur á móti snertir, þá er aðalhlutverk þeirra þjónusta við almenning, og ég lít svo á, að það fyrirkomulag, sem bezt tryggi, að sú þjónusta sé sem bezt af hendi innt, sé sem frjálsust samkeppni á þessu sviði. Viðskiptabankarnir geta verið ríkisbankar, samvinnubankar eða einkabankar, og verður auðvitað vegna hagsmuna almennings að setja ákveðnar reglur um starfsemi þeirra. Þær reglur eiga að vera þær sömu, óháð því, í hvaða formi bankinn starfar. Þeirri reglu mun og fylgt í bankalöggjöf okkar nágrannalanda, en hér á landi er það sem kunnugt er þannig, að allir starfandi viðskiptabankar eru raunverulega ríkisbankar, að undanteknum Iðnaðarbankanum, en ástæðan til þess er sem kunnugt er ekki í sjálfu sér sú, að það hafi verið „princip," að viðskiptabankarnir skuli eingöngu vera ríkisbankar eða ríkið skuli hafa eins konar einokun á því að reka viðskiptabanka, sem ég mundi telja óheppilegt, heldur er ástæðan hin, að það hefur hingað til ekki verið fjármagn fyrir hendi til þess að stofna einkabanka.

Ég hef þá rakið í mjög stórum og ónákvæmum dráttum þær umbætur, sem ég tel að gera þyrfti á bankalöggjöfinni.

Þá kem ég að hinu atriðinu, sem mestu máli skiptir í sambandi við frv. það, sem hér liggur fyrir, en það er þetta: að hve miklu leyti má telja, að til móts sé komið við þær endurbætur, sem hér er þörf á. Það er að vísu í frv. gert ráð fyrir því, að losað verði um tengslin milli seðlabankans og sparisjóðsdeildar Landsbankans, þar sem skipuð er sérstök stjórn fyrir seðlabankann. Sé litið á þetta atriði út af fyrir sig, þá leiðir það af því, sem ég hef þegar sagt, að það verður að teljast spor í rétta átt. En þegar aftur á móti er litið á frv. í heild og ekki sízt aðdraganda þess, þá er fyrir því vissa, að hvað snertir þessa fyrirkomulagsbreytingu, þá er í rauninni um algert aukaatriði að ræða. Það, sem er aðaltilgangur frv., og um það skildist mér í rauninni að þeir tveir hv. þm., sem hér töluðu á undan mér, væru sammála, hversu mikið sem þá greindi á að öðru leyti, er ekki endurbætur á núverandi skipan bankamálanna, heldur mannaskipti og fjölgun manna í stjórnum bankanna. Bezta sönnun þessa er frv. sjálft og hin einstöku ákvæði þess. Það þarf ekki að fara ýtarlega í gegnum

þetta frv. til þess að gera sér ljóst, að það fjallar nær eingöngu um breytingar á stjórn bankanna, og til þess að sanna þetta frekar má benda á það, að í frv. eru í rauninni nær engin ákvæði um hina fyrirhuguðu verkaskiptingu milli seðlabanka og viðskiptabanka Landsbankans, en að því leyti, sem ákvæði eru um slíkt, þá eru þau mestmegnis af handahófi og jafnvel óeðlileg. Mun það einsdæmi, að svo sé kastað höndum til löggjafar, sem á að vera grundvöllur framtíðarskipunar peningamála landsins.

Í löggjöf annarra landa um þjóðbanka eru að jafnaði settar skýrar reglur um þau tæki, sem bankanum er ætlað að beita til þess að hafa áhrif á gjaldmiðilsmagnið í þjóðfélaginu, og hversu þeim skuli beitt. Það eina, sem ég fæ séð að felist í þessu frv. um þessi atriði, eru ákvæði 11. gr. frv. um heimild seðlabankanum til handa um ákvörðun hámarks útláns- og innlánsvaxta viðskiptabanka og sparisjóða. Það er nú að vísu talið eitt af verkefnum seðlabanka að ákveða vaxtafótinn í landinu, þó að ekki megi loka fyrir því augunum, að áhrif bankans verða hér alltaf takmörkuð, þar eð vaxtafóturinn ákveðst að verulegu leyti af öflum, sem stjórnarvöldunum eru óviðráðanleg. En hvað sem því líður, þá er ákvörðun hámarksvaxta banka og sparisjóða síður en svo eðlilegasta ráðstöfunin í þessu sambandi.

Þá kem ég að því, sem í rauninni er aðalinnihald þessa frv. og kjarni þess, en það eru ákvæðin um breytingar á stjórn bankanna og þá aðstöðu, sem stjórnendum bankanna er ákveðin í framtíðinni samkv. frv. Ég gat áðan ágreinings um það, að hve miklu leyti stjórn seðlabankans ætti að hafa aðstöðu til þess að marka sjálfstætt stefnuna í peningamálum, óháð ríkisvaldinu. Í því sambandi lýsti ég þeirri skoðun minni, að eðlilegast væri, að ríkisstj. markaði þá stefnu og bæri þá auðvitað ábyrgð á henni, og líta bæri því á stjórnendur bankanna sem embættismenn, er skylt væri að framfylgja þeirri stefnu, sem ákveðin er, eins og öðrum embættismönnum. En mér er ekki kunnugt um það, að í okkar nágrannalöndum eða öðrum þeim löndum, sem búa við svipaða stjórnarhætti, sé ágreiningur um það, að stjórnendur seðlabankanna eigi að njóta persónulegs öryggis, sem sízt sé minna en það, sem aðrir embættismenn, er skipa háar trúnaðarstöður, njóta. En það sjónarmið, sem liggur að baki þessu frv., er algerlega gagnstætt. Kjarni frv. er nefnilega sá að skapa fyrir því fordæmi og gera það jafnvel að reglu, að ný ríkisstj. láti það jafnan vera sitt fyrsta verk að skipta um alla stjórnendur peningastofnana landsins. Það eru ákvæði um það, eins og hv. 1. þm. Rang. hefur bent á á undan mér, að núverandi umboð bankaráðsmanna og annarra stjórnenda bankanna skuli falla niður, þó að þau séu ekki útrunnin, ef miðað er við þann tíma, sem þessir menn hafa verið kosnir til þessara trúnaðarstarfa á sínum tíma.

Röksemdin fyrir því, að þetta sé nauðsynlegt, er sú, að hér sé gerð svo gagngerð breyting á skipan bankanna, að slíkt sé eðlilegt og nauðsynlegt. En nú er tilfellið það, að aðaltilgangur og kjarni þessa lagafrv. er bersýnilega sá að skipta um stjórn í bönkunum, svo að auðvitað mundi enginn hlutur vera auðveldari fyrir þær ríkisstj., sem á eftir koma, en að leika þar hinn sama leik og það algerlega óháð því, hvort umboð þeirra manna, sem þetta mál snertir, er að öðru leyti útrunnið. Hlýtur þetta auðvitað að skapa algert öryggisleysi fyrir þessa menn og í rauninni mjög erfitt að koma auga á það, að sé markmiðið það að sjá fyrir því, að rekin sé fullkomlega ábyrgðarlaus stefna í peningamálum landsins, þá verður það varla tryggt með betra móti en þessu.

Hins vegar skal ég endurtaka það, að þar sem peningamálin eru svo þýðingarmikill þáttur efnahagsmálanna, þá tel ég það sjálfsagðan og eðlilegan hlut, sem sjálfsagt er að tryggja betur en kann að vera gert með núgildandi bankalöggjöf, að ríkisstj. ráði stefnunni í þessum málum. En slíkt á að tryggja með löggjöf, sem sett er um stefnuna í peningamálum og þau tæki, sem réttast þykir þar að beita; hins vegar á ekki að fara þá leið, sem hér er farin, að setja yfirleitt ekki um þetta neinar reglur, heldur aðeins að skipta um menn. Fyrrnefnda leiðin er sú, sem er farin, að því er ég bezt veit, í öllum siðmenningarlöndum. Þar fyrir getur oft til þess komið, að af ríkisstjórnarskiptum leiði það, að bankastjóraskipti verði og þess háttar. Það mundi þá bera þannig að hendi, að bankastjórarnir treystu sér ekki til þess að framfylgja þeirri stefnu, sem ríkisstj. ákveður, og er eðlilegt, að í slíkum tilfellum komi þeir til að víkja.

Því miður verður að líta þannig á, að þessi frv., sem hér hafa verið lögð fram, ef samþ. verða, séu síður en svo spor í þá átt að tryggja heilbrigða skipan peningamála í landinu, heldur óttast ég mjög, að áhrif þeirra verði hin gagnstæðu. Af slíkri skipan peningamála hlýtur að leiða það, hvað sem öðru líður, að mikill pólitískur ófriður hlýtur ávallt að standa um peningastofnanir landsins; og ekki sízt eins og útlit er í okkar peninga- og fjármálum nú, þar sem vöxtur verðbólgunnar virðist aldrei hafa verið örari heldur en nú, þá er það varla of djúpt í árinni tekið, þó að það sé talinn mikill ábyrgðarhluti, svo að ekki sé meira sagt, að stofna til slíks ófriðar um peningastofnanir landsins sem hlýtur að leiða af samþykkt þessara frumvarpa.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég geri nú ráð fyrir því, að engum hv. þm. komi það á óvart, að þessi bankafrv. eru lögð hér fyrir Alþingi, því að þau hafa verið boðuð lengi, og við höfum getað búizt við því, að þeirra fæðing hefði ekki verið eins örðug og raun hefur orðið á, því að þetta þing er nú búið að standa nokkuð á áttunda mánuð, þegar þessi afkvæmi hæstv. ríkisstj. loksins sjást hér í sölum Alþingis.

Það eru nú ekki nema fáar vikur, þangað til 30 ár eru liðin frá því, að fyrsta stjórn Framsfl. tók við völdum í okkar landi, sumarið 1927. En eitt af fyrstu verkum þeirrar ríkisstj., sem var einlit Framsóknarstjórn, var að setja ný lög um Landsbanka Íslands. Og þau lög, sem eru frá því í apríl 1928, höfðu í sér margvísleg nýmæli, en eitt aðalnýmæli þeirra laga var ákvæðin um

bankanefnd, 15 manna nefnd, sem í skyldi kosið með löngu millibili, og þeirri nefnd falið m. a. það verkefni að kjósa bankaráð. Það þótti mörgum dálítið undarlegt, þegar þessi skipan komst á, en það var fyrir henni mælt af hálfu ríkisstjórnarinnar og þess meiri hl., sem þá stjórnaði landinu, að þessi bankanefnd ætti að vera öryggisventill til að koma í veg fyrir það, að það yrðu of miklar og örar breytingar á starfsemi bankans, og væri til þess gerð að skapa frið um þessa stofnun. Þetta fyrirkomulag hefur gilt síðan og hefur haft það í för með sér, að það hafa verið nokkuð seintækar breytingar, ef svo mætti segja, á stjórn bankans, en um leið öryggi fyrir því, að það væri ekki farið að hlaupa eftir pólitískum kröfum einstakra flokka eða manna að því er snertir stjórn þessarar merkustu peningastofnunar okkar lands.

Nú hefur ekki verið dregin á það nein dul í blöðum, á fundum eða annars staðar, hver væri tilgangurinn með þeirri breytingu, sem nú er hér fyrirhuguð á lögum um Landsbanka Íslands. Tilgangurinn væri sá að koma í veg fyrir, að það ástand héldi áfram, sem nú væri, og Sjálfstfl. einn réði þessari peningastofnun. Þetta slúður, þessi blekking er það, sem ég stend upp til að mótmæla við 1. umr. þessa máls, af því að ég hef það mikla þekkingu á starfsemi Landsbanka Íslands, að ég veit, að þetta tal um það, að Sjálfstfl. einn ráði starfsemi þessarar stofnunar, er út í bláinn. Það hefur verið reynt að nota það sem blekkingaáróður úti á meðal þjóðarinnar, og það meira að segja gengur svo langt, að nú við 1. umr. þessa máls leyfir hæstv. forsrh. sér, um leið og hann leggur þetta frv. fyrir, að bera þetta á borð fyrir þingheim.

Ég er nú búinn að vera í bankaráði Landsbankans í þrjú ár. Ég hef verið þar með sömu mönnunum fjórum allan þann tíma. F. h. Framsfl. hafa starfað í bankaráði tveir menn, í fyrsta lagi Vilhjálmur Þór, þáverandi forstjóri Sambands íslenzkra samvinnufélaga, en þegar hann varð bankastjóri Landsbankans, tók við Steingrímur Steinþórsson, fyrrverandi forsrh. F. h. Alþfl. hefur í bankaráðinu verið starfandi Baldvin Jónsson lögfræðingur. Nú á þessu tímabili hafa verið þrír sjálfstæðismenn, það er satt, en ég hef ekki orðið þess var á neinum þeim fundi, sem bankaráðið hefur haldið á þessu tímabili, að það væri nokkur ágreiningur um þau mál, sem þar hafa verið fram borin, og bankaráðið hefur fylgt dyggilega þeirri skyldu, sem er fyrirskipuð í bankalögunum, að skipta sér ekkert af daglegri starfsemi eða lánveitingum bankans, nema það séu einhver heildaratriði, stórar ábyrgðir eða annað slíkt, sem um hefur verið að ræða.

Það er þess vegna fullkomin ástæða til að mótmæla því, að það séu alveg áhrifalausir menn, sem hafa verið fulltrúar Framsfl. og Alþfl. í bankaráðinu, ekki einasta á þessu tímabili, heldur og fram að þessum tíma.

Varðandi framkvæmdastjórn bankans er sama að segja. Það má hver maður trúa því, sem vill, en þeir, sem þekkja til, trúa því ekki, á meðan þar voru þrír bankastjórar, Jón Maríasson, Jón Árnason og Gunnar Viðar, að tveir þessara bankastjóra, sjálfstæðismennirnir, hafi ráðið öllu, en Jón Árnason hafi þar engu ráðið. Það má líka hver sem vill bera það á borð fyrir almenning eða þingheim hér, að í núverandi bankastjórn, þar sem eru tveir sjálfstæðismenn og einn framsóknarmaður, sá sem ég nefndi áðan, Vilhjálmur Þór, ráði sjálfstæðismennirnir öllu, en Vilhjálmur Þór engu. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að það sé rétt, sem bankastjórarnir hver á fætur öðrum hafa sagt mér, að það séu ekki afgreidd þar nein lán, sem verulegu máli skipti, nema allir bankastjórarnir séu sammála.

Þetta vil ég taka fram vegna þess, að það er augljóst og yfirlýst, að aðaltilgangurinn og í rauninni eini tilgangurinn með þessu frv. um breytingu á Landsbankanum sé að skipta um menn og koma í veg fyrir það, að Sjálfstfl. einn geti haldið áfram að ráða þessari stofnun.

Nú er það sýnt á þessu frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 553, að það, sem er aðalatriðið í því frv., er að fjölga starfsmönnum við Landsbankann, skipta honum í tvennt, búa til tvær stjórnir og fjölga starfsmönnunum um 5. Hitt aðalatriðið er það að sparka núverandi bankaráði til þess að geta komið því til leiðar að setja nýja menn sem framkvæmdastjóra við viðskiptadeild bankans.

Þetta hefur það í för með sér í fyrsta lagi, að það eykur kostnaðinn við stjórn stofnunarinnar um nokkur hundruð þúsund, svo að ekki sé meira sagt. Og eins og ástandið er nú í okkar peningamálum, þá er áreiðanlegt, að það er óþarfakostnaður, sem hér er verið að stofna til, algerlega óþarfur kostnaður. Enda þótt það hafi verið um það ágreiningur oft og deilur, hvort það væri ekki rétt fyrirkomulag að hafa sérstakan seðlabanka, þá er það út af fyrir sig, eins og nú standa sakir og jafnillt ástand og er orðið fyrir atbeina stjórnar og þings í okkar fjármálum, sannarlega óþarfi að stofna til þess stórkostlega aukna kostnaðar, sem með þessu frv. er stofnað til.

Hins vegar er það augljóst, að aðaltilgangurinn er að losna við menn, sem núverandi ríkisstj. og stjórnarflokkum þykir þörf á að losna við, og fá aðra í þeirra stöður, ekki til þess að koma í veg fyrir hlutdrægni, því að það er misskilningur, að hún hafi verið í starfsemi þessarar stofnunar, heldur að ætla mætti til þess að stofna til hlutdrægni. Maður a. m. k. hefur ástæðu til að gruna, að sá sé tilgangurinn. Og ég held, að þó að maður sleppi því, þá verði afleiðingin af þessum frv., sem hér liggja fyrir, sú á komandi tímum, sem ég held að sé ekki heppilegt ástand, að hvenær sem verður skipt um ríkisstj. í þessu landi, þá verði breytt um forustu í bönkum landsins. Þeir verða þar með gerðir að eins konar pólitísku bitbeini í stað þess að hafa um það fullan frið, eins og hefur verið á undanförnum árum undir því skipulagi, sem á stjórn Landsbankans hefur verið.

Þess vegna vil ég nú þegar láta það í ljós, að ég get með engu móti fallizt á að fylgja þessu frv. og tel, að það stefni alveg í óheillavænlega átt. Það er byggt á fölskum forsendum og stefnir í þá átt, sem leiða mundi til ófarnaðar fyrir peningastarfsemina í landinu á komandi árum, því

að enginn þarf að ætla það, þó að þessi ríkisstj., sem við höfum nú, sé voldug og þykist ætla að starfa lengi, að þá verður hún þó ekki marga tugi ára starfandi, og hvenær sem önnur kemur, þá mundi verða breytt því skipulagi, sem á þennan hátt er til stofnað.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Aðrir hv. þm. hafa nokkuð rætt efni þessara frv., og skal ég ekki á þessu stigi málsins víkja að því, sem neinu verulegu skiptir. En að gefnu tilefni í ræðu hæstv. forsrh. langar mig til þess að beina til hans fsp., sem ég tel að sé nauðsynlegt að svarað sé og þm. fái nánari vitneskju um.

Það er af því tilefni, að hæstv. ráðh. rekur aðstöðu sjálfstæðismanna í bönkunum, eins og margir hafa minnzt á hér, og vekur athygli á því, að sjálfstæðismenn séu í meiri hluta af bankastjórum og af bankaráðsmönnum, segir í því sambandi, að áður hafi enginn einn flokkur ráðið óskorað í bönkunum. Hann orðaði það nú að vísu: viðskiptabönkunum, hann hefur sennilega verið minnugur þess sem formaður bankaráðs Búnaðarbankans, að þar hafa framsóknarmenn bæði meiri hluta í bankaráði og einn bankastjóra og samkvæmt þessari kenningu alráðir. En hann orðaði það svo, að enginn einn flokkur hefði áður ráðið óskorað í viðskiptabönkunum og við þetta gæti stjórnin ekki unað.

Nú hafa þm., sem hér hafa talað, bent á, hversu fjarstæðukennt er og eiginlega óskiljanlegt, að hæstv. forsrh. skuli láta sér það um munn fara, að sjálfstæðismenn hafi ráðið óskorað í þessum bönkum, eins og stjórn þeirra er háttað. En af þessu dregur hann þessa ályktun: Það liggur í augum uppi, — ég held, að þetta sé nokkurn veginn eins og hæstv. ráðh. orðaði það, — að þessu getur ríkisstj. ekki unað. Og síðan bætir hæstv. ráðh. við: Og til þess liggja svo augljós rök, að ekki þarf að rekja.

Nú fer ég ekki fram á annað og meira en að hæstv. ráðh. við þessa 1. umr. málsins geri mér og öðrum hér á þingi grein fyrir þessum svo augljósu rökum, sem til þess liggja, að hæstv. ríkisstj. geti ekki unað við þessa skipan.

Um leið og ég beini þessari fsp. til hæstv. ráðh. og vil mega vænta þess, að úr henni verði leyst greiðlega, þá ætla ég að láta fylgja fsp. til hv. þm. N-Þ., af því að það vill svo til, að við höfum sameiginlega átt sæti í stjórn eins bankans, sem hér á hlut að máli, Útvegsbankans, hvort hann geti tekið undir þessar staðhæfingar hæstv. forsrh. og hvenær og hvort það hafi nokkru sinni komið fram í stjórn þessa banka, að hann hafi þurft þar að lúta í lægra haldi fyrir ofríki sjálfstæðismanna eða yfirráðum þeirra, eða auk heldur nokkurn tíma lagt til, að nokkurt mál næði þar fram að ganga, sem síðan hefur strandað á atkvæðamagni sjálfstæðismanna.

Þessari fsp. vildi ég leyfa mér að beina til hv. þm. N-Þ. sem bankaráðsmanns í Útvegsbankanum.

Á þessu stigi málsins skal ég ekki segja meira, en ég hygg, að það kunni nokkuð að vera til upplýsingar í sambandi við þær umr., sem hér fara fram, ef hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn þessara frv., sem hér liggja fyrir, vildu koma til dyranna eins og þeir eru klæddir og með hreinskilni segja frá því, sem þeim í brjósti býr, og hver eru þau augljósu rök, sem liggja að því, að þessi frv. hafa verið flutt.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég hefði að vísu talið æskilegt, að hæstv. forsrh. hefði svarað þeirri fsp., sem hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) bar fram til hans, áður en ég tók til máls, vegna þess að það hefði væntanlega varpað enn þá skýrara ljósi yfir þetta mál heldur en er. En látum það vera. Ég er engu að síður reiðubúinn nú þegar til þess að tala um málið nokkur orð.

Það er ekki í fyrsta skipti nú, sem Framsfl. að afloknum kosningum og valdatöku breytir lögunum um Landsbankann. Það var einnig gert, eftir að Framsfl. fékk völd 1927 með atbeina Alþfl. Þá var eitt þeirra fyrsta verk á þinginu 1928 að breyta löggjöf um Landsbankann, sem sett hafði verið árið áður, eða 1927, og það er eftirtektarvert mjög, að atriðið, sem þá var breytt, er, að fellt var úr lögum svo hljóðandi ákvæði 34. gr. l. frá 1927:

„Formann bankaráðsins skipar ríkisstj. til þriggja ára í senn svo og varaformann. Hina fjóra bankaráðsmennina kýs sameinað Alþingi hlutbundnum kosningum til fjögurra ára í senn svo og fjóra varamenn til jafnlangs tíma. 2 bankaráðsmenn og 2 varamenn ganga úr annað hvort ár, og ræður hlutkesti, hvorir tveir bankaráðsmenn og varamenn ganga úr í fyrsta skipti."

Þegar flokkurinn kom til valda 1928, þá var sem sagt ótækt að láta sameinað Alþingi kjósa fjóra bankaráðsmenn, heldur varð að setja upp heilmikið bákn, bankanefndina svokallaða, til þess að áhrif Alþingis yrðu ekki jafnrík á skipun bankaráðsins og störf bankans og ráðgert hafði verið með lögunum 1927. Allir vissu raunar, að þó að þetta væri fært fram sem ástæða og mjög væri um það talað á þeim árum, að ótækt væri, að Alþingi og ríkisstj. hefðu mjög mikil og bein áhrif á bankann, heldur yrði að safna í kringum hann áhrifamannahóp, sem héldi honum utan við daglegar deilur, að það, sem í raun og veru var að gerast, var þetta, að Framsfl. og Alþfl. vildu ekki una því að hafa ekki sjálfir meiri hluta í bankaráðinu og sérstaklega bankaráðsformanninn, og þess vegna var þetta viðamikla fyrirkomulag um stóra bankanefnd tekið upp og látið svo sem það væri fáheyrð óhæfa, að Alþ. hefði slík bein áhrif á stjórn bankans að kjósa bankaráðið.

Nú er þessu alveg snúið við, nú má ekki lengur hafa bankanefndina, þetta skilgetna afkvæmi Framsfl. og Alþfl. frá 1928, nú á sáluhjálparatriðið að vera hitt, að sameinað Alþingi kjósi fjóra menn í bankaráðið, að vísu með hlutfallskosningum, alla í einu.

Enn er tilgangurinn sá hinn sami og 1928, að á bak við sakleysislegt orðalag er verið að fela þá staðreynd, að skapa þarf auða stóla, að ætla þarf skjólstæðingum og gæðingum þessara flokka fjölda embætta og auka þeirra yfirráð og völd í þjóðfélaginu. Það má að vísu virða hæstv. forsrh. það til lofs, að hann endaði ræðu sína

með því að lýsa því berum orðum yfir, að þessi væri tilgangurinn að ná þarna pólitískum tökum, þó að allar röksemdir skorti fyrir því, hvaða ágreiningur hefur orðið milli núverandi forráðamanna bankanna og ríkisstj. eða stjórnarflokkanna, sem réttlæti, að til slíkra ráða sé gripið.

Það er óhjákvæmilegt, að hæstv. ríkisstj. verði krafin sagna um það, hvaða ágreiningur hefur ríkt innan Landsbankans milli bankastjóranna þar, milli bankastjóranna og bankaráðsins, á milli bankaráðsins innbyrðis og á milli bankans í heild og ríkisstj., í hverju hefur þessi ágreiningur komið fram, sem réttlæti jafnróttækar breytingar og hér eru ráðgerðar.

Í því nægja ekki almenn ummæli þess efnis, að sjálfstæðismenn hafi yfirráð yfir bönkunum. Í hverju hefur það komið fram, að þessum svokölluðu yfirráðum sjálfstæðismanna hafi nú eða undanfarið verið beitt flokknum eða flokksstefnunni einhliða til framdráttar? Á hvern veg hafa aðrir landsmenn orðið þar að sitja við skarðan hlut? Og hvenær hafa þeir framsóknarmenn, sem gegnt hafa bankastjórastöðum í báðum þessum bönkum ásamt Alþýðuflokksmönnum, gert fyrirvara, áskilnað, athugasemdir við gerðir bankastjórnarinnar og talið, að þar væri hallað réttu máli einhverjum einum flokki til framdráttar? Ef slíkt lægi fyrir, þá væri hægt að segja, að efnislegar ástæður væru fyrir hendi. En því fer svo fjarri, að um þetta séu nefnd dæmi, að í því eina tilfelli, þar sem mér er kunnugt, frá því að núverandi hæstv. ríkisstj. kom til valda, að segja megi, að til nokkurs ágreinings hafi komið milli eins ráðh. og bankanna, þá játaði ríkisstj. eftir á og þessi hæstv. ráðh., að hann hefði haft rangt mál að flytja, en það var þegar hæstv. félmrh. fór þess á leit, að bankarnir allir í heild lánuðu fé í húsnæðisframkvæmdir.

Það er einnig vitað, að það voru ekki sjálfstæðismennirnir einir, sem stóðu að þeirri synjun, sem þá var veitt á málaleitan ríkisstj. eða ráðh., heldur er það fullkunnugt, að þeir voru ekki síður hvetjandi þeirrar afstöðu, sem bankarnir tóku, Vilhjálmur Þór, Valtýr Blöndal og Hilmar Stefánsson, heldur en aðrir bankastjórar. Engan þessara manna, hvorki framsóknarmennina né sjálfstæðismennina, skorti viljann til þess að leysa úr þeirri mjög aðkallandi þörf, sem fyrir hendi var, heldur var það, sem skorti, fjármagnið, og þess vegna gerðu bankastjórarnir ekkert annað en að benda á þá staðreynd, sem augljós var, að eins og til háttaði og með minnkandi sparifjármagn í landinu gátu bankarnir ekki leyst þessa raun, svo mjög sem þeir hefðu viljað.

Ríkisstj. sjálf féllst og á þessa skoðun bankastjóranna, þegar hún skömmu síðar lagði fram sitt húsnæðismálafrumvarp, og lögskyldaði þá bankana alls ekki til framlaga, heldur fór allt aðrar leiðir, leiðir, sem deila má um, hversu haldgóðar séu og raunhæfar, en a. m. k. þar sem tilraun var til gerð að leysa málið eftir allt öðrum veg en þeim, sem í upphafi hafði verið ætlað, að fá bankana til að leggja eina fram fé.

Þannig hefur ríkisstj. í því eina tilfelli, sem kunnugt er, að til nokkurs skoðanamunar hafi um sinn komið á milli hennar og núverandi bankastjóra, allra í heild, játað eftir á, að hún hefði haft rangt fyrir sér, en bankarnir rétt. Þetta er óhjákvæmilegt að bent sé á. Um annan ágreining er ekki kunnugt, og ég vil beina því til hæstv. ríkisstj., að hún upplýsi, í hverjum öðrum tilfellum ágreiningur hefur komið fram, og ég vil vænta þess, að ef slík gögn verða ekki lögð fram á Alþingi nú í dag eða við 1. umr. málsins, þá gangi þingnefnd rösklega í það verk, sú sem málið fær til meðferðar, að kynna sér starfsemi og starfshætti bankanna, í hvaða tilfellum ágreiningur hefur orðið, í hvaða tilfellum flokkslegu valdi hefur verið beitt, annaðhvort af sjálfstæðismönnum í þeim bönkum, sem hér er um að ræða, eða í Búnaðarbankanum af Hilmari Stefánssyni, Hermanni Jónassyni og öðrum þeim, sem þar hafa völdin. Þetta er atriði, sem nauðsynlegt er að rannsaka og liggi fyrir, áður en Alþingi tekur efnislega afstöðu til málsins, ef hér er um efnisleg rök að ræða. Ef ekki, er eingöngu um hitt að tala að taka á til sín, að hrifsa á til sín með valdi yfirráð yfir þessum fjármálastofnunum.

Það er óumdeilt, að núverandi hæstv. ríkisstj. hefur meiri hl. á Alþ., hún getur knúið þessa löggjöf fram. Það er vafalaust búið að semja um hana í einstökum atriðum. Við vitum, að þeir 220 dagar, sem við erum búnir að vera við þetta þinghald, hafa að verulegu leyti farið í innbyrðis togstreitu milli þessara háu herra um það, í hvern stólinn hver um sig ætlaði sér að ná, hverja vegtyllu hver ætti að fá og jafnvel um það, hver ætti að undirskrifa skipunarbréfið til hvers og eins, vegna þess að sumir eru svo fínir, að þeir verða að hafa finna skipunarbréf en allir aðrir í landinu. Í þetta hefur starfstíma, — ja, það er ekki hægt að kalla það starfstíma, — en í þetta hefur tíma Alþingis verið varið. Staðreyndin er sú, að sér grefur gröf, þótt grafi, og Framsfl. var með bankalöggjöfinni 1928 að hrifsa til sín völd, vegna þess að hann vildi ekki una þeirri lögskipan, sem fest hafði verið árinu áður. Síðan hafa þessi lög, sem þá áttu að tryggja völd Frams.- og Alþfl. um alla framtíð, verið óbreytt. Það er eftir þeirri löggjöf, sem þessir menn sjálfir settu til þess að tryggja sín óbifanlegu og óhagganlegu völd, sem farið hefur verið, og það er hún, sem leiðir til þess óviðunandi ástands, sem hæstv. forsrh. var hér að tala um áðan, þess óviðunandi ástands, að Framsfl. hefur enn ekki þau völd, sem hann vill heimta sér í þjóðfélaginu, og að Hermanni Jónassyni, hæstv. forsrh., hefur þrátt fyrir gagnstæðar fullyrðingar Tímans um, að slíkt mundi aldrei verða gert, enn ekki tekizt að efna loforðin við bandamenn sína, kommúnistana, um að tryggja þeim varanlegar stöður í helztu áhrifastofnunum þjóðfélagsins. Það eru þær efndir, sem nú er verið að ganga eftir, og það er auðvitað ósköp eðlilegt, að kommúnistarnir, sem hafa orðið að kingja öllu, sem þeir hafa orðið að kingja í vetur, og þola þá raun að styðja stjórnina til þeirra verka, sem þeir hafa gert, — það er ósköp eðlilegt, að þeir vilji eitthvað fá fyrir sinn snúð. Það er ósköp eðlilegt, að hæstv. forseti segi: Ja, ef ég á að styðja her í

landi, ef ég á að styðja hæstv. utanrrh. til þess að fara suður í Bonn og tala um það, að Ísland verði að verja, ef ég á að standa undir slíku, þá verð ég að fá eitthvað fyrir snúð minn, og það er nú ekki minna hægt að ætla mér en fá einn stól í Landsbankanum. — Með þessu er ég sízt að segja, að hæstv. forseti deildarinnar muni verða lakari maður í Landsbankanum heldur en aðrir legátar, sem Framsfl. mundi senda þangað.

Ég vil sem sagt láta það uppi, þó að þessi löggjöf lýsi því, að Framsfl. getur ekki einu sinni unað þeim leikreglum, sem hann sjálfur hefur sett, ef hann verður þar undir í bili að eigin dómi. Það er það, sem lýsir sér í þessari löggjöf, að Framsfl. setur leikreglurnar, og ef þannig stendur á skamma hríð, að hann telur þær sér ekki hagstæðar, þá breytir hann sjálfur leikreglunum til að bolast til valda. Þetta er þeirra aðferð nú, þetta var þeirra aðferð 1928, þetta var sú aðferð, sem hæstv. forsrh. leyfði sér að hafa, þegar hann var nýorðinn forsrh. 1934, þegar hann með einu pennastriki setti frá tvo af æruverðugustu og beztu lögfræðingum íslenzku þjóðarinnar, hæstaréttardómarana Eggert Briem og Pál Einarsson, til þess að geta sjálfur skipað meiri hluta hæstaréttar. Og það er sama aðferðin, sem Alþfl. gerði sig sekan um í dómsmálastjórnartíð hans, 1946, þegar dómsmrh. Alþfl., maður, sem ég persónulega hélt mjög upp á, Finnur Jónsson, og hef ekki nema allt gott um að segja, beitti sinni dómsmálastjórn til þess að fá færi á því að skipa meiri hluta hæstaréttar enn á ný og hafði aðferðina til þess, sem var gott, að fjölga í hæstarétti, — það var nauðsynlegt og mál, sem ég hafði beitt mér fyrir ásamt öðrum mönnum, — en það var ekki látið þar við sitja að bæta tveimur mönnum við, nei, meiri hlutann varð að fá þessum flokkum hagstæðan, að því er þeir töldu, og þess vegna varð þá að setja frá fremsta lögfræðing Íslands frá landnámstíð, Einar Arnórsson. Þá mátti ekki una því, að þessi heiðursmaður yrði 70 ára, heldur varð að setja hann í fullu fjöri, 65 ára, á full laun, starfslausan af hálfu ríkisins, til þess að einn ráðh. gæti gert slíka byltingu sem það er að skipa í einu meiri hl. æðstu dómsstofnunar þjóðarinnar. En það verður að játast, að þeir menn, sem voru skipaðir í þessi störf, reyndust í raun og veru meiri þeim, sem skipuðu þá. Þeir hafa engir látið nota sig til neinnar flokksáníðslu eða hlutdrægni. Þeir hafa allir reynzt góðir og gegnir menn í sínu starfi, þeir hæstaréttardómarar, sem hæstv. forsrh. skipaði og Finnur heitinn Jónsson skipaði á sínum tíma, þannig að sú umbylting, sú breyting á störfum hæstaréttar, sem var talað um og ráðgerð, áður en þessar byltingar urðu, varð nákvæmlega engin, það var fullkomið samhengi í störfum hæstaréttar eftir sem áður, vegna þess að mennirnir léðu sig ekki til þess að verða verkfæri í höndum pólitísks ofstækismanns eða valdabröltara eins og hæstv. forsrh.

Alveg eins fór það, að Framsfl. ætlaði að ná yfirráðum yfir Landsbankanum 1928 með þeirri breytingu, sem gerð var. Þá var settur frá Sigurður Briem, mikill hæfileika- og heiðursmaður, hagfræðingur. Hann var settur frá sem formaður bankaráðsins og í hans stað valinn Jón Árnason, sem var síðan formaður bankaráðsins langan tíma. Ég er Jóni Árnasyni ekki sammála um alla hluti og tel, að hans áhrif hafi um sumt ekki að öllu leyti verið til heilla. En við vitum það öll, sem hér erum inni, að þó að Framsfl. efldi hann mjög til áhrifa, þá lét hann aldrei nota sig sem neitt verkfæri fyrir pólitískan flokk í bankanum, heldur smáfjarlægðist hann sína gömlu vini með þeim hætti, að þegar þeir þurftu að fá hann til þess að tala um fjármálaástandið í vetur í sínu flokksfélagi, — hann mun nú ekki hafa lýst því fagurlega, — þá var hann orðinn svo ókunnugur í þeim hóp og því liði, sem þar var saman safnað, að það þurfti að halda sérstaka ræðu til þess að kynna hann fyrir söfnuðinum, þennan gamla forustumann flokksins. Eins er það með þessa sjálfstæðismenn, sem hafa valizt, — og óumdeilanlega eru tveir af bankastjórum Landsbankans sjálfstæðismenn nú og tveir af bankastjórum Útvegsbankans sjálfstæðismenn, eins og Vilhjálmur Þór er óumdeilanlegur framsóknarmaður og Valtýr Blöndal er óumdeilanlegur framsóknarmaður, — að allir þessir menn, þegar þeir eru komnir til sinna starfa, reyna án tillits til þess, hvern þeir kjósa við kjörborðið og hvaða meiri hluti skipaði þá, að leysa sín störf eftir beztu vitund og sannfæringu, og þess vegna einmitt er það, að þessi ágreiningur, sem er verið að tala um að hafi verið innan bankans og sé á milli bankanna og ríkisvaldsins, er ekki til. Það er ekki af neinni tilviljun, að hæstv. forsrh. segir: Ja, það er augljóst, að þetta er óþolandi. — Það er augljóst, ég vil ekki una leikreglunum, — hann gat alveg eins sagt það, sá góði mann. En efniságreiningurinn er ekki fyrir hendi. Það er þess vegna, sem hæstv. forsrh. rakti það ekki áðan, og það er þess vegna, sem hann skaut sér undan að svara fyrirspurn hv. 5. þm. Reykv., sem hann bar fram og átti að vera ósköp einfalt að svara, og ég segi það alveg eins og er, að ég tek þetta mál frekar sem dæmi um — ef svo má segja — labbakútshátt Framsfl. og þessa gamalþekktu aðferð að vilja ekki una leikreglunum, sem þeir hafa sjálfir sett, ef þeir fá ekki allt það fram, sem þeir vilja, í vegtyllum og fínum stólum. Ég tek frv. meira sem dæmi um það heldur en ég búist við því, að þessir menn, sem þarna eiga að koma, muni hafa einhver ógnarleg áhrif í fjármálalífi þjóðarinnar. Ég tek alveg undir það, sem 1. þm. Rang. sagði hér áðan: Þessir menn, sem þarna koma, skapa ekki neitt nýtt fjármagn. — Það eina, sem ég vildi vara við, væri að passa, að Einar Olgeirsson kæmist ekki að seðlapressunni, en þar fyrir utan held ég, að fjármagnsmyndunin hjá þeim verði ósköp lítil, og ég vil ekki væna neinn af þessum mönnum, sem ég hef heyrt nefnt að eigi að fara í þessar stöður, um hlutdrægni eða það, að þeir muni skapa neitt það ósamkomulag innan bankastjórnarinnar, sem muni marka nokkur tímamót í sögu fjármálalífs eða þróunar þjóðlífs á Íslandi. Þessi nýju l. — það má titla þau þannig — munu standa sem óbrotgjarn minnisvarði um hlutdrægni Framsfl., um viðleitni hans til þess að ná í sem flest bein og bitlinga sér til handa, eins og við höfum þekkt frá gamalli tíð að er þeirra mesta

áhugamál, því að sannast sagt hefur fátt lýst betur vanþekkingu ritstjóra Tímans á eðli sinna eigin flokksmanna heldur en þegar hann var um daginn að tala um, að það yrði hafður auður sendiherrastóll úti í Kaupmannahöfn. Það stóð heldur ekki á því, að hæstv. forsrh. hringdi strax út til Hafnar og segði: Nei, það hefur okkur aldrei komið til hugar. — Það sannaðist þar eins og alltaf sannast, að það má enginn stóll vera auður, það má enginn möguleiki vera til þess að hrifsa til sín bita eða bein, svo að þessir gírugu krákar séu ekki þar komnir til þess að reyna að krækja sér í þá. Það er sem minnisvarði um þetta eðli Framsfl., sem þessi löggjöf mun standa, og svo það, að hann þarf að borga sitt aðgöngugjald að þessum stól með því að skaffa Einari Olgeirssyni stól niðri í Landsbanka.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég ætla ekki að hjálpa til þess að koma þessum umræðum inn á níð um menn og flokka, en ég gæti trúað því, að einhverjir, sem hafa hlustað á þessa ræðu hv. þm. Reykv. (BBen), hafi talið, að fram kæmu frekar lítil rök í því máli, sem verið er að ræða um. Hann orðaði það svo smekklega að segja, að þetta væri eitt af lubbaháttum Framsfl., lubbamennsku eða eitthvað þess háttar, sem er nú nokkurn veginn það sama. Ég held, að hv. 1. þm. Reykv. ætti að forðast að draga það inn í umr., hverjir stjórnmálamenn beiti hér lubbamennsku og bolabrögðum. Það er bezt fyrir hann. Hann reyndi að nefna dæmi um þetta framferði Framsfl., og ég vil þá skora á hann, ef hann vill fara lengra í þessum umr., að benda á einhver dæmi. Ég ætla að svara þeim dæmum, sem hann minntist á, þar sem hann beindi máli sínu sérstaklega að mér, að ég hafi beitt lubbamennsku eða bolabrögðum gagnvart þeim, sem ég hef sem ráðh. haft yfir að segja og hefði haft vald til að beita. Það er bezt, að hann komi með dæmi, og ég svara því fyrir fram, að ég hygg, að honum verði ekkert auðvelt að nefna þau.

Jú, hann nefndi það, að ég hefði bolað í burtu tveimur dómurum úr hæstarétti. Þeir báðir urðu af eðlilegum ástæðum að fara, vegna þess að aldurstakmarkið 65 ár var til staðar, og lubbamennskan, eða hvað hann vill kalla það, var af því tagi, að í embættið voru nefndir menn, þegar þessum aðferðum átti að hafa verið beitt, sem hafa tryggt það alveg ótvírætt, eins og hann varð að viðurkenna seinna í sínum ummælum um þetta atriði, að við hér á Íslandi búum við það, — án þess að leggja nokkurn dóm á þá, sem verið hafa í hæstarétti, ég leiði alveg minn hest frá því, — að við búum hér í dag við réttarfar, sem við getum þakkað fyrir að eiga, öryggi dómsvalds, sem við getum þakkað fyrir að eiga. Ég býst við, að það séu fáir eða engir í þessu landi, þó að menn greini stundum á um dóma hæstaréttar, sem ekki viðurkenna, að það sé eitt af því bezta, sem við eigum í okkar þjóðfélagi.

Svo talaði hann ýmist um það, að Framsfl. væri að reyna að tryggja sér sem allra flest sæti, það væru bitlingar og bein og þar fram eftir götunum, en svo þurfti hann að koma því að líka, sem var í algerri mótsögn við þetta, að þetta væri vitanlega greiðsla til stuðningsmannanna fyrir það, að þeir hefðu stutt ríkisstj. að verkum undanfarin ár, eins og menn heyrðu. Og hann sagði einn hlut í þessu sambandi, sem ég leyfi mér að minna á, — ég ætla ekki að rekja margt af því, — hann sagði, að það væri vitanlega ekkert við því að segja, þó að þessir menn fengju starf og stöður, aðeins eitt væri það, aðeins eitt, sem ekki mætti koma fyrir, og það væri, að forseti þessarar virðulegu samkundu yrði bankastjóri við þjóðbankann. Það var það voðalegasta, sem gat komið fyrir. Nú vil ég beina þeirri fyrirspurn, af því að þeir hafa verið svo ákaflega ríflegir með fyrirspurnirnar, hvort það hafi komið fyrir, þegar var reynt að koma stjórninni saman aftur, nýsköpunarstjórninni sælu, að hæstv. forseta þessarar deildar hafi verið boðið bankastjórastarf í þjóðbankanum til þess að reyna að koma stjórninni saman. Þessir menn þekkja, að það þarf að greiða fyrir það að koma stjórnum saman, þeir geta sannarlega úr flokki talað. Ég hygg, að engin stjórn hafi kostað meira í því efni heldur en sú stjórn, sem ég minntist á áðan, án þess að rekja það nánar.

En það er bezt, að ég svari þá öðrum atriðum í þessu sambandi. Hv. 1. þm. Reykv. spurði um það, hvaða ágreiningur hafi komið fram milli bankastjóranna í Landsbankanum og Útvegsbankanum, sem geri það réttlætanlegt að breyta um. Hann skoraði á mig að svara þessu. Hann minntist á eitt mál, sem þá má gjarnan minnast á, og út fyrir það kemur vitanlega ekki til mála að fara að ræða þetta mál. Það kemur vitanlega ekki til mála að fara að flytja hér inn í hv. þingdeild deilur, sem þarna kunna að hafa verið á ferðinni. En hann minntist á eitt mál, og þess vegna skal drepið á það. Og það vill einmitt svo vel til, að núna á þessari stundu, þegar hann er að tala, er hv. þm. N-Ísf. að deila á félmrh. fyrir það, að hann útvegi ekki fé úr bönkunum í húsnæðismálin, og ég hygg, að hann sé enn að tala. Hann er að skamma stjórnina fyrir að útvega ekki peninga úr bönkunum. Það er ekkert launungarmál, að það hefur verið kallað á ríkisstj. og óskað eftir því, að hún útvegaði þessa peninga. Hún hefur sagt nei. Það er kallað á bankana, og þeir hafa sagt nei. Og það er alveg rétt, að það hafa verið fleiri bankastjórar þessu fylgjandi heldur en þeir. En menn verða að skilja það, hvert eðli bankanna er. Það er vitað mál, að bankaráðin ráða litlu eða engu í daglegum rekstri bankanna og hvernig þeim peningum, sem til eru í bönkunum, er varið á hverjum tíma. Með því að verja peningunum af hendi meiri hl. bankastjóranna, og auðvitað ráða tveir af þremur, er hægt að ráðstafa fjármagninu þannig á löngum eða stuttum tíma, að það sé hægt fyrir þann, sem sterkastur er í þessu efni, Landsbankann, að svara og kannske með vissum rökum þannig, að peningarnir séu ekki til.

Þetta er höfuðatriðið í framkvæmdinni í bankamálunum. Það er vitanlega ekki nema að verulega litlu leyti í höndum bankaráðanna, það er í höndum hinna daglegu framkvæmdastjórna.

Það er m. a. vitað, og þarf ekki að benda á það frekar hér, að með því að draga inn á einu sviði lánastarfseminnar, — það skilur hver maður

ur, — þá eru hugsanlegir möguleikar til að færa út á öðru sviði. En með því að koma lánunum þannig fyrir, að þau séu föst í einu, þá er ef til vill hægt að svara með rökum, að það sé ekki hægt að veita þau í annað, án þess að nefna þær greinar.

Ég ætla svo að minnast — ég tók fyrst það, sem síðast kom fram — á önnur atriði, sem fram hafa komið. Það er þá fyrst og fremst hv. þm. Rang. Hann sagði, að það væri raunverulega hrein blekking, að Sjálfstfl. réði óskorað bæði í Útvegsbankanum og Landsbankanum. Þetta er vitanlega algerlega rangt; það er vitað mál, að Sjálfstfl. hefur meiri hl. í bankaráðum beggja þessara banka, og enn fremur hefur hann meiri hl. bankastjóranna, sem geta ráðið öllu, sem þeir vilja ráða. Hér er því um hreina blekkingu að ræða og sézt bezt af því, að eftir þessum kenningum hv. þm. Rang. ætti það ekki að skipta máli, hvort Sjálfstfl. hefur einn eða tvo bankastjóra í bönkunum, því að ef það er ekki öðru náð með þessu frv. en því, að stjórnarflokkarnir hafi tvo af hverjum þremur í bönkunum, þá ráða þeir eftir þessu ekki óskorað.

Hann minntist á það, og það minntist hv. 1. þm. Reykv. á einnig, að þetta væri vafasamt fordæmi; og allir hafa þessir þm. eða flestir látið liggja að því, að þessi breyting muni fela það í sér, að sér grefur gröf, þótt grafi.

Sannleikurinn er sá, að þessar hótanir hafa ekkert að segja fyrir mig, — þessar hótanir um það, að sér grafi gröf, þótt grafi, hér sé fordæmi, sem hægt sé að fara eftir, o. s. frv. Við efumst ekkert um það af þeim vinnuaðferðum, sem Sjálfstfl. hefur beitt, hvaða vinnuaðferðum hann beitir, þar sem hann hefur meiri hl. Þeir þurfa ekkert að segja okkur frá því. Þar er eitt m. a., að Sjálfstfl. hefur raunverulega sjálfur grafið sér þessa gröf, ef um eitthvað slíkt er að ræða, því að honum hefur tekizt að koma ár sinni þannig fyrir borð, án þess að ég ætli að minnast hér á vinnuaðferðirnar, að hann er búinn að ná meirihlutavaldi í báðum bankaráðunum í aðalviðskiptabönkunum og jafnframt meiri hluta bankastjóranna; og hv. þm. Sjálfstfl. vita ósköp vel, hvernig þetta hefur verið gert, hvernig það hefur tekizt. Það er ekki meiri festa í fyrirkomulagi á stjórn bankanna eða þeirri löggjöf, sem um þær gildir, heldur en það, að sá flokkur, sem hefur bankamálaráðherrann á hverjum tíma, getur, eins og ég sagði áðan, sent ofan í banka með vissu árabili og látið kjósa þar meiri hl. eftir eigin geðþótta, hvað sem aðrir menn í ríkisstj. hafa sagt og segja. Og þessu valdi hefur Sjálfstfl. beitt alveg hiklaust.

Hv. 9. landsk. (ÓB) og aðrir hv. þm., sem hér hafa talað, hafa látið orð falla um það, að þessi breyting, sem hér væri gerð, væri eingöngu spursmál um vald, um meirihlutayfirráð yfir bönkunum. Þetta er vitanlega algerlega rangt, eins og ég benti á í upphafi. Útvegsbankanum er gerbreytt. Honum er breytt úr hlutafélagi í ríkisbanka, og ég vil nú satt að segja spyrja þessa hv. þm. að því: Hvað er eðlilegra en að þetta sé gert? Eins og ég rakti, þá eru fjórir af hundraði eign einstaklinga í þessu hlutafélagi. Og hvergi hefur nokkurn tíma og verður nokkurn tíma sett bankalöggjöf á Íslandi eins og sú, sem er sett um þetta hlutafélag, þar sem ríkisstj. á tilviljunarkenndan hátt, hvaða flokkar sem eru með henni hverju sinni, ræður algerlega yfir skipan bankans. Vitanlega er ekkert eðlilegra en að þetta hlutafélag væri gert að ríkisbanka, þar sem einstaklingar leggja ekki til nema svo sáralítið brot af hlutafé bankans, og þá um leið vitanlega eðlilegt, að um leið og þessi banki er gerður að ríkisbanka, þá kjósi sameinað Alþingi stjórn bankans á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í því lagafrumvarpi. Það er enn fremur alger blekking, að ekki sé gerbreyting gerð á Landsbankanum. Ég rakti það áður og sé ekki ástæðu til að endurtaka það. Seðlabankinn er gerður miklu sjálfstæðari gagnvart viðskiptabanka Landsbankans og þá um leið jafnari aðstaða hans gagnvart öðrum viðskiptabönkum heldur en verið hefur.

Hér var um það spurt af hv. 5. þm. Reykv., hvort það teldust eðlileg rök, þar sem ég minntist á, að óeðlilegt væri, að einn flokkur réði óskorað yfir tveimur stærstu viðskiptabönkum landsins. Þá vildi hann færa Búnaðarbankann undir þetta einnig og spurði að því, hvort það sé þá eðlilegt, að Framsfl. hafi þar meiri hluta.

Þessu er því að svara, að Búnaðarbankinn er meira en nokkur annar, nema ef það væri Iðnaðarbankinn, aðallega þrjár deildir: veðdeild, byggingarsjóður og ræktunarsjóður, sem lánar út eftir ákveðinni lagasetningu. Að vísu hefur bankinn sparifé og er að því leyti viðskiptabanki, og að því leyti telur hv. 5. þm. Reykv. þetta óeðlilegt og að þessi banki ætti þess vegna að koma undir sömu reglu og hinir viðskiptabankarnir. Jú, það er sá munur náttúrlega á Iðnaðarbankanum og Búnaðarbankanum, þó að það hafi nú mikið verið talað um það löngum, að það ætti að koma þar til ríkisábyrgð á sparifé, sem ekki er til staðar, og færi þá að verða lítill eða enginn munur á þessum bönkum. En Iðnaðarbankinn er, eins og við vitum, algerlega undir stjórn Sjálfstfl., bæði að því er snertir bankaráð og bankastjóra, og er verulegur viðskiptabanki, í miklu meiri hliðstæðu, þótt ekki sé ríkisbanki, heldur en Búnaðarbankinn við hina stóru og gömlu viðskiptabankana.

Það kom fram hjá hv. 9. landsk., að hann teldi alveg eðlilegt, að bankastjórar seðlabankans væru embættismenn, — ég hygg, að ég fari ekki rangt með það, sem hann sagði, en ég hygg, að það hafi verið að efni til þetta — væru embættismenn, sem eiga eins og aðrir embættismenn að fara eftir vilja ríkisstj., sem á að marka og bera ábyrgð á stefnunni í fjármálum þjóðarinnar. Já, hv. þm. játar það, gefur það til kynna, að þetta sé rétt haft eftir, að þeir eigi að vera embættismenn, sem eiga eins og aðrir embættismenn að fara eftir vilja ríkisstj., sem á að marka og bera ábyrgð á stefnunni í peningamálum.

Hér er sagt það, sem er umhugsunarvert, mjög umhugsunarvert. En dettur nú hv. þingdeild í hug og þessum hv. þm., að þegar stjórnarandstaða, sem kallar sig sjálfa mjög harða, hefur meirihlutavald í bankaráði tveggja viðskiptabanka, þ. á m. í sjálfum þjóðbankanum og seðlabankanum, og meirihlutavald í framkvæmdastjórn, eða álítur hann, að þessir hv.

stjórnendur bankanna séu líklegir til þess að vilja fara að ósk ríkisstj. í peningamálum þjóðarinnar? (**Gripið fram í:** Því ekki það?) Ja, því ekki það? Ja, við skulum láta það alveg liggja milli hluta og láta menn svara því hvern fyrir sig. Og hann segir meira að segja: Ef þetta er ekki gert, þá á að láta þessa menn fara, eða þeir eiga að fara.

Það er að vísu alveg rétt. Það er heimild fyrir því í okkar bankalöggjöf að segja bankastjórum upp og það með stuttum fyrirvara, með sex mánaða fyrirvara. Sú leið hefur nú yfirleitt ekki verið valin í okkar þjóðfélagi, a. m. k. ekki að ráði, að fara þær leiðir. Og þá held ég satt að segja, að hver einasti sanngjarn maður muni viðurkenna, að ef ríkisstj. ætlar sér að ráða stefnunni í peningamálum og bera ábyrgð á henni, eins og þessi hv. þm. viðurkennir að verði að vera, og bankarnir eigi að haga sér í samræmi við það, eins og hann einnig viðurkennir, og viðurkennir náttúrlega fyrst og fremst sem hagfræðingur, sem þekkir þessi mál, þá er ekki um annað að ræða fyrir ríkisstj. en að breyta til. En með þessu er jafnframt komin viðurkenning á það af þeim mönnum, sem einnig viðurkenna, að sá meiri hluti í bönkunum, í framkvæmdastjórn og bankaráði, sem nú er, muni ekki vera fús til að fara eftir vilja ríkisstj., fengin viðurkenning fyrir því, sem mest er fjasað út af, af því, sem ég sagði í niðurlagi ræðu minnar, að það er eðlilegt og þarf ekki að færa rök að því, þessi hv. þm. hefur fært skýlaus rök að því, að ríkisstj. verður gegnum trúnaðarmenn sína í bönkunum, þá menn, sem hún treystir, að geta ráðið í höfuðatriðum peningastefnunni í landinu.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að svara fleira að sinni.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í framhaldi af orðaskiptum mínum og hæstv. forsrh. Hann vitnaði í þau ummæli mín, að ég hefði haldið því fram, að eðlilegt væri, að ríkisstj. ákvarðaði stefnuna í peningamálum, en á stjórnendur bankanna bæri að líta sem embættismenn, sem falið væri það hlutverk að framfylgja þessari stefnu. Þessi ummæli mín voru rétt hermd af hæstv. forsrh., og ég get gjarnan endurtekið þau á ný. Að vísu, eins og ég nefndi í minni fyrri ræðu, hefur það verið umdeilt, hvert sjálfstæði stjórnir bankanna ættu að hafa gagnvart ríkisvaldinu, og ýmis rök má færa fyrir því, að æskilegt gæti verið út frá ýmsum sjónarmiðum, að bankastjórnirnar hefðu tiltölulega mikið sjálfstæði gagnvart ríkisvaldinu. Ég býst við skv. þeim upplýsingum, sem hv. 1. þm. Reykv. gaf í sinni ræðu, svo fróður sem hann er um stjórnmálasögu síðustu ára, að einmitt rökin fyrir þessu sjónarmiði megi finna í Alþingistíðindum frá því 1928 og þeim hafi þá verið haldið fram af þm. Framsfl. og Alþfl., en það er einmitt núverandi skipan þessara mála, sem þá var tekin upp að þeirra tilhlutan og fyrir þeirra forgöngu. En mín skoðun er sú, að eðlilegt sé, að það sé ríkisstj., sem marki stefnuna í peningamálum.

Hitt vakti aftur furðu mína, þegar hæstv. forsrh. dró af þessu þá ályktun, að úr því að þetta væri svona, þá væri eðlilegt, að ný ríkisstj., sem kæmi til valda, segði sem svo um bankastjórana og þá, sem málefnum bankanna stjórna: Ég treysti ykkur ekki til þess að framfylgja þeirri stefnu, sem við höfum markað, og þess vegna verðum við að skipta um menn. — Ég álít, að ef þessi sjónarmið ættu að verða ríkjandi, þá mundi það skapa ófyrirsjáanlegar hættur í okkar þjóðfélagslífi. Alveg á sama hátt gæti þá t. d. sá menntmrh., sem við völd væri hverju sinni, sagt sem svo, ef hann hygðist að koma á fót nýskipan skólamála: Ég get ekki treyst þeim skólastjórum, sem nú eru skipaðir í þessi embætti, að framfylgja þeirri stefnu, sem ég hef markað, og verð því að endurskipa í þessar stöður með mönnum, sem ég ber traust til, — eða ef dómsmrh., sem við völd væri, hygðist koma á nýskipan dómsmála og segði sem svo: Þessari nýju skipan get ég ekki treyst þeim mönnum, sem nú fara með dómarastörf, að framfylgja, og verður því að skipta um. — Nú veit ég, að það er ekki skoðun hæstv. forsrh., að slíkan hugsunarhátt eigi að færa yfir á þessi svið, en ég tel engu síður nauðsynlegt, að þeir, sem bankamálunum stjórna og fara með framkvæmd þeirra, njóti ekki minna öryggis en aðrir opinberir starfsmenn.

Það hefur mikið verið talað um hina svokölluðu yfirstjórn og hin svokölluðu yfirráð sjálfstæðismanna í peningastofnunum. Við það hef ég litlu að bæta. Það mun að vísu rétt, sem hér hefur komið fram, að tveir af núverandi bankastjórum Landsbanka Íslands munu að vísu fylgja Sjálfstfl. að málum, þótt ekki sé mér kunnugt um, að þessir menn, hvorugur þeirra, hafi tekið neinn opinberan þátt í flokkspólitískum áróðri, og hvað sem því líður, þá er hér um valinkunna embættismenn að ræða, sem á löngum embættisferli hafa ábyggilega sýnt það, að þeim er treystandi til þess að framkvæma þau fyrirmæli, sem sú ríkisstj., sem við völd situr, setur þeim, svo að í þessu verður ekki séð mikil hætta. En það, sem er aðalatriðið í þessu máli, er, að fsp. sem borin var hér fram af hv. 5. þm. Reykv., þar sem hann skoraði á hæstv. forsrh. að benda á það, í hverju þessi misbeiting valds sjálfstæðismanna væri fólgin, hefur enn þá ekki verið svarað nema með vífilengjum einum, sem varla er hægt að telja svar.

Aðalatriðið í þessu sambandi er það, að hvort sem tilgangurinn er nú sá að beita þeim heimildum, sem þessi lög í sjálfu sér veita, til þess að ofsækja þá menn, sem þessar stöður skipa, sem ég býst ekki við og mun ekki að óreyndu trúa að sé tilgangurinn, þá er að mínu áliti gefið hér mjög hættulegt fordæmi, sem orðið gæti til þess að skapa þann ófrið um peningastofnanir landsins, sem orðið gæti til þess að valda enn þá meiri upplausn í efnahagslífinu á næstu árum heldur en er enn.

Það virðist vera algerlega óeðlilegt, sérstaklega í þessum málum, að öryggi þeirra, sem með framkvæmd þeirra fara, sé svipað eins og kannske væri eðlilegt að því er snerti menn, sem skipaðir væru í jeppaúthlutunarnefnd eða eitthvað þess háttar. Þar er það kannske eðlilegt, að slíkir menn komi og fari með þeim ráðherra, sem með völdin fer hverju sinni. En að taka slíkt fyrir-

komulag upp í peningamálunum, er mjög óeðlilegt og mun hvergi þekkjast. Annað mál er það, að vel getur svo farið, að þeir menn, sem koma inn í þessar stöður, reynist þannig, að hér verði ekki um svo mikla breytingu að ræða frá því, sem áður var, þannig að sama sagan endurtaki sig í þessum efnum eins og að því er snerti hæstarétt í kringum 1930, þegar framsóknarmenn lögðu mikla áherzlu á að koma þaðan burt þeim mönnum, sem þeir töldu sér andstæða, og skipa aðra nýja í staðinn, þannig að þessir nýju menn, sem skipaðir voru, eins og hv. 1. þm. Reykv. benti á, reyndust þannig, að hæstiréttur beið ekki af þessu neinn álitshnekki. Það má vel vera og væri óskandi, að hvað sem samþykkt þessara frv. líður, verði reyndin einnig sú í peningamálunum, en það verður þá öðrum að þakka en þeim, sem staðið hafa fyrir þessari lagasetningu.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs aftur vegna þess, að ég beindi tiltekinni spurningu til hæstv. forsrh., sem mér fannst í sjálfu sér vera einföld og ætti að vera eðlilegt að svara, en hæstv. ráðh. hefur í einni ræðu, sem hann síðan hefur talað, algerlega skotið sér undan að svara. Hæstv. forsrh. vék að aðstöðu sjálfstæðismanna í bönkunum og að þeir hefðu þar meiri hluta í bankastjórnum og bankaráðum og sagði þá, eins og ég sagði áðan, að það lægi í augum uppi, að slíku gæti ríkisstj. ekki unað. Og um þetta sagði hann svo, að fyrir þessu lægju svo augljós rök, að ekki þyrfti að rekja. Ég bað hæstv. forsrh. að gera mér og öðrum hér í hv. þd. grein fyrir þessum augljósu rökum, sem mér hefur ekki fundizt vera jafnaugljós og honum, en ætti þó að mega ætla, að hæstv. forsrh., sem telur þau svo augljós, ætti að vera auðvelt að leiða fram í dagsljósið. Ég reyndi að orða þessa fyrirspurn svo skýra, að hún yrði ekki hjá sér leidd og við henni kæmu einhver svör. Hún var beint út af ræðu ráðherrans sjálfs, en er hins vegar mjög tengd ýmsu öðru skrafi um meirihlutavald sjálfstæðismanna í bönkunum og skrifum, þ. á m. því, sem kemur fram í einu stjórnarblaðinu í morgun, Alþýðublaðinu, á forsíðu, um leið og sagt er frá þeim frv., sem hér hafa verið lögð fram, að það er innrömmuð grein um það, hvað gerist í bönkunum. Þar er talið upp í fjórum liðum, hvað gerast muni. Það er nú aðallega um það, að metin muni verða jöfnuð í mannaráðningum í bönkunum, en að efnislegri breytingu á skipun bankamálanna er, held ég, alls ekki vikið í því, þegar stjórnarblaðið fer að skýra frá, hvað leiða muni af samþykkt þessara frumvarpa. Það er m. ö. o.: að dómi þessa blaðs sýnist það vera aðalkjarni þessara frv., hvernig hægt sé að jafna metin manna á milli í bönkunum. Væntanlega er þetta byggt á einhverjum misskilningi hjá blaðinu, sem ég skal nokkuð víkja að síðar. En það segir í þessum fyrsta lið, hvað gerast muni, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjálfstæðismenn hafa nú meiri hluta bankastjóra og í bankaráðum Landsbankans og Útvegsbankans. Þannig ræður stjórnarandstaðan kjarnanum í fjármálalífi þjóðarinnar, en það gerir ríkisstj. ókleift að starfa eins og hún þarf að geta starfað."

Það er ekki til mikils mælzt, þegar talað er eins og hæstv. forsrh. talaði og þegar stjórnarblöðin bera fram slíkan boðskap, að spurt sé: Á hvern hátt hefur aðstaða sjálfstæðismanna í bönkunum gert ríkisstj. ókleift að starfa eins og hún þarf að geta starfað? Þessari spurningu eigum við rétt til að verði svarað hér við 1. umr. þessa máls og áður en lengra er haldið áfram varðandi meðferð málsins.

Í forustugrein þessa sama blaðs, Alþýðublaðsins, er einnig það sama upp á teningnum, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta, að það skapi ríkisstj. óeðlilega og óviðunandi erfiðleika, þegar stjórn seðlabankans og stærstu viðskiptabankanna er henni beinlínis fjandsamleg.

Á hvern hátt hefur það komið fram, að stjórn þessara banka og þá sér í lagi fyrir tilstuðlan sjálfstæðismanna hafi verið þessari hæstv. ríkisstj. fjandsamleg? Og af því tilefni m. a. og öðru tengdi ég við fsp. mína til hæstv. forsrh. annarri fsp. til hv. þm. N-Þ., sem ekki heldur hefur svarað þeirri fsp., þó að ég haldi, að hann hafi heyrt hana, enda þótt hann hafi ekki setið í sæti sínu, þegar ég talaði áðan, um það, hvort hann af tilefni slíkra ummæla eins og þessara gæti upplýst hv. þingheim um það, að hann hafi verið borinn ofurliði í málum, sem hann hafi óskað að koma fram, vegna meirihlutavalds Sjálfstfl. í bankaráði Útvegsbankans, en í stjórn þess banka höfum við báðir átt sæti nú um skeið, eða að sjálfstæðismenn þar vegna meirihlutaaðstöðu sinnar hafi orkað því, að fram gengi mál, sem þessi hv. þm. og bankaráðsmaður þar hefur verið andstæður, sem gæti þá m. a. varpað einhverju nánara ljósi á það, hver þörf væri, eins og talað er um, fyrir nýskipan og breytingu á þessum málum.

Það er eitt út af fyrir sig að telja nauðsynlegt að breyta bankalöggjöf eða einhverri annarri löggjöf þessa lands, en þegar sagt er að þurfi að breyta henni af tilteknum tilefnum, sem hæstv. forsrh. tilgreinir og stjórnarblöðin flytja og fara með, án þess að tilgreina nánar, hvað fyrir þeim vakir, þá ber þeim mönnum, sem að slíkum málflutningi standa, fyrst og fremst hæstv. forsrh., og ekki sízt þeim mönnum, sem eiga bæði sæti hér á hv. Alþ. og í stjórnum þessara stofnana, að svara fyrir sig og gera nánar grein fyrir því, við hvað er átt hérna, m. ö. o. að koma til dyranna eins og þeir eru klæddir og af fullri hreinskilni annaðhvort að staðfesta þær ásakanir, sem hér hafa verið hafðar í frammi, eða bera þær til baka eða í þriðja lagi að kjósa þann kostinn að segja ekki neitt, og má þá nokkrar ályktanir einnig af því draga.

Ég tók fram í fyrri ræðu minni, að ég mundi ekki á þessu stigi málsins ræða nokkuð sem nemur efni þeirra frv., sem hér hafa verið lögð fram. En hæstv. forsrh. vék að frv. um Útvegsbankann jöfnum höndum og því frv., sem nú er sérstaklega á dagskrá, og sagði meðal annars, að hvað væri eðlilegra en að breyta hlutafélagsformi þessarar bankastofnunar, þannig að bankinn yrði framvegis ríkisbanki, ekki aðeins að efni til, eins og hann raunverulega hefur verið og réttilegt er, heldur einnig að formi?

Úr því að hæstv. forsrh. vék að þessu máli nú

undir þessum dagskrárlið, vil ég taka það fram, að ég er hæstv. ráðh. alveg sammála um það, að það er fullkomlega eðlileg ráðstöfun að breyta formi þessarar bankastofnunar eins og hér er gert, vegna þess að efnislega er þetta ríkisbanki, þar sem örlítið hlutafé er á höndum einstaklinga á víð og dreif og hefur engin áhrif á minnsta hátt um rekstur eða stjórn bankans að neinu leyti. Og þá er einnig eðlilegt, þegar slík formbreyting á sér stað, eins og hæstv. ráðh. vék að, að það séu í leiðinni endurskoðuð ýmis ákvæði um bankann.

Ég vil á þessu stigi málsins segja það, að ég er í sjálfu sér samþykkur slíkri formbreytingu eins og þessari. Ég hef ekki haft aðstöðu til þess, þar sem þessum frv. var útbýtt í gær, að fara neitt nánar í einstök atriði þeirra, og það gefst nægur tími til þess undir meðferð málsins, og veit ég ekki, hvort þær breytingar, sem kunna að vera á eldri lögum, eru að mínu skapi eða ekki. Það skiptir ekki máli nú og má athuga það síðar. Eins hafa talsmenn Sjálfstfl., aðrir en ég, talið, að það væri í sjálfu sér eðlilegt að breyta skipan bankamálanna varðandi seðlabankann, eins og þeir viku hér að bæði hv. 9. landsk. og 1. þm. Rang., svo að það er sem sagt sitt hvað, sem við efnislega höfum ekki að athuga við að lagfært sé í þessari bankalöggjöf fremur en í annarri löggjöf.

Hæstv. forsrh. sagði, að það hefði að vísu verið í lögum og væri svo nú, sem rétt er, að bankaráðin hafa rétt til þess að segja bankastjórum upp, þ. e. a. s. reka bankastjóra, ef maður vill orða það þannig, með sex mánaða fresti. En hæstv. ráðh. tók fram, að sú aðferð hefði ekki verið valin, eða orðaði það einhvern veginn þannig: hún hefur ekki þótt hæfa í okkar þjóðfélagi, að bankaráðin færu þá leið að segja bankastjórum þannig upp eða reka þá með þessum hætti. Og af þessu dró hæstv. ráðh. þá ályktun, að það væri nauðsynlegt í lögunum að gera formbreytingar í þessum málum eins og hér væri lagt til. Nú er ég hæstv. forsrh. alveg sammála um, og ég held, að það sé almennt viðurkennt, að það hafi ekki þótt hæfa sú aðferð hér á landi, hvorki varðandi bankastjórastöður né stöður annarra embættismanna, að beita valdi til þess að láta menn fara, sem ekki hafa til saka unnið, heldur aðeins af pólitískum ástæðum eða einhverjum öðrum ástæðum, sem ekki eru tengdar við starfið sjálft. Mér sýnist, að þetta sé mjög mikilvæg yfirlýsing frá hæstv. forsrh., og get ég fyrir mitt leyti kannske sérstaklega vel við hana unað varðandi þann banka, sem ég hef gegnt bankastjórastarfi í, ekki sízt vegna þess, að þar er beinlínis tekið fram í 37. gr., að Útvegsbanki Íslands eða hinn nýi ríkisbanki, þegar þetta er orðið að lögum, taki við öllum réttindum og skyldum gagnvart starfsfólki og framkvæmdastjórn Útvegsbanka Íslands h/f, ef hlutafélagið hættir störfum. M. ö. o.: þegar þetta frv. væri orðið að lögum, mundi ríkisbankinn taka við öllum réttindum og skyldum gagnvart starfsfólki og framkvæmdastjórn Útvegsbanka Íslands h/f, og er þess vegna ekki um neinar manna- eða embættisbreytingar að ræða eftir þessum lögum varðandi Útvegsbankann. Um framkvæmdina veit maður ekkert enn í dag annað en þessa yfirlýsingu hæstv. forsrh., sem hann gaf áðan, að hér á landi teldist það óhæfa að nota þann rétt, sem í þessum lögum eins og eldri lögum er svo fenginn bankaráðunum, að segja mönnum að tilefnislausu upp eða reka bankastjórana.

Í lögunum um Landsbankann eða frv. til breytinga á landsbankalögunum er í raun og veru svipaðs eðlis, að umboð bankastjóranna þar falla ekki niður, þó að lögin séu samþykkt. Hins vegar er að því vikið í grg. Segir þar í 28. gr., að þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, kýs Alþingi í bankaráð skv. 36. gr. Jafnframt skipar ríkisstj. formann og varaformann bankaráðs, og falla þá um leið niður umboð núverandi bankaráðsmanna. Og hið nýkjörna bankaráð skal síðan hlutast til um, að stjórn seðlabankans og framkvæmdastjórn viðskiptabankans verði komið í það horf, sem lög þessi gera ráð fyrir.

Nú er það hins vegar svo, að það verða ekki með sama hætti sömu embætti eftir sem áður í Landsbankanum, og því segir um þetta atriði í grg. frv.:

„Af hinni breyttu skipan í framkvæmdastjórn Landsbanka Íslands leiðir, að umboð núverandi bankastjóra hans falla niður í því formi, sem þau eru nú.“

Er auðvitað eðlilegt að skilja þetta eins og væntanlega ríkisstj., sem samið hefur frv., og aðrir gera og lýsa hérna, að umboð bankastjóranna falla ekki niður, en í staðinn fyrir að vera bankastjórar seðlabanka sparisjóðsdeildar og veðdeildar eins og nú er, þá verða þarna annars vegar bankastjórar viðskiptabankans og hins vegar seðlabankans, og þarf þess vegna að sjálfsögðu að breyta formi umboða þeirra.

Þetta eru atriði varðandi efnishlið málsins, sem þýðingarmikil eru og einnig mjög athyglisverð og þýðingarmikil varðandi eftirleik þessa máls hér á þingi. Mér þykir þess vegna ekki sízt vænt um þá yfirlýsingu hæstv. forsrh., sem hann gaf áðan í því efni, hvað teldist hæfa hér á landi um aðgerðir bankaráða í þessu sambandi.

Ég vil svo aðeins víkja að Búnaðarbankanum aftur. Ég skaut því inn hér, að hæstv. forsrh. hefði sagt, að það hefði ekki áður atvikazt þannig, að sjálfstæðismenn eða neinn einn flokkur væri í hreinum meiri hl. í neinum banka eða viðskiptabanka, eins og hann orðaði það, og minnti þá á Búnaðarbankann, og sjálfsagt hefði ráðh. viljað hafa vaðið fyrir neðan sig, þegar hann nefndi viðskiptabanka. Nú veit ég ekki í raun og veru, hvernig á að draga mörkin eða að hve miklu eða litlu leyti Búnaðarbankinn er viðskiptabanki alveg nákvæmlega í sama skilningi og Útvegsbankinn, og hann er a. m. k. alveg nákvæmlega sams konar viðskiptabanki og Útvegsbankinn og sparisjóðsdeild Landsbankans, að öllu öðru hygg ég, heldur en því, sem gjaldeyrisviðskiptum viðvíkur. Og sparisjóðsinnstæður Búnaðarbankans eru ekki miklu minni og þar af leiðandi bolmagn bankans ekki miklu minna en t. d. Útvegsbankans í þessu sambandi, og af því ætti náttúrlega augljóslega að mega draga þá niðurstöðu hjá þeim, sem segja um þessa ríkisbanka, Útvegsbankann og Landsbankann, að þeir

eigi að lúta ákveðinni skipan, þar sem löggjafarvaldið og ríkisstjórnin geti haft nægjanleg áhrif og ítök, að þetta ætti að alveg nákvæmlega sama leyti að gilda um Búnaðarbankann.

Mér heyrðist hálfpartinn á ræðu ráðh., að þegar hann vék að þessu máli, þá fór hann að tala um Iðnaðarbankann. Ég veit nú eiginlega ekki, hvað hann snertir þetta mál, nema ráðh. sagði: Iðnaðarbankanum ráða sjálfstæðismenn. — Framsóknarmenn ráða að vísu í Búnaðarbankanum, og þá má þetta gott heita. Þessi stórpólitík að jafna metin fyrst í Útvegsbankanum og Landsbankanum og svo: Ja, þó að við ráðum einir framsóknarmenn í Búnaðarbankanum, þá ráða sjálfstæðismenn í Iðnaðarbankanum. — Iðnaðarbankinn er hlutafélag, og það hefur víst viljað þannig til undanfarið, að þeir, sem hafa verið í bankaráði, eru fleiri sjálfstæðismenn en annarra flokka menn. En algerlega er það undir hælinn lagt, hvernig það skipast. Og sá er munur á, að Búnaðarbankinn er ríkisbanki, en Iðnaðarbankinn er hlutafélag, sem ríkið á aðeins part af hlutafénu í, innan við helming, að ég hygg. Og Búnaðarbankinn hefur ábyrgð ríkissjóðs fyrir öllum sparisjóðsinnstæðum, sem Iðnaðarbankinn hefur ekki. Þess vegna á ekki við hér samanburður milli Búnaðarbankans og Iðnaðarbankans, en hins vegar liggur ákaflega nærri hjá þeim mönnum, sem vilja framgang þeirra mála, sem hér liggja fyrir, samlíkingin við Búnaðarbankann.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um það, en segi þetta til ábendingar:

Hæstv. forsrh. sagði eitthvað á þá leið, að menn þyrftu að skilja eðli bankanna til þess að átta sig á, að því er mér skildist, að það væri nauðsynlegt að flytja frv. eins og þau, sem hér lægju fyrir. Bankaráðin ráða ekki daglegum rekstri bankanna. En það væri þá ekki eins mikil ástæða til þess að gera alla þessa nýskipun á bankaráðum, sem hér er verið að gera í Landsbankanum, í Framkvæmdabankanum og í Útvegsbankanum, nema þá, sem af því leiddi, að verið væri að breyta honum úr hlutafélagi í ríkisbanka. Þau ráða ekki daglegum rekstri, segir hæstv. ráðh., en það eru m. ö. o. bankastjórarnir, og segir síðan í framhaldi af því: með því að lána tveir af þremur, og þessir tveir ráða auðvitað, þá er hægt að svara ríkisstj. með rétti, að peningar séu ekki til. Með þessum orðum segir hæstv. ráðh., þegar umbúðirnar eru af teknar: Sjálfstæðismennirnir í Útvegsbankanum og Landsbankanum hafa, án þess að hinn eini framsóknarmaður í báðum bönkunum hafi getað við ráðið, undanfarið veitt lán þannig í bönkunum, að þegar ríkisstj. biður um lán í því tilfelli, sem um var rætt til íbúðabygginga, þá er það ekki til lengur, af því að sjálfstæðismennirnir eru búnir að ráðstafa því annað, og þess vegna geta þeir sagt við hæstv. ríkisstj.: Því miður er þetta ekki hægt. — Og til þess að koma í veg fyrir þetta, segir ráðh., þarf að framkalla þessa breytingu. Hæstv. forsrh. veit, að það, sem hann er að gefa í skyn, er ósatt, algerlega ósatt. Það er ekki nokkur fótur fyrir því, að sjálfstæðismennirnir, — ég held, að það sé hægt að fullyrða það fyrir báða bankana, Landsbankann og Útvegsbankann, — hafi með neinu móti ráðstafað fé bankanna í andstöðu við þá tvo bankastjóra Framsfl., sem í þessum bönkum eru, — ekki í einu eða neinu. Og fyrir sjálfan mig vil ég taka það skýrt fram, að frá því að ég kom í Útvegsbankann 1952, hefur aldrei í einu eða neinu, sem nokkru máli skiptir, um lánveitingar bankans eða aðrar ráðstafanir verið ágreiningur milli mín og Valtýs Blöndals, bankastjóra Framsfl. þar. Hann hefur aldrei þurft að sæta því, að ég með öðrum sjálfstæðismanni bæri hann ofurliði í ákvörðunum í neinu máli, sem nokkru skipti, segi ég, og kannske ekki neinu, og ég þurfti heldur aldrei að sæta því, meðan ég var einn sjálfstæðismaður í stjórn þessa banka, að Valtýr Blöndal — með þriðja bankastjóranum þá — notaði meirihlutaaðstöðu þeirra tveggja til þess að bera mig ofurliði í sambandi við lánveitingar eða ákvarðanir bankans.

Ég veit, að það eru svo náin kynni hæstv. forsrh. við þennan bankastjóra, Valtý Blöndal, og hann hefur að öðru leyti þann skilning á bankastarfseminni hér sem bankaráðsformaður og með langa reynslu þar að baki, að það, sem hann gefur hér í skyn, er það sama, sem hans flokkur og aðrir pólitískir flokkar hafa verið að reyna að læða í hugskot landsmanna undanfarið, fyrir kosningarnar í sumar og síðan, um leið og þeir sjálfir vita, að þetta er ósatt. Og eins og ég spurði áðan tilteknum spurningum, sem ég vænti að verði svarað, þá mælist ég til þess, að ef þeir flm., sem hér standa að og eiga stjórnendur í þessum banka, vita annað og sannara í þessu efni, þá geri þeir grein fyrir því. Hér er ekki nein þagnarskylda, sem hlífir neinum, því að það er sitt hvað, hvort starfsmenn bankanna, bankastjórar og bankaráðsmenn, séu bundnir þagnarskyldu um einstakar lánveitingar og viðskiptasambönd einstakra manna við bankana eða hvort almenn málefni eru reifuð og gerð grein fyrir um afstöðu til lánveitinga, án þess að nokkur nöfn þurfi að nefna, ef tilfellin væru fyrir hendi. Sannleikurinn er sá, að í banka eins og Útvegsbankanum er mikill meiri hlutinn af öllum lánveitingum bankans til sjávarútvegsins, sem eru algerlega í föstum og formbundnum skorðum. Að öðru leyti eru lánsviðskipti slíkra banka alltaf að verulegu leyti bundin af fortíðinni og því, sem áður hefur gerzt, og ég minni á það, að frá 1938, að Jón Ólafsson féll frá og hafði þá verið aðstoðarbankastjóri við bankann, höfðu sjálfstæðismenn engan mann í bankastjórn Útvegsbankans fram til 1952, og þótti þolanlegt sumum þá. Ég hygg, að engin stefnubreyting hafi orðið síðan á lánveitingum þessa banka, sem gagnrýnd verði frá því sjónarmiði, að síður hafi verið búið að hag almennings og atvinnuveganna í þessu landi með lánveitingu bankanna, nema síður sé. Og ég tek mjög undir það, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði hér áðan, að þegar þessi mál koma til meðferðar í þingnefndum, þá gangi þær fram í því að kryfja nokkru nánar til mergjar og niður í kjölinn allar þær getsakir, sem hér hafa verið hafðar í frammi um misnotkun sjálfstæðismanna á stjórn bankanna í þessu landi.

Hæstv. forsrh. sagði, að Sjálfstfl. og sjálfstæðismenn auðvitað, í framhaldi af því, sem

ég nú hef sagt, notuðu aðstöðu sína og hefðu notað aðstöðu sína til að hafa meiri hluta í bankastjórnunum. Ja, hvernig var það, þegar Gunnar Viðar var ráðinn bankastjóri í Landsbankanum? Hvaða meirihlutaaðstöðu notuðu sjálfstæðismenn til þess? Hvernig var það, þegar Vilhjálmur Þór var ráðinn bankastjóri? Í fyrra tilfellinu höfðu sjálfstæðismenn ekki meiri hluta í bankaráðinu, í síðara tilfellinu höfðu sjálfstæðismenn meiri hluta í bankaráðinu, en samt var þessi framsóknarmaður kosinn bankastjóri af því bankaráði, sem sjálfstæðismenn höfðu meiri hluta í. (**Fjmrh.**: Þeir gerðu það nú ekki með glöðu geði.) Ja, það skyldi vera, að hæstv. fjmrh. gerði allt með glöðu geði, sem hann er að gera í þessari hæstv. ríkisstj. (**Fjmrh.**: Þeir gerðu það af því, að þeir voru neyddir til þess.) Maður þarf nú ekki að vera að tala stráksleg, þó að maður sitji í ráðherrastól. — Þegar Jón Maríasson, sem hér er talað um, varð bankastjóri, hvaða valdbeiting Sjálfstfl. var þar að verki? Hér eru bæði ráðh. og aðrir búnir að taka nokkuð mikið upp í sig fyrr og síðar um valdaaðstöðu og valdbeitingu innan bankanna. Hitt höfum við sjálfstæðismenn síður en svo við að athuga, að bæði bankalöggjöfin og önnur, eins og ég sagði áðan, sé endurskoðuð og það fært til betri vegar, sem ástæða þykir til, og við munum um þessi mál vinna að þeirri hlið málanna eins og öðrum undir meðferð málsins.

Ég vil aðeins ljúka máli mínu með því að vara við þeirri stórkostlegu hættu, sem leiðir af því fordæmi, sem hér er tekið upp. Hæstv. forsrh. sagði: Ríkisstj. verður á hverjum tíma að geta treyst þeim mönnum, sem sitja í bönkunum, og verður þess vegna að hafa aðstöðu til þess að setja í bankana þá menn, sem hún getur treyst á hverjum tíma. — En það er enga niðurstöðu hægt að draga af þessu aðra en þá, að menn verði alltaf að þurfa að búast við því, þegar ríkisstjórnaskipti eru, að þá verði einnig mannaskipti í stofnunum eins og bönkum þessa lands, og það er miklu glæfralegra spil og miklu meira alvöruleysi en ætlast mætti til af hæstv. ríkisstj. og Alþingi að leiða peningamál okkar inn á þær brautir, því að sannast að segja verður alltaf niðurstaðan í þessum málum, eins og hv. 1. þm. Rang. kom að, hreint ekki það, hvort Pétur eða Páll er bankastjóri í þessum bönkum. Og vafalaust verða þeir menn, sem af þessari stjórn verða valdir til þeirra starfa, ekki síður hæfir út af fyrir sig heldur en þeir, sem nú eru. En það, sem máli skiptir, er sú almenna peningapólitík, sem í landinu er rekin, það stjórnarfar, sem á hverjum tíma á sér stað í landinu og leggur grundvöllinn að því, að þessar peningastofnanir fái á eðlilegan hátt að þróast til hagsbóta fyrir almenning í þessu landi, eins og hlutverk þeirra er að gegna hagsmunum almennings og eins og þeim hefur verið stjórnað undanfarin ár til þess að gegna hagsmunum almennings í þessu landi.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. gat ekki mælt á móti því, sem er óhnekkjanleg staðreynd, að núverandi lög um Landsbanka Íslands voru sett af Framsfl., og einmitt þeim atriðum, sem Framsfl. vill nú breyta, breytti hann, þegar hann náði völdum 1928, úr því horfi, sem flokkurinn vill nú færa málin í. Segja mátti, að 1928 væri ekki svo mjög athugavert við, þó að flokkurinn breytti þessu, því að hann hafði verið andstæður þessum ákvæðum laganna 1927 og vildi þá hafa þau á annan veg. Þess vegna mátti segja, að það væri eftir atvikum ekki óeðlileg afleiðing þess, þegar Framsókn og Alþfl. fengu þingmeirihluta eftir kosningar 1927, að þessu ákvæði væri breytt. En þar með setti Framsfl. sínar eigin leikreglur og breytti frá því, sem aðrir höfðu sett. En þegar atvikin verða svo slík, að Framsókn fær ekki öllu eins ráðið og hún vill, eftir þeim eigin reglum, sem hún að mjög yfirveguðu máli og eftir harða baráttu fékk knúið fram, þá þolir hún ekki sitt hlutskipti, heldur breytir til enn á ný. Það er þetta, sem í raun og veru er eftirtektarverðast við þetta mál, sá hugsunarháttur, sem þarna lýsir sér, það óþolgæði, að geta ekki farið eftir settum reglum, jafnvel þó að þær séu settar af manni sjálfum, ef maður er ekki ætíð ofan á, á hverju einasta augnabliki. Það er þetta, sem ég leyfði mér áðan að kalla labbakútshátt, og ég held, að það sé sízt orðum aukið.

Það er ekki svo, að hér sé um einstakt atvik að ræða, heldur lýsir þessi sami hugsunarháttur sér í framferði flokksins í stjórnarathöfnum og stjórnmálabaráttu fyrr og síðar. Ég minnti á það, þegar hæstv. forsrh. lét það vera eitt af sínum fyrstu verkum að víkja frá tveimur æruverðugum hæstaréttardómurum. Hann ber fyrir, að það hafi verið nauðsynlegt vegna aldurs. Það voru engin lagaákvæði, sem knúðu hann til þess að gera það, og báðir mennirnir voru í fullu fjöri, annar lifði a. m. k. kringum 20 ár, eftir að hann var sviptur embætti; Eggert heitinn Briem dó skömmu síðar, og þá hefði af sjálfu sér opnazt möguleiki fyrir hæstv. forsrh. að koma að sínum manni. En eftir þessum lögmálum mátti ekki bíða. Það mátti ekki bíða þess, að mennirnir annaðhvort féllu fyrir ætternisstapa eða töpuðu svo heilsu, að þeir gætu ekki gegnt starfinu, nei, þarna varð að breyta til. Hæstv. forsrh. segir, að þeir menn, sem hann hafi sett, hafi tryggt það, að réttarfar hér á landi væri til fyrirmyndar. Ég fullyrði það, að þó að þeir menn, sem síðan hafa skipað hæstarétt, séu ágætir menn, og ég hef aldrei, hvorki fyrr né síðar, úr því dregið, þá er réttaröryggi hér á landi sízt meira nú en var í tíð þeirra hæstaréttardómara, sem áður voru, og gæfa hinna nýrri og yngri manna var einmitt sú, að þeir höfðu þroska og vit til þess að feta í fótspor sinna fyrirrennara, en beita ekki því valdi, sem þeim var fengið, á pólitískan hátt. Og eins vona ég að verði, þegar þar að kemur, um þá menn, sem til þessara starfa verða valdir nú, hversu mörg og mikil sem þau verða. En verknaður hæstv. forsrh. er engu að síður hinn sami. En þessi viðleitni til að vilja ekki hlíta settum reglum er, eins og ég segi, ekki eitt einstakt tilfelli, heldur lýsir sér í starfsháttum hæstv. forsrh., hvar sem hann fær höndum undir komið. Það var með sama hætti farið í kringum kosningalöggjöfina, höggvið mjög nærri eða beinlínis brotin fyrirmæli stjórnarskrárinnar um úthlutun uppbótarsæta til þess

að koma með rangindum inn fleiri þm. á Alþingi. Hvort sem menn geta deilt um varðandi kosningaklækina, að þeir hafi verið löglegir eða ekki, geti staðizt samkv. lagabókstaf eða ekki, þá getur enginn efazt um, að þar var um fullkomna klæki að ræða, þar var þessi sama viðleitni, að vilja ekki hlíta settum reglum, hafa rangt við til þess að bæta sinn eigin hlut. Það er í skjóli þeirra ranginda, sem hæstv. forsrh. hefur hlotið sín völd, og það er ósköp eðlilegt, að hann noti þau á þann veg, sem nú lýsir sér. Hann væri ekki eðli sínu trúr, ef hann færi ekki þannig að.

Hæstv. forsrh. forðaðist algerlega að svara því, sem um var spurt: Í hverju hefur komið fram ágreiningur milli bankanna og ríkisstj., og í hverju hefur komið fram ágreiningur milli sjálfstæðismanna og framsóknarmanna innan bankanna? Þetta eru vitanlega meginatriði þessa máls. Ef ekki er hægt að nefna eitt einasta dæmi þess, að slíkur ágreiningur hafi átt sér stað, þá er þar með fallin burt sú tilraun til efnislegra röksemda, sem hæstv. forsrh. hefur reynt að bera fram, heldur stendur valdbeitingin, hin nakta svívirðilega valdbeiting, óhjúpuð eftir. Hæstv. forsrh. lét svo sem þessi dæmi mætti ekki nefna. Hæstv. forsrh. mundi vissulega ekki vera feiminn um að nefna þau, ef þau væru fyrir hendi. Hann nefnir þau ekki, einungis af því að þau eru ekki til.

Hæstv. forsrh. sagði og þóttist svara því, sem ég sagði varðandi útvegun fjár til húsabygginga, með því, að hv. þm. N-Ísf. (SB) hefði vítt stjórnina í Ed. fyrir að útvega ekki fé í bönkunum, og taldi, að það stangaðist við það, sem ég sagði. Vitanlega stangaðist þetta ekki á neinn veg. Og hæstv. forsrh. hefði ekki átt að vera að rifja þetta upp, vegna þess að ómöguleiki bankanna til að útvega þetta fé er ekki vegna þess, að fénu hafi verið ráðstafað með öðrum hætti, eins og hæstv. forsrh. vildi vera láta, heldur vegna þess, að afleiðing hans stjórnarmyndunar, hans valdatöku var sú, að sparifjársöfnun í landinu hætti, að fólkið treysti ekki lengur fjármálastofnunum til þess að ávaxta sitt fé, af því að það óttaðist þá framsóknarkrumlu, sem koma mundi og féð væri a. m. k. ekki vel varið í. Það er þannig beinlínis fyrir áhrif hæstv. forsrh. og ríkisstj. hans, sem þeir örðugleikar á fjárútvegun hafa komið fram, sem raun ber vitni um. Hæstv. forsrh. væri sýnu nær að gera sitt til þess og halda þannig á að endurvekja traust manna á sparnaði, á því að leggja fé inn í banka og sparisjóði, til þess að eðlileg fjármálaþróun geti átt sér stað. Við skulum vona, að þegar allt þetta brambolt er um liðið, þá komi sú kyrrð, hvort sem þessi stjórn verður við völd lengur eða skemur, að menn á ný fari að leggja fé til hliðar og spara. En það fæst ekki með slíkum aðferðum og þessum. Og það fæst heldur ekki, vil ég segja hæstv. fjmrh., með því einu, að hann komi fram í útvarp öðru hverju og hvetji menn til sparnaðar og tali um örðugar afleiðingar þess, að ekki sé sparað. Það duga engin orð í þessu, það eru athafnirnar, sem máli skipta. Meðan hæstv. fjmrh. á ásamt félögum sínum þátt í þeirri löggjöf, bæði varðandi þetta, varðandi skattafrv. margs konar og ekki síst stóreignaskattinn, meðan hann á þátt í þeirri löggjöf, sem gerir það að verkum, að fólkið vill frekar eyða hverjum eyri en leggja hann til hliðar, þá er það hann sjálfur, hæstv. fjmrh., sem ætti að halda áminningarræðurnar yfir sér og hlífa Íslendingum við að heyra slíkt hræsnistal eins og hann hefur viðhaft um þessi efni í útvarpið ekki alls fyrir löngu. Og það er von, að hæstv. fjmrh. sé ekki með hýrri há og eins og vængbrotin kolla hér vappandi um salinn, vegna þess að hann finnur auðvitað ósköp vel sjálfur, í hvern vanda hann er kominn og hversu hann á í raun og veru eðli sínu samkvæmt illa heima á þeirri skútu, þar sem hæstv. forseti Nd. er merkisberi.

Úr því að ég vík að hæstv. forseta deildarinnar, þá taldi hæstv. forsrh. það nánast vera ósvinnu af mér, að ég teldi óhæfu, að slíkur forustumaður þingsins kæmi í Landsbankann. Ég vil nú vitna til þess, sem hans eigið blað sagði hinn 3. maí s. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Hermanns Jónassonar hefur í einu og öllu sýnt, að hún er ábyrg og lýðræðissinnuð umbótastjórn. Ef kommúnistar eiga einhverja aðild að þeirri stjórn, eins og Morgunblaðið básúnar út um allan heim í skjóli fréttamiðlunar sinnar, þá er víst, að þeir eru svo gersamlega áhrifalausir, að þeirra gætir ekki á hinn minnsta hátt."

Þetta sagði Tíminn 3. maí.

Nú er það viðurkennt, að einn aðaltilgangur þeirrar lagasetningar, sem hér er efnt til, er sá að fá kommúnistum mjög mikil og e. t. v. úrslitaráð í fjármálakerfi þjóðarinnar. Hverjum dettur í hug, að hægt sé að telja kommúnista gersamlega áhrifalausa um verk ríkisstjórnarinnar, eftir að þeir hafa leitt hana til þess að setja slíka löggjöf til að skapa þeim moldvörpuhreiður í sjálfum fjármálastofnununum til þess að grafa þaðan undan fjármálakerfi þjóðarinnar og öðru, sem til hags hennar heyrir?

Hæstv. forsrh. spurði og bað mig um að svara því, hvort rétt væri, að Einari Olgeirssyni hefði verið boðið bankastjóraembætti í sambandi við myndun eða endurreisn nýsköpunarstjórnarinnar haustið 1946 og veturinn 1947. Það er mér gersamlega ókunnugt. Ég veit hitt, að þeir samningar fóru út um þúfur, vegna þess að mönnum kom ekki saman um skilyrðin, sem vera þyrftu fyrir áframhaldandi samstarfi, enda var þá þegar búið að sýna sig að áliti mínu og margra annarra, að kommúnistar væru með öllu ósamstarfshæfir. Hitt verð ég svo að segja, úr því að hæstv. forsrh. er að tala um eitthvað, sem hafi átt sér stað í samningum manna á milli, að mig hefur oft undrað á þeim óheilindum, sem einmitt hæstv. forsrh. hefur gert sig sekan um varðandi talið um áhrif okkar sjálfstæðismanna í bankamálunum og árásir hans flokksblaða á okkur fyrir það á sínum tíma, að Jóhann Hafstein var skipaður bankastjóri í Útvegsbankanum, og það þarf ekki að vera neitt leyndarmál, vegna þess að hæstv. forsrh. Hermann Jónasson margbað okkur um það sjálfstæðismenn í ríkisstjórninni að skipa Jóhann Hafstein sem bankastjóra. Hann margbað okkur um það, og það var vegna þess, að af vináttu hans við ágætismanninn Valtý Blöndal vildi hann forða Valtý frá að fá mann

inn í bankann, sem Valtýr taldi sér erfitt að eiga að vinna með. Ég sé ekki, að þessi milliganga hæstv. forsrh. núverandi hafi á nokkurn hátt verið honum til lasts, en það er til lasts, að hann skuli síðan eftir það, sem gerzt hefur, vera sérstaklega að setja út á, að Jóhann Hafstein hafi verið valinn til þessarar stöðu. Hvernig til tókst með það val, má svo sjá af því, sem Alþýðublaðið segir í morgun, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir:

„Það verður engan veginn reynt að bola sjálfstæðismönnum frá bönkunum. Sennilegt er talið, að helztu bankamenn þeirra, Pétur Benediktsson og Jóhann Hafstein, verði áfram í stöðum sínum og Jón Maríasson einnig í annarri hvorri deild Landsbankans."

Þetta stendur í Alþýðublaðinu, og er hægt að fá skýrari sönnun fyrir því, að þessir umgetnu embættismenn, opinberu starfsmenn hafa ekki *af sér gert í sínu starfi, heldur en þegar eitt* stjórnarblaðanna lætur slíkan boðskap fylgja lagafrv. eins og Alþýðublaðið gerir?

Eins og ég tók fram hér í gær, hafði ég ráðstafað mínum tíma þannig, að ég verð nú að fara úr bænum. Ég vildi að vísu tala nokkru lengra mál, en það verður undan að fallast, þar sem ég þarf að komast með flugferð til Akureyrar, og mun ég þá væntanlega tala betur um málið og ýtarlegar við 2. umr.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Út af þessu seinasta, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði um Jóhann Hafstein, vil ég segja það, að ef við ættum að fara að ræða það mál, þá þyrfti hann að segja, hverjir voru hinir, sem völ var á. (Gripið fram í.) Ég segi ekkert um það, en meirihlutavaldið hafði Sjálfstfl. og vissi um, að yrði ekki komizt hjá því, að það yrði þá einhver hinna. Svona eru nú yfirleitt rökin, og ég legg mig ekki inn á það að telja upp þessa menn og fara að ræða um persónur.

Í raun og veru er það komið fram í þessum umr., að sjálfstæðisþingmenn, sem hafa talað, eru sammála um þá skipulagsbreytingu, sem hér á að gera. Hv. 5. þm. Reykv. lýsti því yfir hvað eftir annað, að hann teldi alveg eðlilegt að gera þessa skipulagsbreytingu á Útvegsbankanum og í raun og veru sjálfsagða. Og þetta er sá hv. þm., sem er bankastjóri í þessum banka og má þess vegna m. a. af þeirri ástæðu hafa bezta aðstöðu til að dæma, enda er það rétt, sem kom hér fram hjá hv. 9. landsk., að einkabankar eru ekki til á Íslandi af þeirri ástæðu, að einkafjármagn er ekki til. Annars væru þeir sjálfsagt til. Og að búa til slíka skopmynd af einkabanka til frambúðar og undarlegt, hve lengi það hefur staðið, að hafa 4% af hlutafénu eign einstaklinga, það er eiginlega furðulegt, hvað sú löggjöf hefur verið látin standa lengi, einkanlega með tilliti til þess, að það hefur verið fullkomið handahóf, hvernig þessum banka hefur verið stjórnað, eftir því, hver hefur verið bankamálaráðh. á hverjum tíma, því að hann hefur getað ráðið algerlega meiri hlutanum í gegnum kosningu og á aðalfundum, hverjir voru í meiri hl. í bankaráði og hverjir voru bankastjórar, og það hefur verið gert. Það hefur meira að segja gengið svo langt, að fyrir mér hefur það verið upplýst af þeim, sem þarna hafa mætt, að þeir minnist þess ekki, að á seinasta fundi hafi einn einasti fulltrúi mætt fyrir einkafjármagnið; hafi ekki einu sinni mætt á aðalfundi. Mig furðar þess vegna ekkert á því, að hv. stjórnarandstæðingar séu sammála um það, eins og þeir hafa lýst yfir, að þessi skipulagsbreyting sé eðlileg. Þeir segjast eiga eftir að rannsaka löggjöfina, sem hér er fyrirhugað að setja. Ég vænti þess, að þeir hafi ekki mikið við hana að athuga, vegna þess að hún er í höfuðatriðum, eins og ég sagði, sniðin eftir þeim lögum, sem gilda um Landsbankann sem viðskiptabanka.

Þá kemur að hinu atriðinu viðkomandi því að skilja seðlabankann frá viðskiptabankanum. Liggur fyrir sams konar yfirlýsing, að það sé í raun og veru eðlilegt að skilja seðlabankann frá viðskiptabankanum. Það kann að vera þá einhver *ágreiningur um það, hvort skrefið sé stigið* nægilega fullt. Annar er ágreiningurinn ekki um þessar skipulagsbreytingar. Það liggur raunverulega yfirlýsing um það, að þeir eru sammála. Um hvað eru þeir þá alltaf að tala? Hvers vegna þá þessi andstaða gegn frv., þar sem menn eru í höfuðatriðum um annað sammála og um hitt sammála um það, að það gangi í rétta átt? Hvers vegna er þetta tal? Ég kem e. t. v. nánar að því.

Ég ætla þá að rekja í höfuðatriðum þær athugasemdir, sem hafa komið fram, og í þeirri röð, sem þær hafa komið fram.

Hér endurtók hv. 9. landsk., að ríkisstj. ætti auðvitað að marka fjármálastefnuna í höfuðatriðum og bankastjórar ættu að framkvæma stefnuna raunverulega í hennar umboði. Og hann sagði í fyrri ræðu sinni, að það væri ekkert eðlilegra en það, að bankastjórar væru látnir fara, ef þeir ekki framkvæmdu þá stefnu, sem ríkisstj. markar, enda er það nú þannig í þessum lögum, sem nú gilda, að bæði bankaráð og ríkisstj. getur sagt bankastjóra upp með 6 mánaða fyrirvara. En það, sem ágreiningurinn er um, er þá orðið þetta og þetta eitt. Þeir segja: Það er engin ástæða til fyrir ríkisstj. annað en að treysta þeim meiri hluta, sem nú er í bankaráði þessara tveggja aðalviðskiptabanka, og þeim meiri hluta, sem ræður í framkvæmdastjórninni, sem er stjórnarandstaðan. — Ég ætla, áður en ég kryf þetta til mergjar nánar, að spyrja að því, og ég get þá lýst þar yfir vanþekkingu minni, að ég veit satt að segja ekki til þess, — ég veit, að þessi regla er rétt, og ég er samþykkur henni, sem hv. 9. landsk. heldur fram, — en ætli það sé nú víða í ríkisbönkum, að það sé látið við það sitja, að stjórnarandstaðan ein ráði bönkunum? Ætli það sé þannig? Mér er að vísu kunnugt, að það er rétt og í samræmi við þá reglu, sem hér hefur verið sett fram af hv. 9. landsk., að ríkisstj. eigi að marka stefnuna og bankastjórunum eigi að vera skylt að framkvæma hana. Ég veit, að það er í samræmi við það, að í nálægum löndum hafa bankastjórar sagt af sér, þegar þeir hafa komizt í ósamræmi eða verið ósammála um höfuðstefnu ríkisstjórnanna. Ég minnist tveggja dæma um það atriði. En þá er ágreiningurinn orðinn um þetta, hvort ríkisstj., sem nú er, eigi

að treysta því, hún hafi ástæðu til að treysta því, að þeim meiri hl., sem ræður í bankaráðum þessara tveggja höfuðviðskiptabanka, þ. á m. í þjóðbankanum, og bankastjórunum sé annast um það að framkvæma stefnu ríkisstj. og sjá um, að hún fari sem bezt úr hendi. Og þeir heimta, að ef við ekki treystum þessu, þá nefnum við einhver dæmi þess, hvers vegna við treystum því ekki.

Ég ætla nú satt að segja ekki að fara mörgum orðum um þetta. Menn hafa séð það undanfarnar vikur, að flokkur atvinnurekenda, Sjálfstfl., um leið og hann lætur prédika það hér úr ræðustóli af hv. 1. þm. Reykv. og öðrum, að það, sem ríði lífið á fyrir íslenzkt fjármálalíf, sé að halda stöðugu verðlagi í landinu, m. a. til þess að fólkið treysti á sparifé, leikur þann leik, atvinnurekendurnir, að espa til verkfalla í landinu til þess að reyna, hvað sem það kostar þá sjálfa, að brjóta niður þá fjármálastefnu, sem ríkisstj. lýsti yfir og hefur lýst yfir og lýsir yfir að hún vilji framfylgja. Er líklegt, að fulltrúum þessa flokks, sem þannig vinnur utan þings um stund móti sínum eigin hagsmunum og móti hagsmunum allrar þjóðarinnar til þess að reyna að brjóta niður stefnu ríkisstj., sé annast um það í bönkum landsins að framfylgja stefnu ríkisstj.? Er það líklegt? Um þetta er ágreiningurinn. Hann er ekki um skipulagsbreytingarnar. Hann er um þetta. Og þeir heimta, að ég nefni dæmi, þeir heimta m. ö. o., að ég fari að nefna útlán hjá einstökum mönnum og fyrirtækjum til þess að rökstyðja málið. Ég geri það ekki.

Hv. 5. þm. Reykv. kom inn á þetta sama, og ég raunverulega svara honum með þessu. Hann er með skipulagsbreytingunni, eins og ég tók fram áðan, en hann segir: Það þarf alls ekki að vera að skipta um, því að ríkisstj. á að treysta þeim meiri hl. í bankaráðum og framkvæmdastjórn, sem nú er. — Og hann segir, að raunverulega hafi Vilhjálmur Þór og Valtýr Blöndal ráðið öllu í bönkunum, þeir hafi bara ekki getað gert nokkurn skapaðan hlut fyrir þessum minni hluta, ekkert gert nema það, sem Vilhjálmur vildi, og ekkert gert nema það, sem Valtýr Blöndal vill. En ég spyr: Hvers vegna í ósköpunum eru þá sjálfstæðismenn að basla með þetta meirihlutavald, til þess að Vilhjálmur Þór og Valtýr Blöndal ráði öllum útlánum í bönkunum? Hvers vegna í ósköpunum er verið að basla með það? Og hvers vegna hafa þeir beitt öllum brögðum á aðalfundi Útvegsbankans h/f til þess að ná þar meiri hl. í bankaráði til að geta skapað meiri hluta í framkvæmdastjórn, og hvers vegna leggja þeir svo hart að sér að ná meiri hl. í framkvæmdastjórn Landsbankans eins og kunnugt er? Ekki höfðu þeir meiri hl., þegar þessir menn voru kosnir, sagði hv. 1. þm. Reykv., ef ég man rétt Gunnar Viðar. Ég ætla ekki heldur að fara inn á það, hvernig sú kosning var og hvernig henni var komið í kring. En hv. þm. Sjálfstfl. vita ósköp vel um það, og þá voru þeim meirihlutavöldin meira virði í bönkunum en þau virðast nú. Þá virðast þeir ekki hafa gætt þess, að raunverulega, þótt þeir fengju þennan mann með því móti, sem þeir fengu hann inn í bankann, þá réð Vilhjálmur Þór raunverulega öllu, og sama var með hinn bankann, eins og ég sagði áður. — Ég get svarað því strax viðkomandi kosningu Vilhjálms Þór, að þegar var verið að taka fram í fyrir hæstv. fjmrh. og segja, að það væri ekki til þess að vera með neinn strákskap hér úr ráðherrastóli, að ég get lýst því yfir, að það hefði orðið að stjórnarslitum, ef Sjálfstfl. hefði farið því fram, sem hann ætlaði, að skipa hann ekki sem bankastjóra. En þá voru völdin svo mikil, að þá átti að skipa allt annan, þá voru völdin svo mikils virði. Og þeir samningar stóðu yfir, ekki svo að vikum skipti, heldur svo að mánuðum skipti, að það var þvingað fram. Það er vitanlega þetta, sem skiptir meginmáli, það er það, að enginn einn flokkur ráði yfir aðalviðskiptabönkunum og þar með þjóðbankanum, og sízt þeir menn, sem eru í andstöðu við ríkisstj.

Hér var á það minnzt af hv. 5. þm. Reykv., að ég hefði svarað því, þegar hv. 9. landsk. sagði að bankastjórarnir ættu að framkvæma stefnu ríkisstj. í fjármálum eða þeir ættu að fara, — ég sagði, að þeirri reglu hefði nú yfirleitt ekki verið fylgt á Íslandi að reka menn í stórum stíl. En hann misskilur áreiðanlega grg. viðkomandi Útvegsbankanum, því að sjálfsögðu er það, að um leið og hlutafélagi er breytt í ríkisbanka, þá falla niður umboð ekki aðeins bankaráðs, heldur bankastjóra, og með þeirri breytingu, sem gerð er á landsbankalögunum, er gerð hliðstæð grein fyrir þessu. Hitt er allt annað mál, sem líka er sagt í grg., hverjir verða ráðnir til þess að gegna þessum störfum. Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um Búnaðarbankann og Iðnaðarbankann, hvort þeir eru hliðstæðir. Það er vitanlega alveg rétt, annað er ríkisbanki, en hinn er það ekki, nema að því leyti sem ríkið á sína hlutdeild í honum, en þessir bankar eiga það báðir sameiginlegt, að þeir eru bankar stétta, bænda annars vegar og iðnaðarmanna hins vegar, og eins og ég hef bent á, þá fylgir Búnaðarbankinn að sjálfsögðu þeim reglum, sem settar eru um útlán úr ræktunarsjóði, sem er alveg fastákveðið eftir lögum, og úr byggingarsjóði, sem einnig er alveg fastákveðið, og kemur þess vegna ekki til athugunar annað en það sparifé, sem honum er trúað fyrir.

Sjálfstæðismenn segjast ekki hafa misnotað bankana í einu eða neinu. Ég hef orðað það þannig, að það mætti lána misjafnlega til hinna einstöku atvinnugreina og síðan væri auðvelt að segja, að það væri ekkert til handa öðrum, þegar þar að kemur. Ég ætla ekkert að ræða frekar um þetta atriði málsins. Það er ómögulegt að ræða um einstök útlán og ágreining um, hvernig á að verja því litla fé, sem við höfum, öðruvísi en að lenda í umræðum, sem er óviðeigandi að hafa frammi hér á Alþ. eða a. m. k. ég vil ekki láta leiða mig inn á, vegna þess að það þýðir það, að rætt verður um einstök lán. En ég óska sjálfstæðismönnum til hamingju með það, að þegar nú verður breytt um stjórn á bönkunum, þá sé þetta allt saman svo hreint, að það hafi aldrei verið lánað frekar til eins en annars á þann hátt, sem ekki hefði átt að vera.

Hv. 1. þm. Reykv. minntist á það, að við

hefðum, framsóknarmennirnir, verið andvígir því að hafa þá kosningu á bankaráði Landsbankans að kjósa 4 menn hér í Sþ., eins og það var 1928, og hlutaðeigandi ráðh. skipaði form., við hefðum komið þessu ákvæði inn, sem nú væri orðið 30 ára gamalt, um bankanefndina. Og hann taldi það ákaflega mikil firn, að við skyldum ekki vera á sama máli núna, við skyldum vera að breyta til og leggja niður bankanefndina, en taka upp þetta fyrirkomulag, sem hefði verið horfið frá. En það má náttúrlega alveg eins snúa þessu við og spyrja: Hvers vegna eru sjálfstæðismenn ekki því samþykkir að kjósa 4 menn í Sþ. núna og láta hlutaðeigandi ráðh. skipa bankaráðsformann, því að það var það, sem þeir voru með 1928? Það er vitnað í það hér, að þetta séu orðin 30 ára gömul lög. Ég sé nú satt að segja ekkert athugavert við það, þó að lögum sé breytt, því að þeim er nú breytt satt að segja með styttra millibili en hér um ræðir. Og ef við höfum komizt að þeirri niðurstöðu, að bankan. sé fyrirkomulag, sem hafi ekki reynzt eins vel og við höfðum búizt við, og höfum horfið frá því, þá er svo mikið víst, að sjálfstæðismönnum hefur snúizt hugur algerlega á sama hátt viðkomandi því fyrirkomulagi, sem við mæltum með 1928.

Ég nenni ekki að rekja hér ádeilurnar viðkomandi hæstarétti. Það er vitanlega mjög deilt um það, bæði hér og annars staðar, hvað hæstaréttardómarar eigi að verða gamlir. Því er haldið fram af ýmsum, sem er rétt, að menn verði reyndari og vitrari með aldrinum og reynslunni. Sjálfsagt gildir þetta stundum, en stundum er það nú líka þannig, að þegar menn eldast, þá eru embættismenn, þ. á m. hæstaréttardómarar, ekki í eins góðu samræmi við þann hugsunarhátt, sem er í því þjóðfélagi, sem þeir eiga að lifa og starfa fyrir, eins og þeir, sem eru yngri, ef þeir eru komnir á manndómsár og búnir að fá nokkra reynslu. Og stundum er það þannig, að það, sem við eldri mennirnir höldum fram að sé lífsreynsla, reynist vera fordómar. Mér dettur ekki í hug að fara að dæma um þessa ágætu menn, sem þarna viku úr starfi. Það er heimild til þess, sem hefur verið notuð oftar en einu sinni, eins og hv. 1. þm. Reykv. hefur bent á, að láta dómara fara 65 ára, og hann bendir nú á það, að annar hefði verið orðinn það farinn að heilsu, að hann hefði fallið frá rétt á eftir. Þessi heimild í lögum er vitanlega vegna þess, að það þykir rétt, að dómsmrh. geti skipt um, þegar maðurinn er orðinn 65 ára, til að fyrirbyggja það, að of gamlir menn séu í embætti eða of hrumir.

En það er nú ekki satt að segja hægt að tala um, að þetta sé beinlínis ofsóknaratriði, því að hæstaréttardómararnir eru þeir einu, að ég hygg, í þessu landi, sem hafa full laun, meðan þeir lifa, og missa einskis í launum við það að láta af starfi. Þetta er gert vegna þess, að það þykir nauðsynlegt að tryggja afkomu þeirra betur en annarra embættismanna, til þess að þeir séu sem sjálfstæðastir í starfi. Þetta skraf um það, að mennirnir, sem hafi komið þarna inn, hafi reynzt ágætir og að það hafi engu raskað, við hefðum ekki getað hrært í þeim, og ég, sem er sá vondi maður, hefði ekki getað haft áhrif á þá, það er vitanlega hlutur, sem ekki er svaraverður. Vitanlega eru mennirnir þannig, vegna þess að við vissum, hvaða menn við völdum, og völdum þá til þess að gegna skyldu sinni eftir beztu samvizku, og það hafa þeir gert.

Ég get aðeins upplýst það hér, að það siðferði var í dómarastétt, að þessir menn, sem gegna þessum störfum, gegndu fulltrúastörfum um nokkurt skeið, og ef hv. 1. þm. Reykv. heldur, að það hafi verið ætlun mín að fara til þessara manna og skipa þeim fyrir um það, hvernig þeir ættu að dæma, eins og hann hafði gefið í skyn, þá get ég sagt honum það til sönnunarmerkis, að ég veit nú satt að segja heldur betur, vegna þess að ég gegndi fulltrúastarfi með þessum mönnum sem dómurum. Þeir umgengust ákaflega mikið hæstaréttarmálfærslumenn og aðra málfærslumenn hér í bænum, og það hefði verið talin sú mesta móðgun, hvað góður kunningi sem var í málfærslumannastétt, ef hann hefði nokkurn tíma leyft sér að spyrja um það fyrir fram, hvernig dómur mundi fara, og gilti jafnt og ekki sízt, ef menn hittust í kunningjahóp. Þessum getsökum, að ég hafi ætlað mér að hafa áhrif á þessa menn, tel ég fullsvarað með þessu. Við höfum verið heppin með það, að þannig hefur verið sú regla, sem dómarar þessa lands hafa fylgt.

Að lokum minntist hv. 1. þm. Reykv. á það, að sparifé hefði minnkað og að það væri þessari ríkisstj. að kenna. — Það er nú náttúrlega staðreynd, sem svo að segja hver einasti maður í þessu landi þekkir, sem nokkuð fylgist með, að áhugi manna á að leggja inn sparifé var byrjaður að þverra, þegar fyrrverandi ríkisstjórn lét af völdum, og raunverulega sannaði hv. 1. þm. Reykv. þetta álit almennings, vegna þess að hann sagði, að það væru athafnir, sem gilda, en ekki orð í þessu efni. En athafnir fyrrv. ríkisstj. voru þannig mánuðina áður en hún hrökklaðist frá völdum, að vísitalan hækkaði jafnt og þétt með miklum hraða við hver mánaðamót. Það voru þær staðreyndir, sem almenningur skildi, og það er vegna þess, að ótti manna við að geyma fé á sparisjóði hefur verið til staðar. En ef sjálfstæðismenn vilja hlynna að því, að sparifé haldi áfram að aukast, eins og þeir tala í öðru orðinu, þá ættu þeir a. m. k. í stað þess að haga sér á þann hátt, sem þeir haga sér nú í málunum, sem ég minntist á núna í ræðu minni fyrir stuttu, ef þeir væru sjálfum sér samkvæmir, að styðja að þeirri stefnu ríkisstj. að halda verðlaginu stöðugu, í staðinn fyrir það að vinna með þeim aðferðum, sem eru að endemum, að reyna að sprengja verðlagið eingöngu í því skyni að reyna að koma ríkisstj. frá eða eyðileggja stefnuna, en alveg þvert ofan í sína hagsmuni og hagsmuni þjóðarinnar.

Jón Pálmason: Herra forseti. Mér þykir ástæða til að bæta fáeinum orðum við það, sem ég sagði hér í dag, einkum vegna þeirrar síðustu ræðu, sem hæstv. forsrh. hefur nú haldið. Skal ég þó ekki hafa þetta langt mál.

Hæstv. ráðh. sagði það hér snemma í sinni

ræðu, að þeir sjálfstæðismenn, sem hér hefðu talað, væru sammála þeim skipulagsbreytingum, sem hér væri farið fram á í bönkum landsins. Þetta er ekki rétt.

Í fyrsta lagi vil ég geta þess, að ég mótmælti algerlega þeirri skipulagsbreytingu, sem fyrirhuguð er á Landsbankanum, og tel á henni enga þörf. Sú breyting, sem þar verður, gerir það m. a. að fjölga yfirmönnum bankans um fimm og verður til þess að auka útgjöldin við stjórn bankans um nokkur hundruð þúsunda. Að það sé einhver framför að því, eins og nú er komið fjármálum bankanna, að skipta bankanum í tvennt, fjölga bankastjórum hans um tvo og bæta við þremur stjórnarmönnum, það fæ ég ekki skilið, og a. m. k. hefur hvorki 1. þm. Reykv. (BBen) né 5. þm. Reykv. (JóhH), sem hér hafa talað, lýst neinu samþykki við þessa skipulagsbreytingu.

Á hitt hef ég ekki neitt minnzt, hvað snertir Útvegsbankann, að breyta honum úr hlutafélagi í ríkisbanka. Það getur út af fyrir sig verið réttmætt, þó að ég búist við, að sá banki geti starfað eins og hann hefur gert undir því skipulagi, sem er, og a. m. k. er það víst, að ekkert batnar hagur hans eða útlánageta við það að breyta honum á þann hátt.

Eru þetta þó ekki aðalatriði af því, sem ég vildi minnast hér á, heldur vil ég ítreka það, sem ég vék að hér í dag, að ég mótmæli því harðlega, að það hafi, síðan ég fór að kynnast í Landsbankanum og kom þar í bankaráð fyrir 3 árum, verið höfð í frammi nokkur flokksleg hlutdrægni, þannig að hægt sé að segja, eins og hæstv. ráðh. hefur hvað eftir annað gert, að það sé einn flokkur, sem ráði bönkunum. Hæstv. ráðh. margendurtók, að það væri engan veginn eðlilegt, að einn stjórnmálaflokkur réði þessum tveimur bönkum. Þar með er hann að segja: Vilhjálmur Þór bankastjóri og Valtýr Blöndal bankastjóri eru alveg áhrifalausir menn, og þeir eru beittir yfirgangi af hinum bankastjórunum, sem hafa meirihlutavaldið í þessum bönkum. — Ég efast um, að þessir menn mundu færa nokkrar þakkir, hvorki hæstv. forsrh. né öðrum, sem hafa skrifað í svipuðum dúr, fyrir þessar kveðjur.

Þá sagði hæstv. ráðh.: Ja, til hvers er Sjálfstfl. að burðast við að hafa meirihlutavald í bönkunum, ef hann beitir því ekki? Nú er það náttúrlega, eins og gefur að skilja, að það skipulag, sem er á þessum málum og er fyrst og fremst hvað Landsbankann varðar í gegnum bankanefndina, hefur leitt það af sér og gert það mögulegt, að sjálfstæðismenn ættu þessi störf, og það er ekkert undarlegt, að það, sem fellur upp í hendurnar á einum flokki, sé notað þannig, að það séu settir hans menn í þessi störf. En að þeir hafi beitt sér með hlutdrægni í sinni starfsemi í bankanum, því mótmæli ég, og ég mótmæli því harðlega.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það væri alls ekki neinn tilgangur með þessu frv. að reka menn og það væri yfirleitt alls ekki notað hér á landi. Ja, það var nú 1935, ef ég man rétt, þá breyttu Framsfl. og Alþfl. l. um Búnaðarbanka Íslands eingöngu til þess að flæma þaðan burt bankastjórann Pétur Magnússon. Bjarni Ásgeirsson, sem þá var bankastjóri í bankanum líka, var sömuleiðis látinn fara með þeirri breytingu, en honum var útvegað annað starf, og einn af fyrrv. þm. Alþfl., sem sagði mér frá þessu, sem ég raunar vissi um, sagði, að þetta hefði verið það andstyggilegasta verk, sem sinn flokkur hefði verið knúinn út í að fylgja.

Nú kann að vera, að það sé ekki ætlun hæstv. ríkisstj. að reka neina bankastjóra frá með þessum lagabreytingum, sem þeir eru hér með. Ég veit ekkert um það. Það kemur í ljós á sínum tíma. Það kann að vera og að það eigi þá að byggjast á því, að það sé fjölgað svo mikið bankastjórum, að það sé hægt að láta þá vera, með því þó um leið að taka meirihlutavald eða meirihlutaaðstöðu af þeim, sem eru fylgismenn Sjálfstfl. En ef það er ekki meiningin að reka neina af þessum bankastjórum burt, þá fer að verða skrýtinn hugsanagangurinn eftir þeim ummælum, sem hér hafa verið höfð í frammi varðandi þetta.

En það er fleira en bankastjórar, sem þarna er um að ræða, því að samkv. þessum lagabreytingum, sem hér á að knýja í gegn, eru það hvorki meira né minna en fimm bankaráðsmenn í öllum bönkunum þremur, fimm bankaráðsmenn, sem tilheyra Sjálfstfl., sem stjórnarliðið ætlar á þennan hátt að flæma burt eða sama sem reka. Það er þess vegna ekki alveg í samræmi við yfirlýsingar hæstv. ráðh., að það sé ekki ætlunin að reka neina menn.

Varðandi það, sem hæstv. ráðh. sagði hér um sparifé, þá er það vitaður hlutur, að sparifjáraukningin hefur stöðvazt, síðan núverandi ríkisstj. tók við. Það er að vísu rétt, að aukning hennar var nokkuð farin að minnka í tíð fyrrv. stjórnar, en það hefur alveg tekið steininn úr, síðan þessi hæstv. ríkisstj. tók við völdum.

Varðandi þær ásakanir, sem komu fram frá hæstv. forsrh. nú á fyrrv. stjórn og hennar fjármálastefnu, þá hittir það fyrst og fremst hans flokksbróður, fyrrv. og núverandi fjmrh., sem hefur haft stjórn fjármálanna á hendi.

Að öðru leyti skal ég ekkert fara að þræta um þá hluti, sem ég hef ekki gefið mig hér neitt að, eins og skipun hæstaréttar og annað slíkt, en bæði í dag og nú kvaddi ég mér hljóðs fyrst og fremst til þess að mótmæla þeim getsökum, þeim ásökunum, sem hafa kveðið við í blöðum og ræðum hv. stjórnarliða, að það sé einhver ægileg hlutdrægni, sem bankastjórar Sjálfstfl. hafi beitt í aðalbönkum landsins, Landsbankanum og Útvegsbankanum. Því mótmæli ég, og ég held, að það væri sæmra fyrir hæstv. stj. og hennar lið að færa einhverjar sannanir fyrir því, að þeirra menn í bönkunum hafi verið þar ofurliði bornir eða verið áhrifalausir menn.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. nefndi það síðast, sem er alveg rétt, að við erum um það sammála, að ríkisstj. eigi að ákveða stefnuna í peninga- og bankamálum og bankastjórum og öðrum stjórnendum bankanna beri að framkvæma þá stefnu og að ríkisstj. sé að sjálfsögðu heimilt að tryggja það, að hún verði framkvæmd. En ég vil gjarnan undirstrika það, að

það er annað atriði, sem ég tel í rauninni það þýðingarmesta einmitt í sambandi við þau mál, sem hér eru til umr., sem við erum algerlega ósammála um, en það er, með hverjum hætti ríkisstj. beri að tryggja, að sú stefna í peningamálum, sem hún hefur ákveðið, verði framkvæmd.

Hæstv. forsrh. er þeirrar skoðunar, sem segja má að sé aðalkjarni þeirra frumvarpa, sem hér liggja fyrir, að þetta eigi að tryggja annaðhvort með mannaskiptum í stjórn bankanna, þegar ný ríkisstj. kemst til valda, eða ef sú leið þykir ekki fær, að fjölga nægilega mikið í þessum stjórnum, til þess að ríkisstj. hafi þar meiri hluta.

Ég lít aftur svo á, eins og komið hefur fram í mínum fyrri ræðum, að það sé ekki þessi leið, sem beri að fara, heldur hin, að ríkisstj. setji um það ákveðnar reglur með löggjöf eða á annan hátt, hvaða stefnu beri að framfylgja í þessum málum, og svo er það annað mál, að ef til árekstra kemur varðandi framkvæmd þessarar stefnu milli bankastjóranna og ríkisstj., þá væri eðlilegt, að stjórnendur bankanna annaðhvort segi af sér eða verði látnir fara. En það, sem vantar hér í, er þetta, að hæstv. forsrh. hefur ekki viljað verða við ítrekuðum ummælum okkar sjálfstæðismanna um að gera ákveðna grein fyrir því, í hverju þessir árekstrar hafa verið fólgnir. Hann hefur ekki viljað nefna þar ákveðin dæmi.

Að lokum vil ég aðeins minnast á annað atriði, sem að vísu snertir ekki þetta mál beint. Hæstv. forsrh. sagði, að með tilliti til þeirrar afstöðu, sem sjálfstæðismenn hefðu haft til kaupgjaldsmálanna að undanförnu, væri ekki hægt að treysta þeim til þess að framkvæma stefnu ríkisstj. í peningamálum. Hér mun hæstv. forsrh. fyrst og fremst eiga við kauphækkun þá, sem verkalýðsfélagið Iðja fékk á síðastliðnu vori. Það er nú í rauninni heldur langt sótt að kenna sjálfstæðismönnum um þá kauphækkun, ef hún að einhverju leyti þykir varhugaverð. En þetta er rökstutt á þann hátt, að sjálfstæðismenn séu í meiri hluta hjá iðnrekendafélaginu og iðnrekendafélagið hafi látið undir höfuð leggjast að spyrna gegn þessum kröfum. Og hvað sem segja má um þessa kauphækkun Iðju til handa, ber þó að hafa það hugfast, að hér er um að ræða eitthvert lægst launaða fólkið í landinu og kauphækkunin ekki ýkja mikil, miðað við þær kauphækkanir, sem venjulega hafa átt sér stað, þegar vinnudeilur hafa orðið. En ég vil í þessu sambandi leyfa mér að minna á aðra launadeilu, sem var leidd til lykta í febrúar eða marzmánuði s. l., en það var kaupdeila flugmanna og flugfélaganna. Þá hældust stjórnarblöðin um það, hvern þátt ríkisstj. hefði átt í giftusamlegri lausn þeirrar launadeilu. Það var að vísu ekki notað orðið kauphækkanir um þau hlunnindi, er flugmennirnir fengu, en hlunnindin voru vægt metin a. m. k. samsvarandi 30% kauphækkun. Því hefur enginn hnekkt enn þá. En allir vita, að flugmennirnir eru meðal þeirra launastétta þessa lands, sem einna hæst eru launaðar, án þess að tekin sé afstaða til þess, hvort þeim beri það kaup eða ekki, um það skal ég ekki segja vegna ókunnugleika.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Hæstv. forsrh. heldur því fram, að við höfum heimtað það af honum, að nefnd væru einstök útlán, sem athugandi væru í bönkunum. Við höfum aldrei gert það, heldur farið fram á, að hann gerði grein fyrir almennum ágreiningi eða árekstrum, sem ríkisstj. hefur átt í við bankana eða innan bankanna hafa orðið vegna meirihlutaaðstöðu Sjálfstfl. Þessu er enn ósvarað. Hann segir, að við heimtum, að ríkisstj. eigi að treysta á sjálfstæðismennina í bönkunum. Það höfum við aldrei sagt, en við höfum sagt hitt, að ef ríkisstj. vantreystir þessum mönnum, þá verður hún að byggja sitt vantraust á staðreyndum. Það hefur hún ekki gert. Ég skil ekki, hvað hæstv. forsrh. er að fara, þegar hann segir, að sjálfstæðismenn hafi beitt öllum brögðum í fulltrúaráði Útvegsbankans til þess að ná aðstöðu til þess að kjósa bankastjóra. Þetta eru stór orð hjá hæstv. forsrh., að í fulltrúaráði Útvegsbankans hafi verið beitt öllum brögðum, algerlega órökstudd mér vitanlega, ekki annað en tilhæfulaus og ósæmandi að viðhafa þau öðruvísi en færa þeim nokkurn stað.

Hæstv. forsrh. sagði, að það hefði kostað stjórnarskipti, ef Vilhjálmur Þór hefði ekki verið kosinn bankastjóri, og þá fékk maður skýringu á því. — Ég hef verið í þingflokki sjálfstæðismanna, meðan á þessu gekk, og heyrði aldrei nefnt neitt um stjórnarskipti þar. Sjálfum finnst mér þetta vera töluvert Framsóknarlegt, þegar tiltekinn gæðingur á ekki að fá tiltekna stöðu, þá segja framsóknarmennirnir: Þá verður það að kosta stjórnarskipti. — Þetta er ný og skemmtileg upplýsing.

Ég verð svo að leiðrétta hjá hæstv. forsrh., þegar hann sagði, að áhugi fyrir sparifjármyndun hjá almenningi hefði byrjað að þverra, áður en fyrrverandi ríkisstj. lét af völdum. Þetta er rangt. Sparifjármyndunin var bæði jafnmikil og meiri en á undanförnum árum fram til júlíloka 1956, og ég efast um, að hún hafi annað ár á fyrstu mánuðum ársins verið meiri en á árinu 1956. Annaðhvort hefur hæstv. forsrh. ekki kynnt sér þetta nægilega vel eða hann misminnir í þessu efni.

Loksins er svo eitt, að hæstv. forsrh. segir, að ég hafi misskilið grg. við frv. um Útvegsbankann, að ekki falli niður umboð bankastjóranna. Ég bið afsökunar á því, ef hér er eitthvað, sem mér hefur yfirsézt og ég misskilið, en í 37. gr. lagafrv. sjálfs stendur: „Útvegsbanki Íslands tekur við öllum réttindum og skyldum gagnvart starfsfólki og framkvæmdastjórn Útvegsbanka Íslands h/f, er hlutafélagið hættir störfum.“ Í grg. segir um þessa grein: „Þarfnast ekki skýringar við“, — og ég hef ekki enn séð ákvæði frv. né grg. um það, að umboð bankastjóra Útvegsbankans falli niður, og vil því að lokum biðja hæstv. ráðh. að benda mér á það, og eftir að hann hefur gert það, þá segi ég, að ég biðst afsökunar á því, ef þetta er mín yfirsjón. Ég vildi óska eftir því, að hæstv. ráðh. vildi benda mér á þetta ákvæði í frv. eða grg.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁB, EirÞ, EmJ, EystJ, GíslG, GÍG, GJóh, GÞG, HS, HV, LJós, PÞ, BrS, SkG, ÓJ, EOl.
nei: JPálm.
JóhH, KJJ, ÓB, RH greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁkJ, BG, BBen, BÓ, HÁ, IngJ, JS, KGuðj, MJ, ÓTh, PO, SÁ, SvbH, ÁÞ) fjarstaddir.
Frv. vísað til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 105. fundi í Nd., 24. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 553, n. 602 og 623, 608).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 608. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Eins og frá er skýrt í nál. á þskj. 602, eru fjhn.-menn ekki allir sammála um afgreiðslu þessa máls. Í meiri hl. eru þrír nm., og mæla þeir með því, að frv. verði samþ., en hinir tveir nm. leggja á móti því.

Meiri hl. n. flytur brtt. við frv. á þskj. 608.

1. brtt. er um viðbót við 2. gr. frv. Með þessum viðauka við 2. málsgr. gr. verður hún nákvæmlega eins og málsgr. er nú í 1. gr. laganna. Hafði þessi síðari hluti málsgr. fallið niður, þegar frvgr. var samin, og er hér nánast um leiðréttingu að ræða.

2. brtt., við 9. gr., er aðeins leiðrétting á orðalagi.

3. brtt., við 11. gr., er um að fella niður tilvitnun í 7. tölulið 17. gr., sem nú er 14. gr. í lögunum. Þótti óþarft að hafa þessa tilvitnun í 17. gr., en engin breyting er gerð á henni með þessu frv.

Um 4. og 5. brtt. er það að segja, að það eru aðeins leiðréttingar.

6. brtt. er um, að 14. gr. frv. falli niður. Sú grein snertir 20. gr. laganna, sem felld var niður með sérstökum lögum 1951, þó að hún sé enn tilfærð í lögunum, eins og þau eru prentuð í lagasafninu.

8. brtt. við 16. gr. má skoða aðeins sem leiðréttingu.

En ég átti eftir að gera grein fyrir 7. brtt., við 15. gr. Samkv. frv. er landsbankanefndin lögð niður. Eitt af verkefnum hennar var að úrskurða reikninga bankans, en við samningu frv. hefur láðst að taka það fram, hvaða aðili ætti að taka við því verkefni. Er hér lagt til, að svo verði fyrir mælt, að ráðh. úrskurði reikningana. Er þetta í samræmi við ákvæði um sama efni í lagafrv. um Útvegsbanka Íslands, sem nú er einnig til meðferðar hér á þinginu, og einnig er þetta í samræmi við ákvæði laganna um Búnaðarbankann.

Eins og ég sagði áðan er 8. brtt. aðeins leiðrétting.

9. brtt. er við 18. gr. frv. Í 35. gr. núgildandi Landsbanka laga segir svo:

„Bankaráðsmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi, hvenær sem er.“

Þetta ákvæði hefur verið tekið óbreytt í 18. gr. þessa frv., en n. leggur til, að sú breyt. verði á þessu gerð, að eigi þurfi nema annar hvor, aðalmaður eða varamaður í bankaráði, að vera búsettur í höfuðstaðnum eða nágrenni hans. Verði frv. samþ. með þessari breyt., mætti t. d. kjósa mann í bankaráð, þó að hann væri búsettur fjarri Reykjavík, ef varamaður hans væri í Reykjavík eða svo nálægt, að hann gæti sótt fundi mjög fyrirvaralítið.

10. og 11. brtt. eru aðeins fluttar til leiðréttingar á tilvísun í ákveðnar greinar.

Með 12. brtt. er lagt til, að 28. gr. frv. falli niður, þar sem réttara þótti að hafa ákvæði hennar í bráðabirgðaákvæði.

13. brtt. er aðeins lagfæring á orðalagi.

Og þá er það 14. og um leið síðasta brtt., sem er um það, að á eftir 30. gr. frv. komi ákvæði til bráðabirgða.

Með fyrirmælum 29. gr. frv. er felldur niður VII. kafli laganna, sem er bráðabirgðaákvæði frá eldri tíma. Í þeim bráðabirgðaákvæðum eru m. a. ákvæði þau, sem tekin eru í fyrri málsgr. brtt., og er talið, að þau ákvæði megi ekki falla úr gildi. Þau hafa verið alllengi í landsbankalögum. Í síðari málsgr. bráðabirgðaákvæðanna samkv. brtt. eru hins vegar tekin upp fyrirmæli, sem nú eru í 28. gr. frv. Auk þess eru tekin í þessa brtt. fyrirmæli um, að starfstímabil þeirra bankaráðsmanna, sem ráðgert er að Alþ. kjósi, þegar eftir að það hefur samþ. þetta frv., skuli vera til ársloka 1961, en starfstímabil formanns og varaformanns til ársloka 1962. Var n. bent á það, að hagkvæmara væri að láta kjörtímabilið enda við áramót. Mun það nú vera aðalreglan, að kjörtímabil nefnda, sem Alþ. kýs, byrjar og endar við áramót, en samkv. ákvæðum frv. á kjörtímabil hinna þingkjörnu bankaráðsmanna að vera 4 ár, en ríkisstj. að skipa formann og varaformann til 5 ára.

Hef ég þá gert grein fyrir þessum brtt., sem meiri hl. flytur.

Við atkvgr. um brtt. í n. greiddu þeir hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) og hv. 9. landsk. þm. (JR), sem skipa minni hl. n., atkv. með einstökum brtt., en sátu hjá við atkvgr. um aðrar. Þeir töldu þó ekki ástæðu til að taka þátt í að bera þær fram, og eru því till. fluttar af meiri hl. nefndarinnar.

Ég vil geta þess að lokum, að það kom fram í n., að einn af þeim, sem skipa meiri hl. fjhn., hv. 3. þm. Reykv. (EOl), hefur nokkra sérstöðu í málinu viðkomandi ákvæðinu um seðlabanka, og mun hann ef til vill gera grein fyrir því í umr., ef hann telur ástæðu til þess.

Frsm. minni hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Minni hl. fjhn. hefur skilað séráliti, en það hefur nú ekki unnizt tími til að útbýta því, en þar sem tími þingsins er orðinn svo takmarkaður, hef ég ekki við það að athuga fyrir mitt leyti að halda áfram umræðunum, enda þótt ekki sé búið að útbýta álitinu, og væntanlega berst það bráðlega á fundinn.

Þess er getið í greinargerð fyrir stjfrv. því, sem hér liggur fyrir, að þegar núverandi ríkisstj. hafi tekið við völdum, hafi hún lýst yfir því, að hún mundi beita sér fyrir breytingum á bankalöggjöf landsins, m. a. þeirri, að seðlabankinn yrði settur undir sérstaka stjórn. — Ég held, að það hafi hvergi, hvorki fyrr né síðar, komið nokkurs staðar fram nein önnur efnis-

breyting á bankalöggjöf landsins, sem vekti fyrir hv. núverandi stjórnarflokkum og stefnt væri að.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er gerð nokkur breyting á skipan seðlabankans. Hins vegar hefur það komið fram, sem reyndar var löngu kunnugt orðið, að meginástæða núverandi stjórnarflokka til málamyndabreytinga á bankalöggjöfinni væri sú að koma þar að í stöður bankastjóra og bankaráðsmanna fylgismönnum núverandi hæstv. ríkisstj. Á þetta hefur reyndar ekki verið dregin dul hér við 1. umr. málsins, enda þótt þetta frv. auglýsi ekki beinlínis þennan tilgang, en þó að svo sé ekki, þá leynir hann sér heldur ekki í frv.

Það er gert ráð fyrir því að setja seðlabankann undir sérstaka stjórn tveggja bankastjóra, auk þriggja meðstjórnenda, sem skipaðir eru af ríkisstj. eftir tilnefningu bankaráðs, og það er gert ráð fyrir því, að umboð núverandi bankaráðs falli niður og síðan verði kosið nýtt bankaráð, þar sem ríkisstj. skipar formanninn, en fjórir eru kosnir af Sþ.

Þá er vikið að því í grg. frv., að af hinni breyttu skipan á framkvæmdastjórn Landsbanka Íslands leiði, að umboð núverandi bankastjóra hans falli niður í því formi, sem þau nú eru, en í nál. meiri hl. fjhn. er slegið föstu, að umboð núverandi bankastjóra falli niður. Hvort sem þessi staðhæfing er nú rétt, að umboðið falli niður, eða hitt, að breyting eigi sér stað á þessum embættum vegna breyttrar skipunar á stjórn bankans, og það fái þess vegna í raun og veru *ekki staðizt staðhæfingin um, að umboðin falli* niður, miðað við ákvæði frv., þá er hitt augljóst, að hv. stjórnarflokkar stefna að því og hæstv. ríkisstj. með þessu frv. að geta ráðstafað 5 bankastjóraembættum í Landsbankanum og 4 bankaráðsstöðum af 5, og þá sýnist mér, að sæmilega sé að verið.

Því hefur verið haldið fram hér við 1. umr. málsins af hæstv. forsrh., að vegna þess að sjálfstæðismenn hafi sölsað undir sig eða lagt undir sig meirihlutaaðstöðu — eða hvernig það var nú orðað — í bankaráðum og meðal bankastjóra hinna tveggja banka, Landsbankans og Útvegsbankans, þá sé það fjötur um fót ríkisstj. og hún geti engan veginn unað því, og mun hann hafa orðað það eitthvað á þá leið, að til þess lægju svo augljós rök, að ekki þyrfti að rekja, að þessu meirihlutavaldi þyrfti ríkisstj. að hnekkja, og væri það undirstaðan undir þeim frv., sem hér væru flutt. — Hæstv. ráðh. var inntur eftir því, hver væru hin augljósu rök, og reyndar mátti varla minna vera en að hann gerði grein fyrir þeim, sérstaklega þar sem þau áttu að vera svo augljós. En hann vék sér nú undan því og gerði enga grein fyrir þeim augljósu rökum, og jafnframt, þegar hann hélt því fram, að meginástæðan fyrir því, að þetta frv. væri fram komið og önnur bankafrumvörp, væri sú, hversu sjálfstæðismenn hefðu misbeitt valdi sínu í bönkunum, þá var hann inntur eftir því, í hverju árekstrar hefðu orðið innan bankanna sjálfra vegna pólitísks meiri hluta sjálfstæðismanna eða milli hins pólitíska meirihlutavalds sjálfstæðismanna, eins og um er talað, og ríkisvaldsins sjálfs. En þessu vék hæstv. ráðh. sér einnig undan að svara, og allt er þetta skiljanlegt, vegna þess að hér er um tilbúnar ástæður að ræða, sem enginn fótur er fyrir.

Ég vil almennt segja um þá aðferð, sem hér er viðhöfð, að sá hugsunarháttur er mjög vítaverður að telja, að stjórnarvöldin á hverjum tíma eigi að vera þess umkomin að koma embættis- og starfsmönnum frá ábyrgðarmiklum störfum eða stöðum af þeim sökum einum, að þeir fylgja ekki sömu pólitísku skoðun og stjórnarherrarnir einir, en ekki vegna þess, að talið sé, að þeir hafi neitt misgert í störfum sínum. Hér er komið út á mjög hála braut, sem erfitt verður að stöðva sig á. Í fyrsta lagi skapar þetta fordæmi í sambandi við bankamálin ótvírætt, þannig að af því getur eðlilega leitt, að í hvert skipti sem ríkisstjórnarskipti eigi sér stað hér á landi, þá telji menn eða þeir aðilar, sem að þeim standa, nauðsynlegt, að samtímis fari fram bankastjóraskipti eða yfirráð yfir bönkunum, hvort sem er í bankaráðum eða öðrum stjórnum bankanna. Í öðru lagi hafa hér engin takmörk verið sett. Það er talað um bankastjóra í dag og bankaráðsstöður, en að hvaða embættismönnum eða starfsmönnum verður komið næst? Er ekki alveg eins hægt að hugsa sér, að ríkisstj. telji, að hún geti ekki haft þennan og þennan mann í starfi, við skulum segja vegamálastjóra, póst- og símamálastjóra, útvarpsstjóra, og svona mætti lengi halda áfram að telja, af því að hann fylgdi ekki þeim pólitísku skoðunum, sem stjórnin boðar, og væri að því leyti að *einhverju leyti fjötur um hennar fót?*

Hjá okkur hefur til þessa ríkt sú grundvallarhugsjón eins og annars staðar í lýðfrjálsu ríki, að embættismönnum, sem tekið hafa að sér trúnaðarstörf í þágu ríkisins eða opinberra stofnana, beri að rækja þær skyldur, sem þeim eru lagðar á herðar, án tillits til þess, hvaða pólitíska skoðun þeir kunna að hafa, og engu að síður að beita sinni atorku í þjónustu ríkisstj., sem þeir verða að vinna fyrir, hvort sem þeim líkar betur eða verr við hennar stjórnarstefnu. Ef til vill mætti segja, að mikilvægara væri, að þessi skilningur ríkti óskoraður í sambandi við peningastofnanir landsins, vegna þess að það kann að vera miklu meira í húfi varðandi það, að um þær skapist viðunandi öryggi og traust, bæði út á við og inn á við, heldur en þótt um ýmsar aðrar stöður og embætti væri að ræða.

Hér eru sem sagt reifuð nokkuð almenn sjónarmið í þessu máli, og það er nauðsynlegt vegna þess, hvað haft er í frammi sí og æ bæði í umr. hér á Alþ. og einnig utan þings um hin pólitísku átök í þessum svokölluðu bankamálum. Ég skal reifa þau nokkru nánar almennt, áður en ég vík að efni frv. frekar, og þá vil ég leyfa mér að vitna til þess, að í það hefur verið látið skína hér á þinginu, að sjálfstæðismenn hafi misbeitt valdi sínu innan bankanna, og samtímis hafa stjórnarblöðin gengið mjög skeleggleg fram í því að viðhafa órökstudd stóryrði í þessu sambandi.

Í Tímanum 23. maí eru á 7. síðu birtar tilvitnanir í skrif Alþýðublaðsins annars vegar og hins vegar Þjóðviljans um þessi efni, sem ég vil leyfa mér að víkja aðeins að nokkrum orðum,

með leyfi hæstv. forseta. Þar er vitnað í Alþýðublaðið frá 22. maí, þar sem segir:

„Ríkisstj. hafði í upphafi lýst yfir því, að hún mundi taka bankamálin til athugunar. Sjálfstfl. hafði á undanförnum árum sölsað undir sig yfirstjórn bankanna, sett trúustu þjóna sína þar í stöður og notað aðstöðu sína til áhrifa og valda í þjóðfélaginu.“

Leyfist mér að víkja fyrst nokkuð að þessu atriði, að sjálfstæðismenn hafi sölsað undir sig yfirstjórn bankanna. Það hefur verið vikið að því reyndar áður, að ýmsir þeirra manna, sem gegnt hafa bankastjórastöðum og eru sjálfstæðismenn, hafa verið valdir til þessara starfa, án þess að Sjálfstfl. hafi beitt neinu meirihlutavaldi í bankaráðinu til þess. Á þetta bæði við á sínum tíma um ráðningu Jóns Maríassonar í Landsbankanum og Gunnars Viðar í sama banka. Varðandi það, að sjálfstæðismenn hafi ráðið tveimur síðustu bankastjórastöðum með meirihlutaaðstöðu sinni í Útvegsbankanum, vil ég segja það, að frá 1938 og þar til 1952, eða í 14 ár, var enginn sjálfstæðismaður í bankastjórn Útvegsbankans. Í þrjú ár, frá 1952 til 1955, eða áramótanna 1955—56, var einn sjálfstæðismaður í bankastjórninni af þremur, og síðan frá áramótum 1955 og 1956 hafa þar verið tveir sjálfstæðismenn bankastjórar.

Um meirihlutaaðstöðu innan bankaráðsins vil ég vekja athygli á því, að bráðlæti þessarar hæstv. ríkisstj. og stuðningsmanna hennar er svo mikið, að þeir telja með öllu ófært að bíða þess, að þeir geti náð meirihlutaaðstöðu þar, sem verða mundi með eðlilegum hætti á næsta vori, þegar á að kjósa á ný í bankaráð Útvegsbankans eða fulltrúaráð Útvegsbankans, og þeir mundu, með því að þeir fara með bankamálin og ríkisstj., geta ráðið þeim mönnum. M. ö. o.: það hefði að eðlilegum hætti nú verið tæpt ár eða rétt um það bil ár, þar til meiri hlutinn í bankaráði Útvegsbankans hefði verið í höndum núverandi stjórnarsinna, og það bankaráð hefði að sjálfsögðu haft í hendi sér, eins og bankaráðin hafa alltaf haft, ef það óskaði þess og teldi nauðsynlegt að skipta um bankastjóra, að segja þeim upp með sex mánaða fyrirvara eða árs fyrirvara eða þá að greiða þeim laun og láta þá fara strax, og geri ég ekki ráð fyrir, að kostnaðurinn af slíkum atriðum hafi verið látinn hindra, að slík málsmeðferð væri á höfð. En hvort hitt er svo það, sem máli skiptir, að núv. hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar treysta vart á það, að þeir verði í meiri hluta eða fari með völd ríkisstj. að ári liðnu, það skal ég láta ósagt, en það gæti gefið til kynna slíkt óðagot eins og hér er um að ræða, að ekki teldu þeir sig of örugga í sessi og betra væri að vera búinn að koma ár sinni fyrir borð, áður en um of seinan væri. Kynni þá svo að fara að vísu, að hæstv. stjórnarstuðningsmenn hafi gleymt því gamla spakmæli, að skamma stund verður hönd höggi fegin og slíkar tiltektir, eins og hér eru hafðar í frammi, kunni að draga á eftir sér nokkurn dilk, þó að síðar verði, og skal ég ekki fleiri orðum um það fara. En augljóst má það vera, hversu hér er teflt á tæpt vað og hversu aðferðin er í eðli sínu misráðin.

Þá kem ég aftur að því, sem segir um misbeitingu sjálfstæðismanna í bönkunum í þessum tilvitnunum Alþýðublaðsins frá 22. maí. En þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Misbeiting þeirra (þ. e. sjálfstæðismanna) á lánsfé varð ekki þoluð lengur, ef ríkisstj. átti að geta unnið viðreisnarstörf sín í efnahagsmálum til nokkurrar hlítar. Voru mörg dæmi þess, að þýðingarmiklum atvinnufyrirtækjum var haldið í fjársvelti, en í gæðinga og vafasama gróðabrallsmenn var ausið fé. Og þegar frambjóðendur Sjálfstfl. fóru út á landsbyggðina, gátu þeir í skjóli yfirráðanna í bönkunum lofað gulli og grænum skógum í peningalegum efnum, enda var það ekki sparað, sérstaklega ef litlu munaði milli flokkanna. Fólst í þessu mikil pólitísk spilling.“

Það er sagt, að í þessu hafi falizt mikil pólitísk spilling. En ég segi: það felst mikil pólitísk spilling í því að viðhafa annað eins gaspur, önnur eins órökstudd ósannindi og hér eru höfð í frammi. Það hefur margverið innt eftir því, og ég inni enn eftir því, að menn nefni, þótt ekki sé nema eitt einasta dæmi um misbeitingu á pólitísku valdi sjálfstæðismanna innan bankanna, þótt ekki væri nema eitt einasta dæmi, og mega þeir menn minni menn heita, sem sitja hér á þingbekkjum og standa á bak við annan eins óhróður og þennan, en steinþegja, þegar stendur upp á þá að reyna að standa við þau stóru orð, sem þeir bæði sjálfir eru búnir að hafa í frammi og láta sín blöð lepja dag eftir dag að undanförnu um misbeitingu hins pólitíska valds í bönkunum. Það er pólitísk spilling að standa að slíkum óhróðri og þegja, og ég skora á, ef einhver þingmaður er hér, að reyna að réttlæta þessi orð, og verði það ekki gert, þá mun þögnin ekki síður skiljast.

Ég sagði við 1. umr. þessa máls, að milli mín og fulltrúa Framsfl. í Útvegsbankanum, eða framsóknarmannsins, sem þar er bankastjóri, og áður milli þriðja bankastjórans, sem ekki var sjálfstæðismaður, hefðu aldrei orðið nein pólitísk átök, aldrei neinir pólitískir árekstrar og engir árekstrar reyndar í máli, sem nokkru skipti. Ég man ekki, hvort í einhverjum smámálum hefur einhvern tíma komið fyrir, að ég eða þessi bankastjóri sætum hjá við afgreiðslu mála, en árekstrar hafa þar engir átt sér stað, og í bankaráðunum hefur aldrei, síðan ég kom í þennan banka, átt sér stað neinn innbyrðis árekstur af pólitískum sökum.

Ég las hér upp áðan þau orð frá Alþýðublaðinu, að þegar frambjóðendur Sjálfstfl. fóru út á landsbyggðina, gátu þeir í skjóli yfirráðanna í bönkunum lofað gulli og grænum skógum í peningalegum efnum, enda var það ekki sparað, sérstaklega ef litlu munaði milli flokka. — Nú vil ég segja, að ég skora enn á einhvern hv. þm., sem hér situr á þingbekkjum, ef hann hefur fram að færa rökstuðning fyrir þessum ásökunum, að hann geri það. Ég fór mjög víða um landið fyrir kosningarnar á s. l. sumri, bæði norðan, austan og vestan, og mér þætti vænt um það og vil beinlínis inna eftir því, ef einhver af hv. þm., sem margir hverjir eru úr þeim kjördæmum, sem ég fór einmitt um í pólitískum fundar-

ferðum, getur nefnt eitt einasta dæmi þess, að þeir hafi orðið varir við, að ég hafi á þessum ferðum misbrúkað bankastjórastöðu mína á þennan hátt, sem hér er um talað. Ég bíð eftir því, hvort einhver hv. þm. í umr. mun minna mig á það.

En framhaldið af slíkum óþverra, eins og þarna er til vitnað í þessum blöðum, er svo þetta, með leyfi hæstv. forseta: „Margt fleira mætti um misbeitingu sjálfstæðismanna í bönkunum segja, en slíkt er alþjóð svo kunnugt, að óþarft er að rekja það lengur.“ Hvað er það, sem alþjóð er svona kunnugt, ef aldrei er rakið neitt? Og svo kóróna þessir menn ósvífni sína með orðum eins og þessum, með leyfi hæstv. forseta, úr sama blaði: „Ofstæki og misbeiting valds verður aldrei til lengdar þolað í lýðfrjálsu landi.“ Þessir menn eru hér að misbeita sínu pólitíska valdi og beina ásökunum gegn okkur sjálfstæðismönnum sem ástæðu fyrir ásökunum, sem á engan hátt eru rökstuddar eða gerð tilraun til að rökstyðja.

Alveg hliðstæð ummæli eins og þessi eru í þessu sama blaði, tekin upp úr Þjóðviljanum, og ég skal ekki lengja ræðutímann með því að gera of mikið að því að lesa upp þessi ummæli, sem eru hliðstæð. En ég nefni það aðeins til þess að segja, að hér á eiga öll blöð stjórnarinnar sömu sökina, þau hafa sí og æ verið að flytja þennan boðskap út um landið um hina ægilegu misbeitingu á hinu pólitíska valdi sjálfstæðismanna í bönkunum, en aldrei eða naumast nokkurn tíma bent á nokkur dæmi.

Ég sagði: naumast nokkurn tíma, vegna þess að það er ein undantekning frá þessu. Það var nefnilega, að Tíminn og Þjóðviljinn ekki alls fyrir löngu nefndu eitt tiltekið dæmi, og það er eina dæmið, sem nefnt hefur verið um misbeitingu sjálfstæðismanna, eina tiltekið dæmi um misbeitingu sjálfstæðismanna á prenti að undanförnu, sem mér er kunnugt um, um misbeitingu hins pólitíska valds okkar sjálfstæðismanna í bönkunum. En það er líka að dómi þessara manna bezta dæmið, og af því má nokkuð læra, hvers eðlis og hvers virði ásakanirnar eru, þegar við höfum eigin orð þessara manna um það, hvað sé bezta dæmið fyrir misbeitingu hins pólitíska valds af hendi sjálfstæðismanna í bönkunum.

Þjóðviljinn birti ekki alls fyrir löngu forustugrein undir fyrirsögninni: „Íhaldið og bankarnir“, og auk hins venjulega óhróðurs og ósanninda, sem í þessari grein fólust, var birtur kafli úr grein, sem birtist í Tímanum daginn áður, einnig um misnotkun Sjálfstfl. á valdaaðstöðu í bönkunum, og þessi tilvitnun um misnotkun okkar sjálfstæðismanna á valdaaðstöðu í bönkunum úr Tímanum, sem Þjóðviljinn tók upp, er svona, með leyfi hæstv. forseta: „Bezta dæmið um misnotkun Sjálfstfl. á valdaaðstöðunni í bönkunum er rekstrarlán KRON. Síðastliðið ár mun sala KRON hafa numið um 36 millj. kr. Sjálfstæðisbankastjórunum þótti hæfilegt rekstrarlán því til handa 60 þús. kr. Á sama tíma hafa alls kyns skransalar og braskarar mokað fé úr lánastofnunum. Það er þessi ósómi, sem verður drifinn út. Ríkisstj. verður nú að ganga þannig til verks, að smánarbletturinn verði þveginn af íslenzkri lánapólitík, svo að mynd verði á.“ Hér höfum við þá bezta dæmið. Önnur eru þá sennilega ekki jafnslæm og þetta, en þetta er bezta dæmið um ósómann af hálfu okkar sjálfstæðismanna.

Nú get ég upplýst það, að hér er verið að vitna til viðskipta KRON við Útvegsbanka Íslands, og án þess að ég vilji ljóstra upp nokkrum leyndarmálum, sem ég hef ekki aðstöðu til, eða nokkru um viðskipti þessa fyrirtækis við bankana, þá get ég af þessu tilefni upplýst, að ákvörðun var tekin um rekstrarlán þessa fyrirtækis 27. nóv. 1945, og þá var rekstrarlán þessa fyrirtækis lækkað um 40%, um leið og tiltekin eign var úr veðböndum leyst. Það var lækkað um 40%. Þá var enginn sjálfstæðismaður í bankastjórninni. Rekstrarlán þessa fyrirtækis hefur ekki borið á góma, síðan ég kom í bankann, fyrr en á s. l. ári, og sú niðurstaða varð á viðræðum milli framkvæmdastjórans og mín í því efni, að ég tilkynnti honum, að þeim mundi vera heimilt að rúmlega ferfalda sitt rekstrarlán í bankanum. Það mun hafa verið í ágúst s. l. Þá voru að vísu tveir sjálfstæðismenn af þremur í bankanum.

Þetta er bezta dæmið, eftir því sem stuðningsmenn ríkisstj. segja sjálfir, um misbeitingu okkar á pólitísku valdi. En ef þetta er nú bezta dæmið um misbeitinguna á hinu pólitíska valdi, hvað verður þá um hin dæmin? Við fáum kannske að heyra eitthvað um þau hér á eftir.

Mönnum finnst kannske, að ég gerist nokkuð fjölorður um þetta. En ég tel, að svo hafi gengið úr hófi fram blaðaskrif að undanförnu um þessi málefni, að ég efast um, að eins þungar sakir og hér er um að ræða hafi verið á menn bornar áður fyrr í ábyrgðarmiklum stöðum og af jafnmiklu tilefnisleysi.

Ég vil taka upp úr Þjóðviljanum í dag, stærsta stjórnarblaðinu, þessi ummæli, sem sýna, að þessi tónn heldur áfram, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta: „Völd sín í bönkunum hafa þeir (þ. e. a. s. sjálfstæðismenn) notað til að hlynna að braskfyrirtækjum auðkýfinga, þeir hafa notað þau til að halda uppi fyrirtækjum, sem raunverulega voru gjaldþrota og hefði átt að gera upp fyrir löngu, og þeir hafa enn fremur notað þau til að auðvelda íhaldsframbjóðendum blekkingastarfsemi og atkvæðaveiðar. Það hefur verið reynt að koma því inn hjá fólkinu í landinu, að engrar fyrirgreiðslu í lánsfjármálum væri að vænta, nema viðkomandi styrkti og kysi íhaldsmenn á Alþingi. Þessa ófyrirleitni og spillingu, sem fylgt hefur yfirráðum íhaldsins í tveimur aðalviðskiptabönkunum, verður að uppræta, og að því er stefnt með því bankamálafrv., sem ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþingi.“ Svo mörg eru þau orð.

Það er mikil ósvífni, að þeir menn, sem standa að flutningi þessara frv., segi, að þau séu flutt til þess að uppræta ófyrirleitni og spillingu sjálfstæðismanna, þegar þessi frv. eru öll gegnumsýrð einmitt af þessum hugsunarhætti og þessum lélegu einkennum, sem hér er verið að tala um. Vegna hvers koma ekki þessi bankafrv. fram fyrr en í lok þingsins? Það er vitnað til þess, að það hafi verið eitt af stefnumálum núverandi stjórnarflokka að setja seðlabankann

undir sérstaka stjórn og breyta bankalöggjöfinni, og það var sagt frá því í haust, að sett hefði verið nefnd til að vinna að endurskoðun bankamálanna af hálfu núv. ríkisstj. Síðan gerist ekkert í þessum málum, og loksins þegar komið er að þinglokum, leggur hæstv. ríkisstj. fram mjög flausturslega og illa undirbúin frv., sem hún kallar endurskoðun á bankalöggjöfinni, en í felst í raun og veru ekkert annað en að seðlabankinn er að vissu leyti gerður sjálfstæðari en áður var, en þó ekki sjálfstæður seðlabanki í raun og veru, hvorki fugl né fiskur, og allar aðrar breytingar eru miðaðar við það eitt, að núverandi hv. stjórnarsinnar fái aðstöðu til þess að skipa sína menn í stöður innan bankanna og ryðja öðrum mönnum úr vegi af því tilefni.

Þetta hefur tekið langan tíma. Það er ekki það, að það hafi tekið svona langan tíma að semja þessi frv. Maður skyldi hafa skilið það, ef hæstv. ríkisstj. hefði núna lagt fram vandað og heilsteypt frv. um sjálfstæðan seðlabanka, byggt á gaumgæfilegri rannsókn þeirra mála, að þá hefði það tekið tíma. En það tekur engan tíma að búa til þennan ramma utan um mannaskiptin, enda er staðreynd, að það er ekki alls fyrir löngu, sem hæstv. forsrh. mun hafa átt hlut að máli um, að skipuð væri ný nefnd til að berja þetta saman, því að nú væru góð ráð dýr, nú yrði bara að koma sér saman um mennina, áður en þingi lyki; nefnd sú, sem skipuð hafði verið í haust til að endurskoða bankamálin, hefði ekki komið málunum í böndin, og það eina, sem skipti máli nú, væri að koma sér saman um, hvaða menn ættu að vera á hverjum stað, og þegar það lægi fyrir, væri hægt að búa til rammann utan um það.

Þetta er ekki pólitísk spilling. Nei, það þarf ekki að uppræta svona. En það verður líklega meira af þessu tagi, ef þessi hæstv. ríkisstj. á eftir að vera lengi við völd, hér í okkar þjóðfélagi, og sannleikurinn er sá, að þegar það spurðist, að hv. stjórnarflokkar væru búnir að koma sér saman um mennina, þá stóð heldur ekki lengi á þessum frv., sem hér liggja fyrir.

Nú vil ég leyfa mér að víkja að öðrum þætti þessara mála, og það er það, hvaða áhrif sjálfstæðismenn í ríkisstj. og í bönkum hafa haft á möguleika Íslendinga til þess að afla erlendis lána eða viðhalda eðlilegri fjármálastarfsemi og efnahagsþróun í landinu. En það segi ég af því tilefni, að það er fléttað inn í þessar umr., að það hafi þurft að koma sjálfstæðismönnum úr ríkisstj. og það þurfi að koma sjálfstæðismönnum úr stjórnum bankanna og þangað þurfi að koma inn kommúnistum, til þess að hægt sé að búast við því, að við getum fengið lán hjá Bandaríkjamönnum eða öðrum aðilum á erlendum vettvangi. Um þetta segir Þjóðviljinn í forustugrein í dag undir fyrirsögninni: „Barátta fyrir völdum“. Við hvað skyldi hann eiga? Barátta fyrir völdum. Hann segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Það þurfti að reka íhaldið úr ríkisstj., til þess að Íslendingar gætu virkjað Efrifossa, og það þarf einnig að reka það úr meirihlutaaðstöðu í bönkunum til þess að efla traust þeirra inn á við og út á við.“ Þá heyra menn það. Það þarf að tryggja aðstöðu kommúnista við seðlapressuna að öðru leyti í stjórn Landsbankans, víst í stjórn Útvegsbankans líka, til þess að efla traust þessara banka inn á við og út á við. En hvernig er þetta? Er ekki eitthvað farið að bila minnið hjá Alþýðubandalagsmönnum um það, að þurft hafi að reka íhaldið úr ríkisstj., til þess að Íslendingar gætu virkjað Efrifossa? Það var einhvern tíma önnur skýring á því, hvernig hægt væri að virkja Efri-fossa. Það var í sama blaði, Þjóðviljanum, frá 9. des. og undir fyrirsögninni: „Hernámið og Sogsvirkjunin“. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, af því að þar er gefin nokkur skýring á því, að það var ekki íhaldið, sem þurfti að reka til að virkja Efrifossa, það þurfti að gerast eitthvað annað. Orðrétt segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nú hefur það gerzt í beinu framhaldi af nýju hernámssamningunum, að Bandaríkin hafa allt í einu lýst sig fús til að hlaupa undir bagga með lán til Sogsvirkjunarinnar að upphæð 160 millj. kr. Þannig virðist að því stefnt að taka örlæti Bandaríkjamanna tveim höndum, enda þótt vitað sé, að nauðsynleg lán séu fáanleg annars staðar án allra óeðlilegra skilmála og með langtum hagstæðari greiðsluskilmálum fyrir Íslendinga.“ Þetta segir blaðið. Ber að skilja þetta svo, að einhverjir óeðlilegir skilmálar hafi fylgt Sogsláninu frá Bandaríkjamönnum? Fulltrúar Alþb. hér á þingi kynnu kannske að geta gefið á því skýringu, og sjálfsagt vita þeir þetta allt saman miklu betur, þegar þeir verða búnir að fá fulltrúa í stjórn seðlabankans og fara sennilega sjálfir að halda áfram þeim lánveitingum til Sogsvirkjunarinnar, sem nú þegar er stofnað til, því að mér skilst, að lánveiting, sem nú hefur verið tekin, sé aðeins fyrir þetta ár, en hv. stjórnarflokkar treysti því, að áframhald geti orðið á næsta ári. Og ef að líkum lætur og miðað er við það, til hvers refirnir eru hér skornir, þá verða það sennilega fulltrúar Alþb. í stjórn seðlabankans, sem einhvern hlut eiga að því máli, ef þá formaður bankaráðs leyfir þeim að fá að vita, hvað verður að gerast í því bankaráði eða þeirri stjórn, því að mér skilst nú, að honum sé ætlað að vera svo „pólerður“ og finn, að hann sé alveg í sérstökum „klassa“. Ætli þeir fái að tala við hann, verði ekki í öðru herbergi, og þeir fái bara að tala í gegnum míkrófón, hinir meðstjórnendurnir í þessari stjórn seðlabankans, eða hafa sendil á milli?

Mig langar til að víkja betur að þessu, því að hér stendur í sömu grein í Þjóðviljanum frá 9. desember, með leyfi hæstv. forseta: „Það er því mikil og skaðleg skammsýni að ætla nú að rjúka til og semja við Bandaríkin um 160 millj. kr. lán til virkjunar Sogsins í stað þess að hagnýta þá möguleika, sem fyrir hendi eru í Evrópu. Ef af því verður, er þjóðinni bundinn þungur og erfiður baggi, sem örðugt getur orðið að rísa undir, og það liggur í augum uppi, að hér er náið samband milli þess, sem gerzt hefur í hernámsmálunum, og þessa óvænta lánstilboðs. Ætlunin er að greiða fyrir nýjum hernámsframkvæmdum með því að veita Íslendingum lán.“ Og svo heldur blaðið áfram: „Síðan er ætlazt til, að tekjur af þeim framkvæmdum gangi til að greiða aðstoðina, þegar séð er, að eðlileg kaup

á afurðum okkar hrökkva ekki til. Allt á þetta að binda land og þjóð fastara á hernámsklafann og tryggja Bandaríkjunum sem lengsta og örugg-asta dvöl á Íslandi með herlið sitt og bækistöðvar."

Þegar þessi orð eru höfð í huga, skýtur nokkuð skökku við ummæli þessa blaðs í dag, þegar það gerir að umræðuefni ræðu hv. 1. þm. Rang. um bankamálin og lánstraustið út á við, sem hann hélt nýlega á Varðarfundi. Þar er það rakið, að íhaldið hafi gengið hvarvetna bónleiðir til búða í lánamálum sínum, meðan það var í ríkisstj.

Nú er á það að líta, að á meðan íhaldið var í ríkisstj., hafði hæstv. fjmrh. eðli málsins samkvæmt og núverandi fjmrh. forgöngu um lánsútveganirnar út á við, og það er rétt, að það gekk örðuglega að afla lána, og var reynt til þess bæði hjá Bandaríkjunum, hjá alþjóðabankanum í Washington og annars staðar fyrir milligöngu Framkvæmdabankans með þeim hætti, sem ætlazt hafði verið til að þessar lánaumleitanir færu fram. Það gekk að vísu erfiðlega. Hitt hefur hins vegar verið upplýst og lágu fyrir upplýsingar um í stjórnarráðinu við stjórnarskiptin, að þáverandi forsrh. hafði tilboð um vilyrði fyrir verulega stóru láni í Vestur-Þýzkalandi, áður en fyrrv. ríkisstj. fór frá völdum. En það er ekki aðalatriðið í þessu sambandi, heldur hitt, að nú hælast þessir menn, fulltrúar Alþb. og Þjóðviljinn, yfir því, að það hafi þurft að reka íhaldið úr stjórn til þess að fá lán til Sogsvirkjunarinnar í Bandaríkjunum, lán, sem þeir sjálfir eru búnir að segja að sé mútufé og kölluðu 30 silfurpeninga í blaði sínu í haust sem leið, — mútufé til þess að fá þá sjálfa og aðra stuðningsmenn stjórnarflokkanna til að kingja loforðum sínum og svíkja kjósendur landsins um að efna það að láta herinn fara úr landi. Menn, sem þannig haga sér í málum eins og þessum, geta sjálfsagt gripið til óyndisúrræða í öðrum málum og misráðinna aðgerða, eins og telja verður að gert sé með þeim bankamálafrv., sem hér hafa verið lögð fram og eru til umr.

Um þetta frv. um breytingu á lögum um Landsbanka Íslands vil ég segja það, að þegar af þeirri ástæðu, sem ég nú hef rakið, þegar viðurkennd er meginorsök þess, að frv. er flutt, þá getum við sjálfstæðismenn ekki aðhyllzt það og erum því gersamlega andvígir. En sök sér væri, eins og ég sagði áðan, ef einhverjir af stjórnarliðinu reyndu að færa þeim staðhæfingum stað, að þær nauðsynjar hafi til borið að flytja þetta frv., sem tilgreindar eru, að brjóta hafi þurft á bak aftur pólitíska misnotkun sjálfstæðismanna. En fyrir utan þetta vil ég einnig segja það, að að öðru leyti er frv. mjög ófullkomið. Við höfum lýst því yfir, — ég held fleiri af málsvörum Sjálfstfl. við 1. umr., — að við teldum eðlilegt að skipa stjórn seðlabankans með öðrum hætti en væri og að því bæri að stefna að koma hér upp sjálfstæðum seðlabanka. Þau mál hafa oft áður verið rannsökuð og athuguð, enda er naumast hægt að hugsa sér að setja upp vandaða löggjöf í þessu efni óðruvísi en að undangenginni ýtarlegri rannsókn á málinu og að krufin sé til mergjar peningaþróunin og fjármálastarfsemin í landinu jafnframt.

Það mun hafa verið árið 1936, að samið var og flutt frv. um seðlabanka Íslands að tilhlutun skipulagsnefndar atvinnumála, samið af hagfræðingnum dr. Erik Lundberg. Á árinu 1951 komst mikil hreyfing á þessi mál að nýju, en þá skilaði erlendur sérfræðingur í þessum efnum líka, dr. Murphy, ýtarlegum till. til ríkisstj. um stofnun sjálfstæðs og sérstaks seðlabanka á Íslandi. Í ágústmánuði 1951 skipaði þáverandi viðskmrh. 6 manna nefnd til þess að gera till. um almenna bankalöggöf, og var þá sérstaklega tilgreint, að verkefni n. skyldu vera að endurskoða þá skipan, sem nú er á yfirstjórn peningamálanna, þ. e. skipulag Landsbanka Íslands og fyrirkomulag seðlaútgáfunnar. Í því sambandi var einnig óskað, að endurskoðuð væri gildandi löggjöf um banka og sparisjóði, eftir því sem n. þætti þurfa, og loksins átti að gera athuganir og till. um myndun lánsstofnunar, er veiti fé til fjárfestingar í sambandi við atvinnuvegina, og upp úr þeirri athugun var svo stofnaður Framkvæmdabanki Íslands, eins og hv. þm. er kunnugt um. En n. hefur ekki að öðru leyti skilað áliti, og þess vegna eru þessar rannsóknir og athuganir frá eldri tímum ekki enn þá krufnar til mergjar. Og þær eru ekki lagðar til grundvallar þeim till., sem hér eru hafðar í frammi, heldur er aðeins miðað við það að hafa umbúðirnar, mér liggur við að segja sem veigaminnstar, til þess að geta tryggt megintilganginn að veita skjólstæðingum ríkisstjórnarinnar hæfilega aðstöðu í bönkunum.

Seðlabankinn er með þessu frv., eins og ég sagði áðan, í raun og veru hvorki fugl né fiskur. Landsbankinn er bæði seðlabanki og viðskiptabanki og hvort tveggja í senn. Að sumu leyti er aðgreiningin eftir þessu frv. ákaflega óljós, og að öðru leyti er hún óeðlileg. Ég fæ t. d. ekki séð, að það geti talizt eðlilegt, að veðdeild Landsbankans eigi að tilheyra seðlabankanum. Veðdeild Landsbankans er í raun og veru ekki annað en fasteignalánastofnun, og hver viðskiptabanki og sparisjóður gæti sett upp alveg hliðstæða deild. Og hvernig mundi það líta út í bankakerfinu, að viðskiptabankarnir væru allir með sína veðdeild, en aftur á móti væri svo seðlabankinn, sem á að vera viðskiptabanki viðskiptabankanna, með þessa gömlu veðdeild Landsbankans innan sinna vébanda? Hv. stjórnarstuðningsmenn kunna kannske á þessu einhverja skýringu, en hún hefur ekki komið fram. Það er margt fleira svipaðs eðlis. En ég vil segja það, að þegar þetta frv. er flutt í lok þingsins og við stjórnarandstæðingar höfum engan tíma haft til þess að taka málið upp á þeim grundvelli að taka til meðferðar fullkomna endurskoðun á löggjöfinni varðandi sjálfstæðan seðlabanka, þá hefur okkur ekki gefizt tóm til að fjalla um málið þannig að leggja fram till. í málinu, sem að því stefndu. Og miðað við tilefni þessa málefnaflutnings, sem ég hef áður vikið að, höfum við ekki séð ástæðu til þess enn a. m. k., hvað sem síðar kann að verða, undir meðferð málsins að flytja neinar brtt. við málið, en leggjum til, eins og ég hef áður komið að og greinir í nál. okkar, sem ég vænti að nú sé búið að útbýta, að þetta frv. verði fellt.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég hef ekki getað vegna fjarveru minnar undanfarna daga fylgzt með þeim umræðum, sem fóru hér fram um þessi mál við 1. umr. En frv. tala fyrir sig sjálf, og ég vænti þess, að forseti misvirði það ekki við mig, þó að ég ræði þessi 3 bankafrv., sem fyrir liggja, jöfnum höndum, því að hér er um svo skyld mál að ræða, að varla er hugsanlegt að tala um eitt þeirra, án þess að hin komi inn á milli.

Ég hafði ekki hugsað mér að gera að umræðuefni aðalástæðuna, sem stjórnarflokkarnir hafa borið fram fyrir því, að þessi frv. eru fram komin, en það er hin svokallaða misnotkun sjálfstæðismanna á meirihlutavaldi sínu í bönkunum. Ég tel þessa ástæðu fyrir frv. svo barnalega og fjarstæðukennda, að hún í raun og veru sé ekki svaraverð. En ég vil taka undir ummæli hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) í sambandi við þá stofnun, sem hann er bankastjóri við og ég er einn í fulltrúaráði og hef átt sæti þar undanfarin ár. Mér vitanlega hafa aldrei átt sér pólitísk átök stað í stofnuninni um lánveitingar eða um meðferð nokkurra mála í starfi bankans. Áróðurinn um misbeitinguna í bönkunum er einhver sá lítilmannlegasti pólitíski áróður, sem hér hefur verið hafður í frammi. Og ef framsóknarmenn vildu aðeins spyrja þá menn, sem eru þeirra flokksmenn og eru í stjórn þessara banka, þá mundu þeir fá vitnisburð, sem væri mjög fjarstæður því, sem þeir nú nota sem pólitískan áróður.

Þessi frv., sem hér liggja frammi, hafa verið boðuð af stjórnarflokkunum sem meginmál þingsins og eitt stærsta mál í samningum stjórnarflokkanna. Það hefur verið boðað hér undanfarið með miklum áróðri, að hér yrði um mjög róttækar og mjög aðkallandi breytingar að ræða á bankastarfseminni í landinu. Það má segja, að oft verður lítið úr því höggi, sem hátt er reitt. Breytingarnar eru hvorki róttækar né mjög nauðsynlegar. Og þegar undan er tekin breytingin á Landsbankanum, þar sem seðladeildin er gerð að sérstökum seðlabanka, þá er hér um engar raunverulegar breytingar að ræða, að öðru leyti en því, að stjórnarflokkarnir hafa fellt niður umboð bankastjóra og bankaráða til þess að koma sínum eigin mönnum í stöðurnar. Að því leyti var hér sýnilega um talsverða nauðsyn að ræða, en það var ekki nauðsyn þjóðarinnar, sem kallaði á þessar breytingar, heldur stjórnarflokkanna til þess að skara eld að sinni köku, meðan nokkur glóð væri í hlóðunum. Þetta er ekki gert fyrir atvinnulífið í landinu, því að þessar breytingar, sem hrundið er í framkvæmd af pólitískum flokkshagsmunum, munu frekar auka tortryggni á íslenzkri bankastarfsemi og peningamálum bæði innanlands og utan. En sú bankastarfsemi nýtur hvergi mikils trausts, sem látin er haga seglum eftir því, sem hinir pólitísku vindar blása hverju sinni. Frv. eru öll sniðin með það fyrir augum að koma fylgismönnum stjórnarinnar í ný embætti og gera bankastarfsemina að miklu meira leyti en hún hefur verið áður háða hinu pólitíska valdi. Í löndum, þar sem bankastarfsemin og peningamálin hafa verið algerlega lögð undir duttlunga þeirra stjórnmálaflokka, sem eru með völd hverju sinni, hafa fjármálin jafnan verið í ólestri og landið hefur skort algerlega fjárhagslega kjölfestu. Ég á þó ekki við hér, að framkvæmdavaldið eigi ekki að hafa nein áhrif á peningamálin. Það væri að sjálfsögðu með öllu óeðlilegt. En ríkisvaldið á ekki að geta notað bankana sem fótaþurrku til þess að uppfylla allar óskir, sem því kemur í hug, hversu fráleitar sem þær eru og jafnvel þótt þær séu gagnstæðar heilbrigðri fjármálastefnu.

Peningarnir, sem bankarnir hafa til umráða, eru sparifé þjóðarinnar, og þjóðin treystir þeim til að vernda þessa sparifjáreign sína gegn því, að eignin verði gerð verðlaus af ríkisvaldi á hverjum tíma, sem ef til vill skortir stefnu, framsýni og viðsýni í efnahagslegum málum.

Eins og hv. 5. þm. Reykv. gat um í sinni ræðu, var hér skipuð nefnd 1951, sem ég skipaði sem þáverandi bankamálaráðherra til þess að gera till. um stofnun sérstaks seðlabanka og gera aðrar breytingar á bankalöggjöfinni, sem þessari nefnd kynni að þykja nauðsyn á. Þessi tilraun stanzaði þá á mótstöðu Framsfl. Hann neitaði þá að verða með því, þegar til kastanna kom, að stofnaður yrði sérstakur seðlabanki, þó að hann í byrjun, þegar þetta mál var til umræðu í ríkisstj., væri því fylgjandi, að þessi mál væru sett í n. til þess að fá afgreiðslu hjá þinginu sama árið. Hver hin raunverulega ástæða flokksins var til þess að ganga á móti málinu þá, fékkst aldrei upplýst. Þessi tilraun rann því út í sandinn, en frá n. kom svo frv. um Framkvæmdabankann, sem að mestu leyti var samið af erlendum sérfræðingi, sem hingað hafði verið fenginn í því skyni.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé, að til sé í landinu bankastofnun, sem geti haft forustu og eftirlit með peningamálum þjóðarinnar, eins og tíðkast um þjóðbanka annarra landa. Slík stofnun á að hafa þá skyldu að taka í taumana, ef fjármálin virðast ætla að losna úr böndunum, og hún á með ráðstöfunum sínum að koma í veg fyrir erfiðleika, ef sýnilegt er, að kreppa er í aðsigi. M. ö. o.: hlutverk slíkrar stofnunar á að vera að vaka yfir því, að jafnvægi geti haldizt í efnahagsmálum þjóðarinnar. En skilyrði fyrir því, að slíkt megi takast, er, að þjóðbankinn sé ekki um of háður ríkisvaldinu. Rétt og heilbrigð fjármálastjórn getur stundum verið gersamlega andstæð stefnu hins pólitíska valds. Þá getur afkoma þjóðarinnar verið undir því komin, að heilbrigð skynsemi fái að ráða. Undir slíkum kringumstæðum á bankinn að geta haft vald til þess að stinga við fótum og jafnvel hafa á þann hátt vit fyrir þeirri ríkisstj., sem gengur í berhögg við heilbrigða fjármálastjórn. Þjóðbankinn á ekki að skipta um stjórn eða stefnu frá degi til dags, eins og vindurinn blæs í stjórnmálunum. Hann á að vera klettur í hafinu, sem stendur af sér öldurót stjórnmálanna og heldur vörð um sparaða fjármuni þjóðarinnar og verndar efnahagslífið fyrir áföllum, hvort sem þau áföll stafa af óviturlegri ráðsmennsku almennings eða lausbeizlaðri stefnu í stjórnmálum.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, ber allt með

sér, að þeim flokkum, sem eru við völd, er ætlað að hafa úrslitaáhrif á stjórn bankans á hverjum tíma. Í 3. gr. frv. segir, að „forseti skipar aðalbankastjóra seðlabankans að fengnum tillögum bankaráðs". Þetta: „að fengnum tillögum" — ætti samkvæmt venju að vera svo, að forsetinn ráði því ekki, hver verður aðalbankastjóri í seðlabankanum, heldur sá ráðh., sem fer með þessi mál á hverjum tíma, ræður því, hvaða maður er í þessari stöðu. Það er ekki ljóst, eftir því sem ég get séð af frv., hvort aðalbankastjóranum er ætlað að vera háður sömu ákvæðum og hinum bankastjórunum um 12 mánaða uppsagnarfrest eða hvort hann á að vera ráðinn til lífstíðar. En ég vil benda á, að öll ákvæði, sem gera þessar ábyrgðarmiklu stöður í bankanum ótryggar, þótt menn hafi gegnt starfi sínu með sæmd, leiða til þess að gera bankann um of háðan pólitíska valdinu. Aðalgallinn er þó á þessu frv., eins og hv. 5. þm. Reykv. tók fram, að það er engin trygging fyrir því, að með frv. sé náð þeim tilgangi, sem í raun og veru er stefnt að. Og þeim tilgangi verður að mínu viti aldrei náð, fyrr en seðlabankinn er orðinn sjálfstæður þjóðbanki, en ekki samblöndun, eins og hann verður hér eftir, í viðskiptadeild og seðladeild. Og það versta, sem getur hent í sambandi við svona ráðstafanir, er að gera leik, ef svo mætti segja, með þjóðbankann og gera úr honum eitthvað, sem hvorki er fugl né fiskur.

Ég skal þá minnast lítillega á Útvegsbankann. Breytingin á Útvegsbankanum, að gera hann að þjóðbanka úr hlutafélagsbanka, er í sjálfu sér ekki óeðlileg, þar sem ríkisstj. eða sá ráðh., sem yfir þessum banka ræður, hefur farið með allt vald um val á stjórn bankans, frá því að hann var stofnaður. Hlutafé bankans er nú 7.3 millj. Af þessu hlutafé á ríkisstj. 6.4 millj. Bankinn sjálfur á 593 þús. og einstakir hluthafar eiga 307 þús., eða um 4% af hlutafénu. Af þessu er sýnilegt, að bankinn er í raun og veru þjóðbanki, þ. e. a. s. hann er ríkisbanki. Hann er í raun og veru eign ríkisins. Þó að hann að forminu til hafi í mörg ár verið hlutafélag, þá hafa þeir hluthafar, sem þarna standa að bankanum auk ríkissjóðs, ekkert haft að segja í stjórn eða framkvæmd bankans. Með hluthafa bankans hefur verið farið mjög illa frá öndverðu, og er þá vægt til orða tekið. Þeir hafa hvorki haft nokkuð að segja um stjórn bankans né fengið að njóta nokkurra hlunninda af hlutafé sínu umfram mjög lága sparisjóðsvexti. Ég tel það því horfa til bóta út af fyrir sig, að þessum hluthöfum er nú sýnd sanngirni með því, að þeir eiga að geta fengið sannvirði fyrir bréfin samkvæmt mati, en að sjálfsögðu eru eignir bankans nú orðnar talsvert miklar, og auðvitað verður tekið tillit til þess, þegar bréfin verða metin. Í raun og veru er því ekki um neina breytingu á bankanum að ræða aðra en þá, að í stað þess að bankaráðsmenn hafa undanfarið verið kosnir á aðalfundi af fulltrúa ráðherra, á nú að kjósa þá af Alþingi, og í stað þess að ríkissjóður ber nú aðeins ábyrgð á sparisjóðsinnstæðum í bankanum, þá kemur ríkissjóður hér eftir til þess að bera ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Ég vil ekki segja, að þetta út af fyrir sig geri mikinn mismun, vegna þess að þegar ríkið á orðið 96% af hlutafénu og eignum bankans, þá mundi það, ef til kastanna kæmi, bera ábyrgð á skuldbindingum hans, ef á þyrfti að halda.

Ég get ekki lokið máli mínu án þess að minnast lítils háttar á Framkvæmdabankann, þó að breytingin á honum sé ekki mikil. Ég verð að segja það, að mér þykir mjög vafasamt, að Framkvæmdabankinn hafi tilverurétt í því formi, sem hann er nú. Hlutverk hans er í sjálfu sér mjög einfalt og þarfnast ekki mikils stjórnarbákns né umfangsmikils rekstrar. Og nú, þegar seðlabankinn verður settur undir sérstaka stjórn og tekur að sér hlutverk þjóðbankans, þá tel ég óviðfelldið, að þjóðbankinn sjái ekki um opinberar lántökur þjóðarinnar út á við, heldur geri Framkvæmdabankinn það. Framkvæmdabankinn er t. d. látinn taka Sogslánið, þó að hann hafi hvergi komið þar nærri, og tekur álitlega fjárfúlgu fyrir þá þjónustu. En því miður hefur ekki hin fyrsta ganga þessarar stofnunar verið eins heppileg og æskilegt hefði verið, og er af þeim ástæðum enn meiri nauðsyn að haga svo rekstri þessarar stofnunar í framtíðinni, að óhöppin endurtaki sig ekki. Ég hygg, að stofnunin sé rekin með miklu meiri kostnaði en nauðsyn krefur til þess að sinna þeim verkefnum, sem henni voru ætluð í öndverðu.

Ég sé, að hæstv. fjmrh. er ekki við í d., en ég hefði gjarnan vilja spyrja hann um, hversu mikill rekstrarkostnaður bankans hefur verið á síðasta ári. En kannske veit hæstv. menntmrh. það, því að hann er í framkvæmdaráði bankans.

Þótt sumt af þessum bankafrv. sé til bóta, bera þau þó með sér, að yfir bankastarfseminni og stjórn almennra peningamála vofir mikil hætta vegna hinna pólitísku áhrifa, sem, eins og nú sést, er ákaflega auðvelt að beita í ranga átt. Öll þessi mál eru nú að komast undir harðhenta pólitíska stjórn, og þau verða sýnilega að verulegu leyti í framtíðinni rekin með flokkspólitíska hagsmuni fyrir augum. Ef svo verður haldið áfram í framtíðinni eins og hér er til stofnað, þá má ætla, að örugg og heilbrigð fjármálastefna muni eiga hér erfitt uppdráttar í framtíðinni.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. fjhn. gat þess, að ég hefði um nokkuð veigamikið atriði verið á annarri skoðun en meðnefndarmenn mínir, eins og ég lét koma fram í nefndinni, og það er rétt, að ég geri stutta grein fyrir því.

Ég álít og hef lengi álitið og ekki farið neitt dult með það hér á Alþ., að það, sem bæri að stefna að í bankamálum Íslendinga, væri, að upp kæmi sjálfstæður seðlabanki, sem væri án allra tengsla við nokkurn viðskiptabanka. Ég álít þetta vera nauðsynlegt. Og mér þykir mjög leitt, að það skuli ekki hafa tekizt samkomulag um að skapa slíkan banka nú. Þetta hefur ekki aðeins verið álit mitt og þess flokks, sem ég tilheyri. Þetta hefur verið álit Alþfl. líka síðustu áratugina. Emil Jónsson, núverandi formaður flokksins, hv. þm. Hafnf., flutti frv. um þetta 1937, sem þá var undirbúið af skipulagsnefnd atvinnu-

málanna eða „Rauðku“. Og þetta hefur ekki aðeins verið álit verkalýðsflokkanna hér á Alþingi allan þennan tíma; þetta hefur líka verið álit þeirra færustu sérfræðinga, sem meira að segja ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsóknar hefur fengið til landsins til þess að athuga um þessi mál, og það ekki aðeins álit sérfræðinga frá Svíþjóð, sem létu fyrrum uppi þessi álit eftir beiðni vinstri stjórnarinnar 1934—37, heldur líka álit amerísku sérfræðinganna eins og Murphys, sem eindregið ráðlögðu að koma upp seðlabanka og gáfu þá ráðleggingu ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsóknar á sínum tíma.

Í fyrsta lagi álít ég, að seðlabanki eigi að vera sjálfstæður án allra tengsla við viðskiptabanka. Það er að vísu stefnt nokkuð í þá átt og nokkurt spor stigið í þá átt með því, sem nú er gert, þannig að nú verði ekki lengur sömu bankastjórarnir fyrir seðladeild og sparisjóðsdeild Landsbankans, eins og verið hefur undanfarið, sem ég álít að hafi verið mjög slæmt fyrirkomulag, þannig að þarna er stigið þó nokkurt spor í rétta átt, spor, sem fyrst er stigið nú, þó að — eins og ég heyri nú á fulltrúum Sjálfstfl. — þeir þykist hafa verið sammála slíkri stefnu, og fór þó lítið fyrir því, þegar við fordum daga áttum nokkurt samstarf við Sjálfstfl. Í fyrsta lagi álít ég því, að það beri að stefna að því, og ég vil taka það fram í sambandi við þetta, þó að ekki sé stigið nema nokkurt spor í þá átt nú, að við höfum sjálfstæðan seðlabanka hér án allra tengsla við viðskiptabanka.

Í öðru lagi: Ég álít, að seðlabanki eigi að reka sína efnahagspólitík í samræmi við pólitík ríkisstjórnarinnar, og það vil ég leggja áherzlu á, alveg þveröfugt við það, sem hv. 2. þm. Reykv. var að segja nú.

Sá, sem ber ábyrgð á efnahagspólitík eins lands, eins og ríkisstj. á Íslandi gerir, á að ráða efnahagspólitíkinni, hún á að bera ábyrgð á henni gagnvart almenningi. Það er það, sem er lýðræði og þingræði. Hún á að standa reikningsskil, þegar kosningar fara fram. En hún á ekki að þurfa að beygja sig undir vald einhverra embættismanna í þjóðfélaginu, sem hafa sem privatmenn einhverja allt aðra skoðun og leyfa sér í krafti þess, að þeir eru embættismenn, sem ráða peningastofnun, að ætla að reyna að þvinga upp á eina ríkisstj. allt annarri pólitík en þeirri, sem þing og þjóðkjörin ríkisstj. vill hafa. Þetta vil ég taka skýrt fram.

Það á ekki að vera til neitt bankavald í okkar þjóðfélagi, sem sé óháð þjóð, þingi og ríkisstjórn. Það á ekki að vera til neitt embættismannavald, sem ekki sé gefið undir fólkið sjálft og þess rétt kjörnu fulltrúa og þess ríkisstjórn. Og að því álít ég að eigi að stefna. Það er ekki hægt að stjórna landi eins og Íslandi, þar sem öll efnahagspólitíkin er ákveðin af Alþingi og ríkisstjórn, svo að vel fari og svo að það komi fram, hver það er, sem ábyrgðina ber, ef það eru tvö völd í landinu og ef einhver lítil embættismannaklíka getur svo að segja sett ríkisstj. stólinn fyrir dyrnar. Það er ríkisstj., sem ber ábyrgð gagnvart þjóðinni og þinginu á pólitíkinni, sem rekin er, og hún verður að hafa þá aðstöðu að geta séð um, að hennar efnahagspólitík sé framkvæmd. Tvö völd í landinu eru í þessu tilfelli algerlega óþolandi.

Mér skildist á hv. 2. þm. Reykv. hér áðan, að hann vildi meina, að pólitíkinni, — og ég var nú dálítið hissa á honum sem stjórnmálamanni að tala svona illa um pólitík, — að pólitíkinni hætti eitthvað við að vera sérstaklega óskynsöm og óheilbrigð. Og hann virtist mega líta svo á sem í þjóðbankanum réði alltaf heilbrigð skynsemi og þar þyrfti að stinga við fótum; bankinn þyrfti að stinga við fótum, ef fulltrúar þjóðarinnar og ríkisstj. kynnu ekki fótum sínum forráð. M. ö. o.: hv. 2. þm. Reykv. virðist hafa allmiklu meiri trú á þeim embættismönnum, sem séu settir til að stjórna peningastofnun, sem þjóðin á, heldur en á þjóðinni sjálfri, Alþingi hennar og ríkisstjórn hennar, og virðist álíta, að undir slíkum kringumstæðum séu það embættismennirnir, skriffinnarnir, sem eigi að stjórna, þeir séu ímynd og fulltrúar heilbrigðrar skynsemi og þeim beri að hafa vit fyrir ríkisstj., sem sé alveg viss með að flana út í einhvern fjanda.

Ég hef ofur litla reynslu af því, hvernig þetta er. Ég hef sjálfur staðið í því hér á Alþingi að þurfa að reyna að koma í gegn eins smáu máli og því að fá stofnaða eina stofnlánadeild, til þess að það væri hægt að kaupa þá 30 togara til landsins og nokkurn bátaflota, sem stofnað var til 1945, og það var ekki hægt að fá samkomulag við þjóðbankann um að stofna þetta, það þurfti fyrst hálfs árs baráttu utan þings og síðan að kúska það meira eða minna hérna á Alþingi og gefa þó eftir í því sambandi.

Það var líklega bankavaldið, sem var þar fulltrúi heilbrigðrar skynsemi, sem stóð á móti því, að það væru keyptir togarar til landsins, þegar stjórnmálavaldið, þegar Alþingi og ríkisstj. hafði vit fyrir bönkunum um þetta. Það sýndi sig, að það var ríkisstj. og Alþingi, sem stóð vörð um efnahagslega hagsmuni, en það var bankavaldið, sem hvorki skildi upp né niður í efnahagsmálum þjóðarinnar, og það er jafnvel til enn þá, að menn, sem eru að gera út hér á Íslandi, fái þau svör hjá bankastjórum, að sagt sé við þá: Hvern fjandann ertu að fást við að gera þetta út? — Nei, ég held það sé ekki vert að vera að taka undir það sem stundum kemur nú hjá almenningi um að skamma pólitíkina þannig.

Við skulum samt gá að því, að meira að segja Landsbankinn sjálfur er upphaflega myndaður af þessari pólitísku stofnun, Alþingi, og er eingöngu til fyrir hennar vald, og Alþingi hefur ekki skapað hana til þess að kjósa sér neinn einræðisherra yfir sig, heldur til þess að ráða sjálft málum þjóðarinnar. Ég vil þess vegna taka það fram, og það er mín meining líka með þessum lögum, sem hér eru samþykkt, að seðlabanki á að reka sína efnahagspólitík í samræmi við pólitík ríkisstj. Og ef hv. 2. þm. Reykv. heldur, að þetta sé einhver sósíalistisk kenning og aðeins einhverjir voðalegir upprreisnarmenn, sem séu að gerbylta bankamálunum og stofna öllu í hættu, þá vil ég segja honum, af því að ég býst við, að það huggi hann, að slík till. er beinlínis till. þess sérfræðings,

sem ríkisstj., sem hann stóð að og Framsfl., fékk hingað til landsins til að gefa álit um, hvernig ætti að koma fyrir bankamálum landsins. Náttúrlega var sá sérfræðingur amerískur, og í hans till., þ. e. till. Murphys, segir alveg beinlínis í íslenzku þýðingunni, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Augljóst er samt, að Íslandi ber ávallt að hafa eina samræmda allsherjarstefnu í efnahagsmálum, og þá stefnu ber þeirri ríkisstj., sem með völd fer á hverjum tíma, að ákveða.“ Hv. 2. þm. Reykv., sem hér talar um, að bankarnir eigi að hafa einhverja forsjá með ríkisstj. og Alþingi, hugsar enn þá aftur í 19. öld, þegar einkabankar í Evrópu, sem nokkrir ríkir menn áttu, gátu sett þjóðþingi og ríkisstj. stólinn fyrir dyrnar. Sá tími er liðinn. Það er nú almenningur, það er nú þjóðin eða þingið og ríkisstj., sem ákveða þessa hluti. Hins þekkir maður til, að þar sem hafa verið einkabankar enn með mikil völd á undanförnum áratugum, hefur þeim bönkum þótt gott að geta notað sitt vald til þess m. a. að bola þeim stjórnum frá, sem verkalýðshreyfingin að einhverju leyti hefur staðið að. Meira að segja til þess að leggja enn þá betri áherzlu á þetta, segir Murphy í þessari sömu skýrslu sinni, með leyfi hæstv. forseta: „Hér skal það tekið fram, að enda þótt lagt sé til, að bankinn verði armur ríkisvaldsins og í öllum úrslitum algerlega undir ríkisvaldið settur, þá er hér lagt til, að hann verði ekki armur fjmrh. eða nokkurs sérstaks ráðuneytis, heldur ber hann eingöngu ábyrgð gagnvart ríkisstj. í heild.“

Ég les þetta aðeins upp til þess, ef verða mætti, að sannfæra hv. 2. þm. Reykv. um, að það eru ekki bara einhverjir galgopar, sem vilja stofna bankamálunum í voða, sem vilja tengja þarna ríkisstj. og seðlabanka miklu nánar og tryggja, að það sé ein samfelld og samræmd efnahagspólitík, heldur beinlínis alþjóðabankinn og sá erindreki, sem sú stjórn, sem hann stóð að, fékk hingað til lands til þess að ráðleggja ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsóknar í þessum bankamálum.

Ég álít í þriðja lagi, að það, sem ætti að stefna að í bankamálum, væri sameining seðlabankans og Framkvæmdabankans. Framkvæmdabankinn var á sínum tíma myndaður af ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. Ég álít þá myndun hafa verið óeðlilega og var á móti henni, og ég álít, að eigi að stefna að því að samræma þetta. Og ég vil enn fremur taka fram, að ég álít, að það ætti að vera hlutverk seðlabanka, ef það er ekki hlutverk einhverrar annarrar stofnunar, að búa til áætlanir um okkar þjóðarbúskap fram í tímann í samráði við ríkisstj., það sé eðlilegt hlutverk, sem slíkum aðila sé ætlað.

Það mætti náttúrlega margt fara að deila um í sambandi við bankamálin, en ég skal ekki fara út í þau mál hér að öðru leyti. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, vegna þess að það, sem fyrir mér er höfuðatriði í sambandi við þetta, er, hvert sé verið að stefna í þessum málum. Ég hefði kosið, að það hefði verið stigið fullt spor í þá átt að mynda hér sjálfstæðan seðlabanka, sem hefði slíkt samstarf við ríkisstj. og samræmdi sína stefnu hennar stefnu, eins og ég hef greint frá. Ég álít, að það hefði verið æskilegast. Hins vegar er það frv., sem hér liggur fyrir, stórt spor í rétta átt, og þar sem þessi mál hafa nú staðið óhreyfð svona lengi og ég hef sjálfur reynsluna af, hve erfitt hefur verið að þoka þeim, þó að hinir ýmsu flokkar hafi átt á undanförnum áratugum samstarf á víxl, þá verð ég að segja, að það er þó gott, að það skuli þó hafa fengizt fram að fara að mjakast í rétta átt, eins og gert er með þessu.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það hefur verið gerð grein fyrir þessum frv. af hendi stjórnarinnar og frsm. meiri hl. n., og ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka meginefnið, sem þar hefur komið fram. Hins vegar hafa hv. stjórnarandstæðingar gert mikið úr að skora á stjórnina og stjórnarsinna að nefna þótt ekki væri nema eitt einasta dæmi um pólitíska misnotkun bankanna. Þeir skora á okkur að gera þetta, af því að þeir vita, að viðskipti manna og fyrirtækja við bankana eru yfirleitt trúnaðarmál og ekki þess eðlis, að hægt sé að ræða þau mikið eða með einstökum dæmum á opinberum vettvangi. Þetta er það vígi, sem þeir standa á bak við í þessum efnum.

En ég stend hér upp aðeins til þess að verða við ósk 5. þm. Reykv. (JóhH) og nefna eitt dæmi.

Eftir upplýsingum, sem ég hef fengið, nema lánveitingar þriggja höfuðbankanna til sveitarfélaga samtals 112 millj. 643 þús. kr. Lán til sveitarfélaga, þ. e. til sveitarfélaganna sjálfra, þar eru ekki með talin sérstök fyrirtæki sveitarfélaganna, eins og bæjarútgerð eða blönduð útgerðarfyrirtæki, sem sveitarfélögin eiga þátt í, eða annað sambærilegt, — lán til sveitarfélaga nema 112.6 millj., og þetta eina litla dæmi, sem ég ætla að nefna, er þriðja stærsta sveitarfélagið í þessu landi, Hafnarfjarðarbær.

Hafnarfjarðarbær hefur af þessum 112.6 millj. aðeins 350 þús. kr. í lán úr þrem höfuðbönkum þjóðarinnar, og getur þá hver maður séð, hvernig aðstæðurnar eru þar. Annars vegar eru þeir menn, sem við höfum ákært um að misnota aðstöðu sína í bönkunum í stórum stíl, þótt erfitt sé að tala opinberlega um einstök mál og einstaka menn, og á hinn bóginn það bæjarfélag, sem þeir hafa kannske haft, af stærri bæjarfélögum, hvað minnst áhrif á og andstæðingar þeirra hvað mest undanfarin ár. Þar er ástandið svona, að af 112.6 millj. kr., sem bankarnir hafa lánað sveitarfélögunum, hefur þetta bæjarfélag, það þriðja stærsta í landinu, fengið 0.3 millj. Í þessu sambandi, eftir að ég hef nefnt þetta eina dæmi, skora ég á 5. þm. Reykv. að segja okkur frá því, hvað Reykjavíkurbær hefur stóran hluta af þessum 112 millj. kr.

Frsm. minni hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ja, mikið var, að beljan bar. Það kom þá eitt dæmi um þessa ógnarlegu misbeitingu á pólitísku valdi sjálfstæðismanna í bönkunum, sem síðasti ræðumaður nefndi, og hún er sú,

að af 112.6 millj. til sveitarfélaganna hafi Hafnarfjarðarbær ekki nema 350 þús. kr. lán. Og svo er spurt í þessu sambandi: Hvað hefur Reykjavíkurbær mikið lán hjá Landsbankanum, sem er viðskiptabanki Reykjavíkurbæjar?

Hvað upplýsir þetta um pólitíska misnotkun, þó að nefnt væri, sem ég hef ekki á takteinum, hver lán Reykjavíkurbæjar eru hjá Landsbankanum, því að þetta fer mjög eftir árstíðum og hvernig komið er innheimtu útsvaranna?

Það, sem máli skiptir, er þetta: Hefur Hafnarfjarðarbær orðið fyrir pólitískri misbeitingu sjálfstæðismanna í viðskiptabanka sínum í lánveitingum? Var því haldið fram af hv. síðasta ræðumanni? Nei, því var ekki haldið fram. En það er látið í það skína, að 350 þús. sé lítið, miðað við 112.6 millj. til allra sveitarfélaganna, og það er látið í það skína, að þetta þýði það, að sjálfstæðismenn hafi mismunað Hafnarfjarðarbæ, þar sem hefur staðið svo á, að Alþýðuflokksmenn hafa lengst af haft meiri hluta.

En ég vil þá upplýsa þennan hv. þm. um það, að þetta bæjarfélag hefur engu minni aðstoð haft hjá viðskiptabanka sínum, Útvegsbankanum, eftir að ég kom þar í bankann, heldur en áður, þegar enginn sjálfstæðismaður var í bankastjórninni, og fyrirtæki þessa bæjarfélags hafa ekki fengið minni, heldur sjálfsagt að verulegu leyti meiri fyrirgreiðslu í viðskiptabanka sínum heldur en ýmis önnur einkafyrirtæki, og ég á þar við bæjarútgerðina. Ég nefni það alveg sérstaklega vegna þess, að ég hef heyrt því fleygt, að á fundum Alþýðuflokksmanna hér í Reykjavík hafi staðið upp menn, sem hafi talið, að það *væri nauðsynlegt að breyta fyrirkomulagi á* stjórn Útvegsbankans, ekki breytingarinnar vegna, heldur vegna þess, að Hafnarfjarðarbær gæti ekki fengið þá fyrirgreiðslu í þessum viðskiptabanka sínum, sem óskað væri eftir. En Hafnarfjarðarbæ hefur aldrei verið meinað um neina fyrirgreiðslu í þessum banka, síðan ég kom í þennan banka, sem hann hefur áður fengið í bankanum. Í einu og öllu hefur þessi banki reynt eftir fremstu getu á hverjum tíma að sinna þessu fyrirtæki eða þessu bæjarfélagi. Og ég spyr: Hvenær hefur nokkur einasta lánbeiðni Hafnarfjarðarkaupstaðar borizt viðskiptabanka sínum, sem hafnað hafi verið með meirihlutaaðstöðu sjálfstæðismanna í viðskiptabankanum? Það væri nokkur upplýsing, ef fyrir hendi væri dæmi um það. Ég get spurt þennan hv. þm., hvort hann viti um nokkurt slíkt dæmi, en ég get um leið svarað honum, að það er alls ekki fyrir hendi.

Ég var að segja áðan, að því er haldið fram í blöðunum, að sjálfstæðismenn fari um landið *og noti aðstöðu sína fyrir kosningar og lofi* fólkinu gulli og grænum skógum varðandi lánveitingar í bönkunum. Ég bað menn um, hvort einhver gæti bent á nokkurt dæmi í þessu sambandi, sem snertu mig, og ég vil segja það af fullkominni hreinskilni, að einmitt núna síðari árin og fyrir síðustu kosningar er kannske fyrst og fremst erfiði að ferðast um í pólitískum erindum sem bankastjóri, vegna þess að *menn freista þess að eiga viðræður við menn* um, hvort eitthvað sé hægt að liðsinna þeim, vegna þess að aðstaðan hefur verið þannig, að það er næstum því hver einasta beiðni, sem borizt hefur á slíkum ferðum, sem þarf því miður að hafna. Þetta er sannleikurinn í málinu, og ég hygg, að það sé miklu erfiðara pólitískt fyrir mann að hafa þann feril eftir sig sem bankastjóri, að hann hafi alls ekki getað leyst úr þeim vandamálum, sem menn *báru upp fyrir viðkomandi mann.*

Ég held naumast, að nokkur af þm. hér trúi því persónulega, að yfirleitt bankastjórar þessara banka hafi misnotað sína aðstöðu pólitískt, og ég hef aldrei í einkaviðræðum við þm. orðið fyrir ásökunum nokkuð í áttina við það, sem hér er um að ræða, eða ekki aðeins ekki í áttina við, heldur neinum slíkum ásökunum eins og hafðar eru í frammi almennt um pólitíska misbeitingu og í blöðum þessara flokka. Þó minnist ég þess að vísu að hafa einmitt átt viðræður við einn þm., sem hefur dálítið verið á þeirri skoðun, að svona hlyti þetta að vera. *Og mér hefur gengið nokkuð erfiðlega* að vísu að sannfæra hann um, að svona hlýtur þetta ekki að vera og svona gengur þetta ekki, og ég hygg, að það mundi ekki heldur ganga svo, þegar aðrir menn taka við störfum í bönkunum nú og menn af öðrum pólitískum flokkum.

En mér þykir ákaflega vænt um, að fram hefur komið þetta eina dæmi um Hafnarfjarðarkaupstað, alveg sérstaklega vegna þess, að mér er kunnugt um, eins og ég sagði áðan, að það hefur á flokksfundum á bak við tjöldin verið einmitt haft í frammi sem dæmi þess, að það væri nauðsynlegt til þess að opna fremur en verið hefði lánveitingar til þessa bæjarfélags frá bönkunum að breyta um skipun þeirra mála. En í þessu sambandi liggur fyrir, að það hefur aldrei verið hafnað með meirihlutavaldi sjálfstæðismanna í viðskiptabanka þessum, — og ég hygg, að Útvegsbankinn sé aðalviðskiptabanki þessa bæjarfélags, — lánbeiðnum frá þessu bæjarfélagi.

Ég vil svo að lokum segja það í sambandi við ræðu síðasta ræðumanns, hv. 5. landsk., að það er ekki hægt að skjóta sér á bak við það, að það sé ekki hægt að nefna dæmi, sem innt er eftir, af því að viðskiptin við bankana séu trúnaðarmál. Það eru aðeins starfsmenn bankanna, sem bundnir eru þagnarheiti og trúnaðarmál gagnvart þeim, hvað um er að ræða. Aðrir aðilar og einstakir borgarar og einstakir þm., sem vita um misfellur í lánveitingum bankanna og því um líkt, eru ekki bundnir neinum þagnarskuldbindingum í þessu sambandi.

Hitt er svo alveg rétt, að í þessu sambandi skiptir ekki aðalmáli, eins og kom fram hér við 1. umr., að *rekja einstök dæmi, heldur gera* grein fyrir þeirri meginástæðu, sem höfð er uppi fyrir flutningi þessara mála, að almenn misbeiting pólitísks valds eigi sér stað og að árekstrar eigi sér stað af þessum völdum innan bankanna — að finna þeim orðum stað — og pólitískir árekstrar milli bankanna og ríkisvaldsins, sem geri ríkisvaldinu ókleift að koma fram sínum málum. Ef svo væri, þá væri auðvitað *fullkomin efnisástæða fyrir ríkisvaldið* að grípa til ráða eins og hér er um að ræða. En

það er með þetta eins og það eina dæmi, sem hér var nefnt, að þessar ástæður eru ekki fyrir hendi, þær eru tilbúnar, þær finnast ekki, og þess vegna er ekki hægt að benda á þær.

Hitt getur maður svo skilið, og það er ómögulegt að mótmæla því, að núverandi stjórnarflokkar telji sínum hag eitthvað betur komið að geta skipað í góð og vel launuð og mikil embætti, sem alltaf eru nú kannske hins vegar hvorki skemmtileg né auðunnin, ýmsum af sínum áhrifamönnum og telji sig standa sterkari fótum fyrir það. Þetta er kannske skiljanlegur og eðlilegur hugsunarháttur. En sjálfur hygg ég, að þeir muni fljótt finna, eftir að þeir hafi skipað sína menn í þessar ábyrgðarstöður, að það verður ekki sótt neitt gull í greipar þeirra manna, sem þar verður falin forsjá, sem ekki var áður hægt að sækja með sanngirni til þeirra manna, sem fram til þessa hafa farið með stjórn þessara mála. Og ég efast um, eins og aðstaðan er í þjóðfélaginu í dag, að það verði, þegar til lengdar lætur eða þegar á reynir, svo sérstaklega mikils virði fyrir þessa stjórnarflokka að taka við þeirri ábyrgð, sem hér er um að ræða.

Ég vil í þessu sambandi alveg sérstaklega taka fram, að þegar slíku er haldið fram af okkur, þá segja andstæðingar okkar: Ja, af hverju láta sjálfstæðismenn þá svona? Af hverju er þeim þá svona sárt um, að þessi breyting er gerð? Það er vegna þess, að hvorki sjálfstæðismenn né aðrir heiðarlegir menn vilja liggja undir jafnsvívirðilegum ásökunum og þeir hafa verið bornir í þessu sambandi, án þess að færð væru nokkur rök fyrir þeim. Það vill enginn heiðarlegur maður og það mundi enginn heiðarlegur maður í stjórnarflokkunum sætta sig við það, að það séu borin fram á Alþingi Íslendinga frumvörp til l. um breyt. á þeim fyrirtækjum, sem þeir eiga að veita forstöðu, og haldið fram, að það sé vegna þess, að þeir hafi á einhvern hátt, ef þeir eru stjórnarmeðlimir þar, misbeitt herfilega og svívirðilega aðstöðu sinni þar, ef sömu menn vita og finna inni á sér með góðri samvizku, að allt eru þetta ósannindi og ekki aðeins ósannindi, heldur vísvitandi ósannindi þeirra manna, sem með þau hafa farið. Það eru vísvitandi ósannindi, og ég leyfi mér að lýsa sök á hendur þeim mönnum, sem standa að baki þessum ásökunum í garð sjálfstæðismanna og sitja hér á þingpöllum og með þögn sinni hafa tekið undir þessar ásakanir. Mig undrar það, að í þessum þremur þingflokkum skuli enginn þm. hafa haft nægjanlega mikinn drengskap til að bera til þess að standa hér upp og mótmæla þessum ásökunum, þessum ósönnu ásökunum, vegna þess að ég veit, að í hópi þm. hér í liði stjórnarinnar eru fjölmargir menn, sem vita ósköp vel, að það, sem hér er á borð borið fyrir almenning, bæði í þingsölunum sem ástæður fyrir flutningi þessara mála og í málgögnum stjórnarflokkanna, eru ekki sannar sakir.

Það eru sannarlega þeir drengskaparmenn í þessum stjórnarflokkum, að þess hefði mátt vænta, að einhver hefði fundið sig knúinn til þess af eigin samvizku til þess með þögn sinni að gerast ekki talsmaður þessara ósönnu ásakana í garð sjálfstæðismanna.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég gerði aðeins það, sem hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) skoraði á okkur að gera, — ég nefndi fyrir hann eitt dæmi. Mér virðist hann hafa tekið því verr en efni standa til, því að hann notaði orðin „tilbúnar ástæður“ um rök okkar engu að síður og vildi alls ekki hlusta á þetta eina dæmi, jafntalandi og það er.

Dæmið er ákaflega augljóst. Við vitum það öll, sem hér erum, að það eru engir menn í þessu landi, sem verða að koma eins oft utan af landinu til Reykjavíkur til þess að reyna að útvega lánsfé til ýmislegra nauðsynlegra framkvæmda sveitarfélaganna eins og einmitt þeir, sem standa í forsvari fyrir sveitarfélögin og þá sérstaklega bæjarstjórar og bæjarstjórnir kaupstaðanna. **Við höfum séð þessa menn, þeir koma** hingað nálega á hverjum degi einhverjir; þeir eru alltaf hér, þeir ganga banka úr banka, þeir eru alltaf að leita að lausnum á vandamálum, sem steðja að þessum bæjarfélögum.

Þrátt fyrir þetta er það staðreynd, töluleg staðreynd, að þrír höfuðbankar þjóðarinnar hafa látið sveitarfélögin fá 112.6 milljónir króna, en þriðja stærsta sveitarfélagið í landinu hefur ekki fengið nema 0.3 millj. af þessu. Það er því ekki hægt að taka það sem neina mótbáru, að Hafnfirðingar hafi ekki reynt að fá lán til sinna framkvæmda.

Hv. 5. þm. Reykv. talaði um þetta mál eins og Útvegsbankinn væri einn viðskiptabanki Hafnarfjarðarbæjar. Mér er ekki kunnugt um, hvort svo er. En mér er tjáð, að þó nokkur hluti af þessum litlu lánum, sem bærinn hefur, sé í öðrum banka, sem sagt í Búnaðarbankanum. Þetta mál snýr því ekki eingöngu að Útvegsbankanum. Hitt vita sjálfstæðismenn ákaflega vel, að mál eru ekki afgreidd þannig í bönkum, að bankastjórarnir rífist um þau og svo komi þeir inn á bankastjórafund eða bankaráðsfundi og rífist þar áfram og síðan sé atkvæðagreiðsla. Afgreiðsla mála gengur allt öðruvísi fyrir sig, og fjöldinn allur af lánbeiðnum, sem koma til bankanna, nær aldrei það langt, og þeir bankastjórar, sem eru í minni hl. og e. t. v. vildu greiða fyrir einhverjum svona aðilum, eru ekki að stofna til rifrildis eða atkvæðagreiðslna tilgangslaust á þeim fundum, þar sem endanleg ákvörðun er tekin. Þess vegna er það heldur engin mótbára að segja, að sjálfstæðismenn hafi ekki með afli atkvæða fellt lánbeiðnir frá Hafnfirðingum.

Ég spurði: Hvað hefur Reykjavíkurbær, höfuðvirki Sjálfstfl. í landinu, mikinn hluta af þessum 112.6 millj.? Mig langar til að fá að vita það. Hv. þm., sem stendur hér í andsvari og ég bað um að upplýsa þetta, er hvorki meira né minna en bæjarráðsmaður í höfuðstaðnum, situr einu sinni eða tvisvar í viku. (Gripið fram í.) Er það ekki rétt? Þá hefur hann verið þar til mjög skamms tíma; hann er þó í bæjarstjórn og hefur verið mjög nákominn allri bæjarstjórninni. Það getur vel verið, að hann viti ekki nákvæma tölu, en mig grunar samt, að hann mundi geta gert

nokkra grein fyrir, hvar á tugum milljóna lán Reykjavíkurbæjar standa, en hann kærir sig ekki um að hætta sér út á þá braut að upplýsa það til samanburðar við þau bæjarfélög, sem sjálfstæðismenn stjórna ekki.

Ég ætla ekki að fara út í frekari umr. um þetta mál. Ég vil taka það fram, að mér fannst hv. þm. taka þetta nokkuð persónulega. Við erum ekki að halda þessari gagnrýni okkar á rekstri bankanna fram sem neinum persónulegum ofsóknum gegn einum eða neinum þeirra einstaklinga, sem hlut eiga að máli. Þetta er gagnrýni á því kerfi, sem þarna er. Við hörmum það eins og allir aðrir, að íslenzku þjóðinni hefur ekki auðnazt að halda stjórn bankanna utan við pólitík. En úr því að við einu sinni bárumst inn á þessa braut og höfum ekki getað komizt út af henni og haldið bönkunum fyrir ofan og utan pólitík, þá er það mjög mikið ógæfuspor, að ekki sé nokkurn veginn pólitískt jafnvægi í stjórn bankanna. Það var um árabil, en sjálfstæðismenn notuðu vaxandi völd sín ár eftir ár til þess að gera þessi met ójafnari. Með því hafa þeir stofnað til þess, sem nú er verið að gera. Það er þeirra eigin sök með því að skilja það ekki, að úr því að pólitísk áhrif eru eins mikil í bönkunum og þau hafa verið um langt árabil, þá er það heillavænlegast, að þar séu þessi áhrif í einhverju hlutfalli nálægt því, sem er í landinu öllu. Þannig hafa þeir sjálfir með því að sölsa til sín fleiri og fleiri stöður í stjórn bankanna stofnað til þess, sem verið er að gera. Þetta er augljóst mál, sem hver maður getur séð, og þetta eina dæmi, sem ég skv. beiðni 5. þm. Reykv. hef nefnt hér, er eins augljóst og nokkuð getur verið. Það sýnir, hvað hefur gerzt, og það er afleiðingin af því, sem sjálfstæðismenn hafa stofnað til sjálfir með því að grípa til sín yfirstjórn a. m. k. tveggja stærstu bankanna. Afleiðingin gat ekki orðið önnur en sú, sem hér blasir við.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Það er nú svo, eins og komið hefur fram við meðferð málsins, að aðalgrundvöllurinn undir þessum frv. og ástæðan fyrir því, að þau eru fram komin, er rógurinn um misbeitingu sjálfstæðismanna á svokölluðu meirihlutavaldi í bönkunum. Og svo rís upp einn hv. þm., sem að vísu er farinn úr deildinni, — hann er nú að koma inn, sem betur fer, — sem er einn aðalforsvarsmaður fyrir þessari staðhæfingu og blað flokks hans eitt af þeim blöðum, sem mest hefur þyrlað upp moldviðri og mestum ósannindum í þessu máli, — nú rís þessi hv. þm. upp og kemur með það langþráða dæmi, sem sjálfstæðismenn hafa verið að biðja um, að andstæðingarnir kæmu með einhver rök fyrir máli sínu. Hv. þm. í stjórnarliðinu hafa ekki þorað að koma með eitt einasta dæmi fyrr en nú. Og hvernig er svo þetta dæmi? Ég fullyrði, að dæmið sé ekki rétt. Talan, sem þm. nefnir, er ekki rétt, og ég vildi ráðleggja honum að leita sér nánari upplýsinga um það, hvað umrætt bæjarfélag skuldar mikið í bönkunum.

Frsm. minni hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skil, að forseti vilji leggja áherzlu á að ljúka umr., og skal ekki lengja þær mikið. En hv. 5. landsk. (BG) segir: Ja, dæmið, sem ég nefndi, er svo augljóst, að það alveg sker úr. — Ef Hafnarfjarðarbær hefði aldrei beðið um neitt lán í neinum banka og skuldaði þar af leiðandi ekki neinum banka neitt, enginn banki hefði lánað honum, af því að ekki hefði verið beðið um, ber þá að skoða það þannig, að það sé vottur um, að bankarnir hafi komið illa fram gagnvart Hafnarfjarðarkaupstað? Það, sem verður að sanna með þessu dæmi, ef það á að gagna hv. 5. landsk. þm., er það, að í fyrsta lagi hafi Hafnarfjarðarkaupstaður ekki fengið lán úr bönkum landsins til jafns við önnur sveitarfélög, og í öðru lagi, að þær lánveitingar hafi strandað á pólitiskri misbeitingu valds af hálfu sjálfstæðismanna, því að það er það, sem ásakað er um, og það er það, sem þarf að sanna. Ekkert — ekki vitund af slíkri sönnun var í þessu dæmi.

Ég vil svo að lokum segja hv. 5. landsk. það, að hugmyndir hans um, hvernig málum er varið í bönkunum, eru mjög af ókunnugleika, því að ef lánveitingar berast bönkunum, þá eru þær auðvitað ræddar af framkvæmdastjórninni í heild, og ágreiningsatkvæði, ef einhver eru, eru þá bókuð og gerð grein fyrir þeim, og ber hverjum bankastjóra, ef hann telur það svo mikilvægt, skylda til þess og bera sig þá upp við bankaráðið, ef hann telur, að meiri hl. hafi borið sig órétti eða farið ranglega að. En að öðru leyti koma lánveitingarnar alls ekki til kasta bankaráðanna, ekki nema heildarstefnan í bankamálunum, þegar einstök tilfelli er um að ræða. Þetta eina dæmi er ósköp líkt og bezta sönnunin fyrir misbeitingunni, sem ég gerði grein fyrir í minni ræðu áðan, um lánveitingar til viss fyrirtækis, og það er fjarri því, að ég hafi tekið það illa upp, eins og hv. 5. landsk. sagði, heldur fagnaði ég því, að hann skyldi koma með þetta dæmi, og mér er það sönn ánægja, að þetta skuli hafa komið fram í umr., og tel það mikils virði fyrir okkur sjálfstæðismenn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17:3 atkv.
Brtt. 608,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
3.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 608,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 608,3 samþ. með 18 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 608,4 samþ. með 18 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 608,5 samþ. með 18 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 608,6 (14. gr. falli niður) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 608,7 samþ. með 18 shlj. atkv.
15. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 608,8 samþ. með 18 shlj. atkv.
16. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

17. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 608,9 samþ. með 18 shlj. atkv.
18. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
19.—22. gr. (verða 18.—21. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 608,10 samþ. með 18 shlj. atkv.
23. gr. (verður 22. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
24. gr. (verður 23. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 608,11 samþ. með 18 shlj. atkv.
25. gr. (verður 24. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
26.—27. gr. (verða 25.—26. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 608,12 (28. gr. falli niður) samþ. með 18 shlj. atkv.
— 608,13 (ný 29. gr., verður 27. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
30. gr. (verður 28. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 608,14 (nýtt brbákv.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 107. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 630, 636).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það hefur nú verið regla við meðferð á þessum bankafrv. hæstv. ríkisstj. að tala nokkuð um þau öll í einu. Það var byrjað á því af hæstv. forsrh. við 1. umr. og haldið áfram, og mun ég nokkuð minnast á öll þessi frv. nú, úr því að ég kveð mér hljóðs við þessa umr.

Það er nokkuð venjulegt hjá slíkum mönnum eins og núverandi hæstv. stjórnarflokkum að hafa nokkuð langan undirbúningsfrest, þegar þeir eru að vinna einhver slæm verk, og það hefur orðið reynslan á varðandi þessi bankafrv., að það virðist eins og það hafi þurft marga mánuði til þess að unga þeim út með mþn. og öðrum samninganefndum starfandi. Þó er nú ekki undirbúningurinn betri en það, að sjálfir höfundarnir fluttu við 2. umr. þessa máls 14 brtt. til leiðréttingar, og mun formaður fjhn., sem er einn af aðalhöfundunum, hafa átt hlut að því að leiðrétta sín eigin verk, og mætti segja mér, að einhverju fleira þyrfti að bæta við, ef í gegnum málin væri farið eins og þyrfti.

Nú er það tvennt, sem hefur einkum verið mælt með varðandi skipulag bankanna og breytt er með þessum frv. Annað er það að skipta Landsbankanum í tvennt og hitt er það að breyta Útvegsbankanum úr hlutafélagi í ríkisbanka. Varðandi fyrra atriðið, um skiptingu á Landsbankanum, fæ ég með engu móti séð, þegar sá banki sem aðrir er nú í mikilli þröng með að geta annað sínu hlutverki eins og vera þarf, að það sé nokkrum til gagns öðrum en þeim, sem fá þarna embætti, að skipta bankanum í tvennt. Það hefur líka komið fram í umr., að þeir menn, sem leggja mesta áherzlu á það að stofna hér alveg sérstakan seðlabanka, telja alveg ófullnægjandi þá skiptingu, sem hér er farið fram á, því að þá yrði það að vera algerlega sjálfstæð stofnun og óháð viðskiptabönkunum. Nú er ekki um það að ræða, heldur er bankanum aðeins skipt í tvennt, sem er lítið annað en að fjölga yfirstjórnendum þessarar stofnunar, því að eins og er hefur verið sérstök seðladeild í Landsbankanum og svo viðskiptadeild þar fyrir utan.

Varðandi Útvegsbankann kann það að vera rétt, að það sé í sjálfu sér eðlilegra að breyta honum úr hlutafélagi, eins og sakir standa, í það að vera alveg ríkisbanki. — En aldrei hef ég heyrt þess getið fram á þennan dag, að það hafi staðið Útvegsbankanum nokkurn hlut fyrir þrifum, þó að það væru nokkur hlutabréf einstaklinga eða félaga, sem þar væru, og það sé þess vegna ekki nein nauðsyn, sem rekur þarna á eftir. En úr því að þetta er gert, þá mun sennilega ekki standa á því að breyta áburðarverksmiðjunni úr hlutafélagi í algert ríkisfyrirtæki, eins og hæstv. forseti þessarar deildar og fleiri hafa undanfarið hamrað á, og nú ætti ekki að standa á því, þegar talið er svona mjög nauðsynlegt að breyta Útvegsbankanum úr hlutafélagi í ríkisbanka.

Nei, það er augljóst mál, að það er allt annað, sem hér vakir fyrir, heldur en þessar tvær skipulagsbreytingar, sem engin nauðsyn er á. Það er það að fá nokkuð margar nýjar stöður handa stjórnarliðinu í bankastofnunum, ýmist með því að reka burt þá starfsmenn, sem þar eru, eða stofna ný embætti, og í þessu falli eru stofnuð a. m. k. fimm ný embætti við hinn fyrirhugaða seðlabanka, og þar fást fimm nokkuð feitar stöður handa hv. stjórnarliðum. Auk þess er það fyrirsjáanlegt með frv. og augljóst mál, að það er strax ákveðið að losna við fimm bankaráðsmenn, sem tilheyra Sjálfstfl., úr þessum stofnunum og setja í þeirra stað stjórnarflokkamenn. Hitt er svo óupplýst við þessar umræður og óupplýst af þeim, sem fyrir þessu hafa mælt, hve marga af núv. bankastjórum á að reka og setja aðra í staðinn, en það er sem sagt lágmarkið, sem hér er um að ræða með nýjar stöður, sem staðið hafa milli tannanna á stjórnarflokkamönnunum, að það yrðu þá a. m. k. 10 menn, sem þarna fá embætti. Hvað fleira verður, það er ekki á þessari stundu hægt að segja um, en reynslan mun innan skamms sýna, þegar það kemur í ljós í framkvæmdinni, hvernig með þessi mál verður farið. Hvað er það svo, sem er talið aðalgrundvöllurinn fyrir þessari breytingu? Hann er ekkert annað en ósannaðar ásakanir á þá menn, sem nú og undanfarið hafa verið framkvæmdastjórar í bönkunum.

Það eru fullkomlega ósannar ásakanir á þessa menn, sem tilheyra Sjálfstfl., að þeir hafi viðhaft einhvern yfirgang í sinni starfsemi á pólitískan hátt og notað sitt vald hlutdrægt. Það er a. m. k. gersamlega ósatt og ósæmilegt frá hálfu framsóknarmanna að halda þessu fram, vegna þess að þeir hafa haft sterka og gáfaða menn í bankastjórastöðum við báða þessa banka, og það er ekki annað vitað en að allt,

sem þar hefur gerzt í aðalatriðum, hafi verið gert með samþykki allra þeirra framkvæmdastjóra, sem þarna eiga hlut að máli.

Það náttúrlega þarf ekki svo viðtæka og þýðingarmikla starfsemi til eins og starfsemi bankanna, að þar sé ýmislegt, sem orkar tvímælis, bæði um lánveitingar og ekki síður hitt, þegar verið er í miklu stríði með lánsfé, eins og verið hefur núna síðustu árin, og það verður að neita fjölda manna og fyrirtækja um fyrirgreiðslu, vegna þess að peningarnir eru ekki til. Það er þess vegna gefinn hlutur, að það er margt og mikið, sem getur orkað tvímælis í þessum efnum. En það orkar ekki tvímælis á þann hátt, að það hafi verið nokkur hlutdrægni milli þessara tveggja flokka, sem þarna hafa haft valda menn.

Það mætti segja, að það væri frekar nokkur von til, að fulltrúar hinna flokkanna, Alþfl. og Sósfl., teldu sig eitthvað afskipta á þessu sviði, af því að þeir hafa ekki haft þarna neina framkvæmdastjóra, og að þeir þættust hafa ástæðu til að gera athugasemdir við stjórn bankanna að því leyti. Maður getur frekar skilið ásakanir frá slíkum mönnum. En þá er öll þeirra gagnrýni, allt þeirra tal um þessa hluti byggt á óheiðarlegri og ósæmilegri framkomu, vegna þess að þeir beita ásökunum eingöngu á annan flokkinn, sem þarna hefur verið í völdum, en sleppa hinum. Ef þeir vildu koma heiðarlega fram í sinni gagnrýni, þá ættu þeir auðvitað að beita sinni ásökun jöfnum höndum á sjálfstæðismenn og framsóknarmenn, sem þarna hafa verið við stjórn. En það hafa þeir ekki gert, heldur hafa þeir beitt sinni ásökun eingöngu til sjálfstæðismanna, sem er gersamlega rangt.

Það kom fram við 2. umr. þessa máls, að einn hv. fulltrúi Alþfl., hv. 5. landsk. þm., fór að sýna viðleitni í því að nefna dæmi til sönnunar því, að hér væri um einhverja hlutdrægni að ræða. Þetta sýndi það, að þessi hv. þm., sem er ungur maður, er ekki orðinn eins skelharður og sumir hinir eldri, sem eru gegnsósaðir af spillingunni, og þess vegna hefur hann viljað sýna nokkra viðleitni í því að koma með dæmi til sönnunar þeim ásökunum, sem hér hafa verið bornar fram. En þessi hv. þm., þó að hann sýndi þarna viðleitni, var ákaflega óheppinn í sínu dæmi varðandi bankastjóra Útvegsbankans, hv. 5. þm. Reykv. Hann lýsti því yfir, að Hafnarfjarðarbæ, sem þarna var um að ræða, hefði ekki verið neitað um nein lán í þeirri stofnun, en ég get nú bætt því við, að ég hef fengið upplýsingar um það, að það er ekki lengra liðið en frá því í fyrra, að Hafnarfjarðarbær fékk hjá Landsbankanum lán, sem er hvorki meira né minna en 3½ millj. kr. Ef hlutdrægnin á að koma svona fram og þetta sé eitthvert versta dæmi, sem þekkzt hefur í útlánum bankanna, þá hefur þessi hv. þm., sem sýndi þarna nokkra viðleitni til að koma með dæmi, verið ákaflega óheppinn og væri æskilegt, að hann nefndi eitthvað fleira.

Nú er það svo, að fyrst byrjað er á þessum hlutum, að rusla til í öllum stöðum í bönkum landsins á pólitískan hátt þvert ofan í lög og á miðju kjörtímabili ýmissa þeirra manna, sem þarna eru í stöðum, að ég nú ekki tali um þá, sem eru þarna fastráðnir menn, sem eru í embættum bankastjóra, þegar farið er inn á þessa leið, þá er gengið inn á hættulega braut, og sú hættulega braut er það, að með þessu er beinlínis stofnað til þess og ýtt undir það, að starfsemi bankanna skuli framvegis vera byggð á hlutdrægni samkvæmt pólitískum línum. Og það er nokkurn veginn víst, að hvenær sem hér eftir verður skipt um ríkisstj. í þessu landi, þá hlýtur sagan að endurtaka sig, þannig að það verður aftur hreinsað til og spilið gengur á svipaðan hátt og sagt er að stundum sé í Ameríku, að það sé alltaf skipt um starfsmenn, þegar skipt er um ríkisstj.

Nú er það svo, að eitt höfuðatriðið, sem hér hefur verið minnzt á í þessu sambandi, bæði í blöðum og hér á þingi og í ræðum manna víðs vegar um land, er það, að það verði að taka meirihlutavaldið í aðalbönkum landsins af Sjálfstfl., af því að hann hefur núna síðustu tvö árin haft tvo af bankastjórum þessara banka, sem komnir eru þar inn á alveg löglegan hátt og með samþykki annarra, sem þar hafa átt hlut að máli. En þeir flaska nokkuð mikið, þessir hv. herrar, þegar þeir taka Framkvæmdabankann með, því að það er kunnugt öllum, sem til þekkja, að eins og nú hagar þar til, þá hafa stjórnarflokkarnir, eða ef við orðum það kannske enn réttara, þá hefur Hræðslubandalagið meirihlutavald í þeim banka og hefur haft. Þar er gagnólík aðferð við ákvörðun útlána því, sem er t. d. í Landsbankanum. Í lögum Landsbankans er bankaráðsmönnum bannað að skipta sér af útlánum bankans, og þess vegna hefur það aldrei heyrt undir þá að skipta sér neitt af því, nema um einhver aðalstefnuatriði væri að ræða. Hjá Framkvæmdabankanum er þarna öfugt að farið, því að þar ræður bankastjórinn, sem er einn, engu um lánveitingar, en bankaráðið öllu, og bankaráðið er þar þannig, að stjórnarflokkarnir hafa þar hreinan meiri hluta, þar sem í því eru tveir hæstv. núv. ráðherrar, fjmrh. og menntmrh., og með þeim ráðuneytisstjórinn í fjmrn. En þetta nægir þeim ekki, þessum góðu herrum, heldur þurfa þeir að leggja fyrir Alþingi og knýja hér í gegn frv. til þess að ná enn meiri hluta í þessu bankaráði, breyta þessum lögum og koma því til leiðar, að Sjálfstfl., sem nú á tvo fulltrúa í þessu bankaráði, hafi framvegis ekki nema einn, og inn í þessi lög er það sett, að hið nýkjörna bankaráð eigi að kjósa ekki til fjögurra ára, eins og venjulegt er í hinum bönkunum, heldur á kosningatími þess að gilda á sjöunda ár, þangað til í árslok 1963. Nú minnist ég þess, að hæstv. forseti þessarar deildar og fleiri hans flokksmenn hafa gagnrýnt mjög eina stóra lánveitingu frá þessum banka og miklu meira um hana verið rætt í blöðum en nokkra aðra lánveitingu frá hinum bönkunum og kannske ekki með öllu að ástæðulausu.

Hverjir eru það þá, sem eftir hugsanagangi þessara manna hafa ráðið þessari stóru lánveitingu? Það eru núv. ráðherrar tveir og þriðji maður þá með þeim, sem skapa meiri hlutann í þessum banka. Hins vegar skal ég játa, að ég

hef ekkert heyrt um það, að það hafi verið neitt ósamkomulag í bankaráði Framkvæmdabankans um þessa lánveitingu, og kann vel að vera, að sjálfstæðismennirnir þar, sem eru í minni hluta, séu ábyrgir fyrir því eins og hinir. Ég er líka sannfærður um, að framsóknarmennirnir bæði í Landsbankanum og Útvegsbankanum hafa verið samþykkir öllum helztu og kannske öllum lánveitingum, sem þar hafa verið á döfinni, a. m. k. sem nokkru verulegu máli skipta.

Nú sjá það allir, hvað hér er á ferðinni, eins og ég vék að áðan. Það er ekkert annað á ferðinni heldur en einfaldlega það að nota valdaaðstöðuna til þess að skipta um 10—15 embætti, hver veit um það, frá því, sem er, á algerlega óvenjulegan hátt, því að þetta hefur ekki þekkzt hér á Alþingi, eftir því sem mig minnir, nema einu sinni áður, og það dæmi mæltist svo illa fyrir á þeirri tíð, að það héldu margir, að það yrði ekki endurtekið. En þetta gerðist árið 1935, þegar lögum Búnaðarbankans var breytt eingöngu með það fyrir augum að sparka þaðan undirbankastjóra, Pétri sáluga Magnússyni. Um leið var að vísu þaðan sparkað öðrum, sem var framsóknarmaður, Bjarna Ásgeirssyni, en hann var látinn fá annað starf, sem var ekkert síður vel borgað en þetta. Og það vissu allir menn og sögðu mér alveg greinilega af því, Alþfl.-mennirnir, sem þá voru þar í samstarfi og í minni hluta, að þetta var barið í gegn af Framsfl. á þeirri tíð eingöngu til þess að losna við hinn ágæta mann úr Búnaðarbankanum, Pétur sáluga Magnússon.

Þetta dæmi er það eina, sem ég man eftir að gerzt hafi á svipaða leið og þessi, sem nú er verið að framkvæma, og það er sannarlega ekki til fyrirmyndar.

Nú býst ég við því og tel það eiginlega víst eftir alla samningana og eftir allt þrefið og allan ganginn, sem á því hefur verið að semja um það, hver ætti að fá þennan bita eða hinn í sinn munn, þá muni ekki hafa mikla þýðingu að tala á móti þessum frv., og við sjálfstæðismenn verðum því í aðalatriðum að láta það nægja að sýna okkar vilja með því að mótmæla þeim rangindum, sem hér eru í frammi höfð, og allri þeirri lygi, sem hefur verið í kringum það að koma þessu í kring, og svo að sjálfsögðu að greiða atkvæði gegn þessum frv., sem öll eru á sömu línunni.

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Mér skildist á síðasta ræðumanni, hv. þm. A-Húnv., hann líta svo á, að með því að lögleiða það frv., sem hér liggur fyrir, væri stigið skref í þá áttina að taka hér upp ameríska stjórnarhætti. En það lítur út fyrir, að honum og öðrum hv. þm. í hans flokki þyki það ekki góð fyrirmynd, því að þeir munu ætla að beita sér gegn málinu. Hann nefndi, að það hefðu verið bornar fram nokkrar brtt. við frv., og er það rétt, og ég get glatt hann með því, að enn eru brtt. á ferðinni frá fjhn., því að við erum víst sammála um það, að lengi megi gott verk bæta.

Á þskj. 636, sem nýlega var útbýtt í deildinni, flytur fjhn. brtt. við 21. gr. frv., og er brtt. um það, að bankastjórum seðlabankans og öðrum, sem þar eiga sæti í stjórn, skuli ekki vera heimilt að vera í stjórn annarra peningastofnana. Telur nefndin rétt, að ákvæði séu um þetta í lögunum, þar sem það virðist óeðlilegt, að slíkt eigi sér stað, og má nú reyndar ætla, að til þess hefði ekki komið, jafnvel þó að ekkert hefði verið um þetta sett í lögin. En þar sem þarna er um seðlabanka að ræða, sem gert er ráð fyrir að hafi viðskipti við aðra banka ekki sízt, þá þykir rétt að hafa þetta ákvæði í lögunum.

En eftir að þessari brtt. var skilað til prentunar, kom í ljós, að gera þurfti lagfæringu á 20. gr. frv., og vill því fjhn. leyfa sér að leggja fram skriflega brtt. við þá grein.

Í 20. gr., fyrstu efnismálsgr., segir, að form. bankaráðsins hafi f. h. ráðsins stöðugt eftirlit með starfsemi viðskiptabankans, en fallið hafði niður af vangá að taka þarna til viðbótar annan málslið, sem er í þeirri lagagrein, sem þarna á að breyta, um eftirlit bankaráðsmannanna, annarra en formannsins, og er því till. fjhn. um það, að við þetta bætist: Hinir bankaráðsmennirnir skulu skiptast á um eftirlit ásamt formanni. — Er þetta efnislega eins og ákvæðið er nú í lögunum, og vil ég biðja hæstv. forseta að leita afbrigða um þessa skriflegu brtt., svo að hún megi einnig koma hér til afgreiðslu.

Eins og eðlilegt má heita, hafa orðið nokkrar umr. um bankamálin almennt í sambandi við þetta frv. Í tilefni af þeim umræðum vil ég taka fram, að ég lít svo á, að það muni heppilegast, að Landsbanki Íslands verði áfram aðalbanki þjóðarinnar, eins og hann hefur verið síðustu áratugina. Fleira en eitt mætti nefna til stuðnings þessari skoðun, en hér skal það eitt talið, að Landsbankinn hefur unnið sér traust í viðskiptum, bæði innanlands og hjá erlendum fjármálastofnunum, og er mikils um það vert. Ekki er fullvíst, að nýr seðlabanki, ef stofnaður yrði, nyti jafnmikillar tiltrúar í fyrstu. En ég tel eðlilegt, að aðaldeildir bankans, seðlabankinn og viðskiptabankinn, lúti hvor um sig sérstakri stjórn, eins og stefnt er að með þessu frv. Skal svo ekki fjölyrt um þetta, en þess óskað, að það fyrirkomulag á stjórn og rekstri þjóðbankans, sem hér er ætlunin að lögfesta, megi vel gefast.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 641) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Það lítur út fyrir, að stjórnarliðið ætli að gera sig ánægt með þá klassisku sönnun hjá hv. 5. landsk., að skuldir Hafnarfjarðar væru óræk sönnun fyrir misbeitingu sjálfstæðismanna í bönkum landsins. Hann upplýsti, eins og kunnugt er, við fyrri umr. í dag, að Hafnarfjörður skuldaði ekki nema 300 þús. kr. Nú hafa að vísu komið upp nýjar upplýsingar frá hv. þm. A-Húnv., sem er í bankaráði Landsbankans, um, að þessi virðulegi kaupstaður skuldi nú 3 millj. í þeim banka. Ég tók eftir, að hann sagði þrjár. (**Gripið fram í:** Þrjár og hálfa.) Eða þrjár og

hálfa. Þetta er farið að verða nokkuð erfitt viðfangsefni, og efast ég ekki um, að þessar upplýsingar hjá hv. þm. A-Húnv. muni vera réttar. Ég hafði, eins og ég gat um í dag, talsverða ástæðu til þess að ætla, að upplýsingar hv. 5. landsk. væru ekki alveg óvefengjanlegar.

Það virðist því næst að spyrja í sambandi við þetta sönnunarmál: Er það þá sjálfstæðismönnum að kenna, að skuldir Hafnarfjarðar eru ekki meiri í bönkunum en 300 þús. kr., eða er það sjálfstæðismönnum að þakka, að Hafnarfjörður skuldar ekki meira en þetta, eða hefur Hafnarfjörður beðið um lán og fengið synjun, eða hefur Hafnarfjörður ekki þurft á láni að halda? Þessar skýringar virðist vanta, og væri æskilegt, ef hv. þm. vildi gefa nánari skýringar á þessu. Og ef hinir illu sjálfstæðismenn hafa synjað Hafnarfirði um lán, hvers vegna fer ekki kaupstaðurinn þá til vina sinna, framsóknarmanna í Búnaðarbankanum, og hrindir af sér þeirri auðmýkt að ganga með svona lítinn skuldabagga? M. ö. o. sönnunin um misbeitingu sjálfstæðismanna er nú skjalfest, og sönnunin er sú, að Hafnarfjörður skuldar ekki nema 300 þús. kr. Hvað viljið þið hafa það betra, enda er sýnilegt, að stjórnarliðið gerir sig fullkomlega ánægt með þetta? Þetta er svo lítið, að það er eiginlega óréttlæti, sem er lítt þolandi, og því verður að fá nýja bankastjóra og ný bankaráð til þess að fá úr þessu óréttlæti bætt. Getur nú stjórnarliðið glaðzt í hjarta sínu yfir hinni merkilegu sönnun, sem fram er komin um misbeitingu sjálfstæðismanna.

Hv. þm. V-Húnv. virtist vera mjög ánægður yfir þessu nýja formi á Landsbankanum, sem hann er nú að líkindum einn aðalhöfundurinn að. En mér heyrðist ekki hæstv. forseti vera jafnánægður, þegar hann lagði það á sig að koma úr forsetastóli upp í ræðustólinn til þess að vitna um þá kúgun, sem Framsókn sýnir vinum sínum í ríkisstjórninni. Þarna er, ja, hvað heitir flokkurinn, kommúnistar ásamt jafnaðarmönnum í ríkisstjórninni, og báðir vildu, að stofnaður yrði sérstakur seðlabanki. En það fór eins og jafnan áður, Framsókn hafði sitt fram. Þeir urðu að gera svo vel að beygja sig. Og svo segir hæstv. forseti: Ja, þetta er þó skref í rétta átt. — Ég get vel tekið undir það með honum. Þetta er skref í rétta átt, að Framsókn hafi sitt fram, eins og hún hefur viljað frá öndverðu. Þetta var líka ástæðan fyrir því, að fyrri tilraun rann út í sandinn. Það var vegna þess, að Framsókn vildi ekki hafa sjálfstæðan seðlabanka, en vildi hafa fyrirkomulagið, sem hv. þm. V-Húnv. er svo ánægður með, þ. e. að hafa bankann í tveim deildum og setja nýja stjórn yfir seðladeildina.

Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) sagðist vera á alveg gagnstæðri skoðun við mig um ríkisvaldið. Mín skoðun var sú, að ríkisvaldið ætti ekki að hafa ótakmörkuð umráð yfir bönkunum í landinu. Hann segir: Það er alveg öfugt. Ríkisstj. á að hafa ótakmarkað vald yfir bönkunum í landinu, og þeir eiga að gera það, sem hún vill, þótt það sé ekki ætlið það, sem þeir álíta vera rétt. — Hv. þm. vildi sýnilega halda því fram, að ríkisstj. hlyti alltaf að gera rétt og það væri mjög vafasamt, hversu oft bankarnir gerðu rétt. Það er þetta ægilega bankavald, sem hefur jafnan farið í taugarnar á honum, og hann er nú sýnilega ánægður yfir því, að nú hillir undir það, að ríkisvald, sem er á hverjum tíma, geti farið að fyrirskipa bönkunum að gera það, sem það vill. Ef hv. þm. hefði undanfarin þrjú ár verið í ríkisstj. og bankarnir orðið að gera alveg eins og hann vildi, mundu ríkisbankarnir í landinu vera komnir að gjaldþroti. Ég er ekki eins viss um, að hv. þm. teldi, að þessi regla eða þessi stefna ætti að gilda, ef sjálfstæðismenn réðu yfir bönkunum. Ég hygg, að hann mundi þá ekki telja, að ríkisstj. ætti að geta farið með þá eftir vild sinni. En afstaða hans í bankamálum minnir mig dálítið á atvik, sem kom fyrir hér í Reykjavík fyrir mörgum árum. Þá var mikið atvinnuleysi hér, og voru miklir erfiðleikar að ná í fé til atvinnubótavinnu. Samt tókst bæjarstjórninni að fá 100 þús. kr. að láni í banka. En þessar 100 þús. kr. entust ekki lengi, aðeins hálfan mánuð fyrir vinnulaunum. Þá reis upp einn bæjarfulltrúinn á fundi og sagði: Ég heimta, að þessir peningar séu sóttir aftur í bankann, vegna þess að þeir eru allir komnir þangað, við ættum að geta tekið þá út aftur og notað í næstu atvinnubótavinnu.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls fyrr í dag lét ég það eftir hv. stjórnarandstæðingum að nefna fyrir þá eitt glöggt og mjög skýrt dæmi um það, hvernig misrétti, sem ríkt hefur í útlánum bankanna vegna algerra yfirráða sjálfstæðismanna, hefur komið fram á einu tilteknu bæjarfélagi í þessu landi. Ég nefndi, að útlán þriggja höfuðbankanna til sveitarfélaga væru 112.6 millj., og skýrði frá því, að af þessum 112.6 millj. hefði þriðja stærsta bæjarfélag landsins, Hafnarfjörður, ekki nema 0.3 millj. Ég tók það fram, að í þessum tölum væru alls ekki sérstök atvinnufyrirtæki þessara bæja, eins og togaraútgerð, og mér virtist þeir tveir hv. sjálfstæðismenn, sem töluðu á eftir mér, hafa skilið þetta. En hv. þm. A-Húnv. hefur auðsýnilega ekki áttað sig á þessu atriði, því að nú kemur hann hér í kvöld með þær upplýsingar, að ég hafi farið þarna með fleipur og vitleysu, því að Hafnfirðingar hafi fengið 3½ millj. að láni í Landsbankanum fyrir einu ári. En þetta lán var til frystihússins, sem bæjarútgerð Hafnarfjarðar á, og lán til frystihúsa og útgerðar eru ekki flokkuð í bönkunum sem lán til sveitarfélaga, hvort sem það eru einstaklingar eða bæjarfélög, sem eiga þessi fyrirtæki. Þau eru flokkuð sem lán til sjávarútgerðar og fiskvinnslu. Þess vegna kemur þetta málinu ekkert við. Það stendur óhaggað, að af 112.6 millj., sem þessir bankar hafa lánað til sveitarfélaga, til hinna venjulegu sveitarfélagaþarfa og framkvæmda, hafa Hafnfirðingar ekki fengið nema 0.3 millj.

Hv. 2. þm. Reykv. (BÓ) hefur gert sér mikinn mat úr því, að líklega skuldi Hafnfirðingar ekki nema 0.3 millj., og megi þakka fyrir það, — það sé sjálfstæðismönnum að þakka, að bærinn skuldi svona lítið. Því miður skuldar Hafnar-

fjarðarbær töluvert miklu meira en þetta, rétt eins og hver einasti aðili, sem hefur orðið að standa í miklum framkvæmdum á síðustu árum. En þetta er táknrænt dæmi um, hvernig það er fyrir þá aðila, sem ekki eru í náð Sjálfstfl., að fá lán í bönkum hér á landi. Hafnarfjarðarbæ vantar vatnsveitu mjög alvarlega. Það er svo alvarlegt mál, að ekki er víst, að frystihúsið nýja geti tekið til starfa, fyrr en hún er komin. Þetta er framkvæmd, sem sennilega mun kosta um eða yfir 2 millj. Hafnfirðingar, forráðamenn bæjarins, gengu banka úr banka í Reykjavík viku eftir viku, áttu fund eftir fund með bankastjórum og báðu þó ekki um nema 400 þús. kr. upp í kostnað þessa nauðsynlega fyrirtækis. Árangurinn var sá, að þeir fengu loksins í Útvegsbankanum ekki 400 þús., sem var þó ekki nema brot af því, sem þurfti til framkvæmdarinnar, heldur 150 þús. Og halda menn, að það hafi verið langt og gott lán í svo nauðsynlega bæjarframkvæmd? Nei, það skyldi greiðast á sex mánuðum. Mér kæmi ekki á óvart, þótt búið væri að greiða meiri hlutann af því nú þegar.

Það er því augljóst, að þessi aðili og tugir eða hundruð annarra aðila, sem sjálfstæðismenn hafa ekki meiri þóknun á en Hafnarfjarðarbæ, hafa orðið að heyja slíka baráttu fyrir lánsfé, sem allir verða þó að viðurkenna að er til nauðsynlegustu framkvæmda fyrir bæjarfélög og um leið atvinnulíf þeirra.

Hv. 2. þm. Reykv. skaut því hér fram, hvers vegna Hafnfirðingar hefðu ekki farið til vina sinna í Búnaðarbankanum og fengið hjá þeim lán. Ég skal upplýsa hann um það, að þetta er nákvæmlega það, sem þeir hafa gert. Af þessum 350 þús. kr., sem þeir hafa getað herjað út úr þremur höfuðbönkum þjóðarinnar, eru 250 þús. úr Búnaðarbankanum, þeim eina, sem sjálfstæðismenn ráða ekki. Sé þessi litla upphæð tekin og athuguð, þá verður hlutur sjálfstæðismanna enn minni, ef hún er skorin niður og henni er skipt á þá banka, sem hafa lánað hana. Hins vegar eru sem betur fer fleiri aðilar, sem hafa örlítil fjárráð í þessu landi, heldur en þessir þrír bankar, enda veit ég ekki, hvernig bæjarfélög eins og Hafnarfjörður hefðu farið að, ef svo væri ekki. Það eru ekki sjálfstæðisbankastjórarnir í stærstu bönkum þjóðarinnar, sem bjarga þessari vatnsveitu fyrir Hafnfirðinga. Það verða fyrirtæki eins og Brunabótafélagið, sem gera það. Þar er meiri skilningi að mæta og e. t. v. tilviljun, að þessi framkvæmd er þess eðlis, að Brunabótafélagið má lána til hennar.

Af þessum frekari skýringum, sem hv. 2. þm. Reykv. auglýsti eftir og hér eru fram komnar, hlýtur að verða ljóst, að það, sem ég sagði í upphafi, stendur óhaggað. Þetta eina dæmi, sem sjálfstæðismenn eru nú þrír hver af öðrum búnir að standa upp, einu sinni og tvisvar hver, til þess að reyna að hrekja, stendur óhaggað. Og það hefur ekki í þessum umr. þurft nema þetta eina dæmi, sem svo augljóst er, til að sanna, að sú höfuðröksemd, sem færð er fram fyrir þeim breytingum á bönkunum, sem verið er að gera, á rétt á sér. Framkoma sjálfstæðismanna á undanförnum árum, þegar þeir hafa sölsað undir sig óeðlilega mikil yfirráð yfir bönkunum, afnot þeirra og misnotkun á þessari aðstöðu, hefur gert þennan eftirleik algerlega óhjákvæmilegan.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. (BÓ) vék nokkrum orðum til mín hér áðan út af því, sem ég hafði sagt til hans í dag í sambandi við þá almennu stefnu í bankamálum. Mér hefur skilizt á honum, að Sjálfstfl. væri á því, að það ætti að stofna sjálfstæðan seðlabanka, og jafnvel væri ekki fjarri, að sumir fleiri sjálfstæðismenn tækju undir þetta. Hins vegar rynni hv. 2. þm. til rifja, hve verkalýðsflokkarnir væru kúgaðir af Framsókn, að þeir skyldu nú ekki geta gert meira en það að setja seðladeildina undir sérstaka stjórn. Má ég þá spyrja: Þegar Sjálfstfl. með sinn áhuga á að fá sjálfstæðan seðlabanka hafði forustu fyrir ríkisstj. og var stærri flokkur jafnvel í ríkisstjórn en Framsókn, kom þá hans mikli áhugi og það, að hann var frjáls og hvergi kúgaður, fram í því að geta ekki einu sinni stigið þetta litla spor, sem er þó stigið nú, í áttina til þess að fá seðlabanka sjálfstæðan, það spor að setja hann undir sérstaka stjórn?

Ég held, að hv. 2. þm. Reykv. eigi ekkert að vera að finna svona mikið til með okkur og okkar vesalmennsku í þessu, fyrst hans bardagakraftur og hans flokks var það mikill í þessum málum, að hann fékk aldrei neinu áorkað.

Þá talaði hv. þm. um, að ég talaði hér um, að ríkisstj. ætti á öllum tíma að ráða bönkunum, þeirra útlánum og hvað þeir gerðu. Það var rangt hjá honum. Það, sem ég sagði, var, að seðlabankinn ætti að reka sína efnahagspólitík í samræmi við pólitík ríkisstj., m. ö. o.: að það ætti að vera ein efnahagspólitík í landinu, en ekki tvær, að það ætti að vera einn aðili í landinu, þ. e. Alþingi og þess ríkisstj., það þýðir þjóðin, sem ræði á hverjum tíma, hvers konar efnahagspólitík væri rekin, og seðlabankinn ætti að reka slíka pólitík, ætti að hafa pólitík, sem væri í samræmi við þá pólitík, sem ríkisstj. hefði. Það þýðir hins vegar alls ekki, það hef ég aldrei sagt og er alveg á móti, að ríkisstj. sem slík eigi að hafa og stjórna sjálfum útlánum viðskiptabankanna. Og það hefur enginn sagt, að ríkisstj. sem slík ætti að gera það.

Ég er hræddur um, að hv. 2. þm. Reykv. geri ekki í sínum hug þann mun á seðlabanka og hans pólitík, hans efnahagsstefnu og almennri viðskiptapólitík viðskiptabankanna eins og ber að gera. Ég vitnaði hér í dag ekki aðeins í það, sem verkalýðsflokkarnir á Íslandi hefðu áður barizt fyrir í þessum efnum, heldur meira að segja það, sem amerískir sérfræðingar þeirrar stjórnar, sem hv. 2. þm. Reykv. stóð að, hefðu lagt til í þessum málum og gekk í sömu átt og var raunar hið sama og það, sem við höfðum lagt til, bæði Alþýðubandalagið og Alþfl. Hitt er svo annað mál, að á hverjum tíma er það samningamál innan ríkisstj., hve langt tekst að koma fram málum hinna ýmsu flokka. Og ef Sjálfstfl. hefur aldrei getað fengið Framsókn

til að gera neitt í sínu máli viðvíkjandi bönkunum, þá mætti hv. 2. þm. Reykv. frekar vera hrifinn af, að við höfum þó fengið hana út í þetta, þó að við værum náttúrlega með þessa bölvaða kröfuhörku að vilja alltaf fá meira og meira, eins og við höfum verið að lýsa.

Svo kom hv. þm. með það, að það væri nú víst ekki rétt efnilegt með afskipti flokks, sem ég tilheyrði, eins og Alþb., þegar við færum nú að skipta okkur af bönkunum og að fá að ráða einhverju þar. Ég tók það hér fram í dag, að ég hefði í það eina skipti, sem ég hef haft einhver afskipti af ríkisstj., fyrir utan nú, haft nokkur afskipti af bönkum, þau afskipti að fá Alþ. til að samþykkja lög, sem breyttu nokkuð bankakerfi, eftir að hafa orðið að berjast fyrir í heilt ár við bankana að fá það í gegn og það þó að meiri hl. Sjálfstfl. stæði þá með mér í þeirri baráttu. Og ég held, að hv. 2. þm. Reykv. geti ekki sýnt fram á, að þau afskipti hafi verið til ills, heldur þvert á móti hafi þau verið til góðs, þannig að flestallir menn á landinu og jafnvel Sjálfstfl. sjálfur hælir sér af því núna, að slíkt skuli hafa verið gert, þó að það hafi orðið að knýja vissan hluta af Sjálfstfl. þá til þess og jafnvel að gera það í óvilja þeirra, sem stóðu á móti þeirri stjórn, sem Sjálfstfl. þá myndaði. Það, sem hefur alltaf verið erfitt í sambandi við þá menn, sem nánast eru tengdir bönkunum í Sjálfstfl., er að fá þá til þess að skilja, að sköpun verðmætanna sé aðalatriðið í þjóðfélaginu og það sé þýðingarmikið fyrir banka að lána íslenzka peninga til þess að gera íslenzkum aðilum mögulegt að kaupa togara og báta, sem framleiða gjaldeyri, þegar meira að segja er nægur gjaldeyrir til erlendis til þess að kaupa þá. Það átti viss hluti úr Sjálfstfl. þá bágt með að skilja, að það væri praktísk efnahagspólitík, og móti því stóðu þeir, sem stjórnuðu bönkunum þá. Og hv. þm. virðist eiga erfitt með að skilja þetta í fleiri samböndum. Hann minntist á tíma, þegar 100 þús. kr. voru nokkurt verðmæti, og þá hafi verið bæjarfulltrúi í Reykjavík, sem hafi heimtað 100 þús. kr. út úr bönkunum, jafnvel oftar en einu sinni, til þess að láta menn vinna fyrir. Ætli það hefði nú ekki verið nær fyrir hv. þm. að minnast ekki á slíkt. Ég hef ekki orðið var við, að Sjálfstfl. kæri sig um, að það sé minnzt á, að það skuli hafa orðið að verða allt að því blóðugar óeirðir í Reykjavík fyrir 35 árum til þess að knýja það fram, að menn gætu fengið vinnu eina viku af fjórum og að það væri ekki lækkað við þá kaupið í þeirri vinnu. Það virtist þá stundum erfitt fyrir þessa menn að skilja, að það eru hendur mannanna, sem skapa verðmætið í þjóðfélaginu, og að jafnóðum sem þær skapa þetta verðmæti, þá kemur þetta verðmæti inn í bankana aftur sem peningar. Meira að segja þegar Landsbankinn var kúgaður til þess fyrir 13 árum að lána 100 millj. kr. til þess að kaupa togara, þá komu þeir peningar margfaldir inn í bankann aftur og hafa gert það á öllum þessum árum, og á því hefur bankinn lifað og grætt síðan, að hann var kúgaður þá. En hitt er satt, að það er ljótt, að það ástand skuli vera til, að menn skuli þurfi að rísa upp í bæjarstjórn til þess að heimta það, að 100 þús. kr. sé varið til þess, að menn, sem eru atvinnulausir, fái að vinna og fái að skapa verðmæti fyrir þjóðfélagið.

Hv. 2. þm. Reykv. virðist hins vegar eiga ákaflega erfitt með að skilja þetta. Hann man máske meira að segja eftir því seinast, þegar hann var ráðherra, að þá urðu verkamenn að ganga í hópgöngu neðan af hafnarbakka upp í Arnarhvol til hans til þess að sanna honum, að það væri atvinnuleysi í Reykjavík, eftir að hann hafði sjálfur hér úr ráðherrastóli lýst því yfir, að atvinnuleysi væri hér ekki til. Hann man kannske líka eftir, að honum er ef til vill ekki alls varnað um að vilja, að ríkisstj. hafi afskipti af bönkum. Það eru bara dálítið sérstakrar tegundar afskipti, sem hann vill láta ríkisstjórn hafa af bönkum. Eða hvort man hann eftir því sem ráðherra að hafa skrifað Landsbanka Íslands bréf, þar sem hann lagði fyrir Landsbankann að stilla mjög í hóf útlánum til húsbygginga? Og þegar ég sem þingmaður, þáverandi 2. þm. Reykv., hvað eftir annað hvatti hann til þess að lesa þetta bréf fyrir þingheimi, þá fékkst bréfið aldrei fram. Var það þó á því ári, sem minnst hefur verið lánað til húsbygginga af öllum undanförnum 15 árum og minnst verið byggt í Reykjavík og þar að auki atvinnuleysi í bænum. Þá sá hv. 2. þm. Reykv. sem ráðherra ástæðu til þess, að ríkisstj. hefði bein afskipti, ekki af seðlabanka og að ráða hans efnahagspólitík, heldur af hinu, að áminna Landsbankann sem viðskiptabanka um að stilla í hóf útlánum til húsbygginga, þegar svo var dregið úr öllum útlánum af hálfu bankastjóranna, að öll vinna við slíkt og framleiðsla á húsum var minnkuð úr hófi fram. Það fannst samt hv. núverandi 2. þm. Reykv. of mikið.

Ég held þess vegna, að við ættum ekki að fara út í almennar umr. um efnahagspólitík, hvorki bankanna né ríkisstj., á undanförnum árum. Ég hef nefnt þau afskipti sem ég hafði af efnahagspólitík banka og ríkisstjórnar seinast þegar ég hafði eitthvað með ríkisstj. að gera, og ég vil minna hv. 3. þm. Reykv. á, hvernig efnahagspólitíkin hefur verið síðan, þegar Sjálfstfl. hefur setið í ríkisstj. og meira eða minna ráðið bönkunum. Efnahagspólitíkin og undirbyggingin á atvinnulífi landsmanna hefur verið þannig, að í þau 8 ár hefur ekki verið keyptur einn einasti nýr togari til landsins til viðbótar þeim flota, sem fyrir var, en það hafa verið keyptir 5000 bílar. Þetta er efnahagspólitík Sjálfstfl. í ríkisstj. og í bönkum. Ég held, að þeim flokki farist ekki að tala um, að það stafi nein hætta af því, þó að við, sem höfum átt aðalþáttinn í að skapa núverandi efnahagsundirstöðu undir atvinnulífið á Íslandi, komum nærri því að kunna að hafa einhver áhrif á, hvernig efnahagslífið verður á næstu 10 árum.

Jón Pálmason: Herra forseti. Hv. frsm., þm. V-Húnv. (SkG), vildi telja það mjög athugavert, sem ég nefndi, að hér væri verið að stofna til svipaðs ástands og ætti sér stundum stað á vissu sviði í Ameríku, þegar stjórnarskipti færu

fram, að þá væru reknir margir embættismenn. Ég held nú, að þetta eigi sér lítið stað í bönkum hjá Bandaríkjamönnum, því að þeir munu vera flestir einkabankar, svo að það snertir ekki þá. En okkar bankakerfi, sem hefur verið undanfarið hér ríkjandi, er mjög sniðið eftir því, sem gerist á Norðurlöndum og jafnvel í Bretlandi. Ef við ættum hins vegar að snúa okkur til austuráttar og fara að miða við það, sem þar gerist, þá þyrfti ekkert að efa um það, hvernig farið væri að, því að þeir væru þá annaðhvort fangelsaðir eða drepnir, sem væru á móti stjórninni, hvort sem þeir væru í bönkum eða annars staðar, ef þeir vildu ekki fara eftir öllu, sem þeim væri fyrirskipað.

Það var nú auðfundið á hv. síðasta ræðumanni, hæstv. forseta þessarar deildar (EOl), að hann er inni á þeirri línu, sem er kannske ekkert undarlegt, að hvenær sem skipt sé um stjórn, þá sé sjálfsagt að skipta um a. m. k. allt vald í seðlabankanum, því að það verði að fara saman seðlabankinn og ríkisstj., það verði að vera allt á sömu línunni. Þetta er í sjálfu sér ekkert undarlegt mál, og það mundi þýða það, að ef t. d. Alþýðubandalagið gæti lagt undir sig svo mikið af Alþfl. og Framsfl., að það næði hreinum meiri hluta, eins og mjög stefnir í áttina til, þá mundi það ekki verða hikandi við það, ef það næði stjórn landsins, að reka þá bankastjóra, sem Framsfl. á væntanlega eftir þessa byltingu í seðlabankanum a. m. k. Það hefur þess vegna þótt mjög áríðandi og varlegra að setja það inn í þetta frv., að aðalbankastjóri seðlabankans, sem er nú víst hugsað að sé einn af máttarstólpum Framsfl., verði skipaður af forseta Íslands, svo að hann eigi það þó a. m. k. víst að hafa laun, þó að Alþýðubandalagið eða aðrir kæmust til valda og vildu víkja honum burt.

Nú skal ég ekki fara meira út í það, en víkja aðeins örfáum orðum að því, sem hv. 5. landsk. (BG) nefndi í sambandi við mína ræðu áðan. Hann sannaði það og viðurkenndi, að það, sem ég upplýsti hér, væri rétt. Það er bara ekki bæjarsjóðurinn sjálfur í Hafnarfirði, sem hefur tekið þetta lán, það er fyrirtæki, sem bæjarsjóðurinn á, og á því geri ég ákaflega lítinn mun. Nú veit ég ekkert um það, ég hef ekkert spurzt fyrir um það, nema Hafnarfjarðarbær og hans fyrirtæki skuldi miklu meira bæði í Landsbankanum og Útvegsbankanum heldur en hér hefur verið upplýst. Það getur vel verið. En ég bara fékk af hendingu upplýsingar um það, að þessi fyrirtæki, sem þm. nefndi og Hafnarfjarðarbær á, fengu bara á einu bretti 3½ millj. í fyrra, á því ári, þegar var svo mikill lánsfjárskortur, að það var áreiðanlegt, að það voru fleiri en bæjarstjórn Hafnarfjarðar, sem hafa orðið að ganga á milli banka og peningastofnana til að biðja um smáupphæðir og orðið að fara bónleiðir til búðar. Ég held þess vegna, að það sé mjög vafasamt, að það séu mörg dæmi til þess, að það hafi nokkurt fyrirtæki á því ári fengið hlutfallslega slíka upphæð í einu hjá nokkrum okkar banka eins og þetta, sem ég nefndi hér, sem er 3½ millj. í einu lagi.

Viðvíkjandi því, að hv. þm. hafi í dag eingöngu átt við bæjarsjóðinn sjálfan, þá verð ég nú að segja það, hvort sem er Hafnarfjarðarbær, Reykjavík eða hvaða annað bæjarfélag sem er, að þá er á því ákaflega lítill mismunur, það er mjótt bil þar á milli, hvort það er bæjarsjóðurinn sjálfur ellegar það eru fyrirtæki, sem bæjarsjóður eða bæjarfélagið á. Þess vegna var síður en svo, að það, sem kom fram í ræðu hv. þm., hafi hrakið nokkuð af því, sem ég upplýsti hér, heldur hefur það sannazt við þessa umr., að þetta eina dæmi, sem þessi ungi þm. vildi nú fara að færa til sönnunar fyrir öllu slúðrinu um hlutdrægnina í bankanum, hefur sýnt sig að vera síður en svo til sönnunar því, að bankastjórar bankanna hafi sýnt bæjarfélagi Hafnarfjarðar nokkra hlutdrægni, heldur þvert á móti, enda hefði það ekki verið hæfilegt, ef því bæjarfélagi hefði verið nokkuð mismunað frá því, sem almennt gerist og gengur. Ég held þess vegna, að þó að það sé út af fyrir sig þakkarvert, að einhver maður úr stjórnarflokkunum sýni einhverja viðleitni til þess að færa rök fyrir þeim síendurteknu staðhæfingum, sem fluttar hafa verið bæði á Alþingi og í blöðum og á fundum, þá hefur hann verið óheppinn í valinu á dæminu.

Ég skal svo ekki um þetta fjölyrða meira, nema tilefni gefist til.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Hv. þm. A-Húnv. heldur áfram að reyna að krafsa sig út úr þessu máli með því að blanda saman lánum bankanna til sjávarútvegs og fiskiðnaðar annars vegar og lánum bankanna til sveitarfélaga. Það veit hver maður, og hann veit það jafnvel og ég og sjálfsagt allir, sem hér eru staddir, að það, sem kallað er hjá bönkunum lán til sveitarfélaga, eru lán til hinna venjulegu sveitarfélagaverkefna, en ekki lán til útgerðar og fiskvinnslu. Ég nefndi ýtarlegt dæmi um vatnsveituframkvæmdir í Hafnarfirði því til stuðnings. Og það er algerlega tilgangslaust að reyna að rugla þessu tvennu svona gersamlega saman.

Sú ríkisstj., sem hv. þm. studdi næst á undan núverandi stjórn, er búin að gorta æði mikið — og má það vissulega — af því, að hún hafi stuðlað að því, að 3 eða 4 mjög stór og myndarleg frystihús væru reist í landinu. Ég tek það alls ekki sem gildan pening, að lán Landsbankans til slíkra framkvæmda, til þess að halda uppbyggingu atvinnuvega áfram, þegar ríkisstj. er með stórar áætlanir um slíkt, sé nokkur afsökun fyrir því, að Hafnarfjarðarbær skuli ekki hafa fengið til sveitarfélagsþarfa nema 0.3 millj. af 112, sem þrír höfuðbankar þjóðarinnar lána til slíkra hluta. Það er fyrir neðan virðingu hv. þm. að reyna að rugla svona augljósum hlutum saman. Dæmið, sem ég nefndi, stendur algerlega óhaggað, það sér hver maður. Tölurnar eru svo skýrar. Það, sem um er að ræða, lán til sveitarstjórna, er einnig svo skýrt, að það er ekki nokkur leið að komast fram hjá því.

Rætt hefur verið nokkuð um afstöðu stjórnarflokkanna til þess, hvort átt hefði að gera

seðlabankann að algerlega sjálfstæðum banka eða ekki. Það hefur komið fram, að það voru nokkuð mismunandi skoðanir um, hve langt ætti að ganga í þeim efnum. En rökin gegn því að skilja seðlabankann alveg frá Landsbankanum eru einnig öllum þm. kunn. Þau eru í stuttu máli, að Landsbanki Íslands hefur mikil viðskipti fyrir þjóð okkar erlendis og hann nýtur þar mjög mikils trausts. Það er þjóðinni ómetanlegt, að bankinn skuli hafa þetta traust, og það er til þess að rýra það á engan hátt og gefa ekkert tilefni til þess, að traust bankans erlendis minnki, sem sú leið hefur verið valin, sem ríkisstj. leggur til í frv. sínu, að seðlabankinn lúti sérstakri stjórn, en vill varðveita Landsbanka Íslands sem eina stofnun, varðveita það traust, sem hann hefur erlendis og okkar þjóð hefur mikla þörf fyrir.

Það hefur einnig verið rætt mikið um, hvort ríkisstj. eigi að ráða stefnu bankanna eða hvort bankarnir eigi að ráða efnahagsstefnunni í landinu, ég vil ekki alveg segja, hvort bankarnir eigi að ráða ríkinu, en það stappar nærri því, að það mætti orðast svo. Ég held, að nefna megi mörg dæmi frá öðrum þjóðum, sem við höfum sótt til margar fyrirmyndir, til stuðnings þeirri fullyrðingu, að þegar á milli ber, þá er það efnahagsstefnan og vilji ríkisstj., sem á að ráða. Það er t. d. orðin föst venja á Norðurlöndum, sem standa okkur næst og hafa veitt okkur flestar fyrirmyndir í bankamálum eins og öðrum málum, að þegar ágreiningur verður á milli seðlabankastjóra annars vegar og fjmrh. hins vegar, þá segir seðlabankastjórinn af sér. Það er hægt að nefna mörg dæmi um þetta og nefna nöfn, en þetta er staðreynd; þetta er föst venja, og talar það sínu máli um, hvernig frændur okkar á Norðurlöndum líta á þetta mál.

Hv. þm. A-Húnv. minntist á Bandaríkin og sagði, að þar væru flestir bankar einkabankar og þar af leiðandi miklu nær því, sem Sjálfstfl. sjálfsagt vildi hafa bankaskipun. Ég skal upplýsa hann um það, að jafnvel í þessu landi hins frjálsa framtaks, þar sem 3 eða 4 þús. bankar eru einkafyrirtæki, er líka til ríkisbanki, eins konar seðlabanki, The Federal Reserve Bank, eins og hann heitir, yfir öllu bankakerfi landsins. Þar á sjálfur fjmrh. sæti í bankaráði seðlabankans. Þeir líta svo á, að ríkisstj. eigi að hafa svo mikil áhrif á yfirstjórn bankamálanna og þar með verulegs hluta fjármálanna, að fjmrh. á sjálfur sæti í þessu bankaráði, en það er einmitt þetta bankaráð, sem ákveður stefnu seðlabankans þar vestra. Það er þessi banki, sem með vaxtapólitík sinni raunverulega ræður meiru en nokkur annar aðili um efnahagsástandið í landinu, því að með vaxtapólitík og með kröfum um það, hvað bankarnir skuli eiga miklar inneignir hjá ríkisbankanum, hefur hann áhrif á útlán bankanna, framkvæmdir og í raun og veru allt efnahagslífið. Þannig er hægt að sækja dæmi, hvort sem hv. sjálfstæðismenn vilja úr næstu nágrannalöndum okkar eða jafnvel sækja dæmið um ríkisafskipti og ríkisyfirráð yfir bankakerfi í sjálft gósenland hins frjálsa framtaks, þar sem langflestir viðskiptabankarnir eru einkabankar.

Ég tel því, að sú stefna, sem hér er tekin upp, að ríkið eigi að ráða, þegar á milli ber, og eigi að geta haft þau áhrif á seðlabankann, stjórn hans og stefnu, sem við viljum vera láta, styðjist við svo sterk rök, að þar verði ekki á móti mælt.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja, og hv. 5. landsk. þm. gaf mér nú tilefni til þess. Hann hefur hér í dag og í kvöld verið að sýna viðleitni til þess að finna fullyrðingum stað, sem hann hefur leyft sér að viðhafa hér. Eins og hv. þm. A-Húnv. (JPálm) sagði hér áðan, er þetta virðingarverð viðleitni, en tekst ekki höndulega, þar sem stoðirnar og rökin vantar fyrir fullyrðingunum. Þessi hv. þm. hefur tekið Hafnarfjarðarbæ upp á sína arma og verið að tala um hann og lánveitingar til hans alveg sérstaklega. Hann hefur viljað gefa í skyn, að Hafnarfjarðarbær væri alveg sérstakt olbogabarn hjá sjálfstæðismönnum, um leið og hann hefur fullyrt, að sjálfstæðismenn væru einráðir í bönkunum og misnotuðu þetta einræði sitt. En hvers vegna skyldu sjálfstæðismenn, ef svo væri nú, að þeir réðu bönkunum einir, vilja níðast á Hafnarfjarðarkaupstað? Hafnarfjarðarkaupstaður á ekkert nema gott skilið, og vissulega búa þar margir ágætismenn. Fyrir síðustu kosningar var þm. frá Sjálfstfl. þm. Hafnarfjarðar, og enn verður keppt um þetta þingsæti á milli flokkanna. Vill hv. 5. landsk. þm. halda því fram, um leið og hann fullyrðir, að sjálfstæðismenn séu hlutdrægir, að þá séu þeir svo illa að sér, svo óklókir, að þeir vilji ekki framvegis halda fylgi í Hafnarfirði? En væri ekki það vísasti vegurinn til þess að tapa fylgi í Hafnarfirði að sýna hlutdrægni og níðingsskap á þessum bæ? Ég fullyrði, að þessi fullyrðing hv. 5. landsk. er gerð af vilja, en ekki mætti, og er leiðinlegt til þess að vita, að ungur þm. skuli fara þessa leið, þm., sem maður að óreyndu gæti trúað til þess að vilja hafa það, sem sannara reynist, það, sem réttara er, en ekki að fullyrða út í bláinn slagorð, sem enga stoð eiga í veruleikanum.

Nú væri fróðlegt að skyggnast dálítið aftur í tímann. Það væri fróðlegt að gera sér grein fyrir því, að sjálfstæðismenn hafa ekki alltaf ráðið miklu í Útvegsbankanum, sem mér skilst á hv. 5. landsk. að sé aðalviðskiptabanki Hafnarfjarðarkaupstaðar, ef þessi kaupstaður er þá ekki svo hamingjusamur að þurfa ekki að skulda eins og ýmis önnur bæjarfélög. Ég mundi segja, að það væri Hafnarfjarðarkaupstað til hróss, ef fjárhagurinn þar væri þeim mun betri en margra annarra kaupstaða, að hann væri ekki sokkinn í skuldir, eins og mörg önnur bæjarfélög eru. En það er nú ekki svo ýkja langt síðan sjálfstæðismenn áttu engan bankastjóra í Útvegsbankanum og réðu þar ákaflega litlu. Hefur verið dregið inn? Hafa skuldir Hafnarfjarðarkaupstaðar kannske lækkað í Útvegsbankanum, síðan sjálfstæðismenn fengu þar bankastjóra? Ekki sagði hv. 5. landsk. það, heldur sagði hann hér áðan, að þrátt fyrir hlutdrægni sjálfstæðismanna hafi Hafnarfjarðar-

kaupstaður fengið 150 þús. kr. að láni, ég held hann hafi sagt: síðastliðinn vetur; það er að vísu ekki neitt mikið, en reikningurinn er þó ekki lokaður og einhverjir möguleikar virðast fyrir hendi. Ég vil áminna þennan hv. unga þm., sem gæti verið efnilegur og vonandi vill fara hina betri leið, að tileinka sér það, sem er rétt, en ekki rangt. Ég vil minna hann á, að sjálfstæðismenn skipuðu flokksbróður hans fyrir formann bankaráðsins í Útvegsbankanum, og það er hann nú. Hefur flokksbróðir hv. 5. landsk. kvartað undan því, að Útvegsbankinn sýndi hlutdrægni gagnvart flokksbræðrum hans, sem ráða í Hafnarfjarðarkaupstað, og hér er líka að hálfu leyti flokksbróðir hv. 5. landsk., ef hann er það þá ekki að öllu leyti, því að það er dálítið erfitt að gera sér grein fyrir því, hvort hv. 5. landsk. er frekar Alþýðuflokksmaður en framsóknarmaður, svo að það er nú nærtækt fyrir hv. 5. landsk. að spyrja hv. þm. N-Þ. (GíslG) um það, hvort til ágreinings hafi komið í bankaráði Útvegsbankans um lánveitingar til Hafnarfjarðarkaupstaðar?

Það er enginn vafi á því, að ef um slíkt hefði verið að ræða í Útvegsbankanum, að Útvegsbankinn hefði viljað níðast á Hafnarfirði, þá hefði komið kæra frá Alþýðuflokksmönnum í Hafnarfirði til formanns bankaráðs Útvegsbankans, sem vitað er að er Alþýðuflokksmaður, og sá ágreiningur hefði verið gerður að umtalsefni í bankaráðinu.

Hv. þm. N-Þ. getur vitnað í þessu máli, þar sem hann á sæti í þessari hv. deild og þar sem hann sennilega vill hlaupa undir bagga með þessum hálfbróður sínum, skoðanabróður í stjórnmálum, þegar hann nú hér stendur ekki vel að vígi með þær fullyrðingar, sem hann hefur í frammi haft.

Það virðist vera svo, að Hafnarfjarðarkaupstaður hafi ekki sótt sérstaklega fast á undanfarin ár með lán. Eins og sagt hefur verið hér í dag, þá er enginn mælikvarði um það, hvort vel eða illa hefur verið farið með Hafnarfjarðarkaupstað í þessu tilfelli eða ekki, eftir því, hvað bærinn skuldar mikið, því að bærinn vitanlega skuldar ekki meira en hann hefði haft þörf fyrir að skulda. Það mætti lesa það út úr ummælum hv. 5. landsk., að það væri einhver sérstök ógæfa fyrir Hafnarfjarðarkaupstað að vera ekki miklu skuldugri en hann er. — Hann nefndi vatnsveituna, að hann hefði ekki fengið þá úrlausn til hennar, sem hann hefði óskað. En hvað er langt síðan Hafnarfjarðarkaupstaður fór að ræða um það að endurbyggja vatnsveituna? Það var nákvæmlega um sama leyti og Hafnarfjarðarkaupstaður fór að ræða um það að byggja sérstakt fiskiðjuver, því að þá uppgötvuðu þessir menn það, að um leið og þeir byggja stórt fiskiðjuver, þá þurftu þeir á miklu vatnsmagni að halda og gamla vatnsveitan nægði ekki þar til.

Það hefur verið bent á það, að Hafnarfjarðarkaupstaður hafi fengið góða fyrirgreiðslu í sambandi við byggingu fiskiðjuversins, og það er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt. En ef bankastjórar Landsbankans, sem eru tveir sjálfstæðismenn og einn framsóknarmaður, hefðu viljað sýna mikla hlutdrægni gagnvart Hafnarfjarðarkaupstað, hefðu þeir vitanlega getað neitað um þetta lán. Ég fyrir mitt leyti taldi eðlilegt, að Hafnarfjarðarkaupstaður fengi fyrirgreiðslu með þetta frystihús, og ég segi eins og hv. þm. A-Húnv.: það er harla lítill munur á því, hvort það er bæjarsjóðurinn sjálfur, sem tekur þetta lán í Landsbankanum, 3½ millj. á s. l. ári, eða hvort það er fyrirtæki, sem bærinn á að öllu leyti. Það er vissulega lán, sem veitt er til bæjarins. Ég held, að hv. 5. landsk. þm. ætti að hætta þessum orðaleik, sem hann hefur viðhaft hér í því skyni að reyna að finna fullyrðingum sínum stað, þeim fullyrðingum, að sjálfstæðismenn hafi beitt hlutdrægni og rangsleitni, vegna þess að hann kemst ekki undan því, að þetta hittir að nokkru leyti hans eigin flokksmenn og það hittir einnig bankastjóra Framsfl., sem eru stuðningsmenn þessarar stjórnar, því að það þýðir ekki að halda því fram, að bankastjórar Framsfl. í Útvegsbankanum og í Landsbankanum hafi engu ráðið og þeir hafi engu fram komið af því, sem þeir vildu.

Ég held, að hv. 5. landsk. þm. hefði átt að reyna að finna önnur rök fyrir flutningi þessara mála heldur en þau, sem hann hér viðhafði. Hann hefði átt að segja hreinskilnislega: Alþfl.-menn og Alþb.-menn vildu fá embætti í bönkunum. Alþfl. vildi fá einn aðalbankastjóra í viðskiptadeild Landsbankans, Alþfl. vildi fá einn stjórnanda í seðlabankanum, Alþfl. vildi fá aðstoðarbankastjóra í Útvegsbankanum og Alþfl. vildi fá aukin völd, fleiri embætti. — Þetta hefði hann átt að segja, og hann hefði átt að bæta því við: það er ágætis lýðræði í þessu landi, að Sjálfstfl., þótt hann hafi 43% af kjósendum, þá hafi hann 3 bankaráðsmenn, þegar Framsfl., sem hefur 15% af kjósendum, fær 6 bankaráðsmenn og formenn bankaráðanna, og það er ágætis lýðræði, að Alþfl. með sín 16% eða hvað það var hafi jafnvel fleiri ráðamenn í bönkunum heldur en Sjálfstæðisflokkurinn.

Þess vegna ætti að segja þetta umbúðalaust: Af því að við höfum tök á því í dag að níðast á Sjálfstfl. og láta hann ekki hafa hlutfallslega hlutdeild í bönkunum, þá gerum við það. — Það er vitanlega alltaf hægt fyrir meiri hl. að nota sitt vald á þann veg að níðast á andstæðingnum, en hvort það borgar sig, hvort það er heiðarlegt, það er svo allt annað mál.

Ég held, að það sé ekki ástæða til að segja öllu meira um þetta. Allir, sem hafa hlustað á hv. 5. landsk. í dag og í kvöld, finna það og vita, að hann er með fullyrðingar, sem ekki styðjast við veruleikann. Af því að hann byrjaði hér á að tala óhugsað, þá reyndi hann að klóra í bakkann, en þau sinustrá, sem hann heldur í nú í þessum umr., hafa slitnað frá bakkanum og hann hefur ekkert til þess að halda sér í lengur.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég er hræddur um, að ef sjálfstæðismenn tryðu því, að það væri augljóst öllum, sem heyra, að ég fari með fleipur, þá hefði ekki þurft fjóra af reyndustu og voldugustu þm. flokksins til að standa upp

hver á fætur öðrum til að reyna að hrekja þessi fáu orð mín.

Hv. síðasti ræðumaður hélt, að hann hefði kálað mér að fullu, þegar hann skýrði frá því, að formaður í bankaráði Útvegsbankans væri Alþfl.-maður. Hann nefndi ekki nafnið, en það er Stefán Jóh. Stefánsson. Var Stefán að níðast á Hafnarfirði, þegar Hafnarfjörður fékk ekki lán í Útvegsbankanum? spurði hv. þm. Nú hafa *sjálfstæðismenn sjálfir sagt, að bankaráðin taki* ekki ákvarðanir um lánveitingar. Það sannast af þessu dæmi, að Stefán hefur ekki ráðið við íhaldsbankastjórana í Útvegsbankanum, vegna þess að hann beitti sér fyrir því, að fyrirtæki, sem hann sjálfur stjórnar, Brunabótafélagið, lánaði 700 þús. kr. í þessa vatnsveituframkvæmd, eftir að bankastjórar sjálfstæðismanna í Útvegsbankanum voru búnir að vísa Hafnfirðingum á dyr. Það var þessi sami maður sem bjargaði málinu.

Það skín út úr hv. sjálfstæðismönnum ánægjan yfir því, að Hafnfirðingar skuli ekki hafa fengið meira lán og fjárhagur þeirra hljóti að vera ágætur. Það væri líklega bara ógæfa fyrir þá, ef þeir hefðu getað fengið meiri lán. En ég er hræddur um, að íbúar Hafnarfjarðar muni telja það meiri ógæfu, ef skortir vatn í bænum. Enn er hér leikinn sami skollaleikurinn: sjálfstæðismenn í bönkunum neita Hafnfirðingum um lán til að koma sér upp vatnsveitu; svo tala *þeir hér í allan vetur um bæjarhverfi, sem er* kallað „allsleysa," í Hafnarfirði. Af hverju er það „allsleysa"? Af því að það vantar vatn. Og af hverju vantar vatn? Af því að þessir sömu menn, sem eru að auglýsa þetta bæjarhverfi hér í þinginu, neita um lán til þess að koma vatninu þangað.

H. 1. þm. Rang. (IngJ) var kominn inn á nokkuð raunhæfar brautir. Þegar hann ætlaði að byrja að hrekja mitt mál, kom hann með nákvæmlega þær röksemdir, sem við höfum alltaf sagt að væru ráðandi í hugum sjálfstæðismanna. Hann fór að tala um þetta pólitískt og segja: ja, það væri vitlaust fyrir okkur að lána ekki Hafnfirðingum, því að þá mundum við tapa atkvæðum þar. — Þarna kom það einmitt, — svona er hugsað um þessi mál. En hann lagði dæmið rangt fyrir. Ég spái því, að þeir hafi hugsað svo: Ef við neitum Hafnarfjarðarbæ um lán í vatnið, þá verða bæjarstjórnin og kratarnir skammaðir, og þeir tapa atkvæðum. Ef við lánum peninga í frystihúsið, þá er það ríkisstj., sem gengst fyrir því, hún fær lof fyrir það, og við vinnum atkvæði. Hefur það verið svo, að sjálfstæðismenn níðast á og skamma bæjarstjórnina í Hafnarfirði fyrir allt, þ. á m. vatnsleysið, en þeir hæla sjálfum sér og fyrrv. ríkisstj. fyrir að eiga þátt í að koma þessu frystihúsi upp.

Þannig er þessi röksemd, sem hv. 1. þm. Rang. leiddi inn í umr., þegar hún er séð frá öðrum bæjardyrum en hans. Eftirleikurinn getur orðið annar en til er stofnað, þegar menn byrja að hleypa út úr huga sínum þeim röksemdum, sem ég er nú hræddur um að ráði að jafnaði mestu, þegar þessir menn beita sínu valdi í bönkunum.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, enda er ég búinn með þann tíma, sem ég má nota, og meira en það. En ég sé ekki betur en þessir fjórir merku sjálfstæðisþingmenn hafi ekki getað hnekkt þeirri staðreynd, að af 112 millj. kr. lánveitingum til sveitarstjórnarmála í landinu hefur þriðja stærsta sveitarfélagið ekki fengið nema 0.3. Það stendur óhaggað.

Frsm. minni hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég held, að almennar umr. um bankapólitík, eins og nokkuð hefur verið farið inn á hér, eigi lítinn rétt á sér í sambandi við þau frv., sem hér hafa verið flutt af hæstv. ríkisstj., því að þau marka enga almenna bankapólitík, þau eru flutt til þess að koma tilteknum mönnum úr stjórnarliðinu að tilteknum embættum, og ber því fyrst og fremst að ræða þau út frá því sjónarmiði. Það væri að gera þeim allt of hátt undir höfði að ræða þau út frá öðru sjónarmiði.

Eina dæmið, sem hér í dag hefur verið nefnt af hálfu stjórnarsinna um misbeitingu pólitísks valds sjálfstæðismanna í bönkunum, er okkur sjálfstæðismönnum ótrúlega mikils virði. Hv. 5. landsk. er búinn að halda hér 4 ræður, og það kveður við í ræðunum: dæmið, sem ég nefndi, stendur alveg óhaggað. Dæmið, sem hv. 5. landsk. nefndi, stendur alveg óhaggað að því leyti, að menn geta látið það liggja milli hluta, hvort rétt *sé nefnd tala hans um skuldir eða lánveitingar* bankanna til Hafnarfjarðarkaupstaðar, það skiptir engu máli í þessu sambandi og því, sem hér er verið að deila um. Hv. 5. landsk. þm. segir, að það, að Hafnarfjarðarkaupstaður hafi ekki nema 350 þús. kr. lán frá bönkunum af 112 millj. kr. lánum, sé glöggt dæmi um, hvernig misrétti eigi sér stað í bönkunum vegna aðstöðu sjálfstæðismanna. Hann hefur ekki gert minnstu tilraun til þess að sýna fram á, að það sé sjálfstæðismönnum eða meirihlutavaldi þeirra að kenna, að Hafnarfjörður hefur ekki meiri lán í bönkunum heldur en um er að ræða.

Ef þetta dæmi ætti að hafa nokkurt gildi í þeim umr., sem hér er um að ræða, hvort sjálfstæðismenn hafa misbeitt sínu valdi, þá yrði að sýna fram á það, eins og ég hef áður sagt: Hvenær hafa sjálfstæðismenn notað meirihlutavald sitt til þess að hindra lánveitingar til Hafnarfjarðar, og eru lánveitingarnar til Hafnarfjarðarbæjar minni nú, eftir að fleiri sjálfstæðismenn eru í bankastjórastöðum í bönkunum en áður var? Þetta hefur hv. 5. landsk. algerlega yfirsézt, og þetta er það eina, sem skiptir máli í sambandi við deilur um þessi mál. Það eina, hvort hann geti með rökum sýnt fram á, að sjálfstæðismenn hafi notað aðstöðu sína til að hindra lánveitingar til Hafnarfjarðarbæjar, hefur hann ekki gert tilraun til að sýna fram á, eða hvort lánveitingar til Hafnarfjarðarbæjar hafi orðið þeim mun minni sem áhrif sjálfstæðismanna eða aðstaða í bönkunum *hefur orðið meiri. Ekkert liggur fyrir um það,* og hv. þm. hefur ekki gert tilraun til að sýna neitt fram á um það.

Þess vegna er það rétt, sem hann segir. Af því að menn hafa ekki vefengt tölur að öðru

leyti en því, að náttúrlega hv. þm. A-Húnv. sýndi fram á allt aðrar tölur, stendur óhaggað, sem hann sagði; það má standa alveg nákvæmlega óhaggað, það skiptir ekkert verulegu máli í þessu sambandi, vegna þess að það, sem þessi hv. þm. sagði, sker ekki á nokkurn hátt úr um það, sem hér var verið um að deila, og alveg sama, hvort talan er rétt eða röng, hvort það eru 350 þús. eða 3½ millj., vegna þess að hvort sem það eru 350 þús. eða 3½ millj., þá hefur ekki verið sýnt fram á, að það sé sjálfstæðismönnum eða ofríki eða meirihlutaaðstöðu þeirra að kenna, að upphæðin sé annaðhvort þetta lítil eða þetta mikil.

Þessi hv. þm. minntist á lán til vatnsveitunnar. Það verður óendanlega haldlítið, þegar farið er að tala um einstakar lánveitingar eins og þessar. Það hefur verið í lögum Útvegsbankans og er í 2. gr. þeirra laga óbreytt, sem nú er verið að ganga frá, að hlutverk Útvegsbankans er að styðja sjávarútveg, iðnað og verzlun landsmanna og greiða fyrir fjármálaviðskiptum þeirra, er stunda þessar atvinnugreinar. Það er ekki hlutverk Útvegsbankans að veita fjárfestingarlán til vatnsveitna í landinu, og þegar hv. 5. landsk. þm. fjargviðrast yfir því, að það hafi gengið illa fyrir Hafnarfjarðarkaupstað að fá lán til vatnsveitna frá bönkunum, þá langaði mig til að spyrja, ef þetta ætti að hafa nokkra þýðingu: hvað hafa bankarnir lánað á þessum sama tíma öðrum bæjarfélögum til vatnsveitna? Þeir hafa lánað einhverjar smávægilegar upphæðir til vatnsveitna, eins og bent er á. Útvegsbankinn hefur lánað þarna 150 þús. kr., en það er auðvitað verkefni Brunabótafélags Íslands og annarra brunatryggingafélaga að lána til vatnsveitnanna, og það getur vel verið, að Brunabótafélag Íslands hafi getað lánað Hafnarfjarðarkaupstað þeim mun meira til vatnsveitna, sem það á hinn bóginn hefur fengið meira lán hjá Útvegsbankanum og öðrum bönkum til þess að fullnægja sínum þörfum. Og það liggur nú einmitt þannig fyrir, að ég held, að það séu nokkru hærri lánveitingar til Brunabótafélagsins heldur en þetta vatnsveitulán, svo að aðstoð bankanna til tryggingafélaganna kemur auðvitað óbeint til bæjarfélaganna. En aðalatriðið er það, að hv. þm. hefur tekið sér fyrir hendur að sanna misbeitingu valds sjálfstæðismanna í bönkunum með einu dæmi, sem snertir ekki nokkurn skapaðan hlut þetta atriði, og það er svo magnað, að þessi hv. þm. segir núna, að þetta eina dæmi, sem ég nefndi, að Hafnarfjarðarkaupstaður hefur 350 þús. kr. lán hjá bönkunum, aðeins það, alveg án hliðsjónar af því, hvernig þetta lán er til komið, kannske þessar 350 þús. kr. séu eingöngu veittar af sjálfstæðismönnum, á að vera sannanir fyrir misbeitingu á lánveitingum sjálfstæðismanna. Og þessi hv. þm. segir: Þetta eina dæmi sannar, að breytingarnar á þeirri bankalöggjöf, sem hér er verið að leggja til, eiga rétt á sér. (Gripið fram í.) Já, og þetta eina dæmi sannar nákvæmlega ekkert af því, sem því er ætlað að sanna.

Hv. þm. sagði áðan, að hann væri búinn að tala fjórum sinnum. Ég held, að honum væri óhætt að tala fimm sinnum, sex sinnum, sjö sinnum og átta sinnum. (Gripið fram í.) Nei, ég held, að honum mundi ekki nægja það til þess að bæta úr því glappaskoti, sem hv. þm. hefur orðið á, að hætta sér út á þennan hála ís, og eins og ég sagði áðan, er þetta eina dæmi ótrúlega mikils virði fyrir okkur sjálfstæðismenn í þessum umr. og verður áreiðanlega sögulegt í þeim bæði fyrr og síðar.

Ég vil svo ljúka mínu máli í sambandi við þessar umr. með því að vekja athygli á einni staðreynd, sem ég held að hafi ekki verið nægjanlega leidd athygli manna að, og hún er sú, þegar við sjálfstæðismenn segjum: Af hverju var ekki skrefið tekið lengra, af hverju var ekki stofnaður sjálfstæður seðlabanki, unnið vandlega að þeim málum og þar með komizt hjá þessu samkrulli, sem nú er með viðskiptabanka og seðlabanka Landsbankans? Við höfum heyrt tvo hv. þm., hinn glöggskyggna frsm. meiri hl. fjhn., hv. þm. V-Húnv., gefa sína skýringu á þessu máli: Það er vegna þess, að Landsbankinn nýtur svo mikils trausts út á við. — Eftir honum kom svo hv. 5. landsk. þm. og sagði: Landsbankinn nýtur svo mikils trausts út á við, að við megum með engu móti rýra þetta traust út á við. Þess vegna, þó að við vildum heldur aðskilja seðlabankann, eins og hefur verið stefna Alþfl., og á ég þar við afstöðu hv. 5. landsk., þá gerum það samt sem áður ekki í dag, af því að Landsbankinn nýtur svo mikils trausts út á við, — þessi banki, sem sjálfstæðismenn hafa haft meiri hl. í af bankastjórunum, meiri hl. í bankaráðunum, og það á nú að vera höfuðforsendan fyrir þeirri breytingu á bankalöggjöfinni, sem verið er að bera fram, að meirihlutavaldi sjálfstæðismanna sé hnekkt í þessum banka, sem nýtur svo mikils trausts út á við, að við megum vara okkur á þeim aðgerðum, sem við erum að gera núna í bankamálunum. Þó að við viljum fá sérstakan seðlabanka, þá megum við ekki láta það koma fram, að það sé ekki samt sem áður enn þá undir verndarvæng, grein af sama meiði, seðlabankinn og viðskiptabankinn, meiði, eins og stendur einhvers staðar í þessum skjölum ríkisstjórnarflokkanna, grein af þessum sama meiði, Landsbankanum, þar sem þetta hroðalega misbeitingarvald, hið hroðalega pólitíska misbeitingarvald Sjálfstfl. hefur verið við hún og hefur neytt okkur til þess að gera þær ráðstafanir, sem hér er um að ræða. — Mér finnst, að þessi viðurkenning, sem hér er komin fram frá hv. þm. V-Húnv. og hv. 5. landsk., sé viðeigandi lokaorð stjórnarflokkanna í þessu máli, í þessari aðför að bönkum landsins, þrátt fyrir allt, þótt sjálfstæðismenn séu taldir af þessum mönnum án nokkurra raka og án þess að hafa tilfært nokkur dæmi hafa misgert í þessum bönkum og farið illa með aðstöðu sína þar, þá er það samt sem áður, að þeir hafa skapað svo mikið traust á þessum banka út á við, að umfram allt má það ekki koma fram út á við, þó að við viljum stofna seðlabanka, annað en hann sé þó a. m. k. grein af þessum trausta og styrka meiði, sem Sjálfstfl. hefur byggt svona mikið traust fyrir í þjóðfélaginu og út á við.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég held, að hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) hafi tileinkað sér og sínum flokki heldur meira af trausti Landsbankans en þeir geta eignað sér með réttu, þegar hann hafði þau orð áðan, að það væri tekið fram af stjórnarliðinu, að það mætti ekki aðskilja seðlabankann frá Landsbankanum vegna þess trausts, sem sú stofnun hefði aflað sér.

Það er sem betur fer lengri ævi Landsbanka Íslands heldur en það tímabil, sem Sjálfstfl. hefur sölsað undir sig meirihlutayfirráð í honum. Það er aðeins síðasta tímabilið og það sem betur fer stutt. Sjálfstfl. hefur átt áreiðanlega minnstan þátt í því að byggja upp það traust, sem Landsbanki Íslands nýtur. Það hafa aðrir menn gert, áður en Sjálfstfl. sölsaði undir sig yfirráð yfir þessum banka. Það eitt er víst. Það er ekki Pétur Benediktsson, sem helzt hefur getið sér orð fyrir að kasta steinum í glugga og standa fyrir uppþotum, sem hefur skapað traust Landsbankans.

Það er enginn vafi á því, að þá gekk Sjálfstfl. fram af þjóðinni, þegar hann brauzt til meirihlutavalds í tveimur aðalbönkum landsins. Almenningsálit þessarar þjóðar hefur aldrei samþykkt það, og það hefur verið sífelld hneykslunarhella hjá þjóðinni, þegar Sjálfstfl. brauzt til meirihlutaaðstöðu í bankaráði Landsbankans, með bankastjóra Landsbankans, í bankaráði eða fulltrúaráði Útvegsbankans og tók meiri hluta af bankastjórasætum Útvegsbankans líka. Það duldist ekki þjóðinni, að þessi flokkur var þar með að taka sér aðstöðu til að hygla sínum gæðingum meira en góðu hófi gegndi, og þar með var brotið niður öryggi, sem þjóðin á heimtingu á að sé byggt upp í aðalbankastofnunum hennar, öryggi, sem veiti tryggingu fyrir því, að allir eigi aðgang að bönkum landsins án tillits til stjórnmálaskoðana, en það er ekki tryggt, þegar einn stjórnmálaflokkur hefur tekið öll ráð í aðalbönkum þjóðarinnar.

Ég veit, að Sjálfstfl. er búinn að gera sér það ljóst, að hann gekk feti framar en hóflegt og skynsamlegt var, þegar hann brauzt til valda á þennan hátt í bönkum landsins.

Ég hef tekið eftir því í umr. um bankafrumvörpin, að það er í rauninni enginn kraftur í andstöðu Sjálfstfl. í bankamálunum, fremur en það var það í húsnæðismálunum. Þegar leið á umr. í húsnæðismálunum, fór svo, að við atkvgr. um brtt. Sjálfstfl. var að tínast upp ein hönd hérna megin í salnum og önnur hönd hinum megin í salnum, en hvar Sjálfstfl. var, það sá enginn. Sjálfstfl. var týndur við lokaafgreiðslu húsnæðismálanna hér í kvöld. Það bar ekki mikið á 17 manna þingflokki hér í þeirri afgreiðslu málsins. Nei, flokkurinn var týndur, og seinast fór það svo, að húsnæðismálalöggjöfin var afgr. hér með 20 shlj. atkv., ekki eitt einasta atkvæði á móti. Stjórnarandstaðan, sem hafði framan af farið geyst á móti málinu, gleymdi sér alveg og greiddi ekki atkvæði á móti.

Ég hugsa, að þetta fari eins í bankamálunum, að þeir sitji bara hjá og láti fara sem minnst fyrir sér, þegar kemur að lokaafgreiðslunni.

Í bankamálunum hafa sjálfstæðismenn viðurkennt tvær meginbreytingarnar vera réttmætar, sem sé þær að breyta Útvegsbanka Íslands h/f úr hlutafélagi í ríkisbanka. Það hefur í raun og veru verið viðurkennt af öllum ræðumönnum Sjálfstfl. um bankamál, og það er vitanlega höfuðbreytingin að því er snertir Útvegsbankann. En að öðru leyti er réttarafstaða hans gagnvart seðlabanka á ýmsan hátt styrkt með þessu frv. Önnur höfuðbreyting, sem gerð er með þessum bankafrv., er sú, að það er gerð meiri aðgreining á seðlabanka og viðskiptadeild Landsbankans heldur en áður hefur verið, og það viðurkenna sjálfstæðismennirnir líka að sé til bóta, sé í rétta átt, sé bara ekki nógu stórt spor, því að þeir hefðu viljað, að seðlabankinn væri algerlega aðskilinn frá viðskiptadeild Landsbankans, svo að aðstaða allra viðskiptabankanna væri nákvæmlega hin sama gagnvart seðlabankanum.

Hér hefur komið fram, að ýmsir meðal stjórnarflokkanna eru líka þeirrar skoðunar, að eðlilegast hefði verið að stíga þetta spor stærra og aðgreina seðlabankann algerlega, en Sjálfstfl. hefur bara aldrei beitt sér fyrir þeim aðskilnaði fram að þessu, og nú er verið að stíga spor í rétta átt. Þess vegna ættu þeir auðvitað að greiða atkvæði með frv., af því að það framkvæmir þá breytingu, sem stefnir í rétta átt og þeir hafa, að því er virðist, beðið eftir.

Það, sem þeir nú upp á síðkastið hafa gert að aðaluppistöðu síns máls, er svo það, að þeir þykist vera rangindum beittir með ummælum í blöðum stjórnarflokkanna í þá átt, að sjálfstæðismenn hafi misnotað aðstöðu sína í bönkunum. Hvað skyldi nú vera átt við með þessu? Það er auðvitað verið að gefa í skyn með þessu í blöðunum, að þeir kunni, eftir að þeir höfðu lagt svo mikla höfuðáherzlu á að ná meirihlutaaðstöðu bæði í Landsbanka og Útvegsbanka, að hafa hyglað eitthvað sínum gæðingum og fylgismönnum í lánveitingum umfram andstæðinga sína. Það er vitanlega verið að segja þetta. Og skyldu þeir vera alsaklausir af því? Ætli þeir hefðu viljað leggja höndina á hjartað, hver og einn, sjálfstæðismennirnir hér í þessari hv. d., þar á meðal bankastjórar í þeirra hópi, og segja: Nei, það höfum við aldrei gert, við höfum aldrei látið okkur detta í hug að veita hærri lán til manna með tilliti til þess, að þeir væru í Sjálfstfl., heldur en t. d. í Alþfl. eða Alþb., nei, það hefur okkur aldrei dottið í hug. Við vorum ekki að brjótast til valda í Landsbankanum og Útvegsbankanum til þeirra hluta. Nei, við erum alsaklausir af því?

Þeir hafa verið að óska eftir dæmum, dæmum, sem sýndu þessa misnotkun. Þeir treysta auðvitað á, að það væri ekki svo hægt um vik að nefna dæmi um þetta og að menn vildu ekki nefna dæmi um það, þó að þeir vissu, því að það yrði of nærgöngult við menn, sem ættu viðskipti við bankann. Ég er t. d. alveg sannfærður um það, að ef einhver hv. þm. hefði vikið sér hér úr ræðustóli að hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) og spurt hann: Hvað skuldar Kveldúlfur, hvað skuldar Sigurður Ágústsson, hvað skuldar þessi og þessi nafngreindur maður eða

þetta nafngreinda fyrirtæki? þá hefði Jóhann Hafstein undireins sagt: Mér er ekki leyfilegt að skýra frá því. — Vitanlega. Það var í skjóli þessa, sem hv. þm. Sjálfstfl. hafa hér verið að segja: Nefnið þið dæmi. — Þeir vita það, að væru þeir spurðir sjálfir, þá gætu þeir ekki og mættu ekki nefna nein dæmi.

Svo voru nefnd bæjarfélög, Hafnarfjörður og Reykjavík. Það er orðið upplýst, að það er sannleikur, að það eru aðeins 0.3 millj. kr., sem Hafnarfjarðarkaupstaður hefur fengið samtals lánað í bönkum, og meginhlutinn af því í banka, sem Sjálfstfl. hafði ekki meirihlutavald yfir. Bæjarfélagið er undir stjórn Alþýðuflokksmanna. Og nú gæti maður spurt: Hvað er með reikning Reykjavíkurbæjar? Er hann ekki svona lágur líka? Eða ef það skyldi vera hærra hlutfallslega, það skyldi þá ekki vera af því, að Reykjavíkurbær væri undir meirihlutastjórn sjálfstæðismanna? Mér dettur ekki í hug að spyrja um það hér á Alþingi, af því að ég veit, að það fæst ekkert svar við því: Hvað skuldar Reykjavíkurbær? Ekki að meðtalinni bæjarútgerðinni í Reykjavík og ekki að meðtöldum öllum stofnunum Reykjavíkurbæjar, heldur bara bæjarsjóður Reykjavíkur. Ég spyr ekki um það, því að það má enginn segja frá því, ekki einu sinni bankastjórinn, sem jafnframt er þá bæjarráðsmaður og gæti gefið hér upplýsingar sem bæjarráðsmaður.

En það er alveg vitað mál, að langmestan hluta þeirrar fúlgu, sem bæjarfélög á Íslandi hafa fengið í bönkum, hafa þeir lánað Reykjavíkurbæ, og það er erfitt að afsanna það, að það kunni ekki að standa í sambandi við meirihlutavald sjálfstæðismanna í bönkunum og meirihlutaaðstöðu sjálfstæðismanna í bæjarstjórn Reykjavíkur. Ef hlutfallið er þarna mjög Reykjavík í hag, þá fellur grunsemd á þessa menn fyrir það að hafa meira að segja í þessu efni misnotað aðstöðu sína í bönkunum gagnvart bæjarfélögum landsins, og ég veit, að þeir vilja ekki leggja höndina á hjartað og segja: Það er enginn fótur fyrir þessu, — því að tölurnar mundu tala á móti þeim, meðan þeir væru með höndina á hjartanu. (**JóhH**: Það er hægt að nefna þetta, þetta er í bæjarreikningum Reykjavíkur, það er engin leynd á því.) Það er oft siður óknyttastráka að þræta fyrir það, sem þeir hafa gert, þó að þeir viti, að öllum sé kunnugt um óknyttina.

Nú er það alveg vitanlegt, að sjálfstæðismenn hafa auðvitað í gegnum meirihlutaaðstöðu sína í bönkunum hyglað sínum mönnum meira en andstæðingum, og þess vegna stappar það mjög nærri því, að hv. sjálfstæðismenn hér á Alþingi hagi sér eins og forhertustu óknyttastrákar, þegar þeir leyfa sér að neita því, að þeir hafi hyglað sínum mönnum meira en andstæðingum í gegnum meirihlutaaðstöðu sína í bönkunum, því að það veit öll þjóðin, að þeir hafa gert, og hefði verið miklu manndómslegra af þeim að segja: Jú, auðvitað höfum við haft betri aðstöðu en aðrir í bönkunum, og til þess voru refirnir skornir, til þess sóttumst við eftir meirihlutaaðstöðu í bönkunum, að við ætluðum heldur að gera betur við okkar menn en andstæðingana. — Þetta hefði verið manndómsmerki af þeim. En það örlaði bara ekki á því, þeir höfðu ekki þennan manndóm til. Það eru miklu þróttmeiri óknyttastrákar, sem þora að játa á sig yfirsjónir og strákapör, en þingflokkur Sjálfstfl. er ekki skipaður slíkum strákum.

Það er ekkert leyndarmál, þótt það kunni bara að vera tilviljun, að stærstu skuldakóngar Landsbankans og annarra banka þjóðarinnar eru sjálfstæðismenn, og það dettur engum lifandi manni í hug að halda, að það sé af því, að þeir séu fátækari en aðrir menn. Þvert á móti. Menn vita, að innan raða Sjálfstfl. eru efnaðri menn en yfirleitt í öðrum stjórnmálaflokkum, en þó hafa þeir fengið mest lánað í bönkunum og vitanlega af því að Sjálfstfl. hefur haft þar sterkustu aðstöðu til lánveitinganna.

Formaður Sjálfstfl. hefur oft hérna á þessum stað, ekki síður en annars staðar, barið sér á brjóst og sagt: Ég er skuldugasti maður landsins. — Og það er hann, sem hefur stjórnað taflinu, þar sem allt miðast við það að ná meiri hluta í báðum bönkunum. Tilviljun kannske, skuldugasti maður landsins að eigin sögn, valdamesti maður í bönkunum.

Það er sem sé upplýst mál, að hér var engin aðstaða, hvorki fyrir menn úr þingliði Sjálfstfl. né stjórnarflokkanna, að gefa upp einstaka menn og segja: Þessi skuldar þetta og hinn hitt. Svona skuldar þessi mikið og svona skuldar þessi lítið, — til þess að sanna, hvernig misbeitingin hefði átt sér stað, miðað við einstaklinga. En það er hægt að óska eftir samanburði á hliðstæðum fyrirtækjum.

Ég mundi t. d. vilja spyrja um það: Viljið þið setja, hv. þm. Sjálfstfl., höndina á hjartað og segja: Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis hefur átt jafngreiðan aðgang að bönkunum hér í Reykjavíkurborg eins og jafnstór verzlunarfyrirtæki, sem lúta hér í þessum bæ stjórn sjálfstæðismanna, og það er fullkomið samræmi milli þeirra lána, sem hafa verið veitt Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis og jafnstórum verzlunarfyrirtækjum í bænum? — Ég veit alveg fullvel, að þeir mega leita vel og vandlega til að finna verzlunarfyrirtæki á stærð við Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, sem hefur fengið eins lítið lánað í bönkunum, þar sem sjálfstæðismennirnir ráða, eins og Kaupfélag Reykjavíkur hefur fengið. Kannske tilviljun eða kannske af því að þetta fyrirtæki sé svo efnalega sterkt, að það hafi ekki á neinum lánum þurft að halda. Nei, það er ekki ástæðan, og það er ekki heldur ástæðan, að það hafi ekki beðið um lán, það er alveg áreiðanlegt; það hefur ekki átt þess kost af einhverjum ástæðum.

Ég er líka viss um það, að þið munduð hika við, hv. þm. Sjálfstfl., að setja höndina á hjartað og segja: Samband íslenzkra samvinnufélaga, heildverzlun allra kaupfélaga landsins, hefur fengið eins mikil lán í bönkunum, miðað við umsetningu sína, eins og heildsölufyrirtæki kaupmanna hér, sem hafa haft jafnmikla umsetningu samanlagt og S. Í. S. Ef þessum tölum væri slegið upp og væri hægt að gera það hér,

þá er ég viss um það, að um S. Í. S. annars vegar og heildsölufyrirtækin samanlögð, sem hefðu jafnmikla veltu og vöruumsetningu, eins mikla þjónustu fyrir kaupmannastéttina og sambandið hefur fyrir kaupfélögin, mundi koma út, að lánsupphæðin til heildsalanna væri hlutfallslega margfalt meiri en til Sambands íslenzkra samvinnufélaga. Ég er alveg sannfærður um það, og eru þó Framsfl. og fulltrúar samvinnumanna með langtum betri aðstöðu í bönkunum heldur en t. d. Alþýðuflokksmenn og Alþýðubandalagsmenn, en þeir hafa verið í minni hluta í bönkunum. Sjálfstfl. hefur haft þar meirihlutaaðstöðuna og húsbóndavaldið, og þeirra húsbóndavald mun koma í ljós í því, ef litið er á tölur og samanburð milli fyrirtækja, að það eru alls staðar hærri tölurnar af einhverri tilviljun, sem koma í hlut þeirra, sem standa Sjálfstfl. nær.

Svo berja þessir hræsnarar sér á brjóst og segja: Misnotkun á bönkunum, nei, það hefur okkur aldrei dottið í hug, af því erum við þó saklausir.

Eða ef við tækjum bara útgerðarmennina og það væri farið að líta á pólitíska litarhátt þeirra í samanburði við lánsupphæðir þeirra í bönkunum, þá er ég alveg sannfærður um, að útgerðarmenn með svipaðan skipafjölda mundu koma út með hærri tölur, hærri lánstölur, hærri skuldatölur í bönkunum, þegar þeir eru sjálfstæðismenn, heldur en þegar það eru annarra flokka menn.

Kannske Sjálfstfl. vilji bjóða upp á svona samanburð, gera svona talnasamanburð og láta tölurnar tala? Ég bíð eftir því, að þeir bjóði það, því að þá verður unnið úr þessu og úr þessu skorið. (**JóhH:** Það er hér með boðið.) Ágætt, þá er bara sjálfsagt að láta rannsaka þetta.

Og svo segja þeir: Ja, það eru ekki málefnin, sem ráða breytingum á bankalöggjöfinni hér, og viðurkenna þó, að það eru þarna stórkostleg atriði, sem verið er að breyta í skipulagi bankanna, bæði að því er snertir skipulag Landsbankans og Útvegsbankans, — nei, það er bara verið að ryðja burt sjálfstæðismönnum, það er bara verið að koma nýjum mönnum að.

Nú skal ég alveg fyllilega játa, að það er ekki við það unandi og það er ekkert öryggi í því að hafa eingöngu einn stjórnmálaflokk í landinu allsráðandi í bönkunum, og þeir hefðu átt að hafa skynsemd til þess sjálfir, sjálfstæðismenn, að sjá, að það var ekki líklegt til þess að skapa traust, ekki allsherjartraust a. m. k., og það hefði því verið eðlilegast, að þeir hefðu beitt sér fyrir því að breyta því aftur. En var þess von af mönnunum, sem höfðu með ofurkappi brotizt til valda, brotizt til meirihlutavalda í báðum bönkunum? Nei, þess var ekki von.

Það er út af fyrir sig alveg hægt að segja það, að það er breyting, sem þjóðin æskir, að það sé skapað meira pólitískt jafnvægi í bönkunum. Það hlýtur að eyða tortryggni, en auka hana ekki, og það er bönkunum hollt. Það er áreiðanlega atvinnulífinu hollt, að það sé öllum vitanlegt, að hver sem fæst við verzlun, viðskipti eða framleiðslustörf til lands eða sjávar á það víst að eiga jafna áheyrn í bönkunum, hvaða stjórnmálaskoðun sem hann leyfir sér að hafa. Og það er á engan hátt gengið svo til verks með þessum breytingum að því er snertir mannabreytingar, að gengið sé á nokkurn hátt á hlut Sjálfstfl. Honum er gefinn kostur á að eiga mann, sem fer með bankastjóravald í seðlabankastjórninni, honum er gefinn kostur á að eiga hvern þann fulltrúa, sem hann óskar eftir, í bankastjórasæti í Landsbankanum og sömuleiðis í Útvegsbankanum. En Sjálfstfl. stefndi að því að þurrka stjórnmálaandstæðinga sína út í bönkunum, af því að hann vantar hinn lýðræðislega anda, sem ræður gerðum núverandi stjórnarflokka einmitt í þessum málum. Þarna er tryggt, að allir stjórnmálaflokkar eigi fulltrúa, þvert á móti því, sem sjálfstæðismennirnir höguðu sínum störfum áður í þessum efnum, boluðust einir til valda.

Ég hygg, að eitt þeirra mála, sem núverandi stjórn hefur borið fram, sem þjóðin bíður eftir með mestri eftirvæntingu að verði leyst, sé einmitt breytingin á bankamálunum. Þjóðin hefur fordæmt þetta einræðisbrölt Sjálfstfl. í aðalpeningastofnunum þjóðarinnar, og það var beðið eftir því, að þeir væru settir þar rétt á sinn stað, ekki bolað út, heldur látnir hafa hæfilega hlutdeild í stjórn bankanna og meira ekki, og það er það, sem er gert með þessum frv.

Þeir hafa því undan engu að kvarta. Fulltrúar sjálfstæðismanna í bankaráði eiga engan meiri rétt til að sitja þar heldur en aðrir fulltrúar, sem hafa löglegt umboð frá þjóðinni til þess að taka þátt í að stjórna þessum stofnunum, sem þjóðin á mjög mikið undir að sé stjórnað án allrar hlutdrægni. Og maður kemur alltaf manns í stað. Það er ekki heldur hægt að skjóta neinum stoðum undir það, að bönkunum sé betur borgið undir einræðisstjórn sjálfstæðismanna heldur en manna úr öllum stjórnmálaflokkum og þannig manna, sem bera hag allra þeirra manna fyrir brjósti, sem bera hita og þunga dagsins í viðskiptamálum og atvinnumálum.

Ég tel, að það, hversu sjálfstæðismenn hafa barizt linlega í húnæðismálunum og þessum málum, sýni það, að þeir játa hið innra með sjálfum sér, að þær breytingar, sem hér er verið að lögfesta, eru réttmætar og þarfar, og það staðfestu þeir einmitt með því að gleyma að greiða mótatkvæði á móti húsnæðislöggjöfinni áðan. Ég gæti bezt trúað því, að þeir viðurkenndu á sama hátt með því e. t. v. að gleyma að greiða mótatkvæði á móti bankalöggjöfinni, því að þeir vita, að hér er verið að framkvæma nauðsynlegar og réttmætar breytingar á löggjöf landsins.

Jón Pálmason: Herra forseti. Eftir þessa ræðu hæstv. félmrh. gæti það nú kannske komið til mála, að þessar umr. teygðust nokkuð fram á nóttina, og þó að það sé svo, að ég og fleiri sjálfstæðismenn eigum ekki eftir nema athugasemdatíma í þessu máli, þá er hér annað mál á eftir um bankalöggjöfina, sem við getum fengið tækifæri til þess að tala um. En hér komu

fram hjá hæstv. félmrh. umbúðalaust og hreinlega þessar fullyrðingar, sem þeir hafa verið að stagast á í blöðunum og sýna ósvifni þessara manna, og það eru þessar fullyrðingar: Það er einn stjórnmálaflokkur alls ráðandi í bönkunum, sagði hæstv. ráðh. Og í annarri setningu talaði hann um einræðisstjórn Sjálfstæðisflokksmanna í bönkunum og það sé þetta, sem þurfi að afnema.

Hvort tveggja þetta er rangt. Það er vitaður hlutur, að í báðum bönkunum eru menn bankastjórar úr öðrum flokki og hafa verið, og það trúir því enginn landsmaður, að þeir bankastjórar hafi verið þar áhrifalausir menn, því að menn eins og Jón Árnason, Vilhjálmur Þór og Valtýr Blöndal eru ekki menn, sem hægt er að segja að mundu starfa í þessum bönkum upp á það, að þeir væru áhrifalausir menn. Og það, hvort þetta fyrirtæki eða hitt skuldar meira eða minna, það er ekki það atriði, sem hér er deila um, heldur er aðalatriðið það: hvenær hafa lán til þessara fyrirtækja, þessara manna, þessara bæjarfélaga verið afgreidd með meirihlutavaldi gegn atkvæðum þeirra bankastjóra, sem annar flokkur á í bönkunum? Það er meginatriðið.

Hæstv. félmrh. var með getsakir um það eða hálfgildings fullyrðingar, að sjálfstæðismenn mundu skulda mest í bönkunum, sjálfstæðismenn og sjálfstæðisfyrirtæki. Ég veit ekkert um þetta, því að ég hef ekki neinar skýrslur yfir það, en ég gæti vel trúað, að þetta væri rétt, og það er eðlilegt, að það væri rétt. Það er vegna þess, að Sjálfstfl. er stærsti flokkur þjóðarinnar og þar að auki er langmest af atvinnurekendum í Sjálfstfl., þeim mönnum, sem hafa haldið uppi atvinnunni í landinu og þurfa þess vegna á meira lánsfé að halda heldur en þeir, sem ekki stunda neina framleiðslu. En það sannar ekkert um, að það hafi verið nokkurri hlutdrægni beitt í úthlutun lána til þessara manna eða hinna.

Af því að ég hef ekki nema athugasemdatíma, skal ég nú ekki fara miklu nánar út í þetta, en aðeins segja að lokum, að það var mjög vel viðeigandi, að hæstv. félmrh. nefndi stráka og strákskap, því að þessi frv., sem hér liggja fyrir um breytingar á bankalöggjöfinni, eru ekkert annað en strákskapur.

Frsm. minni hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég verð nú að segja það, að þessi hv. félagsmála-Hannibal, sem var með rassaköst hér í ræðustólnum áðan, gefur ekki tilefni til þess að lengja umræður um þessi mál fram á nótt. Það er í raun og veru lítið sem ekkert, sem fram kom í þessari ræðu, sem gefur tilefni til þess, að rætt sé um það alvarlega. Ég vil aðeins leiðrétta það hjá hæstv. félagsmála-Hannibal, þegar hann var að tala um, að sjálfstæðismenn hefðu eitthvað linazt í umræðunum um húsnæðismálin og týnt tölunni, að ég vil minna hann á, að það var ekki hægt að koma þessu frv. félagsmála-Hannibalsins út úr deildinni með atkvæðum stjórnarsinna. Það var ekki hægt. Það vantaði stuðningsmenn félagsmála-Hannibalsins, og við urðum hvað eftir annað að greiða atkv. á móti einstökum tillögum, til þess að þær gætu fengið þinglega afgreiðslu, af því að meiri hl. fékkst ekki fyrir tillögunum af hálfu hv. stjórnarliðs.

Það er undarlegt, hvað þessi maður fylgist illa með málum. Og það er kannske skýring á því, hvað hann getur verið mikill á lofti, en lítill í raun.

Þessi hæstv. ráðh. var að varpa fram spurningum, að þó að við sjálfstæðismenn hefðum verið spurðir: Hvað skuldaði Kveldúlfur og hvað skuldar Sigurður Ágústsson í bönkunum? — þá hefðum við ekki getað svarað því. Málið er ekki um þetta. Þeir hafa ásakað okkur fyrir hlutdrægni, og við höfum sagt: Bendið þið á hlutdrægnina. Þið eruð ekki bundnir neinu þagnarheiti. Þriðji maður, sem ekki er sjálfur bundinn þagnarheiti sem ábyrgur aðili í bankanum og þykist vita, eins og þessi hæstv. ráðh. þykist vita, um allt að því glæpi okkar sjálfstæðismanna, — það er ekkert, sem bindur hann þagnarheiti um að segja frá því. Nei, hæstv. ráðh. á ekki að skjóta sér undir það þagnarheit, sem bankastjórarnir hafa sem slíkir, til þess að hann geti talað. Honum er alveg óhætt að tala, enda talar hann, en hann talar ekki um það, sem hann hefur verið inntur eftir að tala um og gera grein fyrir þeim ávirðingum, sem hann og hans flokksmenn hafa borið á sjálfstæðismenn.

Um þessa tvo aðila, sem þarna voru nefndir, þá vill svo til, að annar aðilinn er í viðskiptum við þann banka, sem ég hef verið bankastjóri í, Sigurður Ágústsson. Hann sagði: Þó að spurt yrði um skuldir hans, mundi ég ekki geta svarað því eða ekki mega svara því.

Ég get sagt honum eitt, að skuldir Sigurðar Ágústssonar við Útvegsbankann eru minni nú en þegar ég kom fyrst í bankann, og þá var enginn sjálfstæðismaður bankastjóri í bankanum, og þær eru betur tryggðar þessar skuldir nú heldur en þær voru þá, og þá voru þrír bankastjórar, en enginn var sjálfstæðismaður. Ég hygg, að þetta sé nægjanlegt í sambandi við þetta eina tilfelli.

Reykjavíkurbæ bar nokkuð á góma. Ég hygg, að ef þau mál væru krufin til mergjar, þá mundi það sannast, að Reykjavíkurbær hefur ákaflega lítil lán í bönkunum umfram rekstrarlán í sambandi við innheimtu útsvara. Og ef væri farið að stilla upp því dæmi, hvað bæjarfélögin hefðu af fjárfestingarlánum frá bönkunum, Reykjavík annars vegar og önnur bæjarfélög, þá er mér nærri að ætla, að hlutfallið mundi verða þannig, að Reykjavík hefði þar minna hlutfall en mörg önnur bæjarfélög.

Nú segja hv. stjórnarsinnar: Ja, til þess voru refirnir skornir, að sjálfstæðismenn kæmust til embætta, að misbeita stöðu sinni. — Meina þessir menn raunverulega það? Meina þeir í einlægni það, að sjálfstæðismenn hafi tekið við trúnaðarstöðum í bönkunum og bankaráðinu til þess að misnota stöður sínar í pólitískum tilgangi? Er þessi hugsunarháttur efstur í huga þessara manna? Er það þess vegna, sem þeir leggja svo mikla áherzlu á að komast inn í bankaráðið í ríkari mæli en verið hefur og í

bankastjórastöður? Á að trúa því? Ég spyr: Rekur menn nokkurn tíma minni til þess, að önnur eins aðför hafi verið gerð að bönkum landsins, og þá skal ég taka alveg tiltekinn banka, Útvegsbanka Íslands, á árunum 1938—52, þegar enginn sjálfstæðismaður var bankastjóri þessa banka, að þeir bankastjórar, sem þar voru, enginn sjálfstæðismaður, hafi misnotað sína aðstöðu gagnvart sjálfstæðismönnum og níðzt á þeim, af því að þeir voru sjálfstæðismenn? En það gerðu sjálfstæðismenn ekki. Ég minnist þess ekki, og það má mikið vera, ef einhver man þetta betur en ég eða man öðruvísi en ég. Er það sennilegt, að þó að einn sjálfstæðismaður komi inn í bankann 1952 af þremur og annar sjálfstæðismaður um áramótin 1955—56, að þeir sjálfstæðismenn hafi komið með þeim höfuðásetningi að níðast á mönnum, sem ekki voru sama sinnis og þeir í stjórnmálum? Af hverju eru menn, sem sitja á þingbekk í ábyrgðarmiklum stöðum sem þingmenn þjóðarinnar, að bera slíkt á borð, og af hverju eru menn, sem eru komnir til enn meiri virðingar og valda í þjóðfélaginu, eins og hæstv. ráðherrar, að láta sér slíkt um munn fara?

Hæstv. félmrh. spurði um það, hvort við gætum svarað því, hvort KRON hefði haft jafngreiðan aðgang og aðrir að bönkunum, vegna þess að sjálfstæðismenn hefðu haft þar meiri hluta. Var ekki hæstv. ráðh. hér í deildinni í dag, þegar ég skýrði frá því, að það hefði verið 1945, þegar enginn sjálfstæðismaður var í bankastjórn Útvegsbankans, að rekstrarlán þessa fyrirtækis var lækkað um 40%, og ég skýrði einnig frá því, að þeim hefði verið gefinn kostur á því að ferfalda sína rekstrarlánaheimild á s. l. sumri í ágústmánuði, þegar tveir sjálfstæðismenn voru í bankanum af þremur?

Hafi KRON þess vegna haft of lítið rekstrarlán fyrr og nú, þá er það a. m. k. ekki sök sjálfstæðismanna fyrir 1952, þegar þeir höfðu engan bankastjóra í þeim banka, sem þetta fyrirtæki hefur haft viðskipti við. En hitt er annað mál, að strax og innt var eftir því, var þó reynt að sýna lit á því að veita þeim nokkra úrlausn og ferfalda rekstrarlán þeirra, þó að ég efist ekki um, að þetta fyrirtæki telji engu að síður, að það hafi ekki haft nægjanleg rekstrarlán. En þó vil ég segja það, að aldrei hefur verið eftir því loforði gengið að hagnýta sér þetta loforð, sem gefið var í ágústmánuði 1956, að KRON mætti ferfalda rekstrarlán sitt. — Allt eru þetta nokkrar upplýsingar í þessum málum.

Ég skal ekki fara inn á fullyrðingar eða sleggjudóma um það, hvort Samband íslenzkra samvinnufélaga hafi meira lán í bönkunum en heildsalar. Við höfum sennilega álíka mikla möguleika til þess að gera okkur grein fyrir því, hæstv. félmrh. og ég, og læt ég það liggja á milli hluta. En um útgerðarmennina sagði hæstv. ráðherra: Það er svipað með þá. — Hvað skyldu það vera margir sjálfstæðismenn, sem eru útgerðarmenn og reka skip, þar sem reyndin er sú, að þeir fá meiri lán út á sín skip, af því að þeir eru sjálfstæðismenn? Hann bauð upp á rannsókn í þessu efni. Ég tek undir þetta. Og ég skora á hæstv. félmrh. og núverandi hæstv. ríkisstj. að láta fara fram á þessu rannsókn. Ef þessi rannsókn verður ekki látin fara fram hér eftir, þá er það vegna þess, að hæstv. ríkisstj. lætur undir höfuð leggjast að láta þessa rannsókn fram fara. Það er rétt, að töluvert handahóf ríkti um útgerðarlán í þeim banka, sem ég hef verið bankastjóri í, þegar ég kom í þennan banka. Það eru nú tvö ár síðan Landsbankinn og Útvegsbankinn höfðu samráð um að koma upp sérstökum útvegslánadeildum í hvorum banka um sig með algerlega samræmdum reglum um útgerðarlánin. Og það er sérstætt um útgerðarlánin yfirleitt í þessu landi, í hversu ríkum mæli þau fylgja nú orðið fast mótuðum skorðum.

Mér þykir vænt um, að það hefur gefizt tilefni til þess vegna hinna órökstuddu ásakana hæstv. félmrh., að óska beinlínis eftir því, að hæstv. ríkisstj. geri gangskör að því, og þar gæti hún þá kannske fengið eitthvert tilefni til þess að styðja sínar órökstöddu ásakanir við eitthvað, ef hún heldur, að hún finni eitthvað af því, sem þarna er verið að leita eftir.

Menn vinna ekki málstað sínum gagn með því að veifa gleraugunum og tylla sér á tá og vera miklir á lofti í ræðustólnum. Hæstv. félmrh. held ég að hafi gert sínum flokksbræðrum ákaflega lítið gagn með því síðasta innleggi, sem hann lagði í þetta mál.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Þessi ræða hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) líkar mér ákaflega vel. Hann varð ofsareiður, gætti engra þingskapa, hóf uppnefni og sannaði þar með það, sem sanna þurfti, að þar var maður, sem vissi upp á sig skömmina.

Hann býður svo upp á rannsókn. Þetta er alveg prýðilegt, hann gat auðvitað ekki annað til þess að láta enn skína í það, að allt væri gott, og það verður vafalaust athugað, hvort Kveldúlfur, miðað við togarafjölda, skuldar ekki meira í Landsbankanum en bæjarútgerðirnar í landinu, miðað við sama skipafjölda.

Frsm. minni hl. (Jóhann Hafstein): Ég hef ekkert um þetta að segja, hæstv. forseti, annað en það, að ég bið afsökunar á því, að ég skuli hafa brotið þingsköp með því að nefna þennan hæstv. ráðh.: hæstv. félagsmála-Hannibal, en ég gerði það nokkrum sinnum. Það er þá einnig sök hæstv. forseta að hafa ekki áminnt mig og talið það brjóta í bága við þingsköp að viðhafa slíkt óþinglegt orðbragð. En ræðan gefur ekki að öðru leyti tilefni til athugasemda.

ATKVGR.
Brtt. 641 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 636 samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19:6 atkv. og afgr. til Ed.

Á 110. fundi í Ed., 27. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 642).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég hef haft framsögu fyrir þessu máli í hv. Nd., og það er nú orðið öllum þingheimi kunnugt og ljóst, um hvað þetta frv. fjallar. Þó þykir mér rétt að láta fylgja því nokkur orð til viðbótar þeirri grg., sem fylgir frv. og hverri einstakri grein þess.

Ég hafði þann hátt á að mæla fyrir frv. öllum um bankana í hv. Nd., og hér liggur fyrir einnig frv. um Útvegsbanka Íslands, svo að ég mun fara nokkrum orðum um það um leið, eins og ég gerði áður.

Það liggur ljóst fyrir, að hér er um verulega skipulagsbreytingu að ræða á Landsbanka Íslands. Það hefur verið rætt um það mjög mikið á undanförnum árum að gera þessa skipulagsbreytingu og var meira að segja rætt um það mjög, þegar lögin um Landsbanka Íslands voru sett á sínum tíma, og alla leið síðan. Ýmsir — og þeir eru ekki fáir — hafa viljað fara þá leið að skilja seðlabankann algerlega frá viðskiptabankanum, og þess er ekki að dyljast, að erlendir sérfræðingar, sem hafa rannsakað okkar bankamálalöggjöf, hafa ýmsir hallazt að þeirri skoðun og fært rök fyrir því, að sú breyting væri eðlileg. En þessi skoðun hefur einatt mætt verulegri mótstöðu og þótt varhugavert að stíga skrefið þannig að skilja seðlabankann algerlega frá viðskiptabankanum. Hins vegar er í þessu frv., sem hér liggur fyrir, gert ráð fyrir því, að stigið verði verulegt skref í þessa átt.

Aðalbreytingarnar, sem gert er ráð fyrir að gerðar verði, ef þetta frv. verður að lögum, eru þær, að landsbankanefndin svonefnda er afnumin og í stað þess kýs Alþ. stjórn bankans með hlutfallskosningu til fjögurra ára í senn. Fjórir af fimm eru þannig kosnir af Alþ., en formaðurinn skipaður af ríkisstj. eða þeim ráðh., sem fer með bankamál. Þannig er æðsta stjórn bankans sem heild skipuð, en jafnhliða gert ráð fyrir því í þessu frv., að seðlabankinn verði skilinn frá viðskiptabankanum í því formi, sem nú er, og þessi stjórn bankans, bankaráðið, þessir fimm menn framselja síðan vald sitt í raun og veru þremur meðstjórnendum, sem eiga að stjórna seðlabankanum, einum bankastjóra, en síðan er einn af bankastjórunum skipaður af forseta, þ. e. a. s. af ríkisstj., og verður þá þannig í framkvæmd, að óbeint er það vald, sem fer með stjórn bankans í heild og stjórn seðlabankans, skipað af Alþingi, vegna þess að bankaráðið er, eins og ég sagði áðan, kosið hér á Alþ., og síðan kýs það stjórn seðlabankans með þeim hætti, sem ég sagði. Að þessu leyti verður stjórn seðlabankans í verulegum atriðum sjálfstæð, og það stendur von til þess, að með þessu móti takist að skapa nokkru meiri festu í peningamálum þjóðarinnar en verið hefur til þessa.

Valdinu er þannig skipt, eins og kemur fram af því, sem ég þegar hef sagt, að meiri hl. þeirrar stjórnar, þrír meðstjórnendur, sem fara með vald í seðlabankanum, eru skipaðir óbeint af Alþingi, eins og það er á hverjum tíma og fyrir visst tímabil, og síðan er til þess að fá festu í þessi mál einn maður ásamt þeim bankastjóra, sem bankaráðið ræður, skipaður af forseta eða ríkisstj. sem fastur embættismaður. Þessi háttur er á hafður, að ég hygg, í flestum Norðurlandaríkjunum, að þar er aðalbankastjóri seðlabankans skipaður af ríkisstj. eða af konungi.

Þetta eru meginbreytingarnar, sem gerðar eru á Landsbanka Íslands. Það er jafnframt gert ráð fyrir því, að samhliða þessari breytingu verði gerð veruleg breyting eða fullkomin skipulagsbreyting á Útvegsbanka Íslands. Eins og hv. alþm. er sjálfsagt kunnugt, er Útvegsbanki Íslands, eins og nú standa sakir, hlutafélag og hefur verið það frá upphafi, hlutafélag með löggjöf, sem er þannig háttað, að framlag ríkisins til bankans, framlag ríkisins til þessa hlutafélags nýtur sín að fullu á aðalfundum og hefur fullan atkvæðisrétt á aðalfundum, gagnstætt því, sem er um venjuleg hlutafélög, þar sem einn aðili getur ekki farið með nema ⅙ af atkvæðisrétti. Þetta hefur leitt til þess, eins og skiljanlegt er, að sá ráðh. í ríkisstj., sem fer með bankamál hverju sinni, ræður jafnframt, hvernig þessi atkvæðisréttur ríkisins er notaður á aðalfundum hverju sinni, og ræður fram til þessa, hverjir skipa meiri hl. bankaráðs á hverjum tíma, og þar af leiðandi um leið, hverjir eru bankastjórar í þessu hlutafélagi. Að því leyti hefur ríkið eða sá ráðh., sem fer með bankamál, beinni afskipti, beinni stjórn, ef svo má segja, á þessum banka heldur en er á nokkrum öðrum banka hér á landi. Að því leyti hefur hann í framkvæmdinni vegna þessarar löggjafar verið meiri ríkisbanki, ef svo mætti segja, heldur en hinir bankarnir. Hins vegar er hlutaféð, sem einstaklingar eiga, rúmir 4%, og eftir því sem mér er tjáð, hefur eðlilega vegna þess, hve þetta er lítið fjármagn og atkvæðanna gætir lítið á aðalfundi, verið þannig a. m. k. á seinasta fundi, ef ekki oftar, að það hefur enginn hluthafi mætt frá þessum hlut-höfum, sem eiga þessi rúmlega 4% eða nánar tiltekið 4.2%. Það liggur því í augum uppi, enda held ég, að flestir séu sammála um það, að það sé eðlilegt að gera þessa skipulagsbreytingu á Útvegsbanka Íslands, gera hann að ríkisbanka, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Það mæla raunverulega engin rök með því að hafa þennan hátt á, þó að til þess væri gripið, þegar Útvegsbanki Íslands h/f var reistur á rústum Íslandsbanka. Það er þess vegna gert ráð fyrir því, að þetta hlutafé verði tekið eignarnámi og Útvegsbanki Íslands h/f verði ríkisbanki.

Það kann að vera, að um það sé nokkur ágreiningur, hvort rétt sé að breyta Landsbanka Íslands á þann hátt, sem hér er gert. Þó hefur ekki komið fram verulegur ágreiningur um það, að eigi sé rétt að stíga a. m. k. þetta skref til þess að greina að seðlabankann og viðskiptabankann. En það eru margir, eins og ég gat um í upphafi, sem telja, að skrefið sé ekki stigið nógu langt, það hefði átt að skilja seðlabankann algerlega frá viðskiptabankanum. Um hitt atriðið, breytinguna á Útvegsbanka Íslands, hygg ég að geti varla verið ágreiningur.

Eins og ég hef tekið fram og eins og kom fram í umr., er jafnhliða þessari skipulagsbreytingu gert ráð fyrir því, að breyting verði á framkvæmdastjórn og breyting á bankaráðum, því að það er gert ráð fyrir því, að þau verði

kosin nú þegar, og það er ekki þess að dyljast, að vitanlega eru í þessum frv., jafnhliða því sem þau eru skipulagsbreytingar, sem ganga í rétta átt, breytingar, sem gerðar eru til þess, að stjórn bankanna sé skipuð í samræmi við það meirihlutavald, sem er hér á Alþingi. Og það verður að teljast óeðlilegt, svo að ekki sé meira sagt, að stjórn bankanna sé þannig skipuð, að minnihlutaflokkur á Alþ. og um leið stjórnarandstaðan nú sem stendur hafi meirihlutavald í aðalviðskiptabönkum þjóðarinnar.

Ég held, að ég hafi hér skýrt frá þeim meginbreytingum, sem fyrirhugað er að gera á þessum tveimur bönkum. Þetta eru aðalatriðin. Frv. hefur ekki verið breytt í neinum verulegum atriðum í hv. Nd. Nefndir frá báðum þingdeildum hafa athugað þessi mál í sameiningu, og ég geri þess vegna að till. minni, að málinu verði vísað til 2. umr., en ekki til nefndar, þar sem sá háttur hefur verið hafður á um vinnubrögð, að nefndirnar hafa starfað saman að athugun málsins.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Með frv. þessu um breytingu á landsbankalögunum og þeim öðrum, sem því fylgja, er að því stefnt að gerbreyta stjórn bankanna, Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands og Framkvæmdabanka Íslands.

Rökstuðningurinn er sá, að því er Landsbankann og Útvegsbankann áhrærir, að þessi breyting sé nauðsynleg sakir þess, að fyrir rás viðburðanna hafi atvikazt svo, að Sjálfstfl. hafi meiri hluta í stjórn bankanna. Svo er þessu fylgt eftir með svívirðilegustu ásökunum á hendur stjórnendum bankanna, sagt, að þeir hafi misbeitt valdi sínu pólitískt í þágu Sjálfstfl.

Hæstv. forsrh., sem hefur lagt þetta mál fyrir Alþingi í umboði ríkisstj., hefur að vísu ekki berum orðum sagt, að bankastjórar Sjálfstfl. hafi misbeitt valdi sínu, en óbeint hefur hann gefið þetta í skyn.

Hins vegar hafa blöð hæstv. ríkisstj. tekið því dýpra í árinni. Af skrifum þeirra gætu ókunnugir haldið, að í bönkunum væri samsafn glæpamanna, sem einskis svífust. Ekki hafa blöðin haft fyrir því að koma með dæmi þessum sökum til rökstuðnings. Þau hafa látið sér nægja róg og órökstuddar dylgjur og fullyrðingar, og þetta hefur hæstv. ríkisstj. látið gott heita, um leið og hún fylgir þessu frv. á Alþ., og segir: Nú skulum við hreinsa til í bönkunum.

Ég tel þessi vinnubrögð ósæmileg með öllu. Þau eru ósæmileg í lýðræðisríki, sem vill telja sig í tölu réttarríkja, og það er ósamboðið virðingu Alþ. að hlusta á slíkar ákærur á fjarstadda embættismenn, sem er varnað máls sér til varnar.

Þeir, sem sökum eru bornir, eiga heimtingu á að vita, hvað það er, sem þeir hafa til saka unnið. Þeir eiga einnig kröfu til, að á þá sé hlustað, ef þeir hafa einhverjar varnir fram að bera. Allt annað er ósæmilegt í réttarríki.

Ég hef um margra ára skeið haft náin kynni af bankastjórum Landsbankans. Ég fullyrði, að þeir menn, sem þar hafa setið og sitja enn, séu svo grandvarir og heiðarlegir, að þeim mundi aldrei koma til hugar að misbeita valdi sínu í þágu pólitísks flokks. Það er vissulega hart, að þessir ágætu og heiðvirðu menn skuli verða að þola bótalaust, að þeir séu bornir glæpsamlegum sökum, án þess að þeim sé einu sinni gefinn kostur á að verja sig. (**Forseti:** Hér hefur enginn maður verið borinn glæpsamlegum sökum.) Nei, en þetta hefur verið gert, herra forseti, bæði í Nd. og eins utan þings. Og mér hefur verið tjáð, að farið hafi verið fram á það á fundum fjhn. Alþingis, að n. kynntu sér rækilega þann áburð, sem borinn hefur verið á bankastjóra bankanna, n. gengju sjálfar úr skugga um, hvort þessi áburður ætti við eitthvað að styðjast eða hvort sakirnar væru upplognar frá rótum. Mér til mikillar undrunar er mér tjáð, að stjórnarliðar í fjhn. hafi neitað þessum vinnubrögðum, svo sjálfsögð sem þau eru. Ekkert sannar betur vantrú þeirra sjálfra á réttmæti sakaráburðarins. Þeir þora ekki að horfa upp á það, að sannleikurinn komi í ljós, en telja hina leiðina öruggari, að beita ofbeldisaðferðum kommúnista og knýja málið fram á þann hátt.

Hæstv. forseti þessarar d. er formaður fjhn. d. Ég ber mikið traust til hans sem réttsýns drengskaparmanns í hvívetna. Sjálfur er hann bankastjóri og sem betur fer ekki í tölu þeirra, sem bornir eru sökum hér, en hann ætti öðrum fremur að geta sett sig í spor starfsbræðra sinna, sem eru bornir glæpsamlegum sökum, án þess að þeir fái rönd við reist.

Ég skora eindregið á hæstv. forseta, að hann láti kveðja á fund fjhn. stjórnendur bankanna og fá hreinlega úr því skorið, í hverju á að vera *fólgin hin pólitíska misbeiting valds*, sem fulltrúar Sjálfstfl. eru sakaðir um. Ég trúi ekki, að hæstv. forseti synji um þetta.

Hæstv. ríkisstj. er svo liðsterk hér á Alþingi, að vitanlega getur hún knúið þetta mál fram. En hún á að ganga hreint til verks. Hún á að segja það hreint út, sem fyrir henni vakir með breytingunni, sem sé: Við förum með völdin í landinu, og þess vegna viljum við, að við höfum stjórn bankanna í okkar hendi. — Þetta er mergur málsins. Hitt er ósæmilegt, að ætla sér að knýja málið fram með lognum sökum á heiðvirða menn.

Það er svo annað mál, hversu heilbrigt það væri fyrir þróun peninga- og bankamálanna í landinu, ef þessari aðferð yrði beitt, að sá háttur yrði upp tekinn, að í hvert skipti, sem skipt væri um ríkisstjórn í landinu, skyldi skipta um stjórn bankanna. Ég hygg, að það *mundi ekki hafa traustvekjandi áhrif á bankana*, hvorki inn á við né út á við.

Ég vil að lokum fara nokkrum orðum um þau önnur atriði, sem eru látin fylgja með þessari höfuðbreytingu, sem er gerbreyting á stjórn bankanna. Það er annars vegar aðgreining seðlabankans frá viðskiptabankanum og hins vegar að gera Útvegsbankann að ríkisbanka.

Það er ekki nýtt mál að fá settan á fót sjálfstæðan seðlabanka. Ýmsir telja rétt að aðskilja seðlabanka frá viðskiptabankanum, gera hann sjálfstæðan og óháðan. En sú breyting,

sem hér er lagt til, að gerð verði, er hvorki fugl né fiskur.

Ef horfið væri að því að stofna sjálfstæðan seðlabanka, verður að setja um hann alveg sérstök lög og ganga þar rækilega frá. Þessi banki á ekki að vera verkfæri í höndum ríkisstj., eins og kommúnistar vilja vera láta. Þvert á móti, það þarf að tryggja sjálfstæði hans gagnvart ríkisstj. ekki síður en gagnvart viðskiptabönkunum. Það er þetta, sem þyrfti að gera. Hitt er fráleitt, ef pólitísk ríkisstj., ekki sízt stjórn, sem á allt sitt líf undir kommúnistum, á að ráða alveg stjórn bankamálanna.

Hitt aukaatriðið, sem fylgir þessum málum, að gera Útvegsbankann að ríkisbanka, tel ég í raun og veru ekki óeðlilegt. Þeir hlutir, sem einstaklingar eiga í bankanum, eru svo litlir, að þeirra gætir ekki að neinu leyti. Þessir menn voru á sínum tíma neyddir til að taka hlutabréf í bankanum, þegar herferðin var hér á árunum gerð á Íslandsbanka, og þeir eru ekki þarna hluthafar af því, að þeir hafi viljað stofna banka, þeir voru neyddir til þess. Og þar sem stjórnarflokkarnir hafa nú einu sinni sýnt af sér þá sanngirni, að þessir menn skuli fá greiðslu fyrir sín hlutabréf fullu verði, þá hef ég ekki fyrir mitt leyti neitt við það að athuga, að þetta verði gert.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta mál, en ég treysti því, að hæstv. forseti sýni þann drengskap að vinna að þessu máli þannig, að sannleikurinn komi í ljós.

Forseti (BSt): Út af ummælum hv. þm. V-Sk. (JK) og tilmælum til mín að hefja einhvers konar réttarrannsókn út af áburði á hv. bankastjóra í Landsbankanum og Útvegsbankanum vil ég taka það fram, að mér virðist, að það geti ekki verið mitt hlutverk sem forseta deildarinnar að skipta mér af öðru í þessu efni en því, sem fram kemur í d., og ég hef ekki heyrt enn sem komið er nein þau ummæli, sem aðfinnsluverð eru, í garð neinna manna hér, nema helzt nú hjá hv. þm. sjálfum til annarra manna en bankastjóranna. Ef hann, þegar hann beinir orðum sínum til mín, á við það, að ég er jafnframt formaður fjhn., þá er það að vísu annað mál, en ég vil benda honum á, að það er ekki enn búið að vísa frv. til fjhn. og liggur engin till. fyrir um, að svo sé gert.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég veitti því athygli, að hæstv. forsrh. óskaði ekki, að málinu yrði vísað til n. Ég leyfi mér að gera það að till. minni, að því verði vísað til fjhn., og það, sem ég beindi til hæstv. forseta þessarar d., var einmitt það, af því að hann er form. n., að hann rannsakaði málið. Hann þarf ekki að hafa mikið fyrir því, það nægir honum dagurinn í dag. Hann gæti kvatt til stjórnendur bankanna, bæði meiri hluta, sem er þar, og minni hluta, og fengið úr því skorið, hvar það er, sem misbeiting hefur farið fram. Það er þetta, sem ég óska eftir. Ég trúi því ekki, að hæstv. forseti hafi ekki lesið blöðin undanfarið og séð, hvernig sakir eru bornar á saklausa menn.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Hv. þm. V-Sk. hefur minnzt á nokkur atriði, og m. a. hefur hann minnzt á það, að bankastjórarnir í þessum bönkum, sem hann kallar fulltrúa Sjálfstfl., væru bornir sökum. Þar sem þetta er svar við þeirri ræðu, sem ég flutti hér við framsögu þessa máls, vil ég endurtaka það, sem í raun og veru hefur komið fram frá hæstv. forseta, að ég hef vitanlega ekki gefið neitt tilefni til, að þessi orð féllu hér. Ef ætti að rannsaka útlán í bönkunum, eins og stundum hefur verið gert í bönkum, sumpart hér, nokkur athugun í sambandi við gamla Íslandsbanka, sumpart annars staðar, þá kostar það hvorki meira né minna en að fá skrá yfir öll útlán bankans og leggja hana fyrir n. Og ég er ákaflega hræddur um, til að taka nú ekki dýpra í árinni, að það þætti dálítið einkennileg vinnuaðferð hér á Alþ. og næsta vafasöm, auk þess sem hún er ekki framkvæmanleg á stuttum tíma, ef væri snúið sér að þeirri vinnuaðferð að taka alla viðskiptaskrána og leggja hana fyrir n. hér á Alþ. Það þarf ekki að eyða neinum orðum að því, að það þætti vitanlega ekki við hæfi og væri það heldur ekki, og um réttmæti útlánanna er svo ekki hægt að ræða á Alþ. nema hafa nokkra daga umr. um útlánin í heild með tilgreindum persónum. Þess vegna hef ég vitanlega aldrei látið mér til hugar koma að nefna dæmi, þó að væri talað um að nefna dæmi, því að um leið er maður þar kominn inn á þann ís, sem er svo háll, að það þýðir að taka fyrir einstök fyrirtæki, fjölda fyrirtækja, ræða efnahag þeirra og loks lán þeirra í bönkunum og hvað þeim væri lánað vegna fjárhagsstyrkleika og af öðrum ástæðum. Þetta held ég að við þurfum nú ekki að ræða frekar. Það þarf allt annað að koma til um aðstæður banka heldur en breytingar á bankalöggjöf, til þess að þetta verði framkvæmt í fljótleik.

Ég ætla svo ekki, vegna þess að ég tel þess varla þörf og skil ekki í því, að menn haldi fast við það við nánari athugun, að ræða þetta mál.

En viðkomandi stjórn bankanna vil ég segja þetta: Það kom fram hér í ræðu hv. þm. V-Sk., að það ætti ekki að koma því á, að ríkisstjórnin réði yfir bönkunum og þar með bankapólitíkinni í landinu; það veitti ekki af að hafa stjórnir, sem veittu viðnám ríkisstj. Þessu var flokksbróðir hans í hv. Nd., hagfræðingurinn, sem þar situr af hálfu Sjálfstfl., algerlega ósammála. Hann tvítók eða þrítók, að það væri vitanlega alveg sjálfsagður hlutur, að stjórn bankanna færi eftir þeirri peningapólitík, sem ríkisstj. markaði á hverjum tíma, og ef það væri ekki gert, þá ætti ríkisstj. að láta bankastjórana fara. Ég tók þetta sérstaklega upp eftir honum í hv. Nd., og hann endurtók, að hann teldi það vitanlega sjálfsagt, og talar þar vitanlega sem reyndur maður og um leið sem hagfræðingur. Það er ekki hægt fyrir eina ríkisstj. að stjórna peningamálum eins þjóðfélags nema hafa um leið áhrif á bankapólitíkina í landinu. Og það er nú þannig um þetta búið í sambandi við öryggi þeirra manna, sem stjórna bönkunum, að bæði bankaráð og sá ráðh., sem fer með

bankamál, getur sagt öllum bankastjórunum upp nema í Útvegsbankanum, þar er hlutafélag, þar getur, eins og ég sagði í framsöguræðu minni, ráðh. ráðið með vissu millibili, hverjir þeir eru og hverjir koma og fara. En í sjálfum þjóðbankanum er það þannig, að bankaráðið, meiri hluti bankaráðs og sá ráðh., sem fer með bankamál, geta sagt bankastjórunum upp fyrirvaralaust með því að greiða þeim, ef ég man rétt, sex mánaða laun. Og þetta er vitanlega í samræmi við þá kenningu, sem kom fram af hálfu Sjálfstfl. frá þeim hagfræðingi, sem lenti í og talaði í hv. nefnd.

Þess vegna þurfum við nú ekki að ræða frekar um það atriði. Það er búið svona um löggjöfina nú þegar, að ríkisstj. hefur þetta vald, ekki aðeins bankaráð, heldur ríkisstj., og það er vitanlega í samræmi við það, sem er talið eðlilegt og nauðsynlegt, til þess að ríkisstj. geti ráðið peningapólitíkinni.

Fleira var það held ég ekki, sem ég þarf að taka fram. En það kemur í ljós af því, sem ég hef sagt, að þessi frv. eru vegna þess valds, sem núna liggur í höndum ríkisstj., engin ofsókn. Það er ekkert annað en vindhögg út í bláinn að fullyrða það, þegar þess er gætt, hvað bankastjórarnir eru lausráðnir núna.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur lagt til, að þessu frv. um Landsbanka Íslands verði ekki vísað til n. Ég verð að segja, að mig furðar mjög á þeim vinnubrögðum, sem ætlazt er til að hafa um slíkt mál.

Hér er um að ræða stofnun eða réttar sagt verulega skipulagsbreytingu varðandi seðlabanka landsins og löggjöf, sem breytir í verulegum atriðum núgildandi skipun á stjórn Landsbankans, sem verið hefur í gildi í nærri 30 ár.

Ég verð að lýsa furðu minni yfir því, að hæstv. ríkisstj. skuli ætla að knýja slíkt mál í gegnum þingið með þeim hætti, að því sé ekki einu sinni vísað til n. í þessari hv. deild.

Ég styð eindregið þá till., sem hv. þm. V-Sk. (JK) flutti hér, að frv. verði vísað til fjhn., og vitanlega hefur þingmeirihlutinn það algerlega í hendi sér að afgr. málið endanlega í tæka tíð, þó að sá sjálfsagði háttur verði á hafður um slíkt stórmál, að viðkomandi n. fái frv. til athugunar og meðferðar.

Annað atriði vildi ég aðeins minnast hér á. Það hefur verið látið liggja að því í orðum hæstv. forsrh. og komið greinilega fram frá ýmsum öðrum úr stjórnarherbúðunum, að ein af ástæðunum fyrir því, að gerbreyta þurfi yfirstjórn bankanna, sé, að Landsbankinn eða stjórn hans hafi ekki úthlutað lánum réttlátlega og megi margt gagnrýna í þeim efnum.

Ég vil aðeins vekja athygli á því út af ummælum hæstv. forsrh., að um margra ára skeið undanfarið hefur Framsfl. haft sinn fulltrúa í bankanum, bæði núverandi bankastjóra og þann, sem í hans sæti var áður, báða hina mætustu menn. Og ég ætla, að það hafi verið um langan aldur starfsregla í Landsbankanum, að hver bankastjóri hefði í framkvæmd synjunarvald, þannig að ekki væru veitt lán, nema þeir gætu allir á það fallizt. Þær ásakanir, sem hér eru bornar fram í garð bankastjórnarinnar, snerta því ekki síður þá bankastjóra, sem verið hafa fyrir Framsfl., tilnefndir af þeim flokki og valdir, heldur en aðra bankastjóra.

Ég vænti þess, að hv. meiri hl. hér í d. endurskoði þá afstöðu sína að ætla að víkja frá svo sjálfsögðum reglum og þeim, að slíkt stórmál fari til n., og fallist á, að fjhn. þessarar d. fái málið til meðferðar.

Forseti (BSt): Ég skal taka það fram út af þeim viðræðum, sem hér hafa orðið um það, hvort málið ætti að fara til n. eða ekki, að hæstv. forsrh. gat þess, sem mér er kunnugt um að er rétt, að fjhn. beggja d. unnu að athugun málsins. Þegar það var fyrir hv. Nd., voru haldnir þrír sameiginlegir fundir og einn þeirra a. m. k. mjög langur um það. Að öðru leyti vitanlega sker d. úr þessu atriði, en ekki ég.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Till. um að vísa frv. til fjhn. felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FÞ, GTh, JK, PZ, SÓÓ, AG, BSt.

nei: FRV, FS, HermJ, KK, SE, BjörgJ, BjörnJ.

3 þm. (EggÞ, JJós, SB) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það var farið fram á það af ríkisstj. í upphafi, að nefndirnar hefðu frá upphafi sömu aðstöðu í báðum d. til þess að rannsaka og fylgjast með málinu og héldu um það sameiginlega fundi. Fjhn. Ed. hefur því haft nákvæmlega sömu aðstöðu til að rannsaka málið og gera brtt. eins og n. í hv. Nd., þar sem þær hafa unnið að málinu sameiginlega. Þess vegna sé ég enga ástæðu til þess að vísa málinu aftur til n. og segi nei.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Við afgreiðslu þessa máls í sameiginlegum nefndum var það svo, að ég í forföllum aðalmanns í fjhn. Ed. átti þar sæti. Ég var þar á tveimur fundum. Á þessum tveimur fundum voru frv. lesin yfir, gerðar nokkrar athugasemdir og punktaðar niður. Meira var ekki gert í sameiginlegum nefndum. Síðan hygg ég að Nd.-nefndin hafi átt nokkuð marga fundi um málið og rætt það ýtarlegar en gert var á sameiginlegu fundunum, og nú hefur Nd.-nefndin gefið út nál., sem var útbýtt og mig minnir að hafi verið í tvennu lagi, n. hafi klofnað. Ég álít, að fjhn. þessarar hv. d. eigi mikið eftir að vinna í þessu máli, og þykir mér sjálfsagt að vísa því til n. og segi því já.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Það hafa komið fram ákveðin tilmæli um, að málinu yrði vísað í n., og ég sé ekki ástæðu til þess að ganga fram hjá þeim tilmælum og segi því já.

Á 111. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 112. fundi í Ed., 28. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Út af þeim umr., sem hér urðu í gær viðvíkjandi meðferð málsins, vildi ég upplýsa, eins og reyndar ég upplýsti í gær, en frá öðrum stað, að þann 20. maí var haldinn sameiginlegur fundur fjhn. beggja d. og þá rætt um frv. til l. um Landsbanka Íslands, og stendur í gerðabók: „Frv. athugað og borið saman við gildandi lög.“ Þá voru fjarverandi úr fjhn. þessarar hv. d. Gunnar Thoroddsen og Jóhann Þ. Jósefsson, sem báðir voru í útlöndum.

Ég átti svo tal við formann þingflokks Sjálfstfl. um það, að ég óskaði eftir, að fulltrúar frá honum tækju þátt í nefndarstörfum, og tilnefndi þá Sjálfstfl. þá Sigurð Bjarnason, hv. þm. N-Ísf., og Sigurð Ó. Ólafsson, hv. 2. þm. Árn.

Síðan var haldinn sameiginlegur fundur 21. s. m. og þessi mál þá rædd á þessum sameiginlega fundi, og síðan á fundi 22. maí voru þessi mál enn rædd.

Ég vil enn fremur geta þess, að þau atriði, sem brtt. voru gerðar um í Nd. á þskj. 608 og 636, eru árangur af þeim viðræðum, þó að till. væru ekki formaðar á þessum fundi. Sumar till. eru aðeins um að breyta tilvitnunum í gr., þannig að það var aðeins ritstjórnarverk í raun og veru og rætt um það á þessum fundum, að það þyrfti að gera.

Ég tel því, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, hafi í sjálfu sér fengið athugun í fjhn. d., og ég get lýst því yfir, að meiri hluti fjhn. var reiðubúinn til að mæla með því, að frv. yrði samþ. óbreytt.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég skil það mætavel, að hæstv. forseti þurfi að reyna að afsaka þá furðulegu meðferð, sem þetta mál hefur sætt hér í d. Því var í gær synjað af meiri hl. í d. að vísa þessu máli til n., og því er borið við, sem hæstv. forseti endurtekur hér, að báðar n. deildanna hafi átt að vinna saman að málinu. Síðan er upplýst og var upplýst í gær, að þessi vinna var sama og engin. Jú, frv. var lesið sameiginlega yfir, og hæstv. forseti nefndi hér, að n. hefðu komið þrisvar sinnum saman, held ég. Meira var það nú ekki. Og hæstv. forseti, sem er þingvanur, veit það, að ekki er mögulegt fyrir fjhn. Ed. að flytja brtt. við frv. í Nd.

En þótt svo hafi verið og sé rétt, að fjhn. beggja deilda hafi átt að vinna sameiginlega á frumstigi málsins, þá er þetta ekkert nýtt — meira að segja ekkert nýtt á þessu þingi, sem við sitjum nú á. Það er alveg fráleitt að ætla sér með því að útiloka nefndir deildanna að starfa að málinu. Ég skal nefna hér tvö mál, stórmál, sem hafa verið til meðferðar á þessu þingi og sætt nákvæmlega sömu meðferð. Annað málið er stóreignaskatturinn og hitt húsnæðislöggjöfin. Ég veit ekki betur en þar hafi verið nákvæmlega eins farið að. En var það til þess að útiloka nefndir deildanna til þess að vinna að málunum og koma með till. í þeim? Það veit ég ekki til, enda eru þetta fráleit vinnubrögð og ósæmandi Alþingi. Ég skil ekki í deildarmönnum að fara þannig að eins og þeir gerðu hér á fundi í gær.

Með þau stóru mál, sem ég nefndi, bæði stóreignaskatt og húsnæðislöggjöfina, þá er það rétt, að nefndir beggja deilda unnu sameiginlega á frumstigi málsins. Svo tóku deildarnefndirnar við, og þær báru hvor í sinni deild fram sínar brtt., skiluðu sínum álitum.

En í þessu máli, kannske alstærsta máli þingsins, er látið nægja að halda þrjá fundi, sem þessar samvinnunefndir hafa komið á, síðan ekki söguna meir.

Það er ekki í fyrsta skipti í sambandi við bankamálin, að í ljós kemur, að Framsfl. getur ekki sætt sig við settar leikreglur í þessum málum. Hann getur aldrei unað við leikreglur, sem settar hafa verið, nema hann sjálfur hafi þar einhverja sérstöðu, einhver sérstök hlunnindi fram yfir aðra. Hann þurfti að breyta bankalöggjöfinni 1928, af því að hann þóttist fara varhluta þá í þeim leikreglum, þó að bankalögin hafi að vísu þá ekki gilt nema eitt ár. Hann þurfti að breyta þeim og afnema bankaráðið, sem var skipað nákvæmlega á sama hátt og nú er lagt til að gert verði. Þá var sett á hin fjölskipaða Landsbankanefnd til þess að reyna að tryggja Framsfl. sterkari aðstöðu í bönkunum, ekki til nokkurs annars. Þetta vita hv. þm., svona var það. Og nú er svo komið, að valdaaðstaða Framsfl. er orðin veik aftur í bönkunum. Þá er að breyta til á ný. Framsókn þolir ekki að una leikreglum, nema hún hafi sérstöðu, hún þolir það ekki í nokkru máli. Og nú er tekið upp nákvæmlega sama fyrirkomulagið um kosningu í bankaráðið og fordæmt var á þinginu 1928.

Ég verð að segja, að mikið er haft fyrir því að tryggja Framsókn sérstöðu í bönkunum og koma kommúnistum inn í bankana.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Það er alger misskilningur hjá hv. þm. V-Sk. (JK), að forseti d. hafi nokkuð þurft að afsaka í sambandi við meðferð þessa máls. (**JK:** Hvað var forseti að lesa upp?) Forseti var ekki að tala hér. Ég talaði hér sem formaður fjhn. d. og vildi að gefnu tilefni gefa skýrslu um það, hvað fjhn. hefði unnið að þessu máli. Hafi hv. þm. átt við það, að ég hafi beitt einhverju forsetavaldi til þess að hindra, að þetta mál yrði sent til n., þá er það rangt, eins og allir hv. dm. vita.

Ummæli hv. þm. um það, að Framsfl. yndi aldrei öðru en að hafa sérstöðu, eru auðvitað töluð alveg út í hött, þegar um þetta mál er að ræða. Ég geri ekki ráð fyrir, að Framsfl., þó að þetta frv. verði að lögum, fái neina sérstöðu út af því eða nokkur yfirráð einn yfir Landsbankanum. Mér sýnist allt benda á það, að bankaráðið verði skipað sem næst því eins og styrkur þingflokkanna segir til um, og þarf ég ekki að svara slíku frekar.

Ég held, að hv. þm. hafi farið að ýmsu leyti rangt með það, sem hann sagði frá eldri tíma. Ég hef ekki nú nýskeð rannsakað það, en ég man ekki betur en að t. d. till. um bankanefndina væri sameiginleg till. frá fleirum en fram-

sóknarmönnum. Mig minnir, að t. d. Magnús Jónsson prófessor, sem þá var þm. Reykv., héldi einmitt ræðu, þar sem hann taldi, að það væri heppilegt að hafa þessa bankanefnd í staðinn fyrir að láta Alþingi kjósa bankaráðið, til þess að bankinn yrði síður pólitískur. Þetta átti að vera til þess að halda bankanum utan við pólitík. Þetta fullyrði ég ekki alveg, en mig minnir, að Magnús Jónsson talaði með þessu. En það hefur nú sýnt sig, að það er auðvitað alveg nákvæmlega sama að því leyti, hvort Alþ. kýs bankanefnd og bankanefndin svo aftur bankaráð eða bankaráðið er kosið beint af þinginu. Ég hef ekki vitað betur en að í bankanefndina væri kosið á Alþingi eftir pólitískum línum, hver flokkur tilnefndi sína fulltrúa í bankanefndina.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Við 1. umr. um þetta mál í gær var fellt með jöfnum atkvæðum að vísa málinu til fjhn. Nú gera þingsköp ráð fyrir því, að vísa megi máli til n. á hverju stigi þess, og vil ég leyfa mér að gera það að till. minni, að málinu verði nú vísað til fjhn.

Eins og ég tók fram hér lítillega í gær, tel ég það óverjandi vinnubrögð að ætla að hespa málið í gegnum þessa hv. d., án þess að því sé formlega vísað til n., þó að það sé rétt, sem hæstv. forsrh. og hæstv. forseti þessarar d. hafa tekið fram, að fjhn.-menn úr Ed. væru á fundum með Nd.-nefndinni. Það hefur oft skeð áður um önnur mál og þótt engu að síður sjálfsagt, þegar málið kom til síðari d., að því væri formlega til n. þar vísað, enda hafa nm. í fjhn. Ed. ekki haft neina aðstöðu til þess að marka brtt., sem þeir kynnu að vilja fram bera.

Ég tel því meiri nauðsyn, að málið fari til n. hér, þar sem margir ágallar eru á frv. og það er bersýnilegt öllum, sem hafa farið í gegnum það, að mjög hefur verið kastað höndum til undirbúnings þess.

Að vísu er það svo, að með nokkrum brtt. í Nd. hafa nokkrir gallar verið sniðnir af, en þó skortir mjög á, að frv. sé komið í það horf, sem það þyrfti að vera til þess að afgr. það sem lög frá Alþingi.

Ég skal ekki fara að telja hér upp á þessu stigi ýmis þau atriði, sem þyrfti að breyta. Ég skal nefna það m. a., sem kannske er þó ekkert höfuðatriði, en er þó visst atriði, vegna þess hve þjóðbankinn hefur mikil viðskipti út á við gagnvart öðrum löndum, að það virðist heldur óljóst, hver eigi að vera heiti þessara banka eða bankadeilda. Hvað á t. d. seðlabankinn að heita? Mér skilst helzt, eftir að ég hef lesið frv., að nafn hans eigi að vera: Landsbanki Íslands, Seðlabanki Íslands, e. t. v. Landsbanki Íslands, seðlabankinn. Ég held, að það ætti með svolitilli athugun að mega finna heppilegra heiti á þessum banka, sem verður okkar aðalbanki út á við.

Heitið á viðskiptabankanum verður einnig ákaflega undarlegt, eftir því sem hægt er að ráða af frv.

Þetta er aðeins eitt lítið atriði, en það eru fjölmörg önnur atriði í þessu frv., sem ég teldi sjálfsagt að lagfæra, og sum, sem eru óljós og geta mjög orkað tvímælis.

Ég skal ekki fara út í þetta frekar að sinni. Ég vænti þess, að hv. þd. geti fallizt á að vísa málinu til fjhn. Till. um að vísa frv. til fjhn. er hægt að bera upp, áður en umr. er slitið. En ef till. yrði felld um að vísa því til n., þá vil ég fara fram á, að umr. sé frestað til morguns, til þess að unnt verði að semja og koma á framfæri brtt. við frv.

Forsrh. (Hermann Jónasson): *Herra forseti.* Það hefur nú verið gerð grein fyrir því hér og þarf ekki að endurtaka þá grg., hvernig vinnubrögðum hefur verið háttað í n. viðkomandi athugun þessa frv., og þessi háttur hefur verið hafður á um fleiri mál og það á þessu þingi, því að vitanlega fá n. úr báðum d. sömu aðstöðu til þess að athuga málið með þessum vinnubrögðum og hefur ekki þótt aðfinnsluvert, þegar hún hefur verið viðhöfð undir öðrum kringumstæðum.

Nú er það einnig svo, að meiri hl., sem stendur að þessu máli, hefur verið sammála í hinum sameiginlegu nefndum um frv. eins og þau liggja fyrir. Það liggur í augum uppi, að ef stjórnarandstaðan hefur ýmislegt við þessi frv. að athuga, þá var fyrst og fremst auðvelt að koma fram þeim aths. í hv. Nd.

Ég hef ekki orðið var við brtt., sem hafa komið fram við frv. í Nd., en málið hefur, eins og hér var rakið, legið fyrir þinginu þó þennan tíma og verið nægur tími til þess og meira en það að koma fram með slíkar brtt., ef það væri það, sem vekti fyrir hv. þm. Sjálfstfl.

Það er þess vegna einkennilegt, að á síðasta stigi, þegar á að fara að slíta þingi, og við vitum, að tíminn er orðinn mjög naumur, eftir athugun í n. og eftir að málið hefur verið athugað í Nd. og þeir, sem starfa hér í þessari d., hafa að sjálfsögðu haft sams konar aðstöðu til þess að athuga málið, þá kemur allt í einu fram þessi áhugi að vísa málinu til n., rétt eins og það sé þannig, að stjórnarandstaðan eða þm. Sjálfstfl. hafi ekki haft síðan í gær möguleika til þess, það er þó einn sólarhringur til viðbótar. Ef þeir hafa haft mikinn áhuga fyrir því að koma með brtt., gátu þeir vitanlega formað þær brtt., þótt málið kæmi ekki fyrir n. Það hefur engum tíma eytt fyrir þeim til athugunar á málinu og til þess að koma fram með brtt.

Það er þess vegna auðsætt mál, að ef ætti að vísa málinu til n., þá er það ný töf og líkur til þess, að þingstörfin tefjist verulega við það. *Ég sé þess vegna enga ástæðu til þess að verða* við þessari ósk, — hvort það verður frestað fundi eða ekki, það læt ég alveg afskiptalaust, ef það er aðeins stuttur tími, en bendi á það enn og aftur, að síðan í gær og reyndar allar götur síðan frv. var lagt fram hér á Alþingi hafa þessir hv. þm. haft aðstöðu til þess að vinna að sínum brtt. og koma fram með þær.

Það verður að reyna að leita samkomulags við stjórnarandstöðuna um að reyna að ljúka þinginu á morgun. Ég veit ekki, hvort það tekst, það hafa ekki komið svör um það enn þá. En að öllu forfallalausu verða þingslit næsta föstu-

dag, og þá sjá menn, að það er ekki mikill tími til þess að athuga málið í n., samanborið við þann athugunartíma, sem hefur verið til staðar fyrir alla þm. til þess að athuga málið og koma fram með brtt.

Ég er þess vegna andvígur því, að málinu sé vísað til n. nú á þessu stigi.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. 1. umr. þessa máls lauk klukkan eitthvað tæplega þrjú, að mig minnir, í gær, a. m. k. var það alllöngu fyrir venjuleg fundarlok. Ef frv. hefði þá verið vísað til n., hefði samstundis verið haldinn fundur í fjhn., því að eins og hv. nm. vita, var ég búinn að boða nefndarfund að loknum deildarfundi, og ég geri ráð fyrir, að þá hefði 2. umr. um málið farið fram nú, eins og nú er. Það hefði aðeins legið fyrir nál.

En að fara að vísa frv. nú til n. og væntanlega þá tveimur næstu málum á dagskrá einnig, mundi áreiðanlega tefja málin a. m. k. um dag og þar með þinglok.

Að sjálfsögðu verður þessi till. borin upp, og d. sker úr því, hvort hún vill fara nú að vísa málinu til n. En ég álít, að hún hefði þá heldur átt að gera það í gær, ef hún vill fara að vísa því nú til n., því að ég hygg, að þótt það hefði verið gert í gær, þá hefði það, eins og ég sagði, ekki tafið málið mjög mikið.

Það gætir nokkurs misskilnings í ræðum manna um meðferð annarra mála, sem hér hafa verið fyrir Alþ. Heilbr.- og félmn. deildanna unnu víst saman að húsnæðismálafrv., en því var vísað til n. samt sem áður í báðum d. Aftur á móti er það ekki rétt að því er snertir frv. um stóreignaskatt. N. unnu ekki saman að því máli, a. m. k. ekki neitt að ráði, og gekk það til hvorrar n. fyrir sig. Þetta hefur misskilizt af mörgum, því að ég man eftir því, að í blaði einu er það haft eftir mér sem frsm., að ég hafi sagt hér í þingræðu, að n. hefðu unnið saman að frv. um stóreignaskatt. Það sagði ég ekki, enda var það ekki gert.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:4 atkv.
2.—28. gr. samþ. með 11:3 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:5 atkv.
Till. um að vísa frv. til fjhn. felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SB, SÓÓ, FÞ, GTh, JK, PZ.
nei: SE, AG, BjörgJ, BjörnJ, FRV, FS, EggÞ, HermJ, KK.
BSt greiddi ekki atkv.
1 þm. (JJós) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Bernharð Stefánsson: Ég hefði talið það rétt í gær að vísa frv. til n. og álít, að það út af fyrir sig hefði ekki tafið málið. En úr því sem komið er, sé ég ekki ástæðu til að halda því til streitu og greiði ekki atkvæði.

Á 113. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:5 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 676).

---

41. Útvegsbanki Íslands.

Á 99. fundi í Nd., 17. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um Útvegsbanka Íslands [178. mál] (stjfrv., A. 554).

Á 100. fundi í Nd., 18. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það hefur verið hafður sá háttur á að ræða þessi mál öll í einu lagi, eins og ekki er óeðlilegt. Ég læt þess vegna nægja að vísa til þeirra umr. og þeirrar framsögu, sem ég hef haft fyrir þessu máli, og óska eftir, að því verði vísað til fjhn. að lokinni þessari umr.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. um þetta, og eins og hæstv. forsrh. sagði, þá hafa bankamálin verið rædd öll sameiginlega að undanförnu. Ég kvaddi mér aðeins hljóðs vegna þess, að ég gerði beina fyrirspurn um það hér áðan varðandi efnishlið málsins, sem talið var að ég hefði misskilið, að ákvæði væri í frv. og grg. um, að það féllu niður umboð bankastjóra Útvegsbankans. Ég bað um, að mér yrði bent á það, og það var ekki gert. Ég held, að það sé óhætt að fullyrða það nú, að ég þarf ekki að biðja afsökunar á því, að ég hafi misskilið málið, heldur hefur ekki verið á þetta bent, af því að þetta stendur hvorki í greinum frv. né í grg., svo að það mun í þessu sambandi hafa verið algerlega rétt, sem ég hélt fram.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég hafði svarað þessu áður. Ég taldi, þar sem Útvegsbankanum er breytt úr hlutafélagi og einkabanka og í ríkisbanka, þá leiði þetta af sjálfu sér.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 105. fundi í Nd., 24. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 554, n. 616 og 624).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í þeim tveimur nál., sem fyrir liggja um þetta frv., varð ekki samkomulag í fjhn. um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. hefur lagt fram álit og brtt. á

þskj. 616. Er það till. meiri hl., að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem þar eru fram bornar, og vil ég gera nokkra grein fyrir þeim brtt.

1. brtt., við 5. gr., er aðeins breyting á orðalagi, en engin efnisbreyting.

Um þrjár næstu brtt., 2., 3. og 4., er það að segja, að það er aðeins leiðrétting á nafni Fiskveiðasjóðs Íslands, sem hefur misprentazt í frv.

5. brtt. er við 14. gr. frv. Í gr. segir, að bankaráðsmenn skuli allir vera búsettir í Rvík eða svo nálægt Rvík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er. En nefndin leggur til, að þetta verði þannig orðað, að bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skuli vera búsettir í Rvík eða svo nálægt Rvík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er. Er þetta í samræmi við þá brtt., sem meiri hl. fjhn. flutti við frv. um Landsbankann, sem samþykkt var nú áður á þessum sama fundi.

6. brtt. er við 23. gr. Í síðari mgr. þeirrar gr. segir, að endurskoðendur skuli gefa skýrslu til stjórnarráðs, en n. leggur til, að þeim verði einnig gert að skyldu að gefa skýrslu til bankaráðsins.

7. brtt. er við 39. gr. frv., en efni þeirrar gr. er að nokkru leyti í till. n. flutt í ákvæði til bráðabirgða. Meiri hl. n. leggur til, að þessi grein orðist þannig: „Umboð fulltrúaráðs og framkvæmdastjórnar Útvegsbanka Íslands h/f fellur niður, um leið og hlutafélagið hættir störfum, en fráfarandi bankastjórar eiga sama rétt á hendur hinum nýja banka, sbr. 37. gr., sem þeir hefðu átt á hendur Útvegsbanka Íslands h/f, ef stöður þeirra hefðu verið lagðar niður.“

8. brtt. er við 41. gr. og er aðeins leiðrétting. Það eru talin upp þar nokkur lög, sem sett hafa verið á liðnum tíma viðkomandi Útvegsbanka Íslands h/f, en eiga að falla úr gildi, um leið og þetta frv. verður samþykkt, auk hinna upphaflegu laga um hlutafélagið, sem eru frá 11. marz 1930.

Síðasta brtt. er um það, að á eftir 41. gr. komi ákvæði til bráðabirgða, og er þar kveðið á um starfstímabil bankaráðsmanna, sem kosnir verða og skipaðir í fyrsta sinn, eftir að frv. þetta hefur verið samþykkt á Alþingi. Segir í brtt., að starfstímabil bankaráðsmannanna skuli verða til ársloka 1961, en skipun formanns og varaformanns, sem ríkisstj. skipar í fyrsta sinn samkvæmt lögunum, skuli gilda til ársloka 1962, og síðan ákvæði um það, að hið nýkjörna bankaráð taki við yfirstjórn bankans, um leið og hann tekur til starfa sem sérstök ríkisstofnun, en þetta er nú í 39. gr. frv., sem ég hef áður minnzt á.

Fleiri brtt. liggja ekki fyrir frá meiri hl. nú, en eins og segir í nál., áskilur meiri hl. sér rétt til að flytja brtt. til viðbótar við 3. umr. Er það mál enn í athugun.

Frsm. minni hl. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþykkt. Ég og hv. 5. þm. Reykv. leggjum til, að frv. verði fellt.

Það má segja, að í þessu frv. felist aðallega tvær veigamiklar breytingar á núgildandi löggjöf um Útvegsbanka Íslands h/f. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir þeirri formsbreytingu, að Útvegsbanki Íslands skuli breytast úr hlutafélagi í ríkisbanka. Út af fyrir sig er sú breyting ekki óeðlileg, þar sem bankinn hefur í raun og veru starfað eins og ríkisbanki, enda er langsamlega mestur hluti hlutafjárins í eigu ríkisins. Eftir grg. frv. munu 4.20% af hlutafénu vera í einkaeign, bankinn á sjálfur 8.11%, og afganginn, 87.69%, á ríkið. Í frv. er gert ráð fyrir eignarnámi á hlutabréfum einstaklinganna, enda komi fyrir fullar bætur. Í frv. er gert ráð fyrir, að sérstök matsnefnd, tilnefnd af hæstarétti, framkvæmi matið á bréfunum.

Þá er það önnur breytingin á lögunum, sem er meginástæðan fyrir flutningi þess, að umboð núv. bankastjóra og bankaráðs á að falla niður. Það er ljóst af forsögu þessa máls, að aðalástæðan fyrir flutningi málsins er sú, að núverandi stjórnarflokkar hafa komið sér saman um að bola þeim mönnum, sem stjórnað hafa Útvegsbankanum að undanförnu, frá áhrifum í bankanum. Fyrir síðustu kosningar héldu þessir flokkar því fram, að það þyrfti að gera margvíslegar breytingar á bankalöggjöfinni og þá sérstaklega þannig, að hægt væri að koma sjálfstæðismönnum úr bankastjórastöðum og úr bankaráði. Að vísu var þó ekki bent á verulegar misfellur í stjórn bankanna, og eftir því sem mér hefur skilizt í þeim umræðum, sem hér hafa farið fram, og ekki sízt í umræðunum um frv. um breyt. á landsbankalögunum, hefur enn þá ekki verið bent á neinar misfellur.

Það má segja, að forsendan fyrir þeim þremur frv. um breytingar á bankalöggjöfinni sé sú sama, sem sé að það á að yfirfæra valdið í þessum lánsstofnunum yfir til nýrra og annarra aðila.

Við, sem stöndum að áliti minni hlutans, teljum, að þessi ástæða sé ekki nógu rík til þess, að rétt sé að breyta því formi, sem verið hefur á bankalöggjöfinni fram til þessa. Við viljum ekki viðurkenna þær ásakanir, sem fram hafa komið á stjórn bankanna, og í umr. hér áðan var þess krafizt af þingmönnum, að bent yrði á ákveðin dæmi, og það hefur ekki verið gert fram til þessa. Sjálfstæðismenn treysta þeim mönnum, sem stjórnað hafa málefnum Útvegsbankans, og telja, að það sé engin ástæða til þess að fara að samþykkja nýja löggjöf eingöngu til þess eins, að nýir menn komist þar til áhrifa og valda.

Í umr. um frv. um breyt. á landsbankalögunum hefur það komið fram og kemur raunar fram í grg. fyrir báðum þeim frv., sem legið hafa fyrir, að ríkisvaldið eða sú stjórn, sem situr að völdum, þurfi að hafa sterk og mikil ítök í stjórn bankanna, þannig að sú peningapólitík, sem ríkisstj. rekur hverju sinni, finni náð fyrir augum þeirra manna, sem á sama tíma stjórna bankamálunum.

Það hlýtur að vera hverjum manni ljóst, að það er ekki hægt að stjórna bönkunum nema

í fullu samræmi eða samráði a. m. k. við þá pólitík í efnahagsmálunum, sem ríkisstj. rekur, og ég held, að flestir séu á einu máli um það, að á undanförnum árum hafi ekki orðið neinir verulegir árekstrar á milli bankanna og þeirra ríkisstjórna, sem setið hafa að völdum.

Ég tel ástæðu til þess að benda á það, að í augum margra manna og ekki síst þeirra, sem koma mjög mikið nálægt efnahagsmálunum og hafa bein afskipti af peningamálum þjóðarinnar, er það varhugavert, að bankarnir eigi í einu og öllu að lúta valdboði þeirrar ríkisstj., sem hverju sinni situr. Ég held, að það muni einmitt verða til þess að auka traust lánsstofnananna og verða til þess að efla sparifjármyndunina í landinu, ef fólkið, sem á peninga í bönkunum, veit, að þeim er stjórnað fyrst og fremst með hag bankanna fyrir augum. — Ég vildi gjarnan, að þetta kæmi fram í sambandi við umr

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð mín öllu fleiri. Í umr. um landsbankafrv. kom fram greinilega sjónarmið okkar sjálfstæðismanna, og það væri endurtekning á því, sem sagt hefur verið í því máli, ef ég færi núna við flutning þessa máls að rifja það allt saman upp aftur. En af þeirri ástæðu, sem ég greindi áðan, leggur minni hl. til, að þetta frv. verði fellt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15:5 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 16:2 atkv.
Brtt. 616,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
6.—10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 616,2—4 samþ. án atkvgr.
11.—12. gr., svo breyttar, samþ. með 18 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 616,5 samþ. með 18 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
15.—22. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 616,6 samþ. með 18 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
25.—30. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
31.—38. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 616,7 (ný 39. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
40. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 616,8 samþ. með 18 shlj. atkv.
41. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 616,9 (nýtt brbákv.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:1 atkv.

Á 107. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 631, 637).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Fjhn. ber fram á þskj. 637 brtt. við frv. Sú fyrri er við 16. gr. Í fyrsta lagi er þar till. um að bæta inn einu orði í 4. málsgr., þar segir: „Eftirlaun mega þó aldrei vera hærri en þeir starfsmenn bankans fá hæst, sem eftirlauna njóta úr eftirlaunasjóði starfsmanna bankans.“ Það er lagt til, að þarna bætist inn á undan orðinu „hærri“: hlutfallslega. Og b-liðurinn er um umorðun á síðustu málsgr. greinarinnar viðkomandi heimild bankaráðs til að ákveða eftirlaun fyrir þá starfsmenn, sem bankaráðið ræður sérstaklega.

Síðari brtt. er við 18. gr. og er um umorðun á fyrirmælum greinarinnar um eftirlit bankaráðsmanna með rekstri bankans. Með þessari brtt. er ákvæðið orðað eins og það er í frv. um Landsbankann, sem hér var verið að afgreiða nú rétt áðan.

ATKVGR.
Brtt. 637,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 637,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17:6 atkv. og afgr. til Ed.

Á 110. fundi í Ed., 27. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 643).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég leyfi mér að vísa til framsöguræðu minnar um frv. um Landsbanka Íslands og óska eftir, að málinu verði vísað til 2. umr. Í því sambandi gildir það sama og með landsbankafrv. Það átti að vinna að því í n. sameiginlega, og ég sneri mér til formanna n. og bað þá að sjá um, að það yrði gert. Ég óska þess vegna eftir, að málinu verði vísað til 2. umr. án nefnda, þar sem það er búið að vera í nefnd hér í deildinni.

Forseti (BSt): Út af því, sem hæstv. forsrh. sagði, vil ég taka það fram, að þetta er rétt. Hann sneri sér til formanna nefndanna og óskaði eftir, að þær ynnu saman að athugun þessa máls, og það gerðu þær á þrem fundum, þó að hv. 2. þm. Árn. af einhverjum ástæðum væri ekki nema á tveimur. Einn þessara funda stóð mjög lengi, og öll athugun málsins fór fram á þessum sameiginlega fundi, en að sjálfsögðu hafði fjhn. Nd. úrslitavald um það, hvaða till. voru bornar fram í Nd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.
Fellt að vísa frv. til fjhn. með 8:5 atkv.

Á 111. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 112. fundi í Ed., 28. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
6.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

11.—12. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
13.—24. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
25.—30. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
31.—38. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
39.—41. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:4 atkv.

Á 113. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:5 atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 677).

---

42. Framkvæmdabanki Íslands.

Á 99. fundi í Nd., 17. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 17 frá 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands [179. mál] (stjfrv., A. 555).

Á 100. fundi í Nd., 18. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það gildir það sama um þetta mál og það, sem við vorum nú að afgreiða. Ég vísa til umr., sem hafa átt sér stað í þessari hv. deild, og þeirrar framsögu, sem ég hef haft, og óska eftir, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 106. fundi í Nd., 24. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 555, n. 621 og 625).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Meiri hl. fjhn. hefur skilað áliti um þetta frv. á þskj. 621 og leggur þar til, að frv. verði samþykkt með breytingum, sem till. eru fluttar um á þessu þskj. Meiri hl. leggur til, að 3. gr. frv. falli niður, en í stað hennar komi ákvæði til bráðabirgða, þar sem efni þeirrar gr. verði upp tekið. Er þetta í samræmi við þær brtt., sem meiri hl. fjhn. hefur flutt við frv. um breytingu á landsbankalögunum og um Útvegsbanka Íslands.
Þá er einnig í þessu bráðabirgðaákvæði samkvæmt till. meiri hl. ákvæði um það, að starfstímabil bankaráðsmanna, sem kosnir verða af Alþingi og skipaðir af ráðh. í fyrsta sinn eftir samþykkt þessara laga, skuli vera til ársloka 1963. Í 2. gr. frv. segir, að þeir skuli kosnir og skipaðir til 6 ára.

Frsm. minni hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Í nál. minni hl. kemur það fram, að við teljum þetta frv. ástæðulaust og leggjum til, að það verði fellt, og skal ég ekki hafa um það fleiri orð, en vísa að öðru leyti til þeirra umræðna, sem fram hafa farið um bankamálin.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:3 atkv.
2. gr. samþ. með 16:3 atkv.
Brtt. 621,1 (3. gr. falli niður) samþ. með 16:3 atkv.
4. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 17:1 atkv.
Brtt. 621,2 (nýtt brbákv.) samþ. með 17:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:4 atkv.

Á 109. fundi í Nd., 27. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 632).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 110. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 111. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Eins og þetta frv. ber með sér, er það fært til samræmis við frv. um hina bankana og gert ráð fyrir því, að 5 manna bankaráð sé kosið þannig, að fjórir þeirra eru kosnir hlutbundinni kosningu á Alþingi og fimmta manninn skipar fjmrh. til jafnlangs tíma. Þetta frávik með það, að fjmrh. skipi bankaráðsformanninn, er vegna þess, að það er ætlazt til þess og hefur verið svo, að Framkvæmdabankinn sé til ráðuneytis um fjárfestingar fyrir fjmrn., og einnig hefur þar verið, eins og hv. alþm. er kunnugt, settur upp vísir til hagdeildar, sem fjmrn. hefur haft til samráðs. Einnig hefur þessi banki verið að því leyti tengdur og tengdari fjmrn. en aðrir bankar, að gegnum hann hafa verið útveguð og eru útveguð erlend lán, enda er tekið fram í 1. gr., að sú heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast lán, sem bankinn tekur, er hækkuð, svo sem 1. gr. ber með sér. Ég býst ekki við að þurfa að skýra það frekar. Það er ekki venja, að viðskiptabankarnir taki lán fyrir ríkisstj., og ekki er það heldur venja hér né annars staðar, að seðlabankarnir annist slíka fyrirgreiðslu. Af þessum ástæðum er formaðurinn skipaður af fjmrh., ef þetta frv. verður að lögum. — Ég óska svo eftir, að þessu máli verði vísað til 2. umr. að loknum þessum umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.
Fellt að vísa málinu til fjhn. með 8:4 atkv.

Á 112. fundi í Ed., 28. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 113. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:2 atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 678).

---

43. Eyðing refa og minka.

Á 49. fundi í Sþ., 3. apríl, var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um eyðingu refa og minka** [148. mál] (stjfrv., A. 394).

Á 82. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Þetta mál er svo síðbúið vegna þess, að nefnd, sem hafði málið til meðferðar, þurfti fyrst og fremst að vinna að málinu, en síðan var, eftir að hún hafði lokið störfum, beðið eftir því, að búnaðarþing liti á málið og gæfi sína umsögn um það. Það er nýlega komið frá Búnaðarfélaginu, og undireins og það kom þaðan, var það búið undir prentun til þess að leggja það fyrir þessa hv. deild.

Þau eru tildrög þessa máls fyrst og fremst, að 22. marz 1956 var samþykkt þáltill., svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa í samráði við búnaðar- og bændasamtökin í landinu þriggja manna nefnd til að gera till. um skipulagðar og samræmdar aðgerðir um land allt í því skyni að vinna að útrýmingu refa og minka, með þeim aðferðum og á þann hátt, sem nefndin telur vænlegast til árangurs á sem skemmstum tíma. N. hafi samband við sýslunefndir og kynni sér álit þeirra manna, sem mest hafa unnið að eyðingu dýranna hér á landi, og afli sér upplýsingar um útrýmingaraðferðir erlendis. Álit n. og till. leggist fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Það var í samræmi við þessa þál., að eftirtaldir menn voru með bréfi landbrn., dags. 27. júlí, skipaðir í nefnd til að fjalla um þessi mál: Andrés Eyjólfsson fyrrv. alþm., samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda, Páll Zóphóníasson alþm., samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, og Páll A. Pálsson dýralæknir, án tilnefningar.

Nefndin hefur samið þetta frv., og þar sem ég geri ráð fyrir því, að hv. þd. og Alþingi telji æskilegt, að þetta mál nái nú fram að ganga á þessu þingi, mun ég strax í byrjun reifa það nokkuð við þessa umr.

Það, sem er gert ráð fyrir í þessu frv., er, að sérfróður maður, veiðistjóri, verði skipaður til þess að hafa yfirstjórn þeirra mála, er lúta að eyðingu refa og minka, en auk þess skal hann hafa með höndum leiðbeiningar fyrir þá, er veiðar þessar stunda, halda námskeið fyrir veiðimenn, eftir því sem við verður komið, og auka þannig hæfni þeirra, sjá um, að hentug áhöld séu ávallt tiltæk í landinu, gera tilraunir með nýjar vinnsluaðferðir og aðhæfa íslenzkum staðháttum þær erlendu veiðiaðferðir, sem líklegar þykja til árangurs. Þá er til þess ætlazt, að veiðistjóri afli sér eins fullkominna upplýsinga og unnt er um stærð og útbreiðslu minka- og refastofnsins, svo að unnt sé að fylgjast nákvæmlega með því, hvort baráttan gegn vargdýrum þessum ber tilætlaðan árangur. Ef unnt reynist að fá til þessa starfa vel menntaðan og ötulan og einbeittan mann, telur nefndin, að takast megi að koma framkvæmd þessara mála í stórum betra horf en nú er og gera allar aðgerðir virkari og kostnaðarminni.

Þess má geta hér, að í öllum nágrannalöndum okkar munu hagnýtar dýrafræðirannsóknir vera í höndum sérstakra stofnana, þar sem vinna sérmenntaðir dýrafræðingar. Heyra eyðing og vinnsla vargdýra og tilraunir oft undir þessar stofnanir. Ef til vill væri eðlilegt, að ýmis önnur mál, engu veigaminni en eyðing refa og minka, væru, er fram líða stundir, einnig látin heyra undir veiðistjóra, t. d. rannsóknir, er lúta að nytjum hlunninda ýmiss konar, svo sem selveiða, fuglaveiða, og nytjun bjargfugls, æðarvarp o. s. frv. Á öllum þessum sviðum bíða mörg óleyst fræðileg verkefni, og hingað til hefur þeim eigi verið sinnt sem skyldi, þar sem dýrafræðingar þeir, sem hér starfa og hafa starfað, hafa haft ýmsum öðrum verkefnum að sinna. Ýtarleg þekking, er byggist á fræðilegum athugunum, er skilyrði þess, að hlunnindi þau, er ég nefndi áðan, rýrni ekki eða hverfi með öllu. Þetta hafa nú flestar nágrannaþjóðir okkar löngu séð og viðurkennt, og hafa hagnýtar dýrafræðirannsóknir verið stundaðar þar um langt árabil. Væri ekki ólíklegt, að starf veiðistjóra væri upphaf að slíkum hagnýtum dýrafræðirannsóknum hér á landi.

Með ákvæði 5. gr. frv. er lögð meiri áherzla á skipulagða leit og útrýmingu minka en verið hefur, þar sem frv. gerir ráð fyrir skipulögðum leitum tvisvar á ári hverju.

Þrátt fyrir það, að mikið hefur verið ritað og rætt undanfarin ár um útbreiðslu minksins og tjón það, sem hann veldur, sem er sannarlega ekki ofsögum af sagt, hefur enn ekki komizt á skipulegt, samstillt útrýmingarstarf á vargi þessum, heldur hafa menn, er minkaveiðar stunda, mest unnið hver fyrir sig, að vísu oft með góðum árangri, en skort hefur tilfinnanlega heildaryfirsýn og skipulag í þessari baráttu. Þessu er nú ætlað að koma í lag með þessu frv.

Í frv. er gert ráð fyrir, að eitra skuli árlega fyrir refi og minka á sama hátt og gert er ráð fyrir í gildandi lögum, en jafnframt er þó á það bent, að nauðsynlegt sé að taka upp hentugri og hættuminni og virkari eitrunaraðferðir en nú eru notaðar. Sú aðferð, sem nú er almennt notuð hér á landi, notkun stryknin-nitrats, mun yfirleitt ekki lengur notuð í þeim löndum, þar sem eitrun er leyfð, þar sem talið er, að ýmsar aðrar útrýmingaraðferðir séu bæði heppilegri og vænlegri til árangurs. Nefndin bendir á, að á þessu sviði megi án efa læra margt af reynslu annarra þjóða.

Gert er ráð fyrir, að eitrað sé eingöngu samkv. fyrirsögn veiðistjóra og að eitur sé eingöngu afhent samkvæmt nánari fyrirmælum heilbrmrn. og landbrn., til þess að fyrirbyggt sé, svo sem frekast er kostur, að slys hljótist af eitruninni.

Þá vil ég minnast á fjórða atriðið, að verðlaun fyrir unnin dýr eru hækkuð nokkuð frá því, sem nú er, eða fyrir refi úr 180 kr. upp í 250 kr. og fyrir mink úr 90 kr. upp í 125. Hækkun verðlauna mun án efa örva nokkuð veiðarnar, einkum þær, sem ekki þarf að fara langan veg til þess að stunda.

Þá er það í fimmta lagi, að með ákvæðum 12. gr. frv. er óheimilt að greiða útlagðan kostnað vegna refaveiða, nema jafnframt sé afhent nákvæm skýrsla um veiðarnar og árangur þeirra. Hingað til hefur ekki reynzt mögulegt að fá neina heildarsýn yfir árangur af refaveiðum í landinu vegna þess, hve lögskipaðar skýrslur hafa heimzt illa. Með þessu nýja ákvæði er gerð tilraun til þess að bæta úr þeim anmarka, sem er á núgildandi löggjöf varðandi þetta þýðingarmikla atriði.

Loks er ákvæði um skiptingu kostnaðar breytt nokkuð frá því, sem nú er. Samkvæmt gildandi löggjöf greiða hreppar ⅓ kostnaðar við eyðingu refa, sýslan ⅓ hluta og ríkið ⅓ hluta. Með ákvæðum 13. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir því, að skipting kostnaðar verði þannig, að hrepparnir greiði ⅙, sýslusjóðir ⅙ og ríkið ⅔ hluta kostnaðar við refa- og minkaveiðar.

Svo eru ýmis þýðingarminni ákvæði, sem ég sé ekki ástæðu til þess að rekja. Ég hef rakið, held ég, aðalatriðin, og ég vil þá jafnframt nota tækifærið til þess að þakka þeirri nefnd, sem vann að þessu máli og hefur gert það, að ég hygg, með mikilli kostgæfni. Og eins og ég sagði í upphafi máls míns, geri ég ráð fyrir, að Alþingi óski eftir að afgreiða þetta mál nú. Það er það vel undirbúið, að það ætti að vera hægt, þó að það komi svona seint fram, því að aðgerðir í þessu máli mega alls ekki bíða. Við sjáum það, að minkurinn er nú kominn nálægt þeim svæðum, sem eru alveg sérstæð, ekki aðeins á Íslandi, heldur þó að leitað sé miklu víðar, sérstæð fyrir fegurð og fuglalíf. Hann er kominn þar í nálægð, ég á við Mývatn, og það er aðeins hægt að hugsa sér, hver umskipti mundu þar verða, ef hann kæmi þar til viðbótar við það, sem hann hefur skilið eftir sig hér uppi á heiðunum og í æðarvörpunum hér og þar úti um land, þar sem er gerauðn eftir hann.

Þetta þarf ekki að ræða, því að öllum er ljós nauðsyn þessa máls, og ég vil óska eftir, að málinu verði vísað til landbn.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Í frv. þessu er gert ráð fyrir því í 11. gr., að eitrað skuli fyrir refi og minka ár hvert, og er það samhljóða því ákvæði, sem er í gildandi lögum. Það er orðað þannig, að skylt skuli að eitra fyrir refi og minka ár hvert.

Nú hafa verið uppi, eins og kunnugt er, allmiklar deilur um þessa eitrun. Sumpart hafa menn haldið því fram, að eitrunin, eins og hún hafi verið framkvæmd, væri ómannúðleg, og sumpart verið talið, að hún kæmi engan veginn að því gagni, sem ætlazt væri til.

Um þessa hluti get ég að vísu ekki dæmt, en allmikið hefur verið skrifað um þetta efni, þar sem hörð gagnrýni hefur komið fram á þessa eitrun fyrir refi. Innan þeirrar nefndar, sem þetta frv. samdi, hefur einnig gætt nokkurs meiningamunar í þessu efni, og kemur það fram í aths. við 11. gr.

Ég vildi leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp eina setningu, sem hljóðar svo:

„Nefndin er þó ekki fyllilega sammála um þetta atriði, og telur einn nm., Páll A. Pálsson, að heppilegra væri, að í staðinn fyrir upphafsorð 11. gr.: „Skylt er“ stæði: Heimilt er. — Með þeirri breytingu væri það raunverulega á valdi veiðistjóra, hvar eitrað væri, og væri á þann hátt hægt að taka til greina óskir fuglafriðunarnefndar og eitra ekki t. d. á þeim hluta Vestfjarða, þar sem heimkynni arnarins eru nú helzt.“

Ég er þeirrar skoðunar, að það mundi vera til bóta, ef þessu yrði breytt í samræmi við það, sem þarna er sagt, að 11. gr. heimilaði eitrun refa og minka, en skyldaði ekki til hennar. Það yrði þá á valdi veiðistjórans, hvar og hvenær eitrun yrði framkvæmd, en ekki tekin eins afdráttarlaus ákvörðun um það og er í þessu frv.

Ég vildi aðeins koma þessari skoðun minni á framfæri nú þegar, ef sú hv. nefnd, sem tekur málið til athugunar, vildi einnig hugleiða þetta sérstaklega.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 394, n. 439).

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Landbn. hefur athugað frv. til laga um eyðingu refa og minka, sem hér er til umræðu. Varð fullt samkomulag um að mæla með samþykkt frv., þó með nokkrum breytingum.

Um 1., 2. og 4. brtt. n., þ. e. a. s. brtt. við 2., 3. og 10. gr. frv., er það að segja, að það eru ekki efnisbreytingar, aðeins hagrætt orðalagi til frekari skýringar.

3. brtt. n. er við 9. gr. frv. og fjallar um verðlaun fyrir unnin dýr. Í gildandi lögum eru verðlaun þessi 180 kr. fyrir hlaupadýr, ref,

en 90 kr. fyrir unninn mink. Frv. þetta gerir ráð fyrir því, að verðlaun þessi verði hækkuð upp í 250 kr. á ref og 125 kr. á mink.

Annars eru skoðanir skiptar um það, hvort hækkun verðlauna sé raunhæf aðgerð til útrýmingar vargdýrum þessum. Víða erlendis er það talið vafasamt, svo sem rakið er í grg. frv. Hérlendis hafa verðlaun farið hækkandi. Ljóst er, að þau þurfa að vera það há, að þau hvetji menn til að leggja eitthvað á sig til að vinna vargdýrin. Hins vegar getur greiðsla hárra verðlauna að sjálfsögðu orðið þungur útgjaldabaggi fyrir ríkissjóð og aðra aðila, sem þær greiðslur eiga að bera.

Að athuguðu máli ákvað nefndin að láta ákvæðin um verðlaun haldast óbreytt að öðru leyti en því, að þau eru lítillega hækkuð fyrir minkinn, eða úr 125 kr. í 150 kr.

Að mínum dómi er minkurinn enn varhugaverðara skaðræðisdýr en refurinn, og ber margt til þess. Hann gerir usla bæði á sjó og landi, í vötnum og veiðiám, og er furðu nærgöngull híbýlum manna og gripahúsum. Auk þess þekkjum við miklu minna til lifnaðarhátta hans en refsins, sem landsmenn hafa haft kynni af frá upphafi Íslandsbyggðar. Það er hægt að bera vissa virðingu fyrir gamla íslenzka fjallarefnum, sem oft hefur orðið að heyja harða og miskunnarlausa lífsbaráttu eins og fólkið í landinu, en minkurinn er sem illkynjuð sending síðustu og verstu tíma, sem ógnar nú íslenzku náttúru- og fuglalífi í vaxandi mæli. Má búast við, að hann verði víða erfiður viðfangs, t. d. í Breiðafjarðareyjum, þar sem landnám hans færist út, eftir því sem eyjabúum fækkar og fleiri eyjar leggjast í auðn.

Síðasta búnaðarþing lagði til, að verðlaun fyrir hlaupadýr og minka yrðu ákveðin nokkru hærri en hér hefur verið skýrt frá, en ekki þótti fært að taka það til greina, enda skoðanir í þessu efni skiptar hjá fulltrúum búnaðarþings.

5. og síðasta brtt. n. er við 11. gr. frv. Sú þriggja manna nefnd, er samdi frv., gerði ráð fyrir því, að sú regla yrði látin gilda, sem gilt hefur, að skylt sé að eitra árlega fyrir refi og minka. Einn nm. taldi þó, að heppilegra væri, að í staðinn fyrir upphafsorð 11. gr.: „Skylt er“ stæði: Heimilt er — o. s. frv.

Landbn. hefur þótt rétt að láta orðalag frv. haldast um þetta atriði. Hins vegar leggur n. til, að skotið verði inn í gr. undanþáguheimild svo hljóðandi: „Skylt er að eitra fyrir refi og minka ár hvert í afréttum og heimalöndum, þar sem þessara vargdýra hefur orðið vart. Veiðistjóri getur þó ákveðið, að ekki skuli eitrað á vissum svæðum, ef henta þykir eða hætta er á, að eitrið geti útrýmt sjaldgæfum fuglategundum úr náttúruríki landsins.“

Meginreglan verður því eftir sem áður sú, að skylt er að eitra fyrir refi og minka ár hvert, en veiðistjóra er veitt allvíðtæk heimild til að veita undanþágur frá reglunni. Verður að teljast eðlilegt, að þeim manni, sem bera á höfuðábyrgð á útrýmingu vargdýranna, séu gefnar nokkuð frjálsar hendur og nægilegt olnbogarúm í starfi sínu. Ekki er víst, að alls staðar sé jafnrík þörf til að eitra. Þá eru ýmsir uggandi um afdrif arnarins, ef mikið er eitrað. Almennt greinir menn og talsvert á um eitrun sem aðferð til útrýmingar refum og minkum. En þar sem hér er um að ræða hina mestu landplágu, verður að beita öllum hugsanlegum ráðum í baráttunni gegn henni. Verður veiðistjóri að meta, hvaða árásarvopn henta bezt í þeirri herferð.

Skulum við vona, að í embætti veiðistjóra veljist hæfur og ötull maður. Skiptir þá væntanlega ekki meginmáli, hvort embætti veiðistjóra og þau verkefni, er því fylgja, tilheyra starfrækslu Búnaðarfélags Íslands undir yfirstjórn landbrn., svo sem segir í erindi frá búnaðarþingi, eða hvort umrætt embætti heyrir beint undir landbrn., eins og gert er ráð fyrir í 1. gr. frv. þessa.

Læt ég svo útrætt um þetta nál., en vona, að frv. nái fram að ganga og verði að lögum á þessu þingi.

Páll Zóphóníasson: Það er aðeins eitt atriði, sem mig langar til að undirstrika, og það er þetta: Ef þið lesið grg. fyrir frv. mþn., þá sjáið þið álit þeirra oddvita, sem hafa svarað spurningum viðvíkjandi aðstöðu þeirra til t. d. eitrunar, sem ég ætla hérna sérstaklega að minnast á, — og það, sem ég vildi undirstrika, er þetta: Það eru til nokkur svæði á landinu, þar sem hefur verið eitrað reglulega um margra ára skeið, og öll þessi svæði eru nú þannig sett, að tófan er þar engin plága. Meðan mátti fyrir 20 árum ekki yfirgefa fé í högum, t. d. í Kalmanstungu að vetrinum, án þess að það mætti eiga nokkurn veginn víst, að eitthvað af því væri bitið, þegar maður kæmi að því aftur, þá bízt þar nú aldrei kind, en þar hefur verið eitrað reglulega allan þennan tíma. Sama er að segja um marga aðra staði. Svo eru aftur aðrir staðir, þar sem aldrei hefur verið eitrað og íbúarnir á þeim hafa lagt áherzlu á að vinna dýrin utan grenja, sérstaklega að vetrinum. Ef þið lítið á skýrsluna og gáið að unnum dýrum, þá getið þið fundið þessa staði. Þar hafa menn verið að skapa sér atvinnu við að skjóta þau að vetrinum, fyrst til þess að selja skinn og síðan til að fá verðlaun fyrir dýrin, og í sumum af þessum hreppum, a. m. k. tveimur, er aldrei gengið á greni að vorinu til að reyna að vinna það.

Þessi tvö sjónarmið, sem þarna koma fram í reyndinni á þessum ýmsu óliku aðstöðum, speglast svo aftur í umræðunum, þegar menn eru að tala um verðlaun fyrir unnin dýr og eitrun. Og það er einungis af því, að mennirnir, sem þar taka til máls, hafa ekki kynnt sér nema aðra hlið málsins, þekkja ekki nógu stór svæði til að geta skoðað málið alhliða. Ég er ekkert í vafa um það, að þeir menn, sem t. d. fordæma algera eitrun, hafa bara ekki sett sig inn í það, að það eru á milli 10 og 20 svæði í landinu, þar sem tófan er ekki nein plága lengur, af því að það hefur alltaf verið eitrað og alltaf gengið á gren á hverju sumri, þar sem grenin hafa farið fækkandi á hverju ári og dýrin, sem menn eiga að ráða við; meðan það eru önnur, þar sem ekkert hefur verið um það hugsað, og

þeim hefur alltaf farið fjölgandi, og það eru þau svæði, sem þeir þekkja, sem framkvæma eitrunina. Það var bara þetta, sem ég vildi láta koma fram og benda á það, að menn skuli kynna sér grg.

Það er náttúrlega hægt að ná í frumgögn málsins, sem er þykk skrudda í folio-broti, á annan þumlung að þykkt, þar sem skýrt er frá áliti hreppsnefndanna og reynslunni síðustu ár. Þau liggja hjá mér enn þá, og þau geta menn náttúrlega fengið að sjá og skoða, sem vilja, til þess að ganga úr skugga um þau geysilega mismunandi sjónarmið, sem spegla sig í framkvæmdinni og útbreiðslu tófanna á hinum ýmsu stöðum á landinu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 439,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 439,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
4.—8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 439,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 439,4 samþ. með 11 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 439,5 samþ. með 12 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
12.—16. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 447).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 88. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 89. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það er gamall og góður þingsiður, þó að ég játi, að hann sé ekki óbrigðull, að gerð er grein fyrir málum af hálfu ríkisstjórnar einnig í síðari deild. Þar sem hæstv. forseti hefur upplýst, að málið sé stjórnarfrv., vil ég vita, — hann grennslast eftir því kannske, — hvort ríkisstjórnin sé öll hlaupin af landi brott eða týnd eða eitthvað hafi fyrir hana komið. Það er gott að fá það upplýst að gefnu þessu tilefni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Nd., 14. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það er vegna þess, að hér er farið fram á, að leyfð verði afbrigði frá þingsköpum, til þess að þetta mál verði tekið fyrir. Nú má segja, að varðandi þetta eina mál skipti það ekki e. t. v. sérstaklega miklu máli, en ég vil vekja athygli á því, að það er orðin mikil venja hér, sérstaklega síðari hluta þings, að jafnskjótt og mál koma úr nefndum, þá eru þau tekin á dagskrá með afbrigðum, án þess að nál. og brtt. hafi legið frammi lögskipaðan tíma. Þetta eru auðvitað ákaflega óheppileg vinnubrögð, að þm. sé ekki ætlaður tími til þess að átta sig á málunum. Þess vegna er fresturinn settur í þingsköp, að menn eiga að hafa tíma til að lesa nál. og brtt. yfir, bera þær saman við frv. og eftir atvikum bera ráð sín saman um afstöðu til mála. Þegar jafnrúmt er um starfstíma og reynzt hefur á þessu þingi, virðist vera gersamlega ástæðulaust sem meginregla að hverfa frá þessu. Allir skiljum við, að ástæður kunni að vera til þess að gera þetta í einstökum tilfellum, og sízt af öllu skal ég hafa á móti því né hef ég haft á móti því, að það væri gert, þar sem sérstök þörf er til, og fram að þessu hef ég ekki heldur hreyft athugasemdum við þennan hátt, sem upp hefur verið tekinn. En ég vil ekki með nokkru móti samþykkja eða eiga hlut að því, að ákvæði þingskapanna séu í raun og veru felld úr gildi, eins og verið er að gera með þeim hætti, sem upp hefur verið tekinn.

Ég er ekki að ásaka hæstv. forseta á nokkurn hátt fyrir það, að hann vilji hraða þeim störfum, sem fyrir liggja, og skapa verkefni á hverjum einstökum þingfundi. Það er eðlilegt frá hans sjónarmiði. Hitt verður hann að skilja, að þegar við komum hingað niður eftir og sjáum t. d. nú þennan stóra lagabálk, sem liggur fyrir, ásamt allmörgum brtt., nál., sem tekur a. m. k. nokkurn tíma að lesa, þá er ómögulegt að ætlast til þess, að við setjum okkur inn í málið á þeim tíma, sem fyrir hendi er, ef á að taka það strax til umræðu. Ég vil þess vegna ekki eiga hlut að slíkum vinnubrögðum, tel þau með öllu ástæðulaus og mjög varhugavert fordæmi og vil í allri vinsemd beina því til hæstv. forseta. Þetta er ekki atriði, sem snertir stjórnmáladeilur, heldur vinnubrögð í þessari stofnun, sem við erum saman komin í og eigum að gegna okkar skyldu í, og það hljóta allir að játa, að með þessum hætti, sem hér er á hafður, geta menn ekki áttað sig á málunum.

Forseti (EOl): Út af ummælum hv. 1. þm. Reykv. vil ég aðeins taka fram, að það er ekki tilgangurinn, að það eigi að verða nein regla, að þm. gefist ekki sá tími, sem þingsköp mæla fyrir um athugun á þingskjölum, heldur er aðeins reynt, af því að seint er komið á þingtíma, að flýta þeim málum, sem hægt er, og ekki beitt þar neinum öðrum aðferðum en þeim, sem tíðkazt hafa á undanförnum þingum.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 98. fundi í Nd., 16. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 447, n. 528, 497).

Frsm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Frv. þetta um eyðingu refa og minka var lagt

fram í Ed., og voru gerðar á því þar smávægilegar breytingar. Landbn. þessarar hv. d. hefur haft frv. til athugunar og hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með nokkrum breytingum, sem ég mun nú gera grein fyrir. Breytingar þessar eru prentaðar með áliti nefndarinnar á þskj. 528. Einn nm., Gunnar Jóhannsson, var ekki viðstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Nefndinni þótti rétt, að Búnaðarfélag Íslands hefði íhlutun um þessi mál, sem svo mjög snerta bændur landsins, en milli bændanna og Búnaðarfélags Íslands eru mjög náin tengsl og stjórn þess skipuð bændum og starfslið þess sífellt í lifandi sambandi við bændurna og landbúnaðinn. Þess vegna breytti n. upphafi 1. gr. þannig, að yfirstjórn þessara mála, sem frv. fjallar um, skuli vera í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

Þá þótti n. rétt, að í lögum um þetta efni væri ákvæði um, að viðkomandi ráðherra gæti, að fengnu áliti Búnaðarfélagsins, falið veiðistjóra eyðingu fleiri dýrategunda en refa og minka, svo sem svartbaks og fleiri dýra, sem kunna að valda tjóni í náttúruríki landsins, enn fremur verndun hreindýrastofnsins, ef þurfa þykir. Till. nefndarinnar um þetta eru byggðar á þeirri hugsun, að þar sem hér er verið að stofna nýtt embætti, þá sé einnig fyrir því séð, að embættismaður sá, sem fær þessi mál til meðferðar, hafi nóg að starfa, og þá einnig til að fyrirbyggja það, að fleiri embætti verði stofnuð til að sinna þessum eða skyldum málaflokkum en brýna nauðsyn ber til.

Nefndin hefur hugsað sér og rætt um það, að þegar embætti þetta tekur til starfa, verði skrifstofuhald þess hjá Búnaðarfélagi Íslands, og telur n., að með því muni sparast fjármunir, svo að verulegu nemi, en sjálfsagt sé að halda skriffinnsku og skrifstofukostnaði í sambandi við þetta nýja embætti sem mest í skefjum.

Þá gerir n. tillögur um, að verðlaunaákvæðum 9. gr. verði breytt og verðlaunin hækkuð nokkuð frá því, sem gr. gerir ráð fyrir. Er þetta gert í trausti þess, að allhá verðlaun fyrir að vinna hlaupadýr og drepa minkana, hvar sem til þeirra næst, freisti manna til þess að leggja sig alla fram í þessu starfi og fleiri sjálfboðaliðar komi til liðs við þá, sem ráðnir verða til þessara starfa.

Refaskytturnar verða að leggja mjög hart að sér oft og tíðum, og starf þeirra er hin mesta þolraun. Þær verða að liggja úti á vetrum nætur og daga í misjöfnum veðrum uppi á heiðum og þola vosbúð og kulda. Hið sama er að segja um þá, sem taka að sér grenjaleit og grenjavinnslu á vorin.

Mörg hin síðari ár hefur það komið í ljós, að þessi störf hafa ekki þótt eftirsóknarverð, og ungir menn hafa ekki komið í þetta starf til þess að fylla í skörðin fyrir hina eldri, sem helzt hafa úr lestinni. Er því svo komið nú mjög víða, að menn hafa ekki fengizt til að gerast refaskyttur, en það veldur aftur því, að refakynið eykst og margfaldast og gerist sífellt ágengara við sauðfjárstofn landsmanna.

Um minkinn er það að segja, að honum virðist fara fjölgandi og nemur sífellt stærra svæði af landinu sér til bólfestu. Er sú þróun mjög iskyggileg, hvort sem litið er á þetta frá hagsmunalegu sjónarmiði, þar sem um er að ræða eyðingu af völdum minksins á nytjafiskum í ám og stöðuvötnum og útrýmingu æðarvarps, eða hins vegar litið er á þetta frá náttúruverndarsjónarmiði.

Frv. skiptir kostnaði við refa- og minkaeyðingu á ríkið, sýslu- og bæjarfélög og hreppana í vissum hlutföllum. Við hækkunartillögur nefndarinnar á verðlaunum eykst kostnaðurinn talsvert. En það er álit okkar nefndarmanna, að sjálfsagt sé af þjóðfélagsins hálfu og þeirra, sem mest eiga í húfi, að hvetja einstaklinga til að leggja sig fram í baráttunni við þessa vágesti og það verði ekki með öðru fremur gert en með ríflegum verðlaunum, svo að til nokkurs sé að vinna.

Ég vil í þessu sambandi minnast á eitt atriði, sem getur haft mikla þýðingu í sambandi við útrýmingu refa og minka, en það er, að séð verði um það af hálfu hins opinbera, að alltaf sé völ á í landinu hinum fullkomnustu skotvopnum, sem þekkt eru, til notkunar fyrir refaskyttur, og að önnur áhöld, sem annars staðar kunna að hafa verið reynd með árangri og notuð við útrýmingu refa og minka, verði ævinlega til. En ég hygg, að nokkur misbrestur hafi verið á því, að góðar byssur til slíkra nota hafi fengizt keyptar í landinu, vegna þess að treglega hafi gengið að fá leyfi fyrir slíkum innflutningi. Ef svo er, sem ég hygg að hafi við rök að styðjast, að góðar byssur séu lítt fáanlegar til þessara nota, þá þarf hið skjótasta að ráða bót á því og viðkomandi yfirvöld að láta það mál til sín taka og það sem fyrst.

Þá vil ég víkja með nokkrum orðum að 11. gr., sem hefur verið sú gr. frv., sem mest hefur verið deilt um, en hún hefur að geyma ákvæði um eitrun fyrir refi. Ég hef ekki kynnt mér, hve langt er síðan farið var að eitra fyrir refi, en það er álit mjög margra bænda, sem við eitrun hafa fengizt, að það sé hin áhrifamesta aðferð til útrýmingar refastofninum. Þessi útrýmingaraðferð er hins vegar vandasöm með tilliti til þess, að önnur dýr, sem ekki er ætlazt til að útrýma, geti náð í eitrið, ef ekki er því betur með þetta farið.

Í sambandi við eitrunina er þess að geta, að landslag og staðhættir í hinum ýmsu héruðum landsins eru misjafnlega vel lagaðir til þess að búa svo um eitrun, að öðrum dýrum en refum stafi ekki hætta af. Þetta fer eftir því, hversu auðvelt er að koma eitrinu fyrir á stöðum, þar sem fuglar ná ekki til þess. Auðveldast er að eitra án slíkrar áhættu, þar sem hraunlendi er, því að þar er hægast að koma hinum eitruðu hræjum fyrir, svo að fuglar nái ekki í þau, en refurinn finnur þau eigi að síður.

Að undanförnu hafa verið í landinu miklar deilur um það, hvort leyft skuli að eitra fyrir refi, og stendur þar maður á móti manni og vitna til reynslu sinnar og annarra með og móti eitrun. Þá hafa menn einnig höfðað í þeim umræðum til tilfinninga og mannúðar. Hafa sumir vorkennt refum að deyja af eitri, en hins vegar

hafa aðrir talið ekki minni vorkunn sauðkindinni að deyja eða dragast upp af dýrbiti, og verð ég að segja, að ég er þeirra megin í málinu. Að öðru leyti ætla ég ekki að blanda mér í þær umræður.

En þótt öllu slíku tilfinningatali í þessu efni sé sleppt, þá stendur það eftir, að fjölgun refastofnsins þýðir aukin vanhöld og tjón fyrir sauðfjárbúskap landsmanna, sem er ein höfuðstoðin í matvælaframleiðslu þjóðarinnar, og af þeirri framleiðslu hafa lífsframfæri sitt nokkrar þúsundir manna í landinu.

Ég get nefnt dæmi af bónda á Suðurlandi, sem á s. l. ári missti í gin tófunnar fjórða part af lömbum sínum, og þetta var a. m. k. 15—16 þús. kr. skaði fyrir hann. Það er því engin furða, þó að bændur, sem búa við slíkan vágest, vilji neyta allra bragða til þess að útrýma honum.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er ákvæði um, að skylt skuli að eitra á hverju ári fyrir refi í afréttum og heimalöndum. Nú eru, eins og ég hef tekið fram, mismunandi skilyrði í hinum ýmsu landshlutum til þess að eitra þannig, að af því stafi lítil hætta fyrir önnur dýr en refi, og enn fremur er í hinum ýmsu landshlutum mismunandi mikil þörf fyrir eitrun, því að sums staðar er auðveldara en annars staðar að vinna dýrin með skotum og ef til vill ýmsum öðrum aðferðum. En svo eru til þau svæði, þar sem menn kunnugastir staðháttum telja, að eitrun sé einnig nauðsynlegur þáttur aðgerðanna og án hennar sé ekki hægt að halda tófunni niðri eða réttara sagt fjölgun hennar í skefjum.

Með hliðsjón af þessum breytilegu aðstæðum og því, að nú skal setja mann með sérþekkingu í þessum málum yfir þetta starf að útrýma tófunni, þá þótti n. rétt að breyta ákvæðunum um eitrunina í 11. gr. þannig, að í stað þess, að skylt sé að eitra í afréttum og heimalöndum ár hvert, verði skylt að eitra á tilteknum svæðum, þegar veiðistjóri mælir fyrir um, að svo skuli gert, og að heimilt sé að eitra fugla. Þetta ætti að vera mikil öryggisráðstöfun til þess að fyrirbyggja þá miklu hættu, sem ýmsir álíta að sé eitruninni samfara. Veiðistjóri getur samkvæmt þessu fyrirskipað eitrun, þar sem hennar virðist vera brýn þörf. En á öðrum stöðum, þar sem menn geta ráðið niðurlögum refsins með öðrum aðferðum, losna menn við að eitra, því að auðvitað fyrirskipar veiðistjóri ekki eitrun nema þar, sem hennar er þörf.

Þá ætti þann við því að eitra rjúpu og aðra fugla að stórminnka hættuna af því, að eitruð hræ verði haferninum að bana, en að allra dómi eru eitruð fuglahræ hættulegust, þar sem þau liggja úti á víðavangi og hundar og hræfuglar geta náð í þau og borið heim að bæjum eða þau fokið fyrir vindum.

Þar sem gert er ráð fyrir í 1. gr., að sérfræðingur um lífnaðarhætti refa og minka verði valinn í starf veiðistjóra, en n. er ekki kunnugt, að maður með slíka þekkingu sé til í landinu, gerir n. till. um ákvæði til bráðabirgða, að á meðan ekki er völ manns með þessa menntun, sé heimilt að ráða mann í bili til starfsins, þótt hann skorti sérþekkingu.

Þá leggur n. til, að lögin taki strax gildi.

Ég þykist þá hafa gert nokkra grein fyrir þeim breytingum, sem n. hefur leyft sér að bera fram á þskj., og þeim rökum, sem til þeirra liggja. Vænti ég, að hv. þdm. geti fallizt á breytingar þessar og að málið megi nú sem skjótast ná fram að ganga.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég var á síðasta Alþ. einn þeirra þm., sem þá fluttu till. til þál., sem samþ. var á þinginu og hefur leitt til þess, að lögin um eyðingu refa og minka hafa verið tekin til endurskoðunar milli þinga. En í þessari till. var ríkisstj. falið að láta slíka endurskoðun fara fram með það fyrir augum, að leitað væri úrræða í baráttunni gegn þeim skaðlegu vargdýrum, sem hér er um að ræða.

Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að málið hefur verið tekið til ýtarlegrar athugunar, bæði milli þinga og nú á þingi, og vildi mega vænta þess, að það bæri árangur í framtíðinni í baráttunni gegn þessum vargdýrum.

Að öðru leyti vildi ég í örfáum orðum leyfa mér að gera grein fyrir því, að ég hef á þskj. 497 leyft mér að flytja brtt. við 9. gr. frv., þar sem eru ákvæði um verðlaun fyrir að vinna hlaupadýr og minka.

Í frv., eins og það var lagt fyrir, var gert ráð fyrir, að þessi verðlaun væru 250 kr. fyrir tófu og 125 kr. fyrir mink, sem er nokkur hækkun frá því, sem nú er í lögum. Þegar frv. mþn. var tekið til meðferðar af búnaðarþingi, sem haldið var í vetur, gerði búnaðarþingið m. a. till. um það, að þessi verðlaun yrðu hækkuð nokkuð, bæði fyrir tófur og minka. Ég hef leyft mér að flytja brtt. um það, að þessi till. búnaðarþings verði tekin upp og 9. gr. frv. breytt í samræmi við það.

Nú sé ég, að hv. landbn. hefur gert brtt. við þessa gr. og lagt til, að verðlaun verði hækkuð fyrir minka upp í sömu upphæð og ég lagði til í minni brtt. á þskj. 497 og fyrir tófur upp í 350 kr. Mun ég, á meðan á þessari umr. stendur, athuga nánar, hvort ég held fast við þá brtt., sem ég hef borið fram, eftir að þessi brtt. frá hv. landbn. hefur komið fram. En á því er enginn vafi, að það er mjög æskilegt, að þessi verðlaun fyrir að vinna hlaupadýr geti orðið svo há sem menn nú telja að eðlilega megi við koma. Þeim mönnum hefur nú farið fækkandi — því miður — í landinu, sem leggja það fyrir sig að liggja fyrir tófum eða elta uppi tófur á vetrum til þess að eyða þeim, og er það mikill skaði, ef slíkum mönnum fækkar. Það er, eins og hv. frsm. landbn. tók fram, mikið erfiði, sem menn leggja á sig við þessa veiði, og er þess ekki að vænta, að menn leggi slíkt erfiði á sig, án þess að þar sé nokkuð að hafa í aðra hönd.

Fyrir nokkrum áratugum var þannig ástatt, að refaskinn voru í háu verði, og þá fengu menn allmikið fyrir erfiði sitt með því að selja skinnin, þó að ekki væru þá nein verðlaun greidd. En síðan hefur sú breyting orðið á, að skinnin mega heita verðlaus eða a. m. k. mjög verðlítil, þannig að þau gefa ekki neitt teljandi í aðra hönd þeim, sem við tófuveiðar fást á vetrum, og þess vegna hafa verðlaunin verið

tekin upp í lög. En þær upphæðir, sem nú eru greiddar, eru sýnilega of lágar.

Ég vil geta um það í þessu sambandi, að eftir því sem mér virðist og hef fengið upplýsingar um, þá hygg ég, að kostnaðurinn við það að skjóta refi á vetrum sé, jafnvel þótt verðlaunin yrðu hækkuð nokkuð, lægri miðað við árangur heldur en t. d. kostnaður við að vinna greni á vorin, sem víða verður mjög mikill. Ég vil endurtaka það, að það væri mjög óheppilegt, ef menn hættu að fást við þessar veiðar, og verður að koma í veg fyrir, að svo geti farið.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ég held, að það sé skynsamlega ráðið hjá hv. landbn. að gera ráð fyrir því, að að þessum málum verði unnið í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Þessi flokkur mála er þess eðlis, að það er mjög eðlilegt, að þau störf, sem þarna er um að ræða og okkur eru harla mikilsverð, sem við landbúnað fáumst, séu unnin í sem nánustu samstarfi við Búnaðarfélag Íslands, enda er gert ráð fyrir því hér, að það verði mjög náið samstarf á milli þessa veiðistjóra, sem hér á að skipa, og Búnaðarfélagsins. Teldi ég þá eðlilegt og einmitt betur lagðan grundvöll að slíku samstarfi með því, að Búnaðarfélag Íslands hefði um það tillögurétt við landbrh., hvaða maður yrði skipaður í þessa stöðu. Ég held, að það væri hyggilega ráðið, að svo væri, því að hér veltur náttúrlega á miklu um það, að þetta starf, sem hér er um að ræða, verði vel rækt.

Þá held ég, að það sé einnig skynsamlegt í tillögum landbn. að hækka verðlaunin bæði fyrir tófur og minka frá því, sem er í frv., eins og hér er lagt til. Það voru að vísu áður komnar fram brtt. um þetta frá hv. þm. N-Þ., og hefur verið gengið inn á hans till. að því er minkana snertir, en ekki alveg jafnlangt og hann leggur til að því er snertir refina. Þar ber þó ekki orðið mikið á milli, enda var svo að skilja, að hv. þm. N-Þ. mundi sætta sig við till. landbn. í þessu efni.

En að því er tekur til breyt. við 11. gr., þá álít ég, að landbn. hafi farið út á mjög hættulega braut, eða a. m. k. virðist mér, að það sé allmikil óvarkárni fólgin í þeirri breyt. Það er vitað af öllum, sem fást við refaveiðar, að það er talið vera langöflugasta ráðið til að halda bitvarginum niðri að eitra og gera það mjög rækilega. Það kunna að vera nokkuð mismunandi aðferðir aðrar til þess að eyða refnum í landinu, eins og með skotum og þess háttar. En ég held, að það séu hvergi þær aðstæður hér, að ekki sé alveg fyllsta þörf á því, að samhliða þessum ráðstöfunum sé viðhöfð eitrun. Það er vitað, að sums staðar hagar svo til, að það er alveg árangurslaust gersamlega með öðrum hætti að ætla sér nokkuð að ráða niðurlögum refsins eða halda honum í skefjum, — alveg gersamlega árangurslaust, — þar sem um er að ræða hraun og aðra felustaði fyrir refinn, sem hann getur dulizt í og ekki verður að honum komizt með neinu öðru móti en að eitra fyrir hann.

Það er alveg rétt, að það eru uppi mjög deildar skoðanir um þetta mál. En ég held, að það blandist engum hugur um það, sem fulla þekkingu hefur á þessum málum, að eitrunin sé alveg nauðsynleg. Að hverfa frá henni er hrein og bein uppgjöf við þessi rándýr.

Svo er annað komið hér til sögunnar, og það er það, að minknum hefur fjölgað mikið í landinu, mjög mikið. Það eru að vísu að sjálfsögðu gerðar ráðstafanir, eins og hægt er, til þess að ráða niðurlögum hans og annað þess háttar, en fyrstu afleiðingarnar af því, hvað minknum hefur fjölgað, eru þær, að fuglastofninn er í mikilli hættu vegna minksins, svo að víða hefur fuglum mjög fækkað af þessum sökum, og menn segja, að á sumum svæðum sé fuglalífið orðið svo fáskrúðugt, að þar, sem fullt var af fugli áður, sé viðburður að sjá fugl nú. En þetta hefur sín miklu áhrif gagnvart refnum, því að refurinn, þó að hann hafi aldrei reynzt fuglalífinu eins skæður og minkurinn, lifði alltaf mikið á fugli. Og eftir því sem fuglalífinu hrakar, fer refurinn að verða æ í meiri og meiri fæðuskorti, og til þess að bæta það má gera ráð fyrir, að hann verði enn nærgöngulli að því er snertir sauðfé, fyrst og fremst náttúrlega unglömbin að vorinu til, þegar refurinn getur sín afkvæmi og er að ala þau upp. Það ber upp á sama tíma sem sauðburðinn hjá okkur hér. Í fyrsta lagi það, og svo líka að því er snertir fullorðið fé, sem allvíða eru nokkur brögð að, að refurinn leggist á og leiki mjög grálega, eins og alkunnugt er.

Þess vegna má fullkomlega taka tillit til þessara breytinga, sem hér eru að verða á um það, að það má gera ráð fyrir því, að ásækni refsins vegna fæðuskorts verði enn meiri og fari vaxandi, eftir því sem minknum tekst að höggva skörð í raðir fuglalífsins í landinu, og við þessu verður að sjálfsögðu að gjalda varhuga.

Það er þess vegna síður en svo, að ástæða sé til að slaka á núgildandi ákvæðum um þetta efni, en það er fullkomlega gert með brtt. landbn., því að þar er það algerlega lagt í vald eins manns, hvort nokkuð skuli eitrað eða ekki. Hann hefur það alveg á sínu valdi, hvort nokkur eitrun skuli viðhöfð ellegar ekki. Mér finnst satt að segja samkv. frv., eins og það liggur hér fyrir, að þá sé veiðistjóra gefið nógu mikið vald, þó að það sé ekki aukið frá því, sem í frv. er, því að þar er gert ráð fyrir því, að hann geti ákveðið, að ekki skuli eitrað á vissum svæðum, eins og þar stendur, og þá með sérstöku tilliti til þeirrar hættu, sem fuglalífinu er talin geta stafað af þessu, þ. e. eingöngu þeim fáu ránfuglum, sem til eru í þessu landi. Það er eðlilegt, að það sé nokkur viðkvæmni fyrir því, að t. d. örninn verði ekki aldauða hér. En hins vegar nær það þó ekki nokkurri átt að leggja lífsafkomu manna þeirra, sem hana eiga undir sauðfjárræktinni í landinu, í stórkostlega hættu af þeim sökum einum. Það getur vitanlega ekki komið til mála, þó að til séu menn, sem máske líti á það þannig, að miklu beri að offra fyrir þær sakir.

Ég las núna í blaði, ég held fyrir tveimur eða þremur dögum, frásögn um það, hvað refurinn er áleitinn hér austan fjalls, í kjördæmi hv. 1.

þm. Árn. Þar var sagt frá því, að núna alveg nýlega hefðu fundizt við gren, ég held, að það hafi verið í Grafningi, 27 lambahræ, og nú er sauðburður aðeins að byrja, eins og menn vita. Í Grímsnesi fundust 20 lambahræ við annað gren. Við ýmis önnur greni fundust einnig lambahræ, og þetta er aðeins í byrjun sauðburðar. Nú er þetta á svæði, þar sem e. t. v. mætti nú ætla að hægt væri með skotvopnum að hafa nokkurn hemil á refnum. Ja, hvað skyldi þá vera á þeim svæðum, þar sem er þó enn erfiðara að ráða nokkuð niðurlögum refsins?

Mér er það þess vegna undrunarefni, að hv. landbn. skuli voga sér að leggja til, að svo þýðingarmikið atriði eins og eitrunin er í því að halda þessum varg í skefjum skuli lagt í vald eins einasta manns hér. Það álít ég allt of djarft teflt í þessu efni. Ég held þess vegna, að það sé ekki fært og ekki óhætt að slaka neitt til frá því, sem er í þessu frv. um ákvæðin um eitrunina. Og ég tel, að það geti e. t. v. komið í ljós við framkvæmd þessa máls, að það sé nokkuð djarft teflt að veita einum manni eins mikið vald í þessu máli og þar er gert. Þetta er vitanlega tilfinningamál, það er alveg rétt. Og að svo miklu leyti sem úrskurður þessa manns mundi byggjast á tilfinningum, þá er ekki að vita, hvað mundi verða ofan á í því efni.

Ég vildi þess vegna, ef hv. n. ekki vill, sem æskilegt væri, taka þessa till. aftur til athugunar fyrir 3. umr., að þá yrði þannig snúizt við þessu máli að hætta ekki á svo mikla óvissu, sem í því felst að láta það vera á valdi eins einasta manns, hvort þessu ráði eða þessari aðferð við refavinnsluna verði beitt ellegar ekki. Ég held, að málinu sé teflt í allt of mikla óvissu með því að gera það. Ég sem sagt vildi helzt óska þess, ef n. vildi taka þessa till. aftur til nánari athugunar fyrir 3. umr. málsins.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það er rétt, eins og kom fram hjá hv. þm. Borgf., að meginefni þessa frv. eða meginvandinn í sambandi við efni þessa frv. er það, hvort eitra eigi fyrir þann varg, sem hér um ræðir, eða ekki, og skoðanir manna í því efni eru ákaflega skiptar. Margir þessum málum mjög kunnugir telja, að eitrun fyrir refi hafi sáralitla þýðingu, alveg gagnstætt því, sem hv. þm. Borgf. heldur fram, en sé stórhættuleg fyrir sumar dýrategundir, sérstaklega erni, og horfi að því leyti til að gera dýralíf hér sýnu fáskrúðugra, þannig að mikil eftirsjá yrði að.

Hv. þm. Borgf. sagði, að þetta væri tilfinningamál. Ég er ekki sammála því, að þetta eigi að vera tilfinningamál. Þetta hlýtur að vera mál, sem hægt er að kanna til hlítar og fá nokkurn veginn vissu sína um.

Það er vitað mál, að undanfarið hefur verið heimilt að eitra fyrir refi og það sums staðar gert. Engu að síður hefur ágangur þeirra verið slíkur sem hv. þm. Borgf. gat um, og er því ljóst, að eitrun ein sé ekki fullnægjandi í þessu efni, enda halda ýmsir því fram, að það, sem gagni, og eina, sem gagni, sé að fá æfða og góða skotmenn til þess að reyna að leggja sig fram um eyðingu þessara dýra. Þarna stendur að vísu fullyrðing gegn fullyrðingu. En ég vil ekki við það kannast eða viðurkenna, að málið eigi að afgreiðast eftir tilfinningu eða óvissu mati, sem á tilfinningu hvílir, heldur hljóti að vera hægt að fá um þetta nokkuð örugga vissu frá sérfróðum mönnum, og mér skilst þetta frv. einmitt stefna í þá átt. Og það er rétt, sem hv. þm. Borgf. segir, að hv. landbn. leggur til, að á frv. sé gerð alger breyting í þessu meginatriði frá því, sem það var lagt fram, að í stað þess að Alþingi skv. frv., eins og nú liggur fyrir, er ætlað að lögskylda eitrun, þá á nú að leggja þetta algerlega í hönd einum manni, sem um þetta á að fá úrskurðarvald. Það, sem mér finnst þess vegna þurfa að athuga nánar, er, hvaða hæfileika þessi eini maður eigi að hafa, til þess að honum sé þetta mikla vald fáandi í hendur. Og ég verð að játa og það er aðalástæðan til þess, að ég stend hér upp, að mér finnst mjög á skorta í frv. og brtt. hv. n. grg. um það, hvaða þekkingu þessi maður þurfi að hafa og hvaða hæfileikum hann þurfi að vera búinn. Það segir að vísu, að maðurinn eigi að hafa sérþekkingu á lifnaðarháttum minka og refa og veiðiaðferðum þeim, sem unnt er að beita gegn vargdýrum þessum. Þetta er ákaflega óljóst og óákveðið orðalag. Eina upplýsingin, sem við fengum til viðbótar, var sú hjá hv. frsm., að hann taldi, að nú mundi enginn maður hér á landi vera búinn þessari sérþekkingu, og kemur það þó ekki glögglega fram í till. nefndarinnar, því að þar stendur í 5. lið: „Ef ekki fæst maður nú þegar með sérþekkingu í starf veiðistjóra“ o. s. frv., skal fara að eins og þar segir. Þá er í tillögu nefndarinnar, gagnstætt því, sem hv. frsm. sagði að væri ástæðan fyrir till., þó látið í það skína, að hér kunni einhver að hafa sérþekkinguna.

Nú segja mætti einnig, að hægt ætti að vera að afla sér erlends manns til þess að taka að sér starfið, en ef um fast starf er að ræða, kemur þar í gegn, hvort hann þá fullnægi embættisskilyrðum að öðru leyti. En það, sem á vantar og við komumst ekki hjá að gera okkur grein fyrir, er, að það verður að segja nánar til um, hver sérþekkingin eigi að vera.

Eftir upphaflegri grg. frv. er svo að sjá, að þar geti aðallega tvenns konar sérþekking komið til: annars vegar sú sérþekking, sem æfðir veiðimenn hafa og hafa aflað sér í löngu lífsstarfi, hins vegar sú fræðilega sérþekking, sem fæst við að lesa náttúrufræði. Og ég get ekki séð betur en að í grg. n. sé gert ráð fyrir því, með leyfi hæstv. forseta, að við slíka sérfræðikunnáttu sé átt. Þar segir:

„Í öllum nágrannalöndum okkar eru hagnýtar dýrafræðirannsóknir í höndum sérstakra stofnana, þar sem vinna sérmenntaðir dýrafræðingar, og heyrir vinnsla vargdýra eða tilraunir, er að henni lúta, undir stofnanir þessar.“

Samkvæmt þessu virðist mér, að ætlunin sé að fá einhvers konar lærðan dýrafræðing, sem er ein tegund af náttúrufræðingum, til forstöðu þessarar stofnunar. Víst geri ég ekki lítið úr hæfileikum manna á borð við Bjarna heitinn Sæmundsson, sem var einn af okkar fyrstu náttúrufræðingum lærðum með prófi, en hvort

hann hefði verið sérstaklega lagaður til þess eða hæfur að verða forstjóri fyrir eyðingu minka og refa, það þykir mér allsendis ósýnt og óvíst. Svipað er með hinn ágæta fuglafræðing dr. Finn Guðmundsson. Ég veit ekki, hvort hans sérþekking nægir í raun og veru frekar til þess að verða að gagni í þessum efnum en ef fyrir hendi væri þaulæfður veiðimaður, þótt aldrei hefði á háskólabekk komið. Það tjáir ekki að segja það eitt, að það eigi að hafa sérfróðan mann í þessum efnum, ef ekki er nánar greint, með hverjum hætti þeirrar sérfræði hafi verið aflað og hvers eðlis hún er, vegna þess að ég þori að fullyrða, að eins og orðalagið er í brtt. hv. nefndar nú, þá getur það tekið til æfðra veiðimanna, ekki síður en til lærðra dýrafræðinga. En nefndin virðist, eftir því sem hv. frsm. talaði, gera ráð fyrir, að hinir æfðu veiðimenn geti ekki komið til álita sem sérfræðingar í þessum efnum.

Ég hygg, að ef ekki á að verða algert handahóf í þessum efnum um val mannsins og það sé komið eingöngu undir áliti og nánast tilfinningu þess, sem hann á að skipa, þá verði nú þegar í upphafi á Alþingi að gera sér grein fyrir því betur, hvers eigi að krefjast af manninum, hvaða skilyrðum hann eigi að fullnægja, og ég vil þá einnig í því sambandi víkja að því, sem hv. þm. Borgf. sagði alveg réttilega, að úr því að leita á samráðs við Búnaðarfélagið um starf þessa manns, þá er auðvitað alveg fráleitt að ætla Búnaðarfélaginu ekki tillögurétt um skipun hans. Ég tel ekki ástæðu til þess, að það hafi hið endanlega úrskurðarvald. En ef þessi afskipti eiga að vera eitthvað svipuð því, sem hv. frsm. gerði grein fyrir og talaði fagurlega fyrir, þá er það alveg sjálfsagt, að berum orðum sé tekið fram, að búnaðarfélagsstjórn hafi tillögurétt um skipun mannsins eða réttar sagt umsagnarrétt um þá umsækjendur, sem sækjast eftir þessu starfi. Með því er ráðherranum, sem úrskurðarvaldið endanlega hefur, ekki sýnt neitt vantraust.

Þá vil ég einnig spyrja hv. frsm. að því, hvar það sé tekið fram í till. n., að skrifstofa þessa veiðistjóra eigi að vera hjá Búnaðarfélaginu, þannig að tryggt sé, að ekki myndist nýtt embættisbákn með skrifstofu og þar tilheyrandi skriffinnsku. Ég hef ekki komið auga á þetta í brtt. n. eða við lauslegan yfirlestur frv. Vera kann, að þetta sé þó í einhverju ákvæði. En ef svo er ekki, og það hefur nefndin auðvitað athugað betur en við, sem aðeins höfum lauslega litið á málið, þá er nauðsynlegt, að þessi vilji nefndarinnar verði lögfestur, að maðurinn hafi sína búsetu, ef svo má segja, embættissetu, á skrifstofu Búnaðarfélagsins, því að annars getur hann sjálfur a. m. k. með samþykki ráðherra sett upp það embættisbákn, sem hv. frsm. óttaðist að kynni að verða gert.

Ég vildi benda á þessi atriði og skjóta því til hv. nefndar, að hún hugleiði þau betur, annaðhvort nú við þessa umræðu eða a. m. k. fyrir 3. umr. Við verðum að gera okkur ljóst, að hér er um ákaflega þýðingarmikið mál að ræða. Ég er hv. þm. Borgf. alveg sammála um það, að ef þar er um að ræða annars vegar eyðingu eða verulega skerðingu sauðfjárstofns landsmanna eða eyðingu arnarins, þá er ekki um það að ræða, að við verðum frekar að meta sauðfjárstofninn og eiga það á hættu, að örninn hverfi alveg úr landinu. Það er alveg rétt hjá honum. En það, sem við þurfum að rannsaka til hlítar, er, hvort þetta geti ekki farið saman að vernda örninn, þennan tígulega fugl — (**Fjmrh.**: Hefur þingmaðurinn séð örn?) Já, ég hef séð örn og hér ekki langt frá Reykjavík ekki alls fyrir löngu og vonast til þess, að hann sé ekki útdauður enn, þó að vera kunni, að hv. þm. öfundi Reykjavík af svo fögrum fugli hér í nágrenninu. En hitt veit ég, að það var miklu meira af örnum áður fyrr, og þingmenn hafa talið sér það til lofs, þeir sem á sínum tíma komu í veg fyrir það fyrir 30—40 árum, að stofninum væri gereytt, eins og þá voru taldar horfur á.

Ég tel samt, að þetta þurfi að athuga til hlítar, hvort það geti ekki farið saman, vernd arnarins og eyðing þessara vargdýra, og út af fyrir sig get ég alveg fallizt á það, að einum manni sé fengið það úrskurðarvald í þessu efni, sem hv. þm. Borgf. var svo hræddur við. En þá verður að vera tryggt, að það sé maður, sem hafi raunverulega þekkingu á málinu og fari ekki eftir tilfinningu, eins og hv. þm. Borgf. vildi telja að hlyti að ráða í þessu máli, heldur eftir þeim vísindalegu staðreyndum og gögnum, sem hægt hlýtur að vera að afla.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Mig langar til þess að segja aðeins örfá orð um þetta atriði, sem sérstaklega hefur verið rætt hér af síðustu hv. ræðumönnum, eitrunina. Það fer ekkert á milli mála hjá þeim, sem eru kunnugir í sveitum landsins, að refurinn er þar stórkostlegur vágestur og sums staðar hrein plága. Það er sannast að segja þannig, að þótt sums staðar séu stundaðar grenjaleitir og grenjavinnsla af miklu kappi og menn eyði í þetta miklum tíma á hverju einasta vori og þótt þreyttar séu líka viðureignir við hlaupatófur, þá sýnir það sig, að ekki er hægt að ráða við þennan varg.

Sumir halda, að þetta sé handvömm ein, að svo mikið er um tófur, að það sé fyrir það, að menn séu hættir að fara í grenjaleitir og hættir að liggja á grenjum. Þetta er, a. m. k. það sem ég þekki til, hinn mesti misskilningur. Menn stunda þetta af kappi, en þó að menn stundi af kappi, þá hrekkur það ekki til. Á hinn bóginn hefur það víða verið svo, að menn hafa verið daufir við að eitra, jafnvel þó að það sé skylt eftir lögum. Það er nefnilega skylt eftir gildandi lögum að eitra fyrir tófur. Þetta er illa farið, því að það sýnir sig, að það er ekki nóg að þreyta grenjaleitirnar og það er ekki nóg að fást við hlaupatófurnar, það verður að koma fleira til.

Ég hef gert mér mikið far um að spyrjast fyrir um þetta mál hjá þeim, sem ég tel þekkja vel til, vegna þess, hvernig ástatt er sums staðar í þessu efni. Og ég er fyrir mitt leyti alveg sannfærður um, að það á að herða verulega á eitruninni. Það þarf á öllu þessu að halda, eitrun, grenjaleit og grenjavinnslu og eltingaleik við hlaupadýr. Það þarf á öllu þessu að halda til

þess að hægt sé að gera sér von um að halda tófunni sæmilega niðri. Mér finnst þess vegna rangt að gera nokkuð, sem dregur úr þeirri skyldu, sem nú er á því að eitra fyrir tófur, og ég hafði satt að segja gert mér vonir um, þegar þetta frv. kom fram, að nú væri ætlunin að fá duglegan mann til þess að ganga eftir því, að menn eitruðu fyrir tófur, þar sem sérstök þörf væri á, og færu eftir lögunum að því leyti.

Þó að ég sé þessarar skoðunar um nauðsyn eitrunar, þá get ég fallizt á, að sú breyting standi, sem hv. Ed. hefur gert á málinu, að veiðistjóri geti ákveðið, að ekki skuli eitrað á vissum svæðum, ef ekki telst þörf á eða hætta er á, að eitrið geti útrýmt sjaldgæfum fuglategundum. Ég get alveg fallizt á, að þetta standi. En hitt finnst mér of langt gengið, að ekki skuli skylt að eitra nema veiðistjórinn fyrirskipi. Það finnst mér allt of langt gengið, og sannast að segja hafði ég gert ráð fyrir því, að eitt aðalverkefni þessa manns ætti að vera að ganga eftir því, að allar hugsanlegar og verjandi aðferðir væru jafnan notaðar til þess að útrýma vargnum.

Ég vildi því fyrir mitt leyti taka undir með þeim, sem stinga upp á, að þessi brtt. landbn. verði tekin til athugunar á nýjan leik, og ég mun greiða atkvæði á móti henni, ef hún kemur til atkvæða.

Það er ekki nokkur minnsti vafi í mínum huga um það, að eitrun hefur stórfellda þýðingu til þess að útrýma tófu. Mér dettur ekki í hug að efast um vitnisburði þeirra manna, sem ég hef leitað til um þetta og eru þaulreyndir og þrautreyndir um þessi efni. Þegar um það tvennt er að velja að búa undir þeim ósköpum, sem sumir búa að þessu leyti við og ég veit að margir gera sér ekki grein fyrir, hve hræðileg eru, eða hitt að ganga í að eitra fyrir tófuna, þá er ég ekki í minnsta vafa um, að þá á að nota eitrunina til viðbótar öðrum úrræðum.

Frsm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Þessar umr. hafa á ýmsan hátt verið gagnlegar, og það var við því að búast, að hér kæmi fram einhvers konar gagnrýni á störf nefndarinnar, vegna þess að málið hefur verið deilumál og er enn og verður, og þetta nál. eru náttúrlega þeir ekki ánægðir með, sem vilja alveg skilyrðislausa eitrun. Ég geri ekki ráð fyrir, að hinir séu ánægðir heldur, sem enga eitrun vilja. Hugsun nefndarinnar var sú, að sá maður, sem fengi þetta mál til meðferðar, svokallaður veiðistjóri, hlyti að vinna með hvaða tiltækilegum ráðum sem væru að útrýmingu tófunnar og hlyti þá að fara eftir að einhverju leyti óskum þeirra manna, sem mest eiga undir því á hverjum stað, að eyðingin gangi vel.

Það má vel vera, að hér sé um að ræða nokkra áhættu, ef sérstaklega er gert ráð fyrir því, að maðurinn vinni þetta verk eftir tilfinningum sínum. En ég segi fyrir mig: ég vil ekki gera ráð fyrir því, að embættismaður, sem fær þetta verkefni til meðferðar, láti það hafa áhrif á störf sín, heldur vinni hann það fyrst og fremst út frá þeim staðreyndum, sem fyrir liggja, og þeirri reynslu, sem fyrir er um þessi mál, bæði hér og annars staðar.

Hv. 1. þm. Reykv. talaði um það, að honum þætti ekki nógu skýrt tekið fram um, hvers konar sérþekkingu þessi maður ætti að hafa. Það gat nefndin ekki gert, hún fór eftir því sem fyrir var þarna í frv. Hann talaði um sérþekkingu. Ég hef fengið um það upplýsingar, að t. d. í Bandaríkjum Norður-Ameríku er það orðið sérstök fræðigrein og kennsla í því að útrýma meindýrum slíkum sem þessum, og heyrt hef ég, að a. m. k. tveir Íslendingar séu við nám í þessum fræðum. Ekki veit ég um sönnur á því að vísu. En gera má ráð fyrir, að innan skamms verði hér tiltækir Íslendingar, sem hafa þekkingu á þessum hlutum. Ég verð að segja það, að ég get tekið undir með hv. 1. þm. Reykv., að ég teldi, að t. d. háskólanám í slíkum fræðum væri ekki fyrst og fremst það, sem við þyrftum með, heldur viðtæk og löng reynsla, samfara náttúrlega ýmsum fræðum, sem orðin eru til um þetta og maðurinn hefði numið.

Þá taldi hv. 1. þm. Reykv., að æskilegra hefði verið, skildist mér, að það hefði verið tekið fram í frv. eða brtt. n., að Búnaðarfélag Íslands hefði tillögurétt um ráðningu þessa manns eða skipun hans í embættið. Þetta var nú eiginlega ekki rætt í n., en hún gekk út frá því, að landbrh., sem gert er ráð fyrir að skipi þennan mann, muni gera það í samráði við Búnaðarfélagið, og þótti ekki þurfa að taka þetta sérstaklega fram.

Þá vildi ég geta þess, að ég tel ekkert því til fyrirstöðu, að nefndin taki sína tillögu til nánari yfirvegunar fyrir 3. umr. þessa máls. Ég tel ekki nema sjálfsagt að verða við þeirri ósk fyrir mitt leyti.

ATKVGR.
Brtt. 528 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 497 tekin aftur til 3. umr.
9.—16. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 99., 100., 101., 102. og 103. fundi í Nd., 17., 18., 20., 21. og 22. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 104. fundi í Nd., 23. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 447, 497, 528, 588).

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Ég hef ekki tekið þátt í umr. um þetta mál fyrr, en það er vegna þeirra brtt., sem nú eru komnar fram við þetta mál, sem ég kveð mér hljóðs nú.

Ég er í rauninni á móti því að beita eitrun, ef nokkurs annars er kostur. Ég hef séð mann deyja af þessu eitri, sem hér er notað, og það er satt að segja svo hryllilegur dauðdagi, að ég vil ekki einu sinni verða til þess, að rándýr verði að þola slíkan dauðdaga, ef nokkurs annars væri kostur. Hins vegar skilst mér það á þeim bændum, sem um þetta hafa rætt, að þeir sjái engin önnur ráð til að forða bústofni sín-

um, og ég sé mér því ekki fært að halda algerlega fast við, að ekki megi undir neinum kringumstæðum eitra. En mér finnst þær breytingar, sem gert er ráð fyrir að gera á þessu frv., vera satt að segja hálfvarhugaverðar. Þetta er svo hryllilegt eitur, sem þarna á að nota, stryknin, að þar verður fyllstu varúðar að gæta, svo að ekki stafi af því hætta. Ég vil því leyfa mér að bera fram brtt. við þessa brtt. n., sem er skrifleg og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 1. tölulið. Í stað „haldgóða þekkingu“ komi: sérþekkingu.“

Það er um þekkingu eða skilyrði, sem sá maður þarf að fullnægja, sem á að vera veiðistjóri.

„Við 3. tölulið. Á eftir orðunum „er veiðistjóri telur líklegust til árangurs hverju sinni“ komi: Óheimilt er að eitra fugla, en að öðru leyti skal við eitrun fylgja leiðbeiningum veiðistjóra.“

Það hafa sjálfsagt flestir hv. alþm. séð núna nýlega auglýsingu, sem hefur verið í Lögbirtingablaðinu, um eitrun gegn svartbaki. Þar eru mjög ákveðin fyrirmæli um það, að sá svartbakur, sem drepast kann af þessu eitri, verði ekki látinn liggja úti á víðavangi, og yfirleitt tekinn mjög vari fyrir því, að svo vel sé um þessa eitrun búið eða frá henni gengið, að sem minnst hætta stafi af. Og ég tel, að minna megi ekki vera, ef við förum að lögleiða þessa eitrun, heldur en við girðum fyrir það eins og frekast er unnt, að hætta stafi af henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 607) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Þegar þetta mál var hér til 2. umr., var frv. gagnrýnt nokkuð af nokkrum hv. þm. og þær brtt., sem landbn. hafði gert við það. Samkvæmt óskum nokkurra þm. tók landbn. sínar till. aftur til 3. umr. til frekari athugunar. Hún hefur nú breytt þessum till. og ber fram nýjar till. á þskj. 588.

Helztu breytingarnar, sem hún hefur gert, eru þær, að í 1. gr. er breytt ákvæðinu um sérþekkingarskyldu veiðistjórans, en talað aðeins um, að hann hafi haldgóða þekkingu og reynslu. Þetta er í samræmi við þær skoðanir, sem hér komu fram í umr., að ýmsir, sérstaklega hv. 1. þm. Reykv., töldu, að haldgóð reynsla mundi vera eins þýðingarmikil í þessu starfi og eitthvert sérfræðinám, og gat n. út af fyrir sig fallizt á það, þar sem nú er ekki til í landinu sérstaklega menntaður maður til þessa starfs. Þá höfðu orðið mistök í till. okkar, þar sem talað var um, ef landbrh. teldi henta að fengnum till. Búnaðarfélags Íslands, þá gæti hann falið veiðistjóra yfirumsjón með eyðingu svartbaks og annarra skaðlegra dýra. Þessi mál heyra undir menntmrh., og þess vegna var þessu breytt, og nú stendur hér: Ef menntmrh. telur henta o. s. frv.

Þá er það um eitrunina, að n. hefur breytt till. sínum á þann veg, að nú heyri þessi mál algerlega undir stjórn Búnaðarfélags Íslands, sem þá ákveður í samráði við veiðistjóra, hvernig eitrun skuli framkvæmd og hvar hverju sinni.

Þetta eru þá þær breytingar, sem landbn. hefur gert á sínum fyrri till. Ég skal láta þess getið, að hv. 6. landsk. (GJóh) var ekki viðstaddur afgreiðslu þessara brtt., og hann er því óbundinn um afstöðu til þeirra.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ég vil þakka landbn. fyrir það, að hún hefur tekið til greina þær athugasemdir, sem ég hreyfði hér við 2. umr. þessa máls við þær till., sem þá lágu fyrir frá n. Hún hefur tekið upp hér í 1. lið sinna brtt. ákvæði um það, að Búnaðarfélag Íslands, sem á að hafa þessi mál með höndum, geri till. um það til landbrh., hvaða maður verði skipaður í þetta veiðistjórastarf, og er það að sjálfsögðu mikilsverður liður í þessu máli að því er snertir samstarf á milli Búnaðarfélags Íslands og þess væntanlega veiðistjóra. Enn fremur hefur n. breytt ákvæðum 11. gr. í það horf, að nú eru það fyrirmæli Búnaðarfélags Íslands, sem ákveða um eitrun og annað, sem að því lýtur. — Í brtt., eins og hún lá fyrir við 2. umr., var þetta lagt á vald veiðistjóra. Hér hefur þetta verið fært til betra horfs að mínum dómi. Stjórn Búnaðarfélags Íslands lítur að sjálfsögðu á þetta mál með víðsýni, þannig að eigi sé gengið lengra í eitrun en brýn nauðsyn krefur. Hins vegar verður að sjálfsögðu að taka fullt tillit til þess, að eins og sakir standa nú er þetta langsamlega sterkasti liðurinn í að halda bitvarginum í skefjum. Og máske mætti með þeim hætti og öðrum ráðum, sem við búum yfir, vinna nokkuð á og e. t. v. komast nokkuð langt í því að útrýma þessum bitvargi, sem fjárstofninum stafar víða mikil hætta af.

Þá hefur og n. fellt niður ákvæðin um það, að banna skuli að eitra fugla. Þetta er líka mikilsvert atriði, af því að það ber öllum veiðimönnum saman um, sem ég hef talað við um þetta, og ég átti nýlega samræður við mjög æfða veiðimenn uppi í Borgarfirði um þetta mál, að eitrunin einmitt með því að eitra fugla væri langsamlega áhrifaríkust, með því væri hægt að dreifa eitruninni miklu meir og betur en hægt er með öðrum hætti. Það er nú algengast að eitra rjúpur og mjög gert, og þá eru þær auðkenndar með því að höggva af þeim annan vænginn, og það er hægt að skilja þannig við þær, þar sem þessi eitrun er lögð, að rjúpurnar fjúki ekki eða berist ekki neitt til vegna vinda. Það er þess vegna mjög mikið atriði, hagkvæmisatriði og öryggisatriði, að það sé leyft nú, svo sem verið hefur, að nota fugla til eitrunar. Er engan veginn ástæða til að ætla, að af því geti stafað önnur eða meiri hætta en af því að eitra kjöt af dýrum, hrossum eða sauðfé.

Hv. þm. Ísaf. hefur nú borið hér fram brtt., sem gengur í þá átt að taka upp aftur inn í þessa brtt. ákvæði, sem voru í brtt. n. við 2. umr. um að banna að eitra fugla. Ég held, að það sé á algerum misskilningi byggt hjá honum að ætla, að af þessu geti stafað nokkru meiri hætta en af annarri eitrun. Það ber þeim saman um, þeim þrautreyndu veiðimönnum um þetta efni uppi í Borgarfirði, sem ég hef talað við og hafa áratugareynslu í því að fást við eyðingu þessa bitvargs.

Hv. þm. lýsti því hér, að hann hefði horft upp á ægilegar kvalir, sem maður, sem orðið hefði fyrir þessari eitrun, hefði tekið út, og má ég ekki neitt gera lítið úr því, að e. t. v. er þessi dauði nokkuð kvalafullur. Það ber þó mönnum ekki saman um að því er snertir þessi rándýr, því að ýmsir veiðimenn, sem eru þessu kunnugir, segja, að dýrin deyi mjög fljótt og skyndilega, eftir að þau hafi étið eitrið. En ég vil þá spyrja hv. þm. Ísaf.: Hefur hann nokkurn tíma séð kind, sem tófan hefur brutt alveg upp að augum og heldur þó lífi um nokkurt skeið? Það er, held ég, einhver sú allra átakanlegasta sjón, sem fyrir getur borið, að sjá sauðfé þannig útleikið, en það er mjög algengt fyrirbrigði, þar sem bitvargur er mikill. Og því miður er það nú svo, sem sennilega stafar af því, að nokkru var meira slegið slöku við um refavinnsluna og þá einkum með eitrunina á þeim árum, sem fjárskiptin stóðu yfir, að nú hefur á sumum svæðum, a. m. k. hér sunnanlands, þar sem fjárskiptin fóru fram, bitvargurinn aukizt ákaflega mikið og hefur þegar á þessu vori gert hér sums staðar allmikinn usla, og bændum stendur mjög stuggur af því og allar horfur á, að nú í vor verði bændur víða fyrir allmiklu og verulegu tjóni af þessum völdum, bæði á unglömbum og líka á fullorðnu fé.

Ég vil þess vegna fyrir mitt leyti, um leið og ég þakka landbn. fyrir þær lagfæringar, sem hún hefur gert á brtt. sínum frá því, sem þær lágu hér fyrir við 2. umr., vænta þess, að þær geti fengið hér samþykki í hv. deild.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Mér kemur það dálítið ókunnuglega fyrir, að landbn. eða nokkrir af meðlimum landbn. hafa horfið frá því, sem áður var búið að ákveða, og þar með horfið frá till. sínum á þskj. 528. Ég vissi ekki betur en að það hafi orðið fullt samkomulag í n. um það orðalag, sem er á því þskj., að um það væri alveg fullt samkomulag á milli nefndarmanna. A. m. k. hafa þeir, sem þá voru mættir á fundi, allir skrifað undir nál. án fyrirvara. Ég var ekki mættur á þessum fundi, en hafði mætt á allmörgum fundum, þar sem þetta mál var rætt, og látið mína skoðun alveg ótvírætt í ljós um það, að ég væri á móti skilyrðislausri eitrun, eins og seinna álit frá landbn. á þskj. 588 ber með sér. Ég mun því leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta, að ég fái að taka upp till. á þskj. 528, þ. e. a. s. við 11. gr., sem hljóðar svo:

„Skylt er að eitra fyrir refi og minka á tilteknu svæði, þegar veiðimálastjóri mælir fyrir um, að svo skuli gert“ o. s. frv.

Ég er einn af þeim, sem eru algerlega á móti skilyrðislausri eitrun, og ég tel, að í umræðum um þetta mál og blaðaskrifum hafi einmitt komið skýr og glögg rök fram, sem ættu að vera alveg nægileg fyrir hvern þann, sem eitthvað hefur kynnt sér þetta mál, að það er ekki lausnin til þess að útrýma þessum skaðræðisdýrum, sem þarna er um að ræða, að eitra jafnskilyrðislaust og ákveðið er í seinna áliti landbn.

Annars skal ég ekki orðlengja frekar um þetta. Ég get fallizt á hina skriflegu brtt. frá hv. þm. Ísaf., þar sem talað er um, að veiðistjóri skuli hafa sérþekkingu, eigi að vera sérmenntaður á þessu sviði. Það er mjög líkt orðalag og var í till. landbn. á þskj. 528. Ég get fyllilega fallizt á það orðalag, sem er í brtt. hv. þm. Ísaf. um það atriði.

Ég vil svo enn á ný taka það fram, að mér kemur mjög einkennilega fyrir sjónir sá hringlandaháttur hjá hv. landbn. eða meiri hluta hennar í þessu máli og tel mig algerlega mótfallinn því orðalagi, sem er á 11. gr., þar sem gert er ráð fyrir skilyrðislausri eitrun, sem ég á engan hátt get fallizt á.

Kjartan J. Jóhannsson: Ég vildi aðeins, af því að það er nú komin fram önnur brtt., fara fram á það við hæstv. forseta að fresta umr., svo að tóm gefist til þess að athuga þetta nánar.

Umr. frestað.

Á 105. fundi í Nd., 24. maí, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 109. fundi í Nd., 27. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 447, 497, 528, 588, 607).

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Eins og ég gerði grein fyrir við 2. umr. þessa máls, hef ég á þskj. 497 flutt brtt. við 9. gr. frv. um að hækka verðlaun fyrir að vinna hlaupatófur og minka upp í 400 kr. fyrir hlaupatófur og 200 kr. fyrir mink. Ég hef þar farið eftir till. búnaðarþings um þetta efni, er samþ. voru á s. l. vetri, en búnaðarþingið ræddi þá frv. mþn. og gerði ályktun um það.

Brtt. mínar voru fluttar þegar eftir 1. umr., meðan málið var í n. Nú hefur hv. landbn. með brtt. sínum fyrir 2. umr. gengið að verulegu leyti til móts við till. mína, þar sem hún lagði til, að minkaverðlaunin yrðu hin sömu og ég hafði lagt til á þskj. 497 og verðlaun fyrir hlaupatófur yrðu færð upp í 350 kr.

Við 2. umr. tók hv. n. till. sínar aftur til 3. umr., og tók ég þá till. mína einnig aftur á sama hátt, þ. e. a. s. til 3. umr. Nú liggur hún aftur fyrir við þessa umr. B-lið till. get ég að sjálfsögðu tekið aftur nú og geri það, þar sem hann er samhljóða till. n. um minkaverðlaunin, en að athuguðu máli og eftir að hafa sérstaklega kynnt mér afstöðu hv. Ed.-manna í þessu máli, vil ég nú einnig taka aftur a-lið till. um verðlaun fyrir að vinna hlaupadýr. Ég vil fremur sætta mig við, að verðlaunin fyrir hlaupadýr verði aðeins hækkuð upp í 350 kr., eins og n. leggur til, en eiga það á hættu, að hv. Ed. breyti frv. á ný eða málið dagi uppi. — Till. á þskj. 497, 1. og 2. töluliður, er því hér með tekin aftur.

Enda þótt ég vilji að þessu sinni sætta mig við till. hv. landbn., þá er það álit mitt óbreytt, að greiðslur fyrir að vinna hlaupadýr verði að vera það háar, að refaskyttur víðs vegar um land sjái sér fært að halda áfram að sinna tófuveiðum á veturna. Sumir virðast ganga með þá grillu í höfðinu, að hætta sé á, að hér verði um eitthvert óskaplegt gróðafyrirtæki að ræða fyrir refaskyttur, ef verðlaunin verði hækkuð,

t. d. upp í 400 kr. Þetta er auðvitað slík fjarstæða, að engu tali tekur, og stafar sennilega af ókunnugleika í einhverri mynd. Það er eins og menn geri ráð fyrir, að tófurnar fari í hópum og séu gæfar eins og rjúpur á haustdegi. En þeir, sem til þekkja, vita, að þessu er á allt annan veg farið.

Það eru aðallega notaðar tvær aðferðir við að vinna tófur að vetrarlagi. Önnur aðferðin er sú að liggja fyrir tófunum, og er það m. a. gert með sjó fram, þar sem tófan leitar í fjöru eftir æti um nætur. Hin aðferðin er að leita tófurnar uppi úti á víðavangi, oft á fjöllum uppi eða annars staðar í óbyggðum, og rekja slóðir þeirra, þegar svo hagar til, að það er hægt, og reyna þannig að komast í færi við þær. Þá eru stundum tveir menn saman við þetta starf. Báðar aðferðirnar eða hvor þeirra, sem notuð er, reyna mjög á þrek manna og þolinmæði auk skotfiminnar og alls konar útsjónarsemi, og yfirleitt eru það ekki nema afreksmenn á þessu sviði, sem ná að staðaldri sæmilegum árangri, og til þess að ná þeim árangri þarf mikla æfingu. Það er sem sé ekki á hvers manns færi, þó að hann kunni að fara með byssu, að komast í færi við tófu og koma skoti á hana úti á víðavangi, heldur er hér um að ræða íþrótt, sem krefst mikils erfiðis, — íþrótt, sem hinir yngri verða að læra af hinum eldri í hverju byggðarlagi og byggist á áhuga og mikilli þjálfun. En hér er áreiðanlega um að ræða eina áhrifamestu aðferðina við útrýmingu refa hér á landi og hefur verið. Auk þess hefur það svo sín áhrif á árangur grenjavinnslunnar á vorin, ef þeir menn, sem liggja á grenjum, stunda líka tófuveiðar á veturna og halda sér þannig í æfingu, ef svo mætti segja.

Í sambandi við það, sem ég hef nú verið að segja, og með tilliti til þess, sem þarf að gerast í þessum málum, vildi ég eindregið benda bæði hv. þm. og öðrum á að kynna sér hina merku bók Theódórs Gunnlaugssonar bónda á Bjarmalandi í Öxarfirði, sem ég hef hér hjá mér á borðinu. Þessi bók nefnist „Á refaslóðum“, og hún var gefin út af Búnaðarfélagi Íslands árið 1955. Páll Zóphóníasson, fyrrv. búnaðarmálastjóri, hefur ritað formála fyrir þessari bók og segir þar m. a. um hana, að hún sé hin bezta kennslubók í refaeyðingum og geti sem slík haft mikla þýðingu fyrir alla, sem fást við refaveiðar. Ég veit raunar, að þessi bók hefur þegar hlotið almenna útbreiðslu víða um land, enda er hún mjög vel rituð og skemmtileg aflestrar, auk þess sem höfundurinn, sem stundað hefur refaveiðar um áratugi, er einstakur fræðimaður á sínu sviði.

Hér hefur í hv. d., bæði við 2. og 3. umr., verið rætt allmikið um eitrun til eyðingar refum og öðrum vargi. Um það mál er og nokkuð rætt í þessari bók, sem ég áðan nefndi, og skal ég ekki fara nánar út í það mál hér.

Hv. landbn. hefur nú fundið þá lausn á þessu máli að fela Búnaðarfélagi Íslands að ráða fram úr því, að sjálfsögðu í samráði við veiðistjóra, sem gert er ráð fyrir að verði skipaður samkv. þessu frv. Það má og virðast ekki óeðlilegt, að þessu félagi bændanna og fulltrúum þeirra á búnaðarþingi sé ætlað að ráða fram úr þessum vanda, enda skiptir það bændastéttina mestu, hvernig til tekst.

Annars hefur það farið svo í þessum umr. hér í hv. d., að í þeim hefur aðallega verið rætt um eyðingu refa og aðferðir við hana. En þetta frv. fjallar einnig um eyðingu minka hér á landi, og ég vil mega vænta þess, að frv., ef að lögum verður, beri einnig þann árangur, að allt verði gert, sem unnt er, af hálfu þeirra, sem með framkvæmd laganna fara, til þess að herða baráttuna gegn frekari útbreiðslu þessa nýinnflutta bitvargs um landið. Enn þá eru nokkur byggðarlög laus við þetta skaðræðisdýr, en ef ekki verður á móti því spornað, að það komist þangað, þá er þar mikið í hættu, m. a. nokkur beztu æðarvörp landsins, sem geta má nærri hvernig færi um, ef minkurinn kæmist þangað.

Það voru á sínum tíma hörmuleg mistök að leyfa innflutning þessa villidýrs í landið, og úr því verður að reyna að bæta eftir megni. En til þess að eyða refum og minkum í landinu, ætla ég að þurfi mikið og sameiginlegt átak margra. Það þarf að örva áhugamenn um allt land til þess að taka þátt í þessari starfsemi, þessari baráttu, og þetta frv. er áreiðanlega spor í þá átt, en jafnframt þarf að sjá fyrir skörulegri yfirstjórn þessarar starfsemi fyrir landið allt. Í þeim tilgangi hefur komið fram sú till., sem felst í frv., að stofna veiðistjóraembætti, en til veiðistjórans verður að gera þá kröfu, að hann hafi sem nánast samstarf við þá, sem vinna að eyðingu dýranna í einstökum byggðarlögum, og þá er þess jafnframt að vænta, að Búnaðarfélagið vaki yfir því, að svo verði gert.

Til þess verður að ætlast, að veiðistjórinn kynni sér alveg sérstaklega nýjar aðferðir, sem notaðar kunna að vera og reyndar hafa verið erlendis, og stuðli að því, að þeim verði beitt eða þær verði reyndar einnig hér, og ég vil í því sambandi leyfa mér að vitna til þess, sem um slíkar aðferðir er sagt í áliti mþn., sem undirbjó þetta frv., um þennan þátt málsins.

Það er mín skoðun, að það sé e. t. v. tæpast eðlilegt, — og ég segi það sérstaklega í sambandi við sumt af því, sem hér hefur verið sagt í umr., að það sé tæpast eðlilegt, að Alþingi sjálft gefi nákvæm fyrirmæli um það, hvernig fara skuli að því að taka þessi villidýr af lífi, sem hér er um að ræða, og fyrirskipi eina aðferð eða banni aðra, heldur eigi það að vera þannig, að hlutverk þingsins sé að gera sitt til þess að skapa skilyrði til þess, að að þessu verki sé unnið. En undir framkvæmd laganna verður að sjálfsögðu mest komið í þessu máli og þeim, sem með hana eiga að fara, Búnaðarfélaginu og veiðistjóranum, sem skipaður verður samkvæmt þessu frv., ef að lögum verður.

Eins og ég sagði í upphafi, tek ég þá aftur brtt. mínar á þskj. 497 og skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta mál, en vildi láta það koma fram, sem ég nú hef sagt, áður en meðferð málsins er lokið í hv. d.

ATKVGR.
Brtt. 607,1 felld með 17:3 atkv.
— 528,1 tekin aftur.

Brtt. 588,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 497 og 528,2 teknar aftur.
— 588,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 528,3 felld með 18:4 atkv.
— 607,2 felld með 17:3 atkv.
— 588,3 samþ. með 18:2 atkv.
— 588,4 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 528,4 tekin aftur.
— 588,5 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 528,5 tekin aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 112. fundi í Ed., 28. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 660).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 113. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Já, refirnir sleppa nú oft úr greipum manns. Það virðist sem brtt. frá Nd. hafi sloppið úr greipum prentsmiðjunnar, svo að frv. er ekki komið enn þá í því formi, sem það á nú að liggja hér fyrir.

Ég álít það skyldu mína sem formanns landbn. að skýra í stuttu máli frá þeim breytingum, sem gerðar voru á frv. í Nd. Landbn. hefur ekki getað haldið fund, síðan frv. barst hingað til d. í gær, og það, sem ég þess vegna segi, er ekki fyrir n. hönd, heldur frá mér sjálfum.

Breytingarnar, sem gerðar hafa verið, eru fyrst og fremst við 1. gr. Þar er sú breyting, að meðan veiðistjóra var ætlað að standa beint undir ráðuneytið, þá er honum nú ætlað að standa undir stjórn Búnaðarfélags Íslands. Þó er ráðh. ætlað að skipa hann, gagnstætt öðrum ráðunautum, og honum ætluð laun í VI. flokki, gagnstætt öðrum ráðunautum, sem ætluð eru laun í VII. flokki. Þetta er breyting frá því, sem var í 1. gr. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að hægt sé að fela honum fleiri störf, sem á var imprað í nál. mþn., sem samdi frv. upprunalega, og hæstv. landbrh. minntist líka á í framsögu fyrir málinu hér í þessari hv. deild. Það er talið upp í greininni nú, eins og frv. kemur frá Nd., hvað það er, sem er hægt að fela honum, en ég álít það ekki tæmandi og vildi mega skilja það þannig, að fela mætti honum fleira en þar er talið upp.

Þessari breytingu, sem hér er um að ræða, er ég ekki á móti. En eins og ég sagði, tala ég hér fyrir sjálfan mig eingöngu, en ekki fyrir n. sem heild.

Þá er önnur brtt., sem n. hefur gert við 9. gr. Það eru hækkuð verðlaunin, bæði fyrir tófur og minka. Þessi hækkuðu verðlaun eru það há, að ef jafnmikið er unnið af minkum og hlaupadýrum á hinu fyrsta ári, eftir að lögin öðlast gildi, eins og var 1955, þá munar það 130400 kr., sem ríkissjóður þarf að borga meira fyrir unnin dýr. Út af fyrir sig er ég ekki á móti þessu ákvæði vegna þess arna. Ég er á móti þessu ákvæði af því, að það er sýnilegt mjög, þegar maður athugar skýrslur um þessi mál, að það er sums staðar á landinu, í nokkuð mörgum hreppum á tveim svæðum á landinu, sem ekkert er gert til að reyna að útrýma dýrum annað en að skjóta þau að vetrinum, og það lítur bókstaflega út fyrir, að sumir hreppar geri sér leik að því að reyna að fá sem flesta yrðlinga lifandi út úr grenjunum til að geta fengið verðlaun fyrir að skjóta þá að vetrinum. Þess vegna var ég á móti því og er áfram á móti því, að verðlaunin séu höfð það há, að menn fái hvöt til þess arna. En svona er þetta núna.

Þrátt fyrir þetta tel ég önnur ákvæði í frv. það mikils virði, að ég mun ekki greiða atkv. á móti því hér í d. Ég vil fá frv. fram samþ. og tel það mikinn ávinning þrátt fyrir þessa skemmd, sem ég tel að orðið hafi á því í Nd. Það mun sýna sig betur, þegar veiðistjóri er kominn og ef honum heppnast að fá inn þær skýrslur, sem á að senda, en ekki hafa verið sendar, þó að fjórum sinnum hafi verið eftir þeim kallað á árinu 1956 fyrir árið 1955, nema á pörtum á landinu og ekkert fyrir eina heila sýslu, Strandasýslu, sem aldrei sendi neitt frá sér um það, og margir hreppar víðs vegar annars staðar af landinu, — en það mun sýna sig, ef þær skýrslur nást fnn og reynt verður að vinna úr þeim frá ári til árs, hve óhyggilegt það er að hækka verðlaunin eins og gert er í 9. gr., — sýna sig í því, að það mun fjölga ár frá ári þeim dýrum, sem unnin eru á vissum svæðum á landinu sem hlaupadýr, af því að það er ekkert gert til að eyða yrðlingunum. Og þá veit ég, að lögunum verður breytt. Þess vegna vil ég ekki láta fella lögin vegna þess arna, hvað sem aðrir kunna að vilja.

Þá var 11. gr. breytt og að ég tel líka til hins verra, þó að ég muni hins vegar ekki heldur láta það, sem ég hef á móti því, verða til þess að fella lögin nú hér í d., og þess vegna greiði ég atkvæði með þeim. En þetta eru ákvæðin viðvíkjandi eitruninni. Það var svo fyrir mælt, þegar frv. fór frá okkur, í 11. gr., að það væri skylt að eitra fyrir refi og minka, en það væri heimilt fyrir veiðistjóra að undanskilja ákveðin svæði, ef hætta væri á, að eitrunin þar gæti á einhvern hátt orðið skaðvænleg fyrir náttúru landsins. Var þessu sérstaklega stefnt að því svæði, sem ernirnir eru nú á, sem eru yfirleitt Vestfirðirnir. Nú er hins vegar svo fyrir mælt, að oddvitum og bæjarstjórum sé skylt að sjá um eitrun fyrir refi og minka, eftir því sem Búnaðarfélag Íslands ákveður og mælir fyrir um. Það er sett þarna inn sem milliliður Búnaðarfélags Íslands, og það er ekki skylt að eitra, nema það fyrirskipi. Ef það gleymir einhvern tíma að vetrinum nógu snemma eða strax að haustinu að tilkynna, að eitra skuli, og skrifa hverri hreppsnefnd fyrir sig um, að nú skuli eitra þarna og þarna, þá fellur eitrunin niður. Ég tel þetta mjög miður farið, því að það átti skýlaust að vera skylda, og það dreg ég ekki af því, sem Pétur og Páll hafa um málið skrifað, sem fæstir þekkja meira en sitt byggðarlag, heldur af því, sem ég hef séð af skýrslunum, sem þó bárust nefndinni fyrir 1955, og þeim upplýsingum, sem oddvitarnir gáfu í bréfum sínum, er þeir svöruðu nefndinni, sem allur

fjöldinn af þeim gerði. En af þeim er ákaflega augljóst, að þar á landinu, sem eitrað hefur verið að staðaldri, eins og t. d. í Mýra- og Borgarfjarðarsýslunni, hafa greni og dýrbítur farið minnkandi ár frá ári í s. l. 30 ár. Annars staðar, þar sem eitrunin hefur verið vanrækt, hefur grenjunum fjölgað ár frá ári. Það þarf þess vegna engum að segja, sem reynir að kynna sér ástandið í landinu öllu, að eitrunin hefur verið ákaflega stór liður til þess að útrýma refunum. Þess vegna er mér illa við, að það skuli ekki vera skylda eins og áður var, en er þó með því í trausti þess, að Búnaðarfélag Íslands, sem þarna á að ákveða, hvort það sé skylt að eitra eða ekki, taki sínar ákvarðanir í tíma og sjái um, að eitrunin sé framkvæmd vel og samvizkusamlega.

Í þessu sambandi vil ég benda á, að það var dálítil hræðsla við það hjá ýmsum að eitra fugla. Það var litið svo á, að þeir væru hættulegri fyrir þá fugla, ernina og fálkana, sem hætta getur staðið af að éti eitruð hræ, — það væri hættulegra fyrir þá, ef fuglar væru eitraðir, og þess vegna var mikið umtal í Nd. að láta ekki eitra fugla. Sem betur fór, var þetta tekið út aftur, og nú er leyfilegt að eitra fugla. Það er líka alveg nauðsynlegt, því að ef við lítum á upprekstrarlöndin, sem sum eru allt að því eins stór og öll Árnessýsla, hið byggða svæði, já, eða jafnvel stærri, eins og á öræfum Jökuldals og Vopnafjarðar, þá er útilokað að hafa gagn af því að eitra einn eða tvo kindarskrokka einhvers staðar á þessu svæði. Það þarf að eitra smátt og á mörgum stöðum, og það er vandalaust alveg fyrir þann, sem eitrar, að ganga þannig frá hverri eitraðri rjúpu, að hún sjáist ekki úr lofti, þó að hún finnist af lykt af þeim, sem er að leita eftir bráð, snuðrandi um öræfin. Þetta ákvæði kemur þess vegna ekki til okkar, það er nú heimilt að eitra rjúpuna, eins og var, þegar það fór frá okkur, og það tel ég til mikilla bóta.

Þá eru ákvæði við 13. gr., sem eru í því innifalin, að Búnaðarfélag Íslands fái upp borinn frá ríkisstj. þann kostnað, sem það leggur út vegna veiðistjórans og starfs hans, en það verði ekki tekið af því fé, sem Alþingi ætlar á fjárlögum í hvert skipti handa Búnaðarfélagi Íslands.

Loks er svo síðasta greinin um, að lög þessi öðlist þegar gildi.

Nú er orðið það áliðið ársins, þegar lögin öðlast gildi, að hlaupadýravinnnslan er búin seinni partinn af vetrinum í vetur, og það verða þess vegna í þetta skipti tvenns konar verðlaun, sem veitt verða, reyndar bæði fyrir minka og þó sérstaklega fyrir tófurnar, en það náttúrlega gerir heldur erfiðari framkvæmd laganna þetta fyrsta ár, en ekki svo að neinu nemi.

Þó að ég sé þess vegna sjálfur óánægður með tvær breyt., sem gerðar hafa verið á frv., þá mun ég samt sem áður greiða því atkvæði mitt, því að ég vil fá lögin samþykkt og ekki þurfa að senda þau á milli deilda aftur. Það er líka svo, að þau voru samþykkt með það miklum meiri hluta í Nd., að ef Nd. heldur fast við sína skoðun og frv. kynni að þurfa að fara í Sþ., þá erum við ekki í meiri hluta, Ed.-menn, svo að það er hætt við, að þannig komum við ekki fram okkar vilja, þó að við viljum gera breyt. á því, og þess vegna mun ég sem sagt fylgja frv. óbreyttu.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. N-M. um, að þær breytingar, sem gerðar hafa verið á frv. í hv. Nd., séu tæpast til bóta. Ég mun þó ekki gera margar athugasemdir við frv., eins og það kemur hingað aftur, en langaði til að minnast dálítið á breytingu, sem gerð hefur verið á 11. gr. þess.

Það varð samkomulag hér í þessari hv. d. við afgreiðslu málsins að halda ákvæðinu í þessari grein um skyldu til að eitra fyrir refi og minka, en þó um leið lagt á vald veiðistjóra að ákveða, hvort og hvenær þörf væri slíks á hverjum stað. Með þessu vildu hv. þdm. koma í veg fyrir eitrun að óþörfu á vissum svæðum, en hins vegar ekkert draga úr baráttunni gegn ref og mink.

Nú kemur þessi gr. aftur töluvert breytt hingað frá Nd. og að ég tel sízt til bóta. Á þskj. 588 er gert ráð fyrir, að 11. gr. orðist á þann veg, að oddvitum og bæjarstjórum skuli skylt að eitra fyrir refi og minka samkvæmt fyrirmælum stjórnar Búnaðarfélags Íslands og á þeim svæðum, er veiðistjóri telur líklegust til árangurs hverju sinni. Um þetta ákvæði finnst mér að gengið sé langt í því að gera einfalt mál flókið. Það er Búnaðarfélagið, sem á að mæla fyrir um eitrunina á þeim svæðum, sem hún skal fara fram á, en veiðistjóri tiltaka um svæðin hverju sinni. Ég tel þetta ekki vera til bóta frá því, sem ákveðið var, er frv. fór héðan úr þessari d., og vildi leggja til, að þessu yrði breytt.

Önnur breyting, sem ég vildi mæla með að gerð yrði um leið á þessu, er sú, að óheimilt skuli að eitra fugla. Á þskj. 528, sem var nál. frá hv. landbn. Nd., var brtt. um, að þetta skyldi óheimilt. Þetta nál. mun hafa verið dregið til baka af n. og annað samið allólíkt. Finnst mér það benda til þess, að hv. þm. í landbn. Nd. hafi ekki verið allir á einu máli og hafi verið harla óákveðnir í sínum till. Ég vil nú gera það að minni till. hér og bera fram brtt. skriflega, mælast til þess, að hún fáist borin upp, um breytingu við 11. gr. frv., svo hljóðandi:

„11. gr. orðist svo:

Skylt er oddvitum og bæjarstjórum að sjá um eitrun fyrir refi og minka á tilteknum svæðum, þegar veiðistjóri mælir fyrir um, að svo skuli gert. Óheimilt er að eitra fugla, en að öðru leyti skal við eitrun fylgja leiðbeiningum og fyrirmælum veiðistjóra. Héraðslæknar og lyfjaverzlanir láta oddvitum og bæjarstjórum í té eitur samkvæmt fyrirmælum landbúnaðar- og heilbrigðismálaráðuneytisins.“

Þessi till., eins og hún er orðuð, má heita samhljóða þeirri till., sem hv. landbn. var með á prjónunum um skeið í Nd., þótt hún væri síðar dregin til baka. Jafnvel þó að þessi samþykkt yrði gerð hér nú, er ekki víst, að óttast þurfi töf á afgreiðslu málsins á þessu þingi, því að svo deildar meiningar munu vera í Nd., að allt eins líklegt er, ef hv. Ed.-þingmenn gætu hugsað

sér að fylgja þessari till., að hún mundi ganga fram að lokum á þessu þingi.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 679) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það hefur nú verið minnzt á það, að gallar séu á þessu frv. frá sjónarmiði tveggja þm., og það verður náttúrlega lengst af svo, að þeim kann að sýnast sitt hverjum í málum yfirleitt. En hv. 1. þm. N-M. vill þó mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt, vegna þess að hann gerir sér ljóst, að það er annars sett í hættu, og í annan stað vegna þess, að hann vill, að reynsla komist á um þau atriði, sem hann er ósammála um, og enn fremur gerir hann sér sjálfsagt ljóst, þó að hann taki það ekki fram hér við þessa umr. sérstaklega, að þetta mál þolir ekki bið.

Hv. 1. landsk. hefur komið hér með brtt., sem er ekki verulega frábrugðin því, sem ákvæðin eru í 11. gr., eins og það kemur frá hv. Nd., nema um það ákvæði, að ekki megi eitra fugla. En hann tók það réttilega fram, að frv. kynni að vera sett í hættu með þessu. Hann sagði, að það væri ekki víst, að það væri sett í hættu, því að það væri hugsanlegt, eftir því sem atkvgr. hefði fallið í Nd., að sú till., sem kæmi héðan, og þær breytingar, sem kæmu héðan, yrðu samþ. Með því viðurkenndi hann, að frv. væri raunverulega sett í hættu, því að það er vitanlega að setja í hættu frv. að senda það til hv. Nd., þó að það kunni að vera líkur fyrir því, að það verði samþ. þar með þeim breytingum, sem hann áður gat hér.

Ég vildi þess vegna mælast til þess, að frv. yrði samþ. óbreytt. Það er mikill áhugi fyrir þessum málum, sem eðlilegt er, um allt land. Það er vitað mál, svo sem fram hefur verið tekið, bæði í grg. og framsögu fyrir þessu máli og oft í blöðum, að þessi rándýr herja nú landið og færast meir og meir sum þeirra, eins og minkurinn, nær svæðum, sem væri alveg óbætanlegt, ef þeim tækist að eyðileggja. Það má aðeins minnast á það, að minkurinn er kominn núna í námunda við Mývatn, einhvern sérkennilegasta stað, sem til er, ekki aðeins á þessu landi, heldur þótt sé leitað víða annars staðar. Og ef hann kæmist þangað, þá yrði þar skarð fyrir skildi í því, sem hann hefði þar úr að moða. Af þessum ástæðum vildi ég mælast til þess, að frv. væri samþ. óbreytt til þess að setja það ekki í hættu, því að það er mjög aðkallandi, að þetta frv. verði samþ. og komið á nú þegar þeim vinnubrögðum til þess að útrýma þessum vargi, sem ætlazt er til að gert verði, ef þetta frv. verður samþ.

Það þarf ekki að rekja það hér, hver ósköp það eru, sem minkurinn hefur eyðilagt víða um þetta land, og um refinn er það að segja, að hann veður nú uppi meira en nokkurn tíma endranær, vegna þess að það hafa ekki verið gerðar þær ráðstafanir, sem gera þarf til þess að útrýma honum.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Þær breytingar, sem þetta frv. hefur tekið í Nd., verð ég að telja að sumu leyti og jafnvel flestu leyti til hins verra. Ég hef kynnzt þessu máli talsvert, vegna þess að ég á sæti í hv. landbn., og öll þau atriði, að ég hygg, sem eru í þessum breytingum, sem komu frá Nd., voru rædd og rædd mikið í landbn. Ed. Ég hef því ekki breytt þeirri skoðun um þau atriði, sem ég hafði þá, og er mótfallinn ýmsu af þessu, bæði hvað snertir hæð verðlaunanna, sem nú á að greiða, en þó er sérstaklega eitt atriði, sem mér er mjög sárt um að ekki skyldi fá að standa í frv., en það er í 11. gr., þar stóð, að veiðistjóri geti þó ákveðið, að ekki skuli eitra á vissum svæðum, ef hætta er á, að eitrið geti útrýmt sjaldgæfum fuglategundum. Það er vitað mál, að þarna er fyrst og fremst átt við örninn, og það er álit manna, sem kunnugir eru, að honum stafi mikil hætta af eitruninni. En ég skil svo 11. gr., eins og hún er nú orðin í frv., að það eigi að eitra á þeim svæðum, er veiðistjórinn telur líklegust til árangurs hverju sinni, m. ö. o.: þó að oddvitar og bæjarstjórar eigi að sjá um eitrun eftir fyrirmælum Búnaðarfélags Íslands, þá eigi Búnaðarfélagið ekki eða hafi ekki heimild til að láta falla niður eitrun á svæðum, ef veiðistjóri telur það líklegt til árangurs til að útrýma ref og mink, þó að það útrými um leið erninum. Ég lít svona á þetta, og þetta tel ég mjög skaðlegt.

En ég vil ekki bregða fæti fyrir þetta frv. og mun greiða því atkv. samt, þó að þessi ágalli sé á því, í þeirri von, að fljótlega verði bætt úr þessu með lagabreytingu síðar.

Ég vil segja svipað um till. hv. 1. landsk., að hún er að verulegu leyti til bóta. En þar sem skýrt hefur verið hér frá í hv. d. í dag, að jafnvel geti komið til mála, að þinglausnir fari fram á morgun, þá tel ég engar líkur til, að þetta frv. nái fram að ganga, ef við förum að samþ. við það brtt., og af þeim ástæðum mun ég ekki geta fylgt þeirri till. og mun því ekki standa á móti frv., þó að ég sé ósamþykkur sumum atriðunum, sem hafa verið sett inn í frv. í Nd., en geri það í trausti þess, sérstaklega hvað 11. gr. varðar, að á henni fáist breyting þegar á næsta þingi.

ATKVGR.
Brtt. 679 felld með 11:1 atkv.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 680).

44. Menningarsjóður.

Á 100. fundi í Ed., 17. mai, var útbýtt:
Frv. til l. um menningarsjóð og menntamálaráð Íslands [174. mál] (stjfrv., A. 544).

Á 101. fundi í Ed., 17. mai, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Gildandi lög um menntamálaráð Íslands og menningarsjóð eru nær 30 ára gömul. Þau voru sett að frumkvæði þáverandi menntmrh., Jónas-

ar Jónssonar. Þegar lögin voru sett, voru þau hin merkustu nýmæli, og mun þessi lagasetning án efa verða eitt af því, sem mun varðveita nafn Jónasar Jónssonar í íslenzkri menningarsögu.

S. l. þrjá áratugi hefur þó margt breytzt í íslenzku þjóðfélagi, og er nú orðið fullkomlega tímabært að taka þessi lög til endurskoðunar í ljósi fenginnar reynslu og breyttra tíma.

Tekjur menningarsjóðs hafa undanfarin ár samkvæmt þeim tekjustofni, sem honum er ætlaður í gildandi l., en það eru áfengissektir og tekjur af upptæku áfengi, numið milli 500 og 600 þús. kr. Þeim ber að skipta samkvæmt ákvæðum gildandi laga í þrjá jafna hluta, og skal verja ⅓ til bókaútgáfu, ⅓ til kaupa á listaverkum til listasafns ríkisins og ⅓ til að styrkja náttúrufræðirannsóknir.

Fé það, sem bæði bókadeildin og listaverkadeildin hefur haft til umráða, hefur reynzt allt of lítið og staðið þeirri merku starfsemi, sem menningarsjóði er ætlað að styrkja, mjög fyrir þrifum.

Það er því einn megintilgangur þessa frv., að þar er gert ráð fyrir því, að menningarsjóði sé séð fyrir verulega auknum tekjum, þó að ákvæðin um sjálfa tekjuöflunina séu að vísu í öðru frv. Jafnframt er gert ráð fyrir nýjum verkefnum, sem menningarsjóði er ætlað að styrkja og teljast verða í samræmi við þarfir, sem skapazt hafa í þjóðfélaginu smám saman á þeim tíma, sem liðinn er síðan lögin í upphafi voru sett.

Það er gert ráð fyrir því, að unnt verði að stórauka bókaútgáfuna frá því, sem verið hefur, og verja allmiklu meira fé en undanfarið hefur verið hægt til þess að búa listasafn ríkisins íslenzkum og erlendum listaverkum.

Um nauðsyn á eflingu bókaútgáfunnar og listasafns ríkisins sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða, en leyfi mér að vísa til þess, sem um verkefni bókaútgáfunnar og listasafnsins er sagt í þeirri grg., sem fylgir frv. Hins vegar vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um þau hin nýju verkefni, sem sjóðnum er ætlað að annast samkvæmt frv., eins og það er flutt.

Í fyrsta lagi er menningarsjóði ætlað að styrkja vísindasjóð með árlegu framlagi, sem gert er ráð fyrir að nemi allt að 800 þús. kr. Er flutt samhliða þessu frv. sérstakt frv. um vísindasjóð, sem væntanlega mun koma til umr. næst á eftir þessu frv., og munu þá látnar fylgja nokkrar skýringar á því máli.

Þá er hér og gert ráð fyrir nýju verkefni, að menningarsjóður láti gera íslenzkar menningar- og fræðslukvikmyndir eða stuðli að gerð þeirra og styðji á annan hátt innlenda kvikmyndagerð.

Meðal annarra menningarþjóða hefur gerð menningarkvikmynda fyrir löngu rutt sér til rúms, en hér á landi hefur því verkefni fram að þessu verið lítt gaumur gefinn. Á gildandi fjárlögum er að vísu nokkur fjárhæð, sem gert er ráð fyrir að verja til þess að taka kvikmyndir af kunnum Íslendingum, og menningarsjóður hefur fyrir sitt leyti hafið nokkurn undirbúning að því, að gerðar verði stuttar kvikmyndir um íslenzka listamenn, og er kvikmynd um Ásgrím Jónsson senn fullgerð. Er kominn tími til þess, að kvikmyndatæknin verði tekin í þjónustu íslenzkra menningarmála. Verkefnin á því sviði eru óþrjótandi. Það þarf að gera kvikmyndir um atvinnuvegi landsins, um þjóðhætti. Nefna má t. d. gagnsemi þess að gera kvikmynd um sögu landhelgismálsins og handritamálsins, svo að eitthvað sé nefnt.

Þá er í þriðja lagi gert ráð fyrir því í frv., að menningarsjóður fái það hlutverk að styðja íslenzka tónlist og íslenzka myndlist, bæði tónlistar- og myndlistarfræðsluna og sjálfa listsköpunina. Má í því sambandi nefna, að mjög æskilegt væri, að gerðar yrðu góðar eftirlíkingar málverka í eigu listasafns ríkisins, en tækni á því sviði er orðin frábær. Mundu slíkar eftirlíkingar fyrst og fremst látnar í té skólum og öðrum opinberum stofnunum. Listaverk og listamenn mundu þannig komast með nokkrum hætti í nánari snertingu við almenning í landinu en verið hefur.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir því, að menningarsjóður hafi með höndum eða auki stuðning sinn við iðkun þjóðlegra fræða, svo sem ættfræði, staðfræði, örnefnasöfnun, almenna menningarsögu o. s. frv.

Þess má geta, að til skamms tíma hafði menntamálaráð heimild til þess að verja úr menningarsjóði nokkru fé til þess að greiða fargjöld fyrir námsmenn, fræðimenn og listamenn til annarra landa. Þegar skattfrelsi Eimskipafélagsins var afnumið fyrir nokkrum árum, hætti Eimskipafélagið að veita slík hlunnindi, sem úthlutað var af menntamálaráði, og féll þar með þessi tegund styrkveitinga af hálfu menntamálaráðs niður. Hér er gert ráð fyrir því, að upp verði aftur tekin heimild til þess að verja nokkru fé úr menningarsjóði í þessu skyni, þar sem reynslan sýndi, að það kom mörgum efnalitlum manninum að mjög góðu haldi.

Enn fremur er gert ráð fyrir því, að nokkru fé verði varið til kynningar íslenzkri menningu bæði innanlands og utan.

Athugun menntmrn. hefur leitt í ljós, að tekjur menningarsjóðs muni þurfi að aukast um 2 millj. kr. og verða þannig alls um 2½ milljón, til þess að sjóðurinn geti vel sinnt hinu gamla hlutverki sínu og bætt við þeim verkefnum, sem ég vék lauslega að.

Í frv. um breytingu á gildandi lögum um skemmtanaskatt, sem einnig er hér til umr. í þessari hv. d. í dag, er gert ráð fyrir því, að þessa fjár verði aflað með tveggja króna gjaldi af aðgöngumiðum að dansleikjum og einnar krónu gjaldi af aðgöngumiðum að kvikmyndasýningum, öðrum en barnasýningum. Þrátt fyrir þetta smávægilega gjald yrði aðgangseyrir að bæði kvikmyndasýningum og dansleikjum hlutfallslega talsvert lægri en hann var fyrir styrjöldina og miklu lægri en hann er af hliðstæðum skemmtunum í nágrannalöndunum.

Í desember s. l. fól menntmrh. eftirtöldum mönnum að endurskoða gildandi lög um menningarsjóð og menntamálaráð: Friðfinni Ólafssyni forstjóra, sem var formaður n., Gils Guðmundssyni skrifstofustjóra, Hauk Snorrasyni

ritstjóra, Jakob Benediktssyni magister og Vilhjálmi Þ. Gíslasyni útvarpsstjóra.

N. varð sammála um till. sínar til rn. Þetta frv. er í öllum meginatriðum samhljóða till. n. Þess er þó að geta, að n. gerði ráð fyrir því, að í stað einstakra styrkja, sem nú eru veittir í fjárl. til nafngreindra vísindamanna, fræðimanna og listamanna, kæmi ein fjárhæð, sem rynni í menningarsjóð, en menntamálaráð úthlutaði síðan. Er þessi hugmynd til athugunar, þegar næstu fjárl. verða undirbúin.

Þess má og geta, að n. varð sammála um þá tekjuöflun, sem gert er ráð fyrir að skuli standa undir hinum nýju verkefnum, sem menningarsjóður á að taka að sér samkvæmt þessu frv.

Þá skal ég að síðustu fara fáeinum orðum um helztu breytingar og nýmæli laganna eða hinar einstöku greinar þeirra.

Í 2. gr. er kveðið svo á, að menntamálaráð skuli gera árlega áætlun um tekjur og gjöld menningarsjóðs, en tekjum sjóðsins ekki skipt fyrir fram í ákveðnum hlutföllum á óbreytilegan hátt, eins og gert er samkv. ákvæðum gildandi laga.

Í 3. gr. er fjallað um hina nýju tekjuöflunarleið, auk þess sem gert er ráð fyrir sama tekjustofni og menningarsjóður hefur haft undanfarin 20 ár tæp.

Í 4. gr. er fjallað um það, hvernig tekjum menningarsjóðs skuli varið, og hef ég áður rakið það og skal ekki um það fjölyrða meir. Þó vil ég geta þess, að í 5. gr. er það nýmæli, að skv. henni skal verja a. m. k. 5% af árlegum heildartekjum menningarsjóðs í sérstakan sjóð, er nefnist stofndeild menningarsjóðs, og er menntamálaráði heimilt að fengnu samþykki ráðh. að verja fé stofndeildar til kaupa á fasteignum, sem notaðar yrðu í þágu menningarsjóðs eða annarra menningarmála. Þessum sjóði er ætlað að vera eins konar fastur varasjóður menningarsjóðs og heimilt að varðveita hann í fasteign. Öll starfsemi menningarsjóðs og menntamálaráðs fer nú fram í leiguhúsnæði á ýmsum stöðum í bænum, og háir það starfseminni að sjálfsögðu allmikið, en sérstaklega bókaútgáfa sjóðsins krefst mikils húsnæðis.

Þá er í 8. gr. gert ráð fyrir því, að starf framkvæmdastjóra sjóðsins verði föst staða, er ráðh. veiti, en menntamálaráð hefur fram að þessu ráðið framkvæmdastjóra.

Að síðustu má og geta þess, að nú er skrifstofukostnaður menntamálaráðs greiddur af skrifstofukostnaði stjórnarráðsins, þ. e. a. s. úr ríkissjóði. Ákvæði um þetta eru felld niður og gert ráð fyrir því, að framvegis standi menningarsjóður sjálfur undir sínum skrifstofukostnaði.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. leyfi ég mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Ed., 20. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 544, n. 568).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Menntmn. hv. þd. hefur farið yfir og athugað frv. til laga um menningarsjóð og menntamálaráð, sem hér er á dagskrá til 2. umr. Leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt. Tveir nm. voru fjarverandi, er n. afgr. málið, þeir hv. 6. þm. Reykv. (GTh) og hv. 2. þm. Árn. (SÓÓ).

Hæstv. menntmrh. gerði ýtarlega grein fyrir efni og tilgangi frv. í framsöguræðu við 1. umr. og hverjir hefðu það samið.

Ákvæði þau, sem nú gilda um þessi efni, eru lög nr. 7 frá 1928, um menntamálaráð Íslands, og lög nr. 14 frá 1928, um menningarsjóð. Verða þau úr gildi felld, ef frv. þetta verður samþ.

Af eðlilegum ástæðum og vegna breyttra tíma eru lög þessi nú orðin að ýmsu leyti úrelt. Á sínum tíma voru þau að flestra dómi merkileg lagasetning og höfðu mikilvægu hlutverki að gegna.

Ædimörg hin síðari ár hefur þó mikið á það skort, að þessar tvær stofnanir, menntamálaráð og menningarsjóður, hafi getað rækt ætlunarverk sín neitt svipað því, sem þurft hefði og æskilegt hefði verið. Hefur því valdið fyrst og fremst skortur á fé.

Úr þessu er nú ætlað að bæta með því, að í frv. til laga um skemmtanaskatt, sem hér er einnig á dagskrá í dag, er svo kveðið á, að lagt verði einnar og tveggja króna gjald á selda aðgöngumiða að kvikmyndahúsum og dansleikjum og renni í menningarsjóð. Verða það aðaltekjur sjóðsins og gert ráð fyrir því, að þær muni nema á ári hverju um 2 millj. kr. Auk þess renna í sjóðinn sektir fyrir brot á áfengislöggjöfinni, svo sem verið hefur hingað til, og áætlað er, að sú fjárhæð, sem í sjóðinn kemur árlega í sektum, muni nema um ½ millj. kr. Verði ákvæði frv. um skemmtanaskatt lögfest, má því gera ráð fyrir, að sjóðurinn fái árlega fé til ráðstöfunar, sem nemi um 2½ millj. kr. Þannig mundi menningarsjóður væntanlega verða að þýðingarmiklu liði fyrir margvíslega menningarstarfsemi í landinu.

Í 1. gr. frv. er ákveðið hlutverk menningarsjóðs, en það er að styrkja íslenzka menningu með því að efla listir og vísindi.

Í 4. gr. er þetta nánar skýrt, og eru þar greind í höfuðdráttum þau verkefni, sem sjóðnum er ætlað að hafa, þ. e. hvernig tekjum sjóðsins skuli varið. Er það greint í níu liði, stafliðina a—i.

Í fyrsta lagi á sjóðurinn að leggja fram fé í vísindasjóð, sem svo er kallaður. Hér í hv. þd. hefur verið lagt fram frv. um sjóð þennan og hlutverk hans, og er þar kveðið svo á, að upphæð sú, sem hann árlega skuli fá úr menningarsjóði, verði a. m. k. 800 þús. kr.

Í öðru lagi skal fé varið úr menningarsjóði til bókaútgáfu. Hingað til hefur það verið eitt af hlutverkum menningarsjóðs að gefa út bækur, og hin síðari ár hefur sjóðurinn haft samvinnu um það við Þjóðvinafélagið gamla, sem eins og kunnugt er hefur gefið út margar góðar bækur, sem allir kannast við, svo sem Almanakið og

Andvara, sem komið hafa út allt frá árinu 1875. Vafalaust ætti að vera unnt að auka og vanda betur útgáfustarfsemi menningarsjóðs með auknum fjárráðum, enda mun það fyrirhugað.

Í þriðja lagi er eitt af hlutverkum sjóðsins að kaupa listaverk til handa listasafni ríkisins, en hingað til hefur slíkt verið gert í allt of smáum stíl, vegna þess að fé hefur skort til þeirra hluta. Er því hér mikið verkefni að vinna bæði um öflun nýrra listaverka og gamalla, innlendra og e. t. v. útlendra, en a. m. k. einkum innlendra.

Næsta verkefni, sem talið er í 4. gr., er stuðningur við gerð íslenzkra menningar- og fræðslukvikmynda, en til slíkrar myndgerðar hefur verið fjár vant hingað til. Menningarsögulegt gildi slíkra kvikmynda er óumdeilt.

Næsti stafliður er um eflingu þjóðlegra fræða og athugun á náttúru landsins. Er hér gert ráð fyrir, að hóflegri upphæð verði varið til þess að úthluta til ýmissa fræðimanna, er ekki njóta styrks úr vísindasjóði. Nokkur upphæð hefur hingað til verið á fjárl. í þessu skyni, og hefur menntamálaráð úthlutað því.

Þá á að verja fé til styrktar íslenzkri tónlist og myndlist, til kynningar íslenzkri menningu innanlands og utan, svo sem með listsýningum, bæði hérna í höfuðstaðnum og úti um land og jafnvel erlendis.

Að síðustu er í 4. gr. rætt um úthlutun fargjalda, er komið geti í stað ókeypis fargjalda, sem Eimskipafélag Íslands lét í té á sínum tíma, en nú er niður fallið, er skattfrelsi Eimskipafélagsins var afnumið fyrir nokkrum árum. Slíkt hefur löngum komið sér vel fyrir fátæka námsmenn og menntamenn.

Um tekjur sjóðsins er rætt í 3. gr., og hef ég áður gert grein fyrir þeim.

Ætlazt er til samkvæmt 5. gr., að 5% af tekjunum verði lögð í sjóð og ekki ráðstafað. Sjóður þessi er í greininni kallaður stofndeild menningarsjóðs. Miðað við 2½ millj. kr. tekjur á ári mundi safnast í sjóðinn 125 þús. kr. árlega. Fé þessu má verja til húsbygginga eða húskaupa fyrir sjóðinn og starfsemi hans, t. d. bókaútgáfuna, sem þarf á ærnu húsnæði að halda. Þegar tímar líða, ætti hér að myndast með þessum hætti myndarlegur sjóður, sem gæti orðið menningarsjóði stuðningur, þegar fram líða stundir.

Samkvæmt 2. gr. frv. er stjórn sjóðsins falin menntamálaráði, svo sem verið hefur.

6. gr. fjallar um, hvernig menntamálaráð er skipað, og er þar engu breytt um reglur þær, sem þar um hafa gilt hingað til, að öðru leyti en því, að nú skal kjósa varamenn á sama hátt og aðalmenn hafa verið kosnir.

Hlutverk menntamálaráðs er greint í 7. gr. Fyrst og fremst er það yfirstjórn menningarsjóðsins og skipting á tekjum hans til þeirra, sem njóta eiga.

Þá hefur menntamálaráð á hendi stjórn bókaútgáfunnar, og það á einnig að hafa yfirumsjón með listasafni ríkisins.

Enn er ætlazt til, að hér eftir sem hingað til úthluti menntamálaráð námsstyrkjum og námslánum svo og þeim styrkjum öðrum, sem fé er veitt til í fjárl. og ráðinu er falið að úthluta.

Forstjóri menningarsjóðs hefur hingað til verið ráðinn af menntamálaráði, en nú er gert ráð fyrir í 8. gr. frv., að ráðh. skipi hann að fengnum till. menntamálaráðs.

Þetta er í stuttu máli aðalefni frv. Menntmn. telur, að hér sé gott mál á ferðinni, og væntir þess, að aðrir hv. þdm. séu sama sinnis og að frv. fái greiða för í gegnum hv. þd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
6.—10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Ed., 21. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 102. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 103. fundi í Nd., 22. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. var flutt í hv. Ed. og hlaut samhljóða samþykki þeirrar deildar án nokkurra breytinga.

Gildandi lög um menntamálaráð og menningarsjóð eru nú nær 30 ára gömul. Sá tekjustofn, sem menningarsjóði þar var tryggður, hefur á undanförnum árum veitt honum 500—600 þús. kr. árlegar tekjur. Þessi tekjustofn hefur undanfarin ár reynzt allsendis ónógur, til þess að þeim verkefnum væri sinnt, sem menningarsjóði var í hinum upphaflegu lögum ætlað að sinna. Þá hefur menningarsjóður og ekki getað tekið að sér nýr hlutverk, sem þó verður að teljast fullkomlega eðlilegt og tímabært með tilliti til þess, hve langur tími er liðinn, síðan menningarsjóði upphaflega var markað hlutverk, eða fyrir tæpum 30 árum. Það verður því að teljast fullkomlega tímabært að taka lög þessi til endurskoðunar í ljósi fenginnar reynslu og breyttra tíma og þá ekki hvað sízt að tryggja menningarsjóði auknar tekjur frá því, sem verið hefur s. l. þrjá áratugi, til þess bæði að geta sinnt rækilegar þeim verkefnum, sem honum voru í upphafi falin, og enn fremur til þess að geta tekizt á hendur nýr verkefni.

Samkvæmt gildandi lögum er hlutverk menningarsjóðs þríþætt: bókaútgáfa, kaup á listaverkum í listasafn ríkisins og stuðningur við náttúrufræðirannsóknir. Tveim fyrstnefndu verkefnunum hefur ekki verið unnt að sinna, svo sem nauðsynlegt hefði verið, sökum fjárskorts. Hins vegar hefur svo viljað til, að undanfarin ár a. m. k. hefur nokkurt fé verið afgangs af þeim hluta sjóðsins, sem ætlaður er til styrktar náttúrufræðirannsóknum, en samkv. gildandi lög-

um skal tekjum sjóðsins skipt í þrjá jafna hluta: til bókaútgáfu, til kaupa á listaverkum og til náttúrufræðirannsókna.

Ég skal ekki um það fjölyrða, hvert gagn gæti orðið að því að efla bókaútgáfu menningarsjóðs. Ég skal ekki heldur um það fjölyrða, hversu nytsamt það væri að geta aukið kaup á listaverkum í listasafn ríkisins. Ég ætla, að nytsemi hvors tveggja sé svo almennt viðurkennd hér á hinu háa Alþ., að ekki þurfi að orðlengja þessu til rökstuðnings. Hins vegar ætla ég að leyfa mér að fara fáeinum orðum um þau nýju verkefni, sem ég tel æskilegt að menningarsjóður geti tekið að sinna og gert er ráð fyrir í þessu frv. að hann muni sinna og ætlunin er að gera honum kleift að sinna með þeirri tekjuöflun, sem gert er ráð fyrir í öðru frv., sem enn er til afgreiðslu í hv. Ed., þ. e. frv. til breytinga á gildandi l. um skemmtanaskatt. Þar er gert ráð fyrir nýrri tekjuöflun, sem ætlazt er til að muni afla um 2 millj. kr. tekna, er ganga skuli í menningarsjóð.

Hin nýju verkefni, sem sjóðnum er ætlað að annast, ef till. um hina nýju tekjuöflun ná fram að ganga, eru fyrst og fremst þessi:

Það er gert ráð fyrir því í þessu frv., að menningarsjóður styrki rannsóknir á sviði raunvísinda og hugvísinda með föstu árlegu framlagi í vísindasjóð, en fyrir hv. Ed. liggur einnig frv. um stofnun slíks sjóðs, og er þar gert ráð fyrir, að sá sjóður fái árlega a. m. k. 800 þús. kr. framlag úr menningarsjóði.

Þá er ætlunin, að vísindasjóður taki að mestu leyti að sér núverandi hlutverk náttúrufræðideildar menningarsjóðs, sem haft hefur til umráða allt að 200 þús. kr. á ári undanfarin ár. Þó er í frv. gert ráð fyrir því, að menningarsjóður styrki eftir sem áður ýmsar athuganir á náttúru landsins, og eru þar einkum hafðar í huga athuganir leikmanna, sem ekki verður búizt við að vísindasjóður muni styrkja sérstaklega til slíkra rannsókna. Hugmyndin er m. ö. o. sú, að vísindasjóður styrki einkum og sér í lagi fræðimenn til náttúrufræðiathugunar, en menningarsjóður hafi eftir sem áður heimild til þess að styðja slíkar athuganir, sem gerðar eru af hálfu leikmanna.

Þá er í þessu frv. gert ráð fyrir því, að menningarsjóður geti styrkt íslenzkar menningar- og fræðslukvikmyndir, annaðhvort látið gera þær sjálfur eða stuðlað að gerð þeirra af hálfu Íslendinga og stutt á annan hátt innlenda kvikmyndagerð. Íslenzk kvikmyndagerð er þegar komin af fyrsta bernskuskeiði. Þar hafa ýmsir Íslendingar unnið merkilegt og mjög þarft brautryðjendaverk, sem æskilegt væri að geta stutt meira en kleift hefur verið og betur en kleift hefur verið.

Meðal annarra nútíma menningarþjóða hefur gerð menningarkvikmynda fyrir löngu rutt sér til rúms, en hér á landi hefur ríkisvaldið fram að þessu lítt sem ekki gefið gaum að þeim óþrjótandi verkefnum, sem bíða íslenzkrar kvikmyndagerðar. Í gildandi fjárl. er að vísu nokkur fjárveiting til þess að láta gera kvikmyndir af kunnum Íslendingum, og sömuleiðis hefur menningarsjóður þegar hafið undirbúning að því, að gerðar verði stuttar kvikmyndir um íslenzka listamenn. Hefur einstaklingur t. d. gert kvikmynd um Ásgrím Jónsson listmálara, og fleiri slíkar kvikmyndir munu vera í undirbúningi. Yrði mun hægara um vik í þessum efnum og framkvæmdir meiri en ella, ef skilyrði væru til þess að láta hér í té nokkurn opinberan stuðning. Er kominn tími til, að nútíma kvikmyndatækni verði tekin í þjónustu íslenzkra menningar- og fræðslumála í ríkari mæli en átt hefur sér stað undanfarið. Einnig ber til þess nauðsyn að gera kvikmyndir um atvinnuvegi og þjóðhætti ýmsa, sem gætu orðið æskulýð landsins til hagnýtrar fræðslu um þessi efni og mundu varðveita komandi kynslóðum fjölmargt úr íslenzkum menningararfi, sem hætt er við að glataðist, ef ekki væri notuð sú tækni, sem kvikmyndagerðin nú ræður yfir.

Þá er og gert ráð fyrir því, að menningarsjóður hafi skilyrði til aukins stuðnings við íslenzka tónlist og íslenzka myndlist, bæði tónlistar- og myndlistarfræðsluna og sjálfa listsköpunina. Í því sambandi má nefna, að æskilegt væri, að gerðar væru góðar eftirlíkingar málverka í eigu listasafns ríkisins, en tækni á því sviði er orðin frábær. Væri eðlilegt að láta slíkar eftirlíkingar í té skólum og öðrum opinberum stofnunum. Einnig mætti, ef slík söfn eftirlíkinga yrðu gerð, efna til umferðarsýninga í skólum og á samkomustöðum á slíkum myndum í stað þess að þurfa að flytja málverkin sjálf, og mundu listamenn og listaverk þannig komast með nokkrum hætti í nánari snertingu við almenning í landinu en nú er unnt að láta gerast.

Þá er og gert ráð fyrir því, að menningarsjóður með hinum auknu fjárráðum sínum auki stuðning sinn við iðkun þjóðlegra fræða, svo sem á sviði ættfræði, staðfræði, örnefnasöfnunar, almennrar menningarsögu o. s. frv. Athugun menntmrn. hefur leitt í ljós, að til þess að menningarsjóður geti staðið undir nauðsynlegri eflingu á hinum fyrri verkefnum sínum og kostað þessi nýju verkefni, þurfi tekjur hans að aukast um a. m. k. 2 millj. kr., en það er einmitt sú fjárhæð, sem miðað er við að afla í því frv. um breyt. á gildandi lögum um skemmtanaskatt, sem ég vék að áðan.

Í desembermánuði s. l. fól menntmrn. 5 mönnum að endurskoða gildandi lög um menningarsjóð og menntamálaráð, þeim Friðfinni Ólafssyni forstjóra, er var formaður nefndarinnar, Gils Guðmundssyni skrifstofustjóra, Hauk Snorrasyni ritstjóra, Jakob Benediktssyni magister og Vilhjálmi Þ. Gíslasyni útvarpsstjóra. Nefndin varð sammála um till. sínar til ráðuneytisins, og þetta frv. er í öllum aðalatriðum samhljóða till. n. Þó ber þess að geta, að n. gerði ráð fyrir því, að í stað einstakra styrkja, sem nú eru veittir í fjárl. til nafngreindra vísindamanna, fræðimanna og listamanna, kæmi ein fjárhæð, sem rynni í menningarsjóð, en menntamálaráð úthlutaði síðan. Er þessi hugmynd til athugunar, þegar fjárl. verða undirbúin næst, síðar á þessu ári.

Að síðustu skal ég svo fara örfáum orðum um helztu breytingar og nýmæli laganna og rekja þar einstakar greinar.

Samkvæmt 2. gr. skal menntamálaráð gera árlega áætlun um tekjur og gjöld menningarsjóðs, en ekki gert ráð fyrir því, að tekjum sjóðsins sé skipt fyrir fram í ákveðnum hlutföllum, svo sem nú er gert samkvæmt gildandi lögum.

Í 3. gr. er fjallað um þá nýju tekjuöflunarleið sem ég hef þegar getið um, auk þess sem gert er ráð fyrir, að núverandi tekjustofn haldist óbreyttur.

Í 4. gr. er um það fjallað, hvernig ætlazt er til, að tekjum menningarsjóðs skuli varið, og gat ég um það áðan, að með þessu frv. eru verkefni sjóðsins aukin allverulega, auk þess sem svo er ráð fyrir gert, að unnt verði að sinna bæði bókaútgáfu og listaverkakaupum betur en hægt hefur verið hingað til. Alþjóð er kunnugt um hina merku og umfangsmiklu bókaútgáfu sjóðsins, en hvað listaverkakaupunum viðvíkur er rétt að benda alveg sérstaklega á það, að verð á hlutgengum íslenzkum listaverkum hefur á undanförnum hálfum öðrum áratug hækkað svo mjög, að reynzt hefur algerlega ókleift að festa kaup á nema litlum hluta þeirra listaverka, sem æskilegt og jafnvel sjálfsagt er að komist í eigu listasafns ríkisins, og á þetta ekki hvað sízt við um verk hinna viðurkenndustu íslenzku listamanna.

Þá er þess að geta, að á meðan Eimskipafélag Íslands naut skattfrelsis, veitti það árlega um 80 ókeypis farmiða milli Íslands og annarra landa, og úthlutaði menntamálaráð þessum farmiðum. Þetta féll niður, um leið og Eimskipafélagið hætti að njóta skattfrelsisins. Í frv. er gert ráð fyrir því, að menntamálaráð geti varið nokkru af fé menningarsjóðs í því skyni að úthluta ókeypis farmiðum milli Íslands og annarra landa. Reynslan varð sú, að þessir ókeypis farmiðar komu mörgum efnalitlum námsmanni, fræðimanni og listamanni að miklu gagni og gerðu þeim kleifar kynningarferðir til annarra landa, sem þeim að öðrum kosti hefðu verið algerlega ókleifar og þeir hefðu farið fullkomlega á mis við. Er því talið rétt, að þessi starfsemi verði tekin upp aftur, og þess þá að vænta, að hún komi að ekki minna gagni en hún gerði áður.

Í 5. gr. frv. er það nýmæli, að verja skuli a. m. k. 5% af árlegum heildartekjum menningarsjóðs í sérstakan sjóð, er nefnist stofndeild menningarsjóðs, og er menntamálaráði heimilt að fengnu samþykki ráðh. að verja fé stofndeildar til kaupa á fasteignum, sem notaðar yrðu í þágu menningarmála, m. a. í þágu menntamálaráðs og menningarsjóðs sjálfs. Öll starfsemi sjóðsins og ráðsins fer nú fram í leiguhúsnæði á ýmsum stöðum í bænum, og háir það starfseminni að sjálfsögðu mjög verulega, en einkum bókaútgáfa sjóðsins krefst allmikils húsnæðis.

Þá er í 8. gr. frv. gert ráð fyrir því, að starf framkvæmdastjóra eða skrifstofustjóra menntamálaráðs og menningarsjóðs verði föst staða, er ráðh. veiti, en hingað til hefur menntamálaráð ráðið framkvæmdastjóra. Samkvæmt gildandi lögum er skrifstofukostnaður menntamálaráðs greiddur af skrifstofukostnaði stjórnarráðsins, en hér eru ákvæði um það felld niður, svo að afleiðingin yrði sú, að menningarsjóður yrði sjálfur að greiða skrifstofukostnað sinn, og virðist það ekki vera óeðlilegt með tilliti til þess tekjuauka, sem gert er ráð fyrir að hann fái.

Með þessu vona ég að ég hafi drepið á meginatriði þess frv., sem hér er um að ræða, og getið þeirra helztu nýjunga, sem í því felast. Að svo mæltu vil ég leyfa mér að óska þess, að frv. verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Þetta frv. er að nokkru leyti ávöxtur af starfi n., sem skipuð var í tíð fyrrverandi ríkisstj., formlega af mér, en með samkomulagi innan ríkisstj., sérstaklega milli mín og hæstv. þáverandi félmrh., Steingríms Steinþórssonar, og er frv. í nánum tengslum, eins og hæstv. menntmrh. gerði grein fyrir, við önnur frv., sem enn liggja fyrir hv. Ed.

Það er ljóst, að tímabært var orðið að endurskoða þessa löggjöf, og ber því að fagna, að árangur hefur orðið af. Hins vegar er ljóst, að þetta frv. er nokkuð annars eðlis en þær till., sem sú nefnd samdi, er ég áður gat um og skipuð var af fyrrv. ríkisstj. Mér finnst það á vanta við grg. þessa frv. og þó sérstaklega grg. um frv. um vísindasjóð, að glögglega komi fram, í hverju breytingarnar eru fólgnar. Það er að vísu auðvitað í höndum hæstv. menntmrh. að breyta till. stjórnskipaðra nefnda. Slíkt þarf ekki að taka fram, að til þess hefur hann fullan rétt, og sjálfsagt er, að hann geri það, eftir því sem honum þykir henta. Hann hafði þá aðferð í þessu máli að skipa aðra nefnd til viðbótar hinni fyrri. Það er að vísu óvenjulegra, að sú aðferð sé höfð. Ég skal þó ekkert setja út á það, — það var sjálfsagt á hans valdi að gera það, — en fyrir bragðið er í allri þessari frumvarpagerð mjög erfitt að átta sig á, hvað kemur frá hverjum, frá fyrstu n., frá annarri n. og svo loksins frá hæstv. menntmrh. sjálfum og menntamálaráðinu. Nú skal ég auðvitað ekki segja, að það skipti öllu máli að vita, hvaðan hvert ákvæði um sig er upprunnið. En vissulega hefur það þó a. m. k. fræðilega þýðingu, og fróðlegsatriðin eru ætíð nokkurs virði, og ég tel, að þegar þessi vinnubrögð eru viðhöfð, þurfi að fylgja nánari grg. en þessum frv. fylgir um það, hvað hver um sig af aðilunum hefur lagt til, vegna þess að það gerir mönnum auðveldara að átta sig á viðfangsefnunum. Það er hægara að sjá, hvar í vandinn og vafinn liggur, ef allar till. liggja ljóst fyrir, sem fram hafa verið bornar, og menn geta borið þær saman, heldur en einungis ef ein till. er borin fram og ekki gerð grein fyrir neinum öðrum.

Ég vil því mælast til þess, að hinu háa Alþingi verði gerð grein fyrir þessu nánar, hverjar hinar mismunandi till. eru. N. getur auðveldlega aflað sér upplýsinga um það og látið þær þá koma fram í sínu nál.

Þá vildi ég einnig beina því til hæstv. ráðh., að hann léti uppi, hvort menntamálaráðið hefur fengið þessar till. til umsagnar. Ég veitti því ekki athygli, að þess væri getið í frv. Það kann að hafa farið fram hjá mér. En vegna þess að þar

eru menn, sem starfa að þessum málum, er mikilsvert, að þeirra álit fáist bæði í heild og hvers einstaks. Sjálfsagt hefur þess verið leitað, en þá er nauðsynlegt, að þingheimur fái vitneskju um það.

Eins er það ekki óeðlilegt, að leitað hafi verið álits þeirrar upphaflegu n., sem sett var til athugunar málsins. Ég geri einnig ráð fyrir, að svo hafi verið gert. En hafi svo verið, þarf sú grg., sem n. gerði fyrir afstöðu til hinna endanlegu till., einnig að koma fram.

Ég minnist þess, að þegar ég hafði slík mál til meðferðar, var það minn háttur að leita samkomulags við þær n., sem skipaðar höfðu verið til meðferðar málanna, og man ég ekki, að breytingar hafi verið á gerðar einstökum atriðum nema með fullu samkomulagi við n. eða þá sérstök grein hafi verið gerð fyrir, af hverju frávikin áttu sér stað.

Þetta er einungis til almennrar athugunar, ef svo má segja, og að svo miklu leyti sem upplýsingar kunna ekki að liggja nú þegar fyrir, þá treysti ég hv. n. til þess að afla þeirra í sínu starfi.

Um frv. sjálft vil ég taka undir það með hæstv. menntmrh., að nauðsyn var á því að afla meira fjár til þessara starfa.

Hins vegar verð ég að segja það nú þegar, að ég er ekki samþykkur fjáröflunarleiðinni. Ég hygg, að fyrsta n., sem skipuð var til athugunar þessum málum, hafi lagt megináherzlu á, að tekið yrði af áfengisgróða fé til þeirrar vísindastarfsemi, sem hér er um að ræða.

Mér er ljóst, að mjög er hlaðið á þá bikkju, en hún er líka sú, sem reynist óvenju traust og gefa vel af sér jafnt nú og áður, svo að ég hygg, að það væri alveg óhætt að taka fé til hliðar úr þeim sjóði. En ég hef verið því andvígur áður og lét það t. d. uppi við forustumenn hljómsveitarmálanna á sínum tíma, sem hreyfðu því við mig, hvort skynsamlegt mundi vera að leggja aukaskatt á kvikmyndahús til hljómsveitar hér. Ég taldi, að það væri mjög óráðlegt. Ég held, að það sé óhyggilegt og geri starfsemi nytjafyrirtækja lítt vinsæla, að lagður sé á slíkur beinn skattur til þeirra á jafnalmenna neyzluvöru og telja verður að kvikmyndirnar séu. Og ég vil sérstaklega vekja athygli á því og leggja á það megináherzlu, að kvikmyndir eru sannast sagt bezta almenningsskemmtun, sem völ er á hér á landi. Menn geta margt sett út á kvikmyndahúsin, og það er rétt, að þeirra myndir eru misjafnar, en ég held, að engum, sem þekkir til bæjarlífs, hér í Reykjavík a. m. k., geti blandazt hugur um það, að ólíkt heldur vilja menn t. d. vita unglinga í kvikmyndahúsi en hvort heldur á dansleik eða drykkjustað. Og það á ekki einungis við um unglinga. Fyrir roskna menn gildir það ekki síður, að það er mikil dægradvöl að því að fara í kvikmyndahús, og þar fá menn oft hollustu og beztu skemmtunina. Ég held, að það sé mjög misráðið að íþyngja þeirri almenningsskemmtun með enn einum skatti, að það sé miklu skynsamlegra að taka skatt til slíkra nytja, sem hér er um að ræða, af því, sem óþarfara er og óhollara en kvikmyndaferðir.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta. Þetta er ekki nýtt viðhorf hjá mér, heldur hef ég haft þessa sannfæringu lengi, og það er ekki af því, að ég vilji spilla fyrir framgangi þessa frv., að ég vík að þessu. Ég hef áður, eins og ég hef sagt, aðvarað áhugamenn í menningarmálum um að ætla að tengja þau við nýjan skatt á kvikmyndahús, og ég vil enn vara við því í þessu sambandi.

Um þarfirnar, sem hér er að ræða, má auðvitað margt segja. Ég tek undir það, að margt af þessu ber að styrkja og þarf að styrkja meira en gert hefur verið. Það verður þó að segja eins og er, að starfsemi menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins hefur um sumt að undanförnu verið miður heppileg. Sumt af þeim bókum, sem þessi stofnun hefur gefið út, er allsendis óþarft að gefa út af opinberri hálfu og með opinberum kostnaði. Og það er eðlilegt, að ef menn vilja gefa út slíkar bækur, þá sé það gert af fyrirtækjum, sem standa undir sínum kostnaði sjálf.

Aftur á móti tek ég fram, að t. d. verk eins og Íslandslýsing er vonlaust að unnið verði nema með töluverðri meðgjöf, en það er mikið nytjaverk, og það er eðlilegt, að einmitt opinber aðili, eins og hér er um að ræða, taki slíka útgáfu að sér. En það hefur ekki hingað til strandað á útgáfufyrirtækinu, heldur á því, að vísindamennirnir hafa ekki enn talið sig reiðubúna til þess að inna þetta verk af höndum.

Um annað, sem ég las einhvers staðar í morgun, að til stæði að gefa út almennt bókmenntatímarit, hlutlaust, skemmtilegt og fræðandi, um bókmenntir og annað slíkt, þá verð ég að láta uppi nú þegar miklar efasemdir um, að slík útgáfa takist. Ég er einmitt hræddur um það og vek athygli á því, að útgáfa menningarsjóðs að undanförnu hafi verið svo skelþunn sem raun ber vitni um vegna þess, að þar er um opinbera útgáfu að ræða, og þegar sætta á marga aðila við útgáfuna, þá falla burt öll deiluatriðin, en deiluatriðin eru oft merki um, að um lifræna starfsemi sé að ræða, fjör og vöxt. Þess vegna hefur ekki tekizt að blása neinum lífsanda í jafnmerkt tímarit og Andvara. Það er vegna þess, að þar er verið að sætta ólík sjónarmið. Og þó að eigi að koma slíkri útgáfu í eitthvað nýtízkulegra horf, þá er ég ósköp hræddur um, að það verði fljótt, sem menn reka sig á, að hlutleysisins sé erfitt að gæta, og þá spyrja menn eðlilega: Ja, á að fara að halda uppi með opinberum kostnaði útgáfu, sem er þessum til hags í dag, öðrum til hags á morgun, eftir því, hver við völd er í þjóðfélaginu hverju sinni?

Ég held, að það sé miklu skynsamlegra að láta hina stríðandi þætti í þjóðfélaginu standa að þessari útgáfu, og við vitum, að þar er stríðið ekki takmarkað eingöngu við hin stjórnmálalegu viðhorf, heldur koma þar inn líka mjög mismunandi viðhorf til lista og menningar, sem eiga ekkert skylt við stjórnmálaágreining.

Ég skal ekki ræða þetta meira. Ég vildi láta þessar ábendingar koma fram nú við 1. umr., en að öðru leyti fagna því, að sá ávöxtur er þó orðinn af því endurskoðunarstarfi, sem hafið var, að þessi frumvörp eru komin fram. En ég vil þó að lokum geta þess, að ég tel miður farið, að hæstv. ráðh. skuli vera svo síðbúinn með þessi frv., vegna þess að eðlilegt væri, að þm.

gæfist nokkru lengur kostur á að athuga slík mál en nú verður færi til, ef ætlunin er að knýja þau fram fyrir þinglok.

Ég hefði talið eðlilegra, að hæstv. ráðh. léti sér nægja að leggja frumvörpin nú fram og leyfa þeim að vera til athugunar til haustþingsins. Hans gerð er engu að síður. En hér er ekki um slíkt pólitískt deilumál að ræða eða valdabaráttu, svipaða og um bankalöggjöfina, sem gerir það, hvort sem menn eru með henni eða móti, skiljanlegt, að valdhafarnir, úr því að þeir leggja inn á þessa braut á annað borð, vilja hafa því sem fyrst lokið. Það sjónarmið get ég skilið, þó að ég sé samt ekki að mæla með löggjöfinni, það er allt annað mál. En um slíka löggjöf sem þessa horfir öðruvísi við, og það er ekki nema sanngjarnt, að þm. fái meiri tíma en þeim er ætlaður nú, að því er virðist, til þess að athuga þessi mál ofan í kjölinn. Ráðh. sjálfur hefur haft marga mánuði til þess að velta þeim fyrir sér, og þess vegna er ekki óeðlilegt, að þm., sem fyrst sjá þessi frv. í síðustu viku, eru síðan önnum kafnir dag með nótt í fundahöldum og kynna sér þau mest varðandi deilumál, sem fyrir hendi eru, óski eftir því að fá frekara færi en horfur eru á, til þess að þeim gefist tóm til að athuga málin.

Það á við um þetta eins og önnur mál, að meiri hl. hefur auðvitað í hendi sér að knýja það fram, sem hann vill. En bezt er kapp með forsjá, og reynslan er sú, að það borgar sig oft ekki að beita aflinu víðar en þar sem þess er óhjákvæmileg þörf að mati þess, sem telur sig vera sterkari um sinn.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. 1. þm. Reykv. (BBen) gat þess, sem rétt er, að fleiri en ein n. hefði fjallað um undirbúning þeirra þriggja frv., sem lögð voru samtímis fyrir hið háa Alþingi í s. l. viku, og hann gat þess jafnframt, að hann saknaði þess að sjá ekki rakið í grg. frumvarpanna, hvað af einstökum ákvæðum þeirra mætti rekja til starfs eða hugmynda hvers einstaks aðila, sem um þetta mál hefði fjallað undanfarið.

Það er sjálfsagt, að þingnefnd fái alla aðstöðu til þess að kynna sér þau nál., sem menntmrn. hafa borizt varðandi þessi mál. Ég taldi við undirbúning sjálfra frv., að grg. þeirra mundu verða of viðamiklar, ef gera ætti þessu atriði nákvæm skil. Þær eru þegar alllangar, finnst kannske sumum of ýtarlegar, en ef hefði átt að rekja meginatriðin í grg. þeirra n., sem um málið hafa fjallað, hefði það óneitanlega lengzt mjög verulega. Hitt er sjálfsagt, að þingnefnd fái aðstöðu til þess að kynna sér þetta, og ég tel einmitt vera réttan vettvang, að málið sé athugað þar, og skal veita þeirri n., sem fær málið til meðferðar hér, þau gögn í þessu máli, sem hún óskar eftir, og þá fyrst og fremst þau nál., sem þessar n. hafa skilað menntmrn.

Hv. þm. gat þess, að um þetta mál hefðu í raun og veru fjallað tvær n. þann tíma, sem ég hefði verið menntmrh. Við þetta vildi ég aðeins bæta, að af hálfu fyrrv. stjórnar voru starfandi tvær n. samhliða til þess að fjalla um þau mál, sem fjallað er um í þessum frv.

6. júlí 1956 fól fyrrv. menntmrh. tveim mönnum, þeim Þorvaldi Garðari Kristjánssyni lögfræðingi og Ásgeiri Péturssyni deildarstjóra í menntmrn., að endurskoða gildandi lög um skemmtanaskatt og þjóðleikhús og félagsheimili. Þeir tvímenningarnir skiluðu sínum till. til rn. 9. apríl s. l. Auk þess hafði fyrrv. ríkisstj. eða fyrrv. menntmrh., eins og hann sjálfur gat um í ræðu sinni, á sínum tíma skipað sérstaka n. til þess að gera till. um stofnun vísindasjóðs. Sú n. hafði ekki það verkefni að fjalla neitt um löggjöfina um menningarsjóð og menntamálaráð.

Ég þóttist hins vegar sjá, þegar ég hafði kynnt mér nokkuð störf þessara tveggja n., sem starfandi voru á vegum fyrrv. ríkisstj., að einnig væri nauðsynlegt að endurskoða gildandi lög um menningarsjóð og menntamálaráð, og þess vegna var það, sem ég skipaði n. þá, sem ég gat um áðan í framsöguræðu minni, fyrst með það verkefni eitt að endurskoða gildandi lög um menningarsjóð og menntamálaráð. Þegar ég síðan fékk till. n., sem fjallað hafði um málefni vísindasjóðsins, og hafði rætt það mál ýtarlega bæði við nm. sjálfa og aðra aðila og gerði mér ljóst, að till. hennar um fjáröflunina fyrst og fremst væru ekki líklegar til þess, að um þær gæti orðið samkomulag, fól ég n., sem ég upphaflega hafði beðið um að endurskoða gildandi lög um menningarsjóð og menntamálaráð, einnig að athuga þetta mál nánar, og það tel ég vera fullkomlega eðlileg vinnubrögð; þegar líkur eru til þess, að hugmyndir eins aðilans, sem um málið hefur fjallað, nái ekki allar fram að ganga, þá sé málið athugað betur. Í stað þess að skipa nýja n. í málið fól ég n., sem þegar hafði fengið annað skylt verkefni, sem engin önnur n. hafði fjallað um, að athuga þetta mál betur. Sú n. vann á þessu sviði gott og gagnlegt starf.

Ég beið alllengi eftir niðurstöðu þeirra manna, sem falið hafði verið að endurskoða lög um félagsheimili og skemmtanaskatt og þjóðleikhús, vildi ekki leggja fram endanlegar till. mínar í því máli, fyrr en álit þeirra manna lægi fyrir, því að þeir voru báðir þeim málum kunnugir. En það álit lá ekki fyrir fyrr en 9. apríl s. l., og vona ég, að með því sé þeim orðum hv. þm. svarað, að málið sé síðbúið af minni hálfu. Það voru ekki skilyrði til þess fyrr en eftir 9. apríl s. l. að gera heildartillögur um þetta mál á grundvelli athugana aðila, sem höfðu málið með höndum ýmist frá fyrrv. ráðh. eða frá mér.

Auðvitað hefði verið æskilegt, að þessi mál hefðu getað komið fyrr fyrir hið háa Alþingi. En með tilliti til þess, að síðasta álitið frá mönnum, sem höfðu til þess umboð að fjalla um það, lá ekki fyrir fyrr en 9. apríl, hygg ég, að menntmrn. verði ekki með neinni sanngirni sakað um að hafa haft málið óeðlilega lengi í sínum höndum.

Hv. þm. spurði um, hvort menntamálaráð hefði beinlínis fjallað um það frv., sem hér er nú til 1. umr. Því er til að svara, að tveir menntamálaráðsmenn áttu einmitt sæti í þeirri n., sem ég fól að endurskoða l. um menningarsjóð og menntamálaráð, þ. e. þeir Haukur Snorrason ritstjóri og Vilhjálmur Þ. Gíslason útvarpsstjóri. Enn fremur átti skrifstofustjóri menntamálaráðs

sæti í nefndinni, Gils Guðmundsson, og hef ég gert ráð fyrir því, að með því móti væri fullt tillit tekið til þeirra sjónarmiða, sem menntamálaráð kynni að vilja koma á framfæri varðandi þetta. Að því er ég bezt veit, hefur innan menntamálaráðs ekki verið neinn ágreiningur um þau nýmæli, sem brotið er upp á í þessu frv., og það form, sem þetta frv. hefur.

Meginvandinn í sambandi við eflingu menningarsjóðs er að sjálfsögðu, með hverjum hætti skuli aflað þeirra tekna, sem mér skilst að enginn ágreiningur sé um að nauðsyn sé að afla. Það er og að sjálfsögðu það mál, sem lengst hefur vafizt fyrir mér og þeim mönnum öðrum, sem málið hafa undirbúið bæði í nefndum og í menntmrn.

N. sú, sem falið var að fjalla um vísindasjóðsmálið, gerði aðrar till. um tekjuöflun en þær, sem gert er ráð fyrir í þessum stjórnarfrv., og gat hv. þm. um það. Ég skal ekki rekja það í einstökum atriðum, það mundi verða of langt mál, en meginatriði þeirra tekjuöflunartillagna var það, að leggja skyldi gjald á selt áfengi og selt öl og gosdrykki, eins og hv. þm. gat um í ræðu sinni.

Þetta var auðvitað það af till. n., sem fyrst og fremst kom til athugunar og afstöðu þurfti að taka til. En niðurstaðan varð sú, að þessi skattstofn væri ekki heppilegur með tilliti til þess, hvernig á hann hefur verið hlaðið undanfarin ár og nú alveg nýlega.

Þær skemmtanir, sem gert er ráð fyrir að verði nú skattlagðar örlítið meira í þágu menningarsjóðs en gert hefur verið hingað til, eru dansleikir og kvikmyndasýningar, en það er einmitt meginskattstofn skemmtanaskattsins. Var hann í upphafi eingöngu til byggingar þjóðleikhúss og hefur síðan verið varið auk þess til að styrkja byggingu félagsheimila og til lestrarfélaga og kennslukvikmynda og að nokkru til rekstrar sinfóníuhljómsveitar.

Mönnum fannst, að þeim tekjum, sem hingað til hefði verið aflað með skattlagningu aðallega þessara skemmtana, dansleikja og kvikmyndasýninga, hefði verið varið til mála, sem væru svo náskyld þeim málum, sem hér þyrfti að styrkja til viðbótar, að eðlilegt væri að nota þennan skattstofn frekar. Skemmtanir hafa til þessa allar götur síðan 1923 verið skattlagðar í þágu menningarmála. Með tilliti til þess, að langt er síðan þessi skattur hefur verið aukinn nokkuð og því fer mjög fjarri, að þessi skattur geri þessar umræddu skemmtanir óeðlilega dýrar, varð niðurstaðan sú að bæta nokkru við þennan skatt.

Ástæðan til þess, að ekki var einfaldlega farin sú leið að hækka skemmtanaskattinn, var sú, að þá hefðu allar þær stofnanir, sem nú njóta undanþágu frá skemmtanaskattinum, ekki heldur þurft að greiða hækkun skemmtanaskattsins, og með því móti hefðu tekjur af viðbótinni orðið miklu minni en ella.

Það, sem nú er gert ráð fyrir, er það, að allar þær skemmtanir, sem upphaflega var gert ráð fyrir að væru skemmtanaskattsskyldar, skuli greiða þetta viðbótargjald, og drýgir það tekjurnar mjög verulega.

Ég vil geta þess, þó að það snerti að vísu ekki beinlínis þetta frv., sem hér er um að ræða, að þrátt fyrir þetta smávægilega viðbótargjald á aðgangseyri dansleikja og kvikmyndasýninga verður aðgangseyrir að þessum skemmtunum talsvert lægri hlutfallslega en hann var, áður en sú mikla verðhækkunaralda hófst, sem hér hefur risið s. l. 15 ár. Aðgangseyrir hér á Íslandi að þessum skemmtunum er og enn allmiklu lægri en hann er af hliðstæðum skemmtunum í nágrannalöndum þrátt fyrir þetta smávægilega viðbótargjald. (**JóhH:** Má hann ekki halda áfram að vera það?) Jú, jú, auðvitað mætti hann það og það væri líka að sjálfsögðu æskilegt, að hann gæti orðið það. En þegar einhvers staðar þarf að afla tekna, er auðvitað um að velja, hvaða skattstofn geti komið til greina, og það var einmitt það, sem ég var að rökstyðja áðan, að með tilliti til eðlis þeirra verkefna, sem ætti að styrkja, var þessi skattstofn talinn koma einna helzt til greina og að áfengi, öl og gosdrykkir væru óeðlilegri skattstofn í þessu sambandi, auk þess sem margbúið væri að auka þann skattstofn á allra síðustu árum, jafnvel allra síðustu mánuðum. En það játa ég auðvitað, að alltaf er álitamál, hvar afla eigi tekna, þó að menn séu sammála um, að tekjurnar eigi að nota í góðu skyni.

Að síðustu vil ég varðandi hugleiðingar hv. 1. þm. Reykv. í niðurlagi sinnar ræðu aðeins láta þess getið með örfáum orðum, að það er a. m. k. ekki mín skoðun, að þó að bókaútgáfa menningarsjóðs yrði efld verulega og þó að hann m. a. hæfi útgáfu tímarits, þá yrði bókaútgáfan eða tímaritið að einu eða neinu leyti til þess að fela eða styðja sjónarmið eins eða neins af hinum stríðandi aðilum í þjóðfélaginu, ekki til þess að efla sjónarmið þeirra, sem hafa á hendi hin pólitísku völd hverju sinni. Slíkt tel ég að engu leyti geta verið og ekki mega vera verkefni slíkrar útgáfu, sem styrkt er af opinberu fé, heldur eigi hún að sjálfsögðu að kappkosta að nota ekki aðstöðu sína til þess að beita áhrifum í þeim málum, sem eru viðkvæm þjóðfélagsleg deilumál hverju sinni. Með því á ég auðvitað ekki við, að slík útgáfustarfsemi eigi að láta deilur samtímans algerlega fram hjá sér fara. Þá yrði hún mörkuð lognmollusjónarmiðum og mundi engan veginn gera það gagn, sem hún á að gera. Það er skoðun mín, að slík útgáfa sem þessi, sem nýtur opinbers styrks, eigi að forðast að styðja einn af hinum stríðandi aðilum á kostnað annars. Þar á að gæta víðsýnis og frjálslyndis með því að gefa rúm þeim skoðunum, sem efst eru á baugi hverju sinni í menningarmálum og þjóðfélagsmálum, og það er hægt að gera það á annan hátt en þann að taka eina skoðunina fram yfir aðra eða efla eina óeðlilega á kostnað annarrar.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég efast mjög um haldgæði þeirra kenninga, sem hæstv. menntmrh. lét uppi um möguleika þess að gefa slíkt tímarit út án þess að það yrði einum eða öðrum aðila til framdráttar, ef það á annað borð á ekki að verða um of litlaust, svipað og segja verður að margt af útgáfuverkum þessarar stofnunar hingað til hefur verið og hefur haft

þau áhrif, að aðrir hafa orðið að taka að sér sumt af þeim störfum, sem menn í fyrstu ætluðust til að þessari útgáfu yrðu fengin. Og ég sé engan veginn, að það sé óeðlileg þróun, heldur þvert á móti, og úr því mun reynslan skera. Það er auðvelt að tala fagurlega um slíka útgáfu, áður en hún er reynd, en það er bezt að bíða og sjá, hvernig til tekst, úr því að ráðið sýnist vera, að í þetta verði lagt.

Ég vil lýsa undrun minni yfir því, að fram skuli koma, að menntamálaráð skuli ekki hafa fengið þetta frv. til umsagnar. Ég tel alveg fráleitt að veita því ekki kost á að segja sína skoðun á málinu, og ég treysti hv. n. til þess að afla þeirrar umsagnar.

Ég hef auðvitað ekkert að athuga við það, þó að hæstv. ráðh. hafi skipað þá viðbótarnefnd við allar aðrar n., svo sem hann gerði, til athugunar þessa máls. Það var í hans valdi. Ég hefði talið eðlilegra, eins og á stóð, að gefa öðrum aðilum, sem um málið hafa fjallað, færi á því að segja sitt álit, en mér skilst af orðum ráðh., að svo hafi ekki verið gert.

Ég vil einnig taka fram, að óhjákvæmilegt var, að starf vísindasjóðsnefndarinnar fjallaði meira og minna um verkefni menntamálaráðs. Það var ljóst frá upphafi og gat aldrei öðruvísi farið heldur en að inn á sömu málin væri komið að verulegu leyti, þegar af því að menntamálaráð hefur hingað til haft það fyrir eitt aðalverkefni að styðja þessi mál, svo að í því gætti nokkurs misskilnings hjá hæstv. ráðh.

En sérstaklega vildi ég vekja athygli á því, að hæstv. ráðh. gat ekki um það, hversu óviðfelldið er, að þingið skuli fá málið til meðferðar svo seint. Ég skil alveg afstöðu hæstv. ráðh., að hann hafi þurft langan tíma til að velta málinu fyrir sér, og í því fólst engin ádeila frá mér til hans, því að ég veit það manna bezt, að hér er um mjög vandasamt mál að ræða og eðlilegt, að ráðh. þurfi að hafa sinn tíma til að hugsa um það. En vandinn hverfur ekki, þó að það sé komið út úr stjórnarráðinu, heldur hvílir vandinn einnig á Alþ., og það er til lítils gagns að leggja flókin mál þess eðlis, sem hér liggja fyrir, fyrir Alþingi, eftir að sýnt er, að það er alveg útilokað, að það hafi nokkurn tíma til þess að hugsa alvarlega um málin, og það fullyrði ég, að þannig sé komið nú.

En einkanlega vildi ég leggja áherzlu á, að það er mjög misráðið að taka fé til þessara þarfa af þeirri almenningsskemmtun, sem hollust er og bezt, en sleppa þeirri, sem verst er.

Það tjáir ekki að segja eins og hæstv. ráðh., að kvikmyndahúsin og dansleikir hafi þurft að standa undir sams konar starfrækslu fram að þessu. Það er alveg eins hægt að svara því, að það var ætlazt til þess, að áfengisgróði stæði undir henni áður fyrri. Á meðan hér var að verulegu leyti bann á áfengi, var ætlazt til þess, að þær miklu tekjur, sem þá fengust af sektum á smygli, rynnu til þessa sjóðs, og var hugsað sem veruleg uppistaða í hans tekjuöflun. Eftir að bannið var afnumið að öllu leyti, hvarf sá skattstofn að mestu, og þá var einmitt sérstaklega eðlilegt, að sá lögmæti áfengisgróði rynni til sjóðsins í hins stað, svo að þessi röksemd hæstv. ráðh. snýst í raun og veru alveg gegn honum sjálfum, þegar málið er skoðað ofan í kjölinn.

Þessi sjónarmið eru þó auðvitað aukaatriði. Það, sem mestu máli skiptir, er, að annars vegar þurfa sveitarfélögin hvert á sínum stað á þessum tekjum að halda til menningarmála innan síns umdæmis, en hins vegar er það verulegt atriði að gera kvikmyndahúsin svo fýsileg, að menn fari þangað fremur en að þeir sæki hinar óhollari skemmtanir. Og það er einmitt mjög athyglisvert, sem ráðh. gat um, að kvikmyndahúsin hér selji sína miða ódýrar en gert sé annars staðar. En kynni það ekki að vera ein skýringin á því, að drykkjuskapur er þrátt fyrir allt og þótt okkur ógni hann mun minni á Íslandi en í öðrum nálægum löndum? Og höfum við ástæðu til þess að taka upp baráttuna á móti því ástandi?

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Það er eitt, sem ég vil taka fram til viðbótar því, sem ég hef sagt um málið fram að þessu, til skýringar því, að þessi frv. skuli hafa verið lögð fyrir hið háa Alþingi, þótt langt sé liðið á þingið. Um þau atriði hefur verið talsvert rætt í hv. Ed., bæði í sambandi við frv., sem þar hefur verið á döfinni síðan snemma í vetur um félagsheimilasjóð, breyt. á l. um félagsheimilasjóð, og frv. um skemmtanaskatt, sem nú hefur verið nýlagt fyrir hv. Ed.

Það er hv. 1. þm. Reykv. (BBen) áreiðanlega mjög vel kunnugt, að brýna nauðsyn ber til þess að setja skýrari reglur um innheimtu skemmtanaskattsins heldur en verið hafa í gildi undanfarin ár, og veit ég ekki annað en að við séum sammála um það, ef ég man rétt orðaskipti, sem milli okkar fóru um það efni fyrir skömmu hér í hv. deild.

Einmitt í hv. Ed. hefur verið mjög fast eftir því gengið af hálfu nokkurra þm. Sjálfstfl., að þessu þingi lyki ekki án þess, að flutt yrði frv. um breyt. á skemmtanaskattslögum og þar með tillögur um nýja skiptingu á tekjum af skemmtanaskatti, þar sem gert væri ráð fyrir aukinni hlutdeild félagsheimilasjóðs í tekjum af skemmtanaskattinum. En það felst einmitt í frv. um skemmtanaskatt, sem nú liggur fyrir, að hlutdeild félagsheimilasjóðs er aukin úr 35% í 50%, og það er mjög nauðsynlegt vegna félagsheimilasjóðsins, að sú breyting nái fram að ganga og geti tekið gildi þegar á miðju þessu ári, eins og lagt er til í því frv. Sömuleiðis var og er bráðnauðsynlegt, að reglurnar um undanþágu undan greiðslu skemmtanaskatts séu endurskoðaðar, eins og gert er ráð fyrir í frv. um skemmtanaskattinn, ef tekjurnar af skemmtanaskattinum eiga ekki að vera í nokkurri hættu, eiga beinlínis ekki að vera í verulegri hættu.

Þetta er ein ástæðan til þess, að ég tel alveg brýna nauðsyn bera til þess, að þessi frv. séu afgr. þegar á þessu þingi, a. m. k. skemmtanaskattsfrv., og þá taldi ég rétt að afgreiða málin í heild, eins og hér hefur verið lagt til.

Hv. þm. sagðist skilja, að ég hefði þurft nokkurn tíma til þess að hugleiða þessi mál, þar sem þau séu vandasöm, svo sem þau sannarlega eru.

Þótt ég að vísu hafi hugleitt þau meira eða minna í allan vetur, þar sem ég vissi, að þau voru á döfinni, vil ég aðeins endurtaka það, að síðasta nál., síðasta álitið frá stjórnskipaðri n., lá þó ekki fyrir fyrr en 9. apríl s. l., þ. e. álit þeirra Þorvalds Garðars Kristjánssonar og Ásgeirs Péturssonar, sem falið var að endurskoða skemmtanaskattslögin og félagsheimilalögin. Þar hafði ráðuneytið mikið gagn af till. þeirra eða athugunum þeirra varðandi skemmtanaskattinn og þjóðleikhús. Hins vegar voru till. um breyt. á l. um félagsheimili það margbrotnar, að ég treysti mér ekki til þess að undirbúa frv. um þau efni fyrir þetta þing, og mun það verða undirbúið fyrir næsta þing.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Nd., 28. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 544, n. 666 og 673).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur þegar gengið í gegnum Ed. umræðu- og umdeilulítið og að ég hygg óbreytt frá því, sem það var lagt fyrir. Meiri hl. menntmn. þessarar hv. d. mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er eitt hinna þriggja frv. um almenn menningarmál, sem voru lögð fram nú alveg nýlega. Minni hl. menntmn. mun leggja fram skriflega brtt. við þetta mál.

Till. er við 3. gr. frv., að a-liður þeirrar gr. orðist svo:

„Gjald af dansleikjum samkvæmt lögum um skemmtanaskatt."

Við leggjum þar með til, að burt falli gjaldið af aðgöngumiðum að kvikmyndasýningum, sem gert er ráð fyrir í frv. til l. um skemmtanaskatt.

Um rökstuðning fyrir þessu vil ég vísa til nál. og þeirra orða, sem ég sagði hér áðan í sambandi við frv. um skemmtanaskattinn. Við teljum mjög óheppilegt að hækka verð aðgöngumiða að svo ódýrum og fræðandi skemmtunum sem kvikmyndasýningar eru, miðað við ýmsar aðrar skemmtanir, sem völ er á.

Þessum tekjum menningarsjóðs er gert ráð fyrir að varið verði til vísindasjóðs að mestu leyti, eða a. m. k. 800 þús. kr., og í sambandi við það frv. leggjum við fram aðrar till. til fjáröflunar, þegar það verður tekið fyrir.

Ég hef að svo stöddu ekki fleiri orð um þetta frv., en bið hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari brtt., sem er skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 684) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 684 felld með 13:5 atkv.

3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞG, HÁ, HS, JPálm, PÞ, BrS, SkG, ÓJ, SvbH, ÁÞ, ÁB, BG, EirÞ, EystJ, GíslG, GJóh, EOl.

MJ, JR, ÓTh, BÓ greiddu ekki atkv.

14 þm. (HV, IngJ, JóhH, JS, KGuðj, KJJ, LJós, PO, RH, SÁ, ÁkJ, BBen, EmJ, GÍG) fjarstaddir.

4.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, ÓJ, SvbH, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, EirÞ, EystJ, GíslG, GJóh, GÞG, HÁ, HS, MJ, PÞ, BrS, EOl.

RH, BÓ, JPálm, JR, ÓTh greiddu ekki atkv.

12 þm. (SÁ, BBen, EmJ, GÍG, HV, IngJ, JóhH, JS, KGuðj, KJJ, LJós, PO) fjarstaddir.

6.—10. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 113. fundi í Nd., 29. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 699).

---

45. Skemmtanaskattur og þjóðleikhús (stjfrv.).

Á 100. fundi í Ed., 16. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús [176. mál] (stjfrv., A. 546).

Á 101. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv. eru fólgin fjögur meginefnisatriði, og skal ég leyfa mér að rekja hvert þeirra um sig.

Í fyrsta lagi eru í þessu frv. fólgnar breytingar á gildandi reglum um undanþágu undan skemmtanaskatti. Gildandi ákvæði um þetta efni hafa verið harla óskýr, svo að nokkur vafi hefur leikið á, hvernig bæri að túlka þau. Það var því mjög aðkallandi að setja um þetta skýrari og ótvíræðari ákvæði.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er haldið gildandi undanþáguákvæðum um tiltekna tegund skemmtana, en taldar eru til viðbótar kvikmyndasýningar sáttmálasjóðs og bæjarsjóða Akraness og Hafnarfjarðar, enda sé tekjunum varið á sama hátt og nú. Kvikmyndasýningar á vegum þessara aðila hafa verið undanþegnar skemmtanaskatti samkvæmt hinu almenna und-

anþáguákvæði gildandi laga, svo að hér er ekki um neina breytingu frá ríkjandi skipun að ræða. Það er hins vegar nýjung, að í þessu frv. er ráðh. heimilað að undanþiggja skemmtanaskatti eitt kvikmyndahús, sem rekið sé af opinberum aðila í öðrum kaupstöðum landsins. Það er og nýmæli, að hljómleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands skuli undanþegnir skattinum. Þykir rétt og sanngjarnt, að sama gildi um hljómsveitina í þessu efni og þjóðleikhúsið.

Þá hafa og ýmis félög og stofnanir notið undanþágu frá skattinum samkvæmt hinni almennu undanþáguheimild, sem er í gildandi lögum. Í þessu frv. er ráðh. heimilað að láta flestar þessar undanþágur haldast að nokkru eða öllu leyti, en það nýmæli er í frv., að óheimilt er að veita nýjar undanþágur frá skattinum. Ætti með því móti að vera unnt að stemma stigu við þeirri þróun, að stöðugt fleiri aðilar sleppi við að greiða skattinn. Sú þróun hlýtur að hafa í för með sér, að tekjur af skattinum dragist saman og sú menningarstarfsemi, sem skattinum er ætlað að styðja, biði tilsvarandi hnekki sökum fjárskorts, en skatttekjunum hefur aðallega verið varið til rekstrar þjóðleikhússins og til byggingar félagsheimila. Stefna þessa frv. varðandi undanþágurnar er m. ö. o. sú að láta þær undanþágur, sem veittar hafa verið í skjóli gildandi lagaákvæða ýmist samkv. dómsúrskurði eða samkv. ákvörðun ráðh., haldast, en láta þar við staðar numið og veita ekki nýjar undanþágur.

Í öðru lagi felur frv. í sér breytt ákvæði um skiptingu tekna af skemmtanaskatti. Samkvæmt gildandi l. renna nú 42% skattsins í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, 35% í félagsheimilasjóð, 15% til greiðslu á byggingarskuldum þjóðleikhússins og 8% til lestrarfélaga og kennslukvikmyndasjóðs. Þá er og innheimtur 10% viðauki við skemmtanaskattinn, og er honum varið til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Samkvæmt frv. skal tekjum af skattinum skipt til helminga milli rekstrarsjóðs þjóðleikhússins og félagsheimilasjóðs. Er hér aftur tekin upp sú skipting, sem leidd var í lög með samþykkt laga um félagsheimili 1947. Til greiðslu byggingarskulda þjóðleikhússins hefur, eins og ég sagði áðan, verið varið 15% af skemmtanaskatti og auk þess tekjuafgangi viðtækjaverzlunar ríkisins árin 1951—56. Í ársbyrjun 1957 átti ríkissjóður eftir að fá endurgreiddar 3 millj. kr. vegna byggingarskulda þjóðleikhússins.

Í þessu frv. er ráðgert, að hagnaður viðtækjaverzlunar ríkisins renni áfram í ríkissjóð á árunum 1957—61. Skal ¾ hlutum hans varið til að greiða byggingarskuldirnar, og ætti með því móti að vera tryggt, að þeim verði lokið í síðasta lagi árið 1961, miðað við óbreyttar tekjur viðtækjaverzlunarinnar.

Heimilað er í frv. að verja allt að ¾ hlutum tekna viðtækjaverzlunarinnar til rekstrar Sinfóníuhljómsveitarinnar, og er rekstrargrundvöllur hennar þá tryggður, miðað við það, að hún haldi 10% viðaukanum á skemmtanaskattinum, svo sem gert er ráð fyrir í frv.

Skv. l. nr. 42/1955, um almenningsbókasöfn, er nú veitt fé til lestrarfélaga í fjárlögum, en þau nutu áður 4% skemmtanaskatts. Sömuleiðis hefur kennslukvikmyndasjóður notið 4% af skattinum, en gert er ráð fyrir því í frv., að frá og með næstu áramótum verði kostnaður vegna fræðslukvikmynda greiddur með fjárveitingu í fjárlögum, svo sem annar skólakostnaður.

Af þessu munu þó ekki hljótast ný útgjöld fyrir ríkissjóð. Samkv. gildandi fjárl. er heimilt að greiða 450 þús. kr. rekstrarhalla á þjóðleikhúsinu. Fái þjóðleikhúsið hlutdeild sína í skemmtanaskattinum aukna úr 42% upp í 50%, munu tekjur þess aukast um 400—500 þús. kr. og því ekki vera þörf á að hafa framvegis fjárlagaupphæð til greiðslu á rekstrarhalla leikhússins. Þessi tekjuaukning ætti m. ö. o, fyllilega að geta komið í stað fjárlagagreiðslunnar.

Varðandi þjóðleikhúsið er það að segja, að auk þess sem það hefur notið 42% af skemmtanaskattinum, sem á síðasta ári mun hafa numið um 2.3 millj. kr., hefur verið halli á rekstri leikhússins. Hlutdeild í skemmtanaskattinum hefur ekki nægt til þess að greiða kostnað við rekstur leikhússins, og hefur hallinn undanfarin ár verið svo sem hér segir: 1952 591 þús., 1953 210 þús., 1954 420 þús., 1955 102 þús. og 1956 734 þús., sérstaklega mikill, einkum vegna þeirra launabreytinga, sem komu til framkvæmda á því ári. S. l. fimm ár hefur rekstrarhallinn að meðaltali numið um 400—500 þús. kr., en það svarar nokkurn veginn til þess tekjuauka, sem leikhúsið fær, ef hlutdeild þess verður aukin úr 42% í 50%. Nái þessi till. fram að ganga, ættu því, miðað við reynslu s. l. 5 ára, 50% af skemmtanaskattinum að nægja leikhúsinu til rekstrar síns, þannig að sérstök fjárveiting á fjárl. til leikhússins ætti að vera óþörf.

Það er kunnugt, að félagsheimilasjóður þarf mjög á auknu fé að halda, og hafa málefni félagsheimilasjóðs einmitt komið til umr. hér í þessari hv. deild fyrr á þessu þingi.

Tekjur félagsheimilasjóðs, sem hafa verið undanfarin ár 35% skemmtanaskattsins, hafa numið svo sem hér segir s. l. 4 ár: 1953 1.3 millj., 1954 1.6 millj., 1955 1.6 og áætlun fyrir 1956 1.7—1.8 millj. Forráðamenn félagsheimilasjóðsins hafa áætlað, að nauðsynlegt fjárframlag í félagsheimilasjóðinn þyrfti að vera á næstu árum 2.8 millj. kr., en það lætur nærri, að það sé einmitt sú upphæð, sem helmingur skemmtanaskattsins hefði gefið í félagsheimilasjóð á s. l. ári, því að tekjur sjóðsins urðu þá um 5 6 millj. fyrir utan viðaukann, og helmingurinn af því er einmitt 2.8 millj. Ef þessi till. nær fram að ganga, að félagsheimilasjóður fái helming skemmtanaskattsins, ætti því að vera séð fyrir fjárþörf sjóðsins, eins og forráðamenn félagsheimilasjóðsins meta hana nú. Fjárfesting til byggingar félagsheimila hefur undanfarin ár numið svo sem hér segir: 1953 3.7 millj., 1954 4.2 millj., 1955 5.9 millj. og 1956 9.6 millj., en fyrir árið 1953 var árleg fjárfesting mun minni en síðar hefur verið. Það er ekki að miða við hina gífurlegu fjárfestingu á árinu 1956, en hún hefur valdið því, að félagsheimilasjóður hefur ekki getað greitt 40%, eins og honum er ætlað, af byggingarkostnaði félagsheimila. Það vantar 3.8 millj. upp á, að félagsheimilasjóður hafi

getað tekið 40% þátt í kostnaði þeirra framkvæmda, sem gerðar voru á árinu 1956. En forráðamenn félagsheimilanna og aðrir, sem þessi mál hafa kynnt sér sérstaklega á vegum ráðuneytisins, telja, að með 5—6 millj. kr. fjárfestingu á ári sé vel á haldið í byggingu nýrra félagsheimila, miðað við allar aðstæður, og ætti því 2.8 millj. kr. framlagið í félagsheimilasjóð að nægja samkv. þeim áætlunum til að sinna þeim verkefnum, sem væntanlega munu á döfinni í þessum efnum.

Þá er að geta síðasta meginatriðsins í þessu frv., sem er hin nýja tekjuöflun til menningarsjóðs og vísindasjóðs, en hún er þannig, að leggja á gjald á aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og dansleikjum, 2 kr. gjald á aðgöngumiða á dansleiki og 1 kr. gjald á aðgöngumiða á kvikmyndasýningar, aðrar en sýningar fyrir börn. Gert er ráð fyrir, að tekjur af þessu gjaldi muni nema um 2 millj. kr.

Að síðustu vil ég svo geta þess, að gert er ráð fyrir, að hin nýju ákvæði um skiptingu skemmtanaskattsins komi til framkvæmda á miðju þessu ári. Þeim 8%, sem samkvæmt gildandi lögum á að verja til lestrarfélaga og kennslukvikmynda, mundi þá verða varið eingöngu til kennslukvikmyndanna, þannig að tekjur þær, sem þær fengju á hálfu árinu, yrðu jafnmiklar og þær hafa verið á öllu árinu undanfarin ár, svo að kennslukvikmyndirnar munu á þessu ári einskis í missa, þeim munu tryggðar sömu tekjur og undanfarin ár, ef frv. nær fram að ganga. Gert er ráð fyrir því, að tekin verði svipuð upphæð á fjárl. næsta árs og skemmtanaskatturinn hefur áður gefið í kennslukvikmyndasjóð.

Fleiri skýringar á efni þessa frv. sé ég ekki ástæðu til að láta fylgja því nú við 1. umr. Ég vildi aðeins víkja að því aftur í lok máls míns, að málefni bæði félagsheimilasjóðs og þjóðleikhúss hafa áður verið til umr. hér í þessari hv. deild. Ég veit, að hér eiga sæti menn, sem bera hag félagsheimilasjóðs alveg sérstaklega fyrir brjósti. Er það von mín, að þeir telji þá till., sem hér er flutt varðandi eflingu félagsheimilasjóðsins, vera þannig, að hún sjái sjóðnum nægilega borgið, jafnframt því sem ég treysti, að sá tekjuauki, sem þjóðleikhúsið fær með þessum hætti, nægi því einnig, til þess að hægt sé að reka þá stofnun án beinna ríkisstyrkja.

Herra forseti. Ég leyfi mér að óska þess, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég fagna því, að þetta frv. er fram komið, enda þótt segja megi, að það sé reyndar á elleftu stundu og því allt í óvissu um afdrif þess á þessu þingi.

Ég hef tvívegis hér í þessari hv. deild flutt frv. um, að félagsheimilasjóður fengi 50% skemmtanaskattsins, en þetta hefur ekki fengið áheyrn hér, hvorki meðal deildarmanna né í hæstv. ríkisstj. Þykir mér það miður. En ég er ekki að erfa það og fagna því innilega, að hæstv. ráðh. hefur nú loks efnt það loforð, sem hann gaf hér í byrjun þings, og flutt þetta frv. Ég vil jafnframt benda á, að hæstv. ráðh. segir í grg. frv., að þessar auknu tekjur félagsheimilasjóðs muni að líkindum nægja til þess að fullnægja þeirri brýnu þörf, sem er nú í dag á auknum tekjum sjóðsins. Þetta vil ég mjög undirstrika og jafnframt biðja hv. þm. að muna, að þetta má gera að engu, ef sú stefna verður ofan á að fjölga svo mjög þeim aðilum, sem eiga aðgang að félagsheimilasjóði, að þetta verði gert að engu. Þá vil ég einnig biðja hv. þm. að muna það og minnast þess, að félagsheimilasjóður var upphaflega stofnaður fyrst og fremst til þess að greiða götu strjálbýlisins. Þessu megum við ekki gleyma, enda er þörfin þar brýnust og mjög aðkallandi, að úr verði bætt hið allra fyrsta. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég fagna því, að hæstv. ráðh. hefur flutt þetta mál, og vænti þess, að það fái greiðan gang hér í þessari hv. deild og gegnum þingið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Ed., 20. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 546, n. 569).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Efni þessa frv. á þskj. 546, sem er breyt. á l. nr. 56 frá 31. maí 1947, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, er ferns konar: Í fyrsta lagi eru settar nýjar reglur um undanþágur frá skemmtanaskatti. Í öðru lagi er ný skipting á skemmtanaskattinum. Í þriðja lagi er upp tekinn nýr skattur á kvikmyndasýningar og dansleiki. Og í fjórða lagi er breytt til um ráðstöfun á hagnaði viðtækjaverzlunar.

Breytingarnar á undanþágum frá skemmtanaskatti eru aðallega þessar: Samkvæmt a-lið 1. gr. frv. eru það fræðandi fyrirlestrar, sem skulu vera undanþegnir, en þetta er orðað nokkuð á annan veg í lögunum. Þar er það orðað þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Ódýrir fræðandi fyrirlestrar, sem styrktir eru af opinberu fé, svo sem stúdentafélagsfyrirlestrar.“

Annar liður í 1. gr. frv., b-liðurinn, er um innanfélagsskemmtanir, sem eru undanþegnar skemmtanaskatti, aðrar en dans, sem aðeins eru fyrir félagsmenn og gesti þeirra o. s. frv. Þetta er óbreytt frá því, sem stendur í lögunum.

Þriðji liðurinn, c, er um skemmtanir skóla og skólafélaga, annarra en dansskóla, enda séu þær aðeins fyrir nemendur og kennara ásamt gestum þeirra, undir umsjón skólastjórnar. Þetta er orðað lítið eitt öðruvísi í lögunum. Þar er það: „Dansleikir skóla, annarra en dansskóla, og skólafélaga, enda fari þeir fram í herbergjum hlutaðeigandi skóla og séu fyrir nemendur og kennara eina, ásamt gestum þeirra.“

Munurinn er aðeins sá, að því er sleppt í frv. að tala um, að samkomurnar fari fram í herbergjum viðkomandi skóla, en í staðinn kemur, að þær skuli fara fram undir umsjá skólastjórnar, og er það vafalaust til bóta. Hitt atriðið er

minna um vert, í hvaða húsakynnum samkomurnar fara fram, þegar þær eiga að fara fram undir umsjá skólastjórnar.

Samkvæmt d-lið skulu vera undanþegnar leiksýningar þjóðleikhúss og hljómleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þetta er nýmæli og er ekki í lögunum nú. Aftur á móti eru þessar stofnanir báðar styrktar mjög mikið af opinberu fé, og þykir því mjög fjarri lagi að láta þær greiða skemmtanaskatt.

E-liðurinn er líka nýmæli, þ. e. að kvikmyndasýningar á vegum sáttmálasjóðs og kvikmyndasýningar bæjarsjóðs Akraness og Hafnarfjarðar skuli vera undanþegnar, enda sé tekjunum varið á sama hátt og nú er. Þessar sýningar hafa undanþágu núna samkvæmt almennum ákvæðum í núgildandi lögum, og er þetta ekki önnur breyting en sú, að það er beint tekið inn í lögin, að þessar stofnanir skuli vera undanþegnar skemmtanaskattinum, í staðinn fyrir það, að það voru þær samkvæmt almennri reglu, sem nú er í lögunum.

Þá er auk þess í þessum lið, e-lið 1. gr., tekið inn, að ráðh. skuli vera heimilt að undanþiggja skemmtanaskatti kvikmyndasýningar eins kvikmyndahúss, er rekið sé af opinberum aðila í hverjum hinna annarra kaupstaða, enda sé tekjum af þeim varið til menningar- og mannúðarmála. Þetta mun líka vera nýmæli, en er í samræmi við það, sem nefnt er hér áður hvað snertir Akranes og Hafnarfjörð.

F-liður er um íþróttasýningar, sem eiga að vera undanþegnar, og er ekki heldur í sjálfum lögunum, en munu nú vera það samkvæmt almennu ákvæði laganna.

Þá kemur í niðurlagi 1. gr., að ráðh. er heimilt að láta haldast að nokkru eða öllu leyti undanþágur frá greiðslu skemmtanaskatts, er þær samkomur hafa notið, sem haldnar eru til fjáröflunar fyrir góðgerða-, líknar- og björgunarstarfsemi, sjúkrasjóði með staðfestri skipulagsskrá, sjúkrahús, elliheimili, æskulýðsheimili, tónlistarskólann í Reykjavík, kirkjustarfsemi eða bindindisstarfsemi o. s. frv. M. ö. o. er með 1. gr. búið að ná yfir allar þær undanþágur, sem nú eru samkvæmt lögum og hafa verið framkvæmdar.

Aftur á móti er í þessu ákvæði, niðurlagsákvæði 1. gr., bann við því að veita frekari undanþágur. Þær verða þá ekki heimilar af neinu tagi, eftir að þetta er orðið að lögum, en samkvæmt b-lið 3. gr. í núgildandi lögum segir, að skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðarskyni eða til styrktar málefna, er miða að almenningsheill, séu undanþegnar. Þetta er fellt niður, og mun ástæðan vera sú, að það hafa orðið árekstrar út af þessu og mjög erfitt að dæma um, hvaða samkomur og hvaða félagssamtök falla undir þetta almenna ákvæði og hvaða ekki, og er vitnað til hæstaréttardóms út af þessu atriði í grg. með frv., eins og hv. þm. munu hafa veitt athygli.

Í fáum orðum sagt eiga allar undanþágur að haldast, sem nú eru, en bann sett við því, að þær verði meiri eða fleiri en í 1. gr. segir.

Annað atriðið í þessu frv. er skipting skemmtanaskatts, sem er nokkuð önnur en er í núgildandi lögum. Skemmtanaskattur skiptist nú þannig: Þjóðleikhúsið fær 42% af skattinum, og nam það á s. l. ári um 2 millj. 350 þús. kr. Félagsheimilasjóður fékk 35% af skattinum, og nam það um 1 millj. 960 þús. kr. í fyrra. Til byggingarskulda þjóðleikhússins runnu 15% af skattinum, og nam það um 840 þús. á s. l. ári. Til lestrarfélaga fóru 4% af skattinum, sem nam um 225 þús., og til kennslukvikmynda 4%, sem nam sömu upphæð, 225 þús.

Sú skipting, sem nú á að verða, er, að þjóðleikhúsið fái helming skattsins og félagsheimilasjóður helming. Það þýðir, ef skatturinn yrði eins og hann var á s. l. ári, um 5 millj. 600 þús. kr., þá fær þjóðleikhúsið um 2.8 millj. í staðinn fyrir 2.35, eða um 450 þús. kr. aukningu, og félagsheimilasjóður fær sömu upphæð, um 2.8 millj., en það er um 840 þús. kr. aukning.

Um hinar stofnanirnar, sem fengu þarna nokkurn hluta af skemmtanaskattinum, er þetta að segja: Lestrarfélög, sem fengu um 4%, eru komin inn á fjárl., og því er hlutur þeirra af skemmtanaskattinum felldur niður. Um kennslukvikmyndir er það svo, að þær fá 4% áfram, en samkvæmt þessu frv. er ætlazt til, að þær verði teknar inn á fjárl. á næsta ári og verði taldar með hinum almenna kennslukostnaði í landinu, og þess vegna falla þær út. Á þessu ári njóta þær 8% af skattinum fram til 1. júlí, sem verður þá sama upphæð og þær nutu áður, 4% allt árið, svo að á þessu ári fá þá kennslukvikmyndirnar það sama og þær höfðu áður, en ætlazt er til, að þær færist yfir á fjárl. þegar á næsta ári.

Af þessari ástæðu, að kennslukvikmyndirnar njóta 8% skattsins fram á mitt þetta ár, verður hlutur þjóðleikhússins ekki helmingur alls skemmtanaskattsins á þessu ári, heldur nokkru minni, eða sem nemur um 225 þús. Aftur á móti hefur þjóðleikhúsið nú á fjárl. um 450 þús. kr., svo að þetta mun ekki eiga að koma að neinni sök fyrir það.

Mér virðist, að hlutur þjóðleikhúss af skemmtanaskatti á s. l. ári, sem var 2.35 millj., og sá tekjuhalli, sem greint er frá í grg. frv. að hafi orðið, þegar skemmtanaskatturinn var kominn, 734 þús., þá hafi tekjuþörf þjóðleikhússins orðið rúmar 3 millj., 3 millj. 85 þús. Nú á þjóðleikhúsið að fá um 2.8 millj., og virðist því vanta eitthvað á, að þetta dugi því, ef tekjuhallinn verður hlutfallslega sá sami á næsta ári eins og hann var í fyrra. Mun því þurfa einhverja fjárveitingu til viðbótar. Ef aftur á móti er tekinn tekjuhalli þjóðleikhússins á undanförnum 5 árum, þá var hann ekki svona mikill, eða um 400 þús. að meðaltali á ári, og ætti þá þessi hluti af skemmtanaskattinum að nægja því.

Um byggingarskuldir þjóðleikhússins er það að segja, en til þeirra hafa runnið 15% af skemmtanaskattinum, að við síðustu áramót voru 3 millj. eftir af þessum skuldum, sem höfðu verið greiddar úr ríkissjóði. Nú er ætlazt til, að af tekjuafgangi viðtækjaverzlunarinnar renni ¾ til greiðslu á þessum byggingarskuldum. Tekjuafgangurinn varð um 1 millj. 1956. Það yrði því um 600 þús. kr. á ári, sem gæti þarna runnið til greiðslu á byggingarskuldum þjóðleikhússins, og á 5 árum ættu þær þá að greiðast upp, eins og segir í grg. frv. Hinn hlutinn

af tekjuafgangi viðtækjaverzlunarinnar, %, eða um 400 þús. á ári samkvæmt tekjuafganginum s. l. ár, á að renna til sinfóníuhljómsveitarinnar. Auk þess nýtur sinfóníuhljómsveitin 10% álags á skemmtanaskattinn og á að njóta þess áfram. Þetta 10% álag nam á s. l. ári 560 þús., svo að þar er ekki um neina breytingu að ræða frá því, sem áður var.

Ég held, að ég hafi þá gert nokkurn veginn grein fyrir því, hvernig þær muni verka, þessar breytingar á skiptingu skemmtanaskattsins, sem ráðgerðar eru með þessu frv.

Þá er í 4. gr. frv. gert ráð fyrir nýjum skatti, sem er einnar krónu gjald á hvern seldan aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og tveggja króna gjald á hvern seldan aðgöngumiða að *dansleikjum*. Þetta gjald á að renna óskipt í menningarsjóð, en hér er nýlokið umr. um menningarsjóð og hlutverk hans, og fer ég því ekkert út í það. Menningarsjóður mun hafa haft um ½ millj. eða rúmlega það, kannske 550 þús. kr. tekjur á ári, sem ekki hefur fullnægt honum og mjög fjarri því, en áætlað er, að þessi skattur samkvæmt 4. gr. frv. geti numið allt að 2 millj. kr. á ári, og yrðu þá tekjur menningarsjóðs á eftir rúmlega hálf þriðja milljón króna.

Ég hef nefnt hagnað viðtækjaverzlunar, hvernig honum er ráðstafað, en frá því er greint í bráðabirgðaákvæðum frv.

Ég get að vísu bætt því við, þótt ekki eigi það við að þessu sinni, heldur í sambandi við afgreiðslu fjárl., að það er *fyllilega athyglisvert*, hvort ekki eigi að færa í einfaldara form þessa ráðstöfun skemmtanaskattsins og gera einfaldari innheimtuna á honum, því að ég sé ekki þá nauðsyn að parta þetta allt svona niður, einn partinn í þennan staðinn og annan í hinn, þegar sjálfar tekjurnar af þessum skemmtanaskatti setja engin takmörk fyrir gjöldum viðkomandi stofnana, sem eiga að njóta þessara tekna, heldur verður ríkissjóður þá að taka inn á fjárlög til viðbótar fjárveitingu. Mér sýnist, að í raun og *veru skipti engu máli*, hvort þetta form er haft á því eða hitt, að skemmtanaskatturinn renni óskiptur í ríkissjóð og síðan komi fjárveitingar til þessara stofnana, sem nú njóta skattsins. En þetta kemur ekki til greina að þessu sinni, en er fyllilega athyglisvert, þegar næst kemur til afgreiðslu fjárl.

Hv. menntmn. leggur til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Tveir af nm., hv. 6. þm. Reykv. (GTh) og 2. þm. Árn. (SÓÓ), voru báðir fjarverandi úr bænum, þegar málið var afgr. í nefndinni.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér mikið inn í umr. um þetta mál, en það er eitt atriði *í því, sem mig langar til* að biðja n. að athuga á milli umr., hvort ekki sé rétt að breyta.

Lögin um skemmtanaskatt og þjóðleikhús eru frá 1927. Þá var gróflega mikið öðruvísi umhorfs í landi hér en nú er. Þá áttum við ekki nokkur þúsund bíla, og þá þutum við ekki um landið þvert og endilangt, hvenær sem okkur bauð svo við að horfa. Þá var líka sett í 1. gr. í lögunum um skemmtanaskatt, að hann skyldi einungis þar á lagður, sem íbúarnir væru fleiri en 1500, og annars staðar ekki. Byggðist þetta fyrst og fremst á því, að það var litið svo á, að aðsóknin að skemmtunum á fámennum stöðum yrði svo lítil, að það væri ekki rétt að íþyngja þeim með skemmtanaskatti. Nú er þetta viðhorf breytt. Nú fara menn um landið þvert og endilangt á skemmtanir. Nú eru mörg félög hér í Reykjavík og einstaklingar, sem fá að halda skemmtanir uppi í Mosfellssveit eða uppi á Kjalarnesi eða Kjós, sem á koma eingöngu Reykvíkingar, aðrar, sem á koma aðrir menn líka. Þess munu meira að segja dæmi, að menn héðan úr Reykjavík hafa fengið að halda skemmtun lengra burtu en þessu nemur, og þá eru þeir allir lausir við skemmtanaskattinn.

Þegar haldin er skemmtun austur við Ölfusá, þá koma þangað nokkurn veginn jafnmargir menn héðan úr Reykjavík og Hafnarfirði eins og úr Selfossþorpinu o. s. frv. Jafnvel þegar haldin er skemmtun austur í Vík, kemur þangað heill hópur af mönnum annars staðar að.

Þess vegna er það ákaflega mikil spurning, hvort þetta ákvæði um 1500 íbúa, sem eiga að vera til staðar í því hreppsfélagi eða bæjarfélagi, þar sem skemmtunin er haldin, sé orðið réttmætur mælikvarði til að undanþiggja núna. Hvað ætlið þið að gera, ef eitthvert bíóið héðan úr Reykjavík flytur hérna út á Seltjarnarnes? Á það að vera undanþegið skemmtanaskatti? Það mundi fá nákvæmlega sömu aðsókn þar *eins og þó að það væri inni í bænum*, svona rétt fyrir utan mörkin. Eða ef Hafnarfjarðarbíó flytti í Bessastaðahreppinn, rétt í jaðarinn á kaupstaðnum. Ég skil ekki þessi mörk lengur, og ég held, að það sé ástæða til að breyta þeim.

Þetta vildi ég biðja n. að athuga, því að þau eru ekki raunhæf lengur. Hvort sem því er haldið á pappírnum eða ekki, þá eru þau ekki raunhæf lengur, og þær ástæður, sem voru til þess, að þetta mark var sett 1927, eru horfnar núna.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Hv. frsm. gat þess í framsöguræðu sinni af hálfu hv. menntmn., að í frv. þessu væri sett bann við frekari undanþágum frá greiðslu skemmtanaskatts en nú væri í lögum. Þetta er ekki rétt.

Í e-lið 1. gr. frv. er svo kveðið á, að kvikmyndasýningar í Reykjavík á vegum sáttmálasjóðs og kvikmyndasýningar bæjarsjóðs Akraness og Hafnarfjarðar, enda sé tekjunum varið á sama hátt og nú, skuli vera undanþegnar greiðslu skemmtanaskatts.

En á eftir þessu ákvæði kemur ný og miklu víðtækari heimild en nokkru sinni hefur verið í l. um undanþágur frá greiðslu skemmtanaskatts. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„*Enn fremur er ráðherra heimilt* að undanþiggja skemmtanaskatti kvikmyndasýningar eins kvikmyndahúss, er rekið sé af opinberum aðila, í hverjum hinna annarra kaupstaða, enda sé tekjum af þeim varið til menningar- eða mannúðarmála.“

Ég hygg, að hér sé um mjög varhugaverða undanþáguheimild að ræða, undanþáguheimild, sem gæti haft það í för með sér, að mjög verulega rýrnuðu þær tekjur, sem gert er ráð fyrir

að félagsheimilasjóður og rekstrarsjóður þjóðleikhússins skuli fá skv. frv. Ég hef þess vegna talið rétt ásamt hv. þm. V-Sk. að flytja skriflega brtt. um það, að annar málsliður e-liðar 1. gr. falli niður.

Í 4. gr. þessa frv. er lagt til, að lagður skuli nýr skattur á alla selda aðgöngumiða að kvikmyndasýningum, öðrum en kvikmyndasýningum fyrir börn, og dansleikjum í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri. Skal gjald þetta nema einni krónu á hvern seldan aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og tveim krónum á hvern seldan aðgöngumiða að dansleik. Gert er ráð fyrir því, að þessi nýi skattur muni gefa af sér um 2 millj. kr. á ári. Þessi skattur á skv. frv. að renna óskiptur í menningarsjóð og verjast samkv. lögum, sem um hann gilda. Það er auðvitað mjög gagnlegt að fá auknar tekjur í menningarsjóð, en svipað mun nú ástatt um marga gagnlega sjóði og stofnanir í okkar landi, að þeim er þörf meiri tekna.

Ég hygg, að hæstv. menntmrh. sé hér á nokkuð hálli braut að leggja til, að enn skuli lagður nýr skattur á þjóðina. Í þetta skipti er að vísu verið að skattleggja skemmtanalíf og eyðslu, en engu að síður er það nú þannig, að þessar skemmtanir eru ákaflega ríkur þáttur í daglegu lífi fólksins, og kvikmyndasýningar eru ódýrustu skemmtanirnar, sem fólkið á kost á. Enda þótt ég sé því mjög fylgjandi, að menningarsjóður fái auknar tekjur, verð ég að segja það, að mér finnst þessi nýi skattur mjög hæpinn. Ég vil þó ekki flytja brtt. um að fella þessa grein niður og mun eins og aðrir fagna því, ef hægt er að efla starfsemi menningarsjóðs. En mér finnst hæstv. ráðh. vera á hálli braut með þessari nýju skattheimtu.

Við erum þegar komnir það langt á skattabrautinni í okkar landi, að þar er naumast við bætandi, ekki einu sinni við það bætandi að því er snertir skatta á þær skemmtanir almennings, sem ódýrastar eru og almenningur helzt getur veitt sér, eins og þær, sem einmitt á að fara að skattleggja með þessu ákvæði í 4. gr. frv.

Þá verð ég einnig að benda á það, að allhæpin eru ákvæði frv. í ákvæðinu til bráðabirgða. Þar er gert ráð fyrir því, að hagnaður af viðtækjaverzlun ríkisins skuli framvegis tekinn af ríkisútvarpinu allt fram til ársins 1960. Eins og kunnugt er, rann hagnaður af viðtækjaverzluninni til útvarpsins fram til ársins 1950, þegar hann fyrirvaralaust var af stofnuninni tekinn.

Ég ljóstra áreiðanlega ekki upp neinu leyndarmáli, þegar ég upplýsi það sem útvarpsráðsmaður, að fjárskortur háir starfsemi útvarpsins ákaflega og þá fyrst og fremst það, að útvarpinu hefur svo að segja verið bannað að bæta svo hag sinn, sem það auðveldlega hefði getað gert með skynsamlegum og skaplegum hætti, að það geti leyst úr húsnæðisvandræðum sínum. Þetta háir stofnuninni stórkostlega, og er satt að segja ekki vansalaust, að á sama tíma sem bæði einstaklingar og opinberar stofnanir bæta húsnæðisaðstöðu sína stórkostlega, skuli menningarstofnun eins og ríkisútvarpinu vera áratugum saman bannað að koma sér upp skaplegu húsnæði, þannig að það geti rækt vel þá þjónustu, sem þjóðin krefst af stofnuninni.

Ég mun ekki flytja brtt. um að fella þetta bráðabirgðaákvæði frv. niður. En ég er mótfallinn því og tel, að bæði árið 1950 og nú, þegar breyting var á þessu gerð með viðtækjaverzluninna, hafi útvarpinu verið sýndur vítaverður ágangur og skeytingarleysi af hálfu löggjafarvaldsins og ríkisstj.

Að öðru leyti fagna ég því, að hæstv. menntmrh. hefur með þessu frv. lagt til, að skipt skuli öðruvísi skemmtanaskattinum en gert hefur verið áður og hlutur félagsheimilasjóðs aukinn verulega. Bæði ég og hv. þm. V-Sk. höfum barizt mjög fyrir því á þessu þingi og á undanförnum þingum, að hlutur félagsheimilasjóðsins yrði aukinn og starfsemi hans, sem er mjög þýðingarmikil, þar með studd. Samkvæmt þeirri prósentölu, sem gert er ráð fyrir í 2. gr. frv., munu tekjur félagsheimilasjóðs á ári verða um 2.8 millj. kr. í stað 1.9 millj. kr. áður, meðan sjóðurinn hafði 35% af skemmtanaskattinum. Er það strax nokkur bót og ætti að hafa í för með sér, að sjóðurinn geti sinnt fleiri umsóknum af þeim mikla umsóknafjölda, sem fyrir honum liggur árlega.

En ég vil taka undir það, sem hv. þm. V-Sk. sagði hér við 1. umr. þessa máls, að þessa aukningu er hægt að gera að engu með því að auka mjög skyldur sjóðsins, bæta á hann nýjum aðilum, sem styrks mega njóta úr honum. Skal ég ekki fara að ræða það mál frekar hér, það hefur verið margrætt hér í hv. d. einmitt á þessu þingi, og fyrir liggur mjög góð grg. frá stjórn sjóðsins um efnahag hans og starfsmöguleika alla.

Það má vel vera, að rétt sé það, sem hv. 1. þm. N-M. sagði hér áðan, að ekki sé rétt að binda sig lengur við 1500 íbúa takmarkið í kaupstöðum og kauptúnum, eins og gert hefur verið undanfarin ár og eins og lagt er til í þessu frv. Aðstæður allar hafa gerbreytzt í landinu, og það má vissulega segja, að það sé alveg eins ástæða til þess að skattleggja fjölmennar samkomur, sem sóttar eru fyrst og fremst úr þéttbýlinu, þó að haldnar séu úti í sveitum, eins og þær samkomur, sem þetta sama fólk heldur í sínum byggðarlögum. Það er til íhugunar fyrir hv. nefnd að athuga það.

Ég vil svo leyfa mér að vænta þess, að hv. Nd. fallist á þá brtt., sem ég hef leyft mér að flytja hér skriflega ásamt hv. þm. V-Sk. og vil biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir.

Ég hafði ætlað mér að beina hér einni fsp. til hæstv. menntmrh., en hann er ekki viðstaddur. Það mundi nú einhver af hans ágætu stuðningsmönnum ef til vill geta flutt honum hana. Ég vildi spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort þær till., sem í þessu frv. felast, séu byggðar á áliti þeirrar mþn., sem hæstv. fyrrv. menntmrh., Bjarni Benediktsson, skipaði árið 1956, en henni var falið það hlutverk að endurskoða gildandi lagaákvæði um félagsheimili og bera fram till. um eflingu félagsheimilasjóðs.

Það kemur ekki fram í grg. þessa frv., að hve miklu leyti þessar till. eru byggðar á hennar áliti, en mér er kunnugt um það, að nefnd þessi hafði lokið störfum og skilað áliti til hæstv. ráðh.

Ég vænti, að á einhverju stigi málsins, annaðhvort í þessari hv. þd. eða hv. Nd., muni hæstv. ráðh. svara þessu. Ég spyr vegna þess, að mér er ekki grunlaust um, að í þeim till., þó að mér sé ekki kunnugt um þær í einstökum atriðum, hafi verið uppi ábendingar um það, hvernig hægt væri að auka verulega tekjur af skemmtanaskatti yfirleitt, sem þá hefði komið þeim aðilum öllum að gagni, sem hans eiga að njóta. Í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir því, að skemmtanaskatturinn sem slíkur vaxi nokkuð. Það er einungis flutt till. um að breyta skiptingu hans. Það er gert ráð fyrir, að skatturinn allur verði 5.6 millj. kr. *og skiptist jafnt á milli félagsheimilasjóðs* og rekstrarsjóðs þjóðleikhússins. En það er álit mitt, sem einnig hefur komið fram í frv., sem ég hef áður flutt hér á hv. Alþingi, að hægt sé að stórauka tekjur af skemmtanaskatti, ef hann er skynsamlega og réttlátlega lagður á. En því miður er þetta ekki leiðrétt með þessu frv. Það er gert ráð fyrir, að allar sömu undanþágur haldist og að stórar og viðtækar nýjar undanþágur komi til, sami glundroðinn haldist og verið hefur í þessum efnum áður.

Ég álít þetta mjög miður farið og hafði búizt við því, að hæstv. menntmrh. mundi ganga lengra í umbótum í þessum efnum en gert er með þessu frv., *enda þótt till. hans um skiptingu sjálfs* skattsins sé að mínu viti til bóta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 573) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 104. fundi í Ed., 21. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 546, n. 569 og 577, 573).

Frsm. minni hl. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Ég hafði ekki tækifæri til að taka þátt í afgreiðslu þessa máls í hv. menntmn., þegar málið var tekið fyrir þar, vegna fjarveru minnar úr bænum.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, var tekið til umr. á föstudaginn var, hygg ég vera, og afgr. og tekið til meðferðar í menntmn. á laugardaginn, og síðan var 2. umr. um það í gær, og lá fyrir nál. frá meiri hl. menntmn.

Ég vil geta þessa vegna þess, að bæði var nál. mitt, sem ég hef nú gefið út, síðbúnara en það annars hefði verið, og ég vil einnig geta þess, eins og nál. ber með sér, að ég er ekki að öllu leyti sammála þessu frv., eins og það liggur fyrir. Ég hefði vitanlega gert grein fyrir þessari afstöðu minni í n., ef ég hefði haft tækifæri til þess að taka þátt í afgreiðslu málsins, en það gat ég ekki, eins og ég hef áður sagt.

Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að félagsheimilasjóði er ætlaður þarna nokkru meiri hluti af skemmtanaskattinum en hann hefur áður haft, þ. e. a. s. hann fer úr 35% af skemmtanaskattinum upp í 50%. Þetta er mjög þarflegt. Það vita allir um félagsheimilasjóð, að hann er mjög fjárþurfi. Það bíða ýmis verkefni óleyst. Það standa hálfbyggð félagsheimili úti um allt land, annars staðar eru þau fullgerð, en hvíla á þeim skuldir, sem félagsheimilasjóði er skylt lögum samkvæmt að standa skil á. Í öðrum stöðum er það svo, að ekki er hafizt handa vegna fjárskorts, svo að mjög er aðkallandi að auka tekjur sjóðsins, og ætti að vera séð nokkuð fyrir því með þessari breytingu á lögunum um skemmtanaskatt.

Um skemmtanaskattinn að öðru leyti yfirleitt, eins og er í þessu nýja frv., er aftur það að segja, að ég get ekki verið sammála frsm., hv. þm. Barð. (SE), um það, sem kom fram hjá honum hér í gær, að hann virtist leggja töluvert mikla áherzlu á, að undanþágur, sem væru í núgildandi lögum um skemmtanaskatt, væru mjög takmarkaðar *og nú væru lögin hreinni og ákveðnari* hvað þetta snertir.

Hv. þm. N-Ísf. (SB) benti á það í gær, að í e-lið 1. gr. segir svo: „Enn fremur er ráðh. heimilt að undanþiggja skemmtanaskatti kvikmyndasýningar eins kvikmyndahúss, er rekið sé af opinberum aðila, í hverjum hinna annarra kaupstaða, enda sé tekjum af þeim varið til menningar- og mannúðarmála.“

Þessi málsliður á, að ég hygg, að koma á móti þeim hlunnindum, sem Hafnarfjörður og Akranes hafa nú samkvæmt þessum lögum, því að nú er undanþága þeirra tekin beint inn í lögin, sem ekki mun hafa verið áður.

Ég er sammála hv. þm. N-Ísf. um þetta atriði, að þetta getur hæglega orðið til þess, að allir þeir staðir, sem þarna er um að ræða, geri tilraun til þess að koma sér upp kvikmyndahúsi og fái undanþágu samkv. þessum lögum frá skemmtanaskatti. Mér hefði fundizt, að eðlilegra og réttara hefði verið að leysa þetta ákvæði um undanþágur jafnóðum og beiðnir kæmu um það. Ég mun því fylgja brtt. hv. þm. N-Ísf. og hv. þm. V-Sk. á þskj. 573.

Þá vil ég enn benda á það, að síðast í 1. gr. frv. segir: „Aðrar undanþágur eru óheimilar.“ Þarna er það tekið skýrt fram, að aðrar undanþágur eru óheimilar. Svo heldur áfram: „Þó er ráðherra heimilt að láta haldast að nokkru eða öllu leyti undanþágur þær frá greiðslu skemmtanaskatts, er þær skemmtanir hafa notið, sem haldnar eru til fjáröflunar fyrir góðgerða-, líknar- og björgunarstarfsemi, sjúkrasjóði með staðfestri skipulagsskrá, sjúkrahús, elliheimili eða æskulýðsheimili, tónlistarskólann í Reykjavík, kirkjustarfsemi eða bindindisstarfsemi, sem nýtur styrks úr ríkissjóði.“

Nú vek ég ekki athygli á þessu af því, að ég sé á móti því, að þessir aðilar, sem hér eru nefndir, verði aðnjótandi þessara hlunninda. Ég vek athygli á þessu vegna þess, að mér fannst það koma svo skýrt fram í ræðu frsm. meiri hl. n. í gær, hv. þm. Barð., að undanþágurnar væru sem sagt numdar í burtu. En eins og auðséð er á frv., þá er það alls ekki.

Þá vil ég vekja athygli á og fara nokkrum orðum um 4. gr. frv. Hún er um það, að nýjan skatt skuli leggja á aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og dansleikjum, þ. e. a. s., þegar búið er að leggja á skemmtanaskattinn eins og lög standa til, þá skal bæta enn nýjum skatti á, einni krónu á hvern seldan aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og tveim krónum á hvern seldan aðgöngumiða að dansleik.

Nú er hægt að segja það, að hér sé verið að skattleggja, við skulum segja eyðslu, svo að maður segi ekki óþarfaeyðslu, en eyðslu, það er verið að skattleggja eyðslu þarna. En þetta er nýr skattur, sem lagður er ofan á skemmtanaskattinn, og ég er á móti því, að þessi skattur verði á lagður. Menn segja um það, að fólk, sem fer í kvikmyndahús og sækir dansleiki, muni ekki mikið um þessa greiðslu til viðbótar aðgangseyrinum, það kaupi sælgæti og ýmislegt annað og eyði peningum sínum hvort sem er og því sé eins gott að taka það til þarflegra hluta.

En ég hygg nú a. m. k., ef talað er um kvikmyndahús úti um land, að þau séu ekki rekin með það miklum blóma, að það sé rétt að hækka aðgöngumiða hjá þeim, þótt ekki sé nema um þessa einu krónu. Ég veit, að þar sem ég er kunnugur, er það svo, að svona fyrirtæki berjast í bökkum og hafa alls ekki það mikinn afgang, að þar sé um neinn gróða að ræða. Þykir gott, að það standi undir sjálfu sér.

En þessi nýi skattur bætist þarna við, og hann er tekinn af fólkinu, sem þessar skemmtanir sækir, bæði hér í Reykjavík og úti um allt land. Ég hef í huga, þegar ég ræði um þetta, aðallega landsbyggðina. Ég veit ekki, hvernig það er hér í Reykjavík eða í stærri kaupstöðum, ég geri ráð fyrir, að þar sé ágóði af rekstri kvikmyndahúsanna. En þar sem fámenni er og kvikmyndahús eru rekin, þá er ekki um það að ræða, og skatturinn, þó að hann sé ekki nema þetta, ofan á 20% skemmtanaskattinn er tilfinnanlegur á rekstur, sem varla stendur undir sjálfum sér áður.

Ég er sem sagt andvígur þessum nýja skatti. Ég skal viðurkenna, að honum á að verja til þarflegra hluta, þar sem hann á að renna allur óskiptur í menningarsjóð, og starfssvið menningarsjóðs er ágætt og nauðsynlegt. En ég hefði viljað, að hæstv. menntmrh. hefði gert ráðstafanir til þess að fá nauðsynlegar tekjur í menningarsjóð á annan hátt en að leggja á þennan nýja skatt. Ég hefði álitið, að ef enn á að bæta nýjum skatti á þessar skemmtanir úti um landsbyggðina, til þess að féð renni í menningarsjóð hingað til Reykjavíkur, þá hefði verið nær, ef ekki er hægt að komast hjá því, að þessi skattur verði á lagður, að hann rynni hreinlega að nokkru leyti eða e. t. v. að öllu leyti í viðkomandi sveitarsjóði. Við, sem nokkuð erum kunnugir sveitarmálefnum, vitum, að hv. Alþingi er stöðugt að setja lög, sem hafa það í för með sér, að gjaldabyrðar sveitarsjóða þyngjast, en það ber minna á því, að hv. Alþingi hlaupi til og hjálpi sveitarfélögunum til þess að fá nýja skattstofna.

Ég vil benda á eitt, sem er núna nokkuð nýtt og sveitarfélög hafa töluvert mikinn kostnað af, en það eru bókasöfnin. Það er stutt síðan lög um bókasöfn voru sett hér á hv. Alþingi. Þetta eru nauðsynleg lög, það er ekkert um það að ræða, og þar sem þau eru komin á, sem mun nú vera víðast, fer þetta yfirleitt vel úr hendi. Byrjunin er góð og spáir góðu um framhaldið. En það kostar sveitarsjóðina töluvert mikið fé, sem þeir lögðu reyndar sumir fram áður, en ekki nærri allir til þessara mála.

Ef t. d. þessi nýi skattur, sem hér er um að ræða, yrði á settur og honum yrði veitt í hlutaðeigandi sveitarsjóði, væri nokkuð öðru máli að gegna, og þar gæti hann þá gegnt því hlutverki að standa undir ýmsum menningarmálum heima í héraðinu. Það fyndist mér vera eðlilegra en að hann verði lagður á núna eins og þetta frv. gerir ráð fyrir og hann gangi beint í menningarsjóð. Ef menningarsjóður verður fjárvana, þá held ég, að ríkissjóður eigi að hlaupa undir baggann og útvega það fé, sem hann vantar til þess að geta gegnt skyldum sínum, en ekki að vera að fara út á þessa braut með skattaálagningu.

Ég vil vísa til þess, sem ég sagði hér áðan í byrjun, að ég var nokkuð síðbúinn með mitt nál., hef ekki haft tækifæri til þess að tala við n. um málið og mitt sjónarmið um það, og þess vegna liggur ekki hér fyrir brtt. prentuð. En ég er með hér skrifl. brtt., sem ég ætla að leyfa mér að bera fram við frv. núna. Það er brtt. við frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús: „Við 4. gr. Greinin falli niður.“ — Ég legg sem sagt til, að 4. gr. í frv. falli niður.

Ég vil biðja hæstv. forseta um að leita eftir nauðsynlegum afbrigðum fyrir þessari till. hér á eftir.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. við frv. það, sem fyrir liggur, frá Sigurði Ó. Ólafssyni:

„Við 4. gr. Greinin falli niður.“

Við 2. umr. er nú varla þörf á brtt. um, að grein falli niður.

Þessi brtt. er skrifleg og of seint fram komin, og þarf tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 582) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins segja örfá orð út af ræðu hv. 2. þm. Árn. (SÓÓ), sem ekki gat verið viðstaddur afgreiðslu málsins í hv. menntmn. vegna fjarveru úr bænum.

Ég sagði það í gær við framsögu þessa máls þá, að samkvæmt 1. gr. þessa frv. væri ætlazt til, að undanþágur kæmu ekki til greina hér eftir, aðrar en þær, sem getur í þessari grein. Það kann að vera, að hann hafi misskilið það þannig, að þær kæmu engar til greina, en það var ekki svo, heldur á upptalningin í 1. gr. að vera tæmandi um þær undanþágur, sem hér eftir koma til greina. En eins og lögin eru núna, þá er það svo um undanþágurnar í 3. gr. laga nr. 56 frá 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, b-lið, með leyfi hæstv. forseta:

„Skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða til styrktar málefna, er miða að almenningsheill.“

Þetta er svo almennt orðalag, svo rúmt, að það er engin leið að gera sér grein fyrir því fyrir fram, hversu margs konar félög geta komið til greina með að njóta þessarar undanþágu, og út af þessu hefur orðið ágreiningur, eins og segir í grg. með þessu frv., og fallið um það hæstaréttardómur.

Hér á upptalning undanþáganna því að vera nokkurn veginn tæmandi og reyndar alveg tæmandi samkvæmt þessum e-lið og niðurlagsákvæðum greinarinnar. Aftur á móti felast í þessari gr. þau ákvæði, að þeir, sem njóta nú þessara undanþága, eiga að njóta þeirra áfram.

Þá er hv. 2. þm. Árn. mótfallinn því, að heimild sé fyrir hæstv. ráðh. að undanþiggja skemmtanaskatti eitt kvikmyndahús í öðrum kaupstöðum, eins og segir í e-lið, og um þetta flytja þeir brtt. hv. þm. N-Ísf. (SB) og hv. þm. V-Sk. (JK).

Ég skal ekkert fjölyrða um þetta atriði, hvort réttmætt er eða ekki að fella þetta niður. Ef til slíks kæmi, að kvikmyndahús yrði reist og rekið í einhverjum hinna kaupstaðanna í þeim tilgangi, sem segir í þessari gr., að tekjum þess sé varið til menningar- eða mannúðarmála, þá er auðvitað hugsanlegt að taka það inn með lagabreytingu, en afnema þetta nú. En ekki sé ég neinn ávinning í því út af fyrir sig. Hitt get ég ekki fallizt á, að það geti komið til greina, að nokkur hugsi sér að fara að reisa kvikmyndahús aðeins í þessum tilgangi. Það er meira fyrirtæki en svo, að menn geri það aðeins til þess að njóta undanþágu á skemmtanaskatti.

Þá er hv. þm. andvígur 4. gr. frv. og flytur um það skriflega brtt., að hún sé felld niður, en þar er ætlazt til að leggja á nýjan skemmtanaskatt, sem nemur 1 kr. á hvern seldan aðgöngumiða að kvikmyndahússýningum og 2 kr. á hvern seldan aðgöngumiða að dansleikjum. Ég get ómögulega fallizt á þessi sjónarmið, að þetta megi ekki gera, vegna þess að þetta ofþyngi, — ja, væntanlega þeim, sem kaupa þessa aðgöngumiða og njóta þessara skemmtana. Ég er nógu kunnugur því, hverju fólk eyðir í kvikmyndahús og á dansleikjum, til þess að álíta, að þetta gjald sé hreinasti hégómi af því, sem fer í súginn við slíkar skemmtanir fólks. Þegar á þetta er litið annars vegar, en hins vegar á hitt, hversu mikilsvert það er fyrir menningarsjóð að fá þann mikla tekjustofn, sem af þessu leiðir, a. m. k. um 2 millj. kr. á ári, og þegar litið er á þau verkefni, sem menningarsjóður á að leysa af hendi, þá get ég ekki skoðað huga minn um að mæla með því, að þessi skattur sé á lagður. Jafnvel þó að sveitarfélög þurfi að skattleggja þessar samkomur í sína þágu, þá ætti þetta ekki að vera því til fyrirstöðu, að þau gerðu það. Þetta er ekki svo gífurlegt gjald, sem þarna er ætlazt til að leggja á þessar skemmtanir.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég átti þess því miður ekki kost að vera staddur við þessa umr., þegar hún hófst í gær, sökum annarra starfa utan þings. Ég hef séð þær till., sem fluttar hafa verið, og mér hefur verið greint frá helztu atriðum, sem fram komu í umr. um málið, og vildi ég leyfa mér að fara um till. fáeinum orðum og jafnframt svara fyrirspurn, sem mun hafa verið beint til mín í gær.

Brtt., sem ég hef séð eða heyrt, eru tvær. Önnur fjallar um, að niður skuli felld heimild, sem gert er ráð fyrir að ráðh. hafi til að undanþiggja skemmtanaskatti kvikmyndasýningar eins kvikmyndahúss, er rekið sé af opinberum aðila í þeim kaupstöðum, þar sem nú er ekki rekið slíkt kvikmyndahús með undanþáguheimild.

Rökin fyrir þessari till. eru þau, að nú þegar hefur slík heimild verið veitt í nokkrum kaupstaðanna. Hér eru nú þegar rekin þrjú kvikmyndahús í Reykjavík með slíkri undanþáguheimild frá greiðslu hins almenna skemmtanaskatts. Í næststærsta kaupstað landsins, Akureyri, er rekið eitt slíkt kvikmyndahús. Í Hafnarfirði og á Akranesi er þegar rekið á hvorum staðnum eitt slíkt hús, og fyrrv. menntmrh. hafði þegar veitt Vestmannaeyjakaupstað leyfi til þess að reka eitt kvikmyndahús þar með undanþáguheimild. Í rn. hefur nú um nokkurt skeið legið umsókn frá Ísafjarðarkaupstað um heimild til þess að reka slíkt kvikmyndahús þar. Þar eð svo er háttað nú þegar í meiri hluta kaupstaðanna, að slík hús eru rekin, þá sá ég ekki við undirbúning þessa máls, að stætt væri á öðru en að láta eitt yfir alla ganga.

Mér virðast leiðirnar aðeins geta verið tvær: annaðhvort að afnema allar undanþágur eða leyfa starfrækslu hliðstæðra húsa í öllum kaupstöðunum. Þarna fannst mér enginn millivegur koma til greina.

Það hefur engin till. komið fram um það, hvorki nú við meðferð þessa máls né heldur á undanförnum þingum, að svipta þá aðila, sem smám saman hafa aflað sér undanþáguheimildar í skjóli gildandi lagaákvæða, þessum undanþágurétti. Sá aðili, sem notið hefur undanþáguheimildarinnar lengst, er sáttmálasjóður, háskólinn, sem varið hefur sínum tekjum í þessu sambandi mjög vel að allra dómi. Engin gagnrýni hefur mér vitanlega komið fram á ráðstöfun háskólans á þeim tekjum, sem hann hefur hlotið vegna undanþáguheimildarinnar. Þvert á móti hefur sú notkun hlotið almenna viðurkenningu. Það er reyndar einnig viðurkennt, að ef háskólinn hefði ekki haft þær tekjur, sem hann hefur haft af rekstri kvikmyndahúss síns, þá hefði hið opinbera þurft að leggja honum til svipaða upphæð vegna þeirrar starfsemi, sem hann hefur kostað með tekjum af kvikmyndahúsinu. Vil ég þar t. d. nefna samningu hinnar íslenzku orðabókar.

Mjög svipuðu máli gegnir um þá tvo aðila aðra, sem lengst hafa notið undanþágunnar, bæjarsjóð Hafnarfjarðar og bæjarsjóð Akraness. Báðir hafa notað þessar undanþágutekjur til hinna ágætustu mannúðarmála, og hef ég enga till. heyrt um að svipta þessa aðila þessum tekjustofni sínum.

Í kjölfar þessa hefur síðan ýmislegt annað fylgt, eins og ég gat um áðan, og svo margt annað, að mér virðist ekki vera um aðra réttmæta og færa leið að ræða en að stíga sporið til enda og láta eitt yfir alla kaupstaðina ganga. Það mun þó væntanlega taka nokkurn tíma, að allir kaupstaðirnir hafi skilyrði til þess að hagnýta sér þessa leið. Ég geri ráð fyrir, að það taki svo langan tíma, að á því skeiði muni tekjur af skemmtanaskatti almennt vaxa svo mikið, að hin almenna aukning skattsins muni gera meira en að bæta upp þann tekjumissi, sem af þessum auknu undanþágum mun leiða. Þess vegna held ég, að ástæðulaus sé sá uggur, sem mér skilst að hafi gætt hjá tveimur hv. ræðu-

mönnum, hv. þm. Sjálfstfl., að þessi undanþáguheimild muni verða til þess að skerða tekjurnar af skemmtanaskatti óeðlilega mikið og stofna þeim fyrirtækjum, sem hans eiga að njóta, í nokkra hættu.

Hin brtt., sem fram hefur komið, er að fella niður 4. gr. frv., þ. e. a. s. aðgöngumiðagjaldið af kvikmyndasýningum og dansleikjum. Ef sú grein yrði felld niður, yrði algerlega kippt fótunum undan þeirri endurskipulagningu eða þeirri aukningu á menningarsjóði, sem gert er ráð fyrir í öðru frv., og stofnun vísindasjóðs, sem einnig er flutt um sérstakt frv.

Mér þótti vænt um að heyra það í ræðu hv. 2. þm. Árn. áðan, að hann viðurkenndi algerlega og mjög fúslega nauðsyn aukinna tekna í menningarsjóð og að því er mér skildist einnig nauðsyn stofnunar vísindasjóðs. Þau markmið, sem hér á að efla með þessum litla tekjustofni, hljóta fullkomna viðurkenningu af hálfu minni hl. hv. menntmn. Hann kvaðst hins vegar ekki geta fellt sig við þetta nýja gjald. En mér finnst sú þingmannsskylda hvíla á honum að benda þá á annan tekjustofn, sem skynsamlegri væri eða réttmætari.

Menntmrn. hefur velt þessu máli fyrir sér um alllangt skeið. Um það fjallaði í nokkra mánuði nefnd, sem var þannig skipuð, þó að hún væri ekki skipuð með neinu pólitísku tilliti, að í henni áttu engu að síður sæti menn, sem fylgja þeim stjórnmálaflokkum, sem nú eru starfandi í landinu. Þeir urðu á einu máli um að leggja til, að þessi tekjuöflunarleið væri farin, eftir að þeir höfðu rætt ýmsar aðrar leiðir, sem óneitanlega kæmu til greina og hafa komið til greina. En þess má og geta, að ýmsir forustumenn menningarmála, ekki aðeins í mínum flokki eða stjórnarflokkunum, heldur einnig í hv. Sjálfstfl., hafa lagt til áður og ég held meira að segja á prenti, að alveg hliðstæð tekjuöflunarleið yrði farin og þessi, meira að segja gert ráð fyrir því, að gjaldið, sem lagt yrði á kvikmyndasýningar og dansleiki, yrði mun hærra en hér er lagt til.

Ef menn annars vegar viðurkenna nytsemi þeirra markmiða, sem tilætlun er að efla með þeim þrem frv., sem hér voru flutt samtímis, þá er ekki hægt að láta við það sitja að ætla sér að neita sér um nauðsynlega tekjuöflun í því skyni. Það að vera eingöngu á móti þeirri einu tekjuöflun, sem bent er á, er í raun og veru að vera á móti því, að markmiðunum sé sinnt. Ef ábending kæmi fram um það frá hv. 2. þm. Árn., ef hann vildi benda á aðra leið til þess að afla jafnmikilla tekna, þá væri ég reiðubúinn til þess að hlýða á þau rök og ræða þau nánar, en meðan ég heyri enga till. um það, er ekki meira um þá hlið málsins að fjölyrða.

Mér skilst, að í gær hafi verið beint til mín þeirri fyrirspurn frá hv. þm. N-Ísf. (SB), hvort ákvæði þessa frv. væru í samræmi við álit n., sem fyrrv. menntmrh. hafi skipað á sínum tíma til þess að endurskoða gildandi lög um félagsheimili og um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Fyrrv. menntmrh. skipaði með bréfi 6. júní 1956 tvo menn, þá Þorvald Garðar Kristjánsson lögfræðing og Ásgeir Pétursson deildarstjóra í menntmrn., til þess að endurskoða lög um félagsheimili og lög um skemmtanaskatt. Þeir skiluðu áliti til rn. 9. apríl 1957, eða nú fyrir rúmum mánuði. Ég hafði þá þegar, eins og ég hef skýrt frá áður við þessa umr., falið annarri nefnd einnig undirbúning að endurskoðun skemmtanaskattslaganna, ekki félagsheimilalaganna, og unnu þessar nefndir því samhliða og gerði hvor um sig sínar till.

Að því er varðar skemmtanaskattinn er það um álit þeirra tvímenninganna, Þorvalds Garðars Kristjánssonar og Ásgeirs Péturssonar, að segja, að þeir lögðu til, að skemmtanaskattinum yrði skipt eins og gert er ráð fyrir í stjfrv., þ. e. a. s. að honum yrði skipt til helminga milli þjóðleikhúss og félagsheimilasjóðs. Hins vegar gerðu þeir enga till. um breytingu á ríkjandi skipun varðandi undanþágurnar, gerðu enga till. um að takmarka þær frá því, sem nú á sér stað, lögðu m. ö. o. til, að ákvæði l. um undanþágurnar yrðu óbreytt. Þetta taldi ég fyrir mitt leyti ekki vera eðlilegt, og þess vegna er hér farin sú leið, sem frv. gerir ráð fyrir og ég skal ekki skýra frekar. Það er í meginatriðum í samræmi við það, sem fimm manna nefndin, sem ég gat um áðan, hafði lagt til. Þó er þess að geta, að hugmyndin um að undanþiggja eitt kvikmyndahús í þeim kaupstöðum, sem nú njóta ekki undanþáguheimildar, var ekki frá þeirri n., heldur var því ákvæði bætt í frv. í menntmrn. Um rökin fyrir því vísa ég til þess, sem ég sagði í upphafi máls míns.

Hins vegar vil ég geta þess, að í áliti þeirra Þorvalds Garðars Kristjánssonar og Ásgeirs Péturssonar er ekki gert ráð fyrir jafnmikilli fjárþörf félagsheimilasjóðs og ég tel hana vera. Þar segir í nál. svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, eftir að gerð hefur verið grein fyrir árlegri fjárfestingu um byggingu félagsheimila á undanförnum árum:

„Með tilliti til þess, er að framan segir, má telja, að með 5—6 millj. kr. fjárfestingu á ári sé vel á haldið í byggingu nýrra félagsheimila, miðað við allar aðstæður. Miðað við framlag, er nemi 40% byggingarkostnaðar, eins og félagsheimilasjóður hefur lagt fram, þýðir þetta, að styrkir til byggingar félagsheimila þurfa að nema árlega yfir 2 millj. kr. Hér er um að ræða hærri upphæð en félagsheimilasjóður hefur haft yfir að ráða í árlegum tekjum.“ — Síðan er gerð grein fyrir tekjunum, eins og þær hafa verið undanfarin ár.

Hér er sem sagt gert ráð fyrir liðlega 2 millj. kr. árlegu framlagi í félagsheimilasjóð og það talið nægilegt á næstu árum, miðað við aðstæður, eins og þær hafi verið og séu.

Í þeim stjfrv., sem hér liggja nú fyrir þessari hv. d., hefur verið metin fjárþörf félagsheimilasjóðs 2.8 til 3 millj. kr. á ári, og þær tekjur eiga félagsheimilasjóði að vera tryggðar, ef þessi frumvörp ná fram að ganga.

Ég hygg, að ég hafi vikið að þeim atriðum, sem fram hafa komið í sambandi við brtt. og umr., sem urðu hér í gær.

Ég vil að síðustu aðeins undirstrika, að ef till. um niðurfellingu 4. gr. næði fram að ganga, væri þar með kippt algerlega grundvellinum undan þeirri aukningu á menningarsjóði, sem fyrir-

huguð er, og stofnun vísindasjóðs. Samþykki við till. um að fella 4. gr. er í raun og veru atkvæði gegn því að efla menningarsjóð, gegn því að stofna vísindasjóð, a. m. k. meðan ekki koma fram tillögur um aðra tekjustofna, sem gæfu jafnmikið í aðra hönd.

Að því er varðar till. um að heimila ekki eitt opinbert undanþágukvikmyndahús í þeim kaupstöðum, þar sem slík kvikmyndahús eru nú ekki rekin, vil ég aðeins endurtaka það, sem ég sagði áðan, að í því máli er aðeins um tvær leiðir að ræða: að heimila engum kaupstað slíka undanþágu eða heimila öllum kaupstöðum slíka undanþágu. Það er ekki hægt að draga neina skynsamlega eða réttláta línu þarna einhvers staðar á milli. Það er ekkert réttlæti í því. Það er ekki hægt að gera upp á milli Vestmannaeyja og Ísafjarðar með neinum skynsamlegum rökum. Annaðhvort verða báðir staðirnir að fá hliðstæða aðstöðu eða hvorugur þeirra. Að vilja ekki heimila undanþágukvikmyndahús í þeim kaupstöðum, sem nú njóta ekki slíkrar undanþágu, er því í raun og veru óbein yfirlýsing um, að slíka undanþágu ætti hvergi að veita, eða m. ö. o., að helzt ætti að afnema undanþágurnar í Reykjavík, Hafnarfirði, Akranesi, Akureyri og Vestmannaeyjum, þar sem þær nú gilda. Um það hafa ekki komið fram till. og liggja að vísu ekki fyrir till. nú. En fyrst þær till. liggja ekki fyrir og fyrst það virðist ekki vera skoðun Alþ., að þessar undanþágur eigi að afnema, væri ekki til nema ein rökrétt afleiðing af því: að láta alla kaupstaðina sitja við sama borð.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans við fsp. minni. Af þeim kemur í ljós, að hann hefur ekki einungis haft eina nefnd sér til ráðuneytis um undirbúning þessa máls, heldur tvær, þannig að ætla mætti nú, að vel væri vandað til undirbúnings þessa frv. og viturleg ráð ráðin.

Það eru fyrst og fremst tvö atriði í sambandi við ræðu hans, sem ég vildi taka lauslega til athugunar.

Hæstv. ráðh. mælti mjög gegn brtt. minni og hv. þm. V-Sk. (JK) um að fella niður hina nýju og víðtæku heimild til að veita kvikmyndahúsum í öllum kaupstöðum landsins undanþágu frá skemmtanaskatti. Hann sagði réttilega, að þar væri um tvær leiðir að ræða, annaðhvort að veita undanþágu til kvikmyndahúsa í öllum kaupstöðum landsins eða engum. Og hann var ekki í neinum vafa um það, hvora leiðina hann vildi velja, nefnilega þá, sem kemur fram í frv., að undanþágan eigi að ná til allra kaupstaða. Hann benti á það, að hér í Reykjavík hefðu þrjú kvikmyndahús þegar slíka undanþágu, á Akureyri eitt, á Akranesi eitt, í Hafnarfirði eitt og umsóknir lægju fyrir frá Vestmannaeyjakaupstað og Ísafjarðarkaupstað.

Ég held nú, að þessi upptalning hæstv. ráðh. sýni það gleggst og sanni, hversu rétt ég hef fyrir mér í því, þegar ég benti á það í gær, að þetta hljóti óhjákvæmilega að þýða að draga mjög úr tekjum af skemmtanaskatti til þeirra aðila, sem hans eiga fyrst og fremst að njóta samkv. þessu frv.: félagsheimilasjóðs og rekstrarsjóðs þjóðleikhússins. Dettur hæstv. ráðh. í hug, að ekki muni draga úr tekjum af skemmtanaskatti, eftir að hver einasti kaupstaður landsins rekur kvikmyndahús með undanþágu frá greiðslu skemmtanaskatts?

Það liggur svo í augum uppi, að fram hjá þeirri staðreynd verður engan veginn gengið.

Ég er þess vegna ekki heldur í neinum vafa, hvora leiðina ég vel. Ég vil þessum tveimur stofnunum, sem hér er um að ræða, félagsheimilasjóði og rekstrarsjóði þjóðleikhússins, vel. Ég vil, að gagnvart undanþágunni sitji allir við sama borð, engin undanþága sé veitt frá greiðslu skemmtanaskatts. Og þessi stefna mín er ekki orðin til í gær eða dag til þess að hrella hæstv. menntmrh. Það vill svo til, að ég flutti fyrir hvorki meira né minna en 8 árum frv. um þetta mál, og það er þess vegna algerlega rangt hjá hæstv. ráðh., að engin till. hafi komið fram um að svipta þá aðila undanþágu, sem hennar njóta nú. Ég flutti ásamt hv. 1. þm. Árn. (JörB) frv. á þinginu 1948—49 um að fella þessa undanþágu niður, og með leyfi hæstv. forseta, þá segir svo í 1. gr. þessa frv.:

„Aftan við b-lið 3. gr. laga um skemmtanaskatt og þjóðleikhús bætist nýr málsliður: „Undanþága þessi tekur þó ekki til kvikmyndasýninga."

Þetta er nánar rætt í grg., sem fylgdi frv., og með leyfi hæstv. forseta, segir þar á þessa leið:

„Samkv. gildandi lögum um skemmtanaskatt eru allmörg kvikmyndahús í landinu undanþegin greiðslu þessa skatts. Munu vera í þeim kvikmyndahúsum, sem nú njóta þessara fríðinda, rúmlega 2000 sæti. Það er því auðsætt, að þeir aðilar, sem skemmtanaskatturinn rennur til, en það eru félagsheimilasjóður, þjóðleikhússjóður og lestrarfélög og kennslukvikmyndir, tapa miklu fé á þessum undanþágum frá greiðslu skemmtanaskatts. Má gera ráð fyrir, að þetta tap hafi á s. l. ári numið allt að 1 millj. kr., en verður töluvert hærra á þessu ári, eftir að aðgangseyrir að kvikmyndasýningum hefur hækkað verulega."

Og síðan segir í niðurlagi grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Með frv. þessu er þess vegna lagt til, að allur kvikmyndahúsarekstur í landinu verði skyldaður til þess að greiða skemmtanaskatt. Með samþykkt þess, ef að lögum yrði, væri óviðurkvæmilegt misrétti afnumið, en miklu nauðsynjamáli veitt aukin liðsemd."

Þetta var till. mín og hv. þáverandi 1. þm. Árn. (JörB) fyrir 8—9 árum. Því miður náði hún ekki fram að ganga. Þeir menn, sem undanþágurnar höfðu fengið, stóðu fast á verði um þær og gera það enn í dag.

En ég vil spyrja: Hvaða ástæða er til þess sérstaklega að veita opinberum aðilum eða félagasamtökum einstaklinga undanþágu frá greiðslu skemmtanaskatts af kvikmyndahúsarekstri? Hefur ekki kvikmyndahúsarekstur verið talinn einn ábatasamasti rekstur í þessu landi? Hefur það ekki verið talinn rakinn gróðavegur að eiga kvikmyndahús og reka það í kaupstöðum landsins? Ég veit ekki betur. Að minnsta kosti hefur það verið talið svo, þegar einstaklingar

hafa átt kvikmyndahúsin og annazt rekstur þeirra.

Nú bregður allt í einu svo við, að þeir opinberir aðilar, sem ráðizt hafa í kvikmyndahúsarekstur, koma barmandi sér til löggjafarvaldsins og vilja láta líta út, að þeir séu einhverjir gustukamenn, sem umfram allt verði að fá undanþágu frá löglegum skattaálögum, þ. e. a. s. skemmtanaskattinum í þessu tilfelli. Ég fæ ekki séð, hvaða skynsemi og rök liggja til grundvallar þessari undanþágu. Ég álít, að það væri þá miklu nær sanni, að ýmiss konar gagnlegur rekstur í kaupstöðum landsins fengi undanþágu frá greiðslu einhverra annarra skatta, sem hafa mikil áhrif á rekstur fyrirtækjanna og heildarafkomu fólksins í byggðarlögunum.

Mín skoðun er þess vegna óbreytt á því, að þessar undanþágur til handa opinberum aðilum, sem kvikmyndahúsarekstur annast, séu mjög ósanngjarnar og óskynsamlegar. Og ég fæ heldur ekki betur séð en að hæstv. ráðh. stefni rakleiðis að því að drepa félagsheimilasjóð og stórlama rekstrarsjóð þjóðleikhússins.

Hæstv. ráðh. segir, að hin almenna aukning skattsins vegi upp á móti undanþágunni. Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Hvaðan á þessi almenna aukning skattsins að koma? Engin ákvæði eru um það í frv., að skatturinn eigi að hækka. Hvaðan á þá að koma almenn aukning til þess að vega upp á móti undanþágunni? Af því að fólki fjölgar í landinu ef til vill með tímanum. Ekki aukast tekjurnar af skemmtanaskatti við það, að nýr skattur er lagður á við hliðina á þær skemmtanir, sem eru mest sóttar og almennastar eru. Frekar mætti ætla, að heldur drægi úr aðsókn að kvikmyndahúsum við það, að nýr skattur væri á lagður og verð aðgöngumiða hækkar. Ég skal þó ekki gera mikið úr þeirri fækkun, því að ég reikna ekki með, að mjög mikið muni draga úr aðsókn, þó að aðgöngumiðar að kvikmyndahúsum séu hækkaðir um eina krónu.

Að öllu þessu athuguðu, skora ég á hv. þd. að samþykkja þá brtt., sem ég ber hér fram ásamt hv. þm. V-Sk. Okkur hefði að sjálfsögðu verið langsamlega næst skapi að leggja til, að e-liðurinn yrði allur felldur niður, því að auðvitað er ekkert réttlæti í því, að tvö bæjarfélög, Akranes og Hafnarfjörður, fái að halda þessari undanþágu áfram né heldur að þau kvikmyndahús hér í Reykjavík, sem hafa þessa undanþágu, njóti hennar og öðrum svo synjað um hana. Það ætti að fella þetta allt niður. Við vildum hins vegar koma í veg fyrir þá skemmd, sem verið er að gera nýja með þessu frv.

Ég kem þá að hinu atriðinu, sem ég ætlaði að svara í ræðu hæstv. ráðh. og ég ræddi einnig nokkuð um í ræðu minni hér í gær. Það er um 4. gr. frv.

Hæstv. ráðh. sagði, að ef 4. gr. yrði felld, þá væri kippt fótunum undan eflingu menningarsjóðs. Ég vildi nú spyrja hæstv. ráðh., sem ætlar sér að fá 2 millj. kr. í tekjur með þessum nýja skatti, sem 4. gr. ræðir um: Hvers vegna telur hann sig endilega þurfa að láta leggja á nýjan skatt til þess að koma fram þessum lofsverða stuðningi við menningarsjóð og hinn nýja vísindasjóð? Hefur ekki núverandi hæstv. ríkisstj. aflað sér hvorki meira né minna en 650 millj. kr. tekna á 2. gr. fjárl. af sköttum og tollum? Mundi það nú hafa verið talin goðgá, að hæstv. menntmrh., sem er áhugamaður um eflingu menningarmála, eins og m. a. sést á þessum frv., hefði sagt við afgreiðslu fjárl.: Ég óska þess að fá 2 millj. kr. úr þessum stóra potti. Það er ekki nema einn smákeppur, og hvað munar um eitt smáiður í sláturtíðinni til þess að efla menningarsjóðinn, sem er mitt hjartabarn? — Ég hefði álitið, að hæstv. ráðh. hefði tekið miklu raunhæfar á þessu máli, ef hann hefði gert þetta, heldur en að fara nú enn í þinglok, svona eins og til þess að hafa dálitla sumargjöf líka handa blessaðri þjóðinni sinni, sem vantar meiri menningu, að bera fram frv. um nýjan skatt, sem á að koma á ódýrustu skemmtanir alþýðu manna í landinu.

Ég held þess vegna, að það sé ekki hægt fyrir hæstv. ráðh. að stilla dæminu þannig upp, að þeir, sem greiði atkvæði á móti þessum nýja skatti, greiði atkvæði á móti menningunni, in casu menningarsjóði og vísindasjóði.

Ég bendi hæstv. ráðh. á þetta, og ég er reiðubúinn til þess, og ég býst við, að hv. 2. þm. Árn., frsm. minni hl., sem flutt hefur hér brtt. um að fella greinina niður, sé reiðubúinn til þess að vinna með hæstv. ráðh. í að útvega honum fé til eflingar menningarsjóðs að öðrum leiðum en þeim, sem farnar eru í 4. gr. frv., að leggja nýjan skatt á ódýrustu og vinsælustu skemmtanir alþýðu manna í landinu.

Ég mun þess vegna greiða atkvæði brtt. hv. 2. þm. Árn. um að fella greinina niður, en fyrst og fremst hafa það bak við eyrað, að ég vænti þess, að hæstv. ráðh. gefist ekki upp við nýsköpun sína í sambandi við menningarsjóð og vísindasjóð þrátt fyrir það. Hann hefur áreiðanlega það góða samvinnu við hæstv. fjmrh., að honum ætti að vera auðvelt að næla einn kepp upp úr stóra sánum, þar sem 650 millj. kr. fljóta af tollum og sköttum, sem þessi þjóð á að greiða á þessu ári.

Ég vil svo aðeins endurtaka það, sem ég sagði hér í gær og hæstv. ráðh. hefur ef til vill ekki heyrt hermt af mínum aths. við frv. þá, að ég varð hálfóánægður með það fyrir hönd ríkisútvarpsins, að ráð er gert fyrir því framvegis að svipta það hagnaði af viðtækjaverzlun ríkisins, sem stofnunin var svipt með gersamlega óviðurkvæmilegum hætti árið 1950. Ég segi það ekki vegna þess, að ég hafi ekki stutt þann hæstv. menntmrh., sem beitti sér fyrir því. En það urðu mikil átök á því ári um skemmtanaskattinn og skiptingu hans, og eftir að Nd. hafði fellt ákvæðna till. frá ríkisstj. um skiptinguna, varð niðurstaðan sú, að mig minnir á næturfundi hér í hv. Ed., að samþ. var fyrirvaralaust og án þess að hafa minnsta samráð við ríkisútvarpið að svipta það tekjunum af viðtækjaverzluninni, sem það hafði haft.

Ég minntist á það hér í gær, að ríkisútvarpið, sem er ein áhrifamesta og vinsælasta menningarstofnun þjóðarinnar, er í slíku húsnæðishraki, að gersamlega óviðunandi er. Það háir starfsemi þessarar stofnunar geysilega og bitnar á útvarps-

hlustendum á marga vegu, hindrar nauðsynlega fjölbreytni og þróun í starfsemi stofnunarinnar.

Samkvæmt þessu frv. er lagt til, að útvarpið verði svipt þessum tekjustofni áfram og nú allt fram til ársins 1961. Að vísu er lagt til, að hagnaðurinn af viðtækjaverzluninni verði látinn renna til ágætra stofnana eins og þjóðleikhússins og sinfóníuhljómsveitarinnar, og ég vil ekki snúast beint gegn þessu ákvæði. Ég vil ekki segja, að það eigi að fella niður þetta ákvæði til bráðabirgða í frv. En ég bendi hæstv. ráðh. á það, að mér hefði fundizt, að það hefði a. m. k. átt að hafa einhver samráð við ríkisútvarpið, áður en sú ákvörðun var tekin, sem felst í þessu ákvæði til bráðabirgða. Það hefði ekki verið nema viðeigandi að gera það, vegna þess að ríkisútvarpið átti á sínum tíma að njóta hagnaðarins af viðtækjaverzluninni, og það er ekkert eðlilegra en að það geri það.

Hjá útvarpinu eru fjölmörg verkefni fram undan nú, eins og t. d. að bæta stöðvarnar, — það er kannske nærtækasta verkefnið, — þannig að Útvarp Reykjavík heyrist um land allt. Við vitum til dæmis, að um mikinn hluta Austurlands heyrist ákaflega illa í íslenzka ríkisútvarpinu. Þetta er eitt af því nærtækasta, sem þarf að gera.

Annað ákaflega merkilegt verkefni, að vísu ekki mjög fjárfrekt, er bygging sjónvarpsstöðvar, sem ég veit að hæstv. menntmrh. hefur mikinn áhuga á og hefur sjálfur haft frammi tillögur um hér á hv. Alþingi.

Ég legg sem sagt ekki til, að þetta ákvæði til bráðabirgða verði fellt niður, því að ég veit, að sinfóníuhljómsveitin og byggingarsjóður þjóðleikhússins þurfa á þessu að halda. En ég vil aðeins, að það komi fram, að hér er mjög ómaklega að ríkisútvarpinu vegið og það hefur á undanförnum árum háð mjög starfsemi þess, að það skuli einmitt hafa verið svipt þessum lögmætu tekjum sínum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil í upphafi láta í ljós mikla ánægju yfir því, að einnig hv. þm. N-Ísf. (SB) lýsir yfir fyllsta stuðningi sínum við þá sjóði eða þau fyrirtæki, sem þeim tveim frv., sem lögð voru fram ásamt því frv., sem hér er til umr., er ætlað að efla. Mér þykir mjög vænt um, að um það virðist ekki vera nokkur ágreiningur hér í hinni hv. d., að brýn þörf hafi verið á því að efla þau þjóðþrifafyrirtæki, sem hér er um að ræða, en það er fyrst og fremst menningarsjóðurinn og hinn fyrirhugaði vísindasjóður, félagsheimilasjóðurinn, þjóðleikhúsið og sinfóníuhljómsveitin. Ég hef ekkert orð heyrt af hálfu hv. stjórnarandstæðinga í þá átt, að ekki sé fyllsta ástæða til þess að verja því fé, sem hér er gert ráð fyrir að afla, í þágu þessara fyrirtækja, að því sé ekki vel varið öllu saman í þágu þeirra, það hafi einmitt verið brýn ástæða til þess að verja auknu fé í þágu þeirra. Ég vil undirstrika, að mér þykir vænt um þann einróma stuðning, sem málefnin sjálf, sem ætlunin er að efla, hafa hlotið.

Það er hins vegar engin ný bóla, að nokkur ágreiningur geti orðið um það, hvernig afla skuli tekna, þegar nauðsyn er á öflun fjár til góðra málefna.

Hv. þm. spurði: Hvers vegna er verið að leggja á þetta gjald, þótt lítið sé? Hvers vegna beitti ráðh. sér ekki fyrir því, að tekin yrði upphæð, sem nægja mundi, á fjárl., þegar þau voru afgr. síðast?

Því er auðvitað til að svara, að þótt ég hefði lagt til, að slík upphæð yrði tekin á fjárl., hefði auðvitað þurft að sjá fyrir tekjustofni með nákvæmlega sama hætti og nú á sér stað. Svo reyndur þm. sem hv. þm. N-Ísf. er án efa veit, að það eitt er ekki nóg að bera fram till. um ný útgjöld á fjárl. Það þarf einnig að bera fram till. um nýjar tekjur á fjárl. Þessu máli var engan veginn gleymt, þegar fjárl. síðustu voru til undirbúnings og til umr. Niðurstaðan í mínum huga var þá þegar orðin sú, að langsamlega æskilegasta leiðin til að efla þau fyrirtæki, sem hér er um að ræða, menningarsjóð, vísindasjóð, félagsheimilasjóð, þjóðleikhús og sinfóníuhljómsveit, væri einmitt að leggja svolítið viðbótargjald á þessar algengu skemmtanir, dansleiki og kvikmyndahús. Rökin fyrir því eru afar einföld. Síðan 1923, að ég hygg, hafa þessar skemmtanir verið skattlagðar í þágu menningarmála. Þeim, sem sótt hafa slíkar skemmtanir, hefur allar götur síðan 1923 verið ætlað að standa undir rekstri menningarfyrirtækja í landinu, upphaflega eingöngu byggingu þjóðleikhússins, síðar einnig byggingu félagsheimila, lestrarfélögum og kennslukvikmyndum og sinfóníuhljómsveit. Nýmælið er hér í raun og veru það eitt, að þeim skuli einnig ætlað að standa undir nýjum verkefnum hjá menningarsjóði og stofnun vísindasjóðs.

Hér er með öðrum orðum alls ekki hvað snertir tekjuöflunina um neina algerlega nýja braut að ræða. Það er einungis um það að ræða að halda áfram á leið, sem gengin hefur verið meira en 30 s. l. ár, að láta þá, sem slíkar skemmtanir sækja, jafnframt standa undir heilbrigðri menningarstarfsemi í landinu, og mér þótti sem svo lítil viðbót við það gjald, sem nú er greitt af slíkum skemmtunum, gæti engan veginn verið varhugaverð, af þeirri einföldu ástæðu, að hinn almenni skemmtanaskattur hefur alls ekki hækkað neitt í líkingu við þá almennu verðlagshækkun, sem orðið hefur hér á landi á s. l. 15 árum, með þeirri afleiðingu, að aðgangseyrir bæði að dansleikjum og kvikmyndahúsum hefur hækkað miklu minna en svarar til hinnar almennu verðlagshækkunar og er núna tiltölulega mun lægri en hann var á árunum fyrir stríð.

Þegar það er einnig haft í huga, að aðgangseyrir að slíkum skemmtunum hér er miklu lægri en hann tíðkast í nálægum löndum, m. a. af því, að skemmtanaskattur er hærri þar, þótti mér það aðeins viðbótarrök fyrir því að fara nú einmitt þessa leið til að afla fjár til þessara viðurkenndu nauðsynjamála.

Spyrja mætti, og við þeirri spurningu hefði ég gjarnan getað búizt: Hvers vegna var ekki sú leið farin einfaldlega að auka hinn almenna skemmtanaskatt? Skýringin á því er sú, að ef það hefði verið gert, hefði enginn nýr gjalda-

auki komið á alla þá mörgu aðila, sem nú njóta undanþágu frá skemmtanaskatti, og það fyrst og fremst hin stóru kvikmyndahús. Það taldi ég ástæðulaust og óeðlilegt.

Þetta nýja, litla gjald munu allir aðilar greiða, einnig þeir, sem undanþágunnar njóta, og er þetta einmitt í samræmi við þá meginstefnu, sem hv. þm. N-Ísf. virðist hallast að, þ. e., að undanþágurnar yfirleitt séu óeðlilegar. Það eiga engar undanþágur að vera til undan þessu nýja, litla gjaldi. Með það finnst mér, að hv. þm. N-Ísf. og hv. 2. þm. Árn. ættu að geta verið ánægðir, af því að um þetta gjald er einmitt fylgt þeirri stefnu, sem þeir halda fram í ræðum sínum. — Það er skýringin á því, að ekki er farin sú leið að hækka einfaldlega skemmtanaskattinn, þótt ýmis rök lægju til þess, vegna þess, hve miklu minna hann hefur hækkað en önnur hliðstæð gjöld.

Þegar við þetta bætist, að aðgangseyrir að kvikmyndasýningum a. m. k. hefur verið háður ströngu verðlagseftirliti lengst af síðan á styrjaldarárunum, hefur það m. a. orðið til þess, að greidd leiga fyrir erlendar kvikmyndir hefur hækkað minna en átt hefur sér stað t. d. í nálægum löndum, þannig að tiltölulega lægra gjald er nú greitt hér fyrir leigu á erlendum kvikmyndum en á sér stað t. d. á Norðurlöndum. Þetta hefur eitt með öðru orðið til þess, að aðgangseyrir að kvikmyndasýningum hér hefur hækkað minna en á sér stað t. d. á Norðurlöndum og í Bretlandi.

Öll þessi rök virðast mér hníga að því, að engin ástæða sé til þess að hika við að bæta þessu litla gjaldi við aðgangseyri að kvikmyndasýningum og dansleikjum. Þrátt fyrir þessa litlu aukningu verða kvikmyndasýningar nú framvegis, ef samþ. verður, ódýrari en þær voru fyrir stríð tiltölulega og ódýrari en þær eru á Norðurlöndum, Bretlandi og Bandaríkjunum.

Ég vil því aðeins endurtaka það, sem ég sagði við 1. umr. málsins, að ég tel þetta litla viðbótargjald vera svo lítilfjörlegt, miðað við þau góðu málefni, sem efla má með stuðningi þess, að ég tel ekkert áhorfsmál, að þessa leið eigi að fara.

Ég bið hv. þm. N-Ísf. afsökunar á því, að ég skuli ekki hafa minnzt þess, að fyrir 8—9 árum var hér á Alþ. flutt frv. frá honum og öðrum hv. þm. um að afnema allar undanþágur undan greiðslu skemmtanaskatts að því er kvikmyndasýningar snertir. En ég vil aðeins minna á það, sem hann gat raunar sjálfur um í sinni ræðu, að því fór á sínum tíma víðs fjarri, að þessi hugmynd hefði meirihlutafylgi hér á Alþingi. Einn ötulasti andstæðingur þessarar hugmyndar var einmitt og er einn ágætur flokksbróðir hv. þm. N-Ísf., hv. þm. Borgf. (PO).

Hv. þm. spurði, hvaða ástæða væri til þess að veita nokkrar undanþágur undan skemmtanaskattinum yfirleitt, og sum ummæli hans mátti jafnvel skilja svo, að kvikmyndahús hefðu einhverja sérstöðu í þessum efnum. Það er ekki rétt.

Eins og gildandi lagaákvæði eru, þá er undanþáguheimildin fyrir skemmtanaskatti bundin við það, að tekjum hlutaðeigandi fyrirtækja, tekjum af hlutaðeigandi skemmtunum sé varið í þágu menningar- eða mannúðarmála, þ. e. þeim sé varið til almenningsheilla. Rökin fyrir þessu upphaflega eru auðvitað þau, að skemmtanaskattinum á að verja til almenningsheilla, til stuðnings menningar- og mannúðarmála, og þess vegna hafi verið talið óeðlilegt að láta fyrirtæki, sem ætla að verja öllum sínum tekjum í sama skyni og skemmtanaskattinum á að verja, greiða slíkan skemmtanaskatt.

Opinber kvikmyndahús almennt hafa ekki undanþágu undan greiðslu skemmtanaskatts. Ef eitthvert bæjarfélag vill stofna kvikmyndahús, þá fær það ekki undanþágu undan greiðslu skemmtanaskatts, nema það verji tekjum þess í þágu menningar- eða mannúðarmála. Við það er undanþáguheimildin bundin, en ekki við hitt, að kvikmyndahús sé opinber eign.

Varðandi hina nýju undanþáguheimild til hinna annarra kaupstaða er þess að geta, að stöðugt hefur verið haldið lengra og lengra á þessari braut. Hv. þm. á að vera kunnugt um, að fyrrv. menntmrh. veitti með bréfi Vestmannaeyjakaupstað slíka heimild, þannig að það er á misskilningi byggt hjá honum, að nú lægi fyrir umsókn um slíka heimild frá Vestmannaeyjakaupstað. Hún er þegar veitt með ráðuneytisbréfi af fyrirrennara mínum. Hins vegar liggur fyrir umsókn frá Ísafjarðarkaupstað, og ég verð að játa hreinskilnislega, að ég fann ekki rökin fyrir því að neita Ísafjarðarkaupstað um slíka undanþáguheimild, þegar fyrirrennari minn fyrir einu ári hefur veitt Vestmannaeyjakaupstað slíka heimild. Ísafjarðarkaupstaður sækir um leyfi til þess að nota tekjur af skemmtanaskatti bæjarbíósins, ef stofnað yrði, í sama skyni og Vestmannaeyjakaupstaður hefur fengið leyfi til að nota tekjur af skemmtanaskatti bæjarbíós, ef stofnað yrði. Ég teldi það vera mestu rangsleitni að láta ekki Ísafjarðarkaupstað fylgja í kjölfar Hafnarfjarðarkaupstaðar og teldi, að það væri að gera rangt.

Þá sagði hv. þm., að með þessari undanþáguheimild væri án efa verið að draga mjög úr tekjuskilyrðum félagsheimilasjóðs og þjóðleikhúss.

Ég vil aðeins benda á, að allir stærstu kaupstaðirnir hafa nú þegar slíka undanþágu nema Kópavogskaupstaður. Reykjavík hefur þetta fyrir þrjú bíó, Akureyri hefur hana, Hafnarfjörður hefur hana, Akranes hefur hana, Vestmannaeyjar hafa hana. Þeir kaupstaðir, sem þá eru eftir fyrir utan Kópavogskaupstað, eru allir meðal hinna smærri kaupstaða, svo að ég tel hér ekki geta orðið um neina verulega breytingu að ræða á tekjuskilyrðum félagsheimilasjóðs og þjóðleikhúss, auk þess sem búast má við og raunar alveg öruggt er, að það hlýtur að taka nokkurn tíma fyrir þessa kaupstaði að koma sér upp skilyrðum til þess að reka kvikmyndahús og þannig nota sér undanþáguheimildina. Ég endurtek það, sem ég sagði áðan: Ég geri ekki ráð fyrir því, að tekjumissir félgsheimilasjóðs og þjóðleikhúss vegna þessara nýju undanþáguheimilda verði meiri en nemur hinni almennu aukningu, sem áreiðanlega verður á tekjum af skemmtanaskattinum, eins og hún hefur orðið undanfarin ár,

en skatttekjurnar hafa á undanförnum árum aukizt um allt að því ½ millj. kr. á ári, og svo mikil verður tekjurýrnun áreiðanlega ekki, af þessum sökum.

Þá má og geta þess, að eins og frá frv. þessu er gengið, er gert ráð fyrir því, að það sé á valdi ráðh., hvort þær undanþágur haldast að nokkru eða öllu leyti, sem veittar hafa verið undanfarið ýmsum aðilum, sem reka almennar skemmtanir, „kabaret"-sýningar og því um líkt. Ég sé enga ástæðu til annars en láta koma skýrt fram, að það er mín skoðun og að því leyti erum við hv. þm. N-Ísf. alveg sammála, að það sé mjög vafasamt, að það eigi að láta allar þessar undanþágur haldast, og alls ekki að leyfa þar nýjar.

Einnig af þessum sökum held ég, að gera megi ráð fyrir, að tekjur af skemmtanaskatti muni aukast allverulega á næstunni.

Að síðustu vildi ég svo víkja að því, sem hv. þm. sagði um bráðabirgðaákvæðin, þar að lútandi, að verja skuli tekjum af viðtækjaverzlun í þar greindu skyni. Hv. þm. virtist gera ráð fyrir því, að þessi ákvæði hefðu verið sett í frv. án nokkurs samráðs við ríkisútvarpið. Ég vildi í því sambandi aðeins minna á það, sem raunar hefur komið fram áður, að útvarpsstjóri átti sæti í þeirri n., sem ég m. a. hafði falið að fjalla um endurskoðun á skemmtanaskattslögunum, og var því að sjálfsögðu vel kunnugt um þetta ákvæði. Það var rætt á að minnsta kosti sumum af þeim fundum, sem ég átti með nefndinni.

Það var rétt, sem hv. þm. sagði um húsnæðismál útvarpsins, að þau eru í hinum mestu vandræðum, og ber brýna nauðsyn til að bæta þar úr. Hitt taldi ég aftur á móti óhjákvæmilegt, að framlengja hliðstæða ráðstöfun á hagnaði viðtækjaverzlunarinnar og verið hefur í gildi s. l. 5 ár. Það er hins vegar mín skoðun, að að þeim tíma loknum væri eðlilegt, að tekjur viðtækjaverzlunarinnar rynnu í byggingarsjóð útvarpsins. Útvarpið hefur nú þegar yfir að ráða allmiklu fé til ráðstöfunar í útvarpsbyggingu, þegar heimild fæst til hennar, og svo miklu fé, að framkvæmdir ættu ekki að þurfa að stranda á fjárskorti næstu árin. Þegar það tímabil er útrunnið, sem hér er gert ráð fyrir að tekjum viðtækjaverzlunarinnar verði varið til þess að greiða byggingarskuldir þjóðleikhússins, verða þær skuldir að fullu greiddar og þar af leiðandi tekjur viðtækjaverzlunarinnar a. m. k. að ⅝ hlutum til almennrar ráðstöfunar. Endurtek ég það, að þá tel ég eðlilegast, að þeim tekjum sé varið í þágu útvarpsins sjálfs og þá fyrst og fremst í þágu þess til byggingarmála. Hitt var hins vegar misskilningur hjá hv. þm., að þetta ákvæði hefði verið sett í frv. án samráðs við ríkisútvarpið. Það hafði á því fyllsta kunnugleika.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég held, að það sé mjög fjarri því að vera rétt hjá hæstv. ráðherra, að ríkisútvarpið hafi haft fyllsta kunnugleika af undirbúningi þessa bráðabirgðaákvæðis.

Ég á sæti í útvarpsráði, og aldrei hafði útvarpsráði t. d. verið gefinn kostur á því að láta í ljós sitt álit á framlengingu þessarar tekjusviptingar. Enn fremur er mér kunnugt um það, að *enda þótt útvarpsstjóri hafi átt sæti í þessari n.*, er hann mjög mótfallinn þessari ráðstöfun, þannig að það fær ekki staðizt, að fyllsta samráð hafi verið haft við ríkisútvarpið um þetta. Að sjálfsögðu er hæstv. ráðh. sjálfráður um það, hvaða samráð hann hefur við stofnanir um mál, sem hann hefur í undirbúningi.

Það er auðvitað alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að ekki er nóg að bera fram till. um aukin útgjöld á fjárl. Það þarf einnig að tryggja tekjur, þannig að tekjur og gjöld standist á. Ég hélt, að hæstv. ríkisstj. hefði sæmilega æfingu í því, ekki einungis að bera fram till. um útgjöld, heldur einnig að afla sér tekna með tollum og sköttum. Hæstv. ríkisstj. hefur aðeins setið í 9 mánuði. Hún hefur á þessum stutta tíma lagt á nýja skatta og tolla, sem nema um 400 millj. kr.

Þegar á þetta er litið, sýnist það ekki vera nein ókurteisi af stjórnarandstöðunni, þó að hún bendi á það, að eins eðlilegt hefði verið, að hæstv. ríkisstj. hefði aflað sér þeirra 2 millj. kr. tekna, sem hæstv. menntmrh. ætlar sér að nota til að efla með menningarsjóð, í sambandi við setningu fjárl., eins og að leggja í þinglok enn spánnýjan skatt á ódýrustu skemmtanir almennings í landinu.

Ég get ekki varizt því að láta í ljós nokkra undrun yfir þeim hugsunarhætti, sem kemur fram hjá hæstv. menntmrh., þegar hann segir, að skemmtanaskatturinn og verð á aðgöngumiðum að þessum samkomum og skemmtunum, sem ég hef verið að ræða um, hafi ekki hækkað neitt nærri því, sem svarar til hinnar almennu verðhækkunar í landinu. Er það endilega bráðnauðsynlegt, lífsnauðsynlegt, að allt hækki jafnt? Ég fæ ekki betur séð en að hæstv. ráðh. finnist það alveg sjálfsagt og eðlilegt að leggja nýjan skatt á skemmtanalíf fólksins, vegna þess að skemmtanaskattur og verð á aðgöngumiðum að venjulegustu samkomum hafi ekki hækkað nærri því eins mikið og t. d. kaffi og sykur eða heimilisvélar eða sjóstígvél o. s. frv., þetta þurfi endilega að elta allt skottið hvert á öðru, það sé lífsnauðsynlegt, að allt fylgist að upp á við.

Þetta mun vera kallað það, sem á erlendu máli nú er kallað að vilja hafa „system í galskabet." Það er það, sem mér finnst hæstv. menntmrh. eiginlega einna helzt meina með þessu, hann vilji endilega hafa „system í galskabet," allt verði að hækka hvert á eftir öðru; ef eitthvað dregst aftur úr, þá verði ríkisstj. bókstaflega að hjálpa til þess, að samræmi skapist.

Ég held, að þetta sé ákaflega hættulegt.

Dýrtíðin hefur þjakað Íslendinga á marga vegu í dag, og ekki aðeins í dag, heldur hefur hún gert það á undanförnum árum. Því miður er hún vaxandi í dag eins og hún hefur verið. Hæstv. ríkisstj. hefur þrátt fyrir góðan vilja ekki tekizt að stöðva það kapphlaup, sem átt hefur sér stað milli kaupgjalds og verðlags og skapað hefur dýrtíð og verðbólgu. En það er önnur saga.

Ég vil svo að lokum segja, að það hefur náttúrlega ekki minnstu áhrif á mínar skoðanir á undanþágum frá greiðslu skemmtanaskatts, þó að

einn hv. og ágætur flokksbróðir minn í hv. Nd. sé á móti því að afnema undanþágurnar. Atvikin hafa nú einu sinni hagað því þannig, að hann er þm. fyrir byggðarlag, sem nýtur þeirra sérréttinda að hafa undanþágu frá greiðslu skemmtanaskatts af rekstri eins kvikmyndahúss. Hann reynir, eins og allir þeir, sem hafa sérréttindi, að halda í þau. Það gerir Hafnarfjarðarbær líka. Það gerir sá aðili, sem hefur þau á Akureyri, einnig. Menn gera það yfirleitt. Þegar þeir hafa náð í einhver sérréttindi, reyna þeir að halda í þau. En ég álít, að það sé ekki hlutverk löggjafans að halda verndarhendi sinni yfir sérréttindum, sem einhvern tíma hafa ranglega náðst. Og það eru mér mikil vonbrigði, að hæstv. menntmrh. skuli telja sig vera þjón þessara sérréttindaaðila, vegna þess að það er ekki hægt að færa skynsamleg rök fyrir því, að sá atvinnurekstur í landinu, sem talinn hefur bezt borga sig á undanförnum árum og er vissulega ein ábatasamasta atvinnugrein í landinu, skuli endilega vera undanþeginn sköttum, ef hann er stundaður af opinberum aðilum.

Ég álít, að það sé bókstaflega ósæmandi fyrir Alþ. að hafa gengið inn á, að slíkar undanþágur séu veittar, og mér sýnist hæstv. núverandi menntmrh. vera kominn út á enn þá hálli braut með löggjafarvaldið í þessum efnum en það hefur nokkru sinni áður verið, ef ekki verður samþ. sú brtt., sem ég hef leyft mér að flytja hér við 1. gr. frv. ásamt hv. þm. V-Sk.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði. Það bar ekki að skilja orð mín um samráð við ríkisútvarpið áðan svo, að útvarpsstjóri hafi verið samþykkur því ákvæði, sem er í frv. um ráðstöfun á tekjuafgangi viðtækjaverzlunar ríkisins. Mér var vel kunnugt og er kunnugt, að hann var því og er mjög andvígur. Sama máli gegnir og um formann útvarpsráðs, sem einnig var kunnugt um þetta ákvæði, áður en frv. var lagt fram.

Það, sem ég vil undirstrika, er aðeins það, að lagaákvæði um framlengingu á ráðstöfun á tekjum viðtækjaverzlunar ríkisins eru nú ekki sett með sama hætti og síðast, þ. e. 1950, þar sem það gerðist, eins og hv. þm. lýsti réttilega í ræðu sinni áðan, að tekjuafganginum var ráðstafað að ríkisútvarpinu og forráðamönnum þess algerlega fornspurðum. Það gerist ekki núna, því að bæði útvarpsstjóri og form. útvarpsráðs fylgdust með undirbúningi þessa frv., m. a. að því er snerti þetta ákvæði. Hitt er rétt, að þeir létu báðir í ljós andstöðu sína við þetta ákvæði. Er mjög skiljanlegt, að þeir vilji heldur fá tekjurnar til ráðstöfunar í þágu sinnar eigin stofnunar heldur en láta þær ganga til annarra þarfa. Það varð niðurstaðan í ríkisstj. samt sem áður að leggja til við hið háa Alþ., að tekjuafganginum yrði ráðstafað svona næstu 5 ár, sem er í meginatriðum í samræmi við það, hvernig honum hefur verið ráðstafað s. l. 5 ár. Vil ég mega treysta, að hið háa Alþ. fylgi enn um næstu 5 ár þeirri sömu reglu sem það hefur fylgt undanfarin 5 ár hvað þetta snertir eða þangað til skuldir þjóðleikhússins eru að fullu greiddar, því að þær þarf að sjálfsögðu að greiða.

Alþt. 1956. B. (76. löggjafarþing).

ATKVGR.

Brtt. 573 felld með 11:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FÞ, JK, SB, SÓÓ.

nei: AG, BjörgJ, BjörnJ, FRV, FS, EggÞ, HermJ, KK, PZ, SE, BSt.

2 þm. (GTh, JJós) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég get ekki verið með þessari till. Ég hefði verið með því að taka skemmtanaskatt af öllum kvikmyndasýningum og hafa enga undanþágu. Það lægst nú þm. N-Ísf. vilja. Hann hefur viljað það einhvern tíma, en ekki núna, og nú vill hann gera mismun á milli kvikmyndahúsanna, og með því get ég ekki verið og segi þess vegna nei.

Sigurður Bjarnason: Mér er mikil gleði að því að heyra, að hv. 1. þm. N-M. (PZ) mundi hafa fylgt þessari till., ef hún hefði náð lengra, nefnilega um það að fella undanþáguheimildina algerlega niður. Ég vil af þessu tilefni lýsa því yfir, að ég mun við 3. umr. málsins flytja brtt. um það, en segi að sjálfsögðu já við þessari brtt.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 582 felld með 11:4 atkv.

4. gr. samþ. með 11:1 atkv.

5.—6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 105. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 546, 583, 587).

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls flutti ég ásamt hv. þm. V-Sk. (JK) brtt. um, að 2. málsl. e-liðar 1. gr. félli niður, en í þessari málsgr. er ráðh. heimilað að undanþiggja skemmtanaskatti kvikmyndasýningar eins kvikmyndahúss, er rekið sé of opinberum aðila, í hverjum hinna annarra kaupstaða, enda sé tekjum af þeim varið til menningar- og mannúðarmála.

Ég benti á það, að ef þessi viðtæka undanþáguheimild yrði samþ., hlyti afleiðingin óhjákvæmilega að verða sú, að tekjur félagsheimilasjóðs og rekstrarsjóðs þjóðleikhússins af skemmtanaskatti drægjust verulega saman. Eftir að þessi heimild væri komin í lög, hlytu að verða sett upp kvikmyndahús, rekin af opinberum aðila, í öllum kaupstöðum landsins.

Gegn þessu hefur ekki verið mælt af hálfu þess hæstv. ráðh., sem þetta mál flytur, en engu að síður snerist hæstv. ráðh. og stuðningsflokkar hans hér í hv. þd. gegn brtt. minni og hv. þm. V-Sk., sem þar af leiðandi var felld.

Ég fæ ekki betur séð en að með þessu sé vitandi vits verið að stefna að því að eyðileggja félagsheimilasjóð og valda rekstrarsjóði þjóðleikhússins tilsvarandi búsifjum. Ég álít, að hér sé um slíkt gáleysi að ræða, að furðu sæti, ekki sízt þegar því hefur verið lýst yfir af hálfu hæstv.

menntmrh., að honum gangi gott eitt til með flutningi þessa frv. Ég fæ ekki betur séð en að hann sé að taka með annarri hendinni það, sem hann gefur með hinni, og það, sem hann hefur þótzt gefa, er till. um, að skemmtanaskatturinn skuli skiptast jafnt á milli rekstrarsjóðs þjóðleikhússins og félagsheimilasjóðs.

Þar sem fyrrgreind brtt. mín og hv. þm. V-Sk. virðist ekki hafa fallið í nægilega frjóan jarðveg hjá hv. stuðningsmönnum stjórnarinnar, freistum við þess nú að flytja brtt. um, að allur e-liðurinn falli niður. Ástæða þess er ekki sízt sú, að okkur barst í atkvgr. óvæntur liðsauki, þar sem hv. 1. þm. N-M. (PZ) lýsti því yfir, að hann mundi greiða atkvæði með brtt., sem gengi í þá átt.

Ég vil aðeins taka það fram, að ég hafði ekki árætt að flytja svo róttæka brtt. af ótta við það, að hún mundi eiga erfiðara uppdráttar en sú brtt., sem við fluttum. En það er mikið til í því hjá hv. 1. þm. N-M., að það er miklu hreinna og beinna að fella undanþágu frá greiðslu skemmtanaskatts af kvikmyndasýningum á vegum opinberra aðila gersamlega niður. Þess vegna höfum við nú flutt brtt. um þetta efni, sem ég vænti, að nái fram að ganga.

Að öðru leyti vil ég svo segja það, að ég álít, að það sé illa farið, að hæstv. menntmrh. skuli ekki hafa fallizt á þau rök, sem bent var á, bæði af mér og hv. 2. þm. Árn. (SÓÓ), að það sé ekki skynsamlegt að vera að leggja nýjan skatt á ódýrustu og algengustu skemmtanir almennings. Skynsamlegra hefði tvímælalaust verið, að hæstv. ráðh., sem hefur áhuga fyrir eflingu menningarsjóðs, hefði beitt sér fyrir því að fiska, eins og *ég sagði, einn kepp upp úr þeim stóra sá, sem* hæstv. ríkisstj. situr við og safnar í sköttum og álögum á landslýðinn.

Ef brtt. mín verður ekki samþ. við þetta frv. nú og eftir að 4. gr. frv. stendur áfram, þá sé ég mér ekki fært að greiða atkvæði með frv. út úr þessari hv. þd., enda þótt ég sé samþykkur ákvæðum 2. gr. þess um, að skemmtanaskattinum skuli skipt til helminga á milli félagsheimilasjóðs og rekstrarsjóðs þjóðleikhússins.

Ég vil svo endurtaka áskorun mína til hv. þd. um að samþ. þá sanngjörnu brtt., sem hér liggur fyrir og fyrst og fremst hefur þann tilgang að bjarga hagsmunum tveggja þýðingarmikilla menningarstofnana, þ. e. a. s. félagsheimilasjóðsins og rekstrarsjóðs þjóðleikhússins.

Frsm. minni hl. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls mælti ég á móti hinum nýja skatti, sem gert er ráð fyrir að leggja á aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og dansleikjum skv. 4. gr. frv., þ. e. að leggja eina krónu á hvern seldan aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og tvær krónur á hvern seldan aðgöngumiða að dansleik. Þessi till. mín var felld og frv. samþykkt og gjaldið þar með ákveðið.

Ég skal ekki fara langt út í þetta mál núna. Ég talaði um það í gær við 2. umr. málsins, og þ. á m. minntist ég á það, að ef þetta gjald yrði lagt á, væri eðlilegt, þar sem um nýjan skatt væri að ræða, að það gengi til viðkomandi sveitarsjóða.

Nú hef ég flutt brtt. á þskj. 587 í samræmi við þetta, en fer þó ekki lengra en það í þessari till. að leggja til, að gjald þetta renni að hálfu í menningarsjóð og að hálfu í sveitarsjóð, þar sem það fellur til.

Þetta skýrir sig sjálft. Ég þarf ekki að fara mörgum fleiri orðum um það.

En ég vænti, að hæstv. forseti áliti það ekki neitt brot á þingsköpum, þó að ég minnist aðeins á í þessu sambandi frv. til l. um menningarsjóð og menntamálaráð, sem var samþ. hér út úr deildinni í gær, vegna þess að í þessum lögum og í þessu frv., sem hér er til umr., er það ákveðið í 4. gr., að gjald þetta skuli renna óskipt í menningarsjóð.

Í greinargerð fyrir frv. um menningarsjóð segir, að hann hafi 500—600 þús. kr. tekjur á ári eða hafi haft það undanfarin ár. Nú er í fjárl. þessa árs í 14. gr. styrkur veittur menningarsjóði til þess að gefa út Íslandssögu, 12 þús. kr., og einnig til þess að gefa út Íslandslýsingu, 20 þús. kr. Þetta eru fjárveitingar til vissrar útgáfustarfsemi, sem ekki er nema sjálfsagt að styrkja, þar sem um útgáfu er að ræða, sem trúlega getur ekki borið sig, þar sem samning ritanna mun vera vinnufrek og þar af leiðandi dýr. En þar að auki er á heimildagrein fjárl. þessa árs heimilað að greiða menningarsjóði það, sem á kann að vanta, að tekjur sjóðsins verði 1 millj. 550 þús. kr. á árinu 1957. Þetta eru ekki svo litlar tekjur, og þess vegna virðist, ef þessum fjárveitingum yrði haldið áfram til sjóðsins, sem ekki er mikil hætta á að ekki verði gert, ekki mikil þörf á því að leggja á nýja skatta til að auka tekjur sjóðsins, einkum þar *sem um er að ræða að skattleggja ódýrustu* skemmtanir fólksins, kvikmyndasýningarnar. Ég sé því ekki, að ástæða sé til þess að amast við því, að helmingur hins nýja skatts renni til sveitarsjóðanna. Það virðist vera sæmilega séð fyrir menningarsjóði, þótt hann fái ekki nema helming af hinum nýja skatti, þ. e. eina milljón króna, því að gert er ráð fyrir, að skattur þessi nemi um 2 millj. samtals. Ég vænti því, að hv. dm. geti fallizt á þessa brtt. mína á þskj. 587.

Ég vil aðeins minnast á það í þessu sambandi með menningarsjóð, að starf hans er nauðsynlegt og ágætt. Ég skal ekki draga úr nauðsyn þess og menningargildi. En það er mikið lagt upp úr því starfi menningarsjóðs, sem snertir bókaútgáfu, í grg. fyrir frv. og að það sé nauðsynlegt að hafa mikið fé til þeirra hluta. Nú er það vitað, að menningarsjóður hefur gefið út ýmsar bækur, sem ættu áreiðanlega að standa sjálfar undir sínum útgáfukostnaði. Það er ekkert að athuga við það, þó að styrkt sé útgáfustarfsemi, sem er mjög fjárfrek, t. d. eins og Íslandslýsing og Íslandssaga, sem maður gerir ekki ráð fyrir að geti borið sig fjárhagslega. En ýmsar þær bækur, sem menningarsjóður hefur gefið út á undanförnum árum, eiga áreiðanlega að geta borið sjálfar sinn útgáfukostnað, og það er mjög óeðlilegt að vera að setja mjög miklar fjárhæðir í það að styrkja almenna bókaútgáfu, eins og menningarsjóður hefur haft með höndum að sumu leyti. Þetta er ekki undantekningarlaust, því að sumar þessar útgáfur, sem hann

hefur staðið að, eru auðvitað dýrar í útgáfu og ágætar og sjálfsagt að styrkja. Bókaútgáfa menningarsjóðs er mikið útbreidd og er mikið keypt á fjöldamörgum heimilum um allt land, og þær bækur eru svo ódýrar, að það væri alveg óhætt að hækka áskriftargjaldið lítið eitt. Það mundi ekki vera neitt tilfinnanlegt fyrir þá menn, sem eru áskrifendur að bókum menningarsjóðs, þó að þeir ættu að borga nokkrum krónum meira, til þess að útgáfan væri örugg um það að standa undir sér, a. m. k. það, sem getur heitið að mestu leyti almenn bókaútgáfa.

ATKVGR.
Brtt. 583 felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JK, SB, SÓÓ, FÞ.
nei: KK, SE, AG, BjörgJ, BjörnJ, FRV, FS, EggÞ, HermJ, BSt.
PZ greiddi ekki atkv.
2 þm. (JJós, GTh) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Þessi till. gerir ráð fyrir því, að e-liðurinn falli allur niður. Það mætti skilja það svo, að áður gefin leyfi væru þar með felld úr gildi, en um það er þó ekkert sérstakt sagt. En ættu áður gefin leyfi að *falla úr gildi, þyrfti að taka það sérstaklega* fram í lögunum. Þess vegna held ég, að flm. hafi ekki enn fundið sjálfan sig og ekki enn getað komið till. í það form, að hún sé frambærileg og segi það, sem hann lætur vilja, og greiði þess vegna ekki atkvæði.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Enda þótt minn ágæti vinur, hv. 1. þm. N-M. (PZ), virðist hafa týnt sjálfum sér, þá segi ég já við þessari breytingartillögu.

Brtt. 587 felld með 11:4 atkv.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 103. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 104. fundi í Nd., 24. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá hv. Ed. Það felur í fyrsta lagi í sér breytingar á gildandi reglum um undanþágur undan skemmtanaskatti eða um innheimtu skemmtanaskattsins. Gildandi ákvæði um það, hvaða skemmtanir skuli vera skemmtanaskattsskyldar, hafa verið harla óskýr, svo að nokkur vafi hefur leikið á því, hvernig bæri að túlka þau. Gildandi lagaákvæði gera ráð fyrir því, að undanteknar skemmtanaskatti skuli skemmtanir, ef tekjum af þeim er varið til almenningsheilla. Reynslan hefur sýnt, að erfitt hefur verið að túlka það, hvað telja skuli almenningsheill, þannig að öllum hafi fundizt sanngirni ráða. Er því mjög aðkallandi að setja um þetta skýrari og ótvíræðari ákvæði.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að gildandi undanþáguákvæðum um tilteknar tegundir skemmtana skuli haldið, en til viðbótar eru taldar kvikmyndasýningar sáttmálasjóðs og bæjarsjóðs Akraness og Hafnarfjarðar, enda sé tekjunum varið á sama hátt og nú. Þessar kvikmyndasýningar hafa verið undanþegnar skemmtanaskatti samkvæmt hinu almenna undanþáguákvæði gildandi laga, svo að hér er um enga breytingu að ræða frá því, sem verið hefur í reynd. Það er hins vegar nýjung í þessu frv., að ráðh. er heimilað að undanþiggja skemmtanaskatti eitt kvikmyndahús, sem rekið sé af opinberum aðila, í öðrum kaupstöðum landsins. Ástæða til þessa nýmælis er sú, að í skjóli gildandi undanþáguheimildar hafa verið rekin án skemmtanaskattsskyldu þrjú kvikmyndahús hér í Reykjavík og eitt á Akureyri, auk þeirra tveggja, sem ég nefndi áðan, í Hafnarfirði og á Akranesi. Enn fremur veitti fyrrv. menntmrh. með tilvísun til nefnds lagaákvæðis Vestmannaeyjakaupstað heimild til þess að reka kvikmyndahús á vegum bæjarsjóðs, ef tekjunum yrði varið til þess að byggja eða reka sjúkrahús þar á staðnum. Umsókn liggur og í menntmrn. nú frá Ísafjarðarkaupstað um að mega reka kvikmyndahús, enda yrði tekjum þess varið til rekstrar elliheimilis þar á staðnum.

Ég sé enga skynsamlega leið í þessu máli, að því er kaupstaðina varðar, aðra en þá að setja þá *alla við eitt og sama borð*, þ. e. að heimila þeim öðrum kaupstöðum, sem nú hafa ekki slíkan rekstur með höndum, að njóta undanþágu, ef þeir koma sér upp kvikmyndahúsi og eru reiðubúnir til þess að nota tekjurnar af því með sama hætti og þau bæjarkvikmyndahús hafa gert, sem notið hafa undanþágunnar undanfarin ár.

Þá er það annað nýmæli varðandi þetta, að hljómleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands skuli undanþegnir skemmtanaskatti. Þykir réttlátt og sanngjarnt, að sama gildi um hljómsveitina í þessu efni og um þjóðleikhúsið.

Ýmis félög og stofnanir hafa notið undanþágu *frá skattinum* samkv. gildandi almennri undanþáguheimild. Í þessu frv. er ráðh. heimilað að láta flestar þessar undanþágur haldast að nokkru eða öllu leyti. En í frv. er það mikilvæga ákvæði, að óheimilt sé að veita nýjar undanþágur frá skattinum. Með því móti ætti að verða unnt að stemma stigu við þeirri þróun, að stöðugt fleiri aðilar sleppi við að greiða skattinn, en sú þróun hlýtur að hafa í för með sér, að tekjur af skattinum dragist saman og menningarstarfsemi sú, sem skattinum er ætlað að styðja, biði ýmislega hnekki sökum fjárskorts. Skatttekjunum hefur fyrst og fremst verið varið til rekstrar þjóðleikhúss og til byggingar félagsheimila.

Í öðru lagi felur þetta frv. í sér breytt ákvæði um skiptingu tekna af skemmtanaskatti. Samkvæmt gildandi l. renna nú 42% skemmtanaskattsins í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, 35% í félagsheimilasjóð, 15% til greiðslu á byggingarskuldum þjóðleikhússins og 8% til lestrarfélaga og kennslukvikmyndasjóðs. Þá er og innheimtur 10% viðauki við skemmtanaskattinn, og er honum varið til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Samkv. þessu frv. skal tekjum af skemmtanaskatti skipt til helminga milli rekstrarsjóðs þjóðleikhússins og félagsheimilasjóðs. Til greiðslu byggingar-

skulda þjóðleikhússins hefur, eins og ég gat um áðan, verið varið 15% skemmtanaskattsins og auk þess tekjuafgangi viðtækjaverzlunar ríkisins árin 1951—56. Í byrjun þessa árs átti ríkissjóður eftir að fá endurgreiddar 3 millj. kr. vegna byggingarskulda þjóðleikhússins. Í þessu frv., bráðabirgðaákvæðum þess, er ráðgert, að hagnaður viðtækjaverzlunarinnar renni áfram í ríkissjóð á árunum 1957—61. Er gert ráð fyrir því, að ¾ hlutum hans verði varið til að greiða eftirstöðvar byggingarskulda þjóðleikhússins, en heimilt sé að verja ¾ hlutum hans til rekstrar sinfóníuhljómsveitarinnar. Byggingarskuldir þjóðleikhússins yrðu þá að fullu greiddar á árinu 1961, og tel ég þá eðlilegt, að sú upphæð, sem þá hefur gengið til greiðslu byggingarskuldanna, renni aftur til ríkisútvarpsins til þess að standa undir bráðnauðsynlegum byggingarframkvæmdum þess.

Samkvæmt l. nr. 42 frá 1955, um almenningsbókasöfn, er nú veitt til lestrarfélaga í fjárl., en þau nutu áður 4% skemmtanaskatts. Sömuleiðis hefur kennslukvikmyndasjóður notið 4% skattsins, en í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að frá og með næstu áramótum verði kostnaður vegna fræðslukvikmynda greiddur með fjárveitingu í fjárl., svo sem annar skólakostnaður, og er þess vegna ekki gert ráð fyrir, að neinn hluti skemmtanaskatts renni til kennslukvikmynda. Af þessu munu þó ekki hljótast nein ný útgjöld fyrir ríkissjóð.

Á gildandi fjárl. er heimilt að greiða 450 þús. kr. rekstrarhalla þjóðleikhúss á yfirstandandi ári, en fái þjóðleikhúsið hluta sinn af skemmtanaskatti aukinn úr 42% í 50%, munu tekjur þess væntanlega aukast um a. m. k. 400—500 þús. kr., og ætti sú tekjuaukning fyllilega að geta komið í stað fjárlagagreiðslunnar, og þess vegna ætti að vera hægt að taka upp fjárveitingu á fjárl. til kennslukvikmynda í stað þeirrar upphæðar, sem nú hefur verið og væntanlega hefði að öllu öðru óbreyttu orðið að vera áfram á fjárl. til að greiða rekstrarhalla þjóðleikhússins, þann halla, sem er umfram tekjur af skemmtanaskatti.

Eins og kunnugt er, er félagsheimilasjóði brýn þörf á verulega auknum tekjum. Fái sjóðurinn í sinn hlut helming skemmtanaskattsins, mun hann geta fullnægt aðkallandi verkefnum á sómasamlegan hátt. Tekjur hans hafa undanfarin ár verið 1.8—1.9 millj. kr., en fái hann helming skemmtanaskattsins, má búast við, að tekjur af honum verði árlega framvegis 2.8 millj. kr., svo að þetta frv., ef samþ. verður, mun færa félagsheimilasjóði um 900 þús. kr. tekjuaukningu. Er það í fyllsta samræmi við það, sem forráðamenn félagsheimilasjóðs hafa talið æskilegt og nauðsynlegt, til þess að sjóðurinn geti fullnægt aðkallandi verkefnum á næstunni á sómasamlegan hátt.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því, að lagt verði gjald á aðgöngumiða að kvikmyndasýningum, öðrum en barnasýningum og dansleikjum, og renni það í menningarsjóð, 1 kr. gjald af aðgöngumiðum að kvikmyndasýningum og 2 kr. gjald af aðgöngumiðum að dansleikjum.

Í frv. um menningarsjóð, sem var til 1. umr. í þessari hv. deild í gær, er gerð grein fyrir því, hvernig gert er ráð fyrir að verja tekjum af þessu gjaldi, þ. e., hvernig gert er ráð fyrir, að menningarsjóður ráðstafi þessum auknu tekjum. Skal ég þess vegna ekki í þessu sambandi fjölyrða um það, aðeins láta þess getið, að þrátt fyrir þetta smávægilega aukagjald á aðgangseyri kvikmyndasýninga og dansleikja mun aðgangseyririnn eftir sem áður vera hlutfallslega talsvert lægri en hann var fyrir stríð og allmiklu lægri en aðgangseyrir er að hliðstæðum skemmtunum í nálægum löndum.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að óska þess, að þessu frv. verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Nd., 28. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 546, n. 648 og 670, 651).

Frsm. meiri hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Rúmlega 30 ár hefur verið innheimtur skemmtanaskattur samkvæmt lögum um það efni. Tekjum af þeim skatti hefur alla tíð verið varið til að standa straum af menningarmálum. Lengst af fóru þær tekjur til þess að standa straum af byggingu þjóðleikhússins. En á þingi 1947 var talið, að séð væri fyrir byggingarkostnaði þjóðleikhússins, og með lögum, sem þá voru sett um félagsheimili og fleira, var ákveðið að skipta tekjum þeim, sem af skemmtanaskattinum renna, til rekstrar þjóðleikhússins, í félagsheimilasjóð, og nokkur hluti þeirra tekna var lagður til lestrarfélaga og til þess að kaupa fyrir kennslukvikmyndir.

Skv. þessu frv. er tekjustofninn hinn sami og verið hefur að undanförnu að öðru leyti en því, að í 4. gr. þessa frv. felst það nýmæli, að innheimta skuli 1 kr. gjald af hverjum seldum aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og 2 kr. gjald af hverjum aðgöngumiða að dansleik á þeim stöðum á landinu, þar sem íbúar eru 1500 eða fleiri.

Þeim tekjum, sem þetta gjald skilar, á síðan að verja til menningarmála, eins og nánar er gerð grein fyrir í frv., sem rædd verða hér á eftir og þessu frv. fylgja.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir því, að tekjum af skemmtanaskatti, þegar undan eru skilin ákvæðin í 4. gr. frv., verði varið að hálfu til þess að efla rekstrarsjóð þjóðleikhússins, og að hálfu eiga þær að renna í félagsheimilasjóð.

Með þessum ákvæðum er aftur náð því marki, sem sett var í l. 1947, þegar sett voru lög um félagsheimilasjóð og ákveðið, að helmingur af skemmtanaskattinum rynni í þann sjóð. En undanfarin ár varð að gera breytingu á því, vegna þess að skuldir af stofnkostnaði þjóðleikhússins reyndust meiri en áætlað var, þegar l. um félagsheimilasjóð voru sett, og hefur því orðið að skerða að nokkru þær tekjur, sem félagsheimilasjóði voru í upphafi ætlaðar.

Með bráðabirgðaákvæði þessa frv. er tekið

fram, að ⅝ hlutum af rekstrarhagnaði viðtækjaverzlunar skuli til ársins 1961 vera varið til að greiða þær skuldir, sem eftir standa af stofnkostnaði þjóðleikhússins, en ríkissjóður hefur, eins og kunnugt er, tekið ábyrgð á því, að þær skuldir verði greiddar. En hinum hluta af hagnaði viðtækjaverzlunarinnar verður varið til styrktar sinfóníuhljómsveitinni.

Menntmn. hefur fjallað um þetta frv. og ekki orðið alls kostar ásátt um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur nú fyrir, en minni hl. n. hefur skilað sérstöku áliti, og kemur þar fram, að hann vill láta breyta frv. allmikið frá því, sem það er nú.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég er í öllum höfuðatriðum samþykkur frv. því um skemmtanaskatt o. fl., sem hér er til umr. Þó verð ég að undanskilja eitt atriði, en það er bráðabirgðaákvæðið um hagnað viðtækjaverzlunar ríkisins, og vil ég leyfa mér að fara um það nokkrum orðum.

Samkvæmt þessu ákvæði á hagnaðurinn af innflutningi og sölu útvarpstækja næstu 5 ár að renna að ⅝ hlutum til greiðslu á byggingarskuldum þjóðleikhússins, en að ⅜ hlutum til rekstrar sinfóníuhljómsveitarinnar. Er þetta raunar ekki ný ráðstöfun, því að tekjuafgangur viðtækjaverzlunarinnar hefur s. l. 6 ár runnið til þess að greiða þjóðleikhúsbygginguna.

Þegar ríkisútvarpið hóf starfsemi sína fyrir röskum aldarfjórðungi, voru því ætlaðir tveir tekjustofnar til að standa undir rekstri og nauðsynlegri uppbyggingu stofnunarinnar. Þetta voru afnotagjöld hlustenda og hagnaður af innflutningi og sölu útvarpsviðtækja. Þessir peningar voru og eru beinlínis teknir af útvarpshlustendum sjálfum, og er því ekki aðeins eðlilegt, að þeir renni beint til starfsemi útvarpsins, heldur óeðlilegt að nota þá til nokkurs annars. Samt fór svo, að annar þessara tekjustofna var tekinn af ríkisútvarpinu. S. l. 6 ár hefur hagnaðurinn af sölu útvarpstækja til landsmanna verið notaður til að greiða byggingarskuldir þjóðleikhússins, og hafa á þann hátt verið greiddar 5 millj. 658 þús. kr. frá viðtækjaverzluninni. M. ö. o.: 5.6 millj. kr. hafa verið teknar af útvarpshlustendum til þess að greiða fyrir þjóðleikhúsbyggingu. Ástæðan til þess, að horfið var inn á þessa óeðlilegu braut, var sú, að rekstur útvarpsins gekk sæmilega og það hefur verið hægt að reka það við þær aðstæður, sem því eru nú búnar, án þessa fjár. Hins vegar er sú aðbúð, sem útvarpsstarfsemin býr við, hörmulega léleg og langt fyrir neðan það, sem sómasamlegt er af menningarþjóð að bjóða slíkri stofnun.

Á sama tíma sem 5.6 millj. af fé útvarpshlustenda hafa verið teknar til að byggja leikhús, hefur útvarpinu sjálfu ár eftir ár verið neitað um leyfi til að byggja yfir sjálft sig, þótt húsnæðisástand þess sé fyrir neðan allar hellur. Þannig hefur útvarpinu, sem flytur fréttir, fróðleik og skemmtun inn á hvert heimili í landinu í strjálbýli jafnt sem þéttbýli, verið bannað að byggja yfir sjálft sig. Síðan hafa peningar þess verið teknir af því til þess að byggja yfir aðra stofnun.

Menn kunna að halda, að ég ýki húsnæðisvandræði útvarpsins, en svo er vissulega ekki. Halda hv. alþm., sem sjálfsagt eru flestir útvarpshlustendur, að það sé gott húsnæði fyrir útvarpsstöð, þar sem flugvéladynur heyrist um land allt í útvarpinu, þegar flugvél flýgur yfir miðbæinn í Reykjavík? Halda menn, að það sé viðunandi útvarpshúsnæði, þar sem hamarshögg blandast fræðilegum erindum og ýmiss konar venjulegur húshávaði heyrist í upplestri á listaverkum? Halda menn, að það sé viðunandi húsnæði, þegar útvarpsþulirnir, sem tala til allrar þjóðarinnar á hverjum degi, hafa neyðzt til þess að kæra til borgarlæknis yfir því húsnæði, sem þeir verða að vinna í?

Ég vona, að ekki þurfi frekari sannana en þessi fáu dæmi til að sýna mönnum fram á, að ríkisútvarpið þarf nauðsynlega á nýju og betra húsnæði að halda. Teikningar af framtíðarbyggingum hafa verið tilbúnar í 10 ár, umsóknir hafa verið sendar ár eftir ár, en alltaf neitað, og svo eru peningar útvarpshlustenda, sem eiga að bæta úr þessu ástandi, teknir og notaðir til að greiða byggingarskuldir annarra stofnana.

Ég hef hér nefnt fyrst og fremst húsnæðisvandræði útvarpsins í sambandi við þetta fé, en það eru fleiri verkefni, sem bíða úrlausnar hjá því fyrirtæki. Eitt hinna alvarlegustu er sú staðreynd, að hlustendur í heilum landsfjórðungi heyra mjög illa til útvarpsins, og það er í raun og veru gersamlega óviðunandi. Það hefur margt verið reynt til að bæta úr þessu með því fé, sem fyrir hendi hefur verið, en engan veginn tekizt að leysa vandann. Mig grunar, að fyrir þá peninga, sem teknir hafa verið af viðtækjaverzluninni síðustu 6 ár, hefði mátt reisa eina mjög sterka útvarpsstöð t. d. á Hornafirði og ná þannig örugglega inn í alla afkima Austfjarða.

Frv. það, sem hér er til umr., er stjórnarfrv., og ég geri mér ekki vonir um, að ákvæðum þess um ráðstöfun á 5—8 millj. kr. frá útvarpshlustendum til þjóðleikhúss og sinfóníuhljómsveitar verði breytt. Hins vegar flyt ég brtt. þess efnis, að allur ágóði af sölu sjónvarpstækja, ef innflutningur þeirra hefst á umræddu árabili, skuli renna til undirbúnings og rekstrar sjónvarps hér á landi. Það er eins öruggt og gangur sólar, að sjónvarp kemur til Íslands. Þjóð, sem hefur aflað sér svo margra ísskápa og lúxusbíla, sem á þrýstiloftsflugvélar og leggur þráðlaust símasamband um land sitt, hlýtur að tileinka sér einnig þá tækni, sem sjónvarpið er. Spurningin er aðeins, hvenær það eigi að hefjast. Sjónvarpstækninni fleygir það fram, að þeir hlutir, sem erfiðir voru og dýrir í fyrra, eru auðveldir og tiltölulega ódýrir í ár. Það væri t. d. létt verk að koma upp sjónvarpsstöð ágætri og búa hana nauðsynlegum tækjum fyrir þær 5.6 millj., sem teknar hafa verið af útvarpshlustendum undanfarin 6 ár. Byrjunarathuganir fyrir sjónvarp hér á landi eru nú hafnar, og mér virðist sjálfsagt, að það verði, þegar þar að kemur, byggt upp fjárhagslega á sama hátt og ríkisútvarpið var á sínum tíma, með tekjum af sölu viðtækja og afnotagjöldum áhorfenda.

Vænti ég þess, að hv. alþm. sýni þessu sérstæða framtíðarmáli fullan skilning nú, er það

knýr dyra hjá þeim, ekki sízt af því, að sjónvarpið biður ekki um grænan eyri frá neinum, það óskar aðeins eftir því að fá að nota sitt eigið fé í eigin þarfir. Svo lítilli bón er varla hægt að neita, þegar útvarpið gæti litið á hana sem nokkra sárabót fyrir fjárhagslega meðferð undanfarin ár.

Ég vil að lokum taka það fram, að þessar umkvartanir mínar á meðferð útvarpsins eru alls ekki sprottnar af neinum kala eða illvilja til þeirra stofnana, sem hafa notið og eiga að njóta milljónanna úr vösum útvarpshlustenda. Forráðamenn útvarpsins eru allir hinir vinsamlegustu í garð þjóðleikhúss og sinfóníuhljómsveitar og samþykkja árlega stórupphæðir til útvarps á leikritum þjóðleikhússins og tónleikum hljómsveitarinnar. Þrátt fyrir þetta verðum við að setja hag þeirrar stofnunar, sem okkur hefur verið trúað fyrir, ofar öðrum áhugamálum og hugsum fyrst og fremst um skyldu okkar við útvarpshlustendur í landinu, húsbændur okkar. Má hver lá okkur það, sem vill, að við skulum kvarta, þegar útvarpið og stofnanir þess eru notaðar sem mjólkurkýr fyrir aðrar stofnanir, á meðan slík verkefni eru óleyst hjá útvarpinu sjálfu sem húsnæðisvandræðin og hlustunarskilyrðin á Austurlandi, hið nýja örbylgjuútvarp og jafnvel sitt hvað við dagskrána sjálfa.

Ég vil að lokum ítreka áskorun mína til þm. um að veita útvarpinu þá sárabót að samþ. brtt. mína um sjónvarpið á þskj. 651.

Frsm. minni hl. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Fyrrv. menntmrh., hv. 1. þm. Reykv. (BBen), fól hinn 6. júlí s. l. 2 manna nefnd að endurskoða l. nr. 115 frá 1951, sem fjalla um skiptingu skemmtanaskattsins, svo og að endurskoða lagaákvæði um ráðstöfun þess hluta skemmtanaskattsins, sem rennur til félagsheimila. Í því frv., sem hér liggur fyrir og lagt var fram nú mjög nýlega, eru algerlega teknar upp till. þessarar n., sem ég gat um, en auk þess bætt við 1. gr., sem fjallar um undanþágur frá skemmtanaskattinum, og 4. gr. um nýja fjáröflun og loks bráðabirgðaákvæði um hagnað viðtækjaverzlunarinnar.

Minni hl. menntmn. lýsir sig fylgjandi þessu frv. að því er tekur til þess efnis þess, sem fellur saman við till. n., sem skipuð var hinn 6. júlí í fyrra, en höfuðbreytingin, sem sú n. gerði á l. um skiptingu skemmtanaskatts, var, að 50% skattsins skyldu renna í félagsheimilasjóð og 50% í rekstrarsjóð þjóðleikhússins. Hv. frsm. meiri hl. n. mun hafa gert grein fyrir rökunum til þess áðan, og hirði ég því ekki að rekja þau nánar.

Um 4. gr. frv. skal það sérstaklega tekið fram, að minni hl. menntmn. er algerlega mótfallinn þeirri fjáröflunarleið, sem felst í því að leggja sérstakt gjald á alla selda aðgöngumiða að kvikmyndasýningum, þótt undanteknar séu kvikmyndasýningar fyrir börn. Verð aðgöngumiða að kvikmyndasýningum er nú lágt, bæði miðað við önnur lönd og einnig miðað við það, sem var hér áður fyrr. Við teljum ástæðu til, að í því horfi verði verðinu haldið, en ekki verði hlutazt til um það af löggjafarvaldinu, að þetta verð hækki, vegna þess að þarna er um að ræða einhverja ódýrustu og hollustu eða öllu heldur minnst óhollu skemmtun og mest fræðandi, sem almenningur á Íslandi á völ á. Þess er að gæta, að það eru fyrst og fremst unglingar, sem sækja kvikmyndasýningar. En hækkunin getur dregið úr því, að unglingar sæki kvikmyndasýningar í stað ýmissa annarra miður hollra skemmtana, sem eru líka mun kostnaðarsamari. Á ég þar fyrst og fremst við dansleiki og áfengisneyzlu. Þannig yrði þetta gjald allstór baggi á þær fjölskyldur, sem hafa á framfæri unglinga á bióaldri, ef svo mætti að orði kveða.

Okkur í minni hl. menntmn. finnst eðlilegt og sjálfsagt, að fyrst þarna þarf nýr gjaldstofn að koma til, verði „skemmtun“, sem er mun óhollari en þessi, látin bera þennan skatt.

Mikill hluti þess fjár, sem koma á inn skv. 4. gr. þessa frv., á að ganga til vísindasjóðs, sem í ráði er að stofna. Við vísum því til þess, sem fram kemur í nál. okkar um það frv. Við leggjum til, að í þeim l. verði kveðið á um sérstaka fjáröflun sjóðsins, þannig að hann verði sjálfstæðari um fjárhag en gert er ráð fyrir í þessum frv. þremur, sem nú hafa nýlega verið lögð fram, en það eru þetta frv., frv. um menningarsjóð og menntamálaráð og frv. um vísindasjóð.

Við munum leggja fram skrifl. brtt. þess efnis, að fellt verði niður úr 4. gr. þessara laga ákvæðið um aukagjaldið á aðgöngumiðana að kvikmyndasýningum, en eftir standi aðeins ákvæði um aukagjald á aðgöngumiða að dansleikjum þeim, sem um ræðir í greininni.

Við teljum ekki ástæðu til að koma með till. um sérstaka fjáröflun í stað þessa kvikmyndaaðgöngumiðagjalds, þar eð við gerum ráð fyrir að bera fram brtt. um fjáröflun til vísindasjóðs í sambandi við það frv.

Við munum einnig leggja til, að bráðabirgðaákvæðið í þessu frv. verði fellt niður, en það er í samræmi við athugun þeirrar n., sem ég gat í upphafi. Höfundar frv., sem er prentað með nál. okkar á þskj. 670, töldu, að ríkisútvarpinu veitti alls ekki af þeim tekjustofni, sem skapast hjá viðtækjaverzlun ríkisins. Rökstuðningur þeirra fyrir niðurfellingu þessa ákvæðis var m. a., að sá hluti skemmtanaskattsins, sem á að renna til þjóðleikhússins, er hækkaður upp í 50%. Mun þá ríkinu verða kleift að fella niður þá fjárveitingu, sem það hefur lagt fram til að greiða rekstrarhalla þjóðleikhússins á undanförnum árum. Hins vegar leggur nefnd þessi til, að ríkið taki að sér að greiða byggingarskuldir þjóðleikhússins beint, en ekki á þennan hátt, að hagnaður ríkisútvarpsins sé af því tekinn og það látið standa undir byggingarskuldum þjóðleikhússins.

Ég held, að ástæðulaust sé að fjölyrða frekar um þetta mál efnislega, enda hefur komið fram, að það er sízt vilji til þess fyrir hendi hjá hv. þm., að mál þessi séu rædd. Það verður að segja hreinskilnislega, að það er sízt vilji til þess að athuga þessi mál gaumgæfilega. En minni hl. menntmn. telur það mjög varhugavert að hraða svo mjög afgreiðslu mála eins og þessara, sem hér um ræðir, þessara þriggja menningarmála, að þm. gefist ekki tóm til að athuga nákvæm-

lega einstakar gr. þeirra, en það var ekki einu sinni gert í n., sem hafði þessi mál til meðferðar. Þau voru afgreidd af mikilli skyndingu s. l. laugardag, og meiri hl. n. mælti með þeim, en minni hl. n. vildi hins vegar fá ráðrúm til að athuga þau nokkru nánar, og gáfum við því út nál. okkar í samræmi við það.

Ég mun svo skila hæstv. forseta skrifl. brtt., sem ég bið hann að leita afbrigða fyrir.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara að ræða almennt hér um þetta mál og sé ekki ástæðu til þess að vera að endurtaka þær röksemdir, sem fram hafa komið gegn þeirri nýju skattlagningu, sem hér er á ferðinni. Það var aðeins eitt atriði, sem ég vildi minnast á, og þykir nú raunar leitt, að hæstv. menntmrh. skuli ekki vera hér viðstaddur, þegar þessi mál eru rædd. (Gripið fram í.) Nú, er hann þarna inni? Það var nánast atriði, sem ég hefði gjarnan viljað heyra hans álit á. Það er í sambandi við undanþágur þær, sem um er að ræða í 1. gr.

Undanþágur frá þessum skatti eru vitanlega alltaf nokkuð varhugaverðar, en þó tel ég, að það sé ekki annað hægt vegna ýmissa aðstæðna en að veita þær undanþágur, sem hér er um að ræða, og er því ekki ágreiningur út af fyrir sig um það efni. En það er eitt atriði í sambandi við þessar undanþágur, sem er mikilvægt atriði, vegna þess að það gefur auga leið, að t. d. kvikmyndahús, sem er rekið með undanþágu sem þessari og þarf ekki að greiða skemmtanaskatt, hefur miklum mun betri aðstöðu en önnur kvikmyndahús, því er sköpuð forréttindaaðstaða. Slík forréttindaaðstaða er þó á engan hátt hættuleg, ef þannig er frá málum gengið, að það er gert að tvímælalausri skyldu fyrir slíkt hús að leggja skemmtanaskattinn til hliðar. Það er í rauninni það, sem allt veltur á. Ég álít, að undanþágurnar séu mjög hæpnar, ef þeir, sem húsin reka, geta notað sér þessa bættu aðstöðu til þess t. d. að undirbjóða önnur kvikmyndahús í sambandi við öflun kvikmynda eða réttara sagt yfirbjóða þau í sambandi við leigu mynda og annað þess konar, enda er það auðvitað ekki hugsun löggjafans, þegar þessi undanþáguheimild er veitt, heldur beinlínis er það gert til þess að afla fjár til nytsamlegra hluta. Ég vil því leyfa mér að spyrjast fyrir um það, áður en til þess komi, hvort ég telji ástæðu til að flytja um þetta sérstaka brtt., hvort eftirlit sé með því haft eða hvort hæstv. ráðh. hafi hugsað sér að hafa með því eftirlit, að þessi kvikmyndahús, — það eru aðallega þau, sem hér koma til greina, — leggi til hliðar til þeirra þarfa, sem ætlað er að ráðstafa fénu til, fé, sem svarar skemmtanaskattinum. Það tel ég vera mjög mikilvægt atriði og þarflegt og nauðsynlegt aðhald fyrir þá aðila, sem þessara hlunninda njóta. Er tryggt, eða hugsar ráðuneytið sér að tryggja það, að þessi fjárhæð, sem hér er eftir gefin, skemmtanaskatturinn, verði lögð til hliðar til þeirra þarfa, sem um ræðir hverju sinni, en geti ekki orðið eyðslueyrir í rekstri viðkomandi fyrirtækis? Þetta langaði mig að biðja hæstv. ráðh. að upplýsa.

Það er, eins og fram hefur verið tekið, ákaflega erfitt um vik að gera sér til hlítar grein fyrir þessum frv., sem grípa hvert inn í annað, á þeim mjög skamma tíma, sem er til undirbúnings og athugunar, vegna þess að þau eru einmitt fram lögð, þegar mesti annatími þingsins er að hefjast, og þess vegna alls ekki kostur á að athuga þau sem skyldi. Af þessu leiðir, að það kunna að vera ýmis atriði í þessum málum öllum, sem ekki eru tök á að gera athugasemdir við vegna þessa nauma tíma. Hins vegar virðast allar horfur á, að það sé ætlunin að knýja þessi mál nú þegar í gegnum þingið.

Það er eitt lítið atriði, sem er að segja má lögfræðilegs eðlis, að mér finnst það dálítið óviðkunnanlegt í frv. að orða eins og er í e-lið 1. gr.: kvikmyndasýningar í Reykjavík á vegum sáttmálasjóðs, kvikmyndasýningar bæjarsjóðs Akraness og Hafnarfjarðar, enda sé tekjunum varið á sama hátt og nú. Það er dálítið hæpið að orða þetta á þann veg, að það þurfi að fara að kanna, hvaða reglur hafi gilt um ráðstöfun þessara tekna, þegar þessi lög voru sett, en ákveða það þá ekki, að tekjunum sé varið til þeirra hluta, sem þar er um rætt. Það ætti ekki að þurfa að lengja greinina mikið frá því, sem þar segir. En þetta er auðvitað minni háttar atriði og skiptir ekki efnislega máli. En hitt atriðið vona ég, að hæstv. ráðh. sjái sér fært að upplýsa um, hvað hann hefur hugsað sér í því sambandi.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 681) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég tel sjálfsagt að gera ráðstafanir til þess, að þær menningarstofnanir, sem njóta eiga undanþágu undan skemmtanaskattinum, fái þær tekjur til sinna þarfa svo fljótt sem þær verða til ráðstöfunar hjá kvikmyndahúsunum, sem afla þeirra.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 681,1 felld með 17:6 atkv.

4. gr. samþ. með 17:5 atkv.

5.—6. gr. samþ. með 18:1 atkv.

Brtt. 681,2 felld með 17:7 atkv.

— 651 felld með 16:5 atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 15:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:2 atkv.

Á 113. fundi í Nd., 29. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 700).

46. Vísindasjóður.

Á 100. fundi í Ed., 17. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um vísindasjóð [175. mál] (stjfrv., A. 545).

Á 101. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Framfarir í vísindum hafa verið meginundirstaða hinna öru framfara í atvinnu- og félagsmálum síðustu áratugina. Um gervallan heim kappkosta bæði ríkisvald og aðrir, sem til þess hafa bolmagn, að búa svo að vísindastarfsemi og vísindamönnum, að hægt sé a. m. k. að fylgjast með helztu nýjungum í atvinnulegum og menningarlegum efnum.

Íslendingar geta ekki fremur en aðrar þjóðir skellt skolleyrum við þessari þróun, sem hefur verið og er að gerast í heiminum. Engin þjóð getur gert sér vonir um að vera hluttakandi í þeim almennu framförum, sem vísindi nútímans eru að leggja grundvöll að, nema hún eigi á að skipa vísindamönnum, er kunna nokkur skil á þeim atriðum, sem framþróunin grundvallast á. Hinum smærri þjóðum er engu síður brýn nauðsyn að eiga vísindamenn, sem geta átt forgöngu um hagnýtingu hinnar nýju þekkingar.

Hér á landi háir fjárskortur vísindastarfsemi svo mjög, að þess eru allmörg dæmi, að ungir og efnilegir vísindamenn hafi kosið að hverfa af landi brott sökum erfiðra starfsskilyrða hér og skorts á tækjum og aðstoð. Sannleikurinn er sá, að hér á landi er mönnum enn naumast orðið nægilega ljóst gildi nútímavísinda fyrir menningu okkar og sjálfstæði.

Þegar háskólinn var stofnaður á sínum tíma, skapaðist hér nokkur aðstaða til vísindastarfsemi, og hana hefur hið opinbera smám saman verið að bæta. En á allra síðustu árum og þó sérstaklega á síðasta einum eða tveimur áratugum hafa orðið svo örar framfarir, einkum á sviði náttúruvísinda og tæknivísinda, að brýna nauðsyn ber til þess að tryggja, að þær framfarir, sem á þeim vísindum munu grundvallast, fari ekki að meira eða minna leyti fram hjá okkur Íslendingum.

Verkefnin, sem bíða úrlausnar íslenzkra vísindamanna, eru óþrjótandi. Auðæfi landsins eru mjög margvísleg, en flest torsótt. Vísindalegar rannsóknir á náttúru landsins og hafsins umhverfis það sem og tæknilegar athuganir á hentugum vinnslu- og nýtingaraðferðum eru bæði vandasöm og umfangsmikil verkefni, sem verða ekki leyst til nokkurrar hlítar nema með ötulu starfi úrvalsmanna á löngum tíma. Vísindalegar rannsóknir eru enn á frumstigi hér á landi, og ber brýna nauðsyn til þess að bæta skilyrði þeirra. Því frv., sem hér liggur fyrir, er ætlað að bæta úr brýnustu þörf á þessu sviði.

Vísindasjóðir hafa á síðari árum verið stofnaðir í fjölmörgum löndum, og framlag bæði stórra þjóða og smárra til vísindarannsókna hefur farið mjög vaxandi með hverju ári undanfarið. Það er talið, að Bandaríkjamenn verji nú um 5000 millj. dollara árlega til vísindarannsókna, og Bretar munu verja hlutfallslega mjög svipaðri upphæð. Miðað við mannfjölda svarar þetta til þess, að hér á Íslandi væri árlega varið um 80 millj. kr. til vísindarannsókna, en segja má, að nú sé til þeirra efna varið um 9—10 millj. kr.

Menn munu eflaust benda á, að ekki sé við því að búast, að smáþjóð eins og Íslendingar hafi efni á því að verja hlutfallslega jafnmiklu fé til vísindarannsókna og stórþjóðirnar Bandaríkjamenn og Bretar. En á það má og benda, að hin góðu lífskjör í þessum löndum og hin miklu menningarskilyrði þeirra eiga án efa að mjög verulegu leyti rót sína að rekja til þess, að þessi lönd hafa um langt skeið varið mjög miklu fé — mjög miklum hundraðshluta sinna árlegu tekna — einmitt til vísindarannsókna. Þetta hafa hinar smærri þjóðir og gert sér ljóst, og nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum hafa á árunum eftir styrjöldina stóraukið styrk til vísindarannsókna í löndum sínum. Skal ég í því sambandi nefna, að bæði í Danmörku og Noregi voru eftir stríðið stofnaðir vísindasjóðir, nýir vísindasjóðir, þó að í þessum löndum báðum hafi verið fyrir starfandi fjölmargir sjóðir, sem höfðu það markmið að efla margs konar vísindarannsóknir.

Öllum er kunnur Carlsberg-sjóðurinn danski, sem haft hefur ómetanlega þýðingu fyrir danskar vísindarannsóknir. Af dönskum sjóðum má einnig nefna Rask-Örsted-sjóðinn. Rannsóknaráði ríkisins var komið á fót í Danmörku þegar eftir stríðið eða 1946. Engu að síður töldu Danir þetta ekki nægja, og fyrir 4 árum — eða 1952 — stofnuðu Danir nýjan opinberan vísindasjóð, Danska vísindasjóðinn, sem hefur yfir allmiklu fé að ráða árlega.

Í Noregi hafa um langt skeið verið starfandi vísindasjóðir, sem hafa slíkt hlutverk, og vil ég nefna t. d. Nansens-sjóðinn, Norsk varekrigsforsikringsfond, gjafasjóð C. Mohr og vísindasjóðinn frá 1919. Þessa sjóði töldu Norðmenn hins vegar ekki nægilega, og 1946 voru samþykkt í Noregi lög um íþróttagetraunir, þar sem gert var ráð fyrir, að tekjurnar af þeim rynnu að mjög verulegum hluta til eflingar vísindarannsóknum í Noregi. Hafa norsk vísindi notið mjög góðs af þeirri lagasetningu.

Hér á landi hefur stofnun slíks vísindasjóðs verið rædd á ýmsum vettvangi, svo sem í rannsóknaráði ríkisins, atvmrn. og menntmrn. Á árunum 1953 og 1954 vann rannsóknaráð ríkisins að undirbúningi till. um stofnun vísindasjóðs, og lét ráðið semja frv. um málið 1955. Var frv. sent atvmrh. og menntmrh. Í því frv. var eingöngu gert ráð fyrir, að sjóðurinn styrkti rannsóknir á sviði raunvísinda. En áhugi var mikill meðal vísindamanna í húmanistiskum fræðum eða hugvísindum á því, að einnig væri aukinn styrkur til rannsókna á sviði hugvísinda. Varð það að samkomulagi milli Steingríms Steinþórssonar, sem þá fór með málefni rannsóknaráðs ríkisins og atvinnudeildar háskólans, og Bjarna Benediktssonar, þáverandi menntmrh., að hinn síðarnefndi skipaði n. til að undirbúa málið frekar, og skyldi n. skipuð fulltrúum bæði raunvísinda- og hugvísindamanna. Nefndin var skipuð 24.

marz 1956, og áttu í henni sæti þeir Birgir Kjaran hagfræðingur, formaður, Ármann Snævarr prófessor, dr. Björn Sigurðsson, formaður rannsóknaráðs ríkisins, dr. Júlíus Sigurjónsson prófessor og Pálmi Hannesson rektor. Nefnd þessi skilaði störfum 4. jan. 1957 og sendi menntmrn. uppkast að frv. um vísindasjóð ásamt ýtarlegri grg. og skýrslu um vísindasjóði í nokkrum öðrum löndum. Frekari athugun á málinu fól ég síðan nefnd þeirri, sem ég skipaði í desember s. l. til að endurskoða l. um menningarsjóð og menntamálaráð, en þeirrar n. gat ég í framsöguræðu minni með því frv. áðan.

Menntmrn. hefur síðan athugað öll gögn, sem fyrrgreindir aðilar hafa safnað, og þær till., sem þeir hafa gert. Með hliðsjón af þeim og öðrum upplýsingum, sem ráðuneytið hefur aflað sér, hefur það samið það frv., sem hér liggur fyrir.

Tekjur þær, sem frv. gerir ráð fyrir að vísindasjóður byggi starfsemi sína á, eru árlegt framlag úr menningarsjóði, a. m. k. 800 þús. kr. Varðandi verksvið sjóðsins er rétt að benda á, að honum er ekki ætlað að styrkja kandídata til venjulegs framhaldsnáms, heldur verða þeir að sinna ákveðnum sérfræðilegum rannsóknum eða afla sér vísindaþjálfunar. Einnig er heimilt að styrkja rannsóknarstofnanir til kaupa á tækjum, ritum eða rannsóknarefnum.

Skipulag og stjórn sjóðsins verður með þeim hætti, að Alþingi er tryggð mikil hlutdeild um ráðstöfun sjóðfjárins. Verkefni yfirstjórnar sjóðsins, sem skal skipuð 7 mönnum, á að vera að skipta heildarfjárframlaginu til vísindasjóðs á milli hinna tveggja deilda hans, þ. e. raunvísindadeildar og hugvísindadeildar, þ. e. verkefni yfirstjórnarinnar skal vera að kveða á um, hversu miklu af heildartekjum sjóðsins skuli varið til styrktar raunvísindum og hversu miklu til styrktar hugvísindum. Yfirstjórnin skal enn fremur í samráði við ráðh. setja almennar reglur um verkefnaval og styrkveitingar úr sjóðnum. Af þessum 7 mönnum skulu 4 kosnir af Alþingi, deildarstjórnir sjóðsins tilnefna 2 menn, og einn er skipaður af ráðherra. Það er ekki ætlazt til, að þessi yfirstjórn úthluti sjálf styrkjum úr sjóðnum. Það er m. ö. o. ekki ætlazt til þess, að fulltrúar Alþingis annist um sjálfar styrkveitingarnar, sjálfa úthlutunina. Til þess að annast hana er gert ráð fyrir, að hvor deild sjóðsins um sig, raunvísindadeild og hugvísindadeild, fái sína sérstöku stjórn, og á sú stjórn að mestu leyti að vera skipuð fulltrúum frá vísindastofnunum, sem gera má ráð fyrir að hafi sérþekkingu til að bera til þess að vega og meta þau verkefni, sem sótt er um styrk til. Er ákveðið í 5. gr., hvernig skipa á stjórn deildanna hverrar um sig.

Með stofnun vísindasjóðs ætti að vera stigið mikilvægt skref til eflingar íslenzkum vísindum. Ég gat þess í upphafi, að margar aðrar þjóðir leggi fram hlutfallslega miklu meira fé í þessu skyni en hér er gert ráð fyrir. En mjór er mikils vísir. Það er von mín, að með þessu frv. verði lagður heilladrjúgur grundvöllur að hluttöku Íslendinga í hinni miklu vísindaþróun nútímans, en sjálfstæði þjóðarinnar og menning getur oltið á því, að búið verði að vísindastarfsemi í landinu af raunsæi og myndarskap, og vart mun fjármunum betur varið með öðrum hætti.

Að lokinni þessari umr. leyfi ég mér að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 107. fundi í Ed., 24. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 545, n. 619, 612, 618).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Finnbogi R. Valdimarsson): Herra forseti. Menntmn. hefur orðið nokkru seinni til að afgr. þetta frv. en hin tvö frv., um skemmtanaskatt og menningarsjóð og menntamálaráð, sem var vísað til n. samtímis þessu frv., og er það að nokkru vegna þess, að í frv. um skemmtanaskatt eru ákvæði til að afla þess fjár, sem bæði menningarsjóður og sá vísindasjóður, sem gert er ráð fyrir að stofna með þessu frv., eiga að njóta.

N. hefur fjallað um þetta frv. á nokkrum fundum. Hún hefur sent það háskólaráði og rannsóknaráði ríkisins til umsagnar og borizt fljótt umsagnir þeirra ráða, sem bæði mæla eindregið með samþykkt frv. og leggja áherzlu á, að með því sé stofnað til svo merkilegs nýmælis, að nauðsyn beri til, að það nái fram að ganga á þessu þingi. Ráðin benda hins vegar á ýmis atriði í sambandi við frv., sem þau kysu á annan veg. Þau eru þó ekki sammála um þau atriði, enda hygg ég, að þau atriði verði engan veginn talin aðalatriði þessa máls.

N. hefur orðið sammála um afgreiðslu málsins í öllum meginatriðum. Nm. eru allir sammála um, að í frv. felist merkilegt nýmæli og því beri að tryggja framgang á þessu þingi.

Hins vegar komu fram í n. einnig nokkuð skiptar skoðanir um smærri atriði frv., eins og það, hvaða fyrirkomulag verði haft á stjórn deilda hins fyrirhugaða vísindasjóðs, en um þær deildarstjórnir eru ákvæði í 5. gr. frv.

Tveir nm., hv. þm. V-Sk. (JK), sem tók sæti í n. í umr. um þetta mál í fjarveru hv. 6. þm. Reykv. (GTh), og hv. 2. þm. Árn. (SÓÓ), létu í ljós skoðanir um það, að þeir teldu fara betur á að breyta nokkuð um stjórn þessara deilda vísindasjóðs, og hafa flutt brtt. á sérstöku þskj., 612, um breyt. á b-lið 5. gr. um stjórn svonefndrar hugvísindadeildar.

N. er öll sammála um þær brtt., sem eru á þskj. 619, við 1. gr. frv. og 4. gr., sem fjalla um verksvið vísindasjóðs og skipulag og stjórn hans.

Um þessi meginatriði flytur n. öll tvær brtt., og skal ég strax gera grein fyrir þeim.

Við 1. gr. er brtt. n. sú, að því fé, sem ætlað er að verja til vísindasjóðs á ári hverju og í frv. er gert ráð fyrir að verði a. m. k. 800 þús. kr., verði ekki öllu úthlutað á hverju ári, heldur verði lagt til hliðar a. m. k. 5% af árlegum peningatekjum vísindasjóðs í sérstakan sjóð, sem nefnist stofndeild vísindasjóðs.

N. hafði hér til hliðsjónar ákvæði í frv. um menningarsjóð og menntamálaráð, þar sem einnig var gert ráð fyrir því, að a. m. k. 5% af árlegum tekjum menningarsjóðs yrði varið á sambærilegan hátt til þess að stofna sérstakan sjóð, sem ekki yrði skertur, þó að heimilt sé samkvæmt því frv. að verja þessu fé til að tryggja fastari starfsemi menningarsjóðs, með því t. d. að kaupa fasteignir, sem væru notaðar í þágu menningarmála, og enn fremur heimilt að verja vöxtum af fé þessarar stofndeildar til almennrar starfsemi menningarsjóðs.

Menntmn. þótti rétt að taka upp í frv. um vísindasjóð nákvæmlega tilsvarandi ákvæði þessum ákvæðum í 5. gr. frv. um menningarsjóð og menntamálaráð að þessu leyti.

Ég hygg, að hv. þdm. geti fallizt á þá hugsun, sem í þessu felst. Hún er sú að efna til nokkurs varanlegs sjóðs, sem geti aukizt og aukizt allhratt, þó að það sé ekki nema lítill hluti af því fé, sem árlega er gert ráð fyrir að verja til almennrar starfsemi þessara sjóða, sem hugsað er að leggja til hliðar og halda óskertu.

Það er vitanlegt og er bent á í grg. þessara frv. beggja, um menningarsjóð og vísindasjóð, að í öðrum löndum eru starfandi stórir og miklir sjóðir, sem árlega styðja menningar- og vísindastarfsemi, og þeir sjóðir eru sumir gamlir og eflast vegna vaxta sinna ár frá ári. Það er sú hugsun, að hluti af þessu fé megi verða að sjóðum, sem síðan eflist í framtíðinni, sem liggur til grundvallar þessari brtt. nefndarinnar.

Þá er önnur brtt. n. við 4. gr. frv. um að gera þar nokkra breytingu á yfirstjórn vísindasjóðsins, þannig að í stað sjö manna, sem gert er ráð fyrir í frv., verði aðeins fimm, og þeir verði allir kosnir af ríkisvaldinu, fjórir kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi, en einn, sem er formaður, skipaður af menntmrh.

Það kunna að vera skiptar skoðanir um það, hve ríkan hlut ríkisvaldið, sem efnir til þessa sjóðs í því skyni að efla almenna vísindastarfsemi í landinu, eigi að eiga í stjórn og meðferð þessa sjóðs. Ég hygg þó, að komið hafi fram í sambandi við umr. um þetta merka frv. þau sjónarmið, að vísindamennirnir sjálfir, sem þessa fjár eiga að njóta, eigi að ráða mestu um ráðstöfun þessa fjár. Ég hygg þó, að hér á Alþingi verði ekki um það deilt, að ríkisvaldinu hljóti að bera réttur til að eiga ríkan þátt í ráðstöfun á þessu fé. Ekki verður um það deilt, að Alþingi einu ber rétturinn til þess að leggja skatta á þjóðina, og þess fjár, sem hér er um að ræða, er aflað með skattaálögum, nýjum skattaálögum meira að segja. Ekki verður heldur um það deilt, að vegna þessa ber Alþingi rétturinn til þess að ráða a. m. k. í meginatriðum ráðstöfun þessa fjár, enda var innan n. enginn ágreiningur um þessa meginstefnu, að ríkisvaldið ætti að ráða óskorað yfir stjórn vísindasjóðs, en hún aftur á móti ætti ákvörðunarrétt um, hvernig fjárframlögum til vísindasjóðs yrði ráðstafað í meginatriðum, í fyrsta lagi á milli deilda vísindasjóðsins tveggja og í öðru lagi að meginstefnu að ráða um verkefnaval og styrkveitingar úr sjóðnum, en deildarstjórnirnar aftur, sem fyrirhugaðar eru, að skipta fénu á milli einstakra rannsóknarefna eða rannsóknarmanna og vísindamanna.

Ég treysti því, að eins og þessi meginstefna var ágreiningslaus í n., þá muni svo verða einnig hér í hv. deild.

Hitt er annað mál, og það má gjarnan koma fram, að ég treysti því einnig, að þegar hv. Alþingi kýs fulltrúa sína til að stjórna þessum merkilega sjóði, þá takist það val svo, að til þess veljist menn, sem hafa góðan skilning á þeim mörgu og miklu verkefnum, sem honum eru ætluð, og hafa bæði viðsýni til að bera og skilning á aðstöðu vísindamanna okkar, sem ætlað er að greiða fyrir með þessu frv.

Ég vona því, að það val Alþingis takist svo til, að vísindamennirnir, sem kunna að hafa þá skoðun, að þeir eigi mestu að ráða um ráðstöfun þessa fjár, geti unað við þessa skipun, að Alþingi og ríkisvaldið ráði meginstefnu um ráðstöfun þessa fjár, en þeir aftur um nánari skiptingu milli einstakra verkefna.

Ég gat áður um lítils háttar ágreining, sem kom fram í n. um fyrirkomulag og stjórn deilda þessa sjóðs, og eins og ég gat um áður, hafa tveir hv. nm. borið fram brtt. við b-lið 5. gr. um stjórn hugvísindadeildar, þannig að sú breyting verði á gerð, að heimspekideild háskólans tilnefni tvo og laga- og hagfræðideild tvo. Við aðrir nm. þrír, meiri hl. n. að þessu leyti, þó að hún sé í raun og veru óklofin um þetta mál, eins og ég hef áður getið, teljum, að þó að um þetta kunni að mega deila, hvernig eigi að skipa mönnum í stjórn þessara deilda, sé hyggilegast að svo stöddu að halda óbreyttum ákvæðum frv. um þetta, sem gera ráð fyrir, að margir aðilar fái fulltrúa í þessum stjórnum. Ég hygg, að hæstv. menntmrh. og þeir menn, sem undir hans stjórn hafa starfað að undirbúningi þessa frv., hafi orðið að hugsa um þessi atriði, hvernig haganlegast væri að skipa þeim, hér er um marga aðila að ræða, sem kynnu að telja, að þeir ættu fullan rétt til fulltrúa í stjórn þessara deilda vísindasjóðs, og að sú skipun, sem felst í 5. gr. frv., eins og hún er nú, hafi verið allvel hugsuð. Við þrír nm. treystum okkur ekki til að svo stöddu að gera till. um breytingar á því, þó að við kynnum líka eins og aðrir að sjá aðra möguleika um skipun þessara stjórna. Ég tel því, að það sé langhyggilegast að halda þessu óbreyttu í frv. og reyna, hversu til tekst um samkomulag og samvinnu þeirra aðila, sem gert er ráð fyrir að hljóti fulltrúa í þessum deildarstjórnum eftir frv.

Þá sé ég, að hv. 1. þm. N-M. (PZ) hefur borið fram brtt. bæði við 3. og 5. gr. frv. N. hefur ekki haft ástæðu til að athuga eða ræða þessa brtt. Það má vitanlega ræða hana milli umr., og vænti ég, að hún verði þá tekin aftur til 3. umr., en hv. þm. mun gera nánari grein fyrir því hér við þessa umr., hvað fyrir honum vakir með þessari brtt.

Ég held, að ég hafi þá drepið á þær brtt., sem fyrir liggja, og sé ekki ástæðu til þess að svo stöddu að fara mörgum orðum um þetta frv. almennt. Hæstv. menntmrh. gerði rækilega og skýra grein fyrir því merkilega nýmæli, sem í því felst, þegar hann lagði þetta frv. fram.

Í grg. og skýringum og fskj. með frv. felast allmiklar upplýsingar og sterk rök fyrir framgangi þessa frv., svo að ég hygg, að það þurfi ekki að endurtaka þau rök, þau eru svo augljós. Það hefur lengi verið unnið af ýmsum aðilum að undirbúningi þessa frv., of lengi að mínum dómi. Ég vildi gjarnan láta það koma fram, að þó að ég kynni að kjósa einhver atriði á annan veg í þessu frv. eða um þá fjáröflun, sem liggur því til grundvallar, að hægt sé að auka svo fjárframlög til menningar- og vísindastarfsemi sem gert er ráð fyrir í þessu frv. og í frv. um menningarsjóð og menntamálaráð, þá tel ég, að hér sé um svo merkilegt mál að ræða, að það megi ekki láta þetta þing ljúka svo störfum, að þessum frv. verði ekki tryggður framgangur, þó að menn kysu eitthvað, t. d. um fjáröflunina, á annan veg, enda hefur komið fram í n. og umr. um þessi mál, að allir óska, að frv. um menningarsjóð og menntamálaráð og um vísindasjóð, það frv., sem hér liggur fyrir, nái fram að ganga, en af skiljanlegum ástæðum hika sumir við að samþ. þá fjáröflun, sem til þess þarf, að þau komi að nokkru gagni.

Ég ætla ekki að fara út í það hér, að ég hefði yfirleitt kosið, að fjáröflun til almennra þarfa væri á komið með sem heillegastri löggjöf, þannig að ekki væri mikið gert að því að afla sérstaklega fjár til sérstakra mála með sérstökum frv. og þá oft með sérstökum álögum á ákveðnar álögur, sem fyrir eru. En ég vil ekki láta almennar skoðanir mínar um þetta atriði standa fyrir því að greiða fyrir þessum merkilegu frv., jafnvel þó að vegna þeirra verði að grípa til þess að leggja á þjóðina nokkrar nýjar álögur, sem sumir fordæma mjög, þó að þeir um leið vilji mjög lýsa því yfir, að þeir vilji efla menningu og vísindi og öll góð mál, en hins vegar ekki vera með í því að afla með álögum þess fjár, sem til þess þarf.

Ég vil svo segja að síðustu, að ég vona, að sá mjög smávægilegi ágreiningur, sem kann að vera milli nm. og kann að vera hér í hv. d. um atriði, sem eru alger aukaatriði þessa frv., verði ekki því til fyrirstöðu, að þessu frv. verði tryggður greiður framgangur í gegnum þessa hv. deild.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Þetta mál mun vera undirbúið af n., sem fyrrverandi menntmrh., Bjarni Benediktsson, skipaði í marz 1956. Í þeirri nefnd áttu sæti 5 ágætir menn, þeir Birgir Kjaran hagfræðingur, Ármann Snævarr prófessor, dr. Björn Sigurðsson, formaður rannsóknaráðs ríkisins, dr. Júlíus Sigurðsson prófessor og Pálmi Hannesson rektor. Það segir ekki berum orðum neins staðar í grg. fyrir þessu frv., hvort frv. sé efnislega samhljóða því frv., sem þessir nefndarmenn sömdu. Mér þykir sennilegt, að svo sé a. m. k. að mestu leyti.

Eins og hv. frsm. menntmn. tók fram, er nefndin sammála um að mæla með frv., og hún flytur sameiginlega brtt. á þskj. 619. Hins vegar flytjum við hv. 2. þm. Árn. og ég brtt. á þskj. 612 við b-lið 5. gr., þess efnis, að stjórn hugvísindadeildar verði skipuð þannig: tveir eftir tilnefningu heimspekideildar Háskóla Íslands og tveir eftir tilnefningu laga- og hagfræðideildar. Samkv. frv. á tilnefningin að vera þannig: tveir tilnefndir af heimspekideild Háskóla Íslands, einn af laga- og hagfræðideild og einn af Félagi ísl. fræða.

Háskólaráð, sem fékk þetta mál til umsagnar, lagði með því, að sú breyting yrði gerð á frv., sem við förum fram á í okkar brtt. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að lesa hér stuttan kafla úr umsögn háskólaráðs. Hann hljóðar þannig: „Um einstök ákvæði frv. vill háskólaráð gera þá athugasemd, að það telur ekki eðlilegt, að Félag ísl. fræða sé aðili að tilnefningu í deildarstjórn. Með fyrirhugaðri aðild heimspekideildar virðist hér nægilega séð fyrir hlut íslenzkra fræða. Félag íslenzkra fræða hefur ekki neina sérstöðu meðal íslenzkra félaga, sem sinna vísindum, er réttlæti, að það sé tekið fram yfir þau öll að þessu leyti. Í stað þess leggur háskólaráð til, að stjórn hugvísindadeildar, sbr. 5. gr. b, verði skipuð 2 mönnum af hálfu laga- og hagfræðideildar í stað eins, sem frv. gerir ráð fyrir, enda er þess að vænta, að eigi líði á löngu, áður en deild þessari verður skipt í tvær deildir, laga- og viðskiptadeild, er þá tilnefni hvor sinn mann.“ — Undir þetta álit skrifar rektor háskólans, dr. Þorkell Jóhannesson.

Ég hef veitt því eftirtekt, að í grg. fyrir frv. hefur einmitt verið gert ráð fyrir þeirri skipan, sem við leggjum til. Þar segir svo um 5. gr., hugvísindadeild, að tilnefning fari fram þannig, að tveir séu samkv. tilnefningu heimspekideildar háskólans og tveir samkv. tilnefningu laga- og hagfræðideildar. Þetta stendur í grg. Það er þess vegna ekki alveg áreiðanlegt, sem hv. frsm. sagði, að þetta hafi verið vel íhugað, áður en þessi breyting var gerð. Mér er ekki kunnugt um, hvers vegna hæstv. ráðh. hefur sett þessa breytingu inn, en látið svo standa í athugasemdum það, sem hann hefur verið búinn að setja inn, eða sú nefnd, sem samdi frv. Ég veit ekki, hver ástæðan er. Mér virðist, að gagnvart hæstv. ráðh. sé miklu hyggilegra að hafa þá skiptingu, sem við leggjum til. Mér sýnist, að hann hafi þá miklu frjálsari hendur um tilnefningu formanns. Ef sú skipting verður eins og gert er ráð fyrir í frv., þá skilst mér, að hæstv. ráðh. verði tilnefndur að skipa formann úr laga- eða hagfræðideild til þess að hafa ekki misræmi á milli. En verði hins vegar tveir og tveir, þá hefur ráðh. alveg frjálst val. Ég tel það því miklu hyggilegra í alla staði hans vegna, að þessi skipan verði á höfð.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en vænti, að hv. dm. sjái sér fært að samþ. þessa brtt. okkar hv. 2. þm. Árn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að koma hér með tvær litlar brtt. á þskj. 618.

Fyrri brtt. er um það að bæta við þrem orðum inn í fyrri hluta 3. gr. Mér finnst vanta þar, að það sé talað um bæði þau vísindi, sem tilheyra landbúnaðinum beint og fiskifræði beint. Það má að vísu segja, að undir landbúnaðinn heyri grasafræði o. s. frv., ýmsar af þeim upptalningum, þar sem talin eru upp undirstöðufög undir almennum greinum ýmsum bæði í landbúnaðinum og öðrum. En sjálf landbúnaðarfræðin er

þar ekki og ekki heldur það, sem beint kemur við fiskifræðinni.

Ég leyfi mér því að leggja til, að bætt verði þarna inn í þremur orðum: fyrst lífeðlisfræði, á eftir líffræði, það er ákaflega þýðingarmikil grein og kannske ein af þeim greinum núna, sem mest er unnið að rannsóknum á, önnur en kjarnorkan, og mest þarf að upplýsa á ýmsan hátt, og á eftir grasafræði komi aftur búvísindi og fiskifræði.

Það má kannske segja, að sumt, sem almennt er talið heyra undir búvísindi, geti heyrt annars staðar undir. Ég skal nefna þrjú dæmi frá okkur Íslendingum, þar sem gerðar hafa verið vísindarannsóknir alveg íslenzkar, byggðar upp á Íslandi og allar nú þekktar um allan heim, en óvíst er, að hefðu komizt undir þá upptalningu, sem í greininni er.

Ég skal fyrst nefna, þegar prófessor Dungal fann upp bóluefnið við bráðapest. Það var ný aðferð, nýr háttur að búa það bóluefni til, í öðru formi og af öðrum styrkleika og öðruvísi framkvæmt en áður hafði verið gert annars staðar. Heyrir það undir lækningar? Ja, dýralækningar eru nú yfirleitt ekki taldar heyra undir lækningar í mæltu máli, og læknarnir vilja ekki kannast við dýralæknana nema svona að hálfu leyti.

Þegar Björn Sigurðsson finnur upp bóluefni við garnaveikinni, sem hefur gert okkur ómetanlegt gagn almennt, var náttúrlega enginn vafi á því, að ef hann hefði leitað um styrk til þess að búa það til, hefði hann átt að fá hann. En undir hvað átti hann að heyra, eins og upptalningin er nú? Ég veit ekki. En hefðu landbúnaðarvísindi verið þar með, þá var enginn vafi.

Ég skal í þriðja lagi nefna, þegar Páll, sonur minn, finnur upp efni til að sprauta í ær, svo að heilinn í fóstrinu þroskist eðlilega, þó að þær gangi í fjörunni, og með því kemur í veg fyrir, að lömbin verði skjögruð, en þetta bjargar á hverju ári 40 þús. lömbum á landinu frá því að verða einskis virði, og fæðast skjögruð og drepast.

Þetta eru allt dæmi upp á uppfinningar gerðar hér á landi af mönnum, sem ekki eru kallaðir vísindamenn. En það eru verk gerð hér á landi, sem þeir hefðu átt að fá styrk til, ef þeir hefðu um hann sótt, en rúmast tæplega í greininni eins og hún er orðuð núna. Ég gæti talið upp fleira í þessu sambandi, en ég læt þetta brenna nægja. Vegna þessa legg ég til, að þessu sé bætt við, svo að þar sé enginn vafi á, að það, sem stefnir að því að upplýsa ný sannindi, ný vísindi, sem efla hagsæld sjálfra atvinnuveganna í landinu, komi þarna undir.

Hin brtt. mín er við 5. gr. og er viðvíkjandi stjórninni á raunvísindadeildinni. Það er ætlazt til, að sitji í henni fjórir menn auk þess fimmta, sem ráðh. skipar, og einn á að vera frá rannsóknaráði ríkisins. Ég tel rannsóknaráð ríkisins mjög óheppilegt sem aðila til að kjósa þarna mann. Þetta er nefnd kosin af Alþ. til 4 ára, og getur alltaf skipt um menn í henni. Henni er ekki ætlað annað starf en hafa eftirlit með ýmsum öðrum framkvæmdum, sem aðrir eiga að vinna. Ég tel hana þess vegna ekki neinn fulltrúa fyrir sjálft atvinnulífið í landinu. Rannsóknaráð ríkisins er náttúrlega, eins og ég sagði, nefnd, sem kemur og fer, þar að auki eru t. d. núna í henni menn, sem hafa atkvæðisrétt um þetta á öðrum sviðum. Björn Sigurðsson er læknir og hefur atkvæðisrétt. Hann er þar að auki í læknadeild háskólans og hefur atkvæðisrétt þar, svo að hann getur á þremur öðrum stöðum komið fram til þess að „representera", hverjir fara í stjórnina. Annar maðurinn, sem núna er í rannsóknaráðinu, er verkfræðingur og sá þriðji er enginn sem stendur. Ég legg þess vegna til, að kosnir séu fjórir menn af læknadeildinni og verkfræðideildinni, eins og gert er ráð fyrir í frv., og að auki sé einn frá atvinnudeild háskólans. Hún er í mörgum deildum, og maður gæti litið á hana sem fulltrúa fyrir vísindastarfið í hinum raunverulegu framleiðslugreinum landbúnaðarins. Þess vegna tek ég hana sem aðila frá framleiðslugreinunum. Mér datt í hug að taka mann frá Fiskifélaginu og Búnaðarfélaginu, en það gat orðið til þess, að mönnunum hefði þá þurft að fjölga. Ég vildi ekki verða til þess, og þess vegna valdi ég forstjóra deildanna í atvinnudeildinni til þess að velja einn mann og svo náttúrugripasafnið, sem er tvímælalaust sá aðilinn, sem á að hafa bezta aðstöðu í öllu, sem snertir almenna náttúrufræði. Ég legg til, að stjórnin verði svona skipuð í staðinn fyrir það, sem frv. nú gerir ráð fyrir.

Ég skal gjarnan, ef nefndin óskar þess, taka aðra hvora eða báðar þessar till. aftur til 3. umr., það skal ekki standa á mér að gera það. Ég held, að þær séu báðar til mikilla bóta, og sérstaklega alveg sjálfsagt að samþykkja fyrri tillögu mína.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka hv. menntmn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu á þessu máli. Mér þykir vænt um, að n. skuli hafa orðið sammála um meginefni málsins og allt það, sem meginmáli skiptir í frv. Ég vil þakka frsm. n. fyrir þau orð, sem hann lét falla um frv. í heild sinni og tilgang þess. Ég tel till. hennar á bls. 619 vera eðlilegar og mæli með því fyrir mitt leyti, að þær nái fram að ganga hér í hv. deild.

Varðandi fyrri till. á þskj. 618 frá hv. 1. þm. N-M. er það að segja, að við hana hef ég fyrir mitt leyti ekkert að athuga, heldur tel hana þvert á móti vera til bóta. Það var aldrei tilætlunin, að sú upptalning á greinum, sem raunvísindadeild vísindasjóðs skyldi styrkja, væri tæmandi, þar sem segir í þeirri gr., með leyfi hæstv. forseta: „Raunvísindadeild annast styrkveitingar til rannsókna á sviði náttúruvísinda, þar með taldar" og svo eru nefndar ýmsar greinar. Auðvitað má lengi um það deila, hvað slík upptalning á að vera ýtarleg, en ég hef síður en svo á móti því, að þarna sé bætt við þeim þremur greinum, sem hann leggur til, þ. e. lífeðlisfræði, búvísindum og fiskifræði. Það gerir upptalninguna meir tæmandi, þó að hún verði auðvitað ekki algerlega tæmandi heldur með þessu móti. Ég vil því fyrir mitt leyti mæla með því, að fyrri brtt. verði samþ. þegar við þessa umr.

Þá eru og uppi till. annars vegar frá hv. þm. V-Sk. og 2. þm. Árn. og hins vegar hv. 1. þm. N-M.

um breytingar á stjórn deilda sjóðsins, önnur um breytingar á stjórn hugvísindadeildarinnar og hin um breytingu á stjórn raunvísindadeildarinnar. Það má auðvitað lengi um það deila og ræða fram og til baka, hvernig stjórn þessara deilda skuli skipuð, og ég skal fúslega gera þá játningu, að ég var í miklum vafa um, hvað til skyldi leggja í þessum efnum. Ég fór þó að mestu leyti eftir till. n., sem undirbúið hafði málið, nema hvað í menntmrn. var gerð nokkur breyting á skipun stjórnar hugvísindadeildarinnar og meira að segja alveg á síðustu stundu. Er það orsök þeirrar skekkju, sem er í grg. frv. varðandi skipun stjórnar hugvísindadeildarinnar. Það var um skeið ætlun mín að leggja til, að heimspekideildin hefði tvo, laga- og hagfræðideildin hefði tvo og þann fimmta skipaði ráðh. En á síðasta stigi við meðferð málsins varð sú breyting á, að ég lagði það til, sem í frv. er. Í rn. gleymdist aðeins að lagfæra grg. til samræmis við þessa breytingu á frv. sjálfu. Þetta er smávægilegt atriði. Ég vil aðeins láta þess getið að gefnu tilefni frá hv. þm. V-Sk. En vegna þess að þetta er nokkurt álitamál, hvernig stjórn deildanna skuli skipuð, og raunar enn fleiri hugmyndir hafa verið uppi en þær, sem hér eru komnar fram till. um, vildi ég nú mega mælast til þess við flm. þessara tveggja till., að þeir tækju till. sínar aftur til 3. umr. og að n. athugaði þetta síðan milli umræðnanna. Verði fundur á morgun, vil ég óska þess við n., að hún taki það til athugunar síðdegis í dag og ræði þá við flm. tillagnanna um þetta, hvort ekki væri hugsanlegt, að samkomulag næðist innan n. og við þá í þessum efnum. Hér er um smáatriði að ræða varðandi málið í heild og auðvitað ekki neitt stjórnmálalegt ágreiningsefni, svo að æskilegt væri, ef unnt væri að ná um þessi atriði samkomulagi, eins og öll önnur atriði í frv., einnig þau, sem eru mergur málsins.

Frsm. (Finnbogi R. Valdimarsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég get tekið undir það með hæstv. ráðh., að ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að brtt. hv. 1. þm. N-M., þ. e. fyrri brtt. hans á þskj. 618, verði samþ. þegar við þessa umr., og tala ég þar fyrir hönd allrar n., því að ég hef ráðgazt við hv. meðnm. mína um þetta atriði.

Um hinar till. báðar, um skipun deildarstjórna, verð ég aftur á móti að segja, að meiri hl. n. getur ekki fallizt á þær að svo stöddu a. m. k., og vil einnig taka undir það með hæstv. ráðh., að ég teldi þó rétt, að þessar till. gætu komið til athugunar enn hjá n. og yrðu því teknar aftur til 3. umr.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Í trausti þess, að hæstv. ráðh. vinni að því að koma hér sættum á, tek ég till. mína aftur til 3. umr. Ég fer nú burt úr menntmn. og hv. 6. þm. Reykv. tekur þar sitt sæti, og ég vona, að hann haldi þá fram sjónarmiði háskólans í þessu máli.

ATKVGR.

Brtt. 619,1 samþ. með 12 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 618,1 samþ. með 14 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 619,2 samþ. með 13 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 612 og 618,2 teknar aftur til 3. umr.

5.—8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. visað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 109. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 627, 612, 618,2).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. var við 2. umr. samþ. samhljóða af hv. d., eftir að tvær brtt., önnur frá hv. menntmn. og hin frá hv. 1. þm. N-M., höfðu verið samþ. samhljóða. Við 2. umr. komu enn fremur fram tvær aðrar brtt. varðandi skipan stjórnar hinna tveggja deilda vísindasjóðs, þ. e. raunvísindadeildar og hugvísindadeildar. Var önnur till. frá hv. þm. V-Sk. og hv. 2. þm. Árn. varðandi stjórn hugvísindadeildar, en hin frá hv. 1. þm. N-M. varðandi stjórn raunvísindadeildar. Það var á það bent í umr., að óeðlilegt væri, að stjórn hugvísindadeildar væri þannig skipuð, að heimspekideild Háskóla Íslands tilnefndi tvo menn, en laga- og hagfræðideild einn, með þessu móti væri deildunum gert mishátt undir höfði, og lagt til, að þetta yrði jafnað þannig, að laga- og hagfræðideild tilnefndu tvo eins og heimspekideildin, en tilnefning af hálfu Félags íslenzkra fræða félli hins vegar niður.

Ég fyrir mitt leyti fellst á það sjónarmið, að óeðlilegt sé, að þær deildir háskólans, sem á annað borð eiga að tilnefna menn í stjórn hinna tveggja deilda vísindasjóðs, tilnefni ekki með sama hætti, hafi ekki sömu áhrif. Í stjórn raunvísindadeildar eiga tvær háskóladeildir að tilnefna sinn manninn hvor, læknadeildin einn mann og verkfræðideildin einn mann. Þess vegna væri eðlilegast, að þær tvær háskóladeildir, sem eiga að tilnefna menn í stjórn hugvísindadeildar, tilnefni einnig sinn manninn hvor. Þá er þeirri reglu fylgt, að þær 4 háskóladeildir, sem eiga að tilnefna menn í stjórn hinna tveggja d., eru allar jafnréttháar, tilnefna hver um sig einn mann í stjórn hinna tveggja deilda. Við þetta losnar eitt sæti í stjórn hugvísindadeildar, og virðist þá liggja mjög beint við að tilnefna í það sæti með hliðstæðum hætti og búið er að samþykkja að tilnefna skuli í fjórða sæti í raunvísindadeild, en í það sæti á að tilnefna af fundi fulltrúa frá vísindastofnunum, sem fást við rannsóknir á sviði raunvísinda. Væri með hliðstæðum hætti mjög eðlilegt, að í fjórða sæti í hugvísindadeild skuli skipa af fundi fulltrúa frá vísindastofnunum og félögum, sem fást við rannsóknir á sviði hugvísinda. Með þessum hætti væru d. skipaðar með alveg hliðstæðum hætti, tvær háskóladeildir tilnefna 2 menn í stjórn hvorrar deildar um sig, rannsóknaráð ríkisins tilnefnir einn mann í stjórn raunvísindadeildar

og fulltrúar vísindastofnana á sviði raunvísinda tilnefna annan. Með hliðstæðum hætti ætti þá Félag íslenzkra fræða að tilnefna einn mann í stjórn hugvísindadeildar vegna hinnar sérstöku þýðingar íslenzkra fræða í því sambandi og einn yrði tilnefndur af fundi fulltrúa frá vísindastofnunum og félögum, sem fást við rannsóknir á sviði hugvísinda.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja fram skriflega brtt. við ákvæðin um stjórn hugvísindadeildar í þessa átt og tel, að með því móti sé skipan deildarstjórnanna með eins hliðstæðum hætti og við er að búast að geti orðið.

Þetta mál var rætt á fundi í hv. menntmn. milli funda í þessari hv. d., og töldu þeir nefndarmenn, sem á fundi voru, — einn var að vísu fjarverandi, — að þessi breyting á skipun hugvísindadeildar væri til ótvíræðra bóta og að með þessum hætti væri skipan deildanna hliðstæð.

Varðandi þá till. hv. 1. þm. N-M., að í stað manns tilnefnds af rannsóknaráði ríkisins skuli koma maður tilnefndur af deildarstjórum atvinnudeildar háskólans og að í stað þess manns, sem á að tilnefna á fundi fulltrúa vísindastofnana í raunvísindum, komi fulltrúi frá deildarstjórum náttúrugripasafns, er það að segja, að ég treysti mér ekki til að mæla með þessari brtt. Frá upphafi hefur verið gert ráð fyrir því, að rannsóknaráð ríkisins væri aðili að tilnefningu í stjórn raunvísindadeildar. Það var ein af till. beggja n., sem undirbjuggu þetta mál á sínum tíma, og ég hygg, að það mundi sæta eindregnum andmælum af hálfu þeirra, ef þessi breyting yrði gerð. Ef deildarstjóri náttúrugripasafns yrði látinn koma í staðinn fyrir fulltrúa vísindastofnana á sviði raunvísinda, yrði aftur raskað því jafnvægi, sem er í skipun deildanna á þann hátt, að fundur tilnefni einn mann í stjórn beggja deildanna. Af þessum sökum treysti ég mér ekki til að mæla með samþykkt þeirrar till.

Ég leyfi mér að vænta þess, að með þessu samkomulagi, sem ég tel að hafi orðið í menntmn., verði till. þeirra hv. þm. V-Sk. og hv. 2. þm. Árn. tekin aftur. Sú brtt., sem ég vil leyfa mér að leggja fram skriflega, herra forseti, hljóðar þannig, með leyfi forseta:

Við 5. gr. B-liður orðist svo: Stjórn hugvísindadeildar er skipuð 5 mönnum. Skal einn tilnefndur af heimspekideild Háskóla Íslands, einn af laga- og hagfræðideild Háskóla Íslands, einn af Félagi íslenzkra fræða og einn af fundi fulltrúa frá vísindastofnunum og félögum, sem fást við rannsóknir á sviði hugvísinda. Menntmrh. boðar til fundarins, og skal ákveðið í reglugerð, hverja þangað skuli boða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 633) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil fyrst þakka hv. d. og hæstv. ráðh. fyrir, að hann gerði ekki aðalatvinnuveg landsins algerlega hornreka fyrir því að geta nokkurn tíma fengið nokkuð til vísindarannsókna úr þessum sjóði. Það var að mínum dómi mikil framför frá því, sem frv. kom fyrir d. Hins vegar virðist ekki hafa náð fyrir augum ráðh. eða n. að lofa þeim að vera neitt „representeraðir“ í sjóðsstjórninni, það á að halda þeim alveg utan við. Það er vitnað í, að rannsóknaráð ríkisins sé þar, og það mun eiga að vera þar sem fulltrúi atvinnulífsins í landinu. Í lögum um náttúrurannsóknir frá 1940 eru þau ákvæði, sem til eru um rannsóknaráð ríkisins. Þar er sagt, að skipa skuli þriggja manna n. til þriggja ára í senn og hún skal skipuð eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna. Alþingi á ekki að kjósa hana. Hún á að skipast á flokkslegum grundvelli. Það á hver þingflokkur af þeim þremur stærstu, hverjir sem þeir eru hverju sinni á Alþ., að ráða sínum manninum hver í n., og hún er skipuð til þriggja ára. Hvert er svo hennar verkefni? Hennar verkefni er það fyrst og fremst að vinna að eflingu á rannsóknum á náttúru landsins. Það er númer eitt. Það er náttúra landsins, sem hún á að vinna að. Annað: Að vera ríkisstj. til aðstoðar um yfirstjórn þeirrar rannsóknastarfsemi, sem ríkið heldur uppi, og aðstoða ríkisstj. á annan hátt, eftir því sem æskilegt þykir. Hún á að aðstoða ríkisstjórnina. Og það þriðja: Hún á að gæta hagsmuna íslenzkra náttúrufræðinga gagnvart útlendingum, sem vilja rannsaka landið. Og það fjórða: Henni er skylt að leyfa þeim útlendingum, sem hér vilja koma upp og gera einhverjar rannsóknir, að gera það, hafa eftirlit með, hvað þeir geri, og halda þeim niðurstöðum, sem þeir komast að, saman. Þetta er það, sem rannsóknaráðið á að gera. Og þessi þriggja manna n., sem kosin er til þriggja ára, á svo að kjósa í stjórn til deildarinnar til að „representera“ atvinnulífið í landinu. Það er dálagleg „representasjón“, sem á að koma þar inn.

Þess vegna hef ég lagt til, að í staðinn fyrir þetta kæmi atvinnudeild. Það eru þá þrjár sjálfstæðar deildir, ein, sem á að sjá um alli, sem viðkemur landbúnaðinum, önnur fiskiðnaðinum og þriðja iðnaðinum, hver með sínum forstjóra. Þær eru að vinna að þeim málum, sem koma við þessum atvinnuvegum, og þeir eru náttúrlega ekki heldur lýðræðislega kosnir til þess, þeir eru skipaðir til þess af viðkomandi ráðherra. Það eru embættismenn ríkisins. Það eru þó fastir menn, sem hafa ákveðin tengsli við atvinnulífið, en ekki hlaupamenn, sem koma sitt árið hver, eins og er í rannsóknaráðinu.

Þess vegna sér hver heilvita maður, þó að þeir fáist ekki til að breyta þessu kannske núna af einhverri hræðslu við einhverja menn einhvers staðar úti í bæ, sem hafa unnið að samningu nál., að það er engin „representasjón“ fyrir atvinnulífið í landinu, þó að rannsóknaráðið sé þarna.

Þar að auki er það svo, að síðan rannsóknaráðið, — nei, það er of mikið sagt, það væri rétt að segja, að síðan Emil Jónsson fór úr rannsóknaráðinu, hafi það ekki reynt að hafa áhrif á nokkurn skapaðan hlut annað en útlendingana, sem koma hingað til náttúrurannsókna. Það hefur haft samband við þá. Það hefur leyft þeim, hvað þeir mættu gera, og það var reynt að fá upp þær niðurstöður, sem þeir hafa komizt að, og halda þeim saman. Það hefur gert

það, annað ekki. En mér þætti gaman, ef ráðh. vildi nefna eitt, bara eitt dæmi um það, að þeir hafi að einhverju leyti einhvern tíma skipt sér af atvinnulífinu í landinu, síðan Emil Jónsson fór úr því, að þeir hafi t. d. óskað eftir því, að það væri tekin upp einhver ákveðin rannsókn um eitthvert ákveðið viðfangsefni, sem atvinnulífið kallar á, að þeir hafi t. d. lagt grundvöllinn að því, að það væri farið í síldarleit, farið að rannsaka fiskimið, rannsaka átuna í kringum landið eða að þeir hafi átt frumkvæðið að því, að rannsakað væri gagnvart mæðiveikinni, hvernig hún breiddist út og hvernig hún ætti að heftast og hvernig væri hægt að lækna hana. Ef hann getur bent á eitt atriði, sem rannsóknaráðið hefur gert og sýnir, að það sé í tengslum við hið lifandi þjóðlíf í landinu og atvinnugreinarnar, þá skal ég undireins slaka til meira eða minna af minni till. En ég skal ábyrgjast, að hann mun ekki finna eitt einasta dæmi, ekki eitt einasta. Ég er því það kunnugur. Þess vegna er það alveg út í loftið og sýnir ekkert annað en fyrirlitningu á atvinnulífinu og lítilsvirðingu, að þeir vilja láta koma inn í deildina, inn í „representasjónina“ á þessari deild, mann frá rannsóknaráði, sem hefur engin tengsl við það lifandi líf, atvinnuvegina. Það er ekkert annað.

Ég geri ráð fyrir, að þessi till. mín verði felld. Ég fell ekki frá henni og óska, að hún komi undir atkv.

Þá skal ég benda á annað atriði, úr því að ég stend upp og er farinn að tala um frv. almennt. — Í 6. gr. frv. stendur: „Stjórn deildar getur þó boðið vísindamanni eða forráðamanni rannsóknarstofnunar fjárstyrk til ákveðinna rannsókna.“

Er það meiningin, að forráðamenn vísindastofnana eigi ekki að vera vísindamenn? Það getur boðið vísindamönnum það eða þá forráðamönnunum. Þeir eru ekki vísindamenn, þeir eru bara forráðamenn stofnananna. Ég hélt, að þeir ættu að vera vísindamenn líka og að það væri bara hortittur þarna í lögunum og ekkert annað.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér þótti hv. 1. þm. N-M. (PZ) óþarflega stóryrður í sambandi við jafneinfalt mál og hér er um að ræða og mál, sem er þess eðlis, að ástæðulaust er að deila um það af miklum skaphita. Hann sagði, að sér fyndist það nálgast fyrirlitningu á atvinnuvegum landsins að ætla rannsóknaráði ríkisins að tilnefna einn mann í stjórn raunvísindadeildar, en ekki deildarstjórum atvinnudeildar, og hann bað um, að nefnt yrði eitt dæmi þess, að rannsóknaráðið hefði haft frumkvæði að rannsóknum í þágu atvinnuveganna.

Þessu til svars vil ég aðeins leyfa mér að benda honum og hv. dm. á, hvernig skipulagi þessara mála er varið. Rannsóknaráð er stjórn atvinnudeildar háskólans. Stjórn atvinnudeildar háskólans er í höndum atvmrh. og rannsóknaráðs ríkisins, sbr. ákvæði 13. gr. laga um náttúrurannsóknir, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Atvinnumálaráðherra hefur yfirstjórn atvinnudeildar með aðstoð rannsóknaráðs ríkisins.“

M. ö. o.: ráðh. hefur æðsta valdið, en hin raunverulega stjórn atvinnudeildarinnar er í höndum rannsóknaráðs ríkisins. Síðan skiptist atvinnudeildin, eins og menn vita, í deildir: fiskideild, búnaðardeild og iðnaðardeild, — í þrjár deildir, sem hver um sig hefur sinn deildarstjóra. Það, sem hv. þm. leggur til, er, að deildarstjórarnir tilnefni menn í stjórn raunvísindadeildar, þ. e. að undirmennirnir tilnefni, en yfirmennirnir fái þar hvergi að koma nærri. Það sjá allir, að hér væri um hina furðulegustu skipun að ræða. Þeir, sem stjórna fyrirtækinu í heild, eiga ekki að koma fram fyrir það út á við, heldur eiga undirmenn að koma fram út á við fyrir hönd fyrirtækisins. Þetta væri álíka og ef ákveðið væri með ákvæði í lögum, að aðalbókari og aðalféhirðir Landsbankans t. d., svo að ég nefni eitthvert dæmi, — það var verið að ræða bankamálin hinum megin við vegginn, því dettur mér það í hug, — þeir skuli koma fram fyrir hönd bankans út á við, en ekki bankastjórarnir, hin eiginlega stjórn hans.

Þegar hv. þm. spyr um, hvaða rannsóknarverkefni rannsóknaráðið hafi annazt, þarf ég ekki að nefna nema eitt dæmi um það. Öll rannsóknarverkefni atvinnudeildar háskólans eru gerð undir yfirstjórn og að meira eða minna leyti fyrir frumkvæði rannsóknaráðsins, á þess ábyrgð sem yfirmanna stofnunarinnar. Það skiptir svo náttúrlega ekki máli, að deildarstjórarnir eru auðvitað meira eða minna sjálfstæðir í sínum störfum og hafa frumkvæðið í ýmsum ágætum hlutum. En störf þeirra eru á ábyrgð yfirmanna þeirra, sem ég efast ekki um að hafi fylgzt vel með, gegnt embættisskyldu sinni og fylgzt með því, hvað er að gerast í þeim stofnunum, sem þeir eiga að stjórna, og ekki aðeins vita, hvað er að gerast, heldur einnig stundum átt frumkvæði. Rannsóknaráðið hefur verið skipað eftirtöldum mönnum: Ásgeiri Þorsteinssyni verkfræðingi, dr. Birni Sigurðssyni lækni og Pálma Hannessyni rektor, meðan hans naut við, en maður hefur ekki verið skipaður í hans stað. Allt eru þetta valinkunnir hæfileika- og sæmdarmenn, sem aldrei hvarflar að mér eitt andartak, að hafi ekki gegnt embættisskyldu sinni samkvæmt lagaákvæðum með hinum allra bezta og æskilegasta hætti.

Páll Zóphóníasson: Það fór eins og mig varði. Hæstv. ráðh. gat ekki komið með eitt dæmi um eitt einasta mál, sem rannsóknaráð ríkisins hefði átt frumkvæðið að og hefði verið tekið fyrir fyrir atvinnuvegina, — ekki eitt. Hann vitnaði í lögin og vitnaði í það, að þeir hefðu yfirumsjón með atvinnudeildinni.

Nú skulum við líta svolítið nánar á þetta að gefnu tilefni. Við skulum fara t. d. til annarra landa, við skulum skreppa til Danmerkur. Þar er tilsvarandi rannsóknaráði ríkisins ráð, sem kosið er og skipað af ríkisstj. og á að hafa eftirlit með öllum tilraunum við búfjárrækt. Það ræður, hvað er tekið fyrir, og í hvert skipti sem fram kemur eitthvað, sem hefur verið tekið fyrir að þess tillagi af stofnunum eins og atvinnudeildunum, þá er gefinn út um það ritlingur, og þá byrjar hann ævinlega á formála frá þeim, hvernig

standi á, að málið hafi verið tekið fyrir, og hvernig hafi verið unnið að því, og svo, þegar þeir eru búnir með sinn formála, kemur sjálf greinargerðin og niðurstaða rannsóknanna, sem um er að ræða.

Við skulum líta á, hvernig þetta hefur verið hérna. Af tilviljun lagði einhver á borðið hjá mér um daginn rit landbúnaðardeildar, A-flokk, nr. 5. Haldið þið, að rannsóknaráðið komi þar nokkurn tíma við? Það var öðru nær, það vissi ekki, hvað var að gerast, fyrr en búið var að prenta pésann. Það er forstöðumaður deildarinnar, sem prentar hann. Það er ekki neitt frá rannsóknaráðinu um, að það hafi skipulagt tilraunirnar og ákveðið, að þær skyldu gerðar, eða samþykkt, að þær yrðu gerðar. Nei, það hefur aldrei verið minnzt á það að taka tilraunina upp. Rannsóknaráðið skipti sér ekki af því.

Ef við förum til Noregs, þá er alveg sama að segja. Ef við förum til Danmerkur í aðrar tilraunir, þá er hið sama að segja þar. Þar er líka fimm manna nefnd, skipuð af ríkisstj. og kosin af félagasamtökum, sem ræður, hvaða tilraunir eru gerðar, og í hvert skipti sem kemur tilkynning um, að einhver tilraun hafi verið gerð, og niðurstöður hennar, þá er það náttúrlega yfirmaðurinn, sem byrjar á því að skrifa formála og skýra frá tildrögum til þess, að tilraunin hafi verið gerð, o. s. frv. Svo kemur skýrslan frá forstöðumanninum.

Við skulum segja, að það sé lögum samkvæmt, að þeir eiga að gera þetta hér, hafa forgöngu um þetta, en það hafa þeir bara ekki gert. Og ráðh. gat ekki nefnt eitt einasta dæmi. Hann bara vitnar í lögin.

Það er alveg sama, í hvaða land við förum, þar sem yfirstjórn er yfir einhverjum hlutum, þar er það hún, sem gefur út skýrslu og ákveður, hvað gert er. En hér hefur aldrei verið meiningin, að það væri svo. Rannsóknaráð var sett upprunalega til þess að hafa eftirlit með náttúrurannsóknum hér á landi, sérstaklega útlendinga, og til þess að reyna að safna í eina heild þeim niðurstöðum, sem yrðu í náttúrurannsóknum. Það hefur það gert. Það hefur gert það og rækt það starf vel, og það er allt í lagi með það. En hitt hefur það bara aldrei gert. Þess vegna er það, að það er ekki í nokkrum lifandi tengslum við sjálft atvinnulífið í landinu, og það mætti segja mér, að við gætum farið til mannanna, sem núna eru í rannsóknaráði, þessara tveggja, og sagt við þá: Heyrið þið, hvað var nú í skýrslunni, sem fiskideild gaf út um átu í sjónum, eða í skýrslunni, sem landbúnaðardeildin gaf út um fitun lamba á ræktuðu landi? Þeir hefðu ekki hugmynd um það. Ég hugsa, að við gætum spurt þá um hverja einustu skýrslu, sem út hefur verið gefin og þeir hafa átt að hafa yfirstjórn með að væri gerð, án þess að þeir vissu, hvað í þeim stæði.

Þess vegna er það, að það er ekki hægt að sýna atvinnuvegum landsins meiri fyrirlitningu en þá að vilja ekki á neinn hátt hafa í yfirstjórninni yfir raunvísindadeildinni menn, sem þekkja atvinnulífið og vita, hvað þar er um að ræða og hvar skórinn kreppir að. En þetta er kannske eðlilegt, þegar það er undirbúið af mönnum, sem ekki vita, hvað atvinnulífið í landinu er og hvar skórinn kreppir að og hvað þar þarf að gera, — sem gleyma að ætlast til þess, að unnt sé að gera vísindatilraunir fyrir landbúnað og fiskiðnað, — það á bara að gera það fyrir grasafræði, það á bara að telja, hvað margir litningar eru í fiflunum og sóleyjunum o. s. frv., og vera ágætt af því, og það er út af fyrir sig ágætt verk að gera það — allt slíkt, það er allt í lagi með það. Það er líka allt í lagi með að rannsaka nákvæmlega, hvenær Hekla gýs, hvernig þar hagar til o. s. frv., og þar átti rannsóknaráðið sinn stóra hlut í, ágætan hlut í viðkomandi náttúrurannsóknum landsins. En sjálft atvinnulífið hefur það staðið utan við og stendur utan við, og það á að vera það, sem ræður að nafninu til, hvað vísindasjóðurinn á að gera fyrir atvinnulífið. Móti því er ég, og ég tek mína till. ekki aftur. Það má vera, að hún verði felld. Ég geri ráð fyrir því, því að líklega er meiri hl. deildarinnar með ráðh. í því að ætlast til þess, að það eiginlega atvinnulíf komi helzt ekki til greina hér, það sé bara pjatt, þýðingarlítið „húmbúg“, sem eigi að gera þar, það séu ekki nein vísindi, — það átti að vera utan við að geta fengið nokkurn styrk úr þessum sjóði o. s. frv. Ég geri ráð fyrir því, að meiri hl. d. fylgi því. Það sýnir sig.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég fagna því, að hæstv. ráðh. og menntmn. hafa komizt að raun um við nánari athugun, að stjórn hugvísindadeildar, eins og ætlað var í frv., fær vart staðizt, og ég get fyrir mitt leyti fallizt á, að brtt. hæstv. ráðh. sé til bóta, og mun greiða henni atkv., og þar með tökum við till. á þskj. 612 aftur.

ATKVGR.
Brtt. 612 tekin aftur.
Brtt. 618,2 felld með 9:2 atkv.
Brtt. 633 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 107. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 634).

Á 108. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Ed. og var samþ. þar við 3. umr. síðdegis í dag með shlj. atkv. deildarmanna.

Ég ætla ekki að fjölyrða um meginefni frv., en læt mér nægja að vísa í þessu sambandi til þeirrar grg., sem frv. fylgir. Ég skal aðeins geta þess, hvaða breyt. hv. Ed. gerði á frv., allar með shlj. atkv. Bætt var inn í frv. ákvæði um, að a. m. k. 5% af árlegum tekjum sjóðsins skuli lagt í sérstakan sjóð, er nefnist stofndeild vísindasjóðs. Höfuðstólinn á aldrei að skerða, en heimilt er að verja vöxtum af fé stofndeildar til almennrar starfsemi sjóðsins. — Þá var bætt þremur greinum inn í upptaln-

ingu þeirra fræðigreina, sem raunvísindadeild sjóðsins skal ætlað að styrkja. — Þá var fækkað í yfirstjórn sjóðsins, úr 7 mönnum í 5. — Að síðustu var gerð smávægileg breyting á stjórn annarrar deildar sjóðsins, hugvísindadeildarinnar, þannig að þeim fulltrúum, sem tilnefndir skyldu vera af heimspekideild háskólans, var fækkað úr 2 í 1, en í staðinn gert ráð fyrir, að einn sé kosinn af fundi fulltrúa frá vísindastofnunum og félögum, sem fást við rannsóknir á sviði hugvísinda.

Þessar breytingar allar voru samþ. shlj. í hv. d. og frv. afgreitt shlj. úr deildinni.

Ég vil því leyfa mér að óska þess, að frv. fái greiðan gang gegnum þessa deild, og vænti þess, herra forseti, að því verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Nd., 28. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 634, n. 667 og 669).

Frsm. meiri hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta felur í sér nýmæli, að stofna skuli sérstakan sjóð, sem ber nafnið vísindasjóður, og skulu tekjur sjóðsins a. m. k. vera 800 þús. kr. árlegt framlag. Þessara tekna verður aflað samkvæmt ákvæðum um skemmtanaskatt í frv., sem verið var að afgr. hér á þessum fundi. Tekjum þeim, sem safnast í þennan sjóð, verður varið til þess að styðja vísindarannsóknir, bæði svonefnd raunvísindi og hugvísindi, en stjórn sjóðsins ákveður skiptingu fjárins milli þessara deilda.

Það getur ekki leikið á tveim tungum, að verkefni á því sviði, sem sjóðnum er ætlað að styrkja, eru mjög mikil og margþætt í þessu landi. Í sambandi við aukna tækni og nýjar vísindagreinar hljóta þau verkefni að verða æ fjölþættari, eftir því sem tímar líða. Þegar litið er til þess m. a., að nú eru aðeins um það bil 50 ár síðan raforkan var fyrst tekin í þjónustu þessarar þjóðar, og borið er saman við það, hve mikil áhrif hún hefur nú á líf manna og veitir mikil þægindi, þá má gera sér í hugarlund, hve kjarnorkan geti orðið ríkur þáttur í lífi manna á næstu áratugum. En með frv. þessu er einmitt að því stefnt að hlynna að þeim rannsóknum, sem eru á byrjunarstigi í okkar þjóðfélagi á sviði kjarnorkuvísindanna. Ég hygg því, að það muni engum hv. þm. blandast hugur um, að hér er um mjög merkilegt mál að ræða, og er það till. meiri hl. menntmn. þessarar deildar, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Frsm. minni hl. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hér hefði nú átt að liggja fyrir nál. frá minni hl. menntmn. um þetta mál, handriti af því var skilað í gærkvöld, en því hefur ekki verið útbýtt enn, svo að ég mun rekja efni þess í höfuðdráttum og einnig brtt., sem minni hl. n. hugðist flytja við þessa umr. málsins, en þær brtt verða þá að bíða til 3 umr.

Þetta frv. er að langmestu leyti samhljóða frv., sem mþn., skipuð af fyrrv. menntmrh., hv. núverandi 1. þm. Reykv. (BBen), hafði samið. Í þeirri n. áttu sæti þeir Birgir Kjaran hagfræðingur, prófessor Ármann Snævarr, dr. Júlíus Sigurjónsson, dr. Björn Sigurðsson og Pálmi rektor Hannesson. N. vann geysimikið starf við undirbúning og samningu þessa frv. Okkur í minni hl. n. tókst að afla okkur gagna þessarar n., og voru í því mjög fróðlegar upplýsingar, sem okkur þótti rétt að þm. ættu kost á að kynna sér, og létum við því prenta þá kafla úr grg. þeirra fimmmenningana, sem ekki eru prentaðir með frv. eins og það liggur hér fyrir. Við létum prenta þá kafla ásamt frv., eins og þeir sömdu það, og skýringum við einstakar gr. sem fylgiskjal með nál. okkar.

Þær breytingar, sem frv. þessarar n. tók í ráðuneytinu, varða fyrst og fremst fjárhag vísindasjóðs og stjórn hans. Hér er gert ráð fyrir, að tekjur vísindasjóðs séu árlegt framlag úr menningarsjóði, a. m. k. 800 þús. kr. Eins og 1. gr. er orðuð, mætti líta svo á, að vísindasjóði gætu alls ekki komið tekjur annars staðar að, og væri mun heppilegra, ef í 1. gr. væri einnig ákvæði um, að tekjur sjóðsins yrðu að öðru leyti eftir því, sem nánar væri ákveðið í öðrum lögum.

2. gr. er orðrétt upp úr frv. þeirrar n., sem ég gat um áðan, sömuleiðis 3. gr.

En um 4. gr. gegnir öðru máli, því að þar er fjallað um stjórn sjóðsins. N., sem skipuð var árið 1956 af fyrrv. menntmrh., lagði til, að stjórn vísindasjóðs yrði þannig skipuð, að í henni væru þrír menn, formenn beggja sjóðsdeilda, hugvísinda- og raunvísindadeildar, og svo formaður n., sem væri skipaður af menntmrh. Á þennan hátt hugði n., að vísindasjóður yrði fremur óháður pólitískt, en þó í vissum tengslum við ríkisvaldið og fjárveitingavaldið, með því að formaður sjóðsins væri skipaður af menntmrh. Hins vegar teljum við í minni hl. menntmn. alveg ástæðulaust, að Alþ. skipi stjórn stofnunar eins og vísindasjóðs. Þar eiga fyrst og fremst að vera menn, sem hafa þekkingu til að bera á vísindalegu sviði og eru dómbærir um það, hve mikils fjár hverri vísindagrein er vant hverju sinni.

Úr 6. gr. frv., eins og það kom frá þessari n., hefur verið fellt í ráðuneytinu ákvæði um, að deildarstjórnum sé heimilt að ráða vísindalega menntaðan ritara til undirbúnings styrkveitinga, eftirlits með hagnýtingu styrkja og annarra tæknilegra starfa. Þetta ákvæði hefur mjög mikla þýðingu, þar eð um þetta getur ekki fjallað annar en sá, sem hefur þekkingu á viðkomandi vísindagreinum til að bera.

Enn fremur gerði þessi n. till. til fjáröflunar, sem eru mun skynsamlegri en sú að taka fé vísindasjóðs af gjaldi aðgöngumiða að kvikmyndasýningum. Aðalfjáröflunarleiðin var sú, að lagt yrði einnar krónu aukagjald á hverja áfengisflösku, sem seld væri í landinu. Var talið, að sú tekjulind mundi nema nær 900 þús. kr., og enn fremur var bent á fleiri fjáröflunarleiðir, svo sem gjald af happdrættisleyfum og hlutaveltuleyfum. Þó var þessi gr. með fyrirvara af

n. hálfu, sem skýrður var í mjög fróðlegri grg. um ýmsar hugmyndir um fjáröflun í þessu skyni. M. a. var þar getið um, að afla mætti vísindasjóði fjár með skattfríðindum, en hliðstæð ákvæði hafa oft gefizt mjög vel. Í heild má segja um fjárhag væntanlegs vísindasjóðs, að það hefði sannarlega verið vert að athuga hann miklu nánar, þegar þess er gætt, að það framlag, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, er í raun og veru mjög lágt til þessara þarfa. Við vitum, að gífurlega margt er ógert í okkar landi einmitt á sviði vísindalegra rannsókna, bæði hugvísinda og jafnvel í enn ríkari mæli raunvísinda, og raunvísindarannsóknirnar eru mun kostnaðarsamari en hinar. Bara sjálf tækin, sem til rannsóknanna þarf, kosta oft tugi eða jafnvel hundruð þúsunda. Þannig mundi slíkur vísindasjóður, ef koma ætti að verulegu gagni, þurfa miklu meira fé en hér er gert ráð fyrir. Sú minnsta breyting, sem gera þyrfti á þessari 1. gr. um fjárhag vísindasjóðs, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir að hann verði, væri þó að setja ákvæði um, að tekjur hans mættu einnig koma frá öðrum stofnum, eftir því sem nánar væri ákveðið í öðrum lögum.

Minni hl. menntmn. telur mjög varhugavert að afgreiða þetta mál, án þess að hv. þdm. gefist kostur á að athuga gögn þeirrar n., sem bar þungann af starfinu við samningu þessa frv. Þar koma fram mjög mikilsverð atriði, sem hljóta að varða þetta mál, ef það er ekki eindregin stefna þeirra, sem standa að þessu frv., að kastað verði til höndum um afgreiðslu málsins. Þess vegna leggjum við til, að málinu verði ekki hraðað svo í gegnum deildina, að þm. gefist ekki kostur á að athuga þessi gögn, sem verða prentuð með nál. okkar.

Enn fremur vil ég geta þess, að háskólaráð sendi menntmn., ég hygg reyndar, að það hafi verið menntmn. Ed., umsögn um frv. Í bréfi háskólaráðs kom fram, að sú skipan, sem fyrirhuguð er í þessu frv. á stjórn sjóðsins, sé mjög óheppileg að þess áliti. Háskólaráð taldi, að stjórn sjóðsins þyrfti að vera í höndum ópólitískra vísindamanna, eins og upphaflega hafði verið ráðgert, og enn fremur þótti háskólaráði nauðsynlegt, að vísindasjóður gæti verið sjálfstæðari um fjárhag en gert er ráð fyrir í þessu frv.

Einnig nefndi háskólaráð, að rétt væri að heimila deildarstjórnum að ráða vísindalega menntaðan ritara, svo sem ráð var fyrir gert í upphaflega frv. Loks voru í upphaflega frv. nokkuð öðruvísi ákvæði um skipan deildarstjórnanna. Það var gert ráð fyrir, að í stjórn raunvísindadeildar væri einn fulltrúi valinn af fundi deildarstjóra atvinnudeildar, en í frv. eins og það er nú, er gert ráð fyrir, að einn fulltrúi verði valinn af fundi manna frá vísindastofnunum, sem fást við rannsóknir á sviði raunvísinda, og menntmrh. boði til þess fundar.

Háskólaráð lagði einnig til, að í stjórn hugvísindadeildar væru tveir fulltrúar frá heimspekideild háskólans og tveir fulltrúar frá laga- og hagfræðideild og einn frá guðfræðideild, að mig minnir. En eins og ég sagði áðan, hef ég því miður ekki gögnin í höndum, því að þau eru enn í prentsmiðjunni, en við munum flytja brtt. í samræmi við þau gögn við 3. umr. þessa máls.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Þetta mál, sem hér er til 2. umr., um stofnun vísindasjóðs, er mjög merkileg hugmynd, og það er vissulega mikil þörf á því, að til sé einhver sjóður í landinu, sem hlynnt geti að íslenzkum vísindarannsóknum á margvíslegum sviðum. Það hafa verið mjög litlir möguleikar til þess að stuðla að slíkum rannsóknum nema þá á þann máta, að einstakar smáfjárhæðir hafa verið veittar í fjárl. til styrktar ýmsum mönnum til vissra athugana, en þó er þetta í mjög litlum stíl. Jafnframt mun hafa a. m. k. einu sinni í fjárl. verið veitt fjárhæð til háskólans til þess að skapa möguleika á því, að sérfræðingar gætu sinnt ákveðnum athugunum í sinni grein, eftir að þeir hafa lokið lokaprófi, en gallinn hefur verið sá, að hér hefur þess naumast verið kostur fyrir menn, sem hafa haft áhuga á að halda áfram rannsóknum í sínu fagi, eftir að þeir hafa lokið háskólaprófi, að stunda slíkar rannsóknir. Þetta byggist á því, að þeir hafa ekki haft neina möguleika til fjáröflunar í þessu skyni, og það hefur vantað sem sagt tilfinnanlega aðstöðu fyrir þá í þessu sambandi. Þeir hafa því orðið, flestir sem prófi hafa lokið, að snúa sér að því að afla sér einhvers lífsstarfs og ráða sig þá oftast nær í þjónustu ríkisins, ef þess hefur verið kostur. Þessir menn hafa síðan verið störfum hlaðnir við sín skyldustörf og því haft miklum mun minni möguleika en ella til þess að geta sinnt ákveðnum rannsóknarefnum.

Það er vitanlega brýn nauðsyn fyrir Íslendinga, ekki síður en aðrar þjóðir, að efla hér margvíslega vísindastarfsemi, bæði raunvísindi og hugvísindi, og reyna að skapa mönnum skilyrði til þess að leita sem mestrar þekkingar í þessum vísindum.

Af þessum sökum er það mjög mikilvægt spor að mynda sjóð, sem sérstaklega hafi þetta hlutverk með höndum.

Nú er það að vísu svo varðandi styrkina til rannsóknarstofnana, að flestar þær rannsóknarstofnanir, sem hér er um að ræða, munu nú vera reknar á vegum ríkisins, eða allar slíkar stofnanir, þannig að það má segja, að það ætti að vera hlutverk fjárveitingavaldsins hverju sinni að veita slíkum stofnunum nauðsynleg fjárráð til þess að efla sína starfsemi. Ég tel því, að það sé e. t. v. ekki mikilvægasti þáttur sjóðsins að efla slíka starfsemi, heldur fyrst og fremst, eins og ég áðan gat um, að reyna að tryggja það, að efnilegir vísindamenn geti aflað sér sem víðtækastrar þekkingar og fræðslu í sínum sérgreinum og aflað þjóðinni þannig vísindaþroska, sem henni gæti að miklu gagni komið á þessari tækniöld.

Ég tel því, að það sé tvímælalaust spor í rétta átt, að sérstakur vísindasjóður sé settur á stofn. Það er hins vegar svo, eins og ég áðan gat um og áður hefur verið bent á hér í umr. um öll þessi þrjú frv., sem eru tengd hvert öðru, að þetta eru yfirgripsmikil mál, uppbygging þessarar starfsemi allrar, sem hér er um að ræða, og hefði því verið mjög mikill fengur að því, ef auðið hefði verið að athuga þessi mál betur.

mjög mikill fengur að því, ef auðið hefði verið að athuga þessi mál betur.

Nú kemur það t. d. í ljós eftir upplýsingum hv. 8. þm. Reykv. (RH), að Háskóli Íslands, sem tvímælalaust hefur þó mesta þekkingu í þessum efnum, hafi talið, að tilhögun um stjórn þessa vísindasjóðs sé ekki á allan hátt æskileg. Þegar þetta liggur fyrir og þess er gætt, að hér er um stofnun að ræða, sem tvímælalaust er eðlilegt að hlusta á till. frá og íhuga þær af gaumgæfni, þá verður því varhugaverðara að flana mjög að setningu löggjafar sem þessarar, sem lengi á að standa, því að það er vitanlega mikilvægt, að þegar frá byrjun sé fundið sem heppilegast form fyrir þá starfsemi, sem hér er um að ræða, því að það býr lengi að fyrstu gerð, eins og þar segir, og því mikil nauðsyn, að undirstaðan sé sem traustust undir þessari nýju starfsemi, sem hér er að fara af stað.

Þess hefur ekki verið kostur, eins og hv. frsm. minni hl. gat um í ræðu sinni áðan, að kynnast þeim sjónarmiðum, sem fram komu í fylgiskjölum þeim, sem mér skilst að séu prentuð með nál. minni hl., og má gera ráð fyrir, að þar hefði verið að finna ýmiss konar fróðleik um þessi efni.

Ég tel það mjög miður, ef það reynist óumflýjanlegt og ef það er ætlunin að hraða svo 2. umr. um þetta mál, að ekki séu áður tök á að athuga þetta nál. Ég vil því mjög mega vænta þess, að hæstv. forseti sæi sér fært að fresta afgreiðslu málsins við þessa 2. umr. eða fresta 2. umr., þangað til þdm. hefðu haft aðstöðu til þess að kynna sér þetta nál. Það var að vísu vikið að ýmsum atriðum úr því í framsöguræðu hv. frsm. minni hl., en þó tekið fram í mörgum efnum, að í nál. eða fskj. með því væri að finna nánari upplýsingar og rökstuðning fyrir þeim sjónarmiðum, sem þar komu fram.

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um málið, en kvaddi mér aðallega hljóðs til þess að benda á þessa staðreynd, sem hér liggur fyrir, að það virðist sem sagt svo sem háskóli landsins sé ekki alls kostar ánægður með þá skipan, sem hugsað er að hafa á þessum efnum, og mér sýnist, að það sé vissulega þess virði að kynna sér sem rækilegast það álit háskólans, áður en Alþingi afgr. löggjöf sem þessa, sem hér hefur aðeins verið til meðferðar örskamman tíma og gildir sama um eins og það frv., sem var hér rætt áðan og ég minntist á, að það er ekki tekið til umr. í þingi fyrr en á síðustu dögum þess, þegar annir eru að verða sem mestar og því erfitt um vik að setja sig svo inn í málið sem skyldi.

Björn Ólafsson: Herra forseti. 1. gr. þessa frv. kveður svo á um, að hér skuli stofna sjóð, sem nefnist vísindasjóður. Tekjur sjóðsins eru árlegt framlag frá öðrum sjóði, sem heitir menningarsjóður, og í viðbót við þennan vísindasjóð á svo að stofna enn annan sjóð, sem á að nefnast stofndeild vísindasjóðs. Ekki er skýrt frá, í hvaða skyni sá sjóður er stofnaður. En því tek ég þetta upp úr 1. gr., að mér finnst öll þessi bygging æði einkennileg. Það er orðið áberandi hjá okkur, hversu miklar krókaleiðir eru notaðar til þess að afla fjár í alls konar sjóði, sem hið opinbera eða aðrir vilja stofna.

Auðvitað eru þessar krókaleiðir til komnar af því, að allir eru í vandræðum með að afla fjár til þeirra mörgu og ég vil segja stundum þörfu og óþörfu stofnana, sem menn vilja stofna. Þetta er aðeins staðfesting á því, að við viljum í fjárvana landi koma upp stofnunum hér á öllum sviðum, sem venjulega aðeins stóru þjóðirnar eru færar um að koma á fót og færar um að halda uppi. En við leggjum fram frumvörp, og þar ákveðum við, að þessi sjóður skal leggja fé í annan sjóð, svo að hann geti starfað, og svo á þessi sjóður að leggja fé í þriðja sjóðinn, m. ö. o., að þessi sjóður á að sjá öðrum sjóði fyrir sjóði.

Menningarsjóður, sem hér var til umr. fyrir stundu, á að sjá þessum sjóði fyrir fé. Ég tók ekki til máls, þegar menningarsjóður var til umr., en mér hefur oft runnið til rifja að sjá, á hvaða grundvelli sá sjóður er byggður. Honum er nú ætlað að fá meira fé en áður, en frá byrjun hans hefur hann raunverulega lifað á eymd þjóðfélagsins. Hann hefur lifað á eymd þjóðfélagsins, og þannig er honum ætlað að lifa áfram, og honum er ætlað að halda uppi og borga 800 þús. kr. a. m. k., eftir því sem frv. segir, í vísindasjóðinn. Og þessir sjóðir, sem eiga að bera upp menninguna og vísindastarfið í landinu, standa því báðir á þeim grundvelli eymdarinnar, sem þeim er ætlað að ná fé úr til sinna starfa. — En nú er svo komið, að gert er ráð fyrir að afla menningarsjóði fjár með talsvert virðulegri hætti en verið hefur hingað til. Hann hefur að vísu haft þá heimild að fá andvirði þeirra skipa, sem boðin yrðu upp, en tekin hafa verið í sambandi við áfengismál, Það eru víst liðin mörg ár, síðan menningarsjóður hefur fengið hvalreka á sínar fjörur úr þessari átt. En nú á að afla sjóðnum miklu virðulegri tekna með því að skattleggja almennustu og ódýrustu skemmtun alls fólksins í landinu og þá sérstaklega skemmtun þeirra, sem fátækari eru. Þetta út af fyrir sig sýnir, hvað við erum komnir í miklar ógöngur með að afla þessari starfsemi til menningar og vísinda nauðsynlegs fjár. Við ætlum að leggja ofan á þá skatta, sem þegar eru fyrir og eru þungir, álag á þessar skemmtanir almennings, kvikmyndasýningarnar. Hvernig sem menn kunna að líta á það mál yfirleitt, hvort kvikmyndasýningar séu þarfar eða óþarfar, þá verður ekki fram hjá því gengið, að þetta er ein aðalskemmtun almennings, bæði ungra og gamalla, og ég verð að segja það, að ef þessar skemmtanir væru hér ekki, þá þætti skemmtanalífið afar fáskrúðugt.

Tilgangurinn með þessu frv. er vafalaust góður; mér dettur ekki í hug að hallmæla honum á nokkurn hátt. Hitt er svo annað mál, á hvaða grundvelli þetta er reist. Þessi sjóður á sýnilega að vera talsvert mikið bákn. Hann á að vera skipaður 5 mönnum og af þeim eru 4 kosnir á Alþ., eins og bankastjórarnir okkar verða, áður en langt um líður. En það er ekki nóg. Sjóðurinn á ekki að gera sig ánægðan með að hafa stjórn með 5 mönnum, það á að vera 5 manna stjórn fyrir hvorri deild, 5 manna stjórn fyrir raunvísindadeildinni og önnur 5 manna stjórn fyrir hugvísindadeildinni. Svo eiga að sjálfsögðu að vera jafnmargir varamenn. Ég hef ekki séð neins staðar annars staðar svona þungt höfuð lagt á

jafnveikan búk og hér er til stofnað. Kosning í aðalstjórn sjóðsins á að fara fram í Sþ. Út af fyrir sig skal ég ekki lasta það. En ég vil benda á hitt, að það er engin trygging fyrir því, þó að Sþ. kjósi þessa 4 menn, að hæfir menn séu valdir til þess að veita þessari merkilegu vísindastofnun forstöðu.

En framtíðin verður að sjálfsögðu að sýna það, hvort hér er vel ráðið að láta Sþ. kjósa á flokkspólitískan hátt menn í stjórn þessa fyrirtækis. Sjóðnum er ætlað að fá, eins og ég gat um áðan, 800 þús. kr. a. m. k. frá menningarsjóði. Mér kom í hug, þegar ég sá þetta, hvort meiningin væri, að starfsemi menningarsjóðs væri haldið áfram einungis til þess að afla tekna í þennan sjóð. Þó að menningarsjóður fái talsverðar tekjur með þeim aðferðum, sem í frv. greinir, þá tel ég mjög vafasamt, að mikið verði eftir í hans sjóði, þegar búið er að taka 800 þús. kr. eða meira til vísindasjóðs. Og ég segi þess vegna: Er þá verið að veikja starfsemi menningarsjóðs til þess að stofna þennan nýja sjóð? Úr því verður að sjálfsögðu reynslan að skera í framtíðinni, hvort svo er. En ef svo væri, þá tel ég heldur óviturlegt að haga fjáröflunaraðferðinni eins og hér er gert.

En ég vil þá spyrja: Hvað eru 800 þús. kr. fyrir svona stofnun með þremur stórum nefndum eða ráðum til þess að stjórna henni, stofnun, sem á að standa undir allri vísindarannsókn og vísindaframkvæmd í landinu? Ætli það komi ekki á daginn, að þessar 800 þús. kr. muni hrökkva skammt og ekki sízt, þegar krónan er alltaf að minnka með hverjum mánuði?

Ég er út af fyrir sig ekki að deila á þá hugmynd, sem liggur til grundvallar fyrir þessu frv. eða fyrir þessum sjóði, eða deila á þá aðferð, sem höfð er til þess að stofna slíka sjóði sem þessa. En það er eins og ég sagði í byrjun, að okkur hættir við að halda, að við getum leyft okkur það sama og milljónaþjóðirnar, og viljum halda uppi sjálfstæðu þjóðfélagi á borð við þær, þótt við séum minnsta þjóð heimsins. Okkur hættir til þess að ætla að halda uppi öllu, sem hin stóru þjóðfélög verða að halda uppi. Það hefur líka komið á daginn, að við höfum oft reist okkur hurðarásinn um öxl með slíkum framkvæmdum, sem hefur komið fram í því, að sett hafa verið lög og ákveðnar hafa verið tekjulindir í sambandi við ýmsar framkvæmdir, en aldrei orðið neitt úr þeim, vegna þess að ekki var bolmagn til þess.

Ekki er því furða, þótt spurt sé, hvort þetta sé ekki ný yfirbygging á okkar yfirbyggða þjóðfélagi. Ég held því miður, að þetta, sem hér er til stofnað, verði a. m. k. fyrst um sinn hvorki fugl né fiskur, og eins og hv. frsm. minni hl. tók fram, væri æskilegt, að málið gæti fengið frekari athugun. Málið hefði gott af því að sofa í eitt ár. Margt lagfærist meðan sofið er. Ég segi ekki þetta af því, að málið sé ekki í sjálfu sér gott, heldur vegna þess, að það er ekki nógu vel undirbúið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
3.—8. gr. samþ. með 18:1 atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 113. fundi í Nd., 29. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Við, sem skipum minni hl. menntmn. þessarar deildar, munum flytja nokkrar skrifl. brtt. við þetta frv., eins og boðað var í umr. um þetta mál í gær. Þær eru í samræmi við efni frv., sem prentað er sem fylgiskjal á þskj. 669. Að öðru leyti hygg ég óþarft að tefja hér fundartíma með því að gera nánari grein fyrir þeim till. en gert var í gær og mun því ekki láta þessi orð verða fleiri.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 698) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 698,1 felld með 13:9 atkv.
— 698,2 felld með 13:9 atkv.
— 698,3 felld með 14:8 atkv.
— 698,4 felld með 15:9 atkv.
— 698,5 felld með 16:9 atkv.
— 698,6 felld með 14:8 atkv.
— 698,7 felld með 14:10 atkv.
Frv. samþ. með 17:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 701).

---

47. Háskóli Íslands.

Á 83. fundi í Ed., 5. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um Háskóla Íslands [157. mál] (stjfrv., A. 415).

Á 84. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er flutt samkv. tilmælum Háskóla Íslands og hefur verið undirbúið af sérstakri nefnd.

Í *ársbyrjun 1954 tók til starfa fimm manna* n., sem háskólaráð skipaði og falið var að endurskoða lög og reglugerðir um Háskóla Íslands. Haustið 1955 skipaði þáverandi menntmrh., Bjarni Benediktsson, sjötta nefndarmanninn í n., og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar. Í n. áttu upphaflega sæti, tilnefndir af háskólaráði, prófessorarnir Ármann Snævarr, Björn Magnússon, Júlíus Sigurjónsson, Leifur Ásgeirsson og Þorkell Jóhannesson. Þeir prófessorarnir Leifur og Þorkell viku úr n. eftir nokkurn tíma, en háskólaráð kvaddi þá í nefndina í staðinn þá prófessorana Finnboga R. Þorvaldsson og Steingrím J. Þorsteinsson. Fulltrúi menntmrh., sem jafnframt var formaður í n., var dr. Benjamín Eiríksson.

Í þessu frv. eru ýmis nýmæli. Er um að ræða heildarendurskoðun á gildandi lögum um há-

skólann og þá jafnframt felld úr gildi öll þau mörgu lög, sem nú gilda um stofnunina. Mun ég í fáeinum orðum rekja helztu breytingarnar, sem í frv. felast, frá núgildandi lögum.

Í II. kafla frv. eru ákvæði um stjórn háskólans. Þau eru allmiklu fyllri en ákvæðin, sem nú gilda um þessi efni í lögum og reglugerð.

2. gr. frv. fjallar um starfssvið rektors. Hér er um nýmæli að ræða, því að ákvæði um starfssvið rektors eru ekki í gildandi lögum eða reglugerð.

Í 4. gr. eru ákvæði um varamenn deildarforseta, er taki sæti í háskólaráði, ef deildarforseti er forfallaður eða vanhæfur til að taka þátt í úrlausn mála. Það er og nýmæli í þessari sömu gr., að heimilt sé að kveðja fulltrúa stúdenta á fundi háskólaráðs, og skulu þeir hafa þar málfrelsi. Fyllri ákvæði eru og um starfssvið háskólaráðs en þau, sem nú gilda. Gert er ráð fyrir, að háskólaráð teljist ekki ályktunarfært, nema ⅔ hlutar háskólaráðsmanna sæki fund, en skv. núgildandi lögum nægir, að helmingur ráðsmanna sæki fund, til þess að hann sé lögmætur. Þá eru í kaflanum ákvæði um almenna kennarafundi, og eru þau ákvæði nýmæli. Ályktanir slíkra funda eru þó ekki bindandi fyrir háskólaráð, aðeins ráðgefandi.

III. kafli frv. fjallar um háskólakennara og háskóladeildir. Í kaflanum eru nokkur nýmæli. Skv. 9. gr. frv. eru deildir háskólans taldar fimm, en samkv. gildandi lögum eru þær taldar sex. Skv. frv. er því atvinnudeild háskólans ekki talin með deildum skólans, enda hefur hún ekki verið í neinum skipulagslegum tengslum við háskólann, þó að hún hafi verið kölluð háskóladeild skv. lagabókstaf. Þá er og breytt um nafn á laga- og hagfræðideild og hún nefnd laga- og viðskiptadeild, sem er eðlilegra, samkvæmt hlutverki viðskiptafræðikennslunnar í deildinni. Þá er og það nýmæli í þessari sömu grein, að laga- og hagfræðideild skuli skipt, þ. e. viðskiptadeild skilin frá lagadeild, þegar þrjú föst kennaraembætti hafa verið stofnuð þar, en nú eru föstu kennaraembættin aðeins tvö.

Í 10. gr. eru talin kennaraheiti við háskólann. Auk kennaraheitanna prófessor, dósent og aukakennari, sem eru í núgildandi lögum, eru þar nefnd kennaraheitin lektor, aðstoðarkennari og erlendur sendikennari. Er hlutverk hverrar kennarategundar um sig skýrgreint nokkru nánar. Aðalatriðið í þessu efni er, að gert er ráð fyrir, að eðli dósentsembætta breytist mjög verulega frá því, sem verið hefur. Nú eru föst kennaraembætti við háskólann tvenns konar, prófessorsembætti og dósentsembætti, og nokkur launamunur á, en munur að því er snertir starfsskyldu enginn og réttarstöðu nær enginn, í raun og veru aðeins sá, að prófessorar einir eru kjörgengir við rektorskjör. Nú er gert ráð fyrir, að reglulegir kennarar við háskólann, hinir eiginlegu háskólakennarar, verði prófessorar. Dósentsheitið er hins vegar ætlað þeim háskólakennurum, sem að vísu eru skipaðir til ótiltekins tíma, en gegna þó jafnframt öðru aðalstarfi.

Í 11. gr. er fjallað um veitingu prófessorsembætta og annarra kennaraembætta við háskólann. Þess er í því sambandi fyrst að geta, að gert er ráð fyrir, að háskólaráð annist ráðningu lektora, aukakennara og aðstoðarkennara skv. tillögum háskóladeilda. Skv. núgildandi lögum ræður ráðherra slíka aukakennara á eindæmi. Þó er gert ráð fyrir, að ráðh. ráði tölu þessara aukakennara. Hins vegar eru látin haldast að mestu óbreytt núgildandi reglugerðarákvæði um veitingu prófessorsembætta, en þau hins vegar gerð að lagaákvæðum. Ákvæðin eru þó færð til samræmis við framkvæmd reglugerðarákvæðisins á undanförnum árum.

Reglurnar um veitingu kennaraembætta við háskólann voru löngum mikið deiluefni, en fullur friður og algert samkomulag hefur undanfarin ár verið milli menntmrn. annars vegar og háskólans hins vegar um þá skipun, sem fyrir nokkrum árum var upp tekin í reglugerð. Vegna þeirrar góðu reynslu, sem á þessa skipun er fengin, þykir eðlilegt, að þessar reglur verði teknar í löggjöfina sjálfa.

Í 12. gr. eru tvenns konar nýmæli. Þar er ráðherra heimilað að bjóða vísindamanni að taka við kennaraembætti við háskólann, án þess að það sé auglýst laust til umsóknar. Hitt nýmælið er það, að ráðh. er heimilað að auglýsa kennaraembætti laust til umsóknar, svo að embættið verði veitt ári áður en hinn nýskipaði kennari hefur kennslu sína. Notkun beggja heimildanna er þó bundin við, að samþykki viðkomandi háskóladeilda komi til.

Í 13. gr. frv. er kveðið svo á, að deildarforsetar skuli kjörnir til tveggja ára í senn, en skv. núgildandi lögum eru þeir aðeins kjörnir til eins árs í einu. Þá eru og nýmæli um kjör varaforseta deilda svo og fyllra ákvæði en nú er um kjör deildarforseta.

Í 15. og 16. gr. eru ýtarleg ákvæði um deildarfundi, hverjir eigi rétt á að sitja þá, og er þar m. a. heimilað að leyfa fulltrúum stúdenta setu á deildarfundum.

IV. kaflinn fjallar um kennslu og nemendur.

Í 17. gr. er gert ráð fyrir, að háskólaráð geti með samþykki ráðherra ákveðið aðra missiraskiptingu en nú er fyrir tilteknar greinar eða deildir. Þetta er nýmæli. Annars er núverandi kennsluári og missiraskiptingu haldið.

Skv. núgildandi lögum ákveður hver háskóladeild, hve margar stundir hver háskólakennari skuli kenna, en skv. 18. gr. þessa frv. ákveður háskólaráð, að fenginni umsögn háskóladeilda, kennsluskyldu einstakra háskólakennara. Úrskurði háskólaráðs í þessu efni má áfrýja til ráðherra. Í 18. gr. er annað nýmæli, það, að rektor á rétt á að vera leystur undan allt að helmingi þeirrar kennslu, sem honum var skylt að hafa með höndum, er hann tók við rektorsembætti, en svo sem nú er, mun rektor háskólans vera eini skólastjóri í landinu, sem gert er ráð fyrir að hafi óbreytta kennsluskyldu þrátt fyrir skólastjórnarstörf sín.

Í 19. gr. eru ýtarlegri ákvæði en nú eru í gildi um lausn undan kennsluskyldu um lengri eða skemmri tíma.

20.—26. gr. fjalla um skyldur og réttindi stúdenta. Eru þessi ákvæði allmiklu fyllri en ákvæði núgildandi laga og reglugerðar. Stefna ákvæði frv. að því að heimila stjórn háskólans aukið

aðhald að nemendum, en jafnframt að hinu að auka réttaröryggi stúdenta, t. d. að því er varðar brottrekstur úr skóla.

V. kafli fjallar um próf.

Í 28. gr. er það nýmæli, að heimilt er að mæla svo fyrir í reglugerð, að missirisleg eða árleg próf skuli haldin í deild skv. till. deildarinnar í þeim námsgreinum, sem kenndar hafa verið á tímabilinu, öllum eða nokkrum.

Skv. 32. gr. geta einstakar deildir samþykkt að hafa einn prófdómara úr hópi deildarkennara, en gert er ráð fyrir, að ráðherra skipi þá prófdómendur, sem eru ekki háskólakennarar, samkv. tillögum háskóladeildar, eins og verið hefur.

Gert er ráð fyrir í frv., að skipunartími prófdómenda skuli vera þrjú ár, en hann er sex ár skv. núgildandi lögum.

VI. kafli fjallar um doktora og meistara.

Samkv. 34. gr. frv. má aðeins veita doktorsnafnbót í heiðursskyni með einróma samþykki atkvæðisbærra deildarmanna og með samþykki háskólaráðs. Ákvæði frumvarpsins um, að samþykki deildarmanna skuli vera einróma, er nýmæli.

Í 38. gr. er háskólaráði skv. tillögum háskóladeilda veitt heimild til að leyfa kandídötum að ganga undir svonefnt meistarapróf, og er því ætlað að verða hliðstætt svonefndu licensiatprófi, sem tíðkast sums staðar á Norðurlöndum.

VII. kaflinn fjallar um stofnanir háskólans og eigur hans. Þar segir, að háskólaráð skuli hafa yfirumsjón með einstökum háskólastofnunum, svo sem háskólabókasafni, happdrætti og kvikmyndahúsi. Hér er ekki um að ræða breytingu frá því, sem verið hefur. Í gr. er hins vegar það nýmæli, að svo er kveðið á, að ef háskólabókavörður kenni bókasafnsfræði við háskólann, taki hann sömu laun og prófessorar, en samkv. núgildandi launalögum tekur háskólabókavörður laun einum launaflokki fyrir neðan prófessora. Þetta er einungis samkv. nýjustu launalögunum. Samkv. þeim, sem áður giltu, samkv. l. frá 1946 um háskólabókavarðarembættið, er það var stofnað, átti háskólabókavörður að fá sömu laun og prófessorar. Þetta mundi þó ekki hafa neinn kostnaðarauka í för með sér, vegna þess að búið er að gera bókasafnsfræði að skyldunámsgrein til BA-náms og aukakennsla í þeirri grein mundi kosta meira keypt að en nemur mismun á launum háskólabókavarðar, eins og þau eru nú, og prófessorslaunum.

Annað ákvæði miðar og að því að gera háskólabókavörð jafnsettan prófessorum, þ. e. að hann skuli framvegis skipaður af forseta Íslands, en ekki ráðh. eins og nú er.

VIII. kafli frv. fjallar um kennaraembætti og kennarastöður við háskólann. Gert er ráð fyrir því í frv., að tala prófessora við háskólann haldist óbreytt að öðru leyti en því, að stofnað verði eitt nýtt prófessorsembætti í lyfjafræði í læknadeild, og stendur það í sambandi við sameiningu Lyfjafræðingaskóla Íslands við háskólann, svo sem ég mun nánar víkja að á eftir.

Stofnun þessa prófessorsembættis hefur engan kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð, ef gert er ráð fyrir því, að sú skipan haldist, að tengsl séu á milli lyfjafræðikennslunnar í háskólanum og stjórnar lyfjaverzlunar ríkisins. Svo sem kunnugt er, gegnir nú sami maðurinn þessum tveimur störfum, þ. e. forstöðu lyfjaverzlunar ríkisins og kennslu í lyfjafræði við háskólann, og mundu launakjör hans ekki breytast, þó að þessi skipun yrði upp tekin, ef skipulagsháttunum verður haldið óbreyttum.

Þá er það nýmæli í 40. gr., að ef skipaður prófessor óskar eftir, að aðalkennslugrein hans verði breytt, er prófessorsembætti verður laust í deild hans, getur ráðh. heimilað breytinguna með samþykki hlutaðeigandi háskóladeildar.

Í 41. og 43. gr. eru síðan nýmæli um kennslu í lyfsölufræði við háskólann. Þessi kennsla er með frv. tengd háskólanum, en til þessa hefur hún verið í höndum sjálfstæðs skóla, Lyfjafræðingaskóla Íslands. Skólastjóri hans hefur verið kennarinn í lyfjafræði við háskólann, en kennsluna hefur einkum annast eftirlitsmaður lyfjabúða. Gert er ráð fyrir því, að sú skipun haldist óbreytt, að eftir sameiningu lyfjafræðingaskólans við háskólann verði kennslan eftir sem áður í höndum eftirlitsmanns lyfjabúða, sem þá væntanlega mundi verða dósent, en prófessornum í lyfjafræði, ef sú breyting nær fram að ganga, er ætlað að hafa yfirstjórn lyfjafræðikennslunnar með höndum, svo sem nú á sér stað, þar sem hann er skólastjóri Lyfjafræðingaskóla Íslands.

Í nokkrum atriðum er þetta frv. frábrugðið því, sem nefnd háskólans hafði lagt til. Meginbreytingin, sem menntmrn. gerði á till. háskólanefndarinnar, var fólgin í því, að í þessu frv. er gert ráð fyrir að láta haldast þá skipun, sem nú um hríð hefur verið á veitingu kennaraembætta við háskólann, þar sem ég tel, að sú skipun hafi þegar hlotið nokkra hefð og hafi gefizt vel. Nefndin vildi gera nokkrar breytingar á þessum ákvæðum.

Í frv. n. var þannig gert ráð fyrir því, að menntmrh. skipaði dósenta samkv. till. háskóladeilda. Í stað orðanna „samkv. tillögum“ stendur í frv.: að fengnum tillögum. — Í frv. n. var enn fremur það ákvæði, að dómnefnd skyldi skipa umsækjendum í röð eftir hæfni og að veitingavaldinu væri skylt að veita umsækjanda prófessorsembætti, ef dómnefnd hefði einróma talið hann hæfastan, enda hafi meiri hluti atkvæðisbærra deildarkennara lagt til, að þessi umsækjandi yrði skipaður. Ég tel heppilegra að hafa um þetta sömu reglu og gilt hefur og varhugavert að taka inn í lög ákvæði, sem bindi veitingavaldið algerlega. Slík ákvæði hefðu orðið einsdæmi í lögum, og hefði mátt gera ráð fyrir deilum um þetta efni. Þær tel ég ekki heppilegt að vekja upp og því skynsamlegast að halda þeirri skipan, sem verið hefur undanfarin ár og virðist hafa gefið góða raun. Þó hafa ákvæði frv. verið færð til samræmis við framkvæmd reglugerðarákvæðisins, og ætti það ekki að geta valdið neinum ágreiningi.

Í frv. n. var ákvæði um, að heimilt væri að mæla svo fyrir í reglugerð, að nemendum, sem brautskráðir yrðu frá Kennaraskóla Íslands, sé rétt að stunda tilteknar námsgreinar til BA-prófs. Þetta ákvæði er ekki tekið í frv. það, sem

hér liggur fyrir, og stendur það í sambandi við það, að menntmrn. hefur í hyggju að láta á sumri komanda endurskoða fræðslulögin og lögin um menntun kennara og þá um leið námsefni til kennaraprófs og bætt skilyrði til framhaldsmenntunar kennara. Finnst mér eðlilegra, að þessi atriði komi til athugunar í sambandi við hina almennu endurskoðun fræðslulaganna og laganna um menntun kennara en að um þau séu ákvæði í lögum um háskólann.

Í frv. n. var einnig ákvæði um, að engan kennara mætti þiggja undan kennsluskyldu lengur en 4 ár í senn. Þetta ákvæði var fellt niður úr frv.

Þar var einnig ákvæði um, að prófessorar í læknisfræði skyldu vera sjö. Hins vegar er lagt til í frv., að þeir séu átta, í samræmi við það, sem ég áðan ræddi um stofnun nýs prófessorsembættis í lyfjafræði.

Þá var og bætt inn í frv. þeim ákvæðum, sem ég áðan lýsti og leiðir af fyrirætlunum um að sameina lyfjafræðingaskólann læknadeild háskólans.

Með þessum orðum hef ég gert grein fyrir því tvennu, hvaða meginbreytingar felast í þessu frv. frá gildandi lögum og hvaða munur er á þessu frv. og till. þeirrar nefndar, sem háskólaráð hafði skipað á sínum tíma.

Þess er mjög óskað, bæði af menntmrn. og háskólaráði, að frv. þetta nái fram að ganga á þessu þingi. Á grundvelli þess mundi síðan vera samin reglugerð, sem mjög æskilegt er að gæti tekið gildi, áður en kennsla hefst næsta haust.

Það eru því tilmæli mín til þessarar hv. d. og þeirrar nefndar, sem málinu verður væntanlega vísað til og ég legg til að verði menntmn., að afgreiðslu málsins verði hraðað, þannig að það geti hlotið afgreiðslu á þessu þingi.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Við lauslegan yfirlestur þessa frv. hnaut ég sérstaklega um eitt atriði. Í 21. gr. er ákvæði um heimild handa háskólaráði til að takmarka aðgang stúdenta að deildunum. Ég veit ekki, hvort þetta er nýmæli í lögunum, en vildi gera um það fsp. nú.

Mér finnst þetta ákvæði vera vafasamt. Mér finnst það stríða gegn akademískum anda, að gert skuli ráð fyrir því, að stúdentum verði meinuð innganga í háskóla. Þetta er hættulegt og getur auðveldlega orðið misnotað. Ég minnist þess, að þegar ég gekk inn í læknadeild háskólans fyrir meira en 30 árum, voru sumir prófessorarnir andvígir þeirri miklu aðsókn að læknadeildinni, sem jafnvel þá þótti ofsetin. Ég er þess fullviss, að ef þá hefði verið slík heimild fyrir hendi, hefði verið unnið að því að takmarka aðsókn að deildinni þá þegar. Því var spáð, að læknar mundu verða atvinnulausir hópum saman og enda í alls konar spillingu af þeim sökum með slíkri aðsókn sem þá var að skólanum. Reynslan hefur sýnt, að þetta var skakkt, því að enn í dag er skortur lækna á Íslandi. Svona gæti þetta orðið í fleiri greinum.

Ég vil ekki hafa þessi orð fleiri nú, en óska þess, að hæstv. menntmrh. svari því, hvort þetta sé nýmæli eða hvort þetta sé eldra ákvæði, sem ég þekki ekki.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér er ánægja að svara þessari fyrirspurn hv. 1. landsk. þm. — Ákvæðin í frv. um þetta efni eru nákvæmlega eins og þau, sem nú eru í gildi. Ég hef einmitt sérstaklega rætt þetta atriði við fulltrúa frá háskólanum, fulltrúa frá nefnd þeirri, sem samdi þetta frv., og háskólarektor. Þess er mjög eindregið óskað af hálfu háskólans, að þessi heimildarákvæði fái að standa, en því jafnframt lýst yfir, að engar fyrirætlanir séu uppi um að takmarka aðgang stúdenta að nokkurri deild háskólans, og hefur raunar aldrei verið gert. Af ýmsum ástæðum þykir háskólanum þó rétt að hafa þessa heimild. Það ástand gæti skapazt varðandi einstakar deildir, og var mér bent á, að sérstaklega væri það hugsað einmitt til læknadeildarinnar, að allir yrðu sammála um, að til greina gæti komið að beita slíkri heimild. Eins og sakir standa núna, eru engar fyrirætlanir uppi um slíkt, og það er að mínu viti svo sem vera skal. Hér er engin breyting gerð, og það er ósk háskólans, að þetta ákvæði fái að standa. Engar fyrirætlanir eru uppi um slíkar takmarkanir, og ég hygg, að háskólinn mundi aldrei grípa til þeirra nema í fullu samráði við ríkisstj. landsins.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mér skildist á ræðu hæstv. ráðh., að einn aðaltilgangurinn með þessu frv. væri sá að sameina í eitt ákvæði úr 17 lögum, sem felld yrðu úr gildi með þessu frv., ef að lögum verður, en jafnframt taka inn í það nokkur ný ákvæði. En á sama þinginu og sama daginn og þetta frv. er lagt fram, eru lögð fram tvö ný frv. um breyt. á lögum um háskólann. **(Gripið fram í:** Eitt.) Eitt, — ja, það má kannske segja, að það sé eitt. Ég sé nú ekki betur en að það sé frv. til l. um breyt. á lögum nr. 12 12. marz 1947, um menntun kennara, og það eigi að stofna nýtt embætti við Háskóla Íslands til þess að sjá um þá kennslu. Og svo sé ég ekki betur en að hér sé annað frv. til laga um stofnun prófessorsembættis í eðlisfræði við verkfræðideild háskólans. Það eru tvö ný frv. til breytinga á háskólalögunum, sem eru lögð fram sama daginn og er verið að sameina í eitt öll eldri ákvæðin. Mig langar til að fá útskýringu á því, hvernig stendur á, að ekki er hægt að sameina þetta allt í eitt frv. Hvaða öfl eru hér að verki, svo að við þurfum að vera að samþ. breytingar á háskólalögunum, um leið og við erum að færa þetta saman í eitt? Hví ekki að færa þetta allt saman saman og hafa þetta í einu frv.? Eigum við svo kannske að ári aftur að fara að sameina þessi tvö, sem væntanlega verða samþykkt núna, eða setja nýja nefnd til að finna út, hvernig á að koma þessum tveimur inn í þetta frv., sem við nú erum væntanlega að samþykkja? Ég skil ekki þetta verklag; mér er það ómögulegt. Ég vil beina því alvarlega til n. að reyna að koma þessu saman. Það er nógur glundroði í því, hvað eru lög, þegar maður þarf að leita á ótal stöðum, — því að alltaf er einhver breyting og breyting og breyting við lögin, — þó að við séum ekki að leika okkur að því á sama þinginu, sem við færum eldri háskólalögin saman í eitt, — og það er ágætt, það er

eins og það á að vera; maður á að finna í einum lagabálki þau lög, sem eru um það efni, — þó að við ekki á sama þinginu samþykkjum tvö önnur frv. til að breyta þeim sömu lögum, sem við erum nú að breyta. Ég vildi beina því mjög alvarlega til n., nema ráðh. hafi einhverjar alveg sérstakar ástæður til þess að láta þessi ákvæði um háskólann, sem eru í þessum tveimur frv., sem hér liggja fyrir, málunum 155 og 156, vera alveg sérstök og utan við aðallagabálkinn, sem um háskólann á að gilda.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þessar athugasemdir hv. 1. þm. N-M. eru að vissu leyti eðlilegar, vegna þess að þessi frv. eru ekki komin til umræðu hér í hv. deild og þess vegna ekki fram komnar þær skýringar á þeim, sem ég hugðist gefa, þegar þau kæmu til umræðu.

Um fyrra frv., sem hann nefndi, er það að segja, frv. til laga um breyt. á lögum um menntun kennara, eins og kemur fram í heitinu sjálfu, að það er ekki verið að breyta þar lögum um háskólann, heldur er verið að breyta lögum um menntun kennara. Hitt er svo annað mál, að í lögum um menntun kennara voru ákvæði um kennslu í uppeldisfræði við Háskóla Íslands, og þeim ákvæðum er breytt með þessu frv. Það var rætt um sérstaklega í menntmrn. og við háskólann, hvort til greina gæti komið að fella þennan kafla í lögum um menntun kennara algerlega niður og taka hliðstæð ákvæði inn í háskólalögin, en lögfræðingar á báðum stöðunum töldu eðlilegra og heppilegra að hafa þennan hátt á. Ef nefndin kemst að annarri niðurstöðu um þetta efni, skal það ekki sæta neinum andmælum af minni hálfu. Hér er um fullkomið formsatriði að ræða. Mergurinn málsins var sá, að lögfræðingarnir töldu óviðkunnanlegt að taka inn í frv. til laga um Háskóla Íslands breytingu á lögum um menntun kennara. Í þessu er fólgin skýringin, og hana vona ég að hv. 1. þm. N-M. geti fallizt á. Ef það hefði verið gert, hefði þessu frv. farið að svipa nokkuð til bandormanna frægu, sem stundum hafa verið hér á döfinni, hafa stundum verið hér á dagskrá og ekki hafa þótt til sérstaks sóma fyrir vinnubrögð þingsins, þ. e. mörgum lögum um sitt hvert efni sé breytt með einum og sömu lögum.

Varðandi hitt frv., sem beint snertir háskólann, þ. e. um stofnun dósentsembættis í eðlisfræði við verkfræðideildina og rannsóknarstofu til geislamælinga, er það að segja, að venjan hefur ávallt verið sú, þegar stofnuð hafa verið alveg ný prófessorsembætti, að það hefur verið gert með sérstökum lögum. Þeirri reglu töldu lögfræðingar menntmrn. og háskólans rétt að fylgja nú enn. Það er sá munur á stofnun þessa eðlisfræðidósentsembættis og stofnun embættis í lyfjafræði, sem gert er ráð fyrir í háskólalögunum sjálfum, að stofnun lyfjafræðiprófessorsembættisins er í raun og veru formbreyting ein, vegna þess að lyfjafræði er þegar kennd við háskólann og kennd af aukakennara. En hér er um stofnun alveg nýs embættis að ræða, sem auk þess á að vera í tengslum við alveg nýja stofnun, sem sagt rannsóknarstofu til geislamælinga. Ég vona, að hið háa Alþingi fallist á þetta frv. Hér er um alger nýmæli að ræða, en ekki um endurskoðun á gildandi skipan, eins og er kjarninn í frv. um háskólann.

Nýmæli, sem fólgin eru í frv. til laga um dósentsembætti í eðlisfræði og starfrækslu rannsóknarstofunnar eru sama eðlis og þau nýmæli, sem hingað til hefur þótt rétt og sjálfsagt að kveða á um með sérstökum lögum. Að því leyti er þetta nýja dósentsembætti í eðlisfræði ólíkt öðrum prófessorsembættum, a. m. k. í verkfræðideildinni, að gert er ráð fyrir því, að sá prófessor sé jafnframt forstöðumaður sérstakrar stofnunar, sem nauðsynlegt er að kveða á um í lögum og rétt hefur þótt að hafa ákvæði um í sérstökum lögum, en ekki í lögum um háskólann. Hins vegar mundi ég ekkert hafa á móti því, ef nefndin treystir sér til þess, að hafa ákvæði um þetta allt saman í einu lagi í lögum um háskólann. Ég taldi aðeins rétt að fylgja við flutning þessara mála þeim ráðum, sem sérfræðingar menntmrn. og háskólans gerðu að sínum till.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 415, n. 502, 503, 507).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Frv. til l. um Háskóla Íslands, sem hér er á dagskrá til 2. umr., er stjfrv. Þegar frv. var til 1. umr. hér í hv. þd., gerði hæstv. menntmrh. grein fyrir efni þess í megindráttum og skýrði frá undirbúningi þess. Er því ekki efni til að endurtaka neitt af því.

Menntmn. hv. d. hefur farið yfir frv., athugað það og rætt. Þá hefur sama n. einnig athugað frv. til laga um stofnun prófessorsembættis við verkfræðideild Háskóla Íslands og starfrækslu rannsóknarstofu til geislamælinga og frv. til l. um breyt. á l. nr. 16 12. marz 1947, um menntun kennara. Hæstv. menntmrh. hefur einnig gert grein fyrir frv. þessum í framsögu.

Þegar mál þessi voru til 1. umr. hér í hv. þd., benti hv. þm. N-M. á, að vert væri að athuga, hvort ekki mætti steypa saman þessum frv. í eina heild, þar sem þau öll, háskólafrumvarpið og einnig hin tvö, er ég nefndi, fjölluðu um Háskóla Íslands. Menntmn. athugaði þetta sérstaklega og þóttist komast að raun um, að skynsamlegt og heppilegt væri að fella frumvörpin saman í eina heild. Miðast tillögur n. við þetta, þannig að efni hinna tveggja frv., er ég nefndi, felst í brtt. nefndarinnar við frv. til l. um Háskóla Íslands, sem hér er á dagskrá. Leggur menntmn. til, að frv. verði samþ. í því formi. Skylt er þó að geta þess, að einn nefndarmanna, hv. 4. landsk., var ekki viðstaddur, er málið var afgreitt endanlega á nefndarfundi, en mér er kunnugt um, að hann er sammála n. í þessu.

Í nál. menntmn. á þskj. 502 er þess getið, hverjir hafa sent umsagnir um frumvörpin, háskólafrumvarpið og hin tvö fylgifrumvörp þess, ef svo mætti að orði komast. Allir þessir aðilar

mæla með því, að frumvörpin verði samþ., en koma með nokkrar till. til breytinga sumir hverjir.

Í 1. mgr. 7. gr. frv. segir, að menntmrh. skipi háskólaritara að fengnum tillögum háskólaráðs. Háskólaráð telur hins vegar rétt, að ráðherra skipi ritara samkv. till. háskólaráðs. Í þessari till. háskólaráðs felst það, að ráðh. er bundinn við till. háskólaráðs og hefur ekki heimild til að veita öðrum háskólaritaraembætti en þeim, sem meiri hluti háskólaráðs leggur til. Hins vegar bæri hann embættislega ábyrgð á veitingunni engu að síður.

Þessari till. háskólaráðs vorum við hv. þm. Barð. andvígir, en hv. 6. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Árn. gerðu ráð fyrir að flytja brtt. í þessa átt.

Í 1. mgr. 11. gr. segir, að ráðherra skipi dósenta að fengnum tillögum háskóladeildar. Háskólaráð vill hins vegar haga þessu á sama veg og um háskólaritara að sínu leyti, að dósentsembættin verði veitt samkv. till. háskóladeildar.

Við hv. þm. Barð. vorum einnig andvígir þessari till. háskólaráðs, en þeir hv. 6. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Árn. gerðu einnig ráð fyrir að flytja brtt. í samræmi við óskir háskólans.

Þá eru í 11. gr. frv. ákvæði um það, að skipuð skuli dómnefnd þriggja manna til þess að dæma um hæfi umsækjenda um prófessorsembætti og jafnvel önnur kennaraembætti við háskólann. Skal háskólaráð skipa einn dómnefndarmann, deild sú, sem kennarinn á að starfa við, annan, en menntmrh. hinn þriðja. Dómnefndin á að láta uppi rökstutt álit um vísindastörf umsækjanda, námsferil og störf og kveða á um, hvort hann sé hæfur eða ekki hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndarinnar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum veita prófessorsembætti, nema meiri hl. dómnefndar telji hann hæfan til þess.

Háskólaráð telur hins vegar rétt, að þessu sé hagað með þeim hætti, að ráðherra sé skylt að veita umsækjanda embætti, ef dómnefnd er sammála um að telja hann hæfastan og meiri hluti deildarmanna er á sama máli.

Þeir hv. 6. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Árn. ráðgerðu að flytja brtt. í samræmi við þetta. Við hv. þm. Barð. vorum andvígir þessu af sömu ástæðum og fyrr, að hér er ætlazt til þess, að veitingavaldið verði raunverulega tekið úr höndum æðsta handhafa framkvæmdavaldsins, en ráðh. beri eftir sem áður ábyrgð á veitingunni.

Þá fellst háskólaráð á, að frv. verði sameinuð, og nokkrar fleiri aths. setur það fram, sem n. hefur tekið upp í brtt. sínar sumar hverjar.

Skylt er að geta þess, að háskólaráð leggur áherzlu á, að enda þótt skoðanamunur sé um fáein atriði frv. og þá fyrst og fremst þau, sem ég nú hef nefnt, sé málið í heild sinni það mikils virði, að það vill fyrir sitt leyti ekki láta ágreining um þessi atriði tefja framgang þess. Í þessu felst það, að háskólaráð unir frv., eins og það er, og leggur áherzlu á, að það verði samþ. á þessu þingi, enda þótt örfá atriði séu þar á annan veg en það hefði helzt kosið.

Þá hefur stúdentaráð háskólans ýmislegt við frv. að athuga. Í fyrsta lagi óskar það eftir, að stúdentar fái hlutdeild í stjórn háskólans, þannig að þeir eigi fulltrúa í háskólaráði og einnig á deildarfundum með atkvæðisrétti. Í frv. er hins vegar það nýmæli í 4. gr., 3. mgr., að heimilt sé að kveðja fulltrúa stúdenta á fundi háskólaráðs, einn eða fleiri, sem stúdentaráð nefnir til, þegar mál eru þar til meðferðar, sem varða sérstaklega stúdenta. Hafa fulltrúar stúdenta þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Samsvarandi ákvæði eru í 3. mgr. 14. gr. frv. um deildarfundi.

Nefndinni þótti eftir atvikum skynsamlegt, að ekki yrði lengra farið að sinni, enda er háskólaráð því andvígt. Sýnist vel mega reyna, hversu vel þetta gefst, áður en lengra er haldið til móts við óskir stúdenta að þessu leyti

Þá telur stúdentaráð frv. skerða nokkuð akademískt frelsi, sem kallað er, m. a. þannig, að ráðgert er í 23. gr. frv. að setja í reglugerð háskólans ákvæði um eftirlit með námsástundun stúdenta; enn fremur séu í 30. gr. frv. of ströng ákvæði um, að stúdentum sé óheimilt að ganga undir próf, hafi þeir fallið tvisvar áður, er þeir þreyttu sams konar próf. Nokkur önnur atriði í svipuðum anda gera þeir athugasemdir við.

Menntmn. hefur viljað koma til móts við óskir stúdenta um heimild til endurtekningar prófa. Felst það í 4. brtt. nefndarinnar á þskj. 502 um, að stúdent sé heimilt að þreyta próf tvívegis að nýju, hafi hann ekki staðizt það.

Rök fyrir þessu eru þau, að vera kann, að jafnvel efnilegir menn vanræki nám af einhverjum ástæðum á tímabili, en taki sig á síðar. Gæti verið tjón að, ekki aðeins fyrir stúdent þann, sem í hlut á, heldur þjóðfélagið, ef slíkir menn væru útilokaðir frá prófi.

Stjórn Sambands íslenzkra barnakennara fékk til umsagnar frv. um breyt. á l. um menntun kennara, sem menntmn. leggur til að fellt verði inn í háskólafrumvarpið. Óskar stjórn þess félagsskapar eftir, að ekki verði felld úr gildi 14. gr. laga nr. 16 1947, um menntun kennara. Grein þessi hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Rétt til að stunda nám í uppeldisvísindum við stofnun þessa og taka þar próf hafa allir þeir, sem lokið hafa almennu kennaraprófi, svo og stúdentar."

Að athuguðu máli, telur menntmn. rétt að verða við þessum tilmælum. Er því ætlazt til, að kennaraprófsmenn hafi heimild til að stunda nám í uppeldisfræðum við háskólann, svo sem ráð hafði verið gert fyrir í lögum um menntun kennara.

Enn er ástæða til að nefna eitt atriði úr umsögnum um frumvörpin. Það er um orðið lyfsölufræði í 41. og 43. gr. frv. Lyfsölufræði er á erlendum málum pharmacia, en hefur í daglegu tali verið kölluð lyfjafræði hingað til. Stjórn Lyffræðingafélags Íslands óskar eftir, að fræðigreinin fái að halda því nafni, og er slík ósk ekki óeðlileg. Hér er þó sá hængur á, að í læknadeild háskólans er önnur fræðigrein, sem einnig ber nafnið lyfjafræði, heitir á erlendum málum pharmacology. Nú er gert ráð fyrir því í 43. og 41. gr. frv., að pharmacia verði kennd í háskólanum. Ekki er viðhlítandi, að tvær fræðigreinar háskólans heiti sama nafni. Höfundar

frv. hafa tekið upp nafnið lyfsölufræði. Enga hef ég fyrir hitt, sem eru ánægðir með það orð. Háskólinn leggur til, að í stað þess verði tekið upp orðið lyfefnafræði eða lyfgerðarfræði. Menntmn. hefur valið þann kost að leggja til, að orðið lyfefnafræði verði tekið upp í stað lyfsölufræði. Þess er þó vart að vænta, að lyffræðingar verði ánægðir með það heiti á fræðigreininni. Þeir munu ekki ánægðir með neitt nema sitt gamla heiti: lyfjafræði. Menntmn. vonar þó, að þeir sætti sig betur við orðið lyfefnafræði en lyfsölufræði.

Hér vil ég geta þess, að þegar ég tók saman brtt. á þskj. 502 fyrir menntmn., hefur mér láðst að taka upp brtt. um fyrirsögn IX. kafla, en fyrirsögn þess kafla er í frv.: Kennsla í lyfsölufræði. Menntmn. mun því bera fram skriflega brtt. um þetta atriði, sem ég mun afhenda forseta og fara fram á við hann, að hann leiti afbrigða um, þannig að till. geti komizt að nú við þessa umr.

Þá vil ég til þess að koma í veg fyrir hugsanlegan misskilning geta eins atriðis í sambandi við kennara í lyfefnafræði. Í 11. gr. frv. segir svo m. a.:

„Menntamálaráðherra skipar dósenta að fengnum tillögum háskóladeilda, en háskólaráðið ræður lektora, aukakennara“ o. s. frv.

Í grg. um 43. gr. á bls. 26 í frv. segir um kennara í lyfsölufræði:

„Yrði kennarinn ráðinn til þessara starfa af háskólaráði skv. tillögu læknadeildar.“

Hér er gert ráð fyrir því í grg., að kennarinn í lyfsölufræði eða lyfefnafræði, eins og menntmn. vill kalla það, verði lektor eða aukakennari. Lektorar og aukakennarar eru ráðnir um takmarkaðan tíma skv. frv. um háskólann. Hins vegar hefur menntmrh. tjáð mér, að setning sú, er ég vitnaði til í grg, hafi í hana komizt fyrir vangá þess starfsmanns ráðuneytisins, sem tók grg. saman. Hún hafði verið tekin úr grg. við frv. um kennslu í lyfefnafræði, sem samin var, áður en háskólafrumvarpið var samið.

Kristinn Stefánsson forstöðumaður lyfjaverzlunar ríkisins og kennari við háskólann í lyfjafræði, þ. e. pharmacology, sem væntanlega hefur yfirumsjón með kennslu í lyfefnafræði, hefur sent mér grg. um þetta mál, sem ég tel rétt að lesa, svo að þetta verði ljósara. Grg. er örstutt og er á þessa leið:

„Það fyrirkomulag um ráðningu kennara í lyfsölufræði, sem gert er ráð fyrir í greinargerðinni,“ þ. e. grg. við háskólafrumvarpið, „er ekki í samræmi við anda frv. og eðli málsins, þar sem óhugsandi er, að maður, sem á bæði að annast kennslu í lyfsölufræði og vera eftirlitsmaður með lyfjabúðum, verði ráðinn til stutts tíma í senn. Bæði eru störfin þess eðlis, að þá fyrst, er hlutaðeigandi hefur rækt þau í nokkur ár, má vænta þess, að hann hafi aflað sér þeirrar reynslu og náð þeim þroska, sem nauðsynlegur er, til þess að slík störf séu vel rækt. Í þessu sambandi má geta þess, að sá maður, sem haft hefur störf þessi með höndum undanfarin rúm níu ár, var í upphafi skipaður af ráðherra sem aðalkennari við Lyfjafræðingaskóla Íslands og eftirlitsmaður lyfjabúða og þá sem fastráðinn starfsmaður ríkisins. Nú má gera ráð fyrir, að þessi sami maður komi til með að gegna umræddu kennslustarfi í lyfsölufræði og hafi jafnframt eftirlit með lyfjabúðum, og væri þá ósanngjarnt að ætla honum ótryggari kjör en hann hefur haft sem starfsmaður ríkisins til þessa, en slíkt yrði óhjákvæmilegt, ef farið yrði eftir því ráðningarfyrirkomulagi, sem gert er ráð fyrir í grg. við 43. gr. frv. Má raunar telja vonlítið, að hæfur maður fáist til þessara starfa, nema því aðeins að hann verði fastráðinn kennari háskólans. Af því leiðir aftur, að væntanlegur kennari í lyfsölufræði við háskólann hlýtur að verða ráðinn sem dósent, sbr. 10. og 11. gr. frumvarpsins, en ekki sem lektor eða aukakennari.“

Þetta var grg. Kristins Stefánssonar. Ég tel skoðun hans á fullum rökum byggða, og samrýmanleg er hún því, sem hæstv. ráðh. hefur tjáð mér um þetta efni.

Um brtt. menntmn. á þskj. 502 þarf ég ekki margt að segja umfram það, sem ég þegar hef rætt.

1. brtt., við 3. gr., er hugsuð sem varnagli við því, að þriðji hluti prófessora geti komið í veg fyrir lögmætt rektorskjör með því að taka ekki þátt í atkvgr.

2. brtt., við 9. gr., 2. málsgr., er aðeins orðalagsbreyting. — 3. brtt. er það nánast líka, en þar er fellt niður orðið eiturlyfjaneyzla. Nefndinni þótti réttara, að um slíka óreglu og einnig áfengisneyzlu væri kveðið á í reglugerð, en að almennt orðalag væri viðhaft um þetta í lögum.

Um 4. brtt., við 30. gr., hef ég þegar rætt.

5., 6., 7. og 8. brtt. fjalla allar um atriði þau, sem fólust í þeim tveim frv., sem n. leggur til að felld verði inn í háskólafrumvarpið með þessum hætti. Þarf ekki frekar um það að ræða.

Að endingu vil ég fara örfáum orðum um brtt., sem við hv. þm. Barð. flytjum á þskj. 503. Brtt. er við 2. gr., 3. mgr. Málsgrein þessi hljóðar svo í frv.:

„Háskólaráð hefur úrskurðarvald í öllum málefnum háskólans og háskólastofnana, nema lög mæli öðruvísi. Háskólaráð fer með undirbúning þeirra mála, er leggja á fyrir stjórnarvöld eða löggjafarvöld og varða háskólann.“

Háskólinn er ríkisstofnun, eins og kunnugt er. Hann rekur að vísu tvö fyrirtæki, happdrættið og Tjarnarbíó, sem talsverðar tekjur eru af, en meginið af því fé, sem hann fær til umráða, er framlög úr ríkissjóði. Sýnist okkur flm. brtt., að því sé eðlilegra, að löggjafarvaldið ákveði berum orðum þau málefni, sem háskólaráð hefur úrskurðarvald um. Þau málefni eru mörg og margvísleg, eins og allir sjá, sem lesa frv. og þær reglugerðir, sem nú gilda, og líklegt er, að málefnum þessum fjölgi við setningu nýrra reglugerða. Slíkt finnst mér líka eðlilegt og sjálfsagt. Háskólinn hefur sérstöðu í þjóðfélaginu að þessu leyti og á að hafa sérstöðu. Hitt finnst okkur flm. brtt. óeðlilegt, að setja þurfi sérstök lög um, að háskólinn hafi ekki úrskurðarvald um þau málefni, sem ætlazt er til að ráðh. úrskurði. Þetta hefur að vísu verið á þennan hátt í núgildandi háskólalögum. Engu að síður sýnist okkur flm. brtt. ástæða til, að þessu verði

breytt í það horf, sem við leggjum til, að háskólaráð hafi úrskurðarvald í málefnum háskólans og háskólastofnana, svo sem lög mæla og nánar segir í reglugerðum.

Þá ætlumst við flm. brtt. til þess, að niður falli setningin: „Háskólaráð fer með undirbúning þeirra mála, er leggja á fyrir stjórnarvöld eða löggjafarvald og varða háskólann.“

Þessi setning er að vísu í núgildandi háskólalögum. Engu að síður sýnist okkur hún óþörf og jafnvel villandi. Það er tekið fram á öðrum stöðum í frv., meira að segja í næstu mgr. á eftir 4. mgr. 2. gr., að áður en lögum, er snerta háskólann eða háskólastofnanir, verði breytt eða við aukið, skuli leita umsagnar háskólaráðs svo og um nýmæli.

Þá eru ákvæði í frv. um það, að reglugerðir um háskólann og stofnanir hans verði settar að fengnum tillögum háskólaráðs. Fleiri ákvæði svipaðs eðlis eru í frv. Þetta eru vitanlega eðlilegir og sjálfsagðir hlutir. En í setningunni: „Háskólaráð fer með undirbúning þeirra mála, er leggja á fyrir stjórnarvöld eða löggjafarvald og varða háskólann,“ — felst það, að ég ætla, að alþingismenn mega ekki bera fram frv. um nein málefni háskólans, nema háskólaráð hafi undirbúið málið. Ef einhverjum okkar yrði á að gera það á okkar eindæmi, ætti forseti líklega að vísa frv. frá, vegna þess að undirbúningur þess væri ekki samkvæmur þessu lagaboði. Sama eða svipað gilti, ef einhver áhugamaður um málefni háskólans vildi leggja fram einhverjar tillögur fyrir ráðherra um háskólann eða stofnanir hans. Ef einhver vildi t. d. gefa háskólanum gildan sjóð eða arfleiða hann að eignum sínum, mætti sá sami ekki semja skipulagsskrána, heldur yrði hann að fá það mál í hendur háskólaráði. Væntanlega tekur þó enginn eða mun taka þessa setningu bókstaflega, þó að áfram verði í lögum. og yrði því vonandi ekki tjón að henni. En óprýði er að henni í frv., og því leggjum við flm. brtt. til, að hún verði niður felld.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 522) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Stjórn Háskóla Íslands og stofnana hans er falin rektor eða háskólaráði. Rektor skal vera prófessor og kosinn af prófessorum einum. Aðrir kennarar eru hvorki kjörgengir né hafa atkvæðisrétt við rektorskosningu samkvæmt háskólafrv. því, sem fyrir liggur. Í háskólaráði eiga sæti 5 prófessorar auk rektors, og eru forsetar háskóladeildanna sjálfkjörnir í þau sæti. Hver deild velur úr hópi prófessora sinna deildarforseta, og enn eiga prófessorar einir kennara atkvæðisrétt. Aðrir kennarar en prófessorar eiga hvorki kjörgengi né kosningarrétt í deildarforsetakosningum. Dósentar, lektorar, aukakennarar og aðstoðarkennarar eiga þannig engan atkvæðisrétt, þegar stjórn skólans er valin. Þó er hverri háskóladeild fyrir sig heimilað í frv. að ákveða, að dósentar og lektorar megi sitja deildarfundi og hafa þar atkvæðisrétt. Lengra en þetta þykir ekki fært að teygja sig í átt til lýðræðis og annarra mannréttinda á þeim stað.

Með þessum ákvæðum frv. er stigið skref aftur á bak frá gildandi lögum, kosningarrétturinn með öðrum orðum þrengdur að mun. Í l. nr. 21/1936, um Háskóla Íslands, eru ákvæði um, að rektor skuli kosin af prófessorum og dósentum háskólans og að allir deildarkennarar eigi atkv. um kjör deildarforseta og þar með fulltrúa deildar í háskólaráð. En eftirleiðis skal engum treyst, nema prófessor sé.

Mér eru ekki ljós nein frambærileg rök fyrir þessari skerðingu á kosningarrétti kennara í háskólanum, og ég hygg, að þau séu ekki til. Ástæðurnar hljóta að vera bæði annarlegar og léttvægar, hverjar sem þær eru. Það hlýtur að teljast óviðkunnanlegt í meira lagi að mismuna svo fastakennurum skólans sem gert er ráð fyrir í frv. Látum svo vera, að prófessorar séu einir kjörgengir í kosningum rektors og háskólaráðs, en að engum öðrum sé að lögum ætlaður kosningarréttur, er of langt gengið.

Háskólinn mun áreiðanlega ekki gegna hlutverki sínu hóti betur, þótt farið verði að ganga aftur á bak á braut lýðfrelsis í kosningum innan hans. Alræði fárra manna er æ og alls staðar varhugavert og leiðir fyrr eða síðar til kyrkings og stöðnunar. Þetta ber ekki hvað síst að varast í æðstu menntastofnun þjóðarinnar. Háskólinn má aldrei verða umráðasvæði fámennrar klíku, og hann má aldrei umlykjast kínverskum múr. Þar eins og annars staðar í þjóðlífinu á jafnan að ríkja andi frjálsræðis og jafnréttis.

Á þskj. 507 legg ég til, að rektor háskólans skuli ekki aðeins kosinn af prófessorum, heldur einnig af dósentum og lektorum skólans, þótt prófessorar einir séu kjörgengir. Þar er einnig lagt til, að á fundum háskóladeilda skuli auk prófessora eiga sæti dósentar og lektorar, en öðrum kennurum gefinn kostur á að ræða þar mál, er sérstaklega varða kennslugreinar þeirra. Með þessum brtt. er leitazt við að draga úr þeim ágöllum, sem ég hef þegar bent á að væru í frv.

Í ýtarlegri greinargerð, er frv. fylgir, er m. a. frá því sagt, að í l. um háskólann í Osló séu ákvæði um, að fulltrúar stúdenta eigi rétt á setu í háskólaráði og hafi þar málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt. Þarna mun höfundum frv. hafa þótt fulllangt gengið í lýðfrelsisátt. Þó hafa Oslóarlög orðið til þess, að í frv. var sett heimild til handa rektor að kveðja á fund háskólaráðs fulltrúa stúdenta, þegar þar eru rædd mál, sem varða sérstaklega stúdenta.

Á þskj. 507 legg ég til, að í stað heimildar rektors komi skylda hans til að boða fulltrúa stúdenta á þá háskólaráðsfundi, er sérstaklega ræða málefni þeirra, og að fulltrúinn njóti þar ekki aðeins málfrelsis, heldur líka atkvæðisréttar.

Ég teldi vel farið, að stúdentar ættu þess kost að leggja lóð á vogarskálarnar öðru hvoru, þegar mál háskólans eru rædd og ákvörðuð. Það mundi þroska ábyrgðartilfinningu hinna ungu manna, og það er mikils vert atriði. Það mundi einnig auka samstarf kennara og nemenda, glæða skilning hvorra um sig á hlutverki og starfi hinna,

en slíkt er í öllum skólum talið æskilegt. Loks gæti það aðeins orðið til að hressa upp á anda skólans að hafa unga fólkið öðru hvoru með í ráðum.

Í 11. gr. frv. eru ákvæði um, hvernig skipað skuli eða ráðið í kennarastöður skólans. Skal þriggja manna nefnd dæma um hæfni umsækjenda hverju sinni og láta uppi rökstutt álit um hæfni hvers eins. Í dómnefnd þessa nefnir háskólinn 2 menn, en ráðherra einn. Þá segir svo orðrétt í gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Álitsgerð n. skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita prófessorsembætti við háskólann, nema meiri hluti n. hafi látið í ljós það álit, að hann sé hæfur til þess.“

Við síðari hluta þessarar tilfærðu setningar langar mig að staldra ögn. Þar er ákvæði, er að vísu lætur lítið yfir sér við fyrstu sýn og virðist næsta sjálfsagt, en felur í sér varhugaverðan rétt til valdbeitingar. Með þessu ákvæði um, að engum megi veita prófessorsembætti, nema dómnefndarmeirihl., *sem háskólaprófessorar skipa*, hafi talið hann hæfan, er þessum sömu prófessorum veitt meira vald til embættaveitinga en skynsamlegt er að mínum dómi. Ákvæðið heimilar meiri hl. í dómnefnd að útiloka hvern umsækjanda sem vera skal, og galdurinn er aðeins sá að láta í ljós álit um, að hann sé óhæfur. Þar með heltist hann úr lest umsækjenda á miðri leið, og sá sem skipunarvaldið hefur, ráðherrann, fær eigi rönd við reist.

Fyrir nokkrum árum var prófessorsembætti auglýst laust til umsóknar, og gáfu 4 umsækjendur sig fram. Nefnd dæmdi um hæfni þeirra. Dæmdi hún 3 hæfa og raðaði þeim í 1., 2. og 3. sæti. Hinn fjórða dæmdi hún óhæfan, enda þótt hann hvað námsferil og störf snerti uppfyllti sett skilyrði. Var það mál margra, er til þekktu, að með þessu væri umsækjandanum gert rangt til. Máske hefði hann átt að vera í 4. sæti, en óhæfan var ranglátt að dæma hann. Hvers vegna var það þó gert og hann þannig smánaður frammi fyrir alþjóð? Víst var um það, að hann átti ekki vinsældum að fagna meðal háskólamanna um þær mundir, og hitt var einnig talið þá, að hann styddi flokk þáverandi menntmrh. Hvort tveggja þetta er hugsanlegt að hafi haft áhrif á dómsúrskurð nefndarinnar. Valdið var hennar að útiloka manninn, og það gerði hún með því að dæma hann óhæfan, með réttu eða röngu, skulum við segja, en með þeim úrskurði voru hendur ráðh. tryggilega bundnar. Annað eins og þetta getur alltaf komið fyrir, en gegn því verður þó að sporna eftir mætti. Misbeiting á valdi af hálfu dómnefndar háskólans er þeim mun verri en misbeiting ráðh. sem dómnefndin hefur þetri aðstöðu en hann til að láta fagsjónarmiðin ein ráða, en það á auðvitað við hér sem annars staðar, að allir erum við nú bara menn.

Í brtt. minni við áðurnefndan málslið 11. gr. er farinn meðalvegur. Er í henni kveðið svo á, að ekki megi veita manni prófessorsembætti, ef dómnefndin hefur einróma látið í ljós það álit, að hann sé óhæfur til þess. Í till. kemur öll nefndin til skjalanna í stað meiri hl. hennar, eins og frv. ráðgerir, og ætti þá síður að vera hætta á, að umsækjendur yrðu ranglega dæmdir úr leik.

Ég kem þá að 21. gr. frv., en hennar gat ég að nokkru við 1. umr. þessa máls. Í upphafi gr. segir, að hver sá, sem staðizt hefur stúdentspróf, eigi rétt á að verða skrásettur háskólaborgari, hafi hann greitt tilskilið gjald og ekki gerzt sekur um meiri háttar óhæfu. Er hér um að ræða eðlileg og sjálfsögð réttindi stúdenta til náms í háskóla. Þeir unglingar, sem að skyldunámi loknu ganga menntaveginn svokallaða, eru í 6 ár að búa sig undir stúdentspróf, sem raunverulega er inntökupróf í háskóla. Þeim á því að vera greið leið inn í deildir háskólans, þegar þessu prófi er náð, enda er upphaf 21. gr. í fullu samræmi við þann skilning. Þar er allt eins og vera skal. En síðar í gr. tekur að harðna á dalnum. Þar er fitjað upp á því, að háskólaráð geti upp á sitt eindæmi mælt svo fyrir í einfaldri samþykkt, að aðeins ákveðinn fjöldi stúdenta skuli skráður í deild árlega, og jafnframt, að *þetta fárra manna háskólaráð megi* velja og hafna úr hópi stúdenta eftir reglum, er það sjálft setur. Þetta ákvæði frv. um heimild til handa háskólaráði til að takmarka aðgang að þessari menntastofnun er fráleitt, og það er jafnfráleitt, þótt það sé ekki nýmæli, heldur hafi verið smeygt inn í lög árið 1941. Það er vansæmandi að láta þetta ákvæði standa í l. um Háskóla Íslands. Þangað eiga allir að geta sótt þá menntun, sem hugur þeirra stendur til, svo framarlega sem þeir hafa staðizt tilskilið próf, stúdentsprófið. Hlið háskólanna standa opin, þar er gestrisni ein af æðstu dyggðum, og þar er óspart veitt úr nægtabrunni vizku og vísinda. Sú skóladeild, sem tæki upp á því að loka dyrum til hálfs eða fulls, ætti ekki lengur heima í háskóla og skyldi burtræk gerð þaðan. Alma Mater, hin veitula móðir, eins og háskóli er oft nefndur í heiðursskyni, þolir ekki, að neinum verðugum sé útskúfað.

Þetta heimildarákvæði er varhugavert á ýmsa lund. Fyrir gæti komið, að háskólaráð yrði einhvern tíma skipað svo forstokkuðum og skammsýnum mönnum, að til heimildarinnar yrði gripið. Þá yrði hópi ungra manna, sem í 6 ár hefðu búið sig undir háskólanám, stuggað frá eins og gripum úr túni. Þessum stúdentum yrði meinað að leggja stund á þá fræðigrein, sem þeir helzt hefðu kosið, og með því þvingaðir til að snúa sér að öðru, sem þeir hefðu síður áhuga á og máske minni hæfileika til. Hér yrði framið gróft ranglæti.

Í grg. frv. er réttilega sagt, að brottvikning úr háskóla sé mjög örlagarík ákvörðun fyrir stúdent og vandamenn hans og sé því rík þörf á að búa sem tryggilegast um málsmeðferð í því sambandi. Þetta er hverju orði sannara. En skyldi hún ekki líka geta orðið örlagarík, sú ákvörðun að skella dyrum háskólans í lás við nefið á stúdent, sem árum saman hefur keppt að því marki að komast þar inn fyrir dyr?

Háskóli Íslands var stofnaður 1911. Það voru ekki liðin mörg ár, þegar prófessorar hans tóku að gerast órólegir út af aðsókn manna að skólanum, og síðan hefur ekki linnt látum. Árið

1924 er skelfing háskólakennara komin í algleyming. Þá þegar krefjast ýmsir þeirra, að aðgangur að skólanum verði takmarkaður. Menn greindi að vísu á um, hvernig ætti að velja úr stúdentahópnum, enda hefur það lengst af síðan vafizt fyrir mönnum. Við setningu háskólans haustið 1924 komst þáverandi rektor, Guðmundur prófessor Hannesson, þannig að orði:

„Stungið hefur verið upp á því að takmarka nemendatölu háskólans eftir þörfum landsins og láta prófeinkunnir skera úr. Mér stendur stuggur af þessari aðferð, því að löng reynsla sýnir, að allajafna eru afburðamenn engir framúrskarandi prófgarpar."

Þannig fórust þessum látna afreksmanni orð, og var hann þó á þeim árum áhyggjufullur út af aðsókninni að skólanum.

Ónáttúrleg útilokun frá skólagöngu mun alltaf gefast illa. Árið 1928 var hún reynd í menntaskólanum í Reykjavík. Þá var þeim skóla lokað að neðan nema fyrir ákveðna tölu nemenda, mig minnir 25. Í fyrsta sinn, er þetta kom til framkvæmda, var 17 nemendum, sem töldust tækir í 1. bekk menntaskólans, úthýst þaðan. Hvað skeði þá? Venzlamenn hinna útskúfuðu ungmenna stofnuðu nýjan skóla handa þeim og fengu einn af hinum áhyggjufullu prófessorum til að veita honum forstöðu. Það varð gagnið af þeirri skólalokun. Hvort sá bægslagangur varð til þess að flýta fyrir fjölgun menntaskóla í landinu, veit ég ekki, en ekki er mér grunlaust um það.

Ef gripið yrði til þess ráðs að takmarka aðgang að deildum háskólans, mundi það valda margháttuðum óþægindum, sem ég skal ekki orðlengja um hér. Nokkrir hinna útskúfuðu stúdenta mundu leita inn í þær deildir, sem opnar væru, og þannig leggja stund á það sérnám, sem hugur þeirra hafði aldrei staðið til, en flestir þeirra útskúfuðu mundu með tilstyrk venzlamanna klífa þrítugan hamarinn til þess að fá numið það, sem þeir óska. Þeir mundu leita til annarra landa til náms og koma síðan heim með fullgild próf í trássi við hinn ógestrisna íslenzka háskóla. Það, sem þá aðallega hefðist upp úr krafsinu, væri stóraukinn námskostnaður.

Það er mikill vandi lagður á herðar háskólaráðs að veita því umgetna heimild til lokunar, — ég held meiri vandi en það fær borið, sé á annað borð gert ráð fyrir, að hún verði nokkru sinni notuð. En eigi hún aldrei að notast, þá á hún ekki heldur að standa í lögum, því að hún er til engrar prýði. Ef einhvern tíma þarf að úthýsa stúdentum úr háskólanum, þá á það ekki að gerast af fámennu háskólaráði, heldur á þar að koma til mat og úrskurður þjóðarinnar í heild. Um það vandamál ætti sjálf þjóðarsamkoman, hið háa Alþingi, þá að fjalla, ef til kæmi.

Því legg ég eindregið til, að lokunarákvæðið í 21. gr. frv. sé burtu fellt. Í Háskóla Íslands á að vera hátt til lofts og vítt til veggja. Hann er æðsta menntastofnun þjóðarinnar, til fyrir hana og kostaður af henni. Engum Íslendingi er Háskóli Íslands óviðkomandi, og öll þjóðin á að fylgjast með störfum hans. Það, sem þar er vel gert, á að lofa, en hitt að víta, sem miður fer.

Háskólinn má aldrei verða ríki í ríkinu. Sá skilningur má ekki verða drottnandi, að háskólinn geti verið sjálfum sér nógur né þar megi enginn nærri málum koma, nema prófessor sé. Þröngsýni og gikkshátt ur eiga að vera þessum skóla framandi. Það má vel vera, að erlendis finnist háskólar, sem geti að skaðlausu notið alræðis um sín mál og krafizt afskiptaleysis þjóðar og ríkisvalds. Þar eru þá aðstæður aðrar. Stórþjóðir eiga sér marga háskóla, og milli þeirra er samkeppni, sem knýr þá nauðuga, viljuga til dáða. Háskólinn hér á engan keppinaut, og það er vissulega annmarki. Ef slíkur skóli einangrar sig, lokar sig inni í sjálfum sér, þykist sjálfum sér nægur og bannar alla íhlutun um mál sín, þá er hann í hættu staddur. Þá vofir yfir honum stöðnun, forpokun og afturför. Gegn slíku verður hann sjálfur og öll þjóðin að berjast. Prófessorarnir ættu ekki að óska alræðisvalds um málefni skólans né frábiðja sér afskipti annarra um mál hans. Slíkt mundi ekki bera vott um góðan skilning á þörfum skólans. Skólinn er ekki fyrst og fremst til fyrir kennara og nemendur, heldur alla þjóðina, og því á hún að ráða þar miklu.

Með brtt. á þskj. 507 er leitazt við að sníða burt nokkra agnúa á frv. til laga um Háskóla Íslands. Með samþykkt þeirri mundi dálítið spor stigið burt frá fámennisveldi í háskólanum og þeim hættum, sem því eru samfara. Áhrifa fleiri hæfra manna á velferðarmál hans mundi gæta, en af því getur ekki annað leitt en víðari sjóndeildarhring og aukinn þroska. Þetta er stórt og mikilsvert atriði, og því hef ég gerzt um það nokkuð fjölorður.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mig langar til að fara fáeinum orðum um þær brtt. frá hv. landsk. þm. (AG), sem hann hefur flutt á þskj. 507.

Hin fyrsta lýtur að rektorskjöri. Hv. þm. sagði, að sú skipan, sem gert væri ráð fyrir í frv., væri spor aftur á bak, þ. e. að skertur væri réttur nokkurs hluta þeirra manna, sem nú hefðu rétt til rektorskjörs, til þess að njóta hans áfram. Þetta er á misskilningi byggt, og sá misskilningur liggur í því, að dósentsheitið á að verða heiti á annars konar starfsmönnum framvegis en það er nú. Eðli dósentsembættisins breytist, ef þetta frv. nær fram að ganga. Nú er rektor kjörinn af prófessorum og dósentum, en fastir kennarar háskólans eru nú prófessorar og dósentar, sem svo eru nefndir. Nú er gert ráð fyrir, að allir fastir kennarar háskólans, sem hafa kennslu við háskólann að aðalstarfi, skuli heita prófessorar, þ. e. þeir, sem nú bera embættisheitið dósent, skulu, ef frv. nær fram að ganga, verða prófessorar þegar í stað, en samkvæmt gildandi lögum eiga þeir ekki að verða prófessorar, fyrr en 6 ár eru liðin frá skipun þeirra sem dósenta. Nákvæmlega sömu mennirnir og sams konar hópur manna mun því framvegis geta kosið rektor og nú. Nú kjósa þeir menn rektor, sem gegna kennaraembætti við háskólann sem aðalstarfi, og svo mun auðvitað verða

framvegis. Mér vitanlega hefur aldrei komið fram till. um, að þeir menn, sem nú eru nefndir lektorar eða aukakennarar, geti átt þátt í rektorskjöri.

Samkvæmt þessu frv. mun nokkur hluti þeirra, sem nú heita lektorar eða aukakennarar, fá dósentstitil. Ég tel ekki eðlilegt, að þeir menn eigi þátt í rektorskjöri, sem gegna aðalstarfi í þágu annarrar stofnunar, en hafa aðeins sem aukastarf að kenna einhverja grein við háskólann.

Þess vegna tel ég, að það, að menn, sem nú eru aukakennarar eða lektorar, fá dósentstitil, eigi ekki að veita þeim atkvæðisrétt við rektorskjör. Sú staðreynd, að dósentar hafa nú slíkan kosningarrétt, af því að þeir hafa kennslu við háskólann sem aðalstarf, á ekki að geta fylgt dósentsembættinu, eftir að það gerbreytir um eðli. Þess vegna er það misskilningur hjá hv. þm., að hér sé um að ræða spor aftur á bak. Það er um að ræða að láta nákvæmlega sömu skipun haldast við rektorskjör og nú á sér stað, og vona ég, að hann geti fallizt á þessa röksemdafærslu.

Um hitt má svo auðvitað deila, hvort sú stefna er æskileg að breyta eðli dósentsembættisins svo sem hér er lagt til. Hér er um að ræða till. háskólans, sem menntmrn. sá ekki ástæðu til að ganga gegn, og hv. menntmn. hefur ekki heldur séð ástæðu til annars en mæla með því, að þessar hugmyndir háskólans um kennaraheiti næðu fram að ganga.

Þá flytur hv. þm. brtt. við 4. gr. frv. um, að stúdentar, sem kvaddir séu á fund háskólaráðs, þegar um sé að ræða mál, er sérstaklega varði stúdenta, skuli ekki aðeins hafa málfrelsi á fundinum, heldur einnig atkvæðisrétt. Í frv. er skv. till. háskólans gert ráð fyrir því sem nýmæli, að heimilt sé að kveðja fulltrúa stúdenta á fund háskólaráðs, þegar til umr. sé mál, er varða stúdenta sérstaklega. Þetta nýmæli mun ekki vera algerlega ágreiningslaust. Persónulega er ég þó þeirrar skoðunar, að það sé til bóta. Ég tek alveg undir þau ummæli hv. þm., að það geti verið hollt fyrir hina eldri kennara að heyra sjónarmið stúdentanna sjálfra, þegar mál þeirra eru til umr. Þess vegna tel ég mjög æskilegt og var þess mjög hvetjandi, að ákvæðið yrði tekið inn í háskólalögin, eins og það er í 4. gr. Hins vegar tel ég það vera of stórt spor í einu a. m. k. að gera ráð fyrir því, að stúdentarnir geti sjálfir greitt atkv. í eigin málum. Ég hygg, að hitt væri miklu hyggilegra, að sjá um skeið a. m. k., hvernig samvinna háskólakennaranna og fulltrúa stúdenta gefst í umr. um mál í háskólaráði, áður en það spor er stigið að veita stúdentum beinlínis atkvæðisrétt um eigin vandamál. Það er a. m. k. andstætt þeirri meginreglu, sem gildir í réttarfarinu hvað þetta snertir, og þó að ég vilji ekki jafna þeim málum, sem þarna yrðu til umr., saman við þau mál, sem koma til kasta dómstóla, þá hygg ég þó ekki fjarstæðu að benda á í þessu sambandi, að um það mætti mjög deila almennt, hvort æskilegt sé að láta stúdenta hafa beinan atkvæðisrétt í háskólaráði um eigin mál. Hitt tel ég æskilegt og til bóta að kveðja þá til ráða og rétt að reyna þá skipan um skeið, áður en stærra spor er stigið. Ég hygg, að það sé svo, að í Noregi hafi fulltrúi stúdenta einnig atkvæðisrétt, en sú skipan er alveg ný. Ég hygg, að það mundi einnig verða til bóta að afla um það upplýsinga, hvernig það hefur gefizt þar, áður en slíkur háttur yrði tekinn upp hér. Slíku sem þessu mætti alltaf breyta síðar, ef ástæða þætti til.

Þá flytur hv. þm. einnig brtt. varðandi embættaveitingarnar. Hér er hreyft mjög viðkvæmu máli. Hv. þdm. er án efa kunnugt um, hver afstaða háskólans hefur verið og er enn í þessu máli. Það hefur verið stefna forráðamanna háskólans, þó að henni hafi að vísu verið haldið misjafnlega fram, að háskólinn ætti að hafa sjálfdæmi varðandi embættaveitingar og ráða sjálfur því, hverjir ráðast til embætta við háskólann. Hins vegar hefur það verið skoðun stjórnvalda, alveg án tillits til þess, hverra flokka menn hafa farið með ríkisvaldið, að það væri óeðlilegt. Um þetta hafa oft og tíðum staðið harðar deilur. Nú um 14 ára skeið hefur verið á þessu skipan, sem samkomulag varð um milli þáverandi menntmrh., Magnúsar Jónssonar próf., og háskólans. Sú skipan er í stórum dráttum þannig, að þegar embætti við háskólann er veitt, skal skipa dómnefnd eftir ákveðnum reglum. Ráðherra er ekki bundinn af áliti þeirrar dómnefndar að öðru leyti en því, að telji meiri hl. dómnefndar einhvern umsækjanda óhæfan til þess að gegna starfinu, má ekki veita honum það. Dómnefnd, sem háskólinn hefur að vísu meiri hl. í, getur ályktað umsækjanda óhæfan, og þá má ekki veita honum embætti. Önnur ráð varðandi embættaveitinguna hefur háskólinn ekki. Að öðru leyti er veitingarvaldið óskert í hendi ráðherra. Um þessa skipun hefur verið mjög sæmilegur friður s. l. 14 ár.

Í því frv., sem nefnd, aðallega skipuð háskólamönnum, samdi, var gert ráð fyrir því, að þessari skipun yrði nokkuð breytt og íhlutunarvald háskólans um veitingu embætta yrði aukið talsvert. Ég taldi ekki rétt að fallast á að gera þessa breytingu á ríkjandi skipan, en taldi hins vegar eðlilegt, eins og lagt er til í þessu frv., að sú skipan, sem gilt hefur s. l. 14 ár, en á sér eingöngu stoð í reglugerð, verði gerð að lagaákvæði, að gildandi reglugerðarákvæði, sem góður friður hefur verið um s. l. 14 ár, verði gerð að lagaákvæði. Sú ráðstöfun hygg ég að verði farsælust.

Nú leggur hv. 1. landsk. þm. til, að áhrifavald háskólans á veitingu embætta verði nokkuð skert frá því, sem nú er, að binding á veitingarvaldi ráðherra sé við það miðuð, að dómnefndin hafi einróma látið í ljós það álit, að hlutaðeigandi sé óhæfur til að gegna embættinu. Nú dugir, að meiri hlutinn telji umsækjandann óhæfan, þá má ekki veita honum embætti. Hv. þm. leggur til, að n. skuli öll láta í ljós það álit, að hann sé óhæfur, og þá og því aðeins sé ráðherra bundinn.

Ég þykist vita, að þessi brtt. muni sæta eindregnum mótmælum háskólaráðs. Ég treysti mér ekki til að mæla með henni, heldur ítreka það, sem ég sagði, þegar málið var hér fyrst til umræðu, að ég tel affarasælast, að sú skipun, sem verið hefur undanfarið, fái að haldast og hún fái lagagildi.

Að síðustu vildi ég fara fáeinum orðum um þá brtt. hv. þm., þar sem hann leggur til, að heimild háskólaráðs til að takmarka aðgang að deildum háskólans sé felld niður. Ég vil taka fram, að ég er þeim hugsunarhætti, sem kom fram í ræðu hans varðandi þetta efni, algerlega sammála. Ég tel, að háskólanám eigi að vera opið. Ég tel, að grundvallarreglan eigi að vera sú, að háskólinn eigi að vera opinn öllum, sem staðizt hafa tilskilið inntökupróf í hann, þ. e. lokið stúdentsprófi. Ég tel, að aldrei eigi að koma til takmörkunar á inngöngurétti stúdenta í háskóladeild, nema ítrasta nauðsyn krefji. Ég hef rætt þetta mál við forráðamenn háskólans, rætt einmitt við þá, hvort þeir teldu ekki tímabært að nema þetta ákvæði úr gildi. Þeir töldu heppilegt að láta það vera í gildi áfram, en lýstu því jafnframt mjög eindregið yfir, að engar tillögur væru uppi um að beita því, engar fyrirætlanir væru á döfinni í þá átt, og því mætti treysta, að þessu ákvæði yrði ekki beitt nema þá að mjög vandlega athuguðu máli og í samráði við stjórnarvöld, ef nauðsynlegt væri af alveg sérstökum ástæðum. Slíkri yfirlýsingu forráðamanna háskólans vildi ég fyrir mitt leyti treysta.

Þær kringumstæður geta hins vegar verið fyrir hendi, að gagnlegt, jafnvel nauðsynlegt sé, að heimild til slíkrar takmörkunar sé í lögum. Í því sambandi vil ég nefna tvö dæmi um ástandið eins og það er raunverulega nú. Nú fer fram kennsla til fyrrihluta prófs í verkfræði við háskólann og kennsla til kandidatsprófs í tannlækningum. Í báðum þessum greinum er nokkur hluti námsins verklegur, og setja kennsluaðstæður þeim fjölda nemenda, sem hægt er að taka við á ári hverju, ákveðin takmörk. Þess vegna er það svo, að til náms í tannlækningum og til náms í verkfræði hefur ekki verið tekið við nema ákveðinni tölu nemenda á hverju hausti, einfaldlega af þeirri ástæðu, að ekki er hægt vegna kennsluaðstöðu að veita ótakmörkuðum fjölda nemenda inngöngu í skólann. Ég held, að þetta hafi verið gert með einfaldri ákvörðun hlutaðeigandi deildar, en ekki með beinni tilvitnun í gildandi lagaákvæði, þar sem háskólaráði er heimilt að takmarka aðgöngu í einstakar deildir. Allir hlutaðeigandi hafa skilið það. Það er augljóst mál, eins og t. d. kennsluaðstöðu í tannlæknadeild er háttað, að ekki er hægt að taka þar við nema ákveðinni tölu nemenda, og sama má segja um verkfræðideildina. Ef nú hins vegar þetta ákvæði yrði fellt úr háskólalögunum og háskólinn sem stofnun hefði enga lagaheimild til þess að takmarka þá tölu, sem tekin er til náms í tannlækningum og verkfræði, kynni að vera, að svo yrði litið á sem háskólanum og ríkisvaldinu yrði skylt að sjá öllum þeim fyrir kennslu í tannlækningum og verkfræði, sem um það sæktu. Það mundi vafalaust reynast algerlega óframkvæmanlegt t. d. á næsta hausti að fullnægja þeim umsóknum, sem fyrir lægju. Mér er kunnugt um, að það er til athugunar, sérstaklega að því er snertir tannlæknadeildina, að bæta aðstöðu hennar þannig, að hún geti tekið við fleiri nemendum. En það tekur nokkurn tíma, og er ekki víst, að það verði hægt að gera fyrr en hún hefur fengið það húsnæði, sem henni er fyrirhugað í nýju landsspítalabyggingunni.

Rétt er að hafa þetta atriði í huga, að ekki er rétt að leggja beinlínis þá skyldu á háskólann að taka við nemendum, sem hann hefur enga aðstöðu til þess að taka við. Jafnframt verður að gera sér grein fyrir því, að það mál gæti orðið allmikið fjárhagsatriði, því að þessi kennsla er dýr, en ég er ekki viss um að menn hafi hugleitt, að þetta atriði hefur einnig þessa hlið.

Ég vildi einnig á það benda, að í öðrum háskólum er það mjög algengt, að tekin sé aðeins ákveðin tala nemenda til náms í ákveðnum tæknigreinum á ári hverju, þar sem kennsluaðstaða með eðlilegum hætti bindur tölu þeirra nemenda, sem námið geta stundað, t. d. aðstaðan til verklegs náms, eins og ég veit að hv. 1. landsk. þm., sem er læknir, gerir sér hina ljósustu grein fyrir, jafnvel þó að grundvallarstefna hlutaðeigandi háskóla sé sú, að námið skuli vera þar algerlega frjálst. Þess vegna ítreka ég það, sem ég sagði um þetta við 1. umr. málsins, að ég hygg óhjákvæmilegt að hafa slíka heimild í lögum, eins og hún er þarna orðuð, en vildi aðeins enn ítreka þá skoðun, sem forráðamenn háskólans hafa látið í ljós við mig, að þessu ákvæði muni að óbreyttum öllum aðstæðum ekki verða beitt til þess almennt að torvelda stúdentum aðgang að háskólanum. Ég vil bæta því við, að meðan ég gegni þeirri stöðu, sem ég gegni nú, mundi ég fyrir mitt leyti aldrei samþykkja slíkt.

Umr. frestað.

Á 98. fundi í Ed., 13. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 415, n. 502, 503, 507, 522, 523).

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Brtt. menntmn. á þskj. 502 tel ég í öllu verulegu til bóta. Er mjög eðlilegt, að þeim þrem frv., sem samtímis voru lögð fram í þessari hv. d. og öll snerta háskólann beint, verði komið fyrir í einu frv. til laga um Háskóla Íslands.

Nokkurs tvímælis getur nýyrðið lyfefnafræði orkað, en það á að koma í stað lyfsölufræði. Orðið lyfefnafræði segir í rauninni ekkert og getur því misskilizt, en þá galla hafði orðið lyfsölufræði þó ekki. Meðlimir Lyfjafræðingafélags Íslands eru óánægðir með heitið lyfsölufræði og verði líklega jafnóánægðir með nýyrðið, og hvar er þá vinningurinn við umskiptin?

Á þskj. 503 flytja þeir brtt., hv. þm. Barð. og hv. þm. Ak. Tel ég hana þarfa umbót og mun greiða henni atkv.

Við fyrri hluta þessarar umr. andmælti hæstv. menntmrh. brtt. mínum á þskj. 507. Gerði hann það prúðmannlega, eins og hans var von. En mér fannst gæta öðru hvoru slæmrar samvizku í málflutningi hans, þótt þar kunni mér að skjátlast. Ég get hugsað mér, að hæstv. ráðh. eigi óhægt um vik í þessu máli. Hann vill ekki aðeins reynast sjálfum háskólanum hið bezta, heldur líka starfsbræðrum sínum þar, prófessorunum, en hvort tveggja er lofsvert. En vandinn er, að velferð háskóla og óskir prófessora geta, ef óheppnin er með, orðið sitt hvort, tekið að stangast á, og þá verður óhægt um vik, því að illt er tveim herrum að þjóna.

Um eitt atriði í andmælum hæstv. ráðh. vil ég fara örfáum orðum. Hann taldi það misskilning minn, að kosningarréttur kennara innan háskólans væri með frv. þrengdur frá því sem nú er.

Þegar ég gerði grein fyrir till. mínum, benti ég m. a. á, að skv. gildandi lögum væri rektor kosinn af prófessorum og dósentum skólans, en að í frv. væri ráðgert, að einungis prófessorar yrðu framvegis þeirrar náðar aðnjótandi. Þessari staðreynd mótmælti ekki hæstv. ráðh., heldur gerði hann grein fyrir, hvers vegna þessi breyting væri gerð á kosningarréttinum, og fór þar algerlega með rétt mál. Það verða ekki gerðar jafnstrangar kröfur um verðleika dósenta og áður, og við það þokast þeir niður um eitt þrep í mannvirðingarstiga háskólans. Þess vegna skulu verðandi dósentar ekki hafa þann rétt, sem fyrri dósentar höfðu, að mega taka þátt í kosningu rektors. Sumum kann að finnast þessi skerðing á kosningarrétti réttlætanleg, en öðrum ekki.

Hæstv. ráðh. hljóp yfir hitt dæmið, sem ég nefndi því til sönnunar, að verið væri að þrengja kosningarrétt innan háskólans. Skv. gildandi lögum eiga allir kennarar hverrar deildar sæti á deildarfundum og atkvæðisrétt. „Allir deildarkennarar eiga atkv. um kjör deildarforseta," segir þar orðrétt, en deildarforseti er sjálfkjörinn í háskólaráð.

Í frv. er þessari ívitnuðu setningu sleppt, og þar er raunar tekið fram, að á deildarfundum eigi ekki sæti aðrir kennarar en prófessorar, þótt deild sé að vísu heimilað að taka dósenta og lektora með. Afturhvarfið er augljóst: áður allir deildarkennarar, nú aðeins prófessorar.

Mér þótti vænt um að heyra hæstv. ráðh. lofa því, að ekki skyldi stúdentum meinaður aðgangur að háskólanum, á meðan hann fengi við ráðið. Þess átti ég líka von af honum. En á hinu furðar mig, að hann skuli þora að fela valdið til þess fámennu og tiltölulega einlitu háskólaráði. Með lögum er háskólaráði veitt heimild til að takmarka aðgang að deildum skólans. Það getur þess vegna gert það, ef því sýnist, og þarf hvorki að spyrja kóng né prest.

Að lokum vil ég láta í ljós þá von, að enginn líti á orð mín um háskólafrumvarpið sem fjandskap við sjálfan skólann, því að honum þykist ég vilja vel. Það er einmitt í hans þágu, sem ég geri nokkrar aths. við frv. Mér þykir í því gengið hættulega langt í þá átt að einangra skólann og losa hann úr tengslum við straumiðu þjóðlífsins.

Ég heyrði sagt, að háskólaráð hefði viljað ganga enn lengra í þessa átt en gert er þó í frv. og heimtað allt vald til embættaveitinga innan skólans á sínar hendur. Mér þótti þetta ótrúleg saga, en fæ hana nú staðfesta á þskj. 523 í brtt. Get ég þá fyllilega tekið undir orð þess, sem mér sagði tíðindin fyrstur, er hann spurði: Skyldu þeir ætla með háskólann út í hafsauga?

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Á þskj. 523 flytjum við hv. 2. þm. Árn. þrjár brtt. Þær eru allar fluttar samkv. óskum háskólaráðs einróma. Háskólaráð lét undirbúa þetta frv., sem hér liggur fyrir, og var undirbúningur þess hinn vandaðasti. Áður en málið væri flutt fyrir Alþingi, breytti hæstv. ríkisstj. eða hæstv. menntmrh. nokkrum atriðum frá því, sem undirbúningsnefnd og háskólaráð höfðu lagt einróma til. Brtt. á þskj. 523 fela í sér að færa þrjú atriði aftur í það horf, sem háskólinn hafði lagt til.

1. brtt. er við 7. gr., um skipun háskólaritara. Háskólinn hafði lagt til, að menntmrh. skyldi skipa háskólaritara skv. tillögum háskólaráðs, sem þýðir það, að ráðherrann sé bundinn við þá uppástungu, sem háskólaráð gerir. Hæstv. ráðh. breytti þessu í frv., sem hér liggur fyrir, á þá lund, að ráðherra skyldi skipa ritara við háskólann að fengnum tillögum háskólaráðs, m. ö. o.: háskólaráð á að gera tillögur, en ráðherra er alveg frjáls og óbundinn um valið.

Þessar till. háskólans eru góðum rökum studdar. Háskólaritari er fyrst og fremst náinn samstarfsmaður og trúnaðarmaður háskólaráðs og því mjög eðlilegt, að það óski þess að ráða að mestu um, hvaða maður velst til þess starfs.

2. brtt. er við 11. gr. Hún er um það, að menntmrh. skipi dósenta samkv. tillögu háskóladeildar. Að efni til er þetta hið sama og í fyrri brtt., að raunverulega sé á valdi háskóladeildarinnar, hverjir veljast til dósentsstarfa, þó að ráðherra hafi hið formlega veitingarvald.

Í grg. sinni um þetta atriði segir háskólaráð, að það telji mikilsvirði, að deildirnar sjálfar ráði því, hverjir séu skipaðir dósentar, svo sem stöðum dósenta er farið skv. frv. Enn fremur er vakin athygli á því, að dósentsstaða verði að sjálfsögðu ekki stofnuð skv. frv., nema samþykki menntmrh. komi til.

Báðar þessar till. virðast okkur flm. eðlilegar og æskilegar, og er efni þeirra að færa frv. í það horf, sem háskólinn gekk frá því, áður en hæstv. ráðh. breytti þessum atriðum.

Ég skal til skýringar taka fram, að það er mjög algengt í íslenzkum lögum, að ráðherra skuli leita tillagna vissra aðila, áður en hann skipar í embætti eða gerir einhverjar stjórnarráðstafanir. Ef þetta er orðað svo í lögum, að ráðherra skuli gera þetta og þetta að fengnum tillögum einhvers aðila, þá er skylt að leita þeirra tillagna, en ráðherra er óbundinn að fylgja þeim. Hins vegar eru þess nokkur dæmi einnig í íslenzkum lögum, að ráðherra skuli framkvæma einhverjar ráðstafanir samkv. tillögum einhvers aðila eða eftir uppástungu einhvers aðila, og þá hafa dómstólar litið svo á og lögskýrendur, að þá væri ráðherra bundinn við þá uppástungu, sem hinn umræddi aðili gerir. Sem dæmi vil ég nefna, að í lögum um embætti háskólabókavarðar er svo kveðið á, að menntmrh. skipi í það starf skv. tillögum háskólaráðs. Einnig má geta þess, að í tilskipun um bæjarmálefni Reykjavíkurbæjar er svo ákveðið, að bæjarstjórn skipi lögregluþjóna eftir uppástungu lögreglustjóra, sem hefur verið skilið þannig einnig af dómstólum, að bæjarstjórn sé bundin við þær uppástungur, sem lögreglustjóri gerir. Þannig mætti nefna nokkur fleiri dæmi, þannig að þessar brtt., sem við flytjum á þskj. 523, eru engan veginn einsdæmi í íslenzkum lögum, fjarri því.

3. brtt., töluliður 2. b, er þó miklu þýðingar-

meiri en þessar tvær, sem ég nú hef nefnt, og varðar sjálfar reglurnar um val prófessora eða kennara við háskólann. Þar komum við að atriði, sem virðist vera mikill skoðanamunur um, eins og greinilega hefur komið fram í brtt. og ræðum hv. 1. landsk. þm.

Það er óhætt að fullyrða, að það er nærri undantekningarlaus regla í lýðræðislöndum, að embættaveitingar við ríkisháskóla eru í höndum þeirra sjálfra. Það er viðurkennd regla við ríkisháskóla í lýðræðislöndum, að háskólarnir eigi að ráða sem allra mestu sjálfir um val starfsmanna sinna og að veitingarvaldið sé aðeins að forminu til í höndum ráðherra. Þessi hefur þróunin víðast hvar orðið. Ástæðurnar eru augljósar, og þyrfti í rauninni ekki langt mál til að rökstyðja það. Þessi háttur er hafður vegna þess, að hann þykir tryggja bezt, að hinir hæfustu menn veljist til vísindastarfa og kennaraembætta við háskólana. Það þykja meiri líkur til þess, meiri trygging, að vísindamennirnir, fræðimennirnir sjálfir og þeirra ráðunautar, sem til eru kvaddir sem dómnefndarmenn eða á annan hátt, felli fræðilegan, vísindalegan, óhlutdrægan dóm um, hver umsækjendanna sé hæfastur, heldur en að pólitískur ráðherra hafi það algerlega í sinni hendi. Í rauninni þarf ekki mikils rökstuðnings við fyrir því.

Nú er svo samkv. gildandi lögum og reglugerð, eins og segir í 11. gr. þessa frv., að þegar laust er kennaraembætti við háskólann, skal það auglýst til umsóknar, og skipuð skal dómnefnd fræðimanna til þess að skera úr um, hver sé hæfastur. Reglan er svo sú, að ráðherra er heimilt að velja hvern sem er af þeim, sem dómnefnd hefur talið hæfa til að gegna embættinu. Þó að hins vegar dómnefnd og háskóladeild telji, að einhver þessara manna sé langsamlega hæfastur, beri af um þekkingu og gáfur, þá er ráðherra ekki skylt að veita þeim manni, heldur getur valið hvern sem er af umsækjendum, ef dómnefndin hefur á annað borð talið hann hæfan til þess.

Háskólinn hefur að athuguðu máli gert tillögur um það í þessu sambandi, að hér yrði breyting á gerð, þó ekki þannig, að ráðherra væri jafnan bundinn við uppástungur og tillögur háskólans. Svo langt hefur háskólaráð ekki, a. m. k. á þessu stigi, viljað ganga. En það hefur lagt það til, að ef dómnefnd sé einróma um að telja einhvern umsækjanda hæfastan og meiri hluti háskóladeildarinnar leggur til, að sá maður sé skipaður, þá sé ráðherra skylt að gera það.

Mér þykir mjög miður farið, að hæstv. menntmrh. skuli hafa talið ástæðu til að rýra þannig vald háskólans eða áhrif hans í þessu efni frá því, sem háskólinn sjálfur lagði til. Brtt. okkar á þskj. 523, tölulið 2. b, fer í þá átt að taka upp það ákvæði í þessu efni, sem háskólinn hafði sjálfur lagt til, og það er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita umsækjanda og rannsókna svo og námsferli hans og störfum megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Enn fremur skal dómnefnd skipa umsækjendum í röð eftir hæfni.“ — Þetta hefur hæstv. ráðherra fellt niður. — „Álitsgerð dómnefndar skal skila í hendur forseta hlutaðeigandi háskóladeildar, og lætur deildin uppi rökstutt álit sitt á því, hvern umsækjanda hún telur hæfastan. Engan má skipa prófessor, nema meiri hluti dómnefndar hafi talið hann hæfan til að gegna embættinu. Nú er meiri hluti atkvæðisbærra deildarmanna sammála um að leggja til, að tiltekinn umsækjandi, sem dómnefnd hefur einróma talið hæfastan, verði skipaður í embættið, og er þá skylt að skipa hann.“ — Þetta niðurlag hefur hæstv. ráðherra líka fellt niður úr frv. frá tillögum háskólans.

Í grg. háskólaráðs fyrir þessu ákvæði segir svo m. a.:

„Ef þetta ákvæði nær fram að ganga, er afskiptaréttur háskólans af vali kennara aukinn til nokkurra muna, en ólíklegt er, að menntmrh. hafi fræðilegar forsendur til að endurmeta hæfni umsækjenda, þegar svo er, að dómnefnd er einhuga í áliti sínu og það álit er stutt af atkvæði meiri hluta deildarmanna.“

Síðan segir háskólaráð, um leið og það vekur athygli menntmn. Ed. á þessum efnismun, sem er á frv. ríkisstj. og frv. nefndarinnar, og lætur í ljós þá skoðun, að till. nefndarinnar, þ. e. háskólans, séu æskilegri en ákvæði þau, sem í frv. felast.

Hv. 1. landsk. þm. taldi það furðu gegna í ræðu sinni hér áðan, að háskólinn skyldi leyfa sér að gera slíkar tillögur og að þær skyldu vera fluttar inn í þingið af okkur hv. 2. þm. Árn. Mig furðar nokkuð á þessum ummælum hv. þm., því að ég hefði gert ráð fyrir, að maður með hans greind og menntun vissi það, eins og ég tók fram áðan, að í lýðræðislöndum er þetta talin sjálfsögð, nær undantekningarlaus regla, að hið raunverulega veitingarvald sé í höndum háskólanna sjálfra og sérfræðinga þeirra, en að forminu til í höndum ráðherra. Það, sem hér er farið fram á, er aðeins að lögfesta það að nokkru leyti, að skólinn skuli hafa slíkt vald, þó ekki óskorað, eins og ég gat um, en a. m. k. ef dómnefnd er einróma í sínu áliti um það að telja einn umsækjanda hæfastan og meiri hluti deildarmanna hlutaðeigandi háskóladeildar er á sama máli, þá sé skylt að skipa hann.

Ég vænti þess, að þessar tillögur, sem eru algerlega í samræmi við og eftir óskum háskólaráðs, án nokkurs ágreinings þar, nái samþykki í þessari hv. deild.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 523, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs í tilefni af þeim ummælum hv. 6. þm. Reykv., að brtt. þær, sem hann ásamt öðrum hv. þingmanni hefur flutt á þskj. 523, séu fluttar skv. óskum háskólaráðs, og endurteknu hans á því aftur í niðurlagi ræðu sinnar, að með því einu móti að samþykkja þessar brtt. væri fullnægt óskum háskólans varðandi þetta mál. Þykir mér rétt að segja frá því, hvernig það frv., sem hér er til umr., varð til og hvaða

viðræður fóru fram á milli háskólans og menntmrn. í því sambandi.

Frv. er upphaflega undirbúið og samið af sérstakri nefnd, sem háskólinn einn hafði í fyrstu tilnefnt menn í. Síðar hafði fyrrv. menntmrh. skipað sérstakan formann í nefndina utan háskólans, dr. Benjamín Eiríksson bankastjóra. Frv. þeirrar n. gekk til háskólaráðs, og samþykkti háskólaráð frv. n. og sendi það síðan með bréfi til menntmrn. Þegar ráðuneytið hafði farið yfir frv., komst það í raun um, að í því voru nokkrar breytingar, sem ráðuneytið taldi varhugavert að lagðar yrðu fyrir Alþ. og samþykktar þar. Þess vegna var efnt til fundar með fulltrúum frá háskólaráði og nefnd þeirri, sem unnið hafði að undirbúningi frv. Það, sem sérstaklega var um að ræða þar, var einmitt það atriði, sem brtt. 2. b á þskj. 523 fjallar um, þ. e. aðferðin við veitingu kennaraembætta við háskólann.

Eins og hv. þm. tók fram, er hér um að ræða viðkvæmt deilumál og engan veginn nýtt. Hann rakti það í ræðu sinni alveg réttilega, hver háttur er nú á hafður um þessi mál, og skal ég ekki endurtaka það. Jafnframt rakti hann einnig réttilega, hvernig ákvæðin voru í tillögum nefndarinnar, sem háskólaráð í fyrstu sendi til ráðuneytisins. En við þessar skýringar hv. 6. þm. Reykv. vil ég aðeins bæta því, að sú skipan, sem nú er á þessum málum, var tekin upp árið 1942 með reglugerð, sem Magnús Jónsson prófessor setti þá í fullu samráði við þáverandi háskólaráð og skv. beinni ósk þess. Eins og ég hef tekið fram áður í þessari hv. d., hefur verið fullur friður um þessa skipan s. l. 14 ár, um þá skipan, sem einn af starfsmönnum háskólans, sem þá um skeið gegndi embætti menntmrh., setti í fullu samráði við stofnunina og að því er ég held eftir beinum tillögum hennar. Síðan hafa þrír menntmrh. setið, þeir Einar Arnórsson, Björn Ólafsson og Bjarni Benediktsson. En af hálfu þingflokka hafa ekki fleiri menn gegnt embætti menntmrh. en Björn Ólafsson og Bjarni Benediktsson. Hvorugur þeirra hefur nokkru sinni stungið upp á því, að slík breyting yrði gerð á þessari skipan sem lagt er til í þessari till., að gerð yrði. Háskólinn hefur mér vitanlega ekki borið fram um það neina ósk á þessu skeiði síðan 1942, — það liggur a. m. k. ekki fyrir í menntmrn., — að þessum reglum um embættaveitingar verði breytt.

Um þetta ræddum við fulltrúar háskólans á fundi, sem við áttum um málið, og tjáði ég þeim þar, að ég væri reiðubúinn fyrir mitt leyti til þess að stuðla að því, að þau ákvæði, sem nú eru aðeins reglugerðarákvæði og ráðherrar geta því breytt hvenær sem er, skuli gerð að lagaákvæðum, eins og gert er í frv. hér. Hins vegar treysti ég mér ekki til þess að gera víðtækari breytingu á málinu, enda væri ég þess fullviss, að með till. um það væri vakið upp mjög viðkvæmt deilumál, sem mundi valda miklum umræðum í þinginu og mjög líklegt væri til þess að stefna öllu málinu í hættu. Þetta varð til þess, að samkomulag varð um það á fundi, sem haldinn var í menntmrn., þar sem staddir voru rektor háskólans, prófessor Þorkell Jóhannesson, og prófessor Ármann Snævarr, sem er einn aðalhöfundur frv. og átti sæti í nefndinni, sem það samdi, að frv. skyldi lagt fram í því formi, sem stjórnarfrumvarpið nú hefur.

Í umsögn þeirri, sem hv. 6. þm. Reykv. vísaði til, var aðeins rætt málefnalega, hvaða munur væri á stjfrv. og upphaflegu nefndartillögunum, sem háskólaráð hafði í upphafi samþykkt, áður en það sendi málið til menntmrn. Hins vegar kom í því bréfi ekki fram, að viðræður hefðu farið fram milli menntmrn. og háskólans, þar sem samkomulag varð um að hafa málið í því formi, sem stjfrv. hefur. Á þessu var ráðin bót með öðru bréfi, sem hv. 6. þm. Reykv. gat ekki um í ræðu sinni og ég vildi því, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að lesa eina setningu úr, en hún hljóðar svo:

„Háskólaráð benti í fyrri umsögn sinni á fáein atriði, sem eru á annan veg í frv. um Háskóla Íslands en hinu upphaflega frv. nefndar þeirrar, sem í fyrstu fjallaði um málið. Þetta var fyrst og fremst gert í því skyni, að hv. menntmn. gæti betur áttað sig á þessum breytingum, sem að vísu er vikið að í greinargerð, en ekki raktar þar nánar. En þótt hér komi fram nokkur skoðanamunur um fáein atriði, fæst þó mikilvæg nema 7. gr. og 1. og 4. málsgr. 11. gr. frumvarpsins, vill háskólaráðið taka það fram, að það vill fyrir sitt leyti ekki láta ágreining um þessi atriði tefja framgang þess."

Samkv. þessu bréfi og raunar viðræðum við forvígismenn háskólans ber að líta svo á sem stuðningur háskólans sé fyrir hendi við málið, í þeim búningi, sem það hefur í stjfrv. Ef málið hefði ekki haft stuðning háskólans, eins og það var lagt fram, hefði ég ekki lagt það fram.

Ég skal annars ekki ræða það gamla deiluatriði, hvort veitingarvaldið eigi frekar að vera í höndum ráðherra eða háskólans sjálfs. Það má ýmis rök fram færa fyrir báðum þeim skoðunum, sem uppi eru og alkunnar eru. Það, sem ég þó tel hafa úrslitaþýðingu í þessu sambandi, er, að ég tel pólitískan aðila hljóta að verða að bera hina endanlegu ábyrgð á ráðstöfun jafnmikilvægra embætta og háskólakennaraembætti eru. Ef hið raunverulega veitingarvald væri algerlega í hendi háskólans, og á í rauninni sama við um ýmsar aðrar hliðstæðar stofnanir, þá er þess að gæta, að þeir aðilar, sem þá bæru ábyrgð á veitingu embættanna, geta ekki borið neina pólitíska ábyrgð á ráðstöfunum sínum. Þótt þeir gerðu rangt, eins og alla menn getur hent, þá eru engin skilyrði til þess að gera þá ábyrga fyrir gerð sinni. Þeir eru skipaðir embættismenn og halda skipun sinni, halda þeim rétti sínum, hvað svo sem þeir kunna að hafa gert. Jafnframt er ekki til almennur vettvangur til að gagnrýna þá fyrir þá ráðstöfun, sem öðrum aðilum í þjóðfélaginu kann að þykja röng og þeir vilja gagnrýna. Allt öðru máli gegnir um stjórnmálamann, um pólitískan ráðherra. Honum er skylt að gera grein fyrir gerðum sínum varðandi embættaveitingar — sem og öðrum gerðum sínum — á Alþingi. Þar ber hann pólitíska ábyrgð. Þar er hann opinn fyrir gagnrýni, opinberri gagnrýni, og ef hann gerir verk, sem er talið rangt, sem meiri hl. á Alþingi telur rangt, þá eru skilyrði til þess að láta hann gjalda þess

verks með því að fella hann. Þetta er eðli hinna pólitísku valdhafa í lýðræðisþjóðfélagi.

Þetta tel ég vera úrslitarökin fyrir því, að höfð er sú skipun, sem hér er og annars staðar í lýðræðisþjóðfélögum, að hið endanlega vald er hjá pólitískum aðila, sem er opinn fyrir gagnrýni og ber ábyrgð, þá þyngstu ábyrgð, sem hægt er að bera á því sviði, þ. e. þá að verða að una því að vera sviptur völdum, ef hann misbeitir þeim.

Hitt er svo allt annað mál, að ég tel sjálfsagt af hinu pólitíska valdi að taka fullkomin fagleg tillit við beitingu þessa valds, raunar ekki aðeins við veitingu háskólakennaraembætta, heldur við veitingu allra embætta.

Það hafa ekki, síðan núv. skipun var upp tekin, orðið neinar alvarlegar deilur milli veitingarvaldsins og háskólans, og ég hygg, að ekki þurfi að óttast þær, ef þessi skipun, sem nú er, fær að þróast í friði. A. m. k. hygg ég, að engin ástæða sé til þess að óttast deilur milli háskólans og veitingarvaldsins, meðan ég gegni því embætti, sem ég gegni núna. Það haggar ekki þeirri staðreynd, að ég tel samkv. venjulegum og heilbrigðum lýðræðisreglum hið endanlega vald hljóta að vera hjá stjórnmálaaðila, sem hefur skyldu til þess að bera á gerðum sínum fullkomna pólitíska ábyrgð.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það eru nokkur atriði í ræðu hæstv. menntmrh., sem mér þykir rétt að skýra nokkru nánar, vegna þess að sumar hans upplýsingar gáfu ekki rétta mynd af málinu, eins og það liggur fyrir.

Hann minntist á það, að Magnús Jónsson prófessor, sem var menntmrh. 1942, hafi staðfest þá reglugerð um embættaveitingar við háskólann, sem síðan hefur verið í gildi og tekin sé upp óbreytt í þetta frv. Þetta er rétt.

Hann segir, að þeir ráðherrar, sem hafi verið menntmrh. síðan, hafi ekki hreyft þessu máli. Síðan hafa verið menntamálaráðherrar Einar Arnórsson, Brynjólfur Bjarnason, Eysteinn Jónsson, Bjarni Benediktsson og Björn Ólafsson. Það er rétt. En mér er ekki kunnugt um, að háskólinn hafi óskað eftir því við neinn þessara ráðherra, að gerðar yrðu á þessu breytingar eða sett inn í lög það, sem nú er um deilt. Það er í fyrsta skipti nú síðan 1942, sem háskólinn fer fram á það við ríkisstj. eða hæstv menntmrh., að flutt sé frv. með þessum ákvæðum, sem tryggja betur en nú er sjálfræði og ákvörðunarvald háskólans í þessu. Og þótt undarlegt sé og sorglegt, vil ég segja, þá er það hæstv. núv. menntmrh., sem er fyrsti ráðh. síðan 1942, sem neitar að verða við fram bornum óskum háskólans í þessu efni.

Hæstv. ráðh. segir, að það hafi orðið samkomulag milli sín eða rn. og háskólans um þau ákvæði, sem nú eru í frv. Þetta er ekki alls kostar rétt. Eftir að frv. var lagt fyrir Alþingi, ítrekar háskólaráð óskir sínar við menntmn. Ed. Það kemur skýrt fram, að háskólaráð óskar eftir því, að sú skipun, sem það lagði til, verði fremur upp tekin, hún sé æskilegri en sú, sem hæstv. ráðh. lagði til.

Hitt, þegar háskólaráð lýsir því svo yfir í síðara bréfi, að ef hætta yrði á, að frv. stöðvaðist vegna þessa ágreinings, vill það heldur fá frv. í gegn með ákvæðinu, eins og það var frá hæstv. ráðh., að túlka þetta sem samkomulag eða samþykki á því, að háskólinn sé orðinn sammála um, að þetta sé hið bezta skipulag, sem ráðherrann leggur til, er náttúrlega ekki rétt með farið.

Í rauninni liggur málið þannig fyrir, að háskólinn óskar eftir þessari skipan, sem við 2. þm. Árn. höfum nú lagt til. Ráðh. segir, að hann treysti sér ekki til að leggja það fyrir þingið, vegna þess að hann búist við að það valdi svo miklum ágreiningi. Þá svarar háskólaráð því: Ef um það tvennt er að ræða, annaðhvort að frv. stöðvist eða það gangi í gegn eins og hæstv. ráðh. leggur til, þá viljum við þó heldur það síðara. — Finnst mér heldur hæpin útlegging að skýra þetta sem efnislegt samkomulag við háskólaráð.

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Hvað hefur hann fyrir sér í því, að frv. væri teflt í nokkra tvísýnu hér í þinginu, þó að farið hefði verið að óskum háskólans um ákvæði 11. gr.? Ætlar hæstv. ráðh. að halda því fram, að meiri hl. þingmanna hefði heldur viljað stöðva frv. en að fá inn í það ákvæði eftir óskum háskólans um, að skylt sé að skipa mann, sem dómnefnd hefur einróma talið hæfastan og meiri hluti háskóladeildar líka?

Ég verð að segja, að mér finnst þetta ákaflega mikið og furðulegt vantraust á hv. alþm., að ráðherra skuli ætla þeim slíkt. Mér kemur ekki til hugar, að frv. hefði verið teflt í nokkra tvísýnu í þingi, þó að fylgt hefði verið óskum háskólans í þessu efni.

Hæstv. ráðh. tók hér svo upp og taldi fram höfuðrök fyrir því, að háskóli ætti yfirleitt ekki að hafa hið raunverulega veitingarvald, og mér kemur sannast sagna hans málflutningur í þessu nokkuð á óvart, eftir að hann hefur um margra ára skeið sjálfur starfað við háskólann, og framlagning hans á þessu frv. eða breyting frá óskum háskólans og málflutningur hans hér gengur í rauninni alveg í berhögg við þær skoðanir, sem ég hafði haldið að prófessorar háskólans væru nokkurn veginn einhuga um. Ég hélt, að hæstv. ráðh., meðan hann var við háskólann, hafi einnig verið á einu og sama máli um það.

Þau rök, sem hér eru talin fram um það, að hinn pólitíski ráðherra verði alltaf að ráða þessu endanlega, eru einmitt rökin, sem vitanlega eru drýgst og þyngst á metunum, þar sem lýðræði ríkir ekki. Þar sem lýðræði ríkir ekki er náttúrlega farið eftir pólitískum línum við veitingar, en ekki fyrst og fremst eftir hæfni. En ef það á að vera einhver goðgá að auka sjálfsákvörðunarrétt háskólans í þessu efni, eins og háskólinn hefur lagt til. — og hæstv. ráðh. virtist telja það eiginlega fráleitt í lýðræðislandi með pólitíska ráðherra, — ja, hvað er þá um öll þessi lýðræðislönd í Evrópu og Ameríku, þar sem þetta þykir sjálfsögð regla og eins og ég gat um nær undantekningarlaus, að háskólarnir hafi hið raunverulega vald í þessum efnum?

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég ætla að byrja á að leiðrétta niðurlagsorðin

í ræðu hv. þm. Hann sagði, að í nágrannalöndum, lýðræðislöndum, þætti það sjálfsögð regla að hafa þá skipun, sem getið er um í brtt. hans og annars hv. þm. Þetta er alger misskilningur. Það er einmitt í öllum lýðræðislöndum sú regla, að hið endanlega vald er í höndum hins pólitíska ráðherra.

Ég þekki ekkert dæmi þess og hef þó aflað mér um það upplýsinga og þætti vænt um, ef hann gæti nefnt það úr löggjöf nokkurs nágrannalands, að veitingarvald ráðh. sé bundið af úrskurði nokkurs háskóla, nokkurra háskóladeilda eða nokkurrar dómnefndar. Það er ekki til, það fullyrði ég.

Það, sem hann á líklega við með ummælum sínum, er það, að yfirleitt þykir sjálfsagt að fara eftir till., — till., segi ég, því að það eru till. einar, — eftir till. háskóla og ýmissa annarra hliðstæðra stofnana við veitingu embætta.

Það tel ég líka sjálfsagt hér, og það hefur verið þannig síðan núverandi skipun var tekin upp, að embættaveitingarnar hafa verið með þeim hætti, að ekki hefur valdið ágreiningi. Það, sem hér er verið að leggja til í brtt. á þskj. 523, er að taka upp skipan, sem bindur vald ráðherra, og það er skipan, sem engin dæmi eru til um í nágrannalöndum. Þætti mér mjög vænt um að heyra, ef þetta er misskilningur hjá mér, að fá um það alveg glöggar upplýsingar. Ég veit raunar, að það er ekki.

Sú regla, sem hv. þm. sagði að væri sjálfsögð, að hafa hið raunverulega veitingarvald í höndum háskólans og annarra hliðstæðra stofnana, byggist á því, að veitingarvaldið telur rétt að fara eftir þeim till., og á því einu. Hér er því engan veginn um það að ræða, hvort pólitískar línur eigi að ráða við veitingu embætta eða hæfni. Hæfni getur að sjálfsögðu nákvæmlega jafnt ráðið, þó að hið endanlega vald sé í höndum ráðherra, og á að ráða. Það er mín skoðun. En það styður auðvitað engan veginn að því, að gera eigi slíka grundvallarbreytingu á stjórnlögum sem í því mundi felast að binda veitingarvald ráðherra um veitingu jafnmikilvægra embætta og hér er um að ræða, því að yrði þetta gert hér, má geta nærri, að þetta yrði ekki bundið við háskólann einan, heldur mundi verða fært út á fleiri og fleiri svið og til fleiri og fleiri stofnana, þannig að stofnanirnar, hinar einstöku stofnanir í þjóðfélaginu, yrðu meira og minna fjarlægðar og kæmust þannig undan hinu pólitíska eftirliti sjálfra hinna lýðræðislegu stjórnarvalda, sem eru einn af hyrningarsteinum lýðræðisþjóðfélagsins.

Þessi skoðun, sem ég hef lýst í ræðu minni áðan og endurtek nú, er fjarri því að vera nokkur einkaskoðun mín. Hún virðist hafa verið skoðun beggja þeirra flokksmanna hv. 6. þm. Reykv., sem gegnt hafa menntamálaráðherraembætti næst á undan mér. — Ég bið afsökunar á því, því að mín ætlun var sú að nefna einvörðungu flokksmenn hv. 6. þm. Reykv., sem gegnt hafa menntamálaráðherraembætti síðan Magnús Jónsson gegndi því vorið 1942, en tveir annarra flokka menn hafa auk þess gegnt því og svo einn maður í utanþingsstjórn, eins og þm. tók alveg réttilega fram í sinni ræðu. — En þegar um eins mikilvægt atriði og þetta er að ræða og annar þessara fyrrverandi menntmrh. hefur einnig verið kennari við háskólann eins og ég, og er því hnútum þar auðvitað jafnkunnugur, þá verð ég að líta þannig á, að hann sé á sömu skoðun og ég um þetta efni, fyrst hann í menntamálaráðherratíð sinni beitti sér aldrei fyrir því, að breyting yrði gerð í svipaða átt og nú kemur fram í brtt. á þskj. 523.

Hv. þm. sagði, að mér hlyti að vera kunnugt frá mínum starfsárum í háskólanum, hver væri skoðun meiri hluta manna þar í þessu efni, eins og hún birtist í áliti háskólaráðsins. Hv. fyrrverandi menntmrh. hlýtur að hafa verið það nákvæmlega jafnkunnugt og mér. Hafi hann haft þá skoðun á efni málsins, sem fram kemur í till. á þskj. 523, átti hann að beita sér fyrir því, að þessi skipan yrði tekin upp, og það því fremur sem sú skipan, sem nú er, er eingöngu reglugerðaratriði. Hann hefði getað gert það með breytingu á reglugerðinni einni. En hvers vegna gerði hann það ekki? Það er ekki hægt að álykta annað af því en það, að hann hafi alls ekki þá skoðun, sem kemur fram á þskj. 523.

Það skiptir engu máli, hvort þess var óskað bréflega við hann eða hina aðra fyrirrennara í embættinu, hvort þetta yrði gert eða gert ekki, einmitt af þeirri ástæðu, sem þm. benti alveg réttilega á í ræðu sinni áðan, að öllum, sem til þekkja, er ljóst, hver hefur verið og virðist vera *enn skoðun meiri hluta háskólakennara um þetta* efni. Reynslan hefur aðeins sýnt, að því er snertir a. m. k. hæstv. fyrrv. menntmrh., að þó að hann einhvern tíma kynni að hafa verið á svipaðri skoðun um þetta efni og fram kemur í brtt. á þskj. 523, þá er það ekki eftir að hann tók að sér þá ábyrgð að gegna menntmrh.-embættinu. Um mig gildir það aftur á móti, að ég hef aldrei verið á þeirri skoðun, heldur, eins og starfsbræðrum mínum við háskólann er kunnugt, hef alltaf haft þá sömu skoðun og ég hef lýst í máli mínu nú.

Ég vil svo að síðustu enn ítreka það, að ég tel þetta frv., eins og það liggur fyrir, hafa verið flutt í fullu samráði við forráðamenn háskólans og í samkomulagi við þá. Mér var að sjálfsögðu vel kunnugt um skoðun n. á embættaveitingamálinu og skoðun meiri hluta háskólaráðs á því máli. Ég gerði þessum aðilum líka alveg hreinskilnislega ljósa skoðun mína á málinu, og eftir að það hafði verið rætt ýtarlega, varð niðurstaðan, að þetta frv. *skyldi flutt í þeirri mynd, sem* það hefur núna, og hafa sem heild stuðning háskólaráðsins, þótt það að vísu í einstökum atriðum óskaði þess að hafa ákvæði nokkuð öðruvísi en þau eru.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér í þetta mál neitt að ráði. Ég vildi aðeins þakka nefndinni fyrir það, að hún hefur tekið til greina þær till., sem ég lét hér í ljós við 1. umr. þessa máls, að sameina þessi þrjú frv., sem þá voru hér til umræðu og útbýtingar sama daginn, í eitt frv. Ég taldi það sjálfsagt, og ég er henni því mjög þakklátur fyrir að gera það, því að það er afskaplega erfitt fyrir menn, sem ætla sér að nota íslenzk lög, almúgamenn,

að þurfa að sækja í mörg lög upplýsingar um sama efni. Ég er henni þakklátur fyrir að sameina þau í eitt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 503 samþ. með 9:3 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 507,1 felld með 9:3 atkv.
— 502,1 samþ. með 13 shlj. atkv
3. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 507,2 samþ. með 7:6 atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 14 shlj atkv.
Brtt. 523,1 felld með 10:4 atkv.
7.—8. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 502,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 523,2.a felld með 10:4 atkv.
— 507,3 felld með 10:4 atkv.
— 523,2.b felld með 11:4 atkv.
11. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
12.—13. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 507,4 felld með 10:3 atkv.
14. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 507,5 tekin aftur.
15.—16. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
17.—20. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 507,6 felld með 9:3 atkv.
21.—23. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 502,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
25.—26. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
27.—29. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 502,4 samþ. með 14:1 atkv.
30. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
31.—33. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
34.—38. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
39. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 502,5 samþ. með 12 shlj. atkv.
40. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 502,6 samþ. með 13 shlj. atkv.
41. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
42. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 502,7 samþ. með 12 shlj. atkv.
43. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 522 samþ. án atkvgr.
44.—45. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 502,8 samþ. með 13 shlj. atkv.
46. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
47. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 533).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 98. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 99. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv., sem er flutt samkv. tilmælum Háskóla Íslands, var samið af sérstakri nefnd. Í ársbyrjun 1954 kjöri háskólaráð 5 manna nefnd til þess að fjalla um endurskoðun á lögum og reglugerð Háskóla Íslands. Haustið 1955 skipaði þáverandi menntmrh., Bjarni Benediktsson, sjötta nefndarmanninn, og var hann formaður nefndarinnar. Kjörnir af háskólanum í þessa nefnd voru þeir prófessorarnir Ármann Snævarr, Björn Magnússon, Júlíus Sigurjónsson, Leifur Ásgeirsson og Þorkell Jóhannesson. Hinir tveir síðastnefndu störfuðu ekki í nefndinni nema skamman tíma, og kvaddi þá háskólaráð í þeirra stað þá prófessorana Finnboga R. Þorvaldsson og Steingrím J. Þorsteinsson. Hinn stjórnskipaði maður í nefndinni var dr. Benjamín Eiríksson bankastjóri, og var hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Það frv., sem n. samdi, var sent til umsagnar öllum deildum háskólans og stúdentaráði, og fjallaði háskólaráðið einnig um frv. og sendi frv. að síðustu til menntmrn.

Í ráðuneytinu fóru fram nokkrar viðræður milli ráðuneytisins annars vegar og háskólarektors og fulltrúa frá þeirri nefnd, sem unnið hafði að málinu, hins vegar. Leiddu þessar viðræður til þess, að nokkrar breytingar voru gerðar á frv., eins og það hafði komið frá n. upphaflega. Þær breytingar lutu sérstaklega að 11. gr. frv., sem fjallar um það, með hverjum hætti skuli skipa kennara háskólans. Nefndin hafði óskað eftir því og var sammála um þá skoðun sína, að eðlilegt væri að auka rétt háskólans nokkuð til íhlutunar um embættaveitingar frá því, sem verið hefur nú um 14 ára skeið. Sú skipan, sem nú gildir og á stoð í reglugerðarákvæði, sem sett var 1942, er sú, að þegar kennaraembætti við háskólann er veitt, skal skipa dómnefnd til þess að dæma um hæfni umsækjendanna, og er óheimilt að veita umsækjanda kennaraembætti, ef dómnefnd hefur talið hann óhæfan til þess að gegna starfinu. Þessum ákvæðum vildi nefndin breyta á þann veg, að skylt skyldi að veita umsækjanda embætti, ef dómnefnd og háskóladeild væru sammála um, að hann væri hæfastur til að gegna því. Ég taldi heppilegast að hafa skipun á þessum málum, sem verið hafa allviðkvæm deilumál á mörgum undanförnum árum, efnislega óbreytta frá því, sem verið hefur, en taldi hins vegar rétt að gefa þeim ákvæðum, sem nú eru aðeins reglugerðarákvæði, lagagildi, þ. e. að taka ákvæði núgildandi reglugerðar háskólans varðandi embættaveitingar inn í sjálf háskólalögin.

Þegar sú skipun, sem nú gildir, var tekin upp árið 1942, var það gert samkvæmt tilmælum háskólans, og sú reglugerð var sett af einum af þáverandi prófessorum háskólans, dr. Magnúsi Jónssyni, sem þá um skeið gegndi embætti menntmrh. Um þá skipun var með öðrum orðum þá fullt samkomulag innan háskólans, og reynsla þeirra 14 ára, sem síðan eru liðin, virðist mér hafa sýnt, að þessi skipun sé far-

sæl, og þess vegna taldi ég rétt að löghelga hana með ákvæðum í sjálfum háskólalögunum.

Mönnum hefur á undanförnum árum sýnzt nokkuð sitt hvað og sýnist enn nokkuð sitt hvað, hvaða hátt eigi að hafa við embættaveitingar við háskólann og aðrar hliðstæðar stofnanir. Ég hef verið þeirrar skoðunar og er enn þeirrar skoðunar, að úrslitavaldið í þeim efnum eigi að vera í höndum þess aðila, sem ber stjórnarfarslega ábyrgð á gerðum sínum gagnvart Alþingi, þ. e. í höndum ráðherra; hins vegar sé sjálfsagt að tryggja þeirri stofnun, sem starfskraftanna á að njóta, eðlilega og heilbrigða íhlutun um, hvernig embættunum sé ráðstafað, jafnvel láta stofnunina og sérfróða aðila, sem stofnunin getur til kvatt, að meiri hluta hafa neitunarvald gagnvart umsækjendum, sem þeir telja ekki hæfa til að gegna starfinu; að öðru leyti eigi valið og ábyrgðin á valinu að vera í höndum aðila, sem ber stjórnarfarslega ábyrgð á gerðum sínum.

Í áliti háskólaráðs hefur komið fram, að það telur þá skipan, sem n. stakk upp á og ég lýsti áðan, æskilega í sjálfu sér, en leggur þó ekki svo mikið upp úr þessu atriði, að það vilji gera það að skilyrði fyrir stuðningi sínum við frv. í heild.

Ég mun ekki rekja önnur atriði eða nýmæli, sem í frv. felast, heldur láta mér nægja hér í þessari hv. d. að vísa til þeirrar ýtarlegu grg., sem frv. fylgir. Þó þykir mér rétt að geta þess, að inn í þetta frv., eins og það var afgreitt frá hv. Ed., hafa verið felld efnisatriði tveggja annarra frv., sem voru flutt samhliða þessu frv., þ. e. frv. um starfrækslu mælingastöðvar á geislavirkum efnum og stofnun prófessorsembættis í eðlisfræði og stofnun prófessorsembættis í uppeldisfræðum.

Á fjárlögum gildandi árs var samþykkt fjárveiting til þess að starfrækja rannsóknarstöð til mælinga á geislavirkum efnum. Sú fjárveiting var að vísu ekki mikil, en mun þó duga til þess, að slíkri mælingastöð verði komið á fót. En einmitt með hliðsjón af því, hvað fjárveitingin var naum, var ástæða til að hyggja sérstaklega að því, með hverjum hætti væri hægt að hagnýta féð og þá starfskrafta, sem við stofnunina ynnu, sem bezt. Hafa nokkur undanfarin ár verið uppi tillögur um að stofna prófessorsembætti í eðlisfræði við háskólann. Eðlisfræði og þær greinar, sem henni eru tengdastar, fá nú orðið meiri og meiri þýðingu fyrir allar hagnýtar vísindarannsóknir. Svo háttar og, að Vestur-Íslendingur, Aðalsteinn Kristjánsson, hefur ánafnað í dánargjöf sinni háskólanum allmikið fé með því skilyrði, að vöxtum af því verði varið til þess að styrkja kennarastól í náttúruvísindum við háskólann. Forráðamenn dánargjafarinnar hafa tjáð sig samþykka því, að vöxtum af henni verði varið til þess að styrkja að nokkrum hluta stofnun kennarastóls í eðlisfræði við háskólann. Má gera ráð fyrir, að af tekjum dánarsjóðsins muni fást um 25—30 þús. kr. til þess að greiða laun eðlisfræðiprófessorsins. Þess er og að geta, að nokkur aukakennsla er nú höfð um hönd í eðlisfræði við háskólann, og mundi sá kennslukostnaður að sjálfsögðu sparast, ef stofnað yrði fast prófessorsembætti í þessari grein. Það, sem þá vantar á, að til sé fé til að launa að fullu prófessor, má taka af fjárveitingunni til geislamælingastöðvarinnar og fela þá jafnframt eðlisfræðiprófessornum forstöðu þeirrar rannsóknarstofu. Með því er séð fyrir kostnaðinum við stofnun embættisins, án þess að komi til nokkurra nýrra beinna útgjalda fyrir ríkissjóð, auk þess sem ég hygg, að haganlegast sé fyrir komið forstöðu geislamælingastöðvarinnar á þann hátt, að hún verði tengd prófessorsembættinu í eðlisfræði.

Um prófessorsembættið í uppeldisfræðum er það að segja, að um allmörg undanfarin ár hefur verið fjárveiting á fjárlögum, nokkuð á annað hundrað þús. kr., til rannsóknar á greindarþroska íslenzkra skólabarna. Því rannsóknarstarfi er nú að mestu leyti lokið, en eftir er á hinn bóginn að hagnýta niðurstöður þeirra rannsókna, sem hafa farið fram. Þessi fjárveiting, eins og ég sagði áðan, hefur verið nokkuð á annað hundrað þús. kr. Auk þess hefur verið höfð um hönd talsverð aukakennsla í uppeldisfræðum við BA-deild heimspekideildar háskólans. Með því að fela nýjum prófessor þessa aukakennslu og þá jafnframt það leiðbeiningarstarf í þágu uppeldismála landsins, sem virðist vera eðlilegt framhald af rannsóknarstarfi síðastliðins áratugs á greindarþroska íslenzkra skólabarna, virðist á hagkvæman hátt vera séð fyrir þörfum, sem nauðsynlegt er að fullnægja, án þess að til útgjaldaauka komi fyrir ríkissjóð. Þvert á móti mun starfsemi, sem nú hefur kostað upp undir 150 þús. kr, vera innt af hendi í framtíðinni, ef þetta nær fram að ganga, af einum prófessor, sem mun hafa í árslaun um 70—80 þús. kr.

Þá er og í frv. ákvæði um prófessorsembætti í lyfjafræði. Gert er ráð fyrir, að sá maður, sem því starfi gegnir, sé jafnframt forstöðumaður lyfjaverzlunar ríkisins. Sá maður, sem nú kennir lyfjafræði við háskólann sem aukakennari, en lyfjafræðin er allmikil grein, 4—6 kennslustundir á viku, er einnig forstöðumaður lyfjaverzlunar ríkisins. Breytingin, sem hér yrði gerð, yrði engin önnur en sú, að í staðinn fyrir að hann sé aukakennari yrði hann prófessor. Kostnaðarauki er að þessu enginn, þar eð ekki þarf að greiða meira fyrir þessi tvö störf, þó að aðilinn heiti prófessor, heldur en nú þarf að gera.

Að síðustu vil ég svo geta þess, að gert er ráð fyrir því í þessu frv., að tekin verði upp við læknadeildina kennsla í lyfjafræði, pharmacia, til undirbúnings fullnaðarfræðslu í þeirri grein, en gert er ráð fyrir, að hún verði fyrst um sinn eins og hingað til sótt til útlanda. Nú er starfræktur Lyfjafræðingaskóli Íslands og lýtur forstöðu aukakennarans í lyfjafræði við háskólann. Það er álit læknadeildarinnar og háskólaráðs og heilbrigðisstjórnarinnar, sem hefur farið með stjórn lyffræðingaskólans, að eðlilegt sé, að læknadeildin taki þessa kennslu að sér. Yfirumsjón með henni er þá gert ráð fyrir að prófessorinn í lyfjafræði hafi, en kennslunni verði að öðru leyti hagað með svipuðum hætti og hún í höndum sömu manna og hún hefur verið í Lyfjafræðingaskóla Íslands.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að

óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það er rétt, að það komi alveg skýrt fram, að sú endurskoðun, sem er upphaf þessa frv., var hafin af háskólaráðinu sjálfu án atbeina þáverandi menntmrh., og hafði ég sem menntmrh. í raun og veru ekki önnur skipti af málinu en að samkv. beiðni háskólans skipaði ég formann nefndarinnar, eftir að n. hafði starfað um nokkra hríð. Háskólaráð mun ekki alveg að ástæðulausu hafa talið, að skynsamlegra væri frá þess eigin sjónarmiði að hafa með þessum hætti nokkurt samband, þótt óbeint væri, við menntmrn. Ég get þess vegna þess, að að mér er veitzt í blaðagrein í dag, sem prentuð er í málgagni hæstv. núv. menntmrh., á þann veg, að ég hafi staðið á móti því, að stúdentar fengju mann í endurskoðunarnefndina. Þetta er í grein, sem prentuð er upp úr stúdentablaði Alþýðuflokksins, hygg ég vera.

Nú verð ég að segja það alveg eins og er, að ég man ekki, hvort beiðni kom frá stúdentaráði um þátttöku í endurskoðuninni til menntmrn. En eins og málið var upp tekið og að því var unnið, var hér fyrst og fremst um að ræða mál háskólans og háskólaráðs og því eðlilegt, að eftir þess till. um það, hvaða aðilar tækju þátt í endurskoðuninni, væri farið. En víst má segja, að ekki hefði skaðað, þó að stúdentar væru þarna til kvaddir, og ég er ekki fjarri því, að að sumu leyti beri frv. þess merki, að þeir hafa ekki um það fjallað eins og skyldi. Er þó á það að líta, að þeim hefur eftir á gefizt færi til að láta uppi um það umsögn sína.

Þá vil ég aðeins benda á, að ég tel nokkurn ljóð á grg. frv., að þar er ekki nógu ljóslega sýnt fram á, í hverju einstök ágreiningsatriði eru fólgin milli hæstv. menntmrh., háskólaráðs og þeirrar nefndar, sem frv. samdi. Það er auðvitað engin ástæða til að gera grein fyrir slíku, ef þessir aðilar koma sér saman, þó að það sé eftir till. hæstv. menntmrh. Ef um raunverulegan ágreining er að ræða, hefði ég talið, að það þyrfti að koma glögglegar fram í grg. frv., í hverju hann er fólginn, en hæstv. menntmrh. gerði grein fyrir því, að varðandi eitt viðkvæmasta deilumálið í þessum efnum, skipun háskólakennaranna, er einmitt einhver slíkur ágreiningur. Ég vil lýsa því, að mér sýnist hæstv. menntmrh. þar hafa ratað rétt meðalhóf í sínum tillögum.

Ég fagna því, að hæstv. menntmrh. lýsti því, að það hefði farsællega tekizt til um framkvæmd þessa ákvæðis á undanförnum árum, vegna þess að einmitt fyrir nokkrum árum varð ég fyrir hörðum árásum hans félaga, ég man nú ekki, hvort hæstv. menntmrh. var þar í þátttakandi eða ekki, fyrir það, að ég hefði misbeitt því valdi, sem mér var fengið á sínum tíma í þessum efnum. Ef um það hefði verið að ræða í alvöru, að slík misbeiting hefði átt sér stað, hefði auðvitað nú verið kjörið tækifæri til þess að koma í veg fyrir, að slíkt gæti endurtekið sig. En ég sé einmitt, að hæstv. menntmrh. hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að þess væri ekki þörf, og ég er honum sammála um það. Ég tel, að það sé óhjákvæmilegt, að ráðherrann beri á þessu endanlega ábyrgð og háskólinn hafi hvorki ástæðu né eðlilegan rétt til að óska eftir meiru en að geta útilokað þá, sem óhæfir eru, og síðan verði veitingarvaldið með venjulegum hætti að velja úr þeim, sem hæfir teljast til embættisins.

Ég efast sannast sagt um, hvort það er að öllu leyti heppilegt að hafa í sama frv. sem fjallar um stjórn háskólans og starfshætti ákvæði um það, hversu margir kennarar eða prófessorar skuli vera í hverri deild. Það er miklu breytilegra atriði og á þess vegna í raun og veru heima í sérákvæðum, enda er það komið í ljós, að því er mér skilst, að síðan frv. var samið í fyrstu, hefur tveimur embættum eða fleirum verið bætt við af hæstv. menntmrh. eins og hann nánar gerði grein fyrir. Það þarf sjálfsagt að athuga það mál nánar.

Í því efni geta komið upp nokkur vafaatriði, eins og ef tekið er fram, að prófessor eigi að hafa forstöðu einhverrar annarrar stofnunar með hendi. Ja, hver hefur þá í raun og veru veitingarvaldið. Er það þá það ráðuneyti, sem t. d. einhver tiltekin verzlun heyrir undir, sem veitingarvaldið hefur, eða á um skipun í stöðuna að fara með þeim hætti, sem í þessu frv. segir. Nú skulum við segja t. d., ef talið yrði, að sá maður, sem gegnir forstöðu lyfjaverzlunar ríkisins, yrði ekki talinn hafa þá vísindalegu þekkingu, sem háskólaprófessor þurfi á að halda, er þá engu að síður skylt að skipa hann, eða verður að breyta til um forstjóra þessarar stofnunar? Vera kann, að á þessu finnist skýring í lögunum, en þegar farið er að blanda slíkum harla óskyldum atriðum saman, er hætt við, að sumt verði heldur óljóst.

Ég vil einnig benda á, þó að ef til vill mætti fjalla um það við 2. umr., — en ekki er víst, að ég eigi kost á að vera við hana, svo að ég vil víkja hér að nokkrum atriðum, — að mér finnst hæpin sú ráðstöfun að ætla að svipta dósenta kosningarrétti um háskólarektor og svipta þá valdi á deildarfundum. Þar er um fastráðna vísindamenn að ræða, sem a. m. k. sumir, að því er mér skilst, eiga að hafa þetta vísindastarf að aðalstarfi. Í þeim tilfellum sé ég ekki, hver munur er á dósentum samkv. þessu frv. og dósentum áður en lögskylt var, sem er tiltölulega nýtt ákvæði, að dósentar skyldu verða prófessorar eftir tiltölulega fárra ára starfstíma.

Þá vil ég einnig benda á, að mér virðist ósamræmi í því, að prófessorar háskólans eiga einir að kjósa rektor, en hins vegar er tekið fram, að forstöðumenn vísindastofnana, sem heyra undir tiltekna deild, skuli eiga sæti á deildarfundum og að því er virðist eiga þar atkvæðisrétt. Ef þeir eiga á annað borð atkvæðisrétt á deildarfundum, virðist mér þar af leiða, að sanngjarnt sé, að þeir eigi einnig rétt til að kjósa rektor. Hitt er svo annað mál, að mér finnst nokkuð hæpið að láta slíka menn, sem deildin á að hafa yfirumsjón með og eru nánast hennar starfsmenn, hafa fullt vald til atkvæðisréttar á deildarfundum og mjög hæpið, að þeir eigi rétt til setu á þeim fundum með öðrum hætti en þá dósentar, aukakennarar og aðrir slíkir.

Enn fremur vildi ég benda á, að eftir þá breyt., sem hv. Ed. gerði, ef ekki hefur verið gerð á því ný breyt. við 3. gr., — ég bið þá afsökunar á því, að ég hef ekki tekið eftir henni, — þá virðist mér ósamræmi í því, að í 4. gr. segir:

„Nú er til umr. á fundi háskólaráðs mál, er varðar sérstaklega stúdenta háskólans, og skal rektor þá kveðja á fundinn einn fulltrúa stúdenta, sem stúdentaráð nefnir til. Hefur fulltrúinn þar málfrelsi og atkvæðisrétt.“

Þarna er um beina skyldu að ræða til þess að kveðja slíkan fulltrúa til, en í 14. gr. varðandi deildarfundina segir:

„Nú er mál til umræðu á deildarfundi, sem varðar sérstaklega nemendur deildarinnar, og er deildarforseta þá heimilt að kveðja á fundinn fulltrúa nemenda, einn eða fleiri, er stjórn deildarfélags nefnir til. Hafa fulltrúarnir þar málfrelsi, en eiga ekki atkvæðisrétt.“

Ef á að skylda til að kveðja þá á fundi í háskólaráði, sem hefur miklu meiri völd en deildin, þá virðist einnig vera eðlilegt, að þeir séu með sama rétti atkvæðisbærir og eigi aðgang að deildarfundunum.

En annað mál er svo það, að töluverður vafi er, hvaða mál varða stúdenta. Við skulum segja t. d. val prófverkefna. Mér virðist fátt varða stúdenta meira, og víst hefði ég sem stúdent viljað eiga þess kost að vera á deildarfundi, þegar verkefnin voru valin. En ég er þó ekki alveg viss um, að það sé meiningin.

En látum nú vera, að það sé of fráleitt, að til slíks komi. Annað atriði, sem kemur auðvitað fyllilega til álita um, hvernig á að fara að, er það, ef til kemur að víkja stúdent úr háskóla? Er þá ætlunin, að fulltrúi stúdenta eigi þar að vera við og hafa atkvæðisrétt í háskólaráði, eða er þarna einungis um að ræða þau málefni, sem almennt varða stúdenta? En engu að síður, þótt við segjum, að þau eigi almennt að varða stúdenta, þá lendum við í miklum vanda. Það varðar almennt stúdenta, hvort á að vera leikfimisskylda eða ekki, og a. m. k. hafa stúdentar látið það mál sig meira skipta en að standa á móti því að taka þá skyldu á sig. En eiga þeir þá einnig að hafa rétt á því að skipta sér af vali og ákvörðun annarra námsgreina? Þetta er atriði, sem vel má vera að menn hafi hugsað til hlítar og fordæmi séu fyrir, t. d. frá Oslóarháskóla, þar sem sagt er, að svipuð ákvæði hafi verið í gildi. En mér sýnist nauðsynlegt, að þetta sé athugað þegar frá upphafi.

Varðandi 5. gr. vildi ég benda á, að þar segir: „Nú er fundur boðaður að frumkvæði kennara, sem eiga ekki sæti í ráðinu, og er þeim þá rétt að senda fulltrúa á fundinn. Hafa slíkir fulltrúar málfrelsi á fundinum, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.“

Eiga þeir rétt á að senda marga fulltrúa eða einn fulltrúa? Og er í raun og veru ástæða til þess, að þeir sendi nema einn fulltrúa? En ef það er ætlunin, þá væri réttara að segja: Hefur slíkur fulltrúi málfrelsi á fundinum. — En sjálft orðið „fulltrúa“ í því falli, sem það stendur þarna, getur átt hvort tveggja við eintölu og fleirtölu, eins og þeir sjá, sem renna augunum yfir þetta.

Þá vil ég vekja athygli á því og skjóta því sérstaklega til hæstv. menntmrh., sem er því kunnugri en ég, og raunar hv. 9. landsk. þm. einnig: Er ástæða til þess að láta viðskiptadeildina lengur vera sameinaða lagadeildinni? Er þarna ekki um algerlega tvær sjálfstæðar stofnanir að ræða? Og skiptir það í raun og veru nokkru máli, þó að fastir kennarar séu ekki fleiri en tveir? Gæti ekki deildin engu að síður verið ein út af fyrir sig og starfað sér? Segja mætti, að þetta kæmi til greina varðandi það, að viðskiptadeildarmenn eiga að kenna lögfræðingum og lögfræðingarnir viðskiptadeildarmönnum. Þá skyldu er hægt að hafa á mönnum alveg án tillits til þess, hvort deildin er ein eða tvær, enda vitum við, ég og hæstv. menntmrh., að ágreiningur hefur komið út úr þessu nú þegar, jafnvel þótt deildin sé einungis ein.

Ég var einnig að efast um, hvort menntmrh. væri ekki fengið fullmikið vald í 10. gr., þar sem segir: „Menntamálaráðherra ákveður í samráði við háskólaráð, hverjir af kennurum háskólans, sem starfandi eru við gildistöku laga þessara, séu dósentar, lektorar, aukakennarar og aðstoðarkennarar.“ Það er ekki vegna þess, að ég hafi vantraust á hæstv. menntmrh., sem ég að vísu hef fullkomið, að ég hreyfi þessu, heldur vegna þess, að jafnvel þótt ég hefði sjálfur átt hlut að máli, mundi ég ekki hafa viljað lenda í því að þurfa að ákveða þetta Mér skilst, að hér sé um mjög erfitt mál að ræða. Segja mætti, að háskólinn muni gera það raunverulega, en ekki menntmrh., og menntmrh. eigi einungis að setja sinn stimpil á. En er þá ekki eðlilegra, að það komi fram, að það sé í raun og veru háskólinn, sem geri það, einungis með samþykki ráðh.? Efnislega breytir þetta e. t. v. ekki ýkja miklu og er algerlega ópólitískt atriði, sem ég vildi þó benda á, eins og þessar aths. eru, sem ég hér hreyfi. Þær eru ekki sérstaklega mikilsverðar allar, en eins og ég sagði, ég vildi þó koma þeim á framfæri. Þar sem vera kann, að ég í næstu viku þurfi í erindum, sem Alþingi að nokkru leyti hefur falið mér, að skreppa einn eða tvo daga af landi burt og ég get ekki vænzt þess, að málinu sé frestað eftir mínum óskum, þá vildi ég skjóta þessum aths. að strax, þó að þær að sumu leyti eigi frekar heima við 2. umr., en hv. n. getur þá einnig athugað þær við sína meðferð málsins.

Ég játa, að það er ekki óeðlilegt ákvæði, sem stendur í 18. gr.: „Nú unir kennari ekki úrlausn háskólaráðs um það, hver sé kennsluskylda einstakra kennara, og má hann þá skjóta úrlausninni til menntmrh., sem leysir til fullnaðar úr þessu efni.“ Þetta er ekki óeðlilegt ákvæði. En í raun og veru er það nú svo, og ég veit, að hæstv. menntmrh. af sinni reynslu muni vera mér sammála, að þetta er atriði, sem háskólinn verður að skera úr sjálfur. Hér er oftast nær um fræðileg atriði að ræða og slíkan samanburð á störfum manna, að langhelzt verður að leysa það með samkomulagi milli aðila. Ef það er ekki fáanlegt, er mjög erfitt fyrir menntmrh. að blanda sér í það, heldur verða þeir, sem með daglegu starfi þessara manna fylgjast, að skera úr um það, og mjög erfitt fyrir ráðherra að

taka aðra ákvörðun en þá, sem háskólinn leggur til.

Svo vil ég benda á atriði, sem ég tel mjög hæpið, og það er í 21. gr.: „Með sama hætti getur háskólaráð mælt svo fyrir í samþykkt, að aðeins ákveðinn fjöldi stúdenta skuli skráður í deild árlega og eftir hverjum reglum hinni tilteknu tölu stúdenta sé veittur aðgangur að deildinni.“

Ég efast mjög um, að það sé rétt að láta háskóladeild fá þannig úrskurðarvald um það, hversu margir menn skuli fá aðgang að þessum stéttum ár hvert. Þarna er hugsanlegt, að kennararnir geri sig að vörðum fyrir þrönga stéttarhagsmuni, sem séu þjóðfélaginu í raun og veru alveg andstæðir. Ég efast sannast sagt um, að slíkar takmarkanir eigi að setja nema með samþykki löggjafarvaldsins, en undir öllum atvikum tel ég rétt, að menntmrh. þurfi að veita samþykki sitt til þess, að þær séu gerðar. Vissulega eru mörg atriði, sem undir úrskurð ráðh. heyra, sem eru miklu minna virði en það, hvort takmarka eigi rétt til háskólafræðslu með þeim hætti, sem hér er ráðgerður.

Þá er ákvæði í 23. gr. um, að ákvæði um eftirlit með námsástundun háskólastúdenta megi setja í reglugerð háskólans. Það er ákaflega viðtækt ákvæði og veitir háskólanum og að vísu ráðh. mjög mikið vald. Og spurning er, ef slíkar reglur á að setja, hvort ekki megi telja eðlilegra, að það sé kveðið á um það í háskólalögum beinlínis heldur en með reglugerð.

Þá er það algert nýmæli, sem ég ekki til hlítar átta mig á, hvort til góðs er eða ekki, að stúdent sé heimilt að skjóta úrskurði háskólaráðs um brottvikningu úr háskólanum til hæstaréttar eftir reglum um kæru í opinberum málum innan fjögurra vikna o. s. frv.

Það er sagt, að þetta sé tekið eftir norskum lögum. En í mínum huga er ákaflega vafasamt, hvort leiða á hæstarétt til úrskurðar um atriði, sem í flestum tilfellum eru jafnfrábrugðin lögfræðilegum vandamálum og þetta. Hingað til hefur það verið svo, að hver skóli, eftir atvikum undir umsjá og eftir lokaákvörðun ráðuneytis, verður að taka ákvörðun um, hvort nemendur hegði sér svo, að þeir eigi að vera þar áfram eða ekki. Telja má til aukinnar réttarverndar ákvæðið, sem hér er stungið upp á, en án þess að ég lýsi mig því andvígan á þessu stigi, finnst mér það þurfa nokkru frekari íhugunar við.

Þá vil ég benda á, að í 25. gr. segir, að rektor sé „heimilt að vera viðstaddur dómþing, þegar svo stendur á, eða öðrum kennara háskólans, sem hann nefnir til“. Hér væri auðvitað mjög nauðsynlegt að bæta við „eða háskólaritara eða umboðsmanni.“ Oft og tíðum mundi það vera miklu eðlilegra, að háskólaritari, sem er í raun og veru eins konar framkvæmdastjóri háskólans, sækti dómþing í slíkum tilfellum heldur en kennari færi til þess. Það skiptir ekki miklu máli, en úr því að það er verið að taka þetta fram á annað borð, finnst mér hæpið að hafa þetta eins og það er.

Svo eru líka ákvæði í 28. gr. um skyldur manna til að ganga undir próf, eftir því sem nánar er ákveðið. Ég vil benda hv. nefnd á, að íhuga þarf vandlega, að hve miklu leyti eru settar strangari reglur en nú gilda og hvort að öllu leyti er heppilegt að veita reglugerðargjafanum slíka heimild sem ráðgerð er.

Ég segi aftur á móti, að mér virðist bersýnilega ákvæðin í 30. gr. vera ástæðulaus, þar sem segir, að milli prófa skuli eigi líða lengri tími en eitt ár, ef maður fellur, og standist hann enn ekki sama prófið eða gangi frá því, hefur hann fyrirgert rétti sínum til að ganga oftar undir það. Það má vel vera, að þannig standi á fyrir manni, að hann hafi fallið á prófum, jafnvel fyrir óreglu og eitthvað, sem miður skyldi vera, en taki sig svo á nokkrum árum síðar og taki próf af skyndingu, löngu eftir að allir hafa haldið, að hann væri hættur námi. Ég er ekki frá því, að a. m. k. einn af okkar fremstu fræðimönnum hafi að vísu ekki fallið svo oft á prófi, en hafi þannig tekið próf löngu eftir að menn héldu, að hann væri hættur námi, og orðið sjálfum sér og öðrum til sæmdar með því að taka prófið, og sé ég enga ástæðu til þess að koma í veg fyrir það.

Þá vil ég benda á, hvort ástæða er til þess að hafa mismunandi reglur um prófdómara. Ef prófdómarar eru réttmætir á annað borð, er þá ekki nauðsynlegt að hafa þá í öllum fullnaðarprófum og með sama hætti, vegna þess að bersýnilega eru prófdómararnir ekki settir vegna háskólans eða kennaranna, heldur til þess að tryggja hæfilegt eftirlit af almannavaldinu og til þess að öruggt sé, að háskólakennarar misbeiti ekki því mjög viðkvæma og þýðingarmikla valdi, sem þeir hafa. Ég játa, að það eru mjög mismunandi reglur um þetta, sem gilt hafa, og ætlazt er til, að þær haldist að verulegu leyti. En mér finnst það vera óeðlilegt, þar sem reglurnar um prófdómara eru þannig til komnar eins og ég nú hef gert grein fyrir.

Þá vil ég benda á það, að nokkurt ósamræmi er í 39. gr., þar segir: „Forseti Íslands veitir embætti háskólabókavarðar samkvæmt tillögu háskólaráðs“. Samkvæmt því, sem skilið hefur verið, mundi hann alls ekki mega veita neinum öðrum en háskólinn gerir till. um, hvort sem það er einn eða fleiri. En menntmrh. skipar ritara við háskólann að fengnum till. háskólaráðs. Nú vil ég benda á, að háskólaritari er háskólaráðinu miklu tengdari en háskólabókavörður, þannig að ef ástæða er til þess að fá háskólaráði mjög mikið vald í öðru hvoru tilfellinu, þá væri ríkari ástæða til þess að fá því mikið vald í sambandi við háskólaritara heldur en háskólabókavörð.

Ég mundi nú telja, að í báðum tilfellunum færi bezt á því, að menntmrh. gerði þetta að fengnum till. háskólaráðs.

Enn fremur vil ég benda á, að ég kann ekki við orðalagið, það getur verið, að það standist fyllilega, þar sem segir: „Prófessorinn í lyfjafræði hefur yfirumsjón með kennslu í lyfefnafræði.“ Þetta er þá þannig, að það eiga margir menn að starfa með honum og hann á að hafa yfirumsjón með starfi þeirra, en yfirleitt er það þannig, að prófessorarnir eiga sjálfir að annast kennsluna. Hvort þeir hafa svo með sér aðstoðarmenn eða ekki, það fer eftir því, hvers eðlis

kennslan er. En ég þekki ekki til um þessa sérstöku kennslu og skal því ekki segja um, hvort þetta standist eða standist ekki.

Þessar athugasemdir vildi ég láta fram koma nú þegar. Ég tel, að þær skipti mismunandi miklu máli, en vil beina því til hv. nefndar, að hún athugi þær í sinni meðferð, og mun síðar, ef tækifæri gefst til, áskilja mér rétt til að flytja brtt. eftir því, hvernig hennar umsögn og till. verða.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. 1. þm. Reykv. (BBen) gat þess í upphafi máls síns, að hann hefði saknað þess, að í grg. fyrir stjórnarfrv. væri gerð ýtarleg grein fyrir þeim mun, sem er á stjórnarfrv. og því frv., sem umrædd nefnd samdi. Sannleikurinn er sá, að ég ætlaðist til þess, að báðar n. þingsins fengju frv. n. til athugunar. N. í Ed. fékk það, og ég mun að sjálfsögðu sjá svo um, að menntmn. Nd. fái það einnig. Þessar breytingar voru margar, ef ekki flestar, svo smávægilegar, að við í rn. sáum ekki ástæðu til þess að prenta nákvæma grg. um það með frv. sjálfu. Hins vegar tók ég þann kost, þegar málið var lagt fyrir Ed., að gera í framsöguræðu grein fyrir þessum breytingum í einstökum atriðum. Segja má, að ég hefði einnig átt að gera það hér, en það er alllangt mál að rekja það, og fæst eru atriðin mikilvæg. Því tók ég þann kostinn að láta aðeins getið þess eina atriðis, sem segja má að sé verulega mikilvægt, einkum vegna þess, að einmitt þetta atriði varð tilefni til þess, að fluttar voru brtt. við frv. í hv. Ed. af tveim flokksmönnum hv. 1. þm. Reykv. Þess vegna gerði ég það að sérstöku umtalsefni og það eitt. Hins vegar fagna ég því mjög, að það kom alveg skýrt fram í ræðu hv. 1. þm. Reykv., að hann er mér alveg sammála um, hver sé eðlilegasta skipunin á þessu máli. Um það virðist með öðrum orðum ekki ríkja ein skoðun í hans flokki, og er í sjálfu sér ekki við því að búast, að það eigi sér stað um slík mál sem þessi. Till. um að taka inn í frv. ákvæði eins og þau, sem háskólanefndin gerði till. um, var felld með miklum atkvæðamun í hv. Ed.

Hv. þm. vék nokkrum orðum að því, að hann teldi óeðlilegt, að dósentarnir ættu framvegis ekki að hafa atkvæðisrétt við rektorskjör. Till. um þetta kom einmitt fram í hv. Ed. frá hv. 1. landsk. þm., en var felld. Ástæðan til þess, að hér er ekki gert ráð fyrir atkvæðisrétti dósenta, er sú, að alger breyting er gerð á stöðu þeirra manna, sem slíkum embættum gegna, ef frv. nær fram að ganga, frá því, sem er samkvæmt núgildandi háskólalögum. Nú er í raun og veru enginn munur á kennsluskyldu og réttindum dósenta og prófessora, nema þeir njóta mismunandi hárra launa. Aðstöðumunurinn er sá einn, að dósent er ekki kjörgengur við rektorskjör, eins og nú á sér stað, en hefur aftur á móti atkvæðisrétt. Hér er hins vegar lagt til samkv. tilmælum háskólanefndarinnar og háskólaráðs, að eðli dósentsembættanna breytist algerlega. Þeir menn, sem nú gegna dósentsembættum, eiga að verða prófessorar samkvæmt ákvæðum laganna, en gert er ráð fyrir því, að dósentsheiti beri þeir kennarar, sem að vísu eru skipaðir kennarar til ótiltekins tíma, en jafnframt gegna öðru aðalstarfi. Það er rétt, að þetta kemur ekki nægilega skýrt fram í grg. háskólanefndarinnar og háskólaráðsins fyrir frv., að tilætlunin er, að þeir einir verði skipaðir dósentar, sem gegna öðru aðalstarfi, þó að skipun þeirra sé að vísu til ótiltekins tíma. Dósentar eiga í framtíðinni að hafa með höndum hliðstæð kennslustörf og þeir, sem nú eru nefndir lektorar eða aukakennarar. Ég fyrir mitt leyti er sammála háskólanefndinni og háskólaráði um, að ekki sé eðlilegt, að menn, sem gegna sem aðalstarfi sínu starfi utan við háskólann, þó að þeir einnig annist þar kennslu og séu því skipaðir um óákveðinn tíma, taki þátt í atkvæðagreiðslu við rektorskjör.

Þá nefndi hv. þm. ákvæðin um lyfjafræðiprófessorinn. Ég vil aðeins taka það fram, að í frv. sjálfu eru engin ákvæði um, að hann skuli hafa með höndum forstöðu lyfjaverzlunar ríkisins. Það, sem ég sagði um þetta, átti við, að það þarf engan kostnaðarauka að leiða af stofnun þessa prófessorsembættis, meðan gera má ráð fyrir því, að hægt sé að sameina þetta prófessorsstarf í lyfjafræði forstöðu lyfjaverzlunar ríkisins. (**BBen:** Er það þá ekki eftir skilgreiningu ráðh. eðlilegt, að slíkur maður væri kallaður dósent?) Það er rétt, það mætti kannske segja, og kom einmitt til umræðu að hafa þá skipan á, þó að niðurstaðan yrði samt sem áður sú með hliðsjón af því, hvað þessi kennslugrein er orðin umfangsmikil, að gera till. um prófessorsembætti; enn fremur með hliðsjón af því, að sérfróðir menn, þ. e. læknadeildarkennararnir, töldu með öllu óhugsandi, að unnt yrði að fá mann til þess að taka að sér kennslu í lyfjafræði, þegar ekki lengur nyti þess manns, sem nú hefur þá kennslu með höndum, án þess að embættið væri prófessorsembætti. Þess vegna þótti eðlilegra að gera embættið strax að prófessorsembætti, þegar það lægi hvort sem er augljóslega fyrir, að þegar skipa þyrfti í embættið að nýju einhvern tíma á sínum tíma, yrði það að vera prófessorsembætti, vegna þess, hve þessi kennsla væri orðin umfangsmikil. Varðandi það, að þessi maður eigi að hafa umsjón með kennslu í lyfefnafræði, sem hv. þm. einnig vék að, er það að segja, að það þótti eðlilegt, vegna þess að það kennaraembætti á að vera dósentsembætti, vegna þess að sá, sem þá kennslu annast nú, hefur einnig annað starf með höndum, þ. e. eftirlit með lyfjabúðum. Þess vegna þótti rétt, að einhver hinna fastráðnu prófessora skólans hefði eins konar yfirumsjón, sem kannske er nú ekki heppilegasta orðið, en bæri ábyrgð á þessari kennslu. Aukakennarinn í lyfjafræði, sem gera má ráð fyrir að sæki um prófessorsembættið í lyfjafræði, er einmitt nú skólastjóri lyfjafræðiskólans, svo að í raun og veru er hér um að ræða áframhald á þeirri skipun, sem nú er, með þeirri breytingu einni, að þessi kennsla er flutt inn fyrir veggi háskólans.

Þá ræddi hv. þm. nokkuð um það ákvæði, sem bætt var við frv. í efri deild, í 3. gr. um atkvæðisrétt stúdenta, og vakti athygli á því, að ákvæðin í 14. gr. varðandi þátttöku stúdenta

í deildarfundum eru öðruvísi. Ég vil taka undir þau ummæli hans að skjóta því til n. að athuga þetta mál sérstaklega. Ég hef skilið þessa till. um heimild til þess að kveðja stúdenta á háskólaráðsfund og deildarfundi eða skyldu til þess þannig, að það bæri einvörðungu að gera, þegar um væri að ræða mál, sem vörðuðu stúdenta almennt, ekki einstakan stúdent og ekki einstaka hópa af stúdentum, heldur eingöngu mál, sem varði stúdenta almennt, félagsmál þeirra almennt, réttindi þeirra almennt og þar fram eftir götunum. Hins vegar er augljóst mál, að um þetta þarf að setja allnákvæm ákvæði í reglugerð, til þess að þetta valdi ekki misskilningi og verði ekki til leiðinda, þó að tilætlunin sé með þessu að sjálfsögðu að auka rétt stúdenta og gera þeim vistina í háskólanum bærilegri en hún yrði að öðrum kosti. Í þessu sambandi tel ég sjálfsagt, að menn kynni sér nákvæmlega framkvæmd hliðstæðs lagaákvæðis í Noregi, þó að það sé að vísu tiltölulega nýtt þar í landi og varla fengin á það mikil reynsla.

Hv. þm. gat einnig um viðskiptadeildina, hvort ekki væri ástæða til þess að skilja hana algerlega frá lagadeildinni. Ég er á þeirri skoðun og hef alltaf verið, að eðlilegra væri, að viðskiptadeildin væri sjálfstæð. Hún á í raun og veru ekkert beint sameiginlegt lagadeildinni. Þó að einstakir kennarar í viðskiptafræðum og lögfræðum hafi kennt nemendum í hinni greininni, má, eins og hv. þm. tók fram, alveg koma slíku við, þó að deildirnar séu tvær. Laga- og hagfræðideildin hafði eindregið óskað eftir því, — allir kennarar hennar, — að viðskiptadeildin yrði skilin frá, og í n. var meiri hl. fyrir því að skilja viðskiptadeildina frá. Hins vegar neitaði háskólaráð að fallast á þennan aðskilnað, og gerði meiri hl. þess þá till. til ráðuneytisins, að þetta yrði óbreytt. Ég gerði hins vegar þá breytingu á í menntmrn., að ákvæðið er eins og það er, og er það eins konar miðlun í málinu, að viðskiptadeildin skuli verða sjálfstæð, þegar þrjú föst kennaraembætti hafa verið stofnuð í viðskiptafræði, en þau eru aðeins tvö nú. Einu rökin, sem háskólaráð færði fyrir því að greina deildirnar ekki að, voru þau, að fastir kennarar væru aðeins tveir og það væri óeðlilegt að hafa sjálfstæða deild með tveim kennurum, sem þá sætu ávallt annar hvor í háskólaráði. Þessa till. mína féllst háskólaráðið á, þ. e. að láta aðskilnaðinn bíða, þangað til kennurum hefur verið fjölgað í þrjá.

Þá ræddi hv. þm. nokkuð ákvæði frv. um heimild háskóladeildar til að takmarka aðgang stúdenta að háskóladeild. Þetta atriði mun hafa verið rætt nokkuð í háskólaráði, en það var rætt mikið á þeim fundi, sem ég átti með fulltrúum frá háskólanum og n., þegar málið var til umr. eftir athuganir í menntmrn. Ég skal lýsa því hiklaust yfir, að ég tel þetta takmörkunarákvæði að mörgu leyti mjög varhugavert og kaus í byrjun, að það yrði fellt niður, en forsvarsmenn færðu fyrir þau rök, sem ég varð að fallast á, að af því gætu hlotizt alvarlegar afleiðingar.

Svo háttar nú, að ekki er tekinn nema ákveðinn fjöldi nemenda í tvær af deildum háskólans, þ. e. í tannlæknadeildina og verkfræðideildina. Um tannlæknadeildina háttar þannig, að þar eru teknir 3 nýir nemendur árlega af þeirri einföldu ástæðu, að ekki er aðstaða til þess að kenna fleirum en þremur, miðað við þau tæki og það húsnæði og þá kennslukrafta, sem tannlæknadeildin hefur yfir að ráða. Þessi takmörkun við þrjá er byggð á ákvæði, sem er í gildandi l. og er ætlazt til að verði óbreytt í þessum lögum. Nú hefur verið á það bent, að ef þetta ákvæði yrði fellt niður og 10 stúdentar innrituðu sig til náms í tannlækningum, væri háskólanum skylt að taka við þeim öllum og kenna þeim tannlækningar, sem gæti verið algerlega óframkvæmanlegt, og a. m. k. ekki nema með ærnum kostnaði. Þá yrði þegar í stað að kaupa nýja tannlæknastóla og önnur þau tæki, sem nauðsynleg eru við þá kennslu, auka við húsnæðið, sem er ekki fyrir hendi, og kennslukraftana. Það er til þess, að hægt sé að slá slíka varnagla, sem ég fyrir mitt leyti get fallizt á, að ákvæðið sé óbreytt.

Um verkfræðideildina gildir það, að hún setur ákveðið skilyrði fyrir því, að menn séu teknir til náms í deildinni. Það þarf ekki aðeins að hafa staðizt stúdentspróf í stærðfræðideild, heldur þurfa nemendurnir einnig að hafa hlotið vissar lágmarkseinkunnir í stærðfræðilegum fögum á stúdentsprófi. Halda kennarar verkfræðideildarinnar því fram, að þessar reglur megi engan veginn missa sig, námið í verkfræðideildinni sé svo fræðilegt og erfitt, að ekki þýði fyrir aðra að reyna að þreyta það nám en þá, sem hafi góðan undirbúning í hinum stærðfræðilegu greinum. Reynslan hafi sýnt, að það væri tímaeyðsla, sem ekki mundi bera tilætlaðan árangur. Ef þetta ákvæði yrði fellt niður um takmörkunina, hefði verkfræðideildin enga lagaheimild til þess að setja slíkar inntökuprófsreglur í deildina.

Sá skilningur, sem ég vil leggja í þetta ákvæði, er því sá einn, að það eigi að nota eingöngu til þess að setja almennar reglur um inngöngurétt stúdenta í tilteknar deildir og takmörkun í þeim tilfellum, þar sem hún er alveg óhjákvæmileg af aðstöðuástæðum eða vegna kennslukrafta. Hins vegar tel ég ekki koma til nokkurra mála að beita þessu ákvæði með hliðsjón af væntanlegum atvinnuskilyrðum kandídatanna. Það er raunar mjög til athugunar, hvort ekki ætti að breyta þessu ákvæði þannig, að það sé alveg skýrt, að þessa heimild megi ekki nota til þess að meina mönnum aðgang að námi með hliðsjón af atvinnuskilyrðum eða almennum þjóðfélagsaðstæðum, það sé eingöngu hægt til þess að tryggja, að námið hagnýtist vel eða að ekki séu óframkvæmanlegar skyldur lagðar á háskólann sem stofnun. Ég vil skjóta því til hv. menntmn. að taka þetta atriði til meðferðar, hvort ekki komi til greina að umorða þessa takmörkunarheimild þannig, að enginn vafi sé á því, að einstökum deildum verði ekki lokað vegna atvinnuskilyrða eða annarra almennra þjóðfélagsástæðna.

Að síðustu er svo það, sem hv. þm. sagði um ákvæði um eftirlit með námsástundun. Ég vil aðeins undirstrika það, að rétturinn til að setja slíkar reglur er ekki í höndum háskólans eins.

Ég fellst á, að það gæti verið hæpið. Það er ekki hægt að setja slíkar reglur nema í reglugerð, m. ö. o. ráðuneytið mundi um það efni fjalla, sem og sjálfsagt er, þar sem hér er auðvitað um mikilvæg atriði að ræða, sem eðlilegt er að fleiri fjalli um en þeir einir, sem framkvæma eiga og við eiga að búa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til menntmn. með 18 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Nd., 28. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 533, n. 650, 649).

Frsm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Menntmn. hefur athugað þetta frv. og orðið sammála um að gera við það nokkrar brtt., sumar eru meira eins og leiðrétting eða til að gera skýrara ýmislegt, sem í því felst, einstaka til þess að fella burt hluti, sem að n. áliti og fleiri ættu frekar heima í reglugerð en í lögum, en nokkrar brtt. þó, sem breyta að nokkru efni frv. Ég mun nú reyna að gera nokkra grein fyrir þessum brtt., og jafnframt langar mig til þess að segja nokkur orð frá eigin brjósti um ýmislegt af því, sem eðlilega kemur upp hjá okkur, þegar við erum að ræða lög um Háskóla Íslands og hvað standi í valdi Alþingis til að búa betur að þeirri stofnun.

Það er þá fyrst að geta þess, að með þessu frv. eru sett í heild þau allmörgu lög, sem gilt hafa um háskólann fram að þessu, og byrjað með því, sem ekki hefur verið í lögum um Háskóla Íslands áður, að taka fram, hvert sé hlutverk Háskóla Íslands, og þar alveg sérstaklega undirstrikað, að hann skuli vera vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun, er veiti nemendum sínum menntun til að gegna ýmsum embættum og störfum í þjóðfélaginu. Okkur fannst rétt í menntmn., þar sem yfirlýsing var hér um, hver væri tilgangurinn með háskólanum, að hann skyldi veita nemendum sínum menntun til þess að gegna ýmsum embættum og störfum í þjóðfélaginu, að bæta þar við: og til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum.

Þegar við byrjuðum á þeim skólum, sem nú eru hluti af Háskóla Íslands, voru þeir, eins og t. d. prestaskólinn, raunveralega eingöngu embættismannaskólar hjá okkur. Og það var löngum svo og vill enn bregða við, að það hlutverk, sem háskólanum fyrst og fremst sé ætlað, sé að vera skóli til þess að útskrifa embættismenn eða menn, sem gegna ýmsum almennum praktískum störfum í þjóðfélaginu. Okkur finnst hins vegar rétt að undirstrika, og það er í samræmi við það, sem segir í byrjun þessarar greinar um háskólann sem vísindalega rannsóknarstofnun og vísindalega fræðslustofnun, að þar skuli einnig sérstaklega taka tillit til þess að búa menn undir að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum.

Það er engum efa bundið, að því meira sem okkar þjóð treystir sér til að færast í fang við það, að hennar framleiðsla vex og hennar efni batna, komum við til með að gera æ meiri kröfur til okkar háskóla og þá líka um leið meiri kröfur til Alþ. um það verkefni, sem á þess herðum hvílir til þess að búa háskólann sem bezt til þess að geta sinnt slíku. Við skulum minnast þess, einmitt um leið og við nú á tímum búum menn sérstaklega undir að gegna hinum ýmsu praktísku verkefnum í þjóðfélaginu, um leið og við búum menn undir að vera dugandi og lærðir embættismenn, þá þurfum við að eignast meira og meira af mönnum, sem geta sinnt sjálfstætt þeim vísindalegu störfum í þjóðfélaginu, sem geta brotið heilann um þau vandamál, sem okkur ríður á að séu leyst. Það hefur frá upphafi vega verið stolt okkar þjóðar að reyna að líta sjálfstætt og raunsætt á veröldina í kringum okkur. Forðum, þegar okkar menning stóð sem hæst, sú menning, sem við síðan alltaf erum stoltastir af og eigum raunverulega tilveru okkar þjóðar að þakka, var það svo, að íslenzkir menn, íslenzkir fræðimenn og íslenzkir bændur og sjófarendur litu raunsærri augum heiminn í kringum þá en þeir menn, sem lærðari voru og ríkari úti um heim. Á þeim tíma, sem lærðir menn í Evrópu trúðu því allir, að jörðin væri flöt, voru það sjófarendur og bændur hér á Íslandi, sem skrifuðu, að hún væri hnöttótt. Það var ekki aðeins á sviði bókmenntanna og sagnaritunarinnar, sem okkar forfeður þannig sköruðu fram úr, heldur líka jafnvel á sviðum, sem okkur finnast eins fjarskyld og stærðfræði, stjörnufræði, jarðfræði eða annað slíkt. Við skulum muna það nú, þegar við viljum reyna að gera okkar háskóla sem sterkastan og beztan, að þá þarf það að vera á tilfinningu okkar hér á Alþingi, að það er á okkar valdi að búa þannig að honum, að hann geti orðið stofnun, sem líka á sviði vísindanna getur haldið áfram því, sem við höfum áður verið stoltastir af í okkar menningu. Við erum stoltir af því nú, að það skuli vera til meðal okkar menntamanna, bæði innan og utan háskólans, menn, sem geta sér heimsfrægð í fræðigreinum eins og stærðfræði, læknisfræði, náttúrufræði eða öðru slíku, og ég held, að við þyrftum að muna það líka, þegar við fjöllum um okkar fjármál, að við þurfum að sýna háskólanum meiri sóma en við oft gerum.

Alveg sérstaklega vildi ég þó frá eigin brjósti undirstrika það, sem okkur ber að gera fyrir norrænudeildina, það, sem okkur ber að gera fyrir þann þátt í okkar heimspekideild, sem sérstaklega snýr að rannsóknum á okkar eigin tungu, sögu og bókmenntum. Við höfum átt því láni að fagna að eiga þar afburðamenn, sem vakið hafa athygli fyrir okkar þjóð með ritum sínum og fyrirlestraferðum við erlenda háskóla, mönnum, sem hafa breitt út þekkingu á okkar menningu og brotið þar nýjar brautir. Við skulum minnast þess, að í dag er okkar tunga kennd ekki aðeins hjá okkar skyldustu þjóðum, eins og germönsku þjóðunum, heldur líka allt frá Bandaríkjunum til Sovétríkjanna er íslenzk tunga kennd við háskóla og nýtur meira og meira álits sem það djásn meðal tungna heimsins, sem hún er. Og þegar við hugsum til þess, hvern gimstein við höfum þar að varðveita, þá held ég, að við þurfum að minnast þess, þegar við göngum frá

þeim málum, sem snerta fjármál háskólans, sérstaklega seinna meir, að við eigum að stefna að því hvað snertir hin norrænu fræði og jafnvel hin germönsku fræði yfirleitt, að okkar heimspekideild geti verið miðstöð slíkra fræða í heiminum, að við getum búið þannig að henni, að þangað sé hægt að sækja fyrst og fremst fræðsluna og vísindin um þau mál. Og ég býst við að til þess að geta valdið slíku sé ekki kostnaðurinn það erfiðasta fyrir okkur. Við verjum það miklu fé nú, ja, við skulum bara segja í hluti, góða og fagra hluti, eins og t. d. sinfóníuhljómsveitir, að við getum ákaflega vel eytt meira fé í þau norrænu fræði og til þess að gera okkar eigin íslenzku sögu og bókmenntum enn betri og meiri skil og gera fleiri mönnum kleift að vinna að því. En það, sem þar er e. t. v. þýðingarmest fyrir okkur, er, að það sé unnið að því að finna þá menn, sem skara fram úr í þessum fræðum, og gefa þeim tækifæri til vísindalegra starfa og vísindalegra afreka.

Mér datt það í hug nýlega, þegar ég sá, að það var að koma út sænsk bók um okkar fremsta skáld nú á tímum, okkar frægasta skáld, Halldór Kiljan Laxness, skrifuð af Svía, ágætum manni, að það er raunverulega orðið að nokkru leyti öfugsnúið við það, sem áður var, þegar við Íslendingar skrifuðum sögur þeirra helztu og beztu manna, sem til voru á Norðurlöndum, þegar það eru nú útlendingar í Svíþjóð meðal annars, sem eru farnir að skrifa sögur okkar manna hér heima á Íslandi, en við gerum það ekki sjálfir.

Ég held, að við verðum að herða okkur í þessum málum. Við verðum að reyna að sjá um, að það verði skapaðir á næstunni betri möguleikar en verið hefur til vísindalegra starfa, ekki hvað sízt í einmitt okkar norrænudeild. Og við höfum séð það með þeim mönnum, sem við höfum þegar átt þar og eigum, hvert efni við höfum til vísindamanna á þeim sviðum. Ég held, að sú breyting, sem gerð er á háskólalögunum hér um nokkuð aðra skipun á hlutverkum og embættum háskólakennara, sérstaklega um dósentana og lektorana, miði mjög í rétta átt, að geta með *þeim embættum, eins og hugsað er nú að haga* þeim, gert fleiri mönnum mögulegt að flytja fyrirlestra við háskólann og leggja stund á þessar vísindagreinar, a. m. k. þegar Alþ. gerir háskólanum mögulegt að kosta fleiri menn við skólann til slíks. Og ég held, að það sé ákaflega þýðingarmikið, að þessi breyting hefur verið gerð og við fylgjum því eftir seinna meir með því að gera mögulegt að kosta við háskólann fleiri menn í slík embætti en verið hefur undanfarið.

Viðvíkjandi svo í smærri atriðum þeim brtt., sem n. flytur, þá segja nú sumar svo til sín sjálfar, að það þarf ekki að fara um þær mörgum orðum, og ýmislegt af þeim frekar til þess að koma hlutum, sem við kunnum illa við að stæðu í lögum, inn í reglugerð. En nokkur af þessum atriðum eru þó efnisatriði, sem rétt er að fara inn á.

Þar er t. d. okkar brtt. á þskj. 649, 3. liður b, um breytingu á 4. gr. frv. Þar er lagt til að orða nokkru nákvæmar og ótvíræðar en gert er í frv., hvern rétt stúdentar skuli hafa til þess að eiga sæti í háskólaráði, þegar fjallað er um þeirra almennu mál. Ég held, að mér sé óhætt að segja, að einmitt þessar till. um, að meira samstarf sé á milli háskólakennaranna og stúdentanna og aukinn sé réttur, sem stúdentarnir skuli hafa til hugsanlegra áhrifa í háskólaráði, hafi átt eindregnu fylgi að fagna í menntmn.

Það er engum efa bundið, að það er ákaflega nauðsynlegt fyrir háskólann, að það komist sem fyrst inn sá andi þar, að það sé skapað samstarf á milli stúdentanna og háskólakennaranna, að stúdentarnir séu sem allra fyrst látnir finna til þess, að það sé verið að ala þá upp til samstarfs við þeirra kennara og til að taka sjálfstætt ábyrgð í háskólanum og síðar meir enn þá frekar, þegar þeir eru komnir út úr honum. Við vitum, að þessi skilningur, ekki aðeins á, hvað sé heppilegt fyrir þjóðfélagið, um stúdentana, heldur líka hvað rétt er að taka til stúdentanna sjálfra, þessi skilningur fer vaxandi. Til dæmis okkar nágrannaþjóð eins og Norðmenn hefur sýnt þetta í því að gefa stúdentum rétt til þess að hafa fastan fulltrúa í háskólaráði. Og þetta ákvæði, sem n. setur þarna inn, er að vísu alveg komið undir reglugerð, hvernig það er framkvæmt, en það væri náttúrlega líka hægt að framkvæma það ákvæði þannig, að stúdentar hefðu þar fastan fulltrúa, en hann víki af fundum, þegar rædd væru þau sérstöku mál, sem ekki heyrir undir stúdentana að segja neitt um, ýmis vísindaleg efni, veitingar embætta, ákvörðun viðvíkjandi prófum og annað slíkt. Það yrði á valdi hæstv. ráðh. og undir samvinnu við háskólaráð komið, hvernig þætti hentugast að framkvæma slíka hluti.

Í sömu átt og þetta fer 7. brtt., sem við gerum um að tryggja stúdentum í ákveðnum deildum sama rétt viðvíkjandi deildarfundum og stúdentum væri tryggður í háskólaráði, þegar það ætti við.

Þá gerum við brtt. við 9. gr. um, að það sé tekið fram um hana, að atvinnudeild háskólans skuli starfa áfram við háskólann. Þetta hafði verið fellt niður fyrst, en hins vegar helzt enn *í lögum um atvinnudeildina. Og þegar það er* um leið einmitt undirstrikað, eins og gert er í þessum lögum, að háskólinn skuli vera vísindaleg rannsóknarstofnun, þá fannst okkur rétt, að atvinnudeild háskólans skyldi einmitt áfram sem rannsóknarstofnun starfa í þessum formlegu tengslum við háskólann, þó að hún að öðru leyti sé eins sjálfstæð og hún hefur verið frá upphafi. Ég held, að það séu rétt rök fyrir því máli.

Þá er rétt að minnast nokkuð á 9. brtt. hjá okkur, við 21. gr. Hún er um, hvernig orða skuli þann rétt, sem háskólaráð hefði til þess að ákveða sérstök inntökuskilyrði. Við álítum, að *það sé rétt að heimila ráðh. að setja með reglu*gerð ákvæði um inntöku stúdenta í einstakar deildir, og tökum jafnframt fram í okkur nál., að ástæðan til þess, að þessi heimild sé gefin, sé sú, að nauðsynlegt þyki sem stendur að setja skilyrði um inntöku í tannlæknadeild og um prófseinkunn viðvíkjandi inntöku í verkfræðideild.

Það er vitanlegt, að bezt væri að geta verið laus við að hafa nokkur svona ákvæði í háskólalögum. Og með þessum háskólalögum er það líka alveg sérstaklega undirstrikað, með upphafi 21. gr., að háskólinn skuli vera opinn öllum, að hver sá, sem hefur tekið fullnaðarpróf frá íslenzkum skóla, sem hefur heimild til að brautskrá stúdenta, skuli hafa aðgang að háskólanum. Ástæðan til þess, að rétt hefur þótt að setja þessa heimild um reglugerð og í nál. að takmarka hana við þetta þrennt, hefur að nokkru leyti verið rædd hér strax við 1. umr. málsins: Annars vegar atriðið viðvíkjandi tannlæknadeildinni, sem fyrst og fremst virðist raunverulega vera kostnaðaratriði og spurning um fleiri kennara, þannig að það er fyrst og fremst fjárhagslegt atriði að geta bætt þarna við þessa deild, og er nauðsynlegt og rétt að stefna að því, að það sé gert. Í öðru lagi er viðvíkjandi þeirri prófseinkunn, sem hefur undanfarið verið gert sem skilyrði, prófseinkunn úr stærðfræðideild menntaskólanna sem skilyrði fyrir inntöku í verkfræðideild.

Við höfum tekið fram í nál., að það væri ætlazt til þess, að þetta væri enn þá heimilað, meðan þess væri þörf. Ég vil hins vegar taka það fram, að að mínu áliti ber að beita svona hlutum ákaflega varlega, og það er alltaf hættulegt, þegar farið er út í að setja ákveðnar prófseinkunnir sem skilyrði í slíkum efnum. Við, sem sjálfir höfum gengið undir próf og það próf, stúdentspróf á sínum tíma, sem eru ekki eins þung og stúdentsprófin eru nú, vitum ósköp vel, hvers konar tilviljun það er, hvernig gengur um prófseinkunnir, og þegar það munar ekki stundum nema kannske 0.5 og jafnvel minna, hvort menn komast inn í háskólann og verkfræðideildina með slíkum prófum, þá er það sannarlega þó nokkur ábyrgðarhluti að útiloka menn á slíkum grundvelli. Og frá þjóðfélagsins sjónarmiði horfir málið svo við, að það er brýn nauðsyn fyrir þjóðfélagið að fá meira af verkfræðingum og fá þá fljótt, þannig að það er ákaflega nauðsynlegt, að kennarar háskólans taki fullt tillit til þessara þarfa þjóðarinnar, og þar líka á góma í n., hvort ekki bæri að fara að beita fleiri aðferðum til þess að útskrifa verkfræðinga, jafnvel þótt mismunandi lærdóm hefðu, til þess að geta bætt að nokkru leyti úr þeirri brýnu þörf, sem okkar þjóð er á því að fá verkfræðilega menntaða menn. Sem sé það var álit n., að þessum reglugerðarákvæðum bæri að beita í þessum takmörkuðu tilfellum og mjög hóflega.

Þá er 10. brtt. um að fella burt 23. gr. Það er eina brtt. á þskj. 649, sem ekki varð samkomulag um í n. Nefndin var klofin um þá till. Það voru þrír með þessari brtt. og tveir á móti, þ. e. þrír með því að fella greinina burt og tveir með því að halda henni. Það, sem ég segi um þessa brtt., þarf þess vegna ekki að skoðast sem framsaga fyrir n., heldur aðeins mitt persónulega álit og að svo miklu leyti sem það félli saman við álit þeirra hv. þingmanna, sem mér voru sammála, þá sem álit meiri hl.

Þetta er, eins og allir hv. þdm. hafa fylgzt með, þó nokkuð mikið deilumál, sem sé þessi spurning, hvort það beri að koma á því fyrirkomulagi við háskólann, að það sé haft miklu meira eftirlit með tímasókn stúdenta, máske allt að því svipað því, sem gerist í menntaskólum, eða hvort eigi að láta þeim vera í sjálfsvald sett, hvort þeir sækja tíma eða ekki, og það komi svo fram á prófunum, þegar þar að kemur, hvort þeir hafa getað aflað sér þeirrar þekkingar, sem háskólinn gerir kröfu til engu að síður. Að vísu á þetta ekki við í praktískum málum nema um nokkurn hluta kennslunnar. Mikill hluti af allri kennslunni við háskólann er þannig, að það er óhjákvæmilegt að sækja tímana, og stúdentum er það jafnljóst sem háskólakennurum. En þetta er þó nokkuð stórt spursmál um uppeldi.

Ég verð að segja það, að frá mínu sjónarmiði horfir þetta þannig við, að við höfum þarna að velja á milli þess, hvort við eigum að setja háskólann meira í áttina til þess að vera eins og menntaskólarnir eru, að það sé svo að segja troðið í nemendur með kennslu í tímum og með ströngu eftirliti, svo að þeir geti tekið próf, nemendurnir verði eins og litlir skólapiltar undir umsjón kennaranna, séu hálfdregnir þarna í gegnum skólann með þessari tímakennslu og með þessu stranga eftirliti, og mér finnst í sambandi við slíkt vera alvarleg hætta á, að að vísu sé máske hægt að útskrifa meira af mönnum með þessu móti, en það verða ekki menn, sem hugsa eins sjálfstætt í þessum efnum og eru eins færir um að taka sjálfstæðar ákvarðanir og sjá sjálfum sér og þeim verkefnum, sem þeir eiga að sinna í þjóðfélaginu, farborða á eftir.

Mér finnst þetta vera annars vegar spurningin, sem þarna sé um að ræða, eða þá hitt, hvort við eigum að treysta á þroska og sjálfsaga stúdentanna, treysta fyrst og fremst á vilja þeirra sjálfra til þess að læra, á skilning þeirra á því, að þeir þurfi að læra, ýmist að sækja tíma eða afla sér fræðslunnar öðruvísi til þess að geta staðizt prófið, og ég held, að með því móti að treysta á þroska þeirra og treysta á sjálfsaga þeirra, eflum við hvort tveggja, aukum við hvort tveggja. Það kann að vísu oft að vera þannig, að það verði fleiri, sem um tíma fara forgörðum, sem ekki rækja hlutina og átta sig máske á því seinna. En ég held, að það komi út úr því, að það verði meira af sjálfstætt hugsandi mönnum, af þroskuðum mönnum, sem við fáum út úr skólanum, með því að þeir verði fyrst og fremst að treysta á sinn eigin þroska og sjálfsaga. Það er vitað mál, að það er mjög mikið áhugamál hjá stúdentum að fá þetta fram, — fá þessa grein, sem þarna er lagt til, fellda burt, og þeir setja það í samband við sínar hugmyndir um akademískt frelsi. Það fara máske saman þar ýmsar tilhneigingar hjá þeim. Annars vegar er það engum efa bundið, að það er áhugamál t. d. flestallra þeirra stúdenta, sem fátækir eru, þeirra, sem vinna mikið utan skólans, stunda nám oft heima hjá sér, að þeir séu sem frjálsastir í þessum efnum, og ég skal líka viðurkenna, að það er máske líka áhugi margra stúdenta, sem hafa þá betri efni eða langar til þess að vera mjög frjálsir, að þeir séu lausir við þetta eftirlit, vilja fá að lifa eins og þá lystir, og það séu vafalaust líka tilhneigingar, sem oft koma fram í sambandi við kröfur þeirra um

akademiskt frelsi. En það, sem við verðum að gera fyrst og fremst upp við okkur í þessu, er, hvað sé bezt fyrir þjóðfélagið sjálft.

Ég held, að það sé bezt fyrir þjóðfélagið sjálft að fá menn bæði til að gegna vísindastörfum í þjóðfélaginu og til að sinna embættisstörfum og öðrum störfum, sem sýna það þegar á háskólaárunum, að þeir hafa þann sjálfsaga og þá skyldutilfinningu, að þeir vilji nema, án þess að þeim sé haldið að því eins og skólapiltum af þeirra kennurum. Ég held, að með slíku móti munum við fá mest af beztum mönnum út úr háskólanum. Við fáum kannske færri, og það týnast kannske fleiri úr lestinni, en ég held, að við fáum með þessu móti meira af sjálfstætt hugsandi mönnum, — mönnum, sem ekki hafa verið svo að segja leiddir í gegnum háskólann eins og í gegnum menntaskóla, og ég held, að þjóðfélagið fái með þessu móti bezta menn út.

Að vísu skal ég viðurkenna, að ef þjóðfélagið kostaði alla dvöl stúdentanna við háskólann, ef allt þeirra uppihald væri greitt af þjóðfélaginu, væri það ef til vill skiljanlegt, að þjóðfélagið gerði aðrar kröfur til þeirra. En meðan stúdentar verða sjálfir að öllu leyti að kosta sig við þetta nám, sumir að brjótast til þess af litlum efnum, þá held ég, að það sé bezt, að við látum þá hafa þetta frelsi áfram, láta það vera þeirra sjálfskylduraun, sem gerir út um, hvort þeir reynast hæfir til þess að taka prófin. Og ég vil þá taka það fram um leið og ég lýk máli mínu um þetta atriði, að það, sem ég hér hef sagt, segi ég ekki sem frsm. n., heldur sem mína persónulegu skoðun og máske að einhverju leyti fyrir munn þeirra hv. meðnm. minna, sem urðu mér sammála eða eru mér sammála um þetta atriði.

Þá gerum við enn fremur þá brtt. við 26. gr., 13. till. á þskj. 649, hvenær má skuli nafn stúdents af stúdentatali háskólans, að það skuli má nafn stúdents af stúdentatalinu, hafi hann ekki sótt háskólann tvö kennslumissiri samfleytt, en þó skuli það ekki gert, þó að hann sé fjarverandi allt að 4 missiri, ef hann hefur tilkynnt háskóladeildinni fjarveru sína. Um þetta hefur verið, eins og hv. þm. hafa fylgzt með, nokkur deila. Þetta um 4 kennslumissiri var í síðustu lögum, menn vildu þrengja það allmikið með þeim till., sem fyrir lágu, og við höfum reynt að finna þarna nokkra samkomulagsleið, sem við höfum öll orðið sammála um og ég vil vona að finni líka náð fyrir augum deildarinnar.

Þá er við 27. gr. okkar 14. brtt. viðvíkjandi prófunum, og sú brtt. er gerð — eins og sumar fleiri — í samráði við hæstv. menntmrh., það er að gera fyrst og fremst að reglugerðaratriðum um prófin og prófgreinarnar. Það var sérstaklega með 30. gr., sem við leggjum nú til að falli burt, nokkur tilhneiging í þá átt að takmarka það meira, hvað oft menn mættu þreyta próf. Nefndin var á því, að það sé rétt að gefa mönnum tækifæri til þess að þreyta prófin oft, þótt hins vegar sé eðlilegt, að það þurfi að setja mismunandi skilyrði í reglugerðir, ef alllangur tími fer að líða, m. a. sökum þess, hve mikið ýmsar námsgreinar breytast. En reynslan af okkar menntamönnum, bæði meðan þeir sóttu háskóla í Höfn sem og hér, sannar okkur, eins og líka var bent á hér við 1. umr., að það væri varhugavert að ætla að neita stúdentum um að geta tekið próf við háskólann, þó að þeir hefðu fallið einu sinni eða tvisvar. Það mikið þekkjum við um ýmsa menn, sem orðið hafa meðal fremstu manna okkar þjóðar, þó að erfiðlega hafi þeim ýmislegt gengið á þeirra háskólaárum, og það mundi vera hættulegt að útiloka slíkt. Þess vegna vildum við nú undirstrika það, að einmitt í reglugerð væri ekki verið að þrengja þann rétt, sem verið hefði um, að menn mættu taka próf, þreyta próf oft, en hins vegar eðlilegt, að hægt sé að setja um það skilyrði, sem tryggi, að þau próf, sem menn taka, séu í samræmi við þann tíma og þekkingarkröfur þess tíma, sem prófið er tekið á.

Þá breyttum við ofur lítið þeirri grein, 37. gr., sem fjallar um doktorsprófin og þann rétt, sem doktorar hljóta, þannig að þeir hafi rétt, þegar þeir hafi fengið doktorsnafnbót frá háskólanum, til að halda fyrirlestra í sinni vísindagrein. Það hefur alltaf þótt sjálfsagður hlutur, og við tökum það fram, að það þurfi aðeins að tilkynna það háskólaráði.

Ég held nú, að flestar aðrar till. segi alveg til sín sjálfar og eru að ýmsu leyti líka í samræmi við ábendingar, sem fram komu hér við 1. umr. málsins.

Þá var svo að síðustu viðvíkjandi 41. gr. í frv. og 43. gr. Þar hefur, eins og hv. þm. hafa tekið eftir, verið nokkur deila um heitin á þeim fræðigreinum, sem þar er um að ræða, og hafa verið gerðar þar mismunandi till. Það er sérstaklega það útlenda heiti „pharmacia“, sem tvær till. hafa komið fram um, bæði lyfsölufræði og lyfefnafræði. Við urðum sammála um það í n. að leggja til þarna þá till., sem okkur barst frá menntmrn. og er upprunnin frá landlækni, að kalla þetta, sem á latínumáli er kallað „pharmacia“, lyfjafræði lyfsala, og þá raunverulega í mótsetningu við þá lyfjafræði, sem læknarnir sérstaklega hafa, eða „pharmacologia“, og þó að það þyki kannske að einhverju leyti klaufalegt að kenna þetta þannig við þá menn, sem á að mennta með þessari fræði, held ég þó, að þetta sé langskýrasta heitið, sem við getum fengið á þessu. Það er alltaf ákaflega erfitt að fara að búa til orð á íslenzkunni, sem ekki segja sjálf, hvað meint er með þeim. Það hefur verið það sterka við allar orðmyndanirnar á íslenzku og ber beztan vott um, hvílíkur skapandi máttur er í okkar tungu, að það, sem útlendar þjóðir verða að læra utan að, öll þau latnesku heiti, segir tungan okkur sjálf, það segja orðin okkar sjálf, hvað þau merki. Ég held þess vegna einmitt, að þetta orð, sem þarna er stungið upp á, t. d. „pharmacia“ = lyfjafræði lyfsala, hafi þann kost, að það sé skiljanlegt og skýrt, þannig að við það megi a. m. k. notast, þangað til einhverjum snjöllum mönnum dettur í hug heiti, sem menn yrðu allir sammála um. Og þá þarf að breyta því, bæði í 41. gr. og í fyrirsögn IX. kaflans og í 43. gr.

Eins og hefur verið einn tilgangurinn með þessu frv., er kennslan í lyfjafræði lyfsala lögð undir háskólann með þessu. Um það hafa verið

nokkrar deilur, og n. bárust eins og n. Ed. mismunandi álit úr hinum ýmsu áttum, þar sem gætti mjög ólíkra skoðana um þetta. En með því bráðabirgðaákvæði, sem við leggjum til að bætt sé aftan við lögin, vildum við a. m. k. fyrirbyggja, að um leið og sú deila, sem uppi hefur verið í þessum efnum, væri útkljáð, yrðu nokkrir fyrir barðinu á þeim lagaákvæðum, sem sett væru. Þeir stúdentar, sem hafa byrjað að nema hjá apótekurunum, þurfa auðvitað að fá sama rétt og þeir aðrir stúdentar, sem byrjað hafa að læra þessa grein. Það þarf að tryggja þeim, um leið og kennslan er lögð undir háskólann, að það sé ekki verið að gera þeirra vinnu og þeirra lærdóm að engu, og að því miðar bráðabirgðaákvæðið og er þess vegna, um leið og verið er að útkljá nú þessa deilu, sem verið hefur um menntun apótekaranna, verið að reyna að sjá til þess, að engir líði undir lausn þeirrar deilu og að með þeim ráðstöfunum, sem þarna eru gerðar, sé um leið verið að binda endi á ástand, sem verið hefur að vissu leyti hvimleitt, en við vonum líka að verði til góðs fyrir þjóðina, að þessi grein er þar með tryggð og bætt við inn í háskólann.

Með frv. í heild er n. alveg sammála um að mæla. Það eru í því, eins og hæstv. menntmrh. skýrði frá og undirstrikað var af fleirum við 1. umr., ýmsar merkilegar nýjungar, auk þess sem tekin eru saman í eitt þau lög, sem hafa verið allmörg áður í gildi um háskólann. Við viljum vonast til þess, að þær brtt., sem n. hér hefur gert og er sammála um, verði til þess að *bæta þetta frv., og um það, sem n. er klofin um,* verða þá að ganga atkvæði hér í d. En jafnframt því, sem við nú leggjum til, að þetta frv. sé samþykkt, vildi ég mega óska þess, að við gætum í framtíðinni sameinazt um að reyna að vinna enn meira að því en hingað til að efla okkar háskóla, efla ekki sízt þá deild hans, sem snýr sérstaklega að okkar eigin sögu, tungu og bókmenntum, og sjá til þess, að þegar hann nú bráðum fer að verða 50 ára gamall, getum við sagt með sanni hér á Alþingi, að við hefðum gert það, sem í okkar valdi stæði, til þess að gera hann að slíkri menntastofnun sem þjóðina dreymdi um, þegar háskóli var reistur í landinu.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég tek undir þá frómu ósk, sem borin var fram hér af síðasta ræðumanni, og ég vil taka það fram, að eftir þeim kynnum, sem ég hef haft af samskiptum háskólans og Alþingis, hefur háskólinn ekki undan neinu að kvarta í þeim samskiptum.

Þetta frv. til nýrra háskólalaga, sem hér liggur fyrir, hefur hlotið allrækilegan undirbúning. *Það er, eins og fram kemur í grg., samið af n.* sem til þess var á sínum tíma kjörin af háskólaráði, en þáverandi menntmrh. síðan skipaði formann fyrir, bankastjóra við Framkvæmdabankann.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir til nýrra háskólalaga, er fyrst og fremst samsteypa eldri ákvæða um háskólann, sem til þessa hafa verið í ýmsum lögum, og svo tekin upp í lög allmörg ákvæði, sem hingað til hafa verið í reglugerð, vegna þess að það hefur þótt rétt að veita þeim lagagildi. Hins vegar er ekki að mínu viti hægt að segja, að þetta háskólalagafrv. geymi ýkjamörg nýmæli.

Hv. menntmn. Nd. hefur nú haft þetta frv. til meðferðar og gert á því allmargar breytingar, eða samtals leggur hún fram 24 brtt. Þær brtt., sem n. ber fram á þskj. 649, eru þó flestar lítils háttar, enda verður að teljast vafasamt fyrir n., sem ekki hefur haft meiri tíma til athugunar á þessu máli en hv. menntmn. Nd., að fara að gera mjög miklar breytingar á frv., með tilliti til þess rækilega undirbúnings, sem það að öðru leyti hafði fengið. Þótt þessar brtt., sem hér eru lagðar fram, séu, eins og ég sagði áðan, flestar lítilvægar og raunar skipti ekki máli um flestar þeirra, hvort þær eru samþ. eða samþ. ekki, þá gegnir þó nokkuð öðru máli um einstaka brtt. Þess vegna ætla ég að leyfa mér að fara nokkrum orðum um þessar brtt., sem hér liggja fyrir á þskj. 649.

Það er þá fyrst að segja um 1. brtt., að n. leggur til, að aftan við 1. gr. í frv. bætist orðin: og til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum. — Um þessa brtt. er það að segja, að hún er að mínu viti allsendis óþörf, vegna þess að í upphafi 1. gr. segir, að Háskóli Íslands skuli vera vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun. Í þessu orðalagi liggur það eða var a. m. k. ætlunin að láta felast sömu merkingu og er í þessum orðum, sem hv. n. leggur til að bætt sé við. Hins vegar skaðar þessi viðbót ekki á neinn hátt, hún er í rauninni aðeins óþörf endurtekning á því, sem áður er sagt. *En ég sé ekkert á móti því,* að hún sé samþ., ef menn vilja bæta þessu við.

Um 2. brtt. er það að segja, að hún skiptir engu máli.

Um 3. brtt., sem er við 4. gr., er það að segja, að mér skildist á framsögumanni, að það mundi ekki vera gert ráð fyrir því, að hún fæli í raun og veru í sér neina efnisbreytingu á gr., en það ákvæði, sem þessi brtt. lýtur að, er svo hljóðandi, með leyfi forseta: „Nú má deildarforseti ekki sækja fund vegna forfalla eða hann er vanhæfur til að taka þátt í úrlausn máls“ — en eftir brtt. ætti þetta að hljóða svo: „Nú má deildarforseti ekki sækja fund vegna forfalla eða af öðrum ástæðum.“ M. ö. o. er þarna aðeins um það að ræða eftir brtt., að deildarforsetinn geti ekki sótt fund, en eftir till. upphaflegu er um það að ræða, að deildarforseti sé að vísu á fundi, en hann sé, vegna þess að hann er riðinn við málið, vanhæfur til þess að taka þátt í úrlausn þess. Þetta kannske skiptir ekki miklu máli, en mér virðist, eftir því sem fram kemur frá n., að hún hafi ekki alls kostar sett *sig inn í þetta.*

Þá kem ég að brtt. 3, b-lið, þar sem ræðir um þátttöku stúdenta í fundum háskólaráðs. Þetta leggur n. til að orðist á þann veg, að ávallt er háskólaráð ræði mál, er varða stúdenta háskólans almennt, skuli stúdentar eiga einn fulltrúa á háskólaráðsfundi og að fulltrúinn skuli þar eiga atkvæðisrétt og málfrelsi. — Ég hef ekki á móti því, að stúdentum sé veittur aðgangur að fundum háskólaráðs né heldur deildarfundum, síður en svo. Ég get tekið undir það, sem hv. frsm. sagði,

að það sé æskilegt, að það ríki sem bezt samvinna á milli stúdenta og háskólakennara og að skilningur í því efni sé vaxandi. Mér vitanlega er sú samvinna, sem nú á sér stað milli stúdenta og kennara við háskólann, í góðu lagi, og ég hef ekki heyrt neinar sérstakar kvartanir í þá átt, að henni væri ábótavant. Ég held, að heppilegra hefði verið að byrja á þessu á þann veg, sem gert var ráð fyrir upphaflega í frv. þessu, þegar það var lagt fyrir deildina, sem sé, að það væri heimild til þess að kveðja fulltrúa stúdenta til, þegar mál vörðuðu þá sérstaklega, og síðan væri þessu svo breytt, eftir því sem reynslan segði til um. Ef það gæfist vel, mætti gjarnan gera það alveg „obligatoriskt," en að þessu er nú horfið hér, að hafa þetta skyldu, að það skuli kveðja stúdenta til, ekki aðeins með málfrelsi, heldur og með atkvæðisrétti, þegar mál varða stúdenta almennt. Ég ætla ekki, eins og ég sagði áðan, að hafa á móti þessu, en hins vegar verður ekki hjá því komizt að óska upplýsinga um það frá hv. n, hvað hún nánar eigi við með þessu. Hvenær varðar mál stúdenta almennt? Mér skilst jafnvel, eftir því sem fram kemur í nál., það vera meiningin að ráða þessu til lykta með reglugerð á þann hátt að taka fram, að stúdent skuli sitja í háskólaráði, en síðan telja upp þau tilfelli, er hann skal víkja sæti. Ég held, að þetta sé hæpin leið við reglugerðina. Ég held, að það verði frekar að setja í reglugerðina, hvenær á að kveðja stúdent til, en það verður að liggja nokkuð ljóst fyrir, hvenær mál er talið varða stúdenta almennt, svo að þá eigi að kveðja til. Nú eru ýmis mál, sem tekin eru til meðferðar í háskólaráði, þannig, að þau t. d. snerta stúdenta einnar deildar eingöngu. Þá vil ég spyrja: Er það mál, sem varðar stúdenta almennt? Þannig mætti náttúrlega lengi spyrja. Stúdent á að hafa atkvæðisrétt þarna, þess vegna getur verið, að hans atkvæði komi til með að ráða úrslitum. Í því sambandi dettur mér í hug eitt mál frá s. l. vetri, þar sem ágreiningur var, eitt af þeim fáu málum, sem ágreiningur varð um í háskólaráði. Það var um það, hvort stúdentar skyldu fá að halda dansleik í anddyri háskólans á gamlársdag. Nú vil ég spyrja hv. nefnd: Er það meiningin, að slíkt mál sé mál, sem varðar stúdenta almennt? Það er aðeins það, sem ég vil fá fram, við hvað sé átt, að það sé skýrt, að n. hafi gert sér grein fyrir því, við hvað hún á, þegar hún vill láta lögbjóða, að fulltrúi stúdenta skuli jafnan kvaddur til, þegar mál eru rædd á háskólaráðsfundi, sem varða stúdenta almennt.

Ég skal svo ekki ræða 4. brtt. Hún skiptir engu máli. En 5. brtt. er við 9. gr., og er þar lagt til, að inn sé skotið orðunum: „Þá skal og starfa við Háskóla Íslands rannsóknarstofnun í þágu atvinnuveganna, er nefnist atvinnudeild háskólans."

Mér skilst á nál., að n. geri ráð fyrir, að með þessu sé verið að staðfesta það, sem nú sé ákveðið í l. Það er rétt, að í l. frá 1936 um háskólann stendur það, að atvinnudeild sé ein deilda háskólans. Það ákvæði hefur hins vegar aldrei komizt í framkvæmd, og eftir það hafa, eins og hv. n. er kunnugt, verið sett l. um atvinnudeildina, þ. e. lög um náttúrurannsóknir, lög nr. 68 frá 1940, þar sem ákvæði eru einnig um atvinnudeildina, og samkvæmt þeim l. er beinlínis tekið fram, að stofnun þessi, sem hér gengur undir nafninu atvinnudeildin, lúti yfirstjórn rannsóknaráðs ríkisins og atvmrh. Ég skal taka það skýrt fram, að ég hef síður en svo á móti því, að rannsóknarstofnun í þágu atvinnuveganna, þ. e. atvinnudeildin, sé í tengslum við háskólann. En mér er spurn: Hvernig er þessum tengslum varið, og hvernig ætlast n. til þess, að þeim tengslum sé varið? Hvernig á þessi rannsóknarstofnun að vera í tengslum við háskólann? Undir hvaða deild á hún að lúta, á hún að lúta beint undir háskólaráð o. s. frv.? Hún lýtur ekki undir menntmrh., því að samkvæmt skýlausum lögum frá 1940, sem ég vitna í, lýtur hún atvmrh., þannig að þessar stofnanir, sem þannig er gert ráð fyrir að séu í tengslum, lúta sín undir hvorn ráðh. Ég held, að ef á að samþ. þetta svona, þá sé það minnsta, sem hægt er að gera, að bæta við orðunum: Nánari ákvæði um þetta skulu sett í reglugerð. — En annars held ég, að það sé ekki hægt að setja svona ákvæði inn í þessi heildarlög, nema gera þá um leið í þeim l. nánari grein fyrir réttarstöðu atvinnudeildarinnar. Ég hygg, að það væri nauðsyn á slíkri lagasetningu, en ég held, að hún eigi ekki heima í þesum lögum eða a. m. k. geti ekki komizt inn í þau við meðferð þessa máls á þingi. Ég held, að það mál þyrfti alveg sérstaklega að endurskoða, og þá held ég einmitt, að það gæti verið heppilegt, að hún væri í tengslum við háskólann og lyti þá ef til vill einhverri deild þar, sem væntanlega yrði þá helzt verkfræðideildin, en það væri kveðið alveg á um það í lögum, hvernig þeim tengslum væri varið og hvernig samband ætti að vera milli háskólans og atvinnudeildarinnar. En ég vil óska eftir skýringum á því, hvernig n. hefur hugsað sér þetta.

Þá er 6. brtt. Hún lítur nokkuð sakleysislega út. Hún er við 12. gr., en í 12. gr. frv. er um að ræða undantekningarákvæði frá þeim almennu reglum, sem gert er ráð fyrir að gildi samkv. frv., sem sagt, að í hvert eitt skipti, sem embætti losnar við háskólann, sé það auglýst og umsóknir lagðar fram og þær umsóknir gangi undir dóm n., sem metur, hvort umsækjandinn sé hæfur eða ekki. En það er í þessari 12. gr. gert ráð fyrir, að það megi fara fram hjá þessari almennu og ég vil segja sjálfsögðu leið, að embætti sé auglýst til umsóknar, sem sé gert ráð fyrir því, að þegar sérstaklega standi á, geti menntmrh. samkv. till. viðkomandi háskóladeildar og með samþykki háskólaráðs boðið vísindamanni að taka við kennaraembætti við háskólann, án þess að það sé auglýst laust til umsóknar.

Ég hef alltaf verið heldur andvígur þessari gr., eins og hún er. Ég held, að hvaða vísindamaður sem á í hlut sé ekki of góður til þess að sækja um embættið. Ég skal þó ekki hafa á móti því, að það kunni einstöku sinnum að finnast þau tilvik, þar sem eðlilegt geti verið að fara þessa leið, sem gr. gerir ráð fyrir. En þá er það að mínu viti svo, að þá leið á ekki að fara, nema um það sé alveg fullt og ein-

róma samkomulag innan háskóladeildarinnar. Þess vegna vil ég mælast til þess við hv. þdm., að þeir felli þessa brtt. n. að fella niður orðið „einróma“ í 12. gr. Ég er ekki alveg viss um, að n. hafi gert sér grein fyrir, hvað í því felst. Það er að vísu svo, að þó að þessi brtt. yrði samþ., þá væri ekki gengið á hlut háskólans, nema síður sé. En ég verð að segja það um mína „kollega,“ að þeir eru náttúrlega breyskir eins og aðrir menn, og það er náttúrlega aldrei alveg útilokað, að þar geti einhver klíkuskapur átt sér stað. Ég viðurkenni að vísu, að það er reistur nokkurn varnarmúr þarna með því að áskilja það, að samþykki háskólaráðs þurfi einnig til, það er þá aðeins meirihlutasamþykki, og enn fremur að samþykki menntmrh. þurfi til.

Um 7. brtt. skal ég ekki fara neinum orðum. Það verður sjálfsagt reglugerðarákvæði, sem verður að skera nánar úr um, hvenær eigi að kveðja fulltrúa nemenda til. Ekki skal ég heldur ræða um 8. eða 9. brtt., nema aðeins undirstrika þann skilning, sem fram kom hjá frsm. n. og mér skilst vera skilningur n., að með þessu sé talið heimilt að hafa í reglugerð eftir sem áður ákvæði, sem takmarka aðgang að tannlæknadeild háskólans, og setja almenn skilyrði, sem lúta að prófum og takmarka aðgang að verkfræðideild, þannig að með þessu sé staðfest það ástand, sem nú er. Hins vegar get ég fullyrt, að það ríkir ekki, að því er ég bezt veit um, neinn áhugi fyrir því innan háskólans að öðru leyti að takmarka aðgang að deildum hans. Ég veit a. m. k. og get fullyrt fyrir þá deild, sem ég tilheyri, lagadeildina, að þar hefur slíkt engan hljómgrunn og hefur engum dottið slíkt í hug. Ég er viss um, að sama má segja fyrir guðfræðideildina og íslenzk fræði.

En þá er það 10. brtt., sem ég vildi leyfa mér að fara nokkrum orðum um. Hún lýtur að því að fella niður 23. gr. frv., en í 23. gr. frv. er nú ekki sagt annað né meira en það, að ákvæði um eftirlit með námsástundum háskólastúdenta megi setja í reglugerð háskólans.

Það má segja, að þetta eftirlit með námsástundun nemenda eigi sér stað nú, og það fer fram með þeim hætti, þar sem ég þekki til, að kennarar láta nemendur, sem sækja tíma, skrá sig á blað, og síðan gera svo kennarar það upp með hæfilegu millibili, hvaða nemendur og hvernig nemendur hafa sótt tíma. Ég veit ekki til þess, að það sé á döfinni neinn áhugi fyrir því að taka upp annað eftirlit með námsástundun nemenda en þetta, að kennarar geti kannað, hvaða nemendur og hvernig nemendur sækja tíma hjá þeim, og mér er ekki kunnugt um, að það sé áhugi sem sagt fyrir öðru eftirliti. Og ég vil þá spyrja hv. n., hvort það sé skilningur þess nefndarmeirihluta, ef þessi brtt. hans verður samþ., að héðan í frá sé kennurum óheimilt að láta ganga slíka pappírsmiða um kennslusalina, sem nemendur skrá sig sjálfir á. Ég vil í því sambandi benda á 26. gr., sem gerir ráð fyrir því, að ef stúdent hefur ekki sótt tíma í tvö eða eftir atvikum fjögur kennslumissiri, skuli hann niður falla af stúdentatali. Nú verð ég enn fremur að biðja n. um upplýsingar um það, ef svo skyldi vera, að ekki mætti hafa þetta eftirlit með tímasókninni, sem tíðkazt hefur, hvernig á að kanna það, hvort stúdent hefur sótt kennslustundir í tvö missiri eða fjögur, eða hvað sem það nú er. -- Ég er ekki hlynntur því að taka upp neina tímaskyldu, en mér vitanlega gengur þó þróunin hvarvetna í þá átt í háskólum, að það sé nú hvarflað æ meir frá hinu forna akademíska frelsi og að það sé fylgzt betur með nemendum en áður. Ég hygg, að það eigi sér stað í hinum vestræna heimi, og ég get fullyrt, að það á sér stað í hinum austræna heimi. Ég hygg, að það eigi sér stað austur í Rússlandi; ég veit, að hv. frsm. mun kunnugt um það, hann var þar á ferð s. l. haust. Um svipað leyti átti ég þess kost að fara alla leið austur til Kína, og mér til mikillar ánægju gat ég heimsótt þar tvo merkilega háskóla og kynnti mér nokkuð vinnubrögð þar, eftir því sem hægt var, sérstaklega lagadeildanna, og það var mjög ánægjulegt að kynnast því á ýmsa lund. En þar var alls ekkert akademiskt frelsi. Nemendur urðu að sækja tíma og það hreint ekki svo fáa tíma á hverjum degi, og yfirleitt var fylgzt með þeim allan daginn, en vitaskuld getur verið, að þar eigi að gegna öðru máli, vegna þess að þeir séu meira á opinberu framfæri en stúdentar hér eru.

Um þetta mál, hvort eigi að hafa eftirlit með námsástundun nemenda eða stúdenta, það getur vel verið, að það sé andstæða gegn því hjá stúdentum, að það sé tekið upp slíkt eftirlit, sem þó er ekki meiningin að taka neitt upp, heldur halda því, sem verið hefur. Og það getur vel verið, að einhverjir hv. þm. haldi, að það verði líklegt til vinsælda eða fylgisauka hjá stúdentum að fylgja því. Ég held eftir kynnum mínum af stúdentum, að þeir muni ekki mikið gangast upp við slíkt. Þetta mál er í eðli sínu algerlega ópólitískt mál, og ég veit það, að hv. þdm. fara ekki að skiptast um það málefni eftir flokkum.

Ég vil sem sagt leyfa mér að leggja eindregið til, að till. meiri hl. n., sem að þessu lýtur, verði felld og að það megi standa í lögum háskólans, að það sé heimilt að setja ákvæði í reglugerð um eftirlit með námsástundun nemenda. Ég verð að segja það, að það liti dálítið einkennilega út sú mynd, sem fengist af Alþ., ef það felldi slíkt ákvæði.

Ég skal svo ekki fara um þetta atriði öllu fleiri orðum, en aðeins vildi ég óska þess, að n. eða meiri hl. hennar upplýsti, hvort það sé skoðun hans, að ef þessi brtt. hans verði samþ., sé héðan af óheimilt að hafa eftirlit með því, hverjir nemendur mæta í tímum.

Þá vil ég aðeins taka fram varðandi 14. brtt., hvernig ég skil hana, og fá það staðfest hjá n., að sá skilningur sé réttur. Ég skil hana svo, að með henni sé meiningin, að það megi í reglugerð setja öll þau ákvæði, sem eru í 27., 28. og 29. gr., það sé sem sé ekki ætlunin með þessu að breyta öðru en því að fella niður 30. gr. Ég vildi gjarnan fá þennan skilning staðfestan.

Aðrar brtt., sem eru á þskj. 649, gefa mér ekki tilefni til að segja fleira en ég hef þegar sagt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Út af því, hvernig hv. síðasti ræðumaður byrjaði mál sitt, vil ég taka fram, að eftir því sem þingnefndir

starfa og hafa aðstöðu til að starfa, þá hygg ég, að menntmn. Nd. hafi lagt mikla vinnu í þetta frv. Hún hefur haldið um það marga fundi, oft með mjög fjörugum umræðum og jafnvel deilum um ýmis atriði, a. m. k. tvo langa fundi, þar sem menntmrh. var viðstaddur, og ég hygg, að a. m. k. rektor háskólans hafi fengið tækifæri til að fylgjast með nokkrum helztu hugmyndum, sem þar komu fram, svo að ekki sé ástæða til að gagnrýna þær till., sem fram koma á þeim grundvelli. Annars hygg ég, að hv. frsm. n. muni ræða ýmis þau atriði, sem 1. þm. Skagf. (ÓJ) óskaði frekari skýringa á. Mun ég ekki hætta á að tvítaka það og ekki ræða það frekar.

Ég er sammála flestu eða öllu því, sem frsm. n. sagði almennt og taldi vera frá eigin brjósti um verkefni og framtíð háskólans og þann anda, sem á að ríkja hér á Alþ. gagnvart skólanum og þróun hans. Það er tvímælalaust ein af höfuðskyldum okkar að styrkja og efla norrænudeildina, íslenzku fræðin, verulega frá því, sem nú er. Ég vil leggja meiri áherzlu en hv. frsm. gerði á það, að þróun nútímaþjóðfélags, hér eins og annars staðar, gengur ört í þá átt, að við munum, jafnframt því sem við eflum deildir eins og norrænudeildina, þau húmanistísku fræði, þurfa mjög á auknum fjölda verkfræðinga og tekniskt lærðra manna að halda, og við verðum engu síður að leggja áherzlu á að fullkomna hið tæknilega nám, sem hægt er að stunda við háskólann.

Eitt atriði vil ég nefna hér, sem ég hreyfði lauslega í n., en fékk þó ekki hljómgrunn að þessu sinni, þó að undirtektir manna væru vinsamlegar, en það er þörfin á því, að ungir Íslendingar séu beinlínis styrktir meira en gert hefur verið til þess að stunda nám við Háskóla Íslands. Mér er ekki fyllilega kunnugt um það, hvort stúdentar hafa á undanförnum árum óskað eftir þróun í þá átt, að þeim verði veitt lán eða að meira yrði um styrki. Mér virðist, að þetta mál horfi nú þannig við, að það sé orðið mjög nauðsynlegt að gefa því gaum. Mér er sagt, að fyrir unga stúdenta utan af landi geti það oft verið ódýrara að fara til Þýzkalands eða til Danmerkur til þess að stunda háskólanám heldur en til Háskóla Íslands í Reykjavík. Þó að það sé gott, að margir af okkar menntamönnum stundi nám sitt erlendis og þeir megi nema sem víðast, þá held ég, að þetta atriði sé svo alvarlegt, að það verði að hyggja nánar að því. Ég vil beina þessu til hæstv. menntmrh., í þeirri von, að hann, þegar tóm gefst, íhugi þetta mál og athugi, hvort hægt er að jafna það misræmi, sem þarna er orðið á milli þeirra, sem styrktir eru með milljónum króna á ári til náms erlendis, sem er sjálfsagt og ágætt, og svo hinna, sem heima eru.

Eins og fram kom hjá frsm., hefur menntmn. orðið sammála um allar þær till., sem eru prentaðar á þskj. 649, nema eina. Það er 10. till., um það, að 23. gr. frv. falli niður. 23. gr. hljóðar svo og er aðeins ein setning: „Ákvæði um eftirlit með námsástundum háskólastúdenta má setja í reglugerð háskólans.“ Um þetta urðu töluvert miklar umræður og deilur í n., og má segja, að annars vegar hafi ríkt sjónarmið hins gamla og hefðbundna akademíska frelsis, sem svo er kallað, en hins vegar það sjónarmið, að eins og tímar hafi breytzt, nám hafi breytzt og allar lífsaðstæður hafi breytzt, þá væri óhjákvæmilegt, sjálfsagt og hollt fyrir alla aðila, að þetta „frelsi“ breyttist nokkuð líka.

Ég er þeirrar skoðunar, að hugmyndin um akademískt frelsi, sem er mjög sterk í hugum stúdenta, sé orðin úrelt og að þessi hugmynd hafi nú orðið skaðleg áhrif, hún hafi þau áhrif á ungmennin, sem útskrifast úr menntaskólunum, að þau beinlínis telji það sjálfsagðan hlut að taka náminu með mikilli ró fyrsta ár háskólans. Ég er þeirrar skoðunar, að margir stúdentar tapi algerlega að óþörfu námstíma á þessu. Ég er líka þeirrar skoðunar, að það eigi að skipuleggja sem allra mest af námi háskólans þannig, að hægt sé að hafa nokkurt eftirlit með námsástundun háskólastúdenta. Ég vil taka það fram, að sú lýsing, sem frsm. gaf hér á því, að það ætti að hefta alla stúdenta í aga, sem jafnaðist á við menntaskólana, er að minni hyggju hreinar ýkjur. Ég tel, að það sé bæði stúdentum og háskólanum til hags, að það sé gengið nokkuð í þessa átt, en jafnframt að það eigi að framkvæma og sé vandalaust að framkvæma eftirlit, eins og gert er víðast hvar í veröldinni, þannig að þeir nemendur, sem stunda vel sitt nám og gengur námið vel, finni á engan hátt fyrir því. Hins vegar getur þetta orðið nokkurt aðhald fyrir þá, sem tilhneigingu hafa til þess að dýrka hið akademíska frelsi um of.

Ég tel, eins og síðasti ræðumaður, að yfirgnæfandi meiri hluti stúdenta muni skilja þetta og skilja nauðsyn þess, að slíkt ákvæði sem 23. gr. sé í lögum. Ég tel því, að það sé tvímælalaust, að háskólinn eigi að hafa, og mér skilst, að prófessorar telji sig þurfa að hafa laga- eða reglugerðarheimild til þess að halda uppi nokkurri viðleitni til eftirlits með námsástundun. Mér finnst öll rök, sem fram hafa komið, benda í þá átt, að háskólakennurum sé fyllilega treystandi til þess að framkvæma þetta á þann hátt, að ekki verði gengið út í þær öfgar, sem eru andstæðastar hinu gamla frelsi. Verð ég að segja, að ég fylgi hvorugum öfgunum í þessu efni, heldur skynsamlegu meðalhófi.

Þetta vildi ég láta fram koma af hálfu okkar, sem ekki styðjum 10. brtt. og viljum ekki, að 23. gr. frv. verði felld niður.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs fyrst og fremst til þess að leggja áherzlu á óskir háskólastúdenta í sambandi við þetta frv. til nýrra háskólalaga, sem hér liggur fyrir.

Óskir stúdenta í þessum efnum varða fyrst og fremst tvö atriði: annars vegar aðild stúdenta að stjórn háskólans og hins vegar vernd hins akademíska frelsis, sem hv. síðasta ræðumanni virtist standa talsverður stuggur af.

Að því er fyrra atriðið varðar er þess að geta, að annað aðalhlutverk háskólans er að veita stúdentum fullkomna fræðslu, og þessir stúdentar, sem stunda nám við Háskóla Íslands, eru nú um 800. Mestur hluti þeirra hefur náð lögræðisaldri, eru yfir 21 árs gamlir, og er að því

leyti ólíkt farið íslenzkum stúdentum og stúdentum í háskólum margra annarra landa, sem útskrifast mun yngri, allt frá því þeir eru 17 ára gamlir.

Ákvæði um þátttöku stúdenta í stjórn háskóla hefur nú nýlega verið sett í norsk lög að því er varðar háskólann í Osló. Fyrirkomulagið þar er þannig, að stúdentar eiga fastan fulltrúa í háskólaráði, en undanskildir aðild stúdenta eru tilteknir málaflokkar. Sú brtt., sem menntmn. þessarar hv. d. hefur lagt fram um þetta efni, gengur ekki alveg svona langt, þar eð hún gerir ráð fyrir, að stúdentar eigi aðild að háskólaráði, þegar til umræðu eru mál, sem varða stúdenta háskólans almennt.

Það hefur komið fram í ræðum þeirra, sem hér hafa talað, að á því leiki nokkur vafi, hvaða mál eiga að heyra þarna undir. Hins vegar er ákvæði n. þannig orðað, að túlka má það á þann hátt, sem Oslóar-menn gera. En persónulega fyndist mér skýrara og full ástæða til að haga þessu heldur á þann veginn, að almenna reglan væri sú, að stúdentar ættu fastan fulltrúa í háskólaráði og málaflokkar, sem þeir skyldu ekki eiga aðild að eða taka þátt í úrlausn um, væru sérstaklega undanskildir með reglugerð. Bæði er það, að mál háskólans almennt hljóta að varða stúdenta líka, þótt þau varði ekki stúdenta háskólans almennt sérstaklega, og þar eð stúdentar háskólans eru mun yngri en kennarar háskólans, ætti það alls ekki að vera til baga fyrir kennara háskólans að fá sjónarmið eins stúdents fram um þessi mál, þar eð sjónarmið hinna yngri manna eru um mörg af þessum málum nokkuð önnur en hinna eldri.

Hv. 1. þm. Skagf. (ÓJ), sem er prófessor við lagadeild háskólans, sagði nokkur orð um brtt. n. um þetta efni. Hann spurði, hvernig skilja bæri, að mál snerti stúdenta háskólans almennt, hvort mál, sem snerti stúdenta einnar deildar, teldust snerta stúdenta háskólans almennt; einnig hvort mál eins og það, hvort heimilt væri að halda dansleik í anddyri háskólans á gamlárskvöld, teldust snerta stúdenta almennt eða hvort stúdent skyldi eiga hlut að úrlausn þess máls. — Ég tel alveg tvímælalaust, að stúdentar ættu að eiga aðild að úrlausn slíkra mála. Mér dettur í hug í þessu sambandi eitt mál, sem mjög var á döfinni fyrir nokkrum árum í háskólanum, en það var, þegar sett var ákvæði í reglugerð háskólans um íþróttaskyldu stúdenta. Einn hv. nm. í menntmn. minntist einhvern tíma lauslega — að mig minnir — á það, að það væri alls ófært, að stúdent ætti að fara að skipta sér af því, hvort lögð yrði íþróttaskylda á háskólastúdenta eða ekki. Það eru einmitt þess konar mál, sem er full ástæða að stúdentar hafi heimild til að fjalla um, og mjög til skaða, ef þeirra álits gætir ekkert um slík mál. Það eru fyrst og fremst mál, sem varða beinlínis vísindaleg efni og jafnvel persónuleg mál hinna ýmsu háskólakennara, ýmislegt varðandi prófverkefni, einkunnir og þess háttar, sem eðlilegt er og sjálfsagt að stúdentar komi ekki nálægt. Þetta viðurkenna háskólastúdentar, og þess vegna væri það sennilega öllu betra, að norska reglan í þessu efni væri látin gilda, þ. e. a. s. að brtt. n. um þetta efni væri túlkuð á þann veg, að almenna reglan væri sú, að stúdent ætti sæti í háskólaráði.

Sama er að segja um aðild stúdenta að stjórn deilda. Þar er ráðið til lykta eða rætt um mál, sem yfirleitt eru enn nær stúdentum en þau, sem rædd eru í háskólaráði, og það væri vissulega mjög til góðs, ef nemendur deildarinnar ættu kost á að koma sjónarmiðum sínum þar á framfæri.

Ég hef orðið þess vör, að nokkur ótti hefur komið fram við það, að þarna mundu hin ólíku pólitísku sjónarmið háskólastúdenta verða mjög hættuleg. En sannleikurinn er sá um pólitíkina í háskólanum, að raunverulega kemur hún alls ekki til greina um hagsmunamál stúdentanna sjálfra, þar standa þeir yfirleitt sem einn maður, hvaða pólitísku skoðun sem þeir hafa.

Ég mun svo láta þessi orð nægja um aðild stúdenta að stjórn háskólans, en víkja nokkuð að hinu atriðinu: vernd hins akademíska frelsis. Þá held ég væri ekki úr vegi að gera sér grein fyrir, hvað felst í hugtakinu akademískt frelsi. Það mun í fyrsta lagi vera, að háskólakennara er í sjálfsvald sett, hvaða rannsóknum hann sinnir, hvaða kenningar hann lætur koma fram í kennslu sinni og hvaða skoðunum hann gerir grein fyrir, og það eru engin yfirvöld bær um að fyrirskipa háskólakennurum neitt um þetta. Að því er stúdenta varðar, þá er þeim heimilt að notfæra sér kennslu háskólans eftir vild, og þeim er að öllu leyti í sjálfsvald sett, á hvaða hátt þeir notfæra sér hana. Þetta eru meginatriðin, sem felast í hugtakinu akademískt frelsi.

Það hefur komið hér fram, að hið akademíska frelsi skapi hjá mörgum stúdentum hneigð til að slá algerlega slöku við nám sitt og verða — að því er mér skilst helzt — óhæfilega dýr baggi á þjóðfélaginu, sem kostar kennsluna við háskólann. Ég vildi benda á, að laun prófessoranna eru nákvæmlega jafnhá, hvort sem 3 stúdentar hlusta á fyrirlestur hjá þeim eða 30. Þess vegna kemur það að þessu leyti á sama hátt út fjárhagslega fyrir þjóðfélagið, hvort stúdentar sækja tíma sína eða ekki. Það, sem máli skiptir, er, að þeir stúdentar, sem hafa hæfileika og dug til þess að ljúka háskólanámi, fái að gera það óhindraðir af reglum ríkisvaldsins.

Stúdentar, sem stunda nám við Háskóla Íslands, þar sem enn þá ríkir akademískt frelsi, fá tækifæri til að þroska sína einstaklingslegu, persónulegu hæfileika, ala upp með sér sjálfsaga, og þeir venjast á að taka ábyrgð á sínum eigin gerðum. Það má segja, að þegar stúdent hefur náð tvítugsaldri, sé sannarlega tími til kominn að reyna það, hvort hann er maður til að rísa undir sínu eigin persónufrelsi. Skólakerfi okkar er í svo föstum skorðum að segja má, að námsmenn njóti ekki frelsis við nám sitt, fyrr en þeir koma í Háskóla Íslands, og oft er það svo, að þeir, sem hafa vel dugað í menntaskólum eða skyldunámsskólunum, heltast úr lestinni í háskólanum, því að þeir hafa ekki viljastyrk til þess að rækja nám sitt vel, þegar þeir stjórna gerðum sínum að öllu leyti sjálfir. Hins vegar er það oft, að margir þeir, sem hafa verið linir við námið í almennu skólunum, leggja hart að

sér í háskóla, þegar nær alvöru lífsins dregur, og verða þar oft með beztu mönnum.

Þá er á það að líta, að högum fjölda stúdenta hér á landi er svo háttað, að þeim er fjárhagslega nauðsynlegt að geta stundað vinnu jafnframt námi sínu, og dugir þar ekki sumaratvinna ein. Hér er ekki aðeins um að ræða einhleypa stúdenta, sem þurfa að standa straum af uppihaldi sínu yfir vetrartímann, heldur hefur á síðari árum þróunin gengið æ meira í þá átt, að fjöldi háskólastúdenta er fjölskyldumenn. Af skiljanlegum ástæðum þurfa þeir meira fé til lífsins og leggja þá jafnframt meira að sér við nám sitt, en jafnframt er dregið úr þeim skilyrðum, sem þeir hafa til að sækja tíma við Háskóla Íslands. Þeim þarf að vera í sjálfsvald sett, hvort þeir sækja tíma um tiltekið skeið og sleppa því á öðru tímabili. Ef þessum mönnum væri ekki kleift að ljúka háskólanámi á þann hátt, sem nú er með akademísku frelsi, væru þeir annaðhvort útilokaðir frá háskólanámi eða þá að þeir yrðu að steypa sér í stórskuldir til þess að ljúka því, og þykir mér ólíklegt, að margir fjölskyldumenn mundu binda sér þann skuldabagga í upphafi búskapar.

Það hefur verið gerð athugun á því, a. m. k. varðandi eina deild háskólans, lagadeild, hve stór hluti af stúdentunum er giftur, og það kom í ljós, að hin síðari ár hafa um 30% íslenzkra lagastúdenta verið giftir. Það liggur í augum uppi, að það væri þjóðfélaginu ekki til góðs, að fjöldanum af þessum mönnum væri fyrirmunað að ljúka háskólanámi. Það yrði, ef hið akademíska frelsi yrði skert til muna. Sama er að segja um þá menn, sem falla fyrir freistingum hins akademíska frelsis, leggjast jafnvel í óreglu, — þeir taka sig oft á síðar og verða mjög dugandi og nýtir menn. — Það væri sannarlega þjóðfélaginu til lítils góðs, ef þeim væri meinað að halda áfram námi og ljúka háskólaprófi. Enn fremur væri vafasamt gagn að því að knýja það fólk í gegn, sem ekki hefur dug og skynsemi til að fara með frelsi við eigin vinnu.

Hið akademíska frelsi er það fyrirkomulag, sem kynslóð flestra þeirra hv. þm., sem hér eru inni, hefur átt við að búa, og ég á erfitt með að trúa því, að hv. þdm. telji árangur menntunar þeirrar kynslóðar slíkan, að sporna beri við því, að haldið sé áfram á sömu braut. Einhverjum kann nú að þykja þetta nokkuð mörg orð og djúpt í árinni tekið um þær greinar, sem líta svo meinleysislega út eins og t. d. 23. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir. En hún er alls óþörf, ef beita á henni aðeins á þann hátt, sem hv. 1. þm. Skagf. gat hér um, því að í 26. gr. frv. er ákvæði um, að stúdent skuli falla út af stúdentatali skólans, hafi hann ekki sótt tíma um tiltekið skeið, og þá hlýtur það að leiða af sjálfu sér, að hið upptekna fyrirkomulag — að láta miða ganga um kennslustofurnar og láta stúdentana skrá sig þar á — hlýtur að halda sér, til þess að unnt sé að sjá á einhvern hátt, hvort stúdent hefur einhvern tíma sýnt sig í háskólanum á því tímabili, sem 26. gr. ræðir um. Hins vegar er stúdent að öllu leyti í sjálfsvald sett, hvort hann skrifar nafn sitt á slíkan miða. Það er ekki hægt að skylda hann til þess, ef hann er því mótfallinn. Sömuleiðis er ekki heldur hægt að skylda kennara til að láta slíkan miða ganga. En ég held, að þetta ákvæði sé algerlega hættulaust. En hins vegar getur verið hægt að beita 23. gr. á þann hátt, að hún skerði hið akademíska frelsi, og ég vil eindregið biðja hv. þdm. að skoða hug sinn gaumgæfilega, áður en þeir ákveða, hvort rétt sé að lögfesta ákvæði, sem getur haft í för með sér skerðingu á hinu akademíska frelsi og þar með orðið spor í áttina til kínverskra fræðsluhátta, sem hv. síðasti ræðumaður ræddi um.

Frsm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Skagf. beindi nokkrum spurningum til mín sem frsm. n. út af nokkrum atriðum í okkar brtt.

Það var þá í fyrsta lagi viðvíkjandi 1. gr. um, hvort viðbótin: til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum, væri ekki óþörf. Háskólinn getur verið vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun þannig, að það eigi fyrst og fremst við hans háskólakennara. En ef það er undirstrikað fyrst og fremst, að þeir eigi svo að segja einvörðungu að veita nemendum sínum menntun með það fyrir augum, að þeir gegni ýmsum embættum og störfum í þjóðfélaginu, en ekkert sé tekið fram um þetta, sem við tökum þarna fram, þá mundi það að okkar áliti ýta undir að gera háskólann einhæfari en ella ætti að verða.

Ég held, að það sé nauðsynlegt, bæði vegna stúdentanna og prófessoranna, að taka það fram, *að þeir þurfi að muna eftir því, stúdentarnir*, að þeir eigi að búa sig undir að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum í þjóðfélaginu, og prófessorarnir og háskólakennararnir þurfi líka að muna það, að þeir eigi að búa þá undir að vera sjálfstæðir menn í þessu og sinna þessu sjálfstætt. Ég held, að það sé nauðsynlegt, og ég held, að það sé aðeins gott fyrir háskólann, að það sé tekið fram. Það kom einmitt út frá þessu, sem ég minntist á í upphafi. Háskólinn varð til sem embættismannaskóli. Hann þarf að verða meira og meira vísindastofnun. Á því þarf þjóðfélagið að halda. Og hann þarf meira og meira að geta gert að því að útskrifa menn, sem eru færir um að sinna vísindalegum störfum, og ég held, að það sé nauðsynlegt að undirstrika það. Ég skal viðurkenna hitt um leið, að þjóðfélagið þarf um leið að hugsa til þess, að það geri þeim mönnum, sem sérstaklega hafa verið gerðir færir um það í háskólanum að sinna vísindalegum verkefnum, mögulegt að leggja stund á þau í þjóðfélaginu.

Þá spurði hv. 1. þm. Skagf., hvort það væri ekki skakkt að vera að strika burt: vanhæfur. Ég verð að segja það, að ég hef litið svo á, ef deildarforseti, sem kemur á fund, væri vanhæfur til að taka þátt í úrlausn máls, þannig að það varðaði t. d. hann sjálfan eða annað slíkt, að hver deildarforseti í deild í háskóla hafi þann sjálfsaga, að hann taki ekki þátt í slíku. Væri það nauðsynlegt, þá mætti náttúrlega taka slíkt fram í reglugerð, en óviðkunnanlegt finnst mér að þurfa að taka slíkt fram í lögum. Þess vegna *vildum* við fella það burt.

Þá spurði hv. 1. þm. Skagf., hvað það væri,

sem varðaði stúdenta almennt. Um þessa hluti höfum við reynt að taka nokkuð fram í okkar nál., hvað við álitum að varðaði þá ekki, og það þrengir þetta nokkuð. Hitt verður auðvitað að vera reglugerðaratriði, sem smám saman skapast hefð um, og þess vegna þægilegra að breyta slíku í reglugerð, og svo vel treysti ég bæði háskólaráði og hæstv. menntmrh., að hægt sé að finna út, hvað réttast sé í slíkum efnum.

Hv. 1. þm. Skagf. spurði, hvort t. d. stúdentar ættu að mega taka þátt í að ákveða, hvort það skyldi vera dansleikur í háskólanum á gamlárskvöld eða slíkt. Það eru 30 prófessorar við háskólann, og það er einn stúdent, sem með þessu móti fengi þátt í að taka ákvarðanir um svona hlut. Er nokkur hætta með það, sem stúdentar, ja, við skulum segja í yfirdrifnu stúdentafrelsi gjarnan vildu gera, að einn stúdent mundi afvegaleiða meiri hluta prófessoranna, þó að hann ætti þarna atkvæðisrétt? Ég held, að við þurfum ekkert að óttast það, og ég held við ættum að gefa þeim eina stúdent frekar oftar atkvæði heldur en hitt.

Þá spurði hv. 1. þm. Skagf., hver okkar meining væri viðvíkjandi atvinnudeildinni. Eins og háskólalögin eru núna, er atvinnudeildin ein af 6 deildunum við háskólann. Það er orðað þannig, ef ég man rétt. Hún er beinlínis til viðbótar við heimspekideild og verkfræðideild. Eftir okkar orðalagi bættum við því inn í, að hún sé við háskólann sem rannsóknarstofnun. Hún er ekki lengur ein deild í honum. Hins vegar heitir hún í þeim sérstöku lögum, sem um atvinnudeildina eru, atvinnudeild, og það er lögð þar áherzla á, að hún starfi við háskólann. Ég held þetta sé alveg hárrétt af nefndinni að hafa samræmi á milli þessara háskólalaga og þeirra laga, sem nú gilda um atvinnudeildina, og við setjum þetta í samræmi með því að bæta því þarna inn í, að atvinnudeildin starfi við háskólann, en við setjum það hins vegar ekki eins og hefur verið í háskólalögunum, að hún sé ein af 6 deildum háskólans. Hvernig samstarfið eigi að vera þarna á milli í framtíðinni, það er vandamál, sem enn er ekki leyst, hvorki leyst með þessari till. okkar né heldur leyst almennt og var ekki leyst með l. um atvinnudeildina. Þetta samband er raunverulega ákaflega laust, er formlegt og lagalegt, og ég held, að það komi til með að verða í þá áttina í framtíðinni líka. Og ég held, að það geri ekkert til, þó að það sé skoðað sem starfandi við háskólann. Það gefur slíkri rannsóknarstofnun æðri svip, að hún sé kennd við háskólann. Það skapar tengsl á milli háskólans sem vísindastofnunar og atvinnuveganna í þjóðfélaginu og er heppilegt að þessu leyti. Það mundi þýða, að þeir menn, sem þarna störfuðu, væru vísindalega séð nátengdari háskólanum sem fræðimenn og vísindamenn, þegar þetta væri enn þá í háskólalögunum, jafnvel þó að það heyrði undir annan ráðh. Hins vegar virtist okkur, að með því að taka þetta alveg út úr háskólalögunum væri verið að stefna að því að slíta þessi tengsl, án þess þó að slíta þau með því að breyta sjálfum lögunum um atvinnudeild háskólans. Við álitum rétt að vera ekki með þessum lögum að stíga spor í þá átt að slíta þessi tengsl, heldur að láta þau haldast jafnóformleg og þau eru núna og láta það bíða síns tíma að finna svo lausnina á því.

Þá spurði hv. 1. þm. Skagf. út af 12. gr., hvort við hefðum alveg athugað, hvað við værum að gera viðvíkjandi því, þegar menntmrh. þætti svo sérstaklega standa á, að hann byði vísindamanni að taka við kennaraembætti við skólann, og þarna væri, eins og lögin væru núna, áskilið, að það væri einróma till. viðkomandi háskóladeildar. Ég held, að hv. menntmn. hafi gert sér alveg ljóst, hvað hún var að gera þarna, og það er í samræmi við fleiri till., sem hún hefur gert, — till., sem ganga í þá átt að láta ekki vera neitunarvald hjá einstökum prófessorum við háskólann í þessu efni.

Ég vil í fyrsta lagi taka það fram viðvíkjandi þessari 12. gr., að ég álít, að þetta: þegar sérstaklega stendur á, undirstriki það greinilega, að svona hlutir séu aðeins gerðir, þegar menntmrh. vegna sérstakrar „kvalifikasjónar“ viðkomandi vísindamanns finnst alveg nauðsynlegt að geta gripið til svona aðferða. Ég álít, að þetta sé undantekningartilfelli, þegar um alveg sérstaklega valinkunna vísindamenn er að ræða. Væri rétt undir slíkum kringumstæðum að gefa hverjum einasta prófessor í viðkomandi deild neitunarvald í þessum efnum? Við skulum taka dæmi. Við skulum taka guðfræðideildina, og við skulum segja, að það væri vísindamaður í guðfræði eða trúarbragðafræðum, sem þeim, sem þá væri menntmrh., þætti svo sjálfsagður maður og svo nauðsynlegur að fá að háskólanum vegna hans vísindamennsku í slíku, að hann vildi bjóða honum slíkt embætti, og fengi í sambandi við það meiri hluta í viðkomandi háskóladeild og meiri hluta í háskólaráði, og þá ætti einn maður í háskóladeild — einn prófessor — að geta sagt nei. Ég held, að það væri ekki heppilegt. Það getur oft verið í sambandi við vísindamenn, að það sé umdeilt og umdeildar þær skoðanir, sem þeir halda fram. Ég skal leyfa mér að taka sem dæmi einn frægasta prófessor, sem verið hefur hér í guðfræði, Harald Níelsson. Vel hefði það getað verið svo, að ekki hefði fengizt samkomulag í guðfræðideild á sínum tíma einróma um t. d. að bjóða honum svona embætti, ef það hefði viljað þannig til, að hann hefði orðið að komast að á þann hátt. Ég álít, að það eigi ekki að leggja það neitunarvald í hendur eins einasta prófessors, að hann geti hindrað slíkt. Ég álít, að þetta ákvæði sé sett þarna inn í einmitt til þess, að það sé hægt að tryggja í slíku tilfelli meira frelsi, meira víðsýni við háskólann; það eigi ekki að þrengja þetta þannig, að einn einasti prófessor, sem væri þarna á annarri skoðun en viðkomandi vísindamaður, gæti neitað. Og ég álít það ekki rétt af okkur að vera að fara þarna inn á yfirleitt að gefa slíkt neitunarvald. Ég vil þess vegna fyrir mitt leyti, af því að hv. 1. þm. Skagf. var að skora á þm. að fella þetta, skora á menn að samþykkja þetta. Ég álít, að það eigi að vera alveg nægileg trygging, ef meiri hluti háskólaráðs og meiri hluti háskóladeildar og menntmrh. álíta einn vísindamann svo ótvíræðan, að það eigi að veita honum embætti á þennan hátt. Og ég vil taka fram, og það vona ég að við séum öll sammála um, að það sé aðeins í sérstökum

undantekningartilfellum, sem yfirleitt svona hlutur geti komið fyrir, því að almennt á auðvitað 11. gr. að gilda um þetta í öllum þeim almennu tilfellum.

Þá spurði hv. 1. þm. Skagf. út af 23. gr. viðvíkjandi eftirlitinu. Mér skilst, að þetta eftirlit, sem nú hefur verið framkvæmt við háskólann, að láta miða ganga, hafi verið framkvæmt án heimildar í lögum, og mér skilst ekki, að prófessorar háskólans og sízt af öllu prófessorarnir í lögfræði hafi litið svo á, að þeir brytu nokkur lög með slíku, þannig að slíkt eftirlit, sem þeir hafa þannig haft í frammi, mundi náttúrlega alveg jafnt ganga, hvort sem nokkuð stendur í lögum um það eða ekki. Þess vegna held ég, að það sé ekki verið að raska neinni hefð, sem kann að hafa skapazt við háskólann í þeim efnum, með því að samþykkja okkar brtt. og fella 23. gr. niður, en það sé verið að koma í veg fyrir, að það sé verið að stíga þarna stærri spor. Jafnvel þótt það sé kannske ekki tilgangur þeirra, sem nú hafa ráðuneyti með höndum eða eru í háskólaráði, þá gætu aðrir litið svo á. Og það, sem hefur verið a. m. k. mitt álit um 23. gr., þegar hún var sett inn, var, að meiningin væri að styrkja og gera öflugra og meira slíkt eftirlit, og á móti því vorum við, sem leggjum til að þessi 23. gr. sé felld. Ég held þess vegna, að það, sem prófessorar háskólans hafa álitið, að lög heimiluðu þeim fram að þessu, geti þeir gert áfram, en það sé ekki rétt af Alþ. að ýta undir það, að þarna sé komið á skarpara eftirliti, meira í menntaskólaátt, og þess vegna beri Alþ. að fella 23. gr.

Þá spurði hv. 1. þm. Skagf. um 26. gr., hvernig ætti að vita, hvort háskólastúdent væri í skólanum. Á 4 kennslumissirum, sem sé á 2 árum, verður hann að tilkynna dvöl sína. Það er ótvírætt. Það er líka það minnsta, sem hægt er að ætlast til af honum á þessum tíma. Og það kemur alveg greinilega fram eftir okkar till. Hann þarf að tilkynna hana, og þar með veit maður, hvort hann er í skólanum eða ekki.

Þá var það viðvíkjandi prófunum. Það er alveg rétt, sem hv. 1. þm. Skagf. segir, að með heimildum til reglugerðar er lagt mjög mikið vald í hendur menntmrh. Það er alltaf svo með reglugerð, og eins og ég lagði áherzlu á í framsögunni og við greindum í nál., er það fyrst og fremst tilhneigingin, sem fólst í 30. gr., sem við vildum koma í veg fyrir. Og það hefur hv. 1. þm. Skagf. skilið alveg rétt, að við vildum reyna að sjá um með það, sem annars yrði sett í reglugerðir, og maður treystir yfirleitt háskólaráði og menntmrh. að sjá um þá hluti, þá sé stúdent ekki sviptur þeim rétti að geta gengið undir próf oft. Hins vegar þurfi náttúrlega að ákveða í reglugerðum, með hvaða hætti þau próf skuli vera, þannig að það er fyrst og fremst það að fella niður 30. gr., sem þar vakir fyrir n.

Að öðru leyti held ég, að það hafi ekkert komið fram, sem gefur tilefni til að segja fleira um þetta mál.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Út af ummælum hv. frsm. vil ég segja það, að ég er ekkert hræddur við þátttöku stúdenta í háskólaráði. Hins vegar er rétt að geta þess, að það eru ekki 30 prófessorar í háskólaráði. En ég hef skilið nm. svo, að það sé meining þeirra, að það sé á valdi reglugerðargjafans að kveða á um það, hvernig aðild stúdenta að háskólaráðsfundum sé hagað. Ég hef síður en svo nokkuð við það að athuga, að þetta sé þá samþ. þannig, með þeim skilningi.

Í öðru lagi hef ég skilið hv. nm., sem hafa talað, þannig, að jafnvel þótt svo færi, að 23. gr. frv. yrði felld niður, héldist eftir sem áður réttur kennara til þess að fylgjast með tímasókn nemenda með sama hætti og átt hefur sér stað að undanförnu. Það er svo að sjálfsögðu alger misskilningur hjá hv. 8. þm. Reykv., að það sé meiningin að afnema hið akademíska frelsi með 23. gr. þessa frv. Það er jafnvel svo að mínu viti, að 23. gr. mundi alls ekki, þótt samþ. væri, heimila að taka upp tímasóknarskyldu, — alls ekki. Hún heimilar aðeins það, að eftirlit sé haft með námsástundun nemenda og um það séu sett ákvæði í reglugerð.

Ég skal svo ekki tefja umr. frekar, en leyfi mér að bera fram gagnstæða áskorun við það, sem hv. 8. þm. Reykv. bar fram, og leyfi mér að mælast til þess, að hv. þdm. felli þessa 10. brtt. menntmn. eða meiri hl. menntmn.

ATKVGR.

Brtt. 649,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 649,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 649,3 samþ. með 23:1 atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj atkv.
Brtt. 649,4 samþ. með 21 shlj. atkv.
5. gr., svo berytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 649,5 samþ. með 20 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj atkv.
10.—11. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 649,6 samþ. með 12:6 atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 649,7 samþ. með 22:1 atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 649,8 samþ. með 20 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj atkv.
16. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
17.—20. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 649,9 samþ. með 24 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
22. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 649,10 felld með 14:12 atkv.
23. gr. samþ. með 17:4 atkv.
Brtt. 649,11 samþ. með 19 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 649,12 samþ. með 22 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 649,13 samþ. með 25 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 649,14 (ný 27. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
— 649,15—17 (28.—30. gr. falli burt) samþ. með 24 shlj. atkv.
31. gr. (verður 28. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 649,18 samþ. með 22 shlj. atkv.
32. gr. (verður 29. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

33. gr. (verður 30. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
34. gr. (verður 31. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 649,19 samþ. með 18 shlj. atkv.
35. gr. (verður 32. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
36. gr. (verður 33. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 649,20 (ný 37. gr., verður 34. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
38. gr. (verður 35. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 649,21 samþ. með 21 shlj. atkv.
39. gr. (verður 36. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
40. gr. (verður 37. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 649,22 samþ. með 20 shlj. atkv.
41. gr. (verður 38. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
42. gr. (verður 39. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 649,23 samþ. með 21 shlj. atkv.
43. gr. (verður 40. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
44.—47. gr. (verða 41.—44. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 649,24 (nýtt brbákv.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 113. fundi í Nd., 29. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 682).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18. shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 115. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mál þetta er komið aftur til hv. d. frá hv. Nd. — Nd. gerði nokkrar breytingar á frv. eins og þessi d. afgreiddi það. Þær breytingar voru allar gerðar samkvæmt samhljóða till hv. menntmn. Nd. nema ein. Menntmn. Nd. klofnaði um afstöðu sína til 23. gr. frv., sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Ákvæði um eftirlit um námsástundun háskólastúdenta má setja í reglugerð háskólans.“ Það var samþykkt í hv. Nd. að halda þessu ákvæði í frv. Í hv. Ed. var hins vegar ekki ágreiningur um, að þetta ákvæði skyldi vera í frv. Það eina atriði, sem ágreiningi olli í menntmn. Nd. og í Nd., var þess vegna afgreitt ágreiningslaust í þessari hv. d., og vona ég því, að þetta frv. hljóti einróma afgreiðslu hér í þessari hv. deild.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 705).

---

48. Félagsheimili.

Á 34. fundi í Sþ., 18. febr., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili [116. mál] (stjfrv., A. 257).

Á 60. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 61. fundi í Ed., 22. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Efni þessa frv. er einfalt og þarf ekki margbrotinna skýringa við. Í frv. felst það, að bætt skuli tveim félagategundum við þau félög, sem samkv. núgildandi lögum er heimilt að styðja til byggingar félagsheimila, en hin nýju félög eru verkalýðsfélög og búnaðarfélög. Ríkisstjórninni hefur þótt eðlilegt, að þessi félög njóti sama réttar og þau félög önnur, sem talin eru í lögunum, þar sem þessi félög eru fræðslu- og menningarsambönd þeirra, sem þau mynda, auk þess sem þau eru hagsmunafélög.

Frv. samhljóða þessu að mestu hefur verið flutt tvívegis á Alþingi af hv. 4. þm. Reykv., sem nú er, Eggert Þorsteinssyni, en frv. náðu ekki fram að ganga. Innan ríkisstj. hefur hins vegar nú orðið samkomulag um, að mál þetta skuli flutt sem stjórnarfrv. Vona ég, að hið háa Alþingi og þá fyrst þessi hv. deild taki málinu með vinsemd og hraði sem mest framgangi þess á þessu þingi.

Í sambandi við þetta frv. vildi ég jafnframt nota tækifærið til þess að gera nokkra almenna grein fyrir hag félagsheimilasjóðs og skilyrðum hans til þess að sinna sínu mjög merka hlutverki að öllum kringumstæðum óbreyttum. Svo sem kunnugt er, er það kjarni gildandi laga um félagsheimili, að félagsheimilasjóði er heimilt að styrkja byggingu félagsheimila á þann hátt að leggja fram allt að 40% af stofnkostnaði félagsheimilanna. Þau félög, sem nú geta notið slíks styrks, eru ungmennafélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, er standa almenningi opin án tillits til stjórnmálaskoðana. Í þessa upptalningu er nú gert ráð fyrir að bætt verði verkalýðsfélögum og búnaðarfélögum.

Gildandi lög um félagsheimili voru sett 22. maí 1947, en öðluðust gildi 1. jan. næsta árs, 1948. Heimilt var samkv. lögunum að veita styrk til félagsheimila, sem hafin hafði verið smíði á eftir 1. jan. 1944.

Samhliða setningu laganna um félagsheimili var gerð breyting á lögum um skemmtanaskatt og þjóðleikhús frá 1927 til þess að tryggja fé til þeirra styrkveitinga, sem um var rætt í lögum um félagsheimili. Í þessum lögum um breytingu á skemmtanaskattslögunum frá 1947 var ákveðið, að 50% skemmtanaskattsins skyldu renna í félagsheimilasjóð, en áður hafði skemmtanaskatturinn nær allur átt að ganga til byggingar og rekstrar þjóðleikhússins.

Þessum lagaákvæðum var svo breytt aftur ári síðar, þannig að 1. jan. 1949 runnu aðeins 40% til félagsheimilasjóðsins. Enn var svo lögunum

um skiptingu skattsins breytt 1950, svo að síðan í ársbyrjun 1951 hefur félagsheimilasjóður hlotið 35% af skemmtanaskattinum, og þau lagaákvæði eru í gildi nú. Hluti félagsheimilasjóðs af skemmtanaskatti hefur frá 1948, að lagaákvæðin tóku gildi, numið frá 1 millj. til 1.6 millj. kr. Upphæðin reyndist lægst árið 1950 1 millj. 73 þús. Hún reyndist hæst árið 1955, 1.6 millj. kr. Árið 1956 er reikningsskilum ekki að fullu lokið, en í des. 1956 hafði verið veitt úr sjóðnum á því ári 1.3 millj. kr. Samtals hefur skemmtanaskattshluti félagsheimilasjóðs frá 1948 numið 11 millj. og 569 þús. kr. Þessari liðlega 11½ millj. hefur verið varið til þess að styrkja byggingu 91 húss.

Fyrir síðustu úthlutun úr sjóðnum, sem fór fram í des. s. l., hafa verið gerð full skil við aðeins 38 af þessu 91 húsi. Reikningskilum er því ekki lokið af hálfu félagsheimilasjóðs við 53 hús. Ef heimildin væri að fullu notuð og félagsheimilasjóði ætlað að greiða 40% af byggingarkostnaði þessara 53 félagsheimila, er vangreitt úr sjóðnum nú 3 millj. og 756 þús. kr., þ. e. félagsheimilasjóðurinn þyrfti að geta greitt 3 millj. og 756 þús. kr., ef hann ætti að geta styrkt byggingu allra félagsheimila, sem nú er verið að vinna að, eftir þeim reglum, sem um styrkveitingar gilda, þannig að félagsheimilin fengju 40% af byggingarkostnaðinum, eftir því hve langt verkinu hefur þegar miðað áfram. Ef tekið er tillit til þess, hver gjöld mundu hvíla á félagsheimilasjóði út frá sömu forsendum, þ. e. heimildin yrði notuð að fullu, og tekið tillit til þess, hver heildarkostnaður framkvæmdanna verður, þegar þeim er að fullu lokið, þá mun hvíla á félagsheimilasjóði 11.1 millj. kr. greiðsluskylda. Ég nota hér orðið greiðsluskylda í þeirri merkingu, að þá verði miðað við það, að 40% heimildin verði notuð. Þegar byggingu þeirra félagsheimila, sem nú eru í smíðum, verður lokið, er 40% hluti félagsheimilasjóðs af þeim byggingarframkvæmdum hvorki meira né minna en 11.1 millj. kr.

Þessi tala talar í raun og veru skýrustu máli um það, hvílík gífurleg verkefni eru fram undan á þessu sviði, ef lögin eiga að vera óbreytt, ef gera á áfram ráð fyrir því, að félagsheimilasjóður styrki framkvæmdirnar með 40% byggingarkostnaðar.

Ég geri ekki ráð fyrir því, að neinir fáist til að mæla með því, að þeirri reglu verði breytt, þannig að styrktarhlutfall félagsheimilasjóðsins verði lækkað, og þá benda þessar tölur eindregið til þess, að gera verði einhverjar ráðstafanir til þess að auka tekjustofna félagsheimilasjóðsins.

Í árslok 1955 námu vangreiddir styrkir til félagsheimila aðeins 900 þús. kr., en eru nú, eins og ég gat um áðan, 3.7 millj. kr. Fjárfesting við byggingu félagsheimila hefur farið mjög ört vaxandi á síðustu árum, og vil ég leyfa mér að nefna fjórar tölur í því sambandi, sem eru mjög athyglisverðar. Árið 1953 var varið alls til byggingar félagsheimila 3.7 millj. kr., árið 1954 4.2 millj., árið 1955 5.9 millj. og árið 1956, á s. l. ári, hvorki meira né minna en 9.4 millj. kr., og er þá fljótlegt að gera sér grein fyrir, hve hluti félagsheimilasjóðs af þessum framkvæmdum er mikill. Hann er hvorki meira né minna en tæpar 4 millj. kr., en tekjur félagsheimilasjóðsins á s. l. ári, 1956, eru undir 1½ millj., að því er næst verður komizt. Þarna er því um gífurlegt fjárhagsvandamál að ræða, og er þetta raunar hliðstætt því vandamáli, sem hv. alþm. er kunnugt í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og lýtur að opinberri fjárfestingu á nær öllum sviðum. Það eru því einkum hinar geysiöru framkvæmdir á árinu 1956, sem munu baka félagsheimilasjóði mjög mikla greiðsluskyldu á næstu árum, miðað við óbreytt lagaákvæði og að styrktarheimildin verði notuð að fullu, upp í 40%. En eins og ég gat um áðan, vantar nú þegar 3.7 millj. til þess að geta gert að fullu upp við þá aðila, sem að framkvæmdunum standa, vegna þeirra framkvæmda, sem þeir hafa lokið.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að vekja athygli hv. þd. og hins háa Alþingis yfirleitt á því vandamáli, sem hér er um að ræða. Menntmrn. hefur undanfarna mánuði gert sér þetta vandamál ljóst og hefur haft til athugunar tekjuöflunarmöguleika til þess að bæta hag félagsheimilasjóðs, og ég vona, að ekki þurfi að líða allt of langur tími, þangað til ráðuneytið getur lagt fyrir hið háa Alþingi ákveðnar till. um það efni. En ég vildi ekki láta hjá líða að gera þessa grein fyrir vandamálinu nú, þegar þetta frv. er lagt fyrir, til þess að hinu háa Alþingi væri nú þegar ljóst, að hér er vandi á ferðum, sem verður að taka á með einhverjum hætti.

Ég vil taka það skýrt fram, endurtaka það raunar, að ég tel ekki mega reyna að leysa þennan vanda á þann hátt að breyta lagaákvæðunum í þá átt, að styrktarhlutfallið verði lækkað. Það væri a. m. k. beinlínis óheiðarlegt gagnvart þeim aðilum, sem þegar hafa hafið framkvæmdir og hafið þær í trausti þess, að félagsheimilasjóður mundi fyrr eða síðar styrkja framkvæmdirnar með allt að 40% framlagi, svo að gagnvart þeim framkvæmdum, sem þegar eru hafnar, tel ég slíkt með engu móti geta komið til greina. Þá er ekki um annað að ræða en að hefjast handa eða láta sér detta einhver ráð í hug til þess að bæta hag félagsheimilasjóðsins og auka getu hans til styrkveitinga.

Að vísu er rétt að benda á það, að bein skylda hvílir ekki á félagsheimilasjóði til að styrkja framkvæmdirnar, þannig að hann getur dregið styrkveitinguna eftir því, sem fjárhagsgeta hans leyfir. Þeir, sem ráðizt hafa í þá fjárfestingu, sem hér er um að ræða, gera það algerlega á eigin ábyrgð. En þeir hafa gert það í trausti þess, að sá styrkur, sem hingað til hefur verið veittur og greiddur hefur verið án allt of mikilla tafa, verði greiddur, og það er mín skoðun, að gera verði ráðstafanir til þess, að ekki þurfi að verða óhæfilegur dráttur á því, að sá styrkur, sem von hefur verið gefin um, verði inntur af hendi. Hitt er svo annað mál, að vel kæmi til greina að setja til frambúðar inn í félagsheimilalögin skýrari reglur um það, hvenær styrkurinn kæmi til útborgunar, líkt og nú hefur verið gert varðandi skólabyggingar, til þess að reyna að hafa hemil á því, að einstakir aðilar reisi sér ekki hurðarás um öxl með of örum framkvæmdum á þessu sviði.

Þessa grg. um málefni félagsheimilanna og

félagsheimilasjóðsins vil ég láta frá mér fara til athugunar fyrir hv. alþm. í sambandi við þetta mál og jafnframt endurtaka að síðustu þau ummæli, að ég vonast eindregið til að geta, áður en mjög langt um líður, lagt fyrir Alþingi till. um bættan hag félagsheimilasjóðs, sem ætti að geta orðið til nokkurra úrbóta frá því vandræðaástandi, sem á s. l. ári hefur verið að skapast í þessum málum.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég minntist þess, að hæstv. menntmrh. skýrði frá því hér í deildinni nokkru fyrir jól, að hann hefði skipað nefnd manna til þess að endurskoða lögin um félagsheimilasjóð og þá væntanlega með það fyrir augum fyrst og fremst að auka tekjur sjóðsins verulega frá því sem nú er, enda vitum við allir, að sú þörf er mikil. Nú kemur frv. frá hæstv. ráðh., ekki til þess að auka tekjur sjóðsins, eins og við höfðum búizt við, — eða ekki sér maður annað, — heldur að rýra þær stórkostlega, þar sem á að bæta við tveimur fjölmennum stéttarfélögum, sem réttinda eiga að njóta til styrks samkv. lögunum.

Ég er ekki að hafa á móti þessu út af fyrir sig. En mér finnst, að þetta sé gersamlega þýðingarlaust, ef ekki er von nú þegar á frv., sem bætir stórlega hag félagsheimilasjóðs. Það er ekki til neins að vera að þynna þennan sjóð svo út með þessum lögum, ef ekki kemur annað meira.

Hæstv. ráðh. gaf í skyn, að þetta mundi koma bráðlega, en ég veit ekki, hvað þetta „bráðlega" þýðir hjá honum. Ég sé ekki, hvers vegna þurfti að flýta þessu svo, að ekki mátti hitt fylgjast með, breytingin um tekjurnar. Hæstv. ráðh. lýsti því sjálfur, hvernig ástandið er hjá sjóðnum nú. Hann vantar 3.7 millj. til þess að geta staðið í skilum, og það sjá allir, að ef ekkert verður gert, þá er stefnt hér í hreinustu vandræði.

Ég vil nú leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort sú breyting, sem við bíðum eftir um auknar tekjur félagsheimilasjóðs, sé ekki væntanleg á þessu þingi svo tímanlega, að það megi gera ráð fyrir því, að það nái afgreiðslu á Alþingi. Þetta tel ég aðalatriðið. Hitt getur ekki gengið, að bæta einungis við nýjum fjölmennum félögum. Út af fyrir sig hef ég ekkert á móti því, ef tekjurnar eru fyrir hendi, að verkalýðsfélögin og búnaðarfélögin komi hér inn í. Ég veit nú satt að segja ekki, hvað búnaðarfélögin hafa hér að gera. Ég veit ekki betur en að þau komi inn í félagsheimilin í sveitunum með sínar samkomur. Ég hygg, að það sé samstarf milli þeirra í sveitunum og þeirra annarra aðila, sem þar vinna að því að koma upp félagsheimilum. En ég vildi óska þess, að hæstv. ráðh. gæti gefið þær upplýsingar, að frv. um auknar tekjur sjóðsins og þá verulegar tekjur sé væntanlegt á þessu þingi.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Í tilefni af tilkomu þessa máls hér á hv. Alþingi nú get ég ekki látið hjá líða að færa hæstv. ríkisstj. og þó sérstaklega hæstv. menntmrh. þakkir mínar fyrir þann skilning og velvilja í garð verkalýðsfélaganna, sem lýsir sér í því, að þetta frv. er nú komið hér fram um aðild verkalýðsfélaganna að félagsheimilasjóði og er nú flutt sem stjórnarfrv.

Eins og hæstv. menntmrh. gat um, hef ég nú á undanförnum þrem þingum flutt frv., sem gekk mjög í sömu átt og það frv., sem hæstv. ríkisstj. hefur nú flutt hér. Lengst komst málið til 3. umr. í hv. Nd. Eins og nú hefur komið fram hér hjá hv. þm. V-Sk., var höfuðröksemd þeirra, sem andmæltu frv. á þessum þingum, sú, að félagsheimilasjóður gæti ekki gegnt skyldum sínum við þá, sem þegar væru aðilar að sjóðnum, vegna fjárskorts, af þessum ástæðum væri ekki unnt að bæta við nýjum aðilum.

Nú hefur hæstv. ráðh. upplýst um hag sjóðsins, og mér skildist á ræðu hans, að það væri fullkomin viðurkenning stjórnarinnar á því, að úr fjárhagserfiðleikum félagsheimilasjóðs yrði að bæta, og hann lauk ræðu sinni með því, sem ég tel rétt að undirstrika hér einu sinni enn út af ummælum hv. þm. V-Sk., að hann vonaðist til, að ekki liði langur tími, þar til ríkisstj. legði fram till. um auknar tekjur til félagsheimilasjóðs.

Ég vil einnig vænta þess, að hæstv. ríkisstj. ráði bót á þessum fjárhagsvandræðum sjóðsins, þannig að hann megi sem bezt gegna sínu göfuga starfi, og efast ekki um, að við alþm. getum tekið undir þá ósk allir.

Að öðru leyti í sambandi við grg. fyrir málinu sjálfu vísa ég til þeirrar grg., er ég gerði fyrir málinu á undanförnum þrem þingum, um leið og ég undirstrika þakklæti mitt. Ég færi fram f. h. verkalýðsfélaganna allra þakkir til ríkisstj. fyrir að taka málið upp nú sem stjórnarfrv., því að á þann hátt ætti nú að vera tryggður sigur þeirra í málinu.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð til þess að svara fsp. hv. þm. V-Sk. En áður vildi ég leiðrétta þann misskilning, að þetta frv. rýri tekjur félagsheimilasjóðsins. Það gerir það að sjálfsögðu ekki. Það hefur engin áhrif á þær heildartekjur, sem félagsheimilasjóður nýtur, hvorki minnkar þær né eykur. Hitt mætti svo segja, að tekjuvon hverrar einstakrar félagstegundar úr sjóðnum minnkaði við það, að þeim aðilum fjölgar, sem taldir eru hæfir til styrkveitingar, en á tekjur félagsheimilasjóðsins í heild hefur þetta frv. að sjálfsögðu engin áhrif.

Hv. þm. spurði, hvort búast mætti við því, að frv. um breytingar á skemmtanaskattslögunum væri væntanlegt á þessu þingi. Það var þessi spurning, sem gaf mér tilefni til þess að kveðja mér hljóðs, og ég vil svara því, að það mun verða lagt fyrir þetta þing nægilega snemma, til þess að þingið geti tekið afstöðu til þess, frv. um breytingu á skemmtanaskattslögunum, sem mun fela í sér aukna hlutdeild félagsheimilasjóðsins í skemmtanaskattinum í heild.

Ég vil þó taka það fram, að það er ekki skoðun mín — til þess að fyrirbyggja allan misskilning um það þegar í stað — að auka beri tekjur félagsheimilasjóðsins á kostnað þjóðleikhússins, eins og hv. þm. V-Sk. hefur flutt frv. um. Ég tel það ekki vera leiðina til þess að bæta hag félagsheimilasjóðsins að rýra hag þjóðleikhúss-

ins, því að það hefði þær einu afleiðingar, að sá rekstrarhalli, sem ríkissjóður greiðir nú þegar af þjóðleikhúsinu, mundi vaxa að sama skapi. Það væri aðeins að velta ákveðnum hundruðum þúsunda frá skemmtanaskattstekjum yfir á ríkissjóð almennt, og það er engin lausn á málinu. Þjóðleikhúsið má engar tekjur missa, miðað við það, sem það hefur haft, t. d. s. l. ár, án þess að rekstur þess dragist stórlega saman, og trúi ég ekki, að nokkur óski þess í alvöru.

Það verður því að finna aðrar leiðir til þess að auka tekjur félagsheimilasjóðsins, og það er einmitt sú hlið málsins, sem hefur verið í athugun í menntmrn. undanfarna mánuði, og um það munu þær till. fjalla, sem væntanlega mjög bráðlega verðar lagðar fyrir Alþingi.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég sé ekki betur en það rýri alla möguleika félagsheimilasjóðs, ef ekki verður gert annað en að fjölga stórlega þeim aðilum, sem eiga aðgang að sjóðnum. Ég sé ekki betur en það verði til þess að rýra sjóðinn. Hæstv. ráðh. segir, að það eigi að koma þarna meira, og þá er það gott og blessað.

Það er alger misskilningur hjá hæstv. ráðh., að ég hafi verið að leggja til að rýra tekjur þjóðleikhússins. Mitt frv. á þinginu í fyrra og aftur nú gekk einungis í þá átt, að félagsheimilasjóður fengi aftur það, sem hann hafði, en sett var í þjóðleikhúsið. Það er ekki verið að tala um að rýra tekjur þjóðleikhússins, þar sem ríkissjóður hefur af fúsum vilja alltaf tekið vel í það að greiða tekjuhalla þjóðleikhússins. Félagsheimilin eiga enga slíka sjóði í að hlaupa. Ég man ekki betur en að það sé í fjárlögum heimild til að greiða rekstrarhalla þjóðleikhússins, 450 þús. kr. En þó að þjóðleikhúsið hirti allan skatthluta félagsheimilasjóðs, dygði það ekki mikið til að reka þjóðleikhúsið.

Það er ágætt að hafa glæsilegt þjóðleikhús. En ég held nú satt að segja, að það sé ekki allt fengið með því, ef ekki má gera sveitunum mögulegt að halda uppi félagsstarfsemi innan sinna vébanda. Nú er þjóðleikhúsið farið að senda leikflokka út í sveitirnar. En það verður að gera þessum flokkum mögulegt að sýna leikrit í sveitunum. Það er útilokað, eins og nú standa sakir, víðast hvar. Þess vegna er ekki allt fengið með því að fullkomna allt hér í þjóðleikhúsinu, ef ekkert verður gert til þess að bæta félagslífið í sveitunum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til frekari skýringar á þessum orðaskiptum okkar hv. þm. V-Sk. (JK). Eins og honum er án efa kunnugt, hefur þjóðleikhúsið nú ákveðinn hluta af heildartekjum skemmtanaskattsins til að greiða sinn rekstrarhalla. Sá hluti hefur ekki reynzt nægilegur. Á s. l. ári varð rekstrartap umfram það fé, sem þjóðleikhúsið fékk úr félagsheimilasjóði. Gert hafði verið ráð fyrir því, þegar fjárl., sem nú eru til meðferðar, voru undirbúin, að rekstrarhalli umfram hlutdeild þjóðleikhússins í skemmtanaskatti til greiðslu á rekstrarhalla yrði 450 þús. kr. Það hefur komið í ljós við endurskoðun á þessum áætlunum, að sú tala er of lág. Rekstrarhalli verður aldrei undir 600—650 þús. kr. á því ári, sem nú er nýbyrjað. Er því alveg auðséð, að þjóðleikhúsið þarf auknar tekjur frá því, sem verið hefur, en getur ekki þolað tekjuskerðingu, ef reksturinn á ekki að dragast saman, eins og ég gat um áðan.

Þess ber að minnast, að 15% af skemmtanaskattinum hafa undanfarin ár gengið til þess að greiða byggingarskuldir þjóðleikhússins. Ógreiddar byggingarskuldir þess munu nú nema um 3.6 millj. kr., og um þær hefur allar verið samið, þannig að fyrir hendi er ákveðin greiðsluáætlun á þessum byggingarskuldum þjóðleikhússins. Það sést m. ö. o. fyrir endann á greiðslu þeirrar skuldaupphæðar. Auk þess hefur annar tekjustofn verið tryggður til þess að taka þátt í greiðslu þessara gömlu byggingarskulda þjóðleikhússins. Það kemur því að því fyrr eða síðar, að 15% af skemmtanaskattinum losna, þegar þessar skuldir hafa verið greiddar, og þar skapast möguleiki til þess að rétta hag bæði félagsheimilasjóðs og þjóðleikhússins nokkuð frá því, sem verið hefur, auk þess sem er til fullkominnar athugunar beinlínis að auka tekjur af skemmtanaskattinum í heild með nokkuð breyttu fyrirkomulagi á innheimtu skattsins.

Það eru þessir tveir möguleikar, sem eru til athugunar og ég hygg að liggi beinast við og skynsamlegast, annars vegar sá hluti af skemmtanaskatti, 15%, sem gengið hafa til greiðslu byggingarskuldanna, og hins vegar nokkur fyrirkomulagsbreyting á innheimtu skattsins sjálfs til þess að auka heildartekjurnar af skattinum. Það eru þessi atriði, sem augu okkar í menntmrn. hafa aðallega beinzt að til þess að leysa fjárhagsvanda bæði félagsheimilasjóðsins og þjóðleikhússins. Báðir aðilar eru í vanda staddir, og báðir aðilar þurfa að fá nokkra úrlausn sinna mála að minni skoðun.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 257, n. 312).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Menntmn. hv. deildar hefur haft til meðferðar frv. það, sem hér er á dagskrá, og leggur n. til að athuguðu máli, að frv. verði samþ. Hv. 6. þm. Reykv. hefur þó áskilið sér rétt til að flytja brtt. við frv. eða fylgja brtt. og skrifaði undir nál. með fyrirvara. Annar nefndarmaður, hv. 2. þm. Árn., var fjarstaddur vegna veikinda, þegar n. afgreiddi málið.

Í frv. felst sú ein breyting frá þeim lögum, sem nú gilda um þetta efni, að auk þeirra félaga, sem nú eiga rétt á fjárframlögum úr félagsheimilasjóði til byggingar félagsheimila, skuli verkalýðsfélög og búnaðarfélög einnig öðlast þennan rétt. En þau félög, sem talin eru upp í 1. gr. laganna, eins og þau eru nú, eru ungmenna-

félög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög og kvenfélög. Stjórn félagsheimilasjóðs hefur úrskurðað, að ég ætla, að undir þessi ákvæði falli ekki verkalýðsfélög og búnaðarfélög. Mér sýnist sá úrskurður að vísu nokkuð vafasamur, þar sem ég fæ ekki betur séð en hann hljóti að byggjast á því, að verkalýðsfélög og búnaðarfélög séu ekki talin menningarfélög í þessum lögum. Sú skýring er æði þröng, miðað við orðalagið í 1. gr. l., sem talar um hvers konar önnur menningarfélög en þau, sem upp eru talin, og það orðalag sýnist gefa tilefni til nokkuð rúmrar skýringar á því, hvað séu menningarfélög. En hvað sem því líður, þá sýnist n. sjálfsögð réttlætiskrafa, að þessi félög, sem eru allveigamikill þáttur í félagslífi þjóðarinnar, njóti jafnréttis við þau félög, sem upp eru talin í 1. gr. l., en það jafnrétti hafa þau ekki fengið viðurkennt að þessu leyti.

Nú kann að verða á það bent sem mótbáru gegn frv., að fjárkröfur á hendur félagsheimilasjóði aukist, ef þetta frv. verður samþykkt; félagsheimilasjóði hafi verið fjárvant hingað til og hann hafi ekki getað innt af hendi lögákveðin framlög til félagsheimila eins ört og þurft hefði. Þetta kann að vera rétt, en hæstv. ríkisstj. hefur gefið fyrirheit um, að hún muni þegar á þessu þingi hlutast til um, að félagsheimilasjóður fái aukið fé, enda ekki vanþörf á. Er því þess að vænta, að sú hlið málsins standi til bóta. En það er kunnugt, að á ýmsum stöðum á landinu eru þau félög, sem farið er fram á að öðlist aðild að félagsheimilasjóði, þannig sett, að þau hafa ekki getað haldið uppi eðlilegri félagsstarfsemi vegna húsnæðisskorts, og á sumum stöðum eru engin önnur félög, sem gætu haft forgöngu um byggingu slíkra félagsheimila. Þeir erfiðleikar, sem þarna er við að stríða, verða ekki leystir, að talið er, nema þessi félög fái jafnrétti við þau félög, sem nú þegar njóta styrks eða geta notið styrks úr félagsheimilasjóði. N. sýnist því einsætt, að öll rök liggi að því, að eitt eigi yfir þessi félög öll að ganga í þessum efnum.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég hef skrifað undir þetta nál. með fyrirvara og vil gera grein fyrir því, í hverju sá fyrirvari er fólginn.

Ég hef út af fyrir sig ekkert við það að athuga, að sú breyting sé gerð á l. um félagsheimili, sem hér er farið fram á, að verkalýðsfélög og búnaðarfélög geti einnig orðið aðilar að styrk úr félagsheimilasjóði. Hins vegar tel ég, að eigi að breyta þessu á þá lund, sem frv. greinir, þá sé rétt að taka þar inn fleiri aðila, og mun ég flytja um það brtt. við 3. umr.

Sams konar frv. og þetta, eða a. m. k. að því er snertir verkalýðsfélög, hefur legið fyrir hv. Alþ. áður, m. a. árið 1954. Þá lét fræðslumálastjóri og íþróttanefnd ríkisins álit sitt í ljós um frv., og lagði fræðslumálastjóri og meiri hluti íþróttanefndar á móti því að l. yrði breytt á þessu lund. Rökstuðningur þeirra var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Fræðslumálastjóri og meiri hl. íþróttanefndar líta svo á, að verkalýðsfélög séu fyrst og fremst hagsmuna- og stéttarfélög og að þótt stjórnmálaskoðanir takmarki ekki þátttöku, þá séu þau annars eðlis en þau félög, sem upp eru talin og við mun átt í 1. gr. laga um félagsheimili. Telja báðir aðilar, að tekjur félagsheimilasjóðs mundu hrökkva skammt, ef fara ætti inn á þá braut að veita verkalýðsfélögum styrk úr sjóðnum til þess að byggja félagsheimili út af fyrir sig. Yrði þeim veitt aðstaða til sérbygginga félagsheimila með styrk úr félagsheimilasjóði, hlytu önnur hagsmunasamtök launþega að fylgja á eftir, svo sem iðnaðarmannafélög, félög verzlunarfólks, starfsmannafélög ríkis og bæja o. fl., o. fl.“

Nú vil ég taka fram, að ég er ekki andvígur því, að þessar tvær félagstegundir, verkalýðsfélög og búnaðarfélög, séu teknar inn í lögin, en tel rétt, að þá séu l. einnig rýmkuð að öðru leyti og ýmis þau samtök, sem fræðslumálastjóri og meiri hl. íþróttanefndar hér gátu um, verði tekin þar inn líka. Nú skal ég að vísu taka fram, að mér er ekki alveg ljóst, og ég ætla, að öðrum nefndarmönnum sé það ekki heldur, hvað nákvæmlega felst í hugtakinu verkalýðsfélag. Það er notað í ákaflega mismunandi víðtækri merkingu og hefur mér vitanlega ekki að lögum neina ákveðna merkingu. Stundum er það notað eingöngu um félög verkamanna, en stundum miklu víðtækara um samtök launþega ýmissa. Þó ætla ég, að það taki alls ekki til allra samtaka launþega. Í l. um stéttarfélög og vinnudeilur er rætt um stéttarfélög og það skýrt, hvað við er átt með þeim, og þau lög fjalla um stéttarfélög. Ég skal ekkert um það fullyrða, hvort hugtakið verkalýðsfélög yrði hér túlkað á sama hátt og stéttarfélög eða ekki. Hvað sem því líður, þá ætla ég, að t. d. starfsmannafélög ríkisins, ríkisstofnana, bæjar- og sveitarfélaga falli ekki undir hugtakið verkalýðsfélög, þannig að ef slíkir starfsmannahópar ættu að fá aðild að félagsheimilasjóði, sem ég tel sjálfsagt, ef þetta frv. verður samþykkt, þyrfti að taka sérákvæði upp um það, sem sagt taka fleiri félög inn í þessa upptalningu en hér er gert. Mér hefur ekki unnizt tími, frá því að n. afgreiddi þetta mál í gær, til þess að ganga frá slíkri brtt., því að það er nokkur vandi á höndum, bæði hvaða félög eru sambærileg eða ætti að taka og um orðun þess, og mun ég því ekki flytja brtt. fyrr en við 3. umr.

Í öðru lagi er fyrirvari minn byggður á því, að ég tel alveg nauðsynlegt, í rauninni hvort sem l. er breytt eða ekki, en þó alveg sérstaklega ef fjölgað er aðilum að styrk úr félagsheimilasjóði, að efla sjóðinn og afla honum aukinna tekna. Hv. þm. V-Sk. hefur flutt frv., sem er 77. mál Ed., um að auka tekjur félagsheimilasjóðs. Nú fær félagsheimilasjóður 35% af skemmtanaskatti, en hv. þm. V-Sk. leggur til, að það sé hækkað upp í 50%. Við umr. hér í þessari hv. deild lýsti hæstv. menntmrh. yfir, að það væru til athugunar hjá ríkisstj. ráðstafanir til að auka tekjur félagsheimilasjóðs og mundi eitthvað verða lagt fyrir þetta þing. Ég hefði talið ákaflega æskilegt, áður en þetta frv. fer út úr deildinni, ef unnt væri að fá einhverjar ákveðnar upplýsingar frá hæstv. ríkisstj. eða menntmrh. um það, í hverju þessi tekjuöflun er fólgin og hve miklu muni nema þær tekjur, sem með þeim er ætlað að sjóðurinn fái.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. menntmn. fyrir afgreiðslu málsins, því að eftir þeim umr., sem þegar hafa farið fram um þetta mál, þykir mér einsýnt, að frv. geti nú í þeirri mynd, sem það hefur verið borið fram, orðið að lögum á þessu þingi, og er það að sjálfsögðu fagnaðarefni allra þeirra, sem hlut eiga að máli.

Ég vil og í sambandi við ræðu hv. 6. þm. Reykv. (GTh) minnast á þann skilning, sem mér skilst að Alþingi hafi lagt í orðið „verkalýðsfélög" í þeim umr., sem fram hafa farið um þetta mál á undanförnum þrem þingum. Þar hefur eindregið komið fram sá skilningur hjá bæði þeim, sem hafa talað með frv. og gegn því, að þegar rætt sé um verkalýðsfélög, sé einungis um þau félög að ræða, sem samkvæmt lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur hafa samningsrétt við félög atvinnurekenda, þau ein geti talizt verkalýðsfélög, og af sömu ástæðum eiga rétt til þess að vera innan Alþýðusambands Íslands.

Ég tek fyllilega undir það, sem fram hefur komið í þessum umr. um nauðsyn þess, að undinn verði bráður bugur að því að auka tekjur félagsheimilasjóðs, ekki hvað sízt þegar bætt er við nýjum aðilum frá því, sem áður hefur verið, á sama tíma og vitað er, að sjóðurinn stendur í óbættum sökum við þá aðila, sem fyrir eru í lögunum, um framlag til hinna einstöku félagsheimila. Að sjálfsögðu er það rétt, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði hér áðan, að það er erfitt að greina í milli, hverjir eiga að vera hérna með og hverjir ekki. En það hefur ákveðið ríkt sú skoðun innan verkalýðshreyfingarinnar, og henni er ómótmælt, að þau félög hafi frá öndverðu, jafnframt því að vera hagsmunaleg stéttarfélög þeirra aðila, sem í þeim eru, jafnframt verið menningarfélög, og ég geri þó ráð fyrir því, eins og ræðumaður benti á, að það mætti e. t. v. finna fleiri slíka aðila. En ef menn eru á sama tíma að krefjast aukinna tekna félagsheimilasjóðs og bæta við fjölmörgum öðrum aðilum, þá verða að sjálfsögðu að koma til sjóðsins mun meiri tekjur en þó ætla mætti að þyrftu að koma vegna þessara tveggja aðila, sem eru í þessu frv. nefndir.

Að sjálfsögðu þurfa tekjurnar að vera þeim mun meiri, sem aðilarnir verða fleiri að sjóðnum, og það er þess vegna ekki óeðlileg ósk frá hv. 6. þm. Reykv., að áður en hann flytur brtt., sem hann boðaði hér áðan, um enn aukna aðild að sjóðnum, óski hann eftir því að sjá eitthvað af till. ríkisstj. þar um. Mér finnst við fljótlegt yfirlit þeirrar ræðu, er hann flutti hér, að þar gæti dálítils ósamræmis, þegar á sama tíma er minnzt á þá neyð, sem sjóðurinn er vissulega kominn í fjárhagslega. En án þess að ég ætli fyrir fram að mæla gegn þeim aðilum, sem hv. 6. þm. Reykv. kynni að vilja bæta þarna við, vil ég undirstrika það, sem ég tel aðalatriði málsins, eins og málið liggur fyrir nú, að þeir aðilar, sem hér er ákveðið að bæta inn í, gegna á sinn hátt vissulega sama menningarhlutverki og e. t. v. í mörgum tilfellum engu að síður en þeir aðilar, sem fyrir eru í lögunum og enginn ágreiningur hefur fram að þessu verið um að ættu þar heima.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að fara fram á það, að málið verði tekið út af dagskrá að þessu sinni.

Hv. 6. þm. Reykv. (GTh) hefur boðað stórfellda breytingartillögu við frv., og mér finnst satt að segja, að það veiti ekki af, að frv. fái betri athugun en verið hefur hjá hv. n. Mig furðar það nokkuð, hvernig a. m. k. þeir þm., sem úr dreifbýli eru, koma fram í þessu máli af algeru sinnuleysi. Ef sú stefna á að vera ríkjandi viðkomandi félagsheimilum, sem nú er, þá verður lítið úr framkvæmd fyrir félagsheimili í sveitunum, sem fyrst og fremst er stefnt að að koma upp, það fullyrði ég. Og ég sé satt að segja ekki, hvers vegna verið er að setja hér inn búnaðarfélög. Ég veit ekki betur en búnaðarfélög séu alls staðar með öðrum félagasamtökum í sveitum um félagsheimili. Það var víst hv. þm. Ak. (FS), sem sagði, að það hefði verið úrskurðað, að búnaðarfélag gæti ekki verið með. Ég veit ekki til þess, að búnaðarfélag hafi sótt um að koma upp sérstöku heimili fyrir sig, en ég veit um mörg búnaðarfélög, sem eru með um félagsheimili annarra félagasamtaka í sveitunum. En ég fullyrði, að ef þessi stefna á að vera ríkjandi, þá verður ekki mikið um framkvæmdir félagsheimila í sveitunum.

Ég óska þess, herra forseti, að málið verði tekið út af dagskrá að þessu sinni, svo að maður fái þó að sjá þessar brtt., sem boðaðar eru.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Það er vafalaust rétt, sem hér hefur verið orðað, að félagsheimilasjóði veitir ekki af auknu fé, og hefur hæstv. menntmrh. boðað hér í d. fyrir alllöngu, að ríkisstj. hefði í undirbúningi till. um það. Þess vegna er það, að n. sú, sem hefur til meðferðar frv. frá hv. þm. V-Sk. (JK) um þetta efni, hefur ekki skilað sérstöku áliti, og hefur því áður verið lýst yfir hér í hv. deild.

En þótt þetta sé vafalaust, að sjóðnum veitir ekki af auknum tekjum, þá er ég ekki viss um, að sú orðalagsbreyting, sem hér er farið fram á á lögunum um félagsheimili, kalli sérstaklega á auknar tekjur, ef rétt er á haldið.

Ég veit að vísu ekki vel, hvernig á að skilja þessa upptalningu. Að sjálfsögðu hefði ég átt að lesa lögin um félagsheimili. Þá hefði ég kannske vitað nú það, sem ég ætla að leyfa mér að spyrja hv. n., sem fjallað hefur um þetta mál, um.

Er það meiningin með þessari upptalningu, að hvert af þessum félögum eigi rétt á því að fá styrk til að byggja félagsheimili? Í sveitum er það svo og án efa í kauptúnum, sem eru mjög stór, að það er ekki nema eitt félagsheimili, þó að því sé komið upp, og það nægir algerlega fyrir hvers konar félagssamtök í því plássi, og meira að segja með því fyrirkomulagi er þessi félagsheimilabygging komin út í öfgar, t. d. þegar litlir nágrannahreppar byggja félagsheimili hvor fyrir sig, en gætu ákaflega vel sameinazt um eitt.

En setjum svo, að það væri kauptún með svona þúsund íbúa, og gerum ráð fyrir, að þar væri nú ekki sem bezt samkomulag og metnaður á milli. Er þá meiningin, að það eigi að skilja lögin svo, að ungmennafélagið gæti fengið að

byggja sérstakt félagsheimili, verkalýðsfélagið, iðnaðarmannafélagið, lestrarfélagið, bindindisfélagið, skátafélagið og kvenfélagið og svo ef til væri búnaðarfélag þar að auki? Ég held, ef engin ákvæði eru um þetta í lögunum, að n. ætti að athuga, hvort ekki ætti að setja einhverjar tak markanir fyrir því, hve mörg félagsheimili mætti byggja í einni og sömu sveit ellegar í einum og sama bæ eða kauptúni.

Það var þetta, sem ég vildi spyrja hv. n. um, hvort þetta hefði verið athugað og hvort nokkur ákvæði væru til í lögunum, sem gæfu stjórnarvöldunum rétt til að áskilja það, að félagssamtök séu í félagi um félagsheimili. Eins og hv. þm. V-Sk. gat um hér rétt áðan, er það venja í sveitum, ef félagsheimili kemst þar upp, að þá mega þar vera hvers konar fundir og hreppsfélagsins um leið. Og líka er venja, að öll þau félög, sem starfandi eru í sveitinni, auk hreppsfélagsins, standi að byggingu félagsheimilis. Ég býst við, að í bæjum þyrfti að setja einhver takmörk í lögin um þetta, ef þau eru ekki fyrir hendi, því að ef það ætti að fara að verða svo, að hvert félag, t. d. í tiltölulega litlum bæ, byggði sitt sérstaka félagsheimili, þá virtist mér, að farið væri að eyða óþarflega miklu fé í fjárfestingu í þessu skyni. Það eru fá félög, þótt menningarfélög séu, sem þurfa stöðugt á húsnæði að halda. Þau geta ósköp vel verið í sama húsnæði og ýmis önnur félög. Við skulum nú hugsa okkur t. d., að það væri ungmennafélag og íþróttafélag, því að sums staðar er það, að það er sérstakt íþróttafélag, þó að ungmennafélag sé starfandi, — eins og ungmennafélag og íþróttafélag gætu ekki verið í sama húsnæði? Ég vildi mjög gjarnan fá skýringu á því, hvort það er meiningin, að hvert af þessum félagssamtökum eigi að geta krafizt styrks í félagsheimili.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. þm. V-Sk. (JK) var nokkuð hvass í garð n. út af afgreiðslu á málinu og fór fram á, að það yrði tekið út af dagskrá og að mér skildist vísað aftur til n., eða var það ekki rétt? (**JK:** Ekki veitir af því, segi ég.) Ja, n. hefur nú athugað þetta frv. á tveimur eða þremur fundum, og samkvæmt ósk hv. 2. þm. Árn. (SÓÓ) var afgreiðslu frestað einu sinni. Þegar svo kom til næsta fundar, var hv. þm. veikur og er líklega enn og gat því ekki verið við lokaafgreiðsluna.

Ég sé ekki, að það sé hægt að kvarta um það við n., að það hafi ekki farið fram athugun á þessu máli þar. Aftur á móti hefur hv. 6. þm. Reykv. (GTh) þá afsökun, að hann var veikur á fyrra stigi afgreiðslunnar eða á fyrra fundi, en mætti á seinni fundinum, en hann óskaði ekki eftir neinni frestun, þó að hann hefði þennan fyrirvara, sem hann er búinn að gera hér grein fyrir. Ég held því, að það sé alls ekki hægt að kvarta undan afgreiðslu á málinu hjá n. hvað þetta snertir.

Það, sem mér skildist að hv. þm. V-Sk. væri óánægður með, er fjárhagur félagsheimilasjóðs, þ. e., að hann geti ekki risið undir þeim kröfum, sem eru á sjóðinn gerðar nú þegar og auðvitað í framtíðinni. Þetta frv. mun ekki hafa verið komið til, þegar hann flutti sitt frv. í vetur, og það sýnir bezt, að það er full þörf, bæði að hans áliti og ég held okkar allra, að auka möguleika félagsheimilasjóðs til að standa undir þeim óskum, sem fram til hans koma.

En það er að mínum dómi ekki nægileg ástæða til þess að hafa á móti þessu frv., þó að svo sé ástatt, að sjóðurinn þurfi á meiri peningum að halda árlega heldur en hann hefur nú. Ég er alveg sammála hv. þm. um, að það er aðkallandi nauðsyn að auka möguleika sjóðsins til að standa undir þeim skuldbindingum, sem á honum hvíla, og auðvitað enn fremur vegna samþykktar þessa frv. En ég vil ekki fallast á, að það auki svo mjög byrðar sjóðsins. Þessi þörf er fyrir, og það þarf að leysa þetta mál og engin ástæða til þess að setja fótinn fyrir þetta frv., þó að hitt sé enn óleyst, en fyrirheit er um það frá hæstv. ríkisstj., að ráðin verði bót á því á þessu þingi.

Hv. þm. V-Sk. vildi deila á fulltrúa dreifbýlisins um afstöðu þeirra til frv. Ég tel mig einn af þessum fulltrúum dreifbýlisins, alveg eins og hann er, en ég sé ekki, að við séum að vinna dreifbýlinu hið minnsta tjón með því að samþ. þetta frv., alls ekki. Og hv. 1. þm. Eyf. (BSt) hefur einnig tekið þetta atriði fram, að þó að það sé fjölgað þeim félögum, sem nefnd eru í lögunum og eiga að njóta styrks úr sjóðnum, þá þýðir það alls ekki, að þar með séu auknar fjárkröfur á sjóðinn. Það eru að vísu fleiri félög, sem hafa rétt til að vera þátttakendur um byggingu félagsheimilis, en þar með er ekki sagt, að félagsheimili þurfi að vera stærra, þó að fleiri félög standi að því. Þar að auki léttir þetta undir heima fyrir, að fleiri félög eru aðilar að byggingunni og leggja fram til þess fé. Þá verður léttara um að fullnægja þeim hlutanum, sem heiman frá á að koma.

Það er því á misskilningi byggt, að það sé neitt við það að athuga hvað snertir dreifbýlið, þó að þessar tvær tegundir félaga séu teknar inn í lögin. Það eykur ekki á fjárkröfur þaðan, þó að svo sé gert. Frekar er það í þéttbýlinu, og þaðan gæti ég búizt við að kæmu frekari kröfur til félagsheimilasjóðs á eftir.

Út af hinu, sem hv. 1. þm. Eyf. spurði, hvort það væri tilgangurinn, að hvert af þessum félögum, sem þarna eru nefnd, eigi að hafa rétt á að byggja félagsheimili, þá held ég að það sé öðru nær. Ég veit ekki betur en framkvæmdin sé þannig, að þau félög í hverju héraði, sem rétt hafa til að vera þátttakendur um félagsheimilisbyggingu, þurfi að sameina sig. (**BSt:** Er ákvæði um það í lögunum?) Nei, ekki man ég eftir því, að það sé í lögunum, en framkvæmd laganna held ég að hafi verið þannig, að þau þurfa að sameina sig um bygginguna, og þá fyrst er veitt leyfi til byggingarinnar, þegar félögin hafa sameinazt um bygginguna. Þetta hygg ég að sé reglan í framkvæmd. Það er engin sérstök stjórn fyrir félagsheimilasjóð, en ráðh. hefur ráðunauta sér við hlið, og þannig mun hafa verið framkvæmdin í þessum málum, eftir því sem íþróttafulltrúi ríkisins hefur tjáð mér, þegar ég hef rætt við hann um þessi mál.

Nú skulum við segja, að í einhverju héraði bætast við bæði verkalýðsfélag og búnaðarfélag.

Það breytir engu öðru en því, að þessi tvö félög þurfa að vera þátttakendur um leið með hinum, sem fyrir eru, ef þau vilja byggja félagsheimili. Ég sé engan annan mun á þessu. En að hvert félag fái styrk til þess að byggja félagsheimili, það held ég að hafi ekki komið fyrir. (BSt: Mundi það geta komið fyrir?) Ég vil ekki fullyrða neitt um það, hvort það getur komið fyrir, en ég veit, að þannig hefur framkvæmdin á þessu verið. Því segi ég það, að þó að fleiri félög bætist þarna inn í lögin, á það ekki að þurfa að auka fjárkröfur á hendur félagsheimilasjóði, nema þá kannske í þéttbýli, þar sem ekki er hægt að sameina mörg og stór félög um eitt heimili. Þar kann það sennilega að verða.

Ég vil svo að lokum segja það, sem ég nefndi áðan, að ég sé ekki ástæðu til að vísa þessu máli aftur til n., en að sjálfsögðu getur hv. d. tekið af skarið um það.

Forseti (BSt): Að vísu er ekki venja að vísa máli aftur til n., þegar n. er búin að skila nál., enda skildi ég ekki hv. þm. V-Sk. þannig, heldur að hann óskaði eftir að sjá brtt. frá hv. 6. þm. Reykv., áður en umr. væri lokið. Nú vil ég spyrja hv. 6. þm. Reykv., hvort hann óskar frekar eftir því að geta komið till. að við 2. umr. (GTh: Ég hefði gjarnan óskað eftir að fá upplýsingar hæstv. ráðh., áður en umr. væri lokið.) Ja, það er nú ekki hægt að ábyrgjast neitt um það.

Ég skal verða við því að taka málið út af dagskrá, en það verður tekið fyrir á næsta fundi d. Vænti ég þá, að liggi fyrir brtt. hv. 6. þm. Reykv.

Umr. frestað.

Á 65. fundi í Ed., 7. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 257, n. 312, 316, 317).

Afbrigði um brtt. 316 og 317, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Við 2. umr. hér um daginn, eða fyrri hluta hennar, skýrði ég frá því, að ég mundi flytja brtt. við frv., og liggur sú brtt. fyrir á þskj. 317. Ég tók þá fram, að ég hefði út af fyrir sig ekkert við það að athuga, að þeim félögum yrði við bætt, sem stjórnarfrv. fer fram á, en ef það ætti að ná fram að ganga, teldi ég eðlilegt að taka inn fleiri aðila. Í þeirri umsögn, sem meiri hluti íþróttanefndar og fræðslumálastjóri gáfu um svipað mál árið 1954, er gert ráð fyrir því, að ef t. d. verkalýðsfélög yrðu tekin inn sem styrkhæfir aðilar, sjálfstæðir, þá væri eðlilegt, að fylgdu á eftir félög verzlunarfólks, starfsmannafélög ríkis og bæja o. fl., o. fl.

Till. mín fer fram á það, að á eftir orðinu „verkalýðsfélög“ komi: starfsmannafélög ríkis og sveitarfélaga, verzlunarmannafélög“. Ég ætla, að þurfi ekki rökstuðnings við, að ef þessi félög vilja byggja félagsheimili, þá sé réttmætt og sanngjarnt, að þau komi einnig til greina sem styrkhæfir aðilar.

Aðra brtt. flyt ég á þskj. 316 ásamt hv. þm. V-Sk. Hún fjallar um það, að á eftir 1. gr. komi ný gr.: „Ríkissjóður leggur félagsheimilasjóði 750 þúsund krónur árlega, í fyrsta sinn árið 1958.“

Í upphafi var það svo, að félagsheimilasjóður fékk samkv. lögum 50% af skemmtanaskatti. Þannig mun hafa staðið til ársins 1952, að ég ætla, en þá var þetta fært niður í 35%. Þetta hefur orðið til þess, að sjóðurinn hefur haft allmiklu minna fé til umráða en ella, en þörfin hins vegar ákaflega mikil, eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, að byggja félagsheimili víðs vegar úti um land.

Nú hefur hv. þm. V-Sk. flutt frv. um það hér að hækka hlut félagsheimilasjóðs aftur upp í 50% af skemmtanaskatti. Ég hef aflað mér upplýsinga um, hvað skemmtanaskatturinn hefur verið undanfarin ár, og bæði árin 1954 og 1955 nam hann um það bil 5 millj. kr. Endanlegar tölur fyrir 1956 liggja ekki fyrir. Það lætur nærri, að 15% eða hækkun úr 35 upp í 50% af þessari upphæð, sem skatturinn varð 1954 og 1955, mundu vera um 750 þús. kr., og er það með hliðsjón af því, sem sú tala er sett inn í brtt.

Hins vegar þótti okkur sjálfsagt, þar sem búið er að afgreiða fjárl. fyrir yfirstandandi ár, að þetta ákvæði um framlag ríkissjóðs kæmi ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 1958, og verður að taka tillit til þess í afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár.

Ég vænti, að allir hv. þdm. séu sammála um nauðsyn þess að efla félagsheimilasjóð, og vænti því, að till. okkar fái góðar undirtektir.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Efni þess frv., sem hér liggur fyrir, er gamalt mál hér á hinu háa Alþingi, eins og áður hefur raunar verið að vikið í umr. um málið. Meginefni frv. er að ákveða, að þeir tveir aðilar, sem ágreiningur hefur verið um fram að þessu, hvort félagsheimilalögin tækju til, skyldu nú tvímælalaust eiga rétt á hliðstæðum styrk úr félagsheimilasjóði og önnur félagasamtök, sem nefnd eru í 1. gr. Þessir tveir nýju aðilar eru verkalýðsfélög og búnaðarfélög.

Þetta mál er gamalt mál hér á hinu háa Alþingi. Það hefur verið flutt þrisvar sinnum áður af hv. 4. þm. Reykv. Málið hefur einnig verið rætt allmikið í þeim félögum, sem um er að ræða, og þó sérstaklega verkalýðsfélögunum, og ýmis þeirra hafa þegar hafið undirbúning að framkvæmdum að byggingu félagsheimila, ýmist ein eða í félagi við aðra, og hafa, meðan á þeim undirbúningi hefur staðið, ætíð vænzt þess mjög fastlega, að Alþingi gerði aðild þeirra að félagsheimilasjóði alveg tvímælalausa. Það var með hliðsjón af þessu, sem þetta frv. var flutt sem stjórnarfrv. nú fyrir skömmu.

Nú hefur hv. 6. þm. Reykv. flutt viðbótartill. við frv. um það, að einnig skuli bæta við starfsmannafélögum ríkis og sveitarfélaga og verzlunarmannafélögum. Ég vil ekki draga í efa, að æskilegt væri fyrir þessi félög að fá einnig hliðstæðan aðgang að félagsheimilasjóði og önnur þau félög, sem nú eiga rétt á hlunnindum þaðan. En þó er sá munur á verkalýðsfélögum og búnaðarfélögum annars vegar og þessum starfsmannafélögum og verzlunarmannafélögum hins vegar, að mér er ekki kunnugt um, að það hafi verið sérstakt baráttumál eða áhugamál þessara félaga að fá aðild að félagsheimilasjóðnum. A.

m. k. hefur enginn aðili frá starfsmannafélögum ríkis og sveitarfélaga eða verzlunarmannafélögum beint um það ósk til menntmrn. eða skorað á það að hlutast til um, að þeim yrði veitt aðild að félagsheimilasjóðnum, og ber þó auðvitað ekki að skilja orð mín svo, að það megi taka sem áhugaleysi þeirra um þetta efni.

Að því er varðar Bandalag starfsmanna ríkis og bæja mun þetta mál fyrst hafa komið til orða á síðasta allsherjarþingi bandalagsins og þá verið stofnaður byggingarsjóður þess bandalags og í hann ráðstafað 40 þús. kr.

Fjárframlögum verzlunarmannafélaga í þessu sambandi er ég ekki kunnugur, þar sem engar upplýsingar liggja fyrir um það mál í ráðuneytinu.

Með tilliti til þess, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, sem þó er að sjálfsögðu alls góðs maklegt í þessum efnum, er tiltölulega nýbúið að fá áhuga á þessu máli og hefur enn yfir litlu fé að ráða í þessu skyni, þá tel ég, að það komi að engri sök í þetta skiptið, þó að þessari till. verði vikið frá og málið látið fram ganga í upphaflegri mynd, því að ég óttast, að það muni verða málinu til trafala við endanlega afgreiðslu þingsins, ef nýjum aðilum verður bætt við sem rétthöfum, ef svo mætti segja, auk verkalýðsfélaganna og búnaðarfélaganna. Skýringin á því er ofur einföld. Eins og ég gerði grein fyrir, þegar ég lagði málið fyrir við 1. umr. í þessari hv. d., býr félagsheimilasjóður nú við mjög þröngan kost, og brýna nauðsyn ber til þess að efla sjóðinn. Það var ein höfuðröksemdin hjá hv. þm. V-Sk. gegn þessu frv., að það væri óeðlileg stefna að bæta nýjum aðilum við sem rétthöfum til fjárframlaganna, því að það mundi skerða hlut hinna, sem fyrir væru. Með tilliti til þessara raka, sem fram komu einmitt frá hv. þm. V-Sk., einum af þm. Sjálfstfl. í d., hefði maður ekki átt að geta vænzt till. frá öðrum hv. þm. Sjálfstfl., sem gengi enn engra á þeirri braut. Hafi það verið rétt hjá hv. þm. V-Sk., að það væri óhagstætt fyrir þá aðila, sem eru fyrir aðilar að félagsheimilasjóðnum, að verkalýðsfélögum og búnaðarfélögum verði bætt við, þá er auðvitað enn óhagstæðara fyrir þá, að starfsmannafélögum ríkis og bæja og verzlunarmannafélögum sé líka bætt við.

Ég andmælti því að vísu við 1. umr. málsins, að það þyrfti að skerða nokkuð hag sjóðsins sjálfs, þó að sú breyting verði gerð, sem farið er fram á í þessu frv. Það á náttúrlega líka við, að þótt brtt. hv. 6. þm. Reykv. verði samþ., rýrir það ekki hag sjóðsins sjálfs. Hitt er rétt, að þeim aðilum fjölgar, sem æskja fjárins, og ef öllum yrði gerð einhver úrlausn, kæmi auðvitað minna í hlut hvers um sig.

Það er þó ekki að mínu viti aðalatriði málsins, heldur hitt, að ég tel vera eðlilegast að afgreiða málið í upphaflegri mynd, þar sem það í þeirri mynd er þegar orðið gamalt baráttumál þeirra félagasamtaka, sem hér eiga hlut að máli, verkalýðsfélaganna og búnaðarfélaganna. Málið er hins vegar alveg nýlega komið á dagskrá hjá hinum félögunum, a. m. k. starfsmannafélögum ríkis og sveitarfélaga, — um hin vil ég segja minna, þar þekki ég minna, — og ég tel eðlilegt, að þessi félagasamtök sjálf undirbúi aðild að félagsheimilasjóði betur en nú þegar hefur átt sér stað og treysti fjárhag sinn í þessu sambandi betur en þau hafa þegar gert. Þegar það liggur ótvírætt fyrir, að þessi félög hafa mikinn áhuga á því að gerast aðilar að félagsheimilasjóði, hafa lagt fram um það skýlausar óskir og rökstutt þær og þegar þau hafa búið þannig um fjárhag sinn, að telja má líklegt, að þau ætli raunverulega að ráðast í byggingu félagsheimilis eða félagsheimila, svo sem nú á sér stað um ýmis verkalýðsfélögin, tel ég sjálfsagt að taka á óskum þeirra í þessu sambandi með fyllstu velvild. Á þessu stigi hygg ég, að málinu í heild yrði mestur greiði gerður með því að afgreiða það í upphaflegri mynd, og æski þess við hv. d., að brtt. á þskj. 317 verði ekki samþ.

Varðandi hina brtt., á þskj. 316, um aukið framlag til félagsheimilasjóðs og að framlagið verði greitt úr ríkissjóði, eins og þar er gert ráð fyrir, 750 þús. kr., í fyrsta sinn árið 1958, vildi ég segja þetta:

Ríkisstj. hefur á döfinni ráðagerðir um að bæta hag félagsheimilasjóðsins. Þær ráðagerðir eru við það miðaðar, að tekjur af skemmtanaskatti geti aukizt nokkuð frá því, sem verið hefur, *og að skiptingu skemmtanaskattsins verði* nokkuð breytt frá því, sem verið hefur, þannig að hlutdeild félagsheimilasjóðsins verði aukin. Þetta er sú stefna, sem ríkisstjórnin mun fylgja í þessu máli.

Eins og hv. þm. án efa er ljóst, hefur aldrei verið ráð fyrir því gert, að ríkissjóður legði beinlínis fram á fjárl. fé til félagsheimilasjóðs, og mjög fáar till. hafa verið uppi um það á Alþingi á undanförnum árum. Það hefur alltaf verið gert ráð fyrir því, að félagsheimilasjóður hefði sínar tekjur af skemmtanaskatti, en ekki beint úr ríkissjóði, og ég tel, að þeirri stefnu eigi að fylgja áfram. Það þyrfti a. m. k. miklu rækilegri undirbúnings og umræðna við, ef nú ætti allt í einu að breyta svo rækilega um stefnu í þessu máli sem hér er lagt til, að taka upp beinar fjárveitingar úr ríkissjóði til félagsheimilasjóðsins.

Þess vegna legg ég einnig til, að þessari till. verði vikið frá. Í því felst ekki það, og það vil ég segja að síðustu, að félagsheimilasjóður þyrfti í sjálfu sér ekki á þeirri upphæð að halda, sem hér er um að ræða, en ég tel æskilegt að bæta úr fjárþörf hans á annan hátt, eftir þeim leiðum, sem hingað til hafa verið farnar til þess að tryggja honum tekjur, og fyrir því mun ríkisstj. beita sér.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það var aðeins út af ræðu hæstv. menntmrh. Hann segir, að það sé gamalt baráttumál bæði verkalýðsfélaga og búnaðarfélaga að fá hér aðild. Ég minnist þess ekki, að frv. hafi legið fyrir Alþingi um, að búnaðarfélögin fengju aðild að þessum sjóði. Mér er ekki kunnugt um, að það hafi verið lagt fyrir Alþingi fyrr, og ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Hafa komið erindi frá búnaðarþingi eða Búnaðarfélagi Íslands til ríkisstj. um þetta efni? Ég hef ekki heyrt þessa getið fyrr. Hitt er annað mál, að frv. um, að verkalýðsfélögin fengju að-

ild, er gamalt mál og hefur verið flutt inn í Alþingi áður.

Það, að þessu hafi ekki verið hreyft fyrr á Alþingi eða ekki óskir komið frá starfsmannafélögum ríkis og bæja eða verzlunarfélögum um að fá aðild, eru harla lítilvægar röksemdir. Ég ætla, að þegar lögin voru sett, hafi ekki legið fyrir áskoranir eða beiðnir frá þeim félögum öllum, sem þar eru upp talin, um að vera aðilar.

Önnur röksemd hæstv. ráðh. gegn þessari brtt. var sú, að bandalag opinberra starfsmanna ætti ekki nema 40 þús. kr. í byggingarsjóði. Kannske á að skilja þessi orð þannig, að til þess að réttmætt sé, að félag sé aðili að því að fá styrk úr félagsheimilasjóði, þurfi hann að hafa gilda og digra sjóði, en þeir, sem fátækir eru og félitlir, megi alls ekki koma til greina. Ég mundi nú halda, að þetta væri þveröfugt, að þeir, sem hafa nú litlu úr að spila, ættu öllu fremur að verða styrks aðnjótandi. En sleppum því.

Ég held, að það hafi ekki komið fram nokkur efnisleg rök hjá hæstv. ráðh. gegn þessu, annað en það, að hann vill, að frv. verði samþykkt eins og ríkisstj. gekk frá því, og þar má engu til hnika.

Efnislega held ég, að allir hljóti að vera sammála um, að það er fullkomin sanngirni og réttmæti, að þessi félög, sem ég hef nefnt, starfsmannafélög ríkis og sveitarfélaga og verzlunarmannafélög, verði tekin hér með.

Varðandi hina till., um fjáröflun til félagsheimilasjóðs, varð ég fyrir miklum vonbrigðum með ræðu og upplýsingar hæstv. ráðh. Þegar frv. hv. þm. V-Sk. um, að félagsheimilasjóður fengi 50% af skemmtanaskattinum, var til umr., skildist manni á hæstv. ráðh., að von væri á ákveðnum till. frá ríkisstj. alveg á næstunni. Nú orðaði hann það þannig: Ríkisstj. hefur á döfinni ráðagerðir um það að auka tekjur félagsheimilasjóðs, — og búið. Ég verð að segja, að þetta finnst mér svo loðið, að það er varla hægt að festa hendur á því. Ég hefði að sjálfsögðu verið fús til þess að draga aftur þessa till. um fjáröflun til félagsheimilasjóðs, ef hefði komið fram eitthvað ákveðið frá ríkisstj., en fyrir svona loðnar yfirlýsingar er náttúrlega gersamlega ógerningur að taka till. aftur.

Hæstv. ráðh. færði fram þau rök gegn till. um, að ríkissjóður leggi fram 750 þús. kr., að það hafi ekki verið gert áður, og hann heldur því fram, að það verði að fara sömu leiðir og hingað til hafa verið farnar. Það má ekkert nýtt koma til greina. Ég verð að segja að mér blöskrar þessi íhaldssemi að geta ekki hugsað sér neinar nýjar leiðir í fjáröflun til félagsheimilasjóðs, og ég ætla, að ríkissjóður styrki það margvíslegar framkvæmdir, að það sé engin goðgá að tala um það, að ríkissjóður veiti einnig styrk til félagsheimila.

Ég ætla að nefna dæmi. Ríkissjóður ver alltaf á hverju ári nokkru fé t. d. til íþróttahúsa, til íþróttaleikvanga, þ. e. a. s. veitir fé í íþróttasjóð, og eins og hann veitir styrki til margvíslegra framkvæmda, hvers vegna mætti hann þá ekki styrkja félagsheimilin?

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. sagði, að ekki hefðu áður verið uppi till. hér á Alþingi um það, að búnaðarfélög fengju aðild að félagsheimilasjóði. Það er rétt, að frv. um það munu ekki hafa verið flutt fyrr. Hitt er annað, að fyrir liggja tilmæli frá búnaðarmálastjóra um, að búnaðarfélögum verði veittur aðildarréttur í þessu efni. Hins vegar liggja, að því er ég bezt veit, ekki fyrir neinar óskir af hálfu bandalags opinberra starfsmanna eða einstakra verzlunarfélaga um aðild að þessum sjóði.

Hv. þm. sagði, að sér væri ekki nægileg yfirlýsing mín varðandi fyrirætlanir ríkisstj. um að bæta hag félagsheimilasjóðs. Þó hygg ég mig hafa sagt efnislega séð, þó að orðalag kunni að hafa verið eitthvað annað, nákvæmlega það sama nú og ég hef sagt áður hér í þessari hv. deild, að áður en þessu þingi lýkur, mun ríkisstj. leggja fram till. um nýja löggjöf um skemmtanaskatt, sem í mun felast það, að tekjur félagsheimilasjóðs munu aukast. Þetta hef ég sagt áður, og þetta endurtek ég. Þinginu mun ekki ljúka, án þess að Alþingi fái til meðferðar till., sem munu þýða auknar tekjur félagsheimilasjóðs frá því, sem verið hefur, og þetta er auðvitað mergurinn málsins.

Hitt endurtek ég svo, sem ég sagði áðan, að það er mjög stórt spor að stíga, það er breyting á meginreglu, ef nú á við 3. umr. þessa máls, sem ekki hefur snert fjárhagshliðina, að taka upp alveg nýja stefnu að því er snertir fjárveitingar til félagsheimilasjóðsins. (GTh: Þetta er nú 2. umr.) Ég bið afsökunar á því, ég á ekki sæti í deildinni hér, svo að ég áttaði mig ekki á því, — við 2. umr. — Efni frv. er ekki um fjárhagshliðina, heldur um aðildina, og ég tel óeðlilegt, eins og málið hefur borið að, að flétta inn í það till., sem markar alveg nýja braut að því er varðar fjáröflun til sjóðsins.

Hv. þm. þótti þetta vera nokkur íhaldssemi af minni hálfu og varð fyrir vonbrigðum af því, að ég skyldi andmæla því, að nýjar leiðir væru farnar til þess að afla félagsheimilasjóði tekna. Mér fannst það aðeins vanta hjá honum, að hann segði, að nýjar og frumlegar leiðir væru farnar til að afla félagsheimilasjóði tekna. Ég veit ekki, hvort það getur kallazt ný leið við að afla sjóði tekna að leggja til, að ríkissjóður borgi í sjóðinn. Þetta er gamalt ráð og ofur einfalt og a. m. k. ekki frumlegt. Það hefði verið ný leið, það hefði verið frumleg ráðstöfun, ef hv. þm. hefði borið fram till. og bent á einhvern nýjan tekjustofn fyrir félagsheimilasjóðinn, einhvern tekjustofn, sem væri ónotaður, ef nýta mætti í þessu skyni. Það hefði verið ný leið. Þar hefði getað verið á ferðinni frumleg hugmynd, sem sjálfsagt hefði verið að taka til mjög velviljaðrar athugunar. En þetta, að bera fram till. um að bæta félagsheimilasjóðinn einfaldlega á þann hátt að láta ríkissjóð borga í hann 750 þús. kr., getur hvorki talizt nýtt né frumlegt.

Að síðustu vil ég svo endurtaka það varðandi till. á þskj. 317, að ég tel starfsmannafélög ríkis og sveitarfélaga og verzlunarmannafélögin vera aðila, sem sjálfsagt sé að taka til athugunar að fái aðild að félagsheimilasjóði, einkum ef tækist að bæta fjárhag hans nokkuð myndarlega.

Ég tel, að þessi félög séu algerlega hliðstæð ýmsum þeim félögum, sem nú er gert ráð fyrir að geti verið aðilar að sjóðnum, og þess vegna í alla staði eðlilegt, að þau verði það, þegar það mál hefur verið rækilega undirbúið og fyrir liggja alveg ótvíræðar óskir af hálfu þessara félaga um að gerast aðilar að sjóðnum.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég veitti því athygli, að þegar hæstv. ráðh. mælti gegn till. hv. 6. þm. Reykv. á þskj. 317, þá fann hann það að því máli, að það væri ekki undirbúið. Hins vegar væru hin málin, sem í frv. felast, verkalýðsfélögin og búnaðarfélögin, gamalt baráttumál, sagði hæstv. ráðh.

Ég hefði gjarnan viljað spyrja hann: Hvenær hafa búnaðarfélög og hvaða búnaðarfélög hafa sótt um að fá sérstaka aðild að félagsheimilasjóði? Eins og ég hef getið um margsinnis, veit ég ekki betur en öll búnaðarfélög úti um land séu með öðrum félagasamtökum um félagsheimilin þar. Ég veit ekki betur. En svo veitti ég því eftirtekt, að þegar hæstv. ráðh. var að svara 6. þm. Reykv., voru það aðeins tilmæli frá búnaðarmálastjóra, sem nú liggja fyrir, að búnaðarfélögin yrðu tekin inn. Það liggur nær að halda, að þessi tilmæli frá búnaðarmálastjóra væru komin samkvæmt pöntun, til að breiða yfir verkalýðsfélögin. Það liggur nærri að líta þannig á, því að það getur ekki verið gamalt baráttumál, þó að það séu núna komin einhver tilmæli frá búnaðarmálastjóra um það, að þau fengju aðild að sjóðnum.

Mig undrar það, ef hæstv. ráðh. hefur áhuga fyrir því að bæta hag félagsheimilasjóðs, hvers vegna í ósköpunum hann dregur það að koma fram með frv., sem hann er búinn að marglofa. Hví þarf endilega að hrinda þessu frv. fyrst fram, en hitt komi kannske ekki fyrr en í þinglokin, þannig að það dagi uppi, — mér kæmi það ekkert á óvart?

Ég skil ekki þetta. Hví má þetta mál ekki bíða og sjá, hvernig fjárhagsafkoman leysist? Ég skal síður en svo hafa á móti því að bæta þessum félagasamtökum við, bæði verkalýðsfélögunum og starfsmannafélögum ríkisins og sveitarfélögum og verzlunarmannafélögum, ef sjóðnum er séð fyrir nægilegu fé.

Ég sé ekki, að það hafi neina þýðingu að vera að þessum — ég vil segja skrípaleik, ef ekki kemur nein úrbót hvað fé snertir. Ég skil það ekki. Og þótt það kunni að vera nauðsyn, að þessi félagasamtök í kaupstöðunum — fjölmennu og sterku félagasamtök — fái aðgang að sjóðnum, þá vil ég fullyrða, að nauðsynin er margfalt brýnni í sveitum landsins. Félagasamtökin þar eru ekki eins sterk og þessi fjölmennu félög í kaupstöðum og hafa ekki sömu aðstöðu, en þeim ríður á að koma upp félagsheimilum hjá sér. Víða í sveitum er ekki nokkurt hús til þess að halda samkomu í og því síður að taka á móti góðum leikkröftum eða öðrum listamönnum. Þetta er það, sem háir sveitunum mest. Þess vegna er þörfin þar brýnust, og mér finnst, að það eigi sannarlega að ganga fyrir fyrst og fremst að koma upp félagsheimilum í sveitunum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég kemst ekki hjá að vekja athygli á því, að ræða hv. þm. V-Sk. verður ekki skilin öðruvísi en þannig, að hann sé á móti málinu í heild algerlega.

Þegar málið var til 1. umr. og það átti aðeins að ná til verkalýðsfélaga og búnaðarfélaga, andmælti hann málinu einnig. Nú, þegar hv. 6. þm. Reykv. hefur flutt till. um að bæta tveimur félagasamtökum við enn, sækir hann mjög í sig veðrið og þá væntanlega fyrst og fremst gagnvart flokksbróður sínum og segir, að hér sé verið að leika skrípaleik. Hann segir, að við hv. 6. þm. Reykv. séum hér að leika skrípaleik með því að ætlast til þess, að nokkrar breytingar verði gerðar á félagsheimilalögunum. Þessu vildi ég fyrir hönd okkar beggja hv. 6. þm. Reykv., sem báðir erum Reykjavíkurþingmenn, andmæla mjög eindregið.

Hér er ekki um neinn skrípaleik að ræða. Hér er um það að ræða, hvort bæta eigi við nýjum aðildarfélögum, og ég segi það, að þó að þeim öllum yrði bætt við, mundi það að engu leyti skerða hag sjóðsins. Spurningin er um það eitt, hvort eigi að bæta tveimur tilteknum félagasamtökum eða fjórum tilteknum félagasamtökum við.

Rök mín fyrir því að láta við það sitja í þetta skipti að bæta aðeins tveimur við eru einfaldlega þau, að það er gamalt áhugamál þeirra. Fyrir því hefur áður verið barizt, sérstaklega að því er snertir verkalýðsfélögin, og það liggja fyrir óskir um það frá forustuaðilum búnaðarsamtakanna, að búnaðarfélögin verði líka aðilar að málinu. Mér vitanlega liggja hins vegar ekki fyrir óskir um það frá hinum aðilunum, sem hv. 6. þm. Reykv. hefur tekið upp á sína arma, svo að ég tel það ekki knýjandi nauðsyn að gera nú þegar ráðstafanir í þá átt. En ég er reiðubúinn til að ljá því máli lið á síðara stigi málsins, þegar það hefur verið betur undirbúið.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. var rétt nýlega búinn að ljúka því að mæla gegn till. á þskj. 316, að félagsheimilunum sé séð fyrir fé til viðbótar því, sem er nú, en það tel ég skrípaleik að vera að fjölga félagasamtökum, sem eiga rétt til sjóðsins, en neita sjóðnum um aukið fé.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Út af þeirri till., sem flutt er nú um 750 þús. kr. framlag til félagsheimilasjóðs, vil ég segja það, að ég er alveg sammála hv. þm. V-Sk. um, að það verður að auka fé sjóðsins. Ég hef sagt þetta áður og vil undirstrika það nú. En mér kemur það dálítið kynlega fyrir sjónir, þar sem hann, sem hefur þennan mikla áhuga á þessu, á sjálfur sæti í fjvn., að þaðan skyldi ekkert koma um þetta. (**JK:** Nú, kom ekkert?) Þessar 750 þús.? (**JK:** Ein milljón). Nú, er þetta ekki viðbót. (Gripið fram í.) Með öðrum orðum, hv. fjvn. er þá búin að fjalla um málið og þar með eru þeir aðilar, sem eiga fyrst og fremst að fjalla um fjárveitingar til sjóðsins, búnir að segja sitt. Til hvers er þá að koma með þetta, sem á þó ekki að koma fyrr en á næsta ári, og áður en

til þess kemur, kemur þó væntanlega fjvn. til þess að ákveða fjárframlög það ár, svo að ekki leysir það fjárhag sjóðsins á þessu ári?

En þó að ég greiði atkv. gegn þessu, þá er það af því, að ég treysti þeirri yfirlýsingu hæstv. menntmrh., að hér verði séð fyrir auknu fé handa sjóðnum, og þess vegna og á þeirri einu forsendu greiði ég atkv. gegn þessari till., en ekki af því, að ég sé á móti auknu fé til félagsheimilasjóðs.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. sagði hér áðan, þegar hann gerði að umræðuefni till. þá, sem hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. V-Sk. flytja um aukið fjárframlag ríkissjóðs til félagsheimilasjóðs, að þetta væri mjög ófrumleg leið til tekjuöflunar fyrir sjóðinn; hitt hefði verið frumlegt, að benda á nýjar leiðir, nýjan tekjustofn til handa sjóðnum.

Ég get ekki varizt því að minna á það í þessu sambandi, að fyrir örstuttum tíma benti ég hæstv. menntmrh. einmitt á leið til þess að auka tekjur félagsheimilasjóðs. Það gerði ég í sambandi við umr. í Sþ. um mál, sem snerti þjóðleikhúsið og úrræði til að afla því aukinna tekna til þess að gera starfsemi þess fjölbreyttari. Ég benti á það, að mikill hluti kvikmyndahúsrekstrar í landinu greiddi nú ekki skemmtanaskatt. Með því að láta öll kvikmyndahús landsins sitja við sama borð gagnvart skemmtanaskatti, væri hægt að auka tekjur félagsheimilasjóðs um miklu hærri upphæð, það mætti tvöfalda þá upphæð a. m. k., sem gert er ráð fyrir í þeirri brtt., sem hér liggur fyrir frá hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. V-Sk. Ég minnist þess ekki, að hæstv. menntmrh. tæki þessari ábendingu minni fegins hendi. Hann viðurkenndi að vísu, að það væru vissir gallar á því, að nokkur hluti kvikmyndahúsrekstrarins í landinu væri ekki skattskyldur til félagsheimilasjóðs, en hann lagði meiri áherzlu á að benda á þá agnúa, sem á því væru að skattleggja þennan hluta kvikmyndahúsrekstrarins, heldur en að koma til móts við mig og sameinast mér í baráttu fyrir því að skattleggja allan kvikmyndahúsrekstur og afla þar með stóraukinna tekna í félagsheimilasjóð.

Ég verð að segja það, að ég er dálítið tortrygginn gagnvart yfirlýsingu hæstv. ráðh., sem hann gefur nú um það, að áður en þessu þingi ljúki, skuli frv. um skemmtanaskatt, er þýði auknar tekjur í félagsheimilasjóð, verða lagt fram, þegar ég hef það í huga, að hann hefur í fyrsta lagi snúizt gegn þeirri till., sem hér liggur fyrir um beint framlag úr ríkissjóði, og þegar stjórnarliðið hefur einnig snúizt gegn tillögum frá sjálfstæðismönnum í fjvn. í þeim efnum og þegar hæstv. ráðh. hefur tekið með tómlæti ábendingu minni um, að það fyrsta, sem þyrfti að gera til þess að efla félagsheimilasjóð, væri að skattleggja allan kvikmyndahúsrekstur í landinu á sama hátt til sjóðsins.

Það má hver lá mér sem vill, þó að ég sé nokkuð tortrygginn gagnvart þessari yfirlýsingu hæstv. ráðh., enda þótt ég voni í lengstu lög, að úr þessu verði, að hæstv. ráðh. leggi fram á þessu þingi frv., sem tryggi auknar tekjur í félagsheimilasjóð, því að þrátt fyrir allt efast ég ekkert um, að hann vill vel í þessu máli. Ég veit, að hann skilur það, að félagsheimilasjóður þarf á auknum tekjum að halda — og ég tek algerlega undir það, sem hv. þm. V-Sk. sagði hér áðan, fyrst og fremst til þess að bæta aðstöðu félagslífsins í dreifbýlinu. Það er vissulega nauðsynlegt að styrkja ýmis samtök þéttbýlisins til að koma sér upp samkomuhúsum og félagsheimilum, en nauðsynin er ekki eins knýjandi og brýn neins staðar og einmitt í sveitunum og dreifbýlinu. Við, sem höfðum á sínum tíma forgöngu um stofnun félagsheimilasjóðs, höfðum fyrst og fremst í huga dreifbýlið, sveitirnar og hin smærri kauptún og sjávarþorp víðs vegar um land. Reynslan sannar, að það er þar, sem erfiðleikarnir eru fyrst á því að koma þessum félagstækjum upp. Í kaupstöðunum yfirleitt, hinum stærri kaupstöðum og þá fyrst og fremst hér í Rvík, hafa yfirleitt risið sæmileg samkomuhús undir forustu margvíslegra félagasamtaka, sem þar hafa starfað. Þéttbýlið hefur betri skilyrði til þess að skapa félagslífi góða aðstöðu heldur en strjálbýlið.

Í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, vildi ég aðeins segja það, sem ég sagði í hv. Nd. fyrir einu eða tveimur árum, þegar flutt var frv. um að bæta verkalýðsfélögunum inn í lögin, að að sjálfsögðu er ég ekki á móti því, að verkalýðsfélög fái aðstoð til þess að bæta aðstöðu sína í sínu þýðingarmikla starfi; og það væri ákaflega æskilegt, að þau gætu orðið aðilar að félagsheimilasjóði, sjálfstæðir aðilar. En ég vil bara benda á það, sem einnig hefur komið hér fram áður, að ég held í vel flestum byggðarlögum landsins, þar sem reist hafa verið félagsheimili, hafa verkalýðsfélögin og sums staðar meira að segja búnaðarfélögin líka verið aðilar að þessum stofnunum. Það þarf þess vegna í raun og veru enga lagabreytingu til þess, að þau geti verið aðilar ásamt öðrum að þessum byggingum og að þessum stofnunum. Hins vegar þarf náttúrlega lagabreytingu til þess, að þessi félagasamtök geti ein fengið styrki úr félagsheimilasjóði, og það er það, sem raunverulega er að gerast hér með þessu frv., sem hæstv. ríkisstj. hefur nú lagt hér fyrir. Það er verið að leggja til, að verkalýðsfélög og búnaðarfélög geti ein sjálfstætt fengið styrki úr félagsheimilasjóði til byggingar félagsheimila, vegna þess að á undanförnum árum, allt frá því að félagsheimilasjóður var stofnaður, hafa þessi samtök getað verið aðilar með öðrum félagasamtökum að því að byggja félagsheimili.

Ég get ekki varizt því, að mér virðist, að þetta frv. sé hálfgert yfirborðsfrumvarp, einmitt vegna þess, sem ég nú hef sagt. Ég vil hins vegar ekki snúast gegn frv. Ég tel bara, að það beri öfugt að. Fyrst átti hæstv. ríkisstj. að tryggja auknar tekjur til félagsheimilanna. Þegar hún af myndarskap hafði gert það, tryggt verulega auknar tekjur til byggingar félagsheimila í landinu, var ef til vill ekki óeðlilegt að hún kæmi og fjölgaði þeim aðilum, sem sjálfstætt gætu ráðizt í byggingu þessara stofnana. En hún hefur alveg öfugan hátt á. Fyrst

fjölgar hún aðilunum, síðan gefur hún loðin loforð, sem við þó skulum vona, að verði efnd, um það, að tekjur sjóðsins skuli auknar.

Ég álít, að kjarni þessa máls og það, sem langsamlega sé þýðingarmest, sé ekki að fjölga aðilunum í bili, vegna þess að þessir aðilar, sem hér eru nefndir, hafa með öðrum getað staðið að byggingu félagsheimila, heldur hitt, að auka tekjur sjóðsins. Ég mundi fylgja frv., ef brtt. hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. V-Sk. um aukið fé yrði samþykkt, ella ekki. Við sjálfstæðismenn erum hér fyrst og fremst að tala málstað strjálbýlisins, standa vörð um félagsheimilasjóð og raunverulega framkvæmdamöguleika hans, raunverulega möguleika hans til þess að bæta aðstöðu þess fólks, sem mest þarf á aðstoð að halda til sköpunar sæmilegra skilyrða til eflingar heilbrigðs félagslífs í landinu.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég tel fulla ástæðu til þess að gera grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli.

Ég hef rekið mig á það á undanförnum árum og ekki síst á s. l. ári, að félagsheimilasjóður hefur verið févana til þess að geta veitt þann stuðning við byggingu félagsheimila í dreifbýlinu, sem honum er ætlað að gera og er nauðsynlegt að hann geri. Á s. l. ári gat hann ekki borgað eyri, hvað þá meira, til fátækra byggðarlaga, sem eru að reisa sér félagsheimili. Þetta er staðreynd. Hitt er og staðreynd, að með því að fjölga þeim aðilum, sem geta út af fyrir sig byggt félagsheimili, staðið ein að því, og gefa þeim kröfur á félagsheimilasjóðinn, er verið að íþyngja sjóðnum og fjarlægja það, að hann geti lagt lið þeim, sem minni máttar eru, og þeim, sem sérstaklega hefur verið hugsað fyrir, þegar lögin voru sett, eins og hv. þm. N-Ísf. gerði grein fyrir. Það er víst mál, að í strjálbýlinu, sveitunum og smærri kaupstöðum, hvað þá kauptúnum standa öll félagssamtök að byggingu félagsheimila, og þau þurfa þess ekki með, að lögin séu breikkuð í þessu efni, eins og till. eru nú gerðar um. Hins vegar er það, að stærstu kaupstaðirnir og þá sérstaklega Reykjavík fá aukinn kröfurétt á sjóðinn, með því að verkalýðsfélög og verzlunarmannafélög og starfsmannafélög ríkisins og sveitar- og bæjarfélaga verði löggiltir aðilar.

Það er áreiðanlegt, að verkalýðsfélög, starfsmannafélög sveitarfélaga og verzlunarmannafélög munu jafnvel hvergi gefa sig fram öðruvísi en í félagi við önnur félagssamtök nema í Rvík.

Afstaða mín er því sú, að ég geri það með semingi og af stjórnarhollustu að fylgja því frv., sem hér liggur fyrir. En ég teldi það fjarstæðu af mér að fylgja þeirri till., sem borin er fram af hv. 6. þm. Reykv. um ríkis-, bæjar- og sveitarfélagastarfsmannasamtökin og verzlunarmannasamtökin. Svo langt vil ég ekki ganga í því að gefa félagasamtökum þéttbýlisins, sem yfirleitt hafa betri úrræði en dreifbýlisfólkið, rétt til þess að eiga kröfu á sjóðinn.

Ég er algerlega sammála hv. þm. V-Sk. um nauðsynina á að auka tekjur sjóðsins. Sú nauðsyn er mikil, þó að ekki væri breikkað verksvið hans. Hún er mjög mikil. En ég tel ekki heppilegt að auka tekjur hans á þann hátt að ætla ríkissjóði að leggja honum tillag. Ég tel miklu heppilegra að gera það á annan hátt og láta yfirleitt, eins og ætlazt er til með núverandi tekjuöflun sjóðsins, skemmtanalífið í landinu bera uppi félagslega í heild þessa þörf, og ég treysti því, sem hæstv. menntmrh. hefur hér yfir lýst hvað eftir annað, að áður en þessu þingi lýkur komi fram till., sem tryggi það, að sjóðurinn fái auknar tekjur og það ekki minna auknar en nemur því, sem till. þeirra hv. 6. þm. Reykv. (GTh) og þm. V-Sk. (JK) gerir ráð fyrir.

Með þessum orðum þykist ég hafa gert grein fyrir atkvæði mínu.

ATKVGR.

Brtt. 317 felld með 6:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GTh, JJós, JK, SÓÓ.

nei: GeirG, FS, EggÞ, KK, SE, BSt.

FÞ, PZ, SB, AG, BjörnJ greiddu ekki atkv.

2 þm. (HermJ, BjörgJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Alfreð Gíslason: Ég er samþykkur því, að starfsmannafélög ríkis og sveitarfélaga verði aðilar í þessu efni, en tel óþarft, að verzlunarmannafélög séu talin þarna með, enda munu þau flest vera í verkalýðsfélögunum, og því sé ég mér ekki fært að greiða atkvæði og sit hjá.

Bernharð Stefánsson: Ég tel í sjálfu sér þessa till. alveg óþarfa. Í frv. sjálfu er gert ráð fyrir því, að hvers konar félagasamtök til almenningsheilla geti verið með í félagsheimili og þá einnig þær félagsheildir, sem till. fjallar um, eins og önnur félög. Hef ég áður lýst skoðun minni á því, að það nái ekki nokkurri átt annað en að félögin sameini sig um félagsheimili, þau félög, sem fyrir eru í hverju byggðarlagi, en ekki sé verið að byggja félagsheimili fyrir hvert einstakt félag. Ég segi nei.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 316 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FÞ, GTh, JJós, JK, SB, SÓÓ.

nei: AG, BjörnJ, GeirG, FS, EggÞ, KK, SE, BSt.

PZ greiddi ekki atkv.

2 þm. (BjörgJ, HermJ) fjarstaddir.

1. þm. gerði svo hljóðandi grein fyrir atkv.:

Björn Jónsson: Herra forseti. Þar sem því er margyfirlýst, að ríkisstjórnin hafi í undirbúningi löggjöf, sem muni auka tekjur félagsheimilasjóðs, og þar sem ég treysti því, að þessi viðleitni ríkisstj. muni ekki bera minni árangur til þess að auka tekjur sjóðsins heldur en gert er ráð fyrir í þessari brtt. og samþykkt hennar kynni því að spilla fyrir því, að hann fengi nægilegt fé til umráða, þá segi ég nei.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 257, 319).

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt öðrum þingmönnum Sjálfstfl. hér í hv. þd. að flytja brtt. á þskj. 319 við frv. það, sem hér liggur fyrir til umr.

Eins og kunnugt er, fluttu hv. 6. þm. Reykv. (GTh) og hv. þm. V-Sk. (JK) brtt. um það við 2. umr. þessa máls, að ríkissjóður greiði félagsheimilasjóði 750 þús. kr. á ári. Vildu þeir með þessari brtt. freista þess að auka möguleika sjóðsins til þess að rækja hlutverk sitt, eða a. m. k. koma í veg fyrir, að bolmagn hans minnkaði, eftir að sú breyting hefur verið gerð á l., sem í frv. þessu felst. Þessi brtt. var felld. Við þm. Sjálfstfl. hér í hv. efri deild höfum talið nauðsynlegt að gera enn eina tilraun til þess að koma í veg fyrir, að starfsmöguleikar félagsheimilasjóðs verði á næstunni skertir verulega. Við höfum þess vegna leyft okkur að leggja fram till. um það, að á eftir 1. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:

„Fari rekstrarhagnaður Áfengisverzlunar ríkisins fram úr áætlun fjárlaga árið 1957, skal það, sem umfram er, renna í félagsheimilasjóð, þó ekki yfir 1.5 millj. kr."

Við teljum, að með þessari brtt. sé farin sanngjörn og skynsamleg leið til þess að efla félagsheimilasjóð og koma í veg fyrir, að það frv., sem hér liggur fyrir til umr. og væntanlega verður samþ., verði til þess að rýra starfsmöguleika sjóðsins.

Í till. er gert ráð fyrir því, að það, sem fram yfir er áætlaðan rekstrarhagnað af rekstri Áfengisverzlunar ríkisins á þessu ári, renni til félagsheimilasjóðs, þó ekki meira en 1.5 millj. kr. á ári.

Á s. l. ári, árið 1956, varð hagnaður af áfengisverzluninni samtals 79.6 millj. kr., eða tæpar 80 millj. kr. Nú hefur verðlag á „afurðum" fyrirtækisins, ef svo mætti að orði komast, verið hækkað verulega, ég hygg um eða yfir 10%. Allar líkur benda til þess, að nú á þessu ári, eins og svo að segja alltaf áður, muni tekjur áfengisverzlunarinnar fara fram úr áætlun, en þær eru á fjárl. yfirstandandi árs áætlaðar 85 millj. kr.

Með þessari till. er ekki gert ráð fyrir að svipta ríkissjóð neinum þeim tekjum, sem gert er ráð fyrir í fjárl., og það er ekki lagt heldur til, að honum sé bakaður neinn útgjaldaauki. Hér virðist því vera fundin mjög góð og nokkurn veginn örugg leið til þess að efla félagsheimilasjóð, sem allir vilja kalla sitt óskabarn, enda þótt framkoma þeirra við barnið sé nokkuð misjöfn.

Ég leyfi mér þess vegna að vænta þess, að þessi brtt. okkar verði samþ., og ekki síst vegna þess, að hæstv. menntmrh. lýsti hér mjög eftir því í gær, við 2. umr. um þetta mál, að ábendingar yrðu fram settar um nýjar og jafnvel „frumlegar" leiðir til þess að afla félagsheimilasjóði nýrra tekna.

Í þessu sambandi vildi ég aðeins gefa nokkrar upplýsingar um starfsemi félagsheimilasjóðs, sem gagnlegt er að fyrir liggi, þegar hv. þm. greiða atkv. um þá brtt., sem hér liggur fyrir. Af þessum upplýsingum kemur það m. a. í ljós, hversu geysiþýðingarmiklu hlutverki þessi sjóður gegnir og hversu nauðsynlegt það er að tryggja heilbrigða starfsemi hans.

Frá því er lögin um félagsheimilasjóð tóku gildi 1. jan. 1948, hafa samtals verið veittir styrkir til 91 félagsheimilis, og upphæðin, sem til þessara bygginga hefur verið veitt, er 11.9 millj. kr. Hluti félagsheimilasjóðs af skemmtanaskatti nam á árinu 1955 rúmlega 1.6 millj. kr. Það liggja ekki fyrir endanlegar skýrslur um, hve mikill hluti sjóðsins hefur orðið á s. l. ári, en það er áætlað, að hann muni a. m. k. verða 1.7 millj. kr.

Eins og kunnugt er, fékk félagsheimilasjóður fyrsta árið, sem hann starfaði, 50% af skemmtanaskattinum. Þá var lögunum breytt, og samkvæmt þeirri breytingu fékk félagsheimilasjóður 40% af skattinum. Hélzt sú skipan í 2 ár, eða til ársins 1951. Þá var enn höggvið í þennan sama knérunn og hluti félagsheimilasjóðs lækkaður niður í 35%.

Ég álít, að einmitt með hliðsjón af þessu, að Alþ. hefur sífellt verið að rýra tekjur félagsheimilasjóðs, beri því nú að gera nokkra yfirbót, gera nú myndarlegt átak til þess að efla sjóðinn að nýju. Til þess ber vissulega brýna nauðsyn. Í byggingu eru nú 55 félagsheimili í landinu. Af þeim er 13 að verða lokið og sumpart að fullu lokið. Byggingu allra þessara félagsheimila hefur sjóðurinn stutt, en þar að auki liggja fyrir hjá sjóðsstjórninni í dag 42 umsóknir, sem engin leið er til þess að sinna og verður að vísa frá í bili.

Af þessu sést, hversu geysibrýn nauðsyn er á því að efla sjóðinn. Því miður er ekki að því stefnt með því frv., sem hér liggur fyrir. Þvert á móti er gert ráð fyrir því að gera fleiri aðila hæfa til þess að fá sjálfstæða byggingarstyrki úr sjóðnum.

Ég þarf ekki að taka það fram, sem kom fram í ræðu minni við 2. umr. og einnig hjá öðrum hv. þm., sem hér hafa talað, að því fer víðs fjarri, að við, sem teljum þetta frv. varhugavert, séum með því að fjandskapast við byggingu félagsheimila af hálfu búnaðarfélaga og verkalýðsfélaga. Við höfum þvert á móti bent á það, að verkalýðsfélögin hafa á mörgum stöðum úti um land verið með í byggingu félagsheimila. Með þessu frv. er lagt til, að þau geti sem sjálfstæðir aðilar fengið styrk úr félagsheimilasjóði, og ég mundi síst hafa á móti því, ef sjóðurinn hefði fjárhagslegt bolmagn til þess. En það er alveg rétt, sem hv. þm. S-Þ. sagði hér í gær, að með þessu frv. er verið að lögbinda það eitt í raun og veru að því er varðar verkalýðsfélögin, að stærstu verkalýðsfélögin hér í Reykjavík eigi rétt á því að fá sjálfstæðan styrk úr sjóðnum. Á öðrum stöðum á landinu hafa verkalýðsfélögin verið með öðrum félagasamtökum og munu halda áfram að vera það, því að þau hafa ekki bolmagn til þess að ráðast ein í slík stórfyrirtæki. En það er einna helzt hér í Reykjavík, sem slíkt gæti átt sér stað.

Ef hv. þd. samþ. þá brtt., sem við sjálfstæðis-

menn flytjum hér um að bæta starfsskilyrði félagsheimilasjóðs til þess að mæta þeim nýju viðhorfum, sem skapast með samþykkt þessa frv., þá mundi ég treysta mér til þess að fylgja þessu frv., því að þá væri lagður raunverulegur grundvöllur að því, að eitthvert gagn yrði að slíkri lagasetningu. Eins og frv. er nú, er það gersamlegt yfirborðskák, sem engum kemur að gagni, en getur orðið til ills. Hv. þm. S-Þ., sem talaði hér í gær, en nú er hér fjarstaddur, hafði á þessu mjög glöggan skilning og hann lýsti því hreinlega yfir, að hann væri mótfallinn frv., en greiddi því atkv. „af hollustu við sína ríkisstjórn". Ég veit, að mörgum öðrum hv. stjórnarstuðningsmönnum er svipað innanbrjósts.

Ég vil nú skora á þessa hv. þm., sem svo mikla stjórnarhollustu vilja sýna að samþykkja mál, sem þeir eru á móti og telja yfirborðsmál, að samþykkja þá þessa brtt., sem gerir þetta mál allt miklu raunhæfara en það nú er.

Ég vil svo leyfa mér að beina því til hæstv. forseta, að þar sem mjög illa er mætt í hv. þd. í dag, þá verði atkvgr. um málið frestað til mánudags, þó að umr. verði lokið.

Ég vil aðeins að lokum geta þess, að hv. n., sem um þetta mál hefur fjallað, hefur ekki látið svo lítið að senda stjórn félagsheimilasjóðs frv. til umsagnar. Ég mundi hafa talið, að ekki færi illa á því, að stjórn þess sjóðs, sem hér á hlut að máli, yrði til kvödd og fengi að segja álit sitt á frv., og það mun yfirleitt vera háttur þingnefnda að senda þeim aðilum, sem þingmál snertir sérstaklega, þau til umsagnar.

Ég veit ekki, hvort hæstv. forseti treystir sér til þess, úr því sem komið er meðferð málsins hér í hv. þd., að beina því til hv. menntmn., að hún sendi frv. til umsagnar stjórnar félagsheimilasjóðs. Það er að vísu venjulegra, að slíkt sé gert fyrir 2. umr., meðan n. fjallar um mál. En þar sem hv. n. hefur orðið það á í messunni að gera þetta ekki, þá virðist mér, að hæstv. forseti gæti hæglega beint því til n. að senda málið til umsagnar stjórnar félagsheimilasjóðs, sem ég er fullviss um að mundi snúast snarlega við og ekki láta bíða lengi eftir áliti sínu.

Forseti (BSt): Út af því, sem hv. þm. N-Ísf. beindi til mín, skal ég taka það fram, að ég veit engin dæmi til þess, að forseti sendi þingmál til eins eða annars, mál, sem n. er að fjalla um og hefur til meðferðar, svo að ég býst ekki við, að ég geti orðið við bón hans um þetta. Hins vegar hefur formaður þeirrar n., sem fjallaði um málið, heyrt þessi tilmæli og aðrir nefndarmenn og taka það sjálfsagt til greina, ef þeim finnst það nauðsynlegt.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru örfá orð út af brtt. á þskj. 319, sem mér skilst að sé eins konar fleygur í málið. Það er þess að gæta, að þegar fjárl. eru afgreidd, þá er gengið frá tekjuhlið og gjaldahlið eftir áætlunum í mörgum greinum, því að ekki eru nándar nærri allar fjárhæðir á gjaldahlið fjárl. fastákveðnar, heldur er mjög mikið af þeim áætlunarfjárhæðir. Af þessu leiðir, eins og reynslan ólygnust sýnir, að hversu vel sem á hefur verið haldið, hafa ætíð orðið nokkrar umframgreiðslur, stundum mjög miklar. Því er áreiðanlegt, að fari tekjur fjárl. ekki fram úr áætlun, þá er alveg vonlaust, að hallalaus ríkisbúskapur geti orðið. Það er þess vegna meira en hál braut að fara inn á, ef hv. Alþ. ætlaði, þegar búið væri að ganga frá fjárlögum, að fara að ráðstafa einstökum tekjustofnum ríkissjóðs í annað. Slíkt væri með öllu óhæfileg afgreiðsla og hlyti að leiða til stórra óhappa, því að fjárlögin eru beinlínis byggð á því, að það verði einhverjar umframtekjur. Það er óhugsandi, að þau geti staðizt öðruvísi. Þetta er vitaskuld flm. þessarar till. mætavel ljóst, þó að þeir kasti henni fram til þess að sýna í stjórnarandstöðunni, hvað þeir séu miklu skeleggari um framlög heldur en þeir, sem eiga að bera ábyrgð á fjárhag ríkisins. En till. er á hinn bóginn náttúrlega í samræmi við annan þeirra tillöguflutning í sambandi við flest mál um þessar mundir.

Ég vil þess vegna mjög alvarlega biðja hv. dm. að hafa það í huga, að við erum nýbúnir að afgreiða fjárlögin með samtökum meiri hl. og að það mundi valda stóróhöppum, ef farið væri að fleyga fjárlögin, eins og gert væri í raun og veru, ef slíkar till. sem þessar væru samþykktar.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. þm. N-Ísf. (SB) átaldi mjög menntmn. fyrir afgreiðslu málsins hvað það snerti, að hún hefði ekki sent frv. til umsagnar stjórn félagsheimilasjóðs. Ástæðan fyrir því, að það var ekki gert, er sú, að það er engin sérstök stjórn fyrir félagsheimilasjóði önnur en ráðherra. Þetta er þannig orðað í lögunum um félagsheimilasjóð, 3. gr., þ. e. lögum nr. 77 frá 5. júní 1947: „Stjórn félagsheimilasjóðs er í höndum menntmrh." o. s. frv. Frv., sem liggur hér fyrir, er stjórnarfrv., svo að það að senda frv. stjórn sjóðsins er að senda ráðh. það. Hins vegar hefur ráðh. ráðunauta, sem eru íþróttanefnd ríkisins og fræðslumálastjóri. Þeir höfðu áður sent umsögn sína um sams konar frv., og sú umsögn lá fyrir n., svo að okkur var alveg kunnugt um sjónarmið þessara ráðunauta ráðherrans.

Ég get ómögulega séð, að það sé réttmæt ádeila á n., þetta, sem þarna kom fram, þar sem stjórn sjóðsins er í höndum ráðh. og ráðh. flytur málið. Ég held, að þetta hljóti að vera misminni eða á misskilningi byggt.

Út af því, að þörf sé á að vísa málinu aftur til n., hef ég út af fyrir sig ekkert á móti því í sjálfu sér, en við 2. umr. nefndi einn hv. þm. þetta, það var hv. þm. V-Sk. (JK), hann impraði á því, en hann flutti enga till. um það, og þar af leiðandi kom það ekki einu sinni til atkv., hvort því skyldi vísað aftur til n. Nú skilst mér, að hv. þm. N-Ísf. vilji, að þetta sé gert, og ég hef ekkert á móti því, en þá er náttúrlega að láta d. skera úr um það.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Það voru fyrst og fremst orð hæstv. fjmrh., sem gáfu

mér tilefni til þess að segja nokkur orð. Ég sé nú, að hæstv. ráðh. er genginn af fundi. Mér væri þökk á því, ef hæstv. forseti vildi hlutast til um það, að hann yrði viðstaddur.

Ég vil á meðan leiðrétta þann misskilning, sem kom fram hjá hæstv. forseta, að ég ætlaðist til þess af honum, að hann færi að senda málið til umsagnar stjórnar félagsheimilasjóðs. Ég beindi þeim tilmælum til hans, að hann hlutaðist til um það við þá hv. n., sem um málið hefur fjallað, að málið yrði samkv. venju sent til umsagnar þess aðila, sem það snertir svo mjög sem raun ber vitni. Ef hv. formaður menntmn. er því samþykkur, að málinu verði vísað aftur til n. nú við þessa 3. umr., þá mundi ég telja það mjög vel farið, að það yrði gert, og að hv. n. mundi þá senda stjórn félagsheimilasjóðs frv. og leita álits hennar um það.

Hv. þm. Barð. (SE) gerði sig sekan hér um mikinn misskilning. Hann fullyrðir, að það sé engin stjórn í félagsheimilasjóði, í lögunum standi, að ráðh. stjórni sjóðnum og ráðstafi. Ég veit, að hv. þm. Barð. hlýtur bókstaflega að vita það, að framkvæmdin á lögunum hefur frá upphafi verið sú, að það hefur verið sérstök stjórn, sem hefur haft með ráðstöfun sjóðsins að gera. Ég held jafnvel, að ráðh. hafi varla komið nálægt úthlutun á fé úr sjóðnum. Ég held, að stjórn íþróttasjóðsins ásamt fræðslumálastjóra hafi verið þar algerlega einráð. Það er e. t. v. ekki ótrúlegt, að ráðh. hafi endanlega lagt blessun sína yfir úthlutunina úr sjóðnum, en að hann hafi unnið að henni að formi til eða í reynd, það er hinn mesti misskilningur. Það er ekkert auðveldara en að finna þessa stjórn félagsheimilasjóðs. Hún er til húsa á skrifstofu fræðslumálastjóra. Þangað eru henni sendar umsóknir og önnur erindi, og þarf ekki um það að hafa fleiri orð, enda kom það líka í ljós hjá hv. þm., að hann vitnaði í umsögn frá þessari sömu stjórn. Hann vitnaði í umsögn um svipað frv. Það er rétt, að það hefur legið fyrir frv. um að gera verkalýðsfélög aðila að þessum sjóði. En það hefur aldrei legið fyrir frv. eins og það, sem hér liggur fyrir, um að tveimur aðilum skuli bætt þar við, sem sagt bæði búnaðarfélögum og verkalýðsfélögum. Þess vegna er fyllsta ástæða til þess að leita nýrrar umsagnar stjórnar félagsheimilasjóðs, og ég vil vænta þess, að þetta mál fari ekki út úr hv. þd., án þess að þess álits verði leitað.

Ég sé nú, að ég er búinn að missa af hæstv. fjmrh. að nýju, en það, sem ég vildi segja af tilefni hans orða, er þetta: Það er misskilningur, sem kom fram í ræðu hæstv. ráðh., að með brtt. okkar sé lagt til, að ráðstafað skuli einstökum tekjuliðum fjárlaga. Ég benti á það í frumræðu minni hér, að það væri ekki gert ráð fyrir því, að hreyft skuli við þeirri áætlunarupphæð um hagnað af rekstri Áfengisverzlunar ríkisins, sem stendur í fjárlögum. Þvert á móti er lagt til, að það, sem fram yfir verður áætlunarupphæðina, þó ekki yfir 1.5 millj. kr., verði látið renna í félagsheimilasjóð til þess að mæta þeim auknu byrðum, sem á hann eru lagðar með þessu frv., og til þess að efla starfsemi hans að öðru leyti.

Þegar hæstv. fjmrh. er með skæting til okkar sjálfstæðismanna í þessu sambandi, vegna þess að við viljum efla þennan sjóð með þessum hætti, sem hér er lagt til, þá mætti nú beina því til hæstv. ráðh., að hann ætti að halda sér sjálfur betur við áætlun fjárlaga en raun ber vitni á undanförnum árum, áður en hann fer að ásaka núverandi stjórnarandstöðu fyrir gálauslegan tillöguflutning og uppástungur um fjárveitingar og ráðstöfun á fé og tekjum ríkissjóðsins. Ég held, að það sé nokkuð augljós staðreynd, að á undanförnum árum, þegar þessi hæstv. ráðh. hefur stýrt fjármálum ríkissjóðs, hafa orðið stórkostlegar umframgreiðslur frá því, sem gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Ég veit, að í mörgum tilfellum hafa slíkar umframgreiðslur verið nauðsynlegar. Í öðrum tilfellum hafa þær alls ekki verið nauðsynlegar, og fjármálaráðherra hefur hagað greiðslum úr ríkissjóði rétt eins og honum sýnist án tillits til þess, hvað fjárlög hafa sagt. Þetta vita allir hv. þm. Þess vegna situr það ákaflega illa á hæstv. fjmrh. að vera að setja skæting í okkur sjálfstæðismenn fyrir það að flytja till. um stuðning við eitt mesta nauðsynjamál strjálbýlisins með þeim hætti, sem till. okkar ber með sér, að ekki er lagt til, að hreyft verði við neinum tekjulið fjárlaga, aðeins gert ráð fyrir því, að hluta hagnaðar af einni ríkisstofnun umfram það, sem gert er ráð fyrir í fjárlögum, verði varið í þessu skyni.

Í öðru lagi má svo benda á það, að reynslan sýnir og sannar, að á undanförnum árum hafa tekjur ríkisins af áfengisverzluninni alltaf farið stórkostlega fram úr áætlun fjárlaga. Því fer þess vegna víðs fjarri, að hér sé um nokkurt ábyrgðarleysi eða yfirboð að ræða af hálfu flm. þessarar brtt.

Ég verð svo að segja það, að ég hafði ekki búizt við því af hv. framsóknarmönnum, að ég mundi þurfa að standa í stórkostlegri baráttu við þá um félagsheimilasjóð. Þeir voru á sínum tíma eindregnir stuðningsmenn þessarar stofnunar og menn úr þeirra hópi meðal forustumanna fyrir því, að félagsheimilasjóður var stofnaður. Það virðist nú sem sagt á ógæfuhliðina fyrir þessum ágæta flokki. Ég veit ekki, hvað veldur. Kannske sá félagsskapur, sem hann er í um þessar mundir?

Ég vil svo að lokum endurtaka áskorun mína til hv. þdm. um að samþ. þessa brtt. Ég veit, að hún á raunverulegt meirihlutafylgi hér í hv. þd. Það kom greinilega í ljós af ummælum hv. þm. S-Þ. í gær, þegar hann lýsti því yfir, að hann væri mótfallinn þessu máli, en hann greiddi atkvæði með því einungis af „hollustu við þá ríkisstjórn, sem situr“ og flokkur hans styður. Ég segi: það er ekki ánægjulegt fyrir hæstv. menntmrh. að knýja þetta mál fram í gegnum þingið með slíkar yfirlýsingar á bakinu.

Forseti (BSt): Ég vil spyrja hv. þm. N-Ísf., hvort það sé till. hans að vísa málinu á þessu stigi aftur til n.? **(SB:** Ég vil spyrja hæstv. forseta, hvort hann sjái aðra leið til þess að fá eðlilega umsögn um málið frá þeim aðila,

sem það snertir helzt.) Ef umr. er frestað, getur n. að sjálfsögðu leitað í hléinu þeirra umsagna, sem henni sýnist. (**Gripið fram í**: Væri það ekki eðlilegast?) En það er gersamlega óvenjulegt að vísa máli til sömu nefndar og áður hefur um það fjallað. Að vísu stendur í þingsköpum, að það megi vísa máli til n. á hvaða stigi sem er, en það er búið að vísa málinu til hv. menntmn., og hún hefur skilað sínu áliti. Málið er í hennar höndum. (**SB**: Það er hvergi bannað að vísa því aftur til n.) Nei, það er hvergi bannað. Ég man ekki eftir því, að það sé beinum orðum bannað, en það liggur í hlutarins eðli, að slíkt er a. m. k. alveg óvenjulegt. Ég mundi að vísu bera það upp, ef þetta er ákveðin tillaga.

Sigurður Bjarnason: *Ég álít þá leið*, sem hæstv. forseti sjálfur minntist á, vera fullt eins eðlilega og að vísa málinu hreinlega til n. aftur, að fresta umr. og að hv. n. taki þá málið til meðferðar, án þess að því sé sérstaklega með atkvgr. vísað til n. Ég legg það á vald hæstv. forseta, hvort hann telur eðlilegra, að sérstök atkvgr. verði um hönd höfð um að vísa málinu aftur til n. eða að fresta umr. og beina þeim tilmælum til hv. n., að hún taki málið til meðferðar á ný og leiti m. a. þeirrar umsagnar, sem ég hef hér gert að umtalsefni.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Mér er ekki ljóst, hvort þessi till. liggur fyrir eða liggur ekki fyrir. (**Forseti**: Hún liggur ekki fyrir, skilst mér.) Nú, þá sé ég ekki, að n. eigi neitt vangert, fyrst þessu er ekki vísað til hennar aftur. En hitt vildi ég í leiðinni leiðrétta enn hjá hv. þm. N-Ísf., að ég las alveg hárrétt upp úr lögunum, hver er stjórn félagsheimilasjóðs. Það er hæstv. menntmrh., og hann hefur ráðunauta sér við hlið, íþróttanefnd ríkisins og fræðslumálastjóra. Þetta er hér skýrt tekið fram, svo að ég skil ekki, hvernig stendur á því, að hann heldur því enn fram, að það sé til sérstök stjórn fyrir félagsheimilasjóð. Auk þess drap ég á það, að við hefðum haft umsögn íþróttanefndar ríkisins um sams konar frv., sem lá fyrir Alþ. fyrir einu eða tveim árum. Breytingin er engin önnur á þessu frv. nú, miðað við það, sem þá var, en búnaðarfélög eru komin inn, sem ég hélt ekki að skipti miklu máli og n. þurfi ekki sérstaklega að halda fund til þess að ræða málið eða vísa málinu til íþróttanefndar, ef hann meinar það, bara út af búnaðarfélögunum. Mér finnst blærinn á þessu vera heldur hitt, að það eigi að tefja málið.

Forseti (BSt): Mér þykir rétt að fresta nú umr. um málið, m. a. sökum þess, að það er komið að því, að sumir hv. þm., sem hér hafa talað, séu að tala sig dauða í þessu máli við þessa umr., og er illa gert að þreyta fyrri hl. umr. svo lengi, að þeir geti ekki tekið til máls, ef henni verður fram haldið eða þegar henni verður fram haldið.

Ég mun því fresta umræðunni að sinni. Hæstv. menntmrh. tekur til máls.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér finnst sú barátta, sem hér fer fram af hálfu hv. þm. N-Ísf. fyrir bættum hag félagsheimilasjóðs, vera að fá á sig næsta spaugilega mynd. Við 2. umr. er borin fram till. um að veita fé beint úr ríkissjóði í félagsheimilasjóð. Nú við 3. umr. er borin fram till. um að veita fé úr ríkissjóði óbeint til félagsheimilasjóðs.

Um málið í heild skal ég ekki ræða að þessu sinni, en af því að umr. er frestað, vil ég leyfa mér að koma fram með eina fsp., eina ábendingu til hv. fyrsta flm. þessarar till., sem hann getur þá búið sig undir að svara, þegar umr. verður haldið áfram. Ég vildi biðja hann um að koma með upplýsingar um það hingað í deildina, hvaða till. fyrrverandi menntmrh., sem eru flokksmenn hans, hafa gert til þess að bæta hag félagsheimilasjóðsins. Ég bið hann um að koma með alveg skýrar upplýsingar um það: Hvaða till. hafa þeir gert um auknar fjárveitingar í sjóðinn, annaðhvort úr ríkissjóði eða á annan hátt, og hvaða till. hefur hann sjálfur flutt, meðan hann hefur verið í stjórnarandstöðu eða stuðningsmaður stjórna undanfarin ár til að rétta hag sjóðsins? Hann hefur sjálfur staðið fyrir því, að umr. væri frestað, og hann getur ráðið því, hvað umhugsunartíminn verður langur til þess að koma með þessar upplýsingar. Ég veit svarið við þeim, en ég hlakka til þess að heyra hv. þm. hér úr þessum ræðustóli lesa upp og lýsa nákvæmlega þeim till., sem flokksmenn hans eða hann sjálfur hefur flutt undanfarin ár. Það má ná til ársins 1950. Sá lestur verður ekki langur.

Forseti (BSt): Eins og ég sagði áðan, mun ég fresta umr., og það liggur í sjálfu sér, að nefnd, sem hefur málið til meðferðar, því að n. hefur málið til meðferðar, þangað til það er útkljáð í d., metur þær ástæður, sem hér hafa komið fram, og tekur ákvörðun um, hvort henni þykir þörf á því að leita umsagnar annarra aðila. Það er sú venja og sá háttur, sem hafður er á, að n. meta það sjálfar. Ég held, að það sé alveg óvenjulegt, að forseti fyrirskipi n. eitt eða annað í því efni. Hitt er annað mál, að forseti gengur oft eftir nál., án þess að hann kveði neitt á um það, hvernig það nál. á að vera.

Umr. er þá frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 67. og 71. fundi í Ed., 11. og 18. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Ed., 19. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég hefði vænzt þess, að hv. form. menntmn. tæki hér til máls við framhald umr., þótt ekki væri til annars en gera grein fyrir áliti því, sem mér er kunnugt um að hv. n. hefur borizt frá stjórn félagsheimilasjóðs. Það er álitsgerð sú, sem ég óskaði eftir að lægi fyrir, áður en þetta mál yrði endanlega afgreitt hér hjá hv. þd.

Ég vil nú, áður en ég held lengra áfram mínu máli, óska þess, að hv. þd. verði gerð grein fyrir þessari álitsgerð, og óska þess að mega sjálfur fá tækifæri til þess að sjá hana.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Að loknum fundi í þessari hv. deild, þegar þetta mál var til umr. síðast, komu þeir til mín hv. 2. þm. Árn. og hv. 6. þm. Reykv., sem báðir eiga sæti í menntmn., og óskuðu eftir, að leitað væri álits íþróttanefndar ríkisins í þessu máli, en sú ósk hafði ekki komið fram í n. áður.

Ég taldi ekki ástæðu til að boða til fundar út af þessu, en kvaðst skyldi verða við þessum tilmælum þeirra þá strax, að óska eftir þessu áliti, þótt við hefðum haft álit frá því árinu áður frá þessari sömu nefnd. Þeir tjáðu sig ánægða með það, ef ég gerði þetta, og það gerði ég samdægurs og bað um, að þessi umsögn íþróttanefndar bærist þinginu, áður en málið kæmi á dagskrá, sem yrði væntanlega næsta fundardag, sem bar upp á mánudag. Þetta álit kom, og ég fékk þeim það í hendur (hv. 6. þm. Reykv. tók við því af mér), til þess að þeir gætu kynnt sér það, og það munu þeir báðir hafa gert. En mér hefur ekki borizt það í hendur aftur. Ég held, að ég hafi gert þarna skyldu mína, að láta þeim í té þetta álit, fyrst að fá það eins fljótt og hægt var og síðan að láta þeim það í té, til þess að þeir gætu kynnt sér það.

Ég vænti þess, að þetta álit íþróttanefndar sé einhvers staðar tiltækt og að þeir hv. þm. hafi kynnt sér málið, því að það er orðið nokkuð langt síðan þetta var á dagskrá.

Forseti (BSt): Ýmsa hv. þm. í d. virðist vanta upplýsingar í þessu máli til þess að geta tekið fulla afstöðu til þess, og tel ég því rétt að veita frest, til þess að menn geti kynnt sér þau gögn, sem fyrir liggja í málinu, og er því umr. frestað og málið tekið út af dagskrá, og er þá dagskrá lokið.

Umr. frestað.

Á 75. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 114. fundi í Ed., 29. maí, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að lýsa skriflegri brtt., sem mig langar til að flytja við þessa 3. umr. málsins. Hún er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir fyrri málsgr. 2. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Menntamálaráðherra getur sett sem skilyrði fyrir styrk úr sjóðnum til félagsheimilis, að fleiri en eitt félag standi að byggingu þess, til þess að afnotaþörf verði sem bezt fullnægt og rekstur geti orðið sem hagkvæmastur.“

Ég vona, að um það þurfi ekki að vera ágreiningur í þessari hv. d., að það sé eðlilegt, að hægt sé að stuðla að því, að fleiri en eitt félag sameinist um byggingu félagsheimilis, þannig að afnotaþörf þeirra félaga, sem starfandi kunna að vera á hlutaðeigandi svæði og vilja eignast félagsheimilisaðstöðu, verði sem bezt fullnægt, enda yrði með því móti rekstur félagsheimilisins tvímælalaust hagkvæmari en ella, þ. e. ef hvert félag um sig fengist við að koma upp félagsheimili yfir sína starfsemi.

Þá er hér einnig til umr. og atkvgr. till. á þskj. 319 frá hv. þm. N-Ísf. (SB) o. fl. um, að af rekstrarhagnaði áfengisverzlunar skuli renna 1.5 millj. í félagsheimilasjóð, ef hann fer fram úr áætlun fjárl. fyrir 1957.

Um þessa till. vil ég aðeins segja það, að í frv. því um breyt. á l. um skemmtanaskatt, sem þessi hv. d. hefur þegar afgr. og komið er til 3. umr. í Nd., er fjallað um fjármál félagsheimilasjóðs á þann veg, að gert er ráð fyrir, að honum verði tryggður helmingur tekna af skemmtanaskatti. Mun þetta þýða tekjuaukningu fyrir félagsheimilasjóð á næsta ári um það bil eina millj. kr. og væntanlega meir, er frá líður, en þessar tekjuöflunarreglur eiga að taka gildi þegar á miðju þessu ári. Með því treysti ég því, að svo vel sé séð fyrir tekjuþörf félagsheimilasjóðsins, að allir hlutaðeigendur megi vel við una.

Til viðbótar því aukaframlagi félagsheimilasjóðs, sem gera má ráð fyrir að nái fram að ganga í hv. Nd. nú síðdegis í dag, er ástæðulaust að ætla félagsheimilasjóði enn meiri tekjur, og legg ég því til, að till. á þskj. 319 verði felld.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 688) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Þegar þetta frv. var til umr. fyrir alllöngu hér í hv. þd., var samkvæmt till. minni frestað umr. um það og leitað álits hv. stjórnar félagsheimilasjóðs um málið, en það hafði láðst, þegar málinu hafði upprunalega verið vísað til hv. menntmn. Þetta álit liggur nú fyrir, og ég tel rétt, af því að hv. þd. hefur ekki gefizt tækifæri til þess að sjá það sem prentað fylgiskjal með nál., að ég lesi það upp hér. Ég vildi leyfa mér að gera það, með leyfi hæstv. forseta, þar sem í því felast mjög greinargóðar upplýsingar um starfsemi félagsheimilasjóðs og eðli þess frv., sem hér liggur fyrir. Álitið er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Reykjavík, 8. marz 1957.

Menntmn. Ed. Alþingis hefur með bréfi, dags. í gær, óskað umsagnar íþróttanefndar ríkisins og fræðslumálastjóra um frv. það til laga, er nú liggur fyrir Alþingi um breyt. á l. nr. 77/1947, um félagsheimili.

Á sameiginlegum fundi íþróttanefndar og fræðslumálastjóra, er haldinn var sama dag, voru þessir aðilar sammála um, að þeir gætu mælt með því, að ofangreint frv. verði að lögum, og er afstaða þeirra um þetta atriði óbreytt frá því, sem verið hefur og greint hefur verið frá í bréfum til menntmn. Alþingis hinn 18. nóv. 1953.

Til nánari skýringa og áherzlu skal tekið fram eftirfarandi:

Í 1. gr. l. um félagsheimili frá 1947 eru talin upp sex félög, sem eiga rétt til styrkja úr félagsheimilasjóði, og þar sem minnzt er á hvers konar önnur menningarfélög, hefur stjórn sjóðsins litið svo á, að átt væri við hliðstæð félög þeim, sem upp voru talin.

Það er vitað, að öll þessi félög hafa fyrr og síðar haft forgöngu um að byggja samkomuhús víðs vegar um landið, og um mörg þeirra hefur fólk almennt getað sameinazt án tillits til stétta eða stjórnmálaskoðana.

Þau félög, sem mest störfuðu að byggingu samkomuhúsa fram að því, að lögin um félagsheimili voru sett, voru ungmennafélögin og góðtemplarastúkurnar.

Eftir að lögin voru sett, var stofnað til víðtækari samvinnu um húsin, enda var þá lögð áherzla á stærri og vandaðri byggingar. Á sumum þeim stöðum, sem mynduð var samvinna um smíði félagheimila, eru verkalýðsfélög aðilar. Þá er þannig kveðið á í samvinnusamningum um byggingu og rekstur slíkra félagsheimila, að verkalýðsfélögin geta farið með meiri hluta atkvæða í málum félagsheimilanna. Má í þessu sambandi benda á félagsheimilin í Bolungavík og á Sauðárkróki.

Fræðslumálastjóri og íþróttanefnd ríkisins hafa aldrei lagzt gegn því, að verkalýðsfélög væru þátttakendur að félagsheimilum, en hins vegar eigi getað fallizt á, að verkalýðsfélögum eða hliðstæðum félagssamtökum yrði veittur styrkur úr félagsheimilasjóði til þess að byggja félagsheimili ein út af fyrir sig, og vilja í því sambandi taka fram eftirfarandi:

1. Verkalýðsfélög eru fyrst og fremst hagsmuna- og stéttarfélög og beinlínis stofnuð og starfrækt sem slík, og þótt stjórnmálaskoðanir takmarki ekki þátttöku, þá eru þau samt annars eðlis en félög þau, sem upp eru talin og við er átt í 1. gr. laga um félagsheimili.

2. Með því að verkalýðsfélög eru gerð aðilar að styrk úr félagsheimilasjóði og gætu þar með reist sín eigin félagsheimili, er starfssvið félagsheimilasjóðs fært mjög út, því að jafnframt yrði hliðstæðum stétta- og hagsmunafélögum opnuð leið að félagsheimilasjóði, t. d. félögum iðnaðar- og verzlunarmanna, starfsmannafélögum ríkis og bæja, svo og hvers konar launþegafélögum.

3. Samkvæmt núgildandi lögum um skemmtanaskatt og þjóðleikhús ber félagsheimilasjóði 35% af álögðum skemmtanaskatti. Nam sú upphæð á árinu 1955 kr. 1632667.13, áætlun fyrir 1956 rúmlega 1.7 millj. kr., og enda þótt félagsheimilasjóður fengi til umráða 50% skemmtanaskattsins, eins og honum var upprunalega ætlað í lögum þessum, mundi það eigi hafa í för með sér aukningu á möguleikum sjóðsins til þess að taka að sér ný og aukin verkefni, sem aðild þessara mörgu og fjölmennu hagsmuna- og stéttarfélaga mundi hafa í för með sér.

4. Um síðustu áramót skorti félagsheimilasjóð 3.7 millj. kr. til þess að greiða áfallna styrki. Í byggingu eru núna 40 félagsheimili, sem öll eru þegar farin að njóta einhvers styrks, auk 13, sem eru fullbyggð, en hafa eigi hlotið að fullu tilskilda styrki úr sjóðnum. Þá er vitað um 42 félagsheimili, sem hafinn er undirbúningur að. Af þessu má ljóst vera, að verkefni sjóðsins eru langtum meiri en svo, að nokkur von sé til þess, að hann geti annað þeim, enda þótt hann nyti 50% skemmtanaskattsins, sem upphaflega var ætlazt til, og er þá hér eingöngu miðað við þau félög, sem talin eru upp í 1. gr. núgildandi laga. Búnaðarfélög eru hagsmunafélög fyrst og fremst. Skal og í þessu sambandi á það bent, að ekki er vitað, að eitt einasta búnaðarfélag hafi gerzt aðili að stofnun félagsheimilis, hvað þá farið fram á að byggja félagsheimili út af fyrir sig.

Virðingarfyllst,
Guðjón Einarsson. Helgi Elíasson.
Þorsteinn Einarsson.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis."

Það, sem mér finnst einna athyglisverðast í þessari grg. stjórnar félagsheimilasjóðs, er það, að stjórnin kveður alveg greinilega á um það, að enda þótt félagsheimilasjóður fengi til umráða 50% skemmtanaskattsins, sem hann hefur nú fengið skv. nýsamþykktum lögum, mundi það ekki hafa í för með sér þá aukningu á möguleikum sjóðsins til þess að taka að sér ný og aukin verkefni, sem aðild þessara mörgu og fjölmennu hagsmuna- og stéttarfélaga gerir ráð fyrir.

Ég álít, að fram hjá þessum ábendingum megi hv. Alþ. alls ekki líta, hversu mikinn áhuga sem við höfum fyrir því að setja mörg fleiri samtök undir þau ákvæði, sem um félagsheimili gilda, og ég játa, að það er fyllilega eðlilegt, að menn hafi áhuga fyrir því að koma t. d. verkalýðsfélögum undir þessi ákvæði og samtökum starfsmanna ríkis og bæja, verzlunarmanna, iðnaðarmanna o. s. frv. En þá gætir Alþingi þess bara ekki, hvaða fjárhagslegir möguleikar eru fyrir hendi til þess raunverulega að styðja þessa aðila og tryggja, að starfsemi félagsheimilasjóðsins nái tilgangi sínum.

Við þm. Sjálfstæðisfl. hér í hv. Ed. fluttum á þskj. 319 brtt. við þetta frv. um, að á eftir 1. gr. frv. kæmi ný grein, svo hljóðandi:

„Fari rekstrarhagnaður Áfengisverzlunar ríkisins fram úr áætlun fjárlaga árið 1957, skal það, sem umfram er, renna í félagsheimilasjóð, þó ekki yfir 1.5 millj. kr."

Ég teldi það út af fyrir sig frekar möguleika að samþ. þetta frv., ef slík brtt. væri samþ., því að hér er þó bent á raunhæfa leið til þess að auka tekjur sjóðsins að miklum mun. Samkvæmt því frv., sem nú er búið að samþ. og felur í sér, að félagsheimilasjóðurinn á að fá 50% af skemmtanaskattinum, er gert ráð fyrir, að hluti félagsheimilasjóðs á þessu ári nemi 2.8 millj. kr. Ef hann fengi til viðbótar 1.5 millj. kr., væri strax opnaður möguleiki fyrir því að bæta nýjum verkefnum á lista sjóðsins, en án þess að gera það, án þess að samþ. þessa brtt. eða einhverja aðra tekjuöflunarleið, er ákaflega óráðlegt að samþ. till. eins og þá, sem í þessu frv. hæstv. ríkisstj. felst.

Ég skal þó játa, að sú skrifl. brtt., sem hæstv. menntmrh. hefur hér lagt fram, er þó spor í rétta átt og gerir frv. nokkru aðgengilegra, en þar segir, að menntmrh. geti sett sem skilyrði

fyrir styrk úr sjóðnum til félagsheimilis, að fleiri en eitt félag standi að byggingu þess, til þess að afnotaþörf þess verði sem bezt fullnægt og rekstur geti orðið sem hagkvæmastur.

Þetta er strax spor í rétta átt, að gera ráð fyrir því, að fleiri en eitt félag sameinist um byggingu félagsheimilis, eins og alltaf hefur verið. En dálitið er þessi till. hjá hæstv. ráðh. óljós. Þar er talað um, að hægt sé að setja það sem skilyrði fyrir styrk úr sjóðnum til félagsheimilis, að fleiri en eitt félag standi að byggingu þess. Er átt við í þessu sambandi fleiri en eitt verkalýðsfélag eða fleiri en eitt félag yfirleitt? Ég álít, að það skipti nokkru máli, hvort gert er ráð fyrir því, að félögin séu mynduð á breiðum grundvelli af öllum félagasamtökum hvers byggðarlags, eða hvort gert er ráð fyrir, að það megi veita styrki, við skulum segja t. d. tveimur verkalýðsfélögum á sama stað.

Ég er hræddur um, að þetta miðist fyrst og fremst við Reykjavík og það, að hin stóru og fjölmennu verkalýðsfélög hér geti orðið njótandi aðildar að sjóðnum, og það er ég hræddur um að sjóðurinn sé allt of veikur til að geta orðið, hversu feginn sem ég vildi koma á móti óskum þessara félagasamtaka.

En hvað sem við er nú átt með þessu „fleiri en eitt félag", þá stefnir þessi brtt. í rétta átt. Hins vegar held ég, að málið allt sé af hálfu hæstv. ríkisstj. mjög hæpið enn þá, nema því aðeins að brtt. á þskj. 319 frá okkur þm. Sjálfstfl. yrði samþ. og þannig tryggður raunverulegur tekjuauki til starfsemi félagsheimilasjóðs.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Það hlaut að því að reka, að ekki þyrfti lengi að bíða þess, að gerð yrði að engu sú búbót, sem fékkst á félagsheimilasjóði hér í hv. d. fyrir skemmstu.

Ég sé ekki betur en með því að knýja nú þetta mál fram, verði sveitir og kauptún útundan með byggingu félagsheimila. Afleiðingin hlýtur að verða sú. Brtt. hæstv. menntmrh. kann að vera til bóta, en ég fullyrði, að það er ekkert félagsheimili byggt í sveitum og kauptúnum öðruvísi en að nokkur félög standi þar að. Það er alls staðar svo, að þau sameina sig: kvenfélög, ungmennafélög o. s. frv. Þar er ekki hrúgað upp félagsheimili fyrir hvern aðila.

Ég leyfi mér, herra forseti, að flytja hér viðaukatill. skriflega, að aftan við þessa brtt. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

„Á meðan félagsheimilasjóður getur ekki fullnægt hlutverki sínu sakir fjárskorts, skulu félagsheimili í sveitum og kauptúnum sitja fyrir um styrk úr sjóðnum."

Ég leyfi mér að afhenda forseta brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 692) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 319 felld með 10:5 atkv.

— 688 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 692 samþ. með 7:6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 114. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar, og yrði því bráðlega útbýtt eins og það var afgr. frá Ed. (A. 693).

Á 115. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv., sem komið er frá hv. Ed., felst það, að bætt er tveim tegundum félaga við þá upptalningu á félagasamtökum, sem geta notið styrks úr félagsheimilasjóði til byggingar félagsheimila. Þær nýju félagategundir, sem gert er ráð fyrir í frv. að geti notið slíks styrks, eru verkalýðsfélög og búnaðarfélög.

Hv. Ed. hefur samþ. tvær brtt. við frv. Önnur er þess efnis, að menntmrh. geti sett sem skilyrði fyrir styrk úr sjóðnum til félagsheimilis, að fleiri en eitt félag standi að byggingu þess, til þess að afnotaþörf verði sem bezt fullnægt og rekstur geti orðið sem hagkvæmastur. Hin till., sem samþ. var, er um, að á meðan félagsheimilasjóður geti ekki fullnægt hlutverki sínu sakir fjárskorts, skuli félagsheimili í sveitum og kauptúnum sitja fyrir um styrk úr sjóðnum.

Ég mun við 2. umr. málsins bera fram brtt. um, að ákvæðin, sem felast í síðari till., sem samþ. var í Ed., verði felld burt. Þá till. mun ég leggja fram við 2. umr. málsins og legg til, að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til menntmn. með 18 shlj. atkv.

Á 116. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og fyrir lá skrifl. nál. (sjá þskj. 695). — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Menntmn. hefur komið saman á fund og rætt þetta mál. Álit n. er svo hljóðandi:

„Nefndin mælir með frv. með þessum breytingum:

Við 2. gr.:

a. Í stað orðanna „tvær nýjar málsgreinar" komi: ein málsgrein.

b. Síðari efnismálsgrein falli burt."

Undir þetta rita allir 5 nm.

Sú breyting, sem n. leggur til að hér sé gerð, er að fella niður seinni málsgr., sem Ed. samþ. að bæta inn í 2. gr. frv., en hún hljóðar svo:

„Á meðan félagsheimilasjóður getur ekki fullnægt hlutverki sínu sakir fjárskorts, skulu félagsheimili í sveitum og kauptúnum sitja fyrir um styrk úr sjóðnum."

Ég hygg, að þetta mál skýri sig algerlega sjálft, það sé óþarfi að fara um það frekari orðum, og ég endurtek því, að menntmn. mælir einróma með því, að þessi málsgr. verði felld niður.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það er ljóst, að með samþykkt þessa frv. leggjast nýjar kvaðir á félagsheimilasjóð. Út af fyrir sig er ég ekki að hafa á móti því, að þeim félögum, sem hér er rætt um, sé veitt aðstaða til þess að njóta styrks úr sjóðnum. En hitt gefur auga leið, að með því að auka verksvið sjóðsins, sem hér greinir, þá er mjög aukin fjárþörf hans. Nú hefur að vísu verið gerð nokkur breyting til lagfæringar fyrir sjóðinn, en þó á engan hátt fullnægjandi, miðað við þá miklu þörf, sem nú er, og þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru í þessum efnum, og þar sem ætla má, að þeir nýju aðilar, sem hér er svo hart sótt á um að taka inn í lögin, hafi í hyggju framkvæmdir í félagsheimilagerð, því að ella hefði ekki verið þörf á þessari breytingu, þá er ljóst, að það er mikil nauðsyn að auka verulega fjárhæð sjóðsins.

Það kom hér fram í umr. í sambandi við fjáröflun til menningarsjóðs, að komið hefði til tals að hækka útsöluverð áfengis til þess að afla menningarsjóði tekna. Það var hins vegar ekki fallizt á það af meiri hl. d., heldur haldið við þá fjáröflun, sem þar var gert ráð fyrir, að skattleggja aðgöngumiða að dansleikjum og kvikmyndasýningum. Við hv. þm. Borgf. (PO) viljum því leyfa okkur að flytja við þetta frv., brtt., sem svo hljóðar:

„Hækka skal útsöluverð áfengis um 5%, og rennur það fé í félagsheimilasjóð."

Með þessu er ekki verið að taka neinar tekjur af ríkissjóði, enda hefur hann vafalaust þörf fyrir sínar tekjur allar, en það virðist ekki óeðlilegt, að þessi leið verði farin til þess að létta undir með þessum félagsheimilum og skapa jafnframt skilyrði fyrir því, að þetta frv. verði annað og meir en bókstafurinn einn. Þess vegna vildi ég leyfa mér að vænta þess, að þessi brtt. okkar fengi hér góðar undirtektir og sýndi hug manna á því að efla starfsemi þessa mikilvæga sjóðs. Þar sem ber nú mjög brátt að um afgreiðslu málsins, verðum við að flytja brtt. skriflega og biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 696) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 696 felld með 18:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, JR, ÓTh, PO, BrS, BBen.

nei: EirÞ, EystJ, GíslG, GÍG, GÞG, HÁ, HV, JPálm, KGuðj, LJós, PÞ, SkG, ÓJ, SvbH, ÁÞ, ÁB, BG, EOl.

HS greiddi ekki atkv.

10 þm. (EmJ, GJóh, IngJ, JóhH, JS, KJJ, RH, SÁ, ÁkJ, BÓ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég er eindregið á móti þeirri stefnu að áskilja, að tekjur af sölu einkasöluvara renni annað en í ríkissjóð, tel eðlilegast, að þær renni þangað og sé þaðan úthlutað aftur, og greiði því atkv. á móti þessari till. og segi nei.

Brtt. 695 samþ. með 17:2 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 117. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 679).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 115. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 116. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mál þetta er komið aftur til þessarar hv. deildar frá hv. Nd., sem afgreiddi það við þrjár umr. á fundi sínum nú síðdegis. Hv. Nd. gerði þá einu breytingu á frv. að fella úr frv. ákvæði, sem hv. Ed. samþ. fyrr í dag um, að félagsheimili í sveitum og kauptúnum skuli sitja fyrir um styrk úr sjóðnum, meðan félagsheimilasjóður geti ekki fullnægt hlutverki sínu sakir fjárskorts.

Ég vil geta þess, að hv. menntmn. Nd. var á einu máli um að leggja til, að þetta ákvæði væri fellt niður úr frv., en á fundi n., sem gerði þessa till. til hv. Nd., voru mættir 4 af 5 nm. Ég vildi því leyfa mér að vænta þess, að hv. Ed. sjái sér fært að samþ. frv. sem lög eins og það nú liggur fyrir.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. hefur mikla fyrirhöfn við að reyna að koma þessu máli í gegn, skemmdu að vísu, eins og hann leggur nú áherzlu á. Það er augljóst mál, að þar sem hæstv. ráðh. og ríkisstj. snúast gegn öllum brtt. um hækkun á tekjum félagsheimilasjóðs, þá þýðir þessi fjölgun ekkert annað en það, að það gengur út yfir sveitirnar og fámennu kauptúnin. Ef þetta er stefna Alþ., verður svo búið að standa, en ég skil bara ekki, að þetta sé stefna Alþ. Ég skil það ekki.

Þegar hæstv. ráðh. lagði þetta mál fyrir þingið, upplýsti hann í grg. frv., að þær auknu tekjur félagsheimilasjóðs, sem hann fær samkvæmt frv. hans, mundu rétt nægja til þess að fullnægja brýnustu þörf, eins og fyrir liggur í dag. Hvernig haldið þið, að það verði, þegar fjölmennir kaupstaðir koma inn og eiga aðgang að sjóðnum? Þeir mundu hirða sjóðinn.

Ég leyfði mér í dag að flytja brtt. á þá lund, að á meðan félagsheimilasjóður getur ekki fullnægt hlutverki sínu sakir fjárskorts, skuli félagsheimili í sveitum og kauptúnum sitja fyrir um styrk úr sjóðnum. Og ég leyfi mér, hæstv. forseti, að flytja þessa till. á ný. Hún þýðir ekki

það, að ég sé á móti því, að þessi félagasamtök í kaupstöðum fái að njóta styrks, en hún getur orðið til þess að ýta undir hæstv. ráðh. að sjá félagsheimilum borgið með fé. Ég leyfi mér að leggja till. fram, herra forseti.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 704) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. þm. V-Sk. er mikill áhugamaður um eflingu félagsheimilasjóðs og byggingu félagsheimila. Þeim áhuga fagna ég sannarlega, því að hér er um hin mestu nytsemdarmál að ræða. Ég vil aðeins benda á í tilefni af ummælum hans áðan, að fyrir tæpum 2 klukkustundum var hv. Nd. að samþ. lög, sem tryggja munu félagsheimilasjóði 900 þús. kr. auknar tekjur frá því, sem var á s. l. ári, en tekjuaukinn mun væntanlega verða ekki undir milljón, miðað við þær heildartekjur, sem munu hljótast af skemmtanaskatti á næsta ári. Vona ég og treysti því, að hv. þm. viðurkenni, að hér hafi verið sæmilega á haldið þessu nytsemdarmáli, sem hann ber svo mjög fyrir brjósti, þar sem tekjur félagsheimilasjóðs munu þegar á seinni hluta þessa árs aukast um allt að því ½ millj. og um ekki minna en eina millj. á næsta ári.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. segir, að ég sé mikill áhugamaður fyrir félagsheimilum. Þetta er rétt, og ég skal segja hæstv. ráðh., hvers vegna það er svo. Ég þekki, hvernig ástandið er í sveitum landsins. Ég þekki það, að varla er mögulegt að halda uppi nokkru félagsstarfi vegna skorts á húsnæði. Ef það er meiningin, að sveitirnar eigi að tæmast, unga fólkið fara brott úr sveitunum í fjölbýlið, þá er hægt að flytja svona mál. En ef reyna á að halda fólkinu í sveitunum, verður að búa í haginn fyrir það, þannig að það geti stundað heilbrigt félagsstarf. Félagsheimilasjóður var upphaflega stofnaður með það fyrir augum fyrst og fremst að koma upp félagsheimilum í sveitunum.

Sigurður Bjarnason: Ég álít það léttvæg rök fyrir því, að þessi hv. þd. eigi að skipta um skoðun frá þeirri atkvgr., sem fór fram fyrir örstuttu, að menn í menntmn. hv. Nd. hafi verið sammála um að fella niður þá till., sem hér var samþ. Ég vil benda á, að þeir hv. þm. Sjálfstfl. í n., sem greiddu atkv. með því, voru báðir kaupstaðarþingmenn, og flestir þm. Sjálfstfl., sem telja sig fulltrúa dreifbýlisins og þekkja, eins og hv. þm. V-Sk., bezt þarfirnar í þessum efnum úti í sveitum og kauptúnum landsins, greiddu atkv. gegn því að fella þetta niður.

Það er bezt, að það fari ekkert á milli mála, að hér er tilræði á ferðinni af hálfu hæstv. menntmrh. við félagsheimilasjóð. Það er bezt, að menn geri sér ljóst, að það er verið að beita ýmsum brögðum til þess að koma þessu tilræði fram, og hæstv. menntmrh. skal a. m. k. vita það, og þau orð skulu sögð, áður en þetta frv. fer út úr d. og þetta tilræði heppnast, að það eru þó til menn, sem vita, hvað er að gerast í þessum efnum. Það var aldrei ætlunin með félagsheimilasjóði, að hann ætti fyrst og fremst að fara til þess að hjálpa til að byggja samkomuhús í stærstu kaupstöðum landsins, sem búa við allt aðra og betri aðstöðu í þessum efnum en kauptún og sveitir úti á landi, og það er alveg óþarfi fyrir hæstv. menntmrh. og hans stuðningsmenn að vera að setja einhverja verkalýðsgloríu um sig í þessu máli.

Verkalýðsfélögin hafa samkvæmt l. fullan rétt á þeim stöðum, þar sem fyrst og fremst þarfnast stuðnings félagsheimilasjóðs til þess að fá styrk úr sjóðnum, og það er kjarni málsins. Til þess þarf engum l. að breyta. Það þarf aðeins að breyta l. til þess að fá einhverja skrautfjöður í stél þeirra manna, sem ekkert þekkja inn á þarfir strjálbýlisins, ekkert vita, hvað þeir eru að gera með þessari breytingu. Ég álít, að hæstv. menntmrh. hefði ekki átt að minnast á, að það hafi verið afgreidd l. í Nd., sem tryggi félagsheimilasjóði auknar tekjur, vegna þess að þessi sömu lög eru svo sniðuglega útbúin, að jafnhliða er ráðh. veitt heimild til þess að undanþiggja mikinn hluta kvikmyndahúsarekstrarins í landinu greiðslu skemmtanaskatts, þannig að þessi nýju l. geta þýtt það, að tekjur félagsheimilasjóðs minnki.

Ég veit ekki, hvað þessi hæstv. ráðh. heldur að hann geti boðið mönnum. Því fer víðs fjarri, að hér sé verið að gæta hagsmuna félagsheimilasjóðs og þess fólks, sem hann á að njóta. Það er verið að fremja tilræði við hann.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Ég undrast sannast sagna þann hofmóð, sem hlaupinn er í hv. þm. N-Ísf. út af þessu máli. Mér finnst, að hann ætti að bera nú sem áður fullt traust til þdm. um það, hverja aðstöðu þeir hafa til þessa máls. Þá, sem ekki sátu á hv. Alþ., þegar mál þetta kom hér fyrst fram, hlýtur að furða á þessum sérstöku hamförum, sem hann fer með gegn þessu máli. En okkur, sem vorum viðstaddir og áttum hlut að því, að þetta mál var hér upphaflega flutt, furðar ekki á þessu. Við vitum ósköp vel, hvern hug hv. þm. hefur borið til þessa máls frá upphafi, og öll þau brigzlyrði, sem hann lætur nú falla í garð hv. menntmrh., eru með öllu tilhæfulaus. Hann hefur flutt þetta mál hér vegna þess, að það var vitað frá upphafi, að það var meirihlutavilji fyrir framgangi málsins hér á þ., þó að það fengist ekki fyrir afstöðu hans og hans skoðanabræðra úr n. hér á þremur þingum í röð.

Ég vil undirstrika þau orð, sem hv. menntmrh. sagði hér áðan, og undirstrika þær vonir, sem hann lagði hér fram, að málið yrði afgreitt í þeirri mynd, sem það hefur nú borizt, enda var það samþ. í hv. Nd. með 17:2 atkv., þannig að það er augljóst, hver vilji hv. Alþ. er, a. m. k. eftir þeirri atkvgr., sem þar fór fram, og ég vona, að úrslitin verði svipuð hér.

Sigurður Bjarnason: Það getur vel verið, herra forseti, að hv. 4. þm. Reykv. (EggÞ), sem hér talaði síðast, finnist það hofmóður, að menn bendi á þá staðreynd, að með þessu frv. er verið að fremja tilræði við eina þörfustu stofnun í

félagsmálum strjálbýlisins. Það getur vel verið, að honum finnist þetta hofmóður. En því fólki, sem á aðstöðu sína í félagslegum efnum komna undir því, að viturlega sé á þessum málum haldið, finnst þetta réttmæt aðvörun og gagnrýni.

Ég var ekki með nein brigzlyrði í garð hæstv. menntmrh. Ég sagði hreint út mína skoðun á því, sem hér væri verið að gera, á þeirri ráðleysu, sem hér væri verið að fremja. Og ég vildi spyrja hv. 4. þm. Reykv. að því, hvers vegna hann haldi, að á 3 þingum í röð á undanförnum árum hafi þetta mál ekki fengizt afgr. úr n. af hálfu sjálfstæðismanna og framsóknarmanna. Hver heldur hv. þm. að ástæðan sé? Hún var engin önnur en sú, að sjálfstæðismenn og framsóknarmenn höfðu þá sameiginlegu afstöðu þá, að þetta væri óþarft yfirborðsmál og ekkert annað og jafnframt tilræði við sveitirnar og strjálbýlið, sem fyrst og fremst áttu að njóta félagsheimilasjóðsins.

Ég sé ekki ástæðu til þess að vera að þreyta hæstv. forseta á síðasta fundi hv. þd. með löngum ræðum um þetta, málið er rætt í botn og staðreyndirnar standa ljósar, og svo sker auðvitað hv. þd. úr.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég ætla ekki að halda um þetta mál langa ræðu, enda enginn tími til þess og ástæðulaust. En það er vitað mál, að um þetta atriði, sem um er deilt, var menntmn. Nd. algerlega sammála, og þegar þetta ákvæði var fellt út í Nd., voru aðeins 2 atkv., að mér er tjáð, á móti. Þannig stóð menntmn. algerlega einhuga að málinu án tillits til flokka og eins og menn sjá á atkvgr. nærri því öll deildin.

Það er alveg rétt, að þörfin fyrir félagsheimili er miklu meiri í þorpum og sveitum, og ég ætla ekki að reyna að andmæla því, enda er mér það sízt í huga. Þeir, sem börðust fyrir þessu máli, höfðu það einmitt í huga, eins og hv. þm. N-Ísf. hefur tekið fram. En þess ber að gæta einnig, að nýrra tekna hefur verið aflað í þennan sjóð, um 900 þús., og þó að l. verði breytt í þetta horf, sem nú er gert ráð fyrir, hygg ég, að það sé ekki ofsagt, að félagsheimilin í þorpum og kauptúnum eru a. m. k. á næstu árum eins vel sett og þau voru áður en þessi tekjuöflun var samþ. Og þess verður einnig að gæta, að við vitum allir, hvernig á að afla þessara tekna. Teknanna er aflað með skemmtanaskatti, og því fékkst samkomulag um þetta, að það er gert ráð fyrir þessari breytingu. Teknanna er aflað með skemmtanaskatti, og við vitum allir, hvaðan sá skemmtanaskattur er tekinn, hverjir það eru, sem leggja til þessar 900 þús. Þetta eru líka rök, að mér virðist, sem ekki er alveg hægt að ganga fram hjá.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta mál, til þess er ekki tími og ekki heldur ástæða.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég skal ekki hafa það nema stutta athugasemd. — Ég tók eftir því, sem hæstv. forsrh. sagði, að með þeirri breytingu, sem gerð verður á félagsheimilasjóðslögunum, og þeirri viðbót, sem hér er gerð, verði félagsheimilin ekki verr sett en þau voru áður. Þetta er alveg rétt hjá forsrh. Það er komið með félagsheimilin í sama farið og þau voru áður. Hvað þýðir það? Það þýðir fyrir sveitirnar, að þau verði ekki byggð vegna fjárskorts.

ATKVGR.

Brtt. 704 felld með 9:7 atkv.

Frv. samþ. með 10:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 706).

49. Hnefaleikar.

Á 11. fundi í Nd., 5. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um að banna hnefaleika [35. mál] (þmfrv., A. 35).

Á 14. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Frv. þetta er samhljóða frumvarpi, er ég flutti á síðasta þingi ásamt hv. þáverandi 2. þm. Rang., Helga Jónassyni lækni. Frv. var þá vel tekið og var komið til 2. umr. í síðari deild hv. Alþingis, en sökum þess að mjög var liðið á þingtímann, varð það þá ekki útrætt. Vafalaust hefði það þá verið samþykkt, ef tími hefði unnizt til. Það gerðist enginn til að andmæla frv. þá innan þings, en mótmælabréf barst frá Íþróttasambandi Íslands, sem prentað var með nál. hæstv. heilbr.- og félmn. neðri deildar. Nú er frv. flutt á ný af mér og hv. þm. N-Þ.

Sem betur fer, hafa hnefaleikar aldrei náð almennum vinsældum hér á landi, en alltaf þótt, það sem þeir eru, leiðinlegt og ógeðslegt at, miklu verra en hesta- eða nautaat, en alls engin íþrótt, því að ef íþrótt er skilgreind sem athöfn, sem sé vel fallin til að gera þá, sem hana iðka, hraustari og heilbrigðari á sál og líkama, þá eru ekki til meiri öfugmæli en að kalla hnefaleika íþrótt.

Þar sem mest kveður að hnefaleikum, í Bretlandi og Bandaríkjunum í Norður-Ameríku, verða raddirnar, sem krefjast þess að afmá þessa smán úr þjóðlífi þeirra, æ háværari, og fremstir í flokki eru þar þeir, sem vegna atvinnu sinnar eru kunnugastir því heilsutjóni, sem leikarnir valda þeim, sem iðka þá eitthvað að ráði.

Á þinginu í fyrra vitnaði ég til tveggja erlendra lækna, sem höfðu í erlendum læknatímaritum birt árangur rannsókna sinna á þessu sviði, þ. e. um skaðsemi og hættu, sem samfara væru því að iðka hnefaleika að mun. Ég ætla ekki að fara að endurtaka vitnisburð þeirra hér, en í stuttu máli var hann á þá leið, að 60 af hundraði þeirra, sem iðka hnefaleika, bíða af því varanlegt, óbætanlegt tjón. Það er meira en helmingur. Það er því ekki óeðlilegt, þó að þessum læknum hafi ofboðið og þeir og aðrir læknar telji nú sjálfsagt að hætta þessum ófögnuði og banna hnefaleika.

Erlendis er þó við rammari reip að draga en hér ætti að vera, því að hnefaleikarnir eru þar stór atvinnugrein og miklir fjármunir í húfi fyrir þá, sem undirbúa þá og sjá um þá. Þeir berjast því eðlilega á móti kröfunni um afnám leikanna.

Sumir telja, að rétt sé að hugsa vel um, áður en farið sé að lögbjóða bann við hnefaleikum eða öðru. Það, sem mestu máli skiptir um það, er, hvort líkur eru til, að bannið komi að því gagni, sem til er ætlazt. Það veltur alveg á því, hvort almenningur er fylgjandi eða mótfallinn banninu. Um þetta eru ekki til neinar tölur eða skýrslur hér á landi, en ég er viss um, að flestir Íslendingar hafa skömm á hnefaleikum og öðrum barsmíðum og fagna því, að hætt verði að styrkja þá af opinberu fé.

Alþingi hið forna bannaði hólmgöngur, þótt í þá daga þætti jafnsjálfsagt að kenna ungum mönnum vopnaburð eins og lestur og skrift nú. Bannið gafst þó vel og hefur aukið virðinguna fyrir Alþingi hinu forna. Sambandsráð Íþróttasambands Íslands telur ofstæki að ráðast á hnefaleika áhugamanna, hnefaleikar þeirra eigi ekkert skylt við hnefaleika atvinnumanna. Þeir tala eins og börn. Vita þeir ekki, að atvinnumennirnir eru valdir úr hópi áhugamannanna og að allir byrja sem áhugamenn?

Í sumar kom út bók í Bretlandi, The Ignoble Art, eða Svívirðilegur leikur, eftir hinn kunna lækni og stjórnmálamann Breta dr. Edith Summerskill. Í þeim ummælum um hnefaleika og upplýsingum, sem hér fara á eftir, er stuðzt við upplýsingar úr þeirri bók.

Það er kominn tími til að gera sér ljóst, að hnefaleikamót atvinnumanna eru opinberar aftökur án þeirrar afsökunar, að verið sé að fullnægja neinu réttlæti, og að horfa á keppnina er jafnóviðfelldið og að horfa á blóðvöll í sláturhúsi. En það er hvorki eins heiðarlegt né eins nauðsynlegt og þó sízt af öllu eins mannúðlegt og slátrun í sláturhúsi.

Virðulegur dómari í London kvað upp þann úrskurð fyrir um það bil tveimur árum vegna dauða hnefaleikara, er lézt að leikunum, að engum yrði um kennt, þetta væri eðlileg áhætta í ekki mjög hættulegum leik. Hinn virðulegi dómari vissi ekki, hvað hann var að segja.

Ef farið er yfir einn eða tvo áratugi af annálum hnefaleikanna, má telja dauðsföllin af völdum þeirra. Þau eru ekki eitt eða tvö, heldur skipta þau hundruðum. Fyrrverandi hnefaleikarar deyja af afleiðingum leikanna, jafnvel mörgum árum eftir að þeir hætta að leika. T. d. sýndi líkskurður á einum fyrrverandi hnefaleikara, er lézt sex árum eftir að hann hætti keppni, að banameinið var afleiðing af höggi eða höggum á höfuðið. Tvívegis hafði verið reynt að bjarga lífi hans með heilaskurði, en tókst ekki nema í svip.

Stundum deyja þeir, sem eru að byrja á þessum leik. Skozkur byrjandi féll í fjórðu lotu og dó, áður en læknir kom á staðinn. Börn deyja líka. 13 ára skólapiltur dó nokkrum dögum eftir að hnefaleikamót hafði verið meðal skólabarna, sem auðvitað teljast til áhugamanna. Sumir verða bróðurbanar. 18 ára piltur var að gamni sínu að hnefaleik heima hjá sér við 21 árs bróður sinn, gaf honum högg undir kjálkann. Bróðirinn féll við og missti meðvitund, var þegar fluttur í sjúkrahús, en var örendur, þegar þangað kom.

Ég vil ekki þreyta hv. þm. á fleiri dæmum, þótt af nógu sé að taka, því að í Bretlandi skipta dauðsföllin tugum frá lokum síðasta stríðs, og í Bandaríkjunum er vitað um 42 dauðsföll af völdum hnefaleika á þremur árum aðeins, 1946—49. Ég endurtek, að það eru þau dauðsföll, sem með vissu er vitað um. Þessir menn voru barðir í hel. Og á sama tíma gerðust sams konar atburðir annars staðar í heiminum, þar sem leikurinn er iðkaður. En það er ekki nóg með þessa menn, sem eru látnir og jarðaðir. Svo eru fjölmargir aðrir, sem enn eru ekki alveg dánir. Þeir lifa enn, þeir tala að vísu hægar en þeim var eðlilegt, þeir sjá verr, þeim er grátgjarnara, þeir drekka frekar en þeir voru vanir og verr. Þetta eru brjóstumkennanlegir menn, hræðilega breyttir. Stundum fremja þessir menn árásir og morð, en oftar eru þeir of silalegir eða óáreiðanlegir til að geta unnið og of grimmlyndir og uppstökkir, til þess að hægt sé að lynda við þá á heimili.

Að segja, að þetta séu aðeins slys og að svipuð slys geti komið fyrir t. d. í knattspyrnu, er fjarstæða. Þetta er algerlega ósambærilegt, vegna þess að í knattspyrnu er keppt að því að setja mark, en ekki að því að slasa eða helzt rota andstæðinginn, svo að hann sé algerlega óvígur, en það er takmarkið, sem hnefaleikakappinn keppir að.

Ég hef hér einkum rætt um hin sýnilegu og sannanlegu áberandi áhrif hnefaleikanna á þá, sem iðka þá eða verða fyrir barðinu á þeim. Áður en ég skilst við þetta mál, vil ég þó benda á eina ástæðu enn. Þeir, sem iðka hnefaleika eitthvað að ráði, þ. e. af verulegum áhuga, komast ekki hjá því að finna, að iðkun þessa leiks hefur áhrif á hugarfarið. Þeir verða uppstökkari, grimmari, hættir meira til að berja aðra af litlu tilefni og hafa jafnvel ánægju af að valda líkamsáverka eða sársauka. Stundum finna mennirnir þetta ekki sjálfir, en þeir, sem umgangast þá, komast ekki hjá að taka eftir því. Dómgreind sumra þessara manna ruglast svo mikið, að það er ekki óalgengt, að unglingar, sem af nýjabrumi langar til að kynnast leikunum, fá kynnin þannig, að eftir að búið er að láta þá hlaupa, hoppa o. s. frv., eins og undirbúningsþjálfun að hnefaleikum er, þá eru loksins settir á þá hnefaleikaglófar og þeim sagt að verjast. Síðan greiðir einhver, sem lengra er kominn í íþróttinni, þeim höfuðhögg, svo að þeir sjá sól og stjörnur, svimar eða rotast. Það er ekki hægt að segja verkunina fyrir, ekki hægt að skammta höfuðhögg svo, að það valdi þeim, sem fyrir því verður, neinu góðu eða eftirsóknarverðu, hvað sem um líkamlegu áhrifin má segja, og menn geta verið ósammála um, hvað hættan á þeim sé mikil. Aðallega fer það þó eftir þeirri reynslu, sem hver og einn hefur til að bera af þessum málum, þannig að þeir, sem mesta reynslu hafa, telja hættuna meiri, en þeir, sem litla eða enga reynslu hafa, telja hætt-

una hverfandi. En um hitt held ég að allir geti verið sammála, að ekki sé rétt að verja fé eða fyrirhöfn til þess að þjálfa menn andlega til líkamsárása, þjálfa menn til þess að berja fyrst, en hugsa síðan, eða kannske ekki einu sinni eftir á, heldur bara gleðjast yfir því að hafa getað komið „fallegu höggi", eins og þeir orða það, á andstæðinginn óviðbúinn.

Einn misskilning margra, sem iðka hnefaleik, vil ég leiðrétta. Þeir telja, að hættuminna sé að verða fyrir höggi, sem greitt er með hnefaleikaglófa, heldur en berum hnefa. Þetta er skaðlegur misskilningur. Það er einmitt hægt að greiða miklu þyngra og hættulegra högg með glófum. Þeir eru fyrst og fremst vörn fyrir hönd þess, sem höggið greiðir, glófarnir, en alls ekki fyrir þann, sem fyrir því verður.

Um hnefaleikana hér á landi vil ég aðeins segja þetta: Við, sem höfum fengizt við lækningar síðasta aldarfjórðunginn, getum borið um það, að meðan svo að segja engir fengust hér á landi til þess að æfa hnefaleika, var miklu minna um barsmíðar og slys af þeim sökum heldur en núna á síðustu árum. Og við vitum líka, að mikill meiri hluti þeirra slysa, sem nú verða af barsmíðum, er af völdum manna úr hópi þeirra tiltölulega fáu, sem eitthvað hafa numið hnefaleik. Við getum því bent á sterkar líkur fyrir því, að þessum slysum mundi fækka, ef kennsla í hnefaleik færi ekki fram hér á landi.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til heilbr.- og félmn.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vildi aðeins láta þess getið við þessa 1. umr. málsins, að ég hef rætt þetta mál við forseta Í. S. Í., en þau samtök lögðust gegn samþykkt slíks frv. á síðasta Alþingi, og áttu þau mótmæli eflaust nokkurn þátt í því, að frv. hlaut ekki afgreiðslu á því þingi.

Ég tel, að hér sé um mjög athyglisvert mál að ræða og hiklaust beri að keppa að því, að takmark þessa frv. verði að veruleika, þ. e., að hér verði ekki háð keppni eða sýningar á hnefaleik og spornað gegn því, að þessi íþrótt, ef íþrótt skyldi kalla, sé stunduð.

Forseti Í. S. Í. sagði mér, að ástæðan til mótmæla þeirra samtaka væri alls ekki sú, að Íþróttasambandið hefði í sjálfu sér tilhneigingu til þess að halda verndarhendi yfir þessari íþrótt, það væri síður en svo. Sannleikurinn væri sá, að iðkun hennar færi mjög þverrandi, — „sem betur fer", sagði hann, — þannig að nú mætti heita, að mjög lítið kvæði að því, að menn legðu stund á hnefaleika. Það taldi hann tvímælalaust stefna í rétta átt. En orsök mótmælanna taldi hann vera þá, að það væri varhugavert fordæmi, að löggjafarsamkoman sjálf tæki að kveða á um það, hvaða íþróttagrein menn skyldu stunda og hvaða grein menn skyldu ekki stunda. Það, sem hann taldi vera réttu leiðina í þessum efnum, væri, að íþróttasamtökin sjálf tækju ákvörðun um það, að slík keppni eða sýning á leikjum færi ekki fram. Ég spurði hann, hvort samtökin mundu vera reiðubúin til þess að taka slíka ákvörðun, og því var hann að sjálfsögðu, eins og eðlilegt var, ekki reiðubúinn til þess að svara. En því vildi ég skjóta fram til þeirrar n., sem fær þetta til meðferðar, að ræða það við Í. S. Í., sem mótmælti samþykkt frv. í fyrra, hvort íþróttasamtökin sjálf vildu eða væru reiðubúin til þess að gera um það samþykkt, sem í fælist raunverulega það sama og felst í þessu frv. Ef svo væri, þá væri það e. t. v. æskilegri lausn á málinu, sem mér skilst að sé ekki verulegur ágreiningur um við samtökin, heldur en að þurfa að setja um það löggjöf. Ef íþróttasamtökin eru hins vegar ekki reiðubúin til þess að taka sjálf ákvörðun um það, að hnefaleikar skuli ekki sýndir opinberlega og torveldað að stunda þá, þá er það verkefni Alþingis að taka ákvörðun um, hvort svo langt skuli gengið að banna þá beinlínis.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 35, n. 101).

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. heilbr.- og félmn., leggur n. einróma til, að frv. verði samþykkt.

Við 1. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir því og hef að svo stöddu ekki miklu við það að bæta. Þó þykir mér rétt að vekja athygli á því, að síðan hefur borizt áskorun til hv. Alþ. frá fundi Læknafélags Reykjavíkur um að samþykkja frumvarpið.

Hæstv. menntmrh. vakti máls á því við 1. umr., að e. t. v. mætti ná svipuðum árangri og ætlunin er að ná með þessu frv., ef Íþróttasamband Íslands tæki þá stefnu að vinna á móti hnefaleikum. Ég hef síðan rætt málið við hæstv. ráðh., og mér skilst, að við séum sammála um það nú, að þótt Íþróttasambandið tæki þessa stefnu, sem allsendis er óvíst, þá sé það ekki fullnægjandi. Réttara sé að banna hnefaleika með lögum. Ég vona því, að málið geti fengið greiða afgreiðslu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 24. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 25. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Mig langar til þess að segja nokkur orð í sambandi við það lagafrv., sem hér liggur fyrir um bann við hnefaleikum.

Í íþróttalögum er gefin skýrgreining á, hvað íþrótt sé: Það eru líkamsæfingar, er stefna að því að auka heilbrigði manna og hreysti, líkamsfegurð, vinnuþrek og táp.

Það fer ekki milli mála, ef þessi skýrgreining er höfð á íþróttum, að þá falla hnefaleikar ekki undir það hugtak.

Hnefaleikar hafa, sem betur fer, aldrei orðið vinsæl íþrótt hér á landi. Erlendis gegnir öðru máli í því efni. Hnefaleikar eru heilsuspillandi íþrótt, og hafa margir erlendir læknar hvað eftir annað skrifað um það efni. Hún er fólgin í því, þessi íþrótt, að veita andstæðingnum rothögg, en rothögg jafngildir heilahristing, og allir fara nærri um, að heilahristingur er ekki heilsusamlegur.

Þeir, sem iðka hnefaleika, verða aftur og aftur fyrir því að skaddast á heilanum. Smátt og smátt koma fram varanlegar breytingar hjá þessum mönnum, og eru þær aðallega andlegs eðlis, minnisbilun og breytt skapgerð til hins verra. Þeir verða æstir í skapsmunum og bráðir í lund, og auk þess verða oft hjá þeim ýmsar siðferðilegar veilur, sem beinlínis orsakast af rothöggunum.

Auk þess sem hnefaleikar eru þannig mjög heilsuspillandi íþrótt, ef íþrótt skyldi kalla, þá er leikurinn í sjálfum sér ljótur og hrottafenginn og hefur jafnt á iðkendur sem áhorfendur siðspillandi áhrif. Það má líkja honum að því leyti við nautaat. Hann er langtum hrottafengnari og ljótari en t. d. skylmingar, sem þó í ýmsum löndum hafa verið bannaðar.

Við Íslendingar iðkuðum og iðkum glímu og þreytum jafnvel fangbrögð hver við annan, en þennan leik höfum við lítið iðkað, sem betur fer. Hann á engan jarðveg hér á landi, og það væri meira en bættur skaðinn, þótt hann yrði með öllu bannaður.

Ég vildi aðeins mæla þessum orðum til hv. deildar í tilefni af því, að þetta frv. er nú tekið á dagskrá, og það er mín von og ósk, að það fari í gegn og verði að lögum, og ég tel, að það sé sómi fyrir okkur Íslendinga að verða fyrstir til þess. Margir læknar og heilbrigðisfrömuðir erlendis munu taka eftir þessu og munu nota það í baráttu sinni í sínum löndum fyrir að ná sama árangri, en eins og kunnugt er, er það erlendis víða mjög erfitt, vegna þess að auðmagnið stendur að baki hnefaleikasýningum, og það er í því efni eins og alls staðar annars staðar sterkt afl.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 10 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 35, n. 144).

Frsm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til athugunar og afgreiðslu lagafrv. það, er hér liggur fyrir til 2. umr. um bann við hnefaleikum. Einn nm., hv. þm. S-Þ., var fjarstaddur, en hinir voru á einu máli um að mæla með því, að frv. yrði samþ. óbreytt.

Eftir að þetta mál hlaut afgreiðslu í n., barst hv. þingmönnum Ed. bréf frá framkvæmdastjórn Íþróttasambands Íslands. Í því segir, að „órökstuddar og öfgafullar" árásir hafi verið gerðar á hnefaleikana. Íslenzkir læknar hafa hvað eftir annað bent á, að hnefaleikur er heilsunni skaðlegur, og þeir hafa rökstutt það með dæmum úr eigin reynslu, auk þess sem þeir hafa stuðzt við skráðar athuganir erlendra lækna. Þær árásir eru því engan veginn órökstuddar.

Þá segir í þessu bréfi, að ruglað hafi verið saman hnefaleikum atvinnumanna og áhugamanna, en á þessu tvennu sé reginmunur.

Á höggum þessara manna kann að vera einhver stigmunur, en rothögg geta báðir hópar gefið. Hér á landi munu eingöngu vera áhugamenn, og hafa þeir áþreifanlega sannað, að slíkir geta einnig veitt þung högg og afleiðingarík.

Í bréfi sambandsstjórnar er á það minnt, að samkv. lögum er Íþróttasamband Íslands æðsti aðili um alla frjálsa íþróttastarfsemi áhugamanna í landinu. Telur hún þann rétt skertan, verði frv. að lögum.

Alþingi hefur sett íþróttalög, og er þeim í engu breytt með frv. því, er hér liggur fyrir. Íþróttasambandið verður eftir sem áður æðsti aðili um alla frjálsa íþróttastarfsemi í landinu. Sá réttur verður í engu skertur.

Um hnefaleik má það annars segja, að hann fellur vart undir íþróttalögin, sbr. 1. gr. þeirra, þar sem lýst er, hvað íþrótt sé. Rothögg eru ekki líkleg til „að auka heilbrigði manna", og brotin nef munu ekki talin vottur um líkamsfegurð.

Bréfriturum finnst það fráleitt, að Alþingi ákveði hverju sinni, hvaða íþróttir séu leyfðar eða bannaðar. Er þar til því að svara, að ef ásannast, að einhver íþrótt sé hættuleg heilbrigði manna, þá er engum skyldara en Alþingi að taka í taumana. Íþróttir eru skyldunámsgreinar í skólum landsins, og öll íþróttastarfsemi er riflega styrkt af stjórnarvöldum. Eins og Alþingi hefur búið í haginn fyrir íþróttastarfið með góðri löggjöf, eins er því rétt og skylt að taka í taumana, ef í skjóli þeirrar löggjafar er iðkaður óhollur og siðspillandi leikur.

Samkv. frásögn hæstv. menntmrh. hefur forseti Íþróttasambandsins tjáð sig hlynntan því, að hnefaleikur legðist niður hér á landi. Hann vildi þó ekki, að Alþingi legði þar hönd að, heldur ætti frumkvæðið að koma frá stjórn Íþróttasambandsins. Það frumkvæði hefur þó ekki komið, og var þó nægur tími til, því að þetta frv. lá fyrir síðasta Alþingi og dagaði þá uppi.

Raunar væri það engan veginn nægilegt, að stjórn Íþróttasambands Íslands bannaði hnefaleika. Eftir sem áður gætu unnendur þeirra stofnað og starfrækt hnefaleikafélög og unnið mikið tjón, þótt þau stæðu utan Íþróttasambandsins.

Ég læt nú útrætt um þetta bréf frá framkvæmdastjórn Íþróttasambandsins. Einn undir-

skrifenda þess, annar en forseti sambandsins, sagði í mín eyru fyrir fáum dögum, að hnefaleikar mættu gjarnan deyja út hér á landi. Samt hafði hann skrifað undir bréfið. Er ekki eitthvað kergjublandið í þessum málflutningi sambandsstjórnarinnar?

Frá fundi Læknafélags Reykjavíkur í nóv. barst Alþingi einróma áskorun um að samþ. frv. til laga um að banna hnefaleika, og sams konar áskorun barst Alþingi 14. des. frá 63 kennurum á Akureyri. Á meðal þeirra má nefna heilsufræðikennara Jóhann Þorkelsson héraðslækni, skólameistara menntaskólans og einn helzta íþróttafrömuð norðanlands, Hermann Stefánsson.

Alvarleg slys hafa orðið hér á landi vegna barsmíða drukkinna hnefaleikara. Erlendis eru dauðaslys í hnefaleikakeppni ekki fágætir viðburðir. Greindi íslenzkt dagblað frá einu slíku dauðaslysi alveg nýlega. Þung högg í höfuðið eru alltaf varhugaverð og afleiðingar þeirra ófyrirsjáanlegar.

Ég lít svo á, að bann við kennslu og keppni í hnefaleik sé þáttur í almennum slysavörnum og hann ekki ómerkilegur. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 162).

---

50. Embættisbústaðir héraðsdýralækna.

Á 17. fundi í Ed., 23. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um embættisbústaði héraðsdýralækna [62. mál] (þmfrv., A. 81).

Á 18. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta litla frv. kom til landbn. frá ríkisstj. Það er samið af form. Dýralæknafélags Íslands, Jóni Pálssyni á Selfossi, og yfirdýralækni Páli Pálssyni á Keldum.

Til þess að átta sig á þessu frv. eða réttara sagt þörf þessa frv. er nauðsynlegt að athuga ofur lítið, hvernig dýralæknismálin standa í landi hér, og það vildi ég gjarnan gera í þessari grg., þegar frv. nú er lagt fyrir deildina. Ég skal ekkert fara að rekja það aftur í tímann, hvernig hér var fyrst einn dýralæknir, — og er ekki nema hálf öld síðan, — sem átti að sinna öllu landinu, hvernig þeir síðan urðu tveir, síðan 4 og síðan 7 og síðan 12. Nú sem stendur eru til 12 dýralæknisumdæmi í landinu, og mörg af þeim eru dýralæknislaus.

Þessi þróun þarf ekki mikilla útskýringa við. Hún stafar bæði af því, að þegar menn fóru að gera meiri kröfur, bæði til sjálfs sín og til búfjárins, var óumflýjanlegt að fjölga dýralæknunum, því að með auknu álagi á starfsgetu búfjárins jukust sjúkdómar. Hún stafaði líka af því, að það var dembt á dýralæknana hluta af eftirliti með matvælum, þegar kaupstöðunum fjölgaði og menn fóru að gera meiri kröfur en áður til eins og annars, bæði mjólkur, kets o. s. frv., sem þeir inna af höndum. Nú sem stendur eiga dýralæknisembættin að vera tólf. Embættin eru tólf, en nokkur af þeim eru ekki með dýralæknum í, og sem stendur er þetta svona:

Gullbringu- og Kjósarsýsla, sem á að vera eitt dýralæknisumdæmi ásamt Reykjavík, Hafnarfirði og Keflavík. Þar er dýralæknir, og þetta frv., sem nú liggur fyrir þinginu um byggingu dýralæknabústaða, snertir þann dýralækni ekki í augnablikinu. Hann er í húsnæði, sem hann og hans samerfingjar eiga og hann þess vegna á hlut í. Þar að auki hef ég nú alltaf litið svo á og lít svo á enn, að þó að það sé nauðsynlegt að hafa embættisbústaði, sem ríkið á, í dreifbýlinu og þar, sem ekki er hægt að fá og kaupa og selja húseignir svona nærri því hvenær sem er, þá sé engin þörf á því í kaupstöðunum, þar sem embættismaður getur alltaf fengið sér húsnæði, þegar hann þarf, hvort sem það er keypt eða leigt, og selt aftur, og ég álít meira að segja, að það sé heldur til bölvunar. Við sjáum það gagnvart mönnunum, sem í þessu húsnæði búa, að af því að þeir hafa húsnæði frá ríkinu, þá hugsa þeir ekki um að afla sér húsnæðis, svo að þeirra aðstandendur standa uppi húsnæðislausir og verða sumir að koma á ríkið með húsnæði að öllu leyti, eins og dæmi eru til fleiri hér í Rvík, einmitt þegar þeir eru í þéttbýlinu. Þess vegna er gert ráð fyrir því í þessum lögum, sem ekki er í öðrum um íbúðir embættismanna, að ráðh. úrskurðar, hvað sé byggt á hverjum tíma og hver stærð sé á því. Það er skylda alls staðar annars staðar að byggja yfir þá alla. Það er búið að byggja yfir prestana hér í Reykjavík, þó að húsnæðið sé legið. Það er búið að byggja o. s. frv. hér og þar annars staðar. En það er ekki beint ætlazt til þess hér, því að í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að ráðh. byggi þar, sem þörfin er mest, og það sé ekki byggt, nema eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

Annað umdæmið er í Borgarnesi, það er Mýra- og Borgarfjarðarsýsla og Snæfellsnessýslan og Hnappadalssýslan að Skógarstrandahreppnum, hann tilheyrir Dölunum. Í þessu umdæmi er núna dýralæknir, sem situr í Borgarnesi, og hann átti húsið, sem hann bjó í, en fyrir nokkrum árum keypti ríkið það. Þar á þess vegna ríkið dýralæknisbústað. Ég skal ekkert segja um, hvernig það hefir borið að, að ríkið keypti það, mér er það ekki kunnugt, en það er fakta. Hins vegar er það lítið hús,

mjög lítið hús, svo lítið hús, að hann hefur ekki haft aðstöðu til að hafa þar neitt verulegt apótek og enga biðstofu fyrir menn, sem eru að sækja hann, heldur verða þeir bara að koma beint inn til hans, og enga aðstöðu til að geta sótthreinsað þar neitt verulega, svo að það er eiginlega algerlega ófullnægjandi. En engu að síður er það nú keypt og er dýralæknisbústaður, sem ríkið á.

Í Dalaumdæminu á þriðji dýralæknirinn að vera. Þar er ekkert húsnæði. Og þegar svo stendur á, fellur það undir úrskurð ráðherrans að úrskurða, hvar dýralæknirinn skuli búa og þá húsið vera. Eftir því sem ég veit bezt, er hvergi í Dölunum um það að ræða, að hús gangi nú kaupum og sölum, og litlar líkur fyrir því, að dýralæknir, sem kæmi þangað, gæti yfirleitt fengið inni, nema þá á einhverju bændaheimili einhvers staðar í sýslunni, svo að það er alveg aðkallandi, ef dýralæknir kemur þangað, að fá þar dýralæknisbústað.

Ísafjarðarumdæmið nær yfir Vestur-Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslur og Ísafjarðarkaupstað og að Árneshreppnum í Strandasýslunni. Þar var einu sinni dýralæknir. Hann virtist hafa þar óskaplega lítið að gera, eins og þá stóð. Tímarnir hafa nú breytzt síðan. Vafalaust er hægt að fá þarna inni fyrir dýralækni, sem þangað kæmi, en þetta hérað er dýralæknislaust núna, alveg eins og Dalasýsluhéraðið.

Í Húnavatnssýslu er nýkominn dýralæknir, kom í sumar. Það er 5. umdæmið. Hann hefur fengið leigt núna í bili hjá Blönduóshrepp, sem hefur fengið mann á Blönduósi til að rýma úr tveimur stofum, og hann hefur þar tvær stofur til umráða, sem vitanlega er gersamlega ófullnægjandi, þó að hann væri einhleypur maður, með sitt skrifstofuhald og sitt apótek o. s. frv. En hann er þar núna sem sagt í tveimur herbergjum.

Í Skagafjarðarumdæminu er enginn dýralæknir, en þar væri vafalaust hægt að fá inni fyrir dýralækni, og það skyldi maður reyndar ætla að ætti að vera hægt á Blönduósi líka.

Í Eyjafjarðarsýsluumdæminu er dýralæknir, sem er norskur og hefur ekki íslenzkan ríkisborgararétt og vildi fara í fyrra, en fyrir atbeina landbrh., sem þá var, gerði hann það ekki. Þangað vantar þess vegna í raun og veru dýralækni, en náttúrlega er þar alltaf hægt að fá dýralæknisbústað.

Þingeyjarsýsluumdæmið er 8. umdæmið. Þar er heldur enginn dýralæknir og enginn bústaður þar af leiðandi. Þar er vafalaust líka hægt að fá bústað á Húsavík, sem vafalaust verður sá staðurinn, sem hann verður látinn sitja á. Annars ákveður ráðherrann það í hverju einstöku tilfelli, um leið og dýralæknir kemur í umdæmið, hvar hann sezt að.

Á Austurlandi er einn dýralæknir fyrir báðar Múlasýslurnar, Seyðisfjörð, Neskaupstað og Austur-Skaftafellssýslu. Hann situr á Egilsstöðum, sá dýralæknir, og til þess húss var veitt sérstök fjárveiting á Alþingi, rétt eftir að hann kom í héraðið. Þá var deila um það, hvort hann ætti heldur að sitja inni á fjörðum eða uppi á Héraði, og endaði með því, að ráðherrann, sem þá var, úrskurðaði, að hann skyldi sitja á Héraði, og fór fram á það við Alþingi að veita fé til þess, sem var gert. Þar á þess vegna ríkið annan dýralæknisbústað. Það á þess vegna nú sem stendur tvo dýralæknisbústaði.

Rangárvallasýsludýralæknirinn, sem situr á Hellu, mun sjálfur eiga það hús, sem hann situr í, hafi hann fengið það einhvern veginn með aðstoð Kaupfélagsins Þórs. Það kann að vera, að Þór eigi húsið, en ég held, að hann hafi fengið það keypt, samt sem áður. Þar er þess vegna ekki bein vöntun sem stendur á dýralæknisbústað, enda er þar líka dýralæknir.

Á Selfossi situr form. Dýralæknafélagsins, Jón Pálsson, og hefur neðri hlutann af Árnessýslunni, og hann á húsið, sem hann býr í, en í efri hlutanum, Laugarásumdæminu, er enginn dýralæknir og enginn dýralæknisbústaður.

Svona er ástandið núna sem stendur, að það vantar dýralækna í réttan helminginn af þessum tólf umdæmum, sem ætlazt er til að dýralæknir sé í. Hins vegar eru menn við dýralæknisnám nokkuð margir. Þeim hefur gengið það misjafnlega, en eru nú þannig á vegi staddir, að ef ekkert kemur fyrir þá, eiga fimm af þeim að útskrifast á næsta ári, og þá náttúrlega lenda þeir um leið út í þessi héruð, og þá hafa þeir hvergi höfði sínu að halla í fimm héruðunum, þar sem ekki er hægt að fá leigt húsnæði í kaupstöðum eða keypt hús, þar sem þeir setjast að. Þess vegna er málið aðkallandi.

Í frv., eins og það var sent til ríkisstj., var ákvæði um, að það skyldu byggðir einn til tveir á ári, eftir því sem fé væri veitt til í fjárlögum. Þetta hefur ríkisstj. fellt úr frv., eins og það var sent okkur. Það byggist náttúrlega á því, að hún hefur ekki viljað hafa það ákveðið, enda er náttúrlega ekki þörf á því að gera slíkt nema rétt fyrst, meðan er verið að koma húsunum upp yfir þá og koma þeim í umdæmin. Að öðru leyti held ég, að frv. sé alveg eins og það var samið af form. Dýralæknafélagsins og yfirdýralækninum og sent ríkisstj. Í grg fyrir frv., sem fylgir og fylgdi því til ríkisstj., er þetta tekið fram, ástæðurnar fyrir því, að þeir flytja það.

Landbn. í Ed. hélt einn fund og leit yfir frv. Það voru ekki allir á þeim fundi, svo að ég held, að ég verði að gera ráð fyrir því, herra forseti, að landbn. haldi aftur fund um það og að það fari ekki til 2. umr. fyrr en ég tilkynni, að n. hafi um það fjallað. Annars höfum við nm. við lauslega athugun á frv. ekkert við það að athuga í því formi, sem það er, og ég tel frá sjálfum mér séð, að það sé alveg nauðsynlegt að samþ. það, — og meira, það sé nauðsynlegt líka á þessu þingi að veita eitthvert fé í einn eða tvo dýralæknisbústaði handa mönnunum, sem koma á næsta ári, því að á næsta ári koma menn í flest héruðin, ef ekkert kemur fyrir þá, sem eiga eftir tímalengd og aðstöðu að öðru leyti að taka próf núna í vor sem kemur og vetur. Einn átti reyndar að gera það nú um áramótin, en ég heyri nú sagt, að hann ætli að fresta því fram á vorið, svo að það getur alltaf komið fyrir, að einhverjir heltist úr lestinni. En alltaf koma einhverjir af þeim, svo að það koma

menn í einhver af þessum nýju héruðum, hvar sem þeir þá kunna að setjast að.

Ég legg þess vegna til, að frv. þessu sé vísað til 2. umr., og þar sem það er flutt af nefnd, þarf ekki að vísa því til nefndar. N. mun athuga það og láta forseta vita, þegar hún er búin að athuga það öllsömun, því að nm. voru ekki allir á fundi, þegar tekin var ákvörðun um að flytja það.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Landbn. hefur haldið fund og athugað þetta frv. nánar en hún hafði gert, þegar hún fékk það til yfirlesturs og flutnings frá ríkisstjórninni. Hún er öll sammála um að leggja til, að frv. sé samþykkt.

Í framhaldi af því, sem ég sagði síðast, þegar þetta mál var til umræðu og ég lagði það hér fyrir hv. deild, vil ég segja þetta:

Eins og fram kom af því, sem ég sagði þá, eru þessi 12 dýralæknisumdæmi, sem landinu er skipt í, þannig sett nú, að í sjö þeirra eru dýralæknar, einu þó erlendur maður, sem ekki hefur ríkisborgararéttindi, og í öðru annar erlendur maður, sem að vísu er búinn að fá ríkisborgararétt. Í hinum fimm eru engir læknar. Þeir hafa ekki verið til til þessa, nema þá að fá þá erlenda, eins og gert hefur verið í þessi tvö, Rangárvallahéraðið og Eyjafjarðarumdæmið, sem erlendir menn nú sitja í. Eins og ég þá gat um líka, eiga að eðlilegum hætti nokkrir að ljúka prófi í dýralækningum við erlenda skóla, sumir í Noregi og flestir þar, en einn í Danmörku, á næsta ári, 1957. Og ef það heppnast fyrir þeim mönnum fimm, sem nú eru það langt áleiðis komnir með nám, að þeir eiga að réttu lagi að taka próf að ári, þá koma menn nákvæmlega í þessi fimm óveittu héruð, en ekki þá í það sjötta, sem erlendi maðurinn er í núna, sem maður veit að vill hætta og fara til síns heimalands sem fyrst.

Ég held þess vegna og vildi nota tækifærið til þess að benda á það fjárveitinganefndarmönnunum, sem því miður eru nú í orlofi fyrir austan fjall að skoða Þorlákshöfn og Náttúrulækningafélagið í Hveragerði, eftir því sem ég veit bezt — (Gripið fram í.) Er það ekki orlof? Jæja, sjálfteknu frii þá, ef forseti vill hafa það þannig, — að þeir heyra því ekki mál mitt, en ég vil undirstrika það mjög ákveðið, að engin hús eru til yfir neina af þessum fimm mönnum, sem eiga að koma í nýju héruðin. Og í tveimur af þeim héruðum er þannig ástatt, að það eru ekki líkur fyrir, að hægt sé að koma manninum inn, nema þá einhvers staðar á sveitaheimili, meira og minna út úr samgöngum fyrir þá, sem þurfa að finna hann, og ef til vill líka út úr símasambandi. Þess vegna er alveg nauðsynlegt, að upp í þau fjárlög, sem verða samin á þessu þingi fyrir árið 1957, verði tekin einhver fjárveiting til eins eða tveggja, a. m. k. til eins, þyrfti náttúrlega helzt að byggja yfir þá sem flesta, þar sem ekki er von um að koma þeim inn. Ég geri ráð fyrir, að það sé hægt að koma inn dýralækni í Þingeyjarsýslu og að það sé hægt að koma inn dýralækni í Skagafjarðarsýslunni, það sé hægt að fá húsnæði bæði á Sauðárkróki og Húsavík, mjög hæpið, að það sé hægt að koma inn dýralækni í Dalasýslunni, að það sé húsrúm, þar sem hægt er að koma honum fyrir, o. s. frv. Þess vegna er nauðsynlegt, að þegar í þessum fjárlögum, sem núna verða samþ., sé tekin upp fjárveiting til byggingar dýralæknisbústaða, helzt tveggja, fyrir Dala- og Laugaráshérað.

Þetta vildi ég leggja áherzlu á og biðja þá, sem mál mitt heyra, að flytja það til fjárveitinganefndarmannanna, því að það er nauðsynlegt, að þessa sé gætt, um leið og þetta frv. verður væntanlega að lögum, sem ég held að engri mótstöðu muni mæta hér í þinginu.

Sem sagt, landbn. leggur til, að frv. sé samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 24. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 25. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 81, n. 122).

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er komið frá hv. Ed., og hlaut það þar einróma samþykki. Landbn. þessarar d. hefur einnig athugað þetta frv., og leggur hún til, að það verði samþ. óbreytt.

Samkvæmt núgildandi lögum um dýralækna er landinu skipt í 12 dýralæknisumdæmi, en starfandi eru nú sjö dýralæknar, svo að það vantar fimm, til þess að lágmarkstölu dýralækna í landinu sé fullnægt. En það er búizt við, að á næstu árum komi það margir dýralæknar til landsins, að hægt verði að fullnægja þessari tölu.

Eins og getið er um í grg. þessa frv., eru dýralæknum veitt með frv. þessu sams konar

réttindi og héraðslæknum, prestum og sýslumönnum eru veitt nú, því að yfirleitt búa þeir í húsnæði, sem það opinbera hefur lagt þeim til. Það er því ekki um neina nýjung að ræða í þessu frv., enda er þegar byrjað að byggja yfir dýralækna. Það hefur verið byggt yfir einn og keypt húsnæði yfir annan. Þetta frv. er líka trygging þess, að þeir dýralæknar, sem koma á næstunni til landsins, hverfi til þeirra starfa, sem þeir hafa lært til, því að vafalaust eiga þeir óhægt með að veita sér þægilegt húsnæði, þegar þeir koma frá löngu námi og e. t. v. með miklar skuldir að baki. Ég vænti því þess, að hv. alþm. samþykki þetta frumvarp.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:1 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:1 atkv.

Á 51. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 221).

---

51. Þinglýsing skjala og aflýsing.

Á 44. fundi í Ed., 24. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 7 maí 1928, um þinglýsing skjala og aflýsing [97. mál] (þmfrv., A. 191).

Á 45. fundi í Ed, 25. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Samkv. 7. gr. l. nr. 30 7. maí 1928, um þinglýsing skjala og aflýsing, á þinglýsing alls staðar utan Rvíkur að fara fram á manntalsþingum einu sinni á ári. Þegar lögfest var 1936 í l. um meðferð einkamála í héraði, að bæjarþing skyldu háð a. m. k. vikulega í öllum kaupstöðum landsins, var sá háttur víða tekinn upp að þinglýsa og aflýsa skjölum á bæjarþingum, og hefur sú þinglýsingaraðferð nú tíðkazt í ýmsum kaupstöðum um 20 ára skeið. Þó að flm. þessa frv. virðist lagaheimild bresta fyrir þessu formi þinglýsingar, er því ekki að neita, að öll skynsemi mælir með því, að þessu skuli þannig hagað. Skjalafjöldi, sem berst til þinglýsingar í sumum kaupstöðum, er það mikill, að vafalaust væri margra klukkustunda verk að lesa skrá um þessi skjöl í einu lagi. Þá er og meiri hætta á ruglingi og mistökum í sambandi við þinglýsinguna, þegar hún fer fram aðeins einu sinni á ári og mikill fjöldi skjala er fyrirliggjandi, sem safnazt hefur fyrir yfir árið.

Við, sem flytjum þetta frv., teljum því rétt, að lögfest verði sú venja um þinglýsingu á bæjarþingum, sem myndazt hefur í ýmsum kaupstöðum um þetta. Segja má og, að þetta sé einnig nauðsynlegt til þess að fyrirbyggja hugsanlega vefengingu á lögmæti þessarar venju.
Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum að sinni, en legg til, að málinu verði vísað til hv. allshn. og 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 31. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 191, n. 200).

Frsm. (Jón Kjartansson): Herra forseti. Samkv. l. nr. 30 1928 fer þinglýsing skjala fram með þeim hætti, að lesin er upp á manntalsþingi, í Reykjavík bæjarþingi, skrá yfir þau skjöl, sem borizt hafa frá síðasta manntalsþingi eða síðasta bæjarþingi. Manntalsþing eru háð einu sinni á ári, en bæjarþing einu sinni í viku eða oftar.
Þegar þessi lög voru sett, voru hvergi háð bæjarþing hér á landi nema í Rvík. Á þessu var gerð breyting 1936, þegar lögin um meðferð einkamála í héraði voru sett. Þá var svo ákveðið, að bæjarþing skyldu háð einu sinni í viku eða oftar í öllum kaupstöðum landsins. Þrátt fyrir þessa breytingu hefur ákvæðið um þinglýsingu skjala í lögum frá 1928 staðið óbreytt.
Í framkvæmdinni hefur þessu þó verið hagað þannig, að þinglýsingar hafa farið fram á bæjarþingum í kaupstöðum utan Rvíkur. Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til, að þetta fyrirkomulag verði lögfest, svo að ekki geti neinn vafi leikið á. Í Rvík gildir nú hins vegar sérregla um þinglýsingu. Þar annast borgarfógeti þessi mál, en ekki borgardómari, sem stýrir bæjarþingi. Aðferðin í Rvík er sú, að gerð er vikulega skrá yfir þau skjöl, sem þinglýsa á, og liggur skráin frammi almenningi til sýnis. N. vill ekki gera breytingu hér á. Þess vegna flytur hún brtt. á þskj. 200 um, að þessi tilhögun, sem nefndin leggur til, nái ekki til Rvíkur. N. leggur einum rómi til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, er ég hef nú getið.

ATKVGR.
Brtt. 200 samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 214).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 50. fundi í Nd., 5. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 214, n. 223).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv. er borið fram í hv. Ed. af þeim sýslumönnum, sem þar eiga sæti, tveimur eða þremur, — ég man ekki, hvort þeir voru allir með eða einungis tveir flytjendur þess, — og er efni þess eingöngu það að gera form þinglýsingar á skjölum einfaldara en nú er, þannig að það valdi minni fyrirhöfn fyrir yfirvöldin og sé kostnaðarminna. Ég hygg, að engin rök geti verið á móti þessu fyrirkomulagi, heldur verði þetta öllum til góðs og jafnauðvelt fyrir þá, sem hlut eiga að máli, að fylgjast með því, sem fram fer, eftir breytinguna. Allshn. var því sammála um, þeir er á fundi voru, að mæla með frv.

En fyrir n. var lagt erindi, sem borizt hafði frá sýslumanninum í Norður-Ísafjarðarsýslu og fjallar um þau sérstök atvik, er þar hafa orðið, að hreppur eða hreppar hafa algerlega lagzt í eyði, en vitanlega eru engu að síður eignir á þessum stöðum, sem ganga manna á milli og ef til vill eru veðsettar, og þá getur verið erfitt að koma því við að halda dómþing á þeim stöðum, þar sem engir búa framar, og þess vegna er ráðgert, að slík þing sé heimilt að halda á sýsluskrifstofunni, ef um algera eyðihreppa er að ræða.

Við vorum sammála um að telja þetta fyrirkomulag heppilegt, enda kemur það frá þeim manni, sem bezt allra þekkir til, hvað bezt hentar í þeim efnum, og tókum því upp hans till. og flytjum hana sem brtt við frv.

Ég legg til, að brtt. verði samþykkt og frv. síðan vísað til 3. umr.

Skúli Guðmundsson: Þetta frv. var flutt í hv. Ed. og er komið þaðan. Í þeirri deild var gerð breyting á 1. gr. frv. samkv. till. frá hv. allshn. þeirrar deildar. Bætt var inn í frvgr. tveimur orðum, og frv. þannig breytt liggur hér fyrir á þskj. 214.

Ég hef litið yfir þessi lög, sem hér á að breyta, og mér sýnist, að ef frv. þetta verður samþ., eins og það nú liggur fyrir, þ. e. a. s. með þeirri breytingu, sem hv. allshn. þessarar d. flytur eða gerir till. um, og hefur ekki áhrif á það atriði, sem ég ætla að minnast á, þá sýnist mér, að það muni vanta í lögin, eftir að búið er að breyta þeim þannig, ákvæði um þinglýsingu skjala í Rvík, hvernig hún eigi að fara fram, því að það stendur hér í frvgr. á þskj. 214, að dómari lesi upp á bæjarþingi í kaupstöðum utan Reykjavíkur, en á manntalsþingi í hreppum o. s. frv., og ég hef ekki getað séð annars staðar í lögunum nein ákvæði snertandi Rvík.

Ég vildi beina því til hv. frsm. allshn. að athuga þetta, en sé þetta misskilningur hjá mér, þá óska ég skýringa á þessu atriði frá honum eða hv. nefnd.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. þm. V-Húnv. hefur sýnt nú eins og oft áður, að hann er glöggskygn maður — á sumt, skulum við segja, — og ég þakka honum fyrir þessa athugasemd. Ég hafði ekki hugleitt þetta atriði. Ég játa það fúslega, að við bárum ekki þetta saman, heldur ræddum um efnishlið málsins. Það hefði staðið mér næst sem frsm. og raunar sem þm. Reykv. að gæta þess, að hún gleymdist ekki alveg. Ég held, að það sé nóg, að við athugum þetta fyrir 3. umr. Ég skal ganga úr skugga um það. En tilfellið er, að um Rvík gilda að nokkru leyti sérstök lög, og er því mögulegt, að um það sé fjallað í þeim sérstöku lögum. Ég get ekki svarað því án þess að fletta því upp. En ef það verður tekið gilt, þá skal ég ganga úr skugga um það fyrir 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 223 samþ. með 20 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 228).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 54. fundi í Ed., 12. febr., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 55. fundi í Ed., 14. febr., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Jón Kjartansson): Herra forseti. Þetta mál er komið hingað aftur, sakir þess að það var lítils háttar breyting á því gerð í Nd. En þannig stendur á þessari breytingu, að rétt eftir að við höfðum afgreitt málið hér út úr deildinni, barst bréf frá sýslumanni Norður-Ísafjarðarsýslu, þar sem hann beiðist þess, að gerð yrði breyting varðandi þinglýsingu skjala í hreppum, sem komnir eru í eyði og ekki hafa verið lagðir undir aðra hreppa. Ég hygg, að það sé hvergi nema einmitt í þessari sýslu, sem þetta á sér stað, og það er ekki nema sjálfsagt að taka tillit til þessara óska. Þess vegna var breytingin gerð, viðaukinn við 1. gr., að þinglýsing slíkra skjala skuli fara fram á aukadómþingi á skrifstofu embættisins. Enda þótt nefndin hafi ekki sem heild fjallað um þetta, þá vil ég fullyrða, að hún mundi hafa samþykkt þetta. Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir núna.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 245).

52. Kaup eyðijarðarinnar Grjótlækjar.

Á 18. fundi í Nd., 20. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að kaupa eyðijörðina Grjótlæk í Stokkseyrarhreppi [56. mál] (þmfrv., A. 65).

Á 20. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 65 er fram borið vegna tilmæla frá bændum þeim, sem búa á Eystri- og Vestri-Grund í Stokkseyrarhreppi. Hafa bæði oddviti og hreppstjóri sveitarinnar tjáð sig meðmælta því, að Grundirnar fengju aukin landumráð, svo að á jörðum þessum geti þrifizt lífvænlegur búskapur, en landþrengsli hafa torveldað bændunum að stækka bú sín. Jörðin Grjótlækur er gamalt býli, en hefur verið í eyði nú hin síðari ár, vegna þess að hún er svo lítil, að menn hafa ekki treyst sér til að reka þar lífvænlegan búskap. Hér er að gerast gamla sagan um það, að búskapur á smákotum hefur aldrei og getur aldrei þrifizt. Möguleiki sýnist nú vera fyrir hendi til þess að stækka þessi býli, svo að þau verði lífvænleg í framtíðinni, með því að ríkið, sem er eigandi þeirra, kaupi Grjótlækinn og bæti þeirri jörð við Grundirnar.

Hér er ekki um að ræða stórfelld útgjöld fyrir ríkissjóð, en hins vegar munu eignir þessar aukast að verðmæti miklu meira en því nemur, sem Grjótlækur kann að kosta, vegna þess að þá væri tryggt, að Grundirnar héldust áfram í byggð og yrðu góðar bújarðir fyrir þá bændur, sem þar yrðu, og ríkissjóður nyti þannig ágóða af þessum eignum sínum, í stað þess að gera má ráð fyrir, að jarðir þessar færu í eyði, ef þær fengju ekki aukið landrými.

Ég vænti, að hv. alþm. sýni skilning á þessu máli og leyfi því fram að ganga. Ég leyfi mér að leggja til, að málið fari til 2. umr., en ég er nú ekki svo fróður, að ég viti, hvert er venja að vísa svona málum. (**Forseti:** Ætli það sé ekki landbn.?) Ég bið forseta þá að skera úr því.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 65, n. 199).

Frsm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Frv. þetta um, að ríkið kaupi eyðijörðina Grjótlæk í Stokkseyrarhreppi, hefur verið til athugunar í landbn. Hefur n. gert sér far um að kynna sér rök og aðstæður í þessu máli og að þeirri athugun lokinni orðið sammála um að mæla með því, að frv. þetta um heimild handa ríkisstj. til þess að kaupa Grjótlækinn og sameina jörðina ríkisjörðunum Eystri- og Vestri-Grund, nái fram að ganga.

Með áliti n. eru prentuð í fyrsta lagi bréf frá ábúendum Grundanna, þar sem þeir óska eftir því að fá Grjótlækinn undir ábýlisjarðir sínar, og í öðru lagi vottorð viðkomandi oddvita og hreppstjóra um, að jarðir þessar þurfi á auknu landrými að halda og að hentugt sé að bæta úr landþrengslum þeirra á þennan hátt.

Ég hef áður við 1. umr. þessa máls og í grg. fyrir frv. sýnt fram á, að hér er um hagkvæma möguleika að ræða til landaukningar á þessum býlum, svo að örugglega haldist þau í byggð. Fari hins vegar jarðir í eyði, verða þær því til byrði.

Vænti ég, að þingmenn líti sömu augum á þetta og leyfi þessu litla frv. fram að ganga. Legg ég svo til, að því verði vísað til 3. umr. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 1. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 51. fundi í Ed., 5. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 65, n. 241).

Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er um heimild handa ríkisstj. til að kaupa eyðijörðina Grjótlæk í Stokkseyrarhreppi í Árnessýslu. Frv. þetta var borið fram í hv. Nd. og var samþ. þar óbreytt. Eins og segir í 1. gr. frv., er ætlað, að landi eyðijarðar þessarar, Grjótlækjar, verði skipt milli jarðanna Eystri- og Vestri-Grundar í Stokkseyrarhreppi, ef úr þessum kaupum verður, en lönd þessara jarða liggja saman.

Þannig hagar til, að báðar Grundarjarðir, sem eru í eign ríkisins, eru í byggð. Þær eru landlitlar, svo að stór bagi er að fyrir ábúendur. Eini möguleiki þeirra til landaukningar er, að þeir fái land Grjótlækjar til afnota, sem nú er, eins og áður segir, í eyði og á henni ekki nothæf hús, en land hennar er samtals 38 hektarar

að stærð. Þar af er tún 6 hektarar, engjar 9.6 hektarar og annað land, þ. e. beitiland og ræktanlegt land, 22.4 hektarar.

Pálmi Einarsson landnámsstjóri hefur skoðað þessar jarðir allar að tilhlutun ráðuneytisins, og í bréfi hans, dags. 9. okt. s. l., til jarðeignadeildar ríkisins, sem prentað er sem fskj. með frv., segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það er álit mitt, þar sem jarðir þessar eru allvel hýstar, en búendur þeirra hafa þörf fyrir að auka bú sín, að nauðsynlegt sé, að ábúendur þeirra fái aukin landumráð. Lægi það vel við, ef eyðibýlið Grjótlækur fengist keypt, að sameina það þessum jörðum, sem þá mætti telja örugg ábýli til frambúðar."

Með nál. hv. landbn. hv. Nd. á þskj. 199 er prentað bréf frá ábúendum Grundar, þar sem þeir fara fram á, að ríkið kaupi umrætt eyðibýli og leigi þeim síðan. Þá eru þar einnig prentuð vottorð frá oddvitanum í Stokkseyrarhreppi og hreppstjóranum, þar sem þeir mæla með því, að ríkið kaupi þessa eyðijörð í því skyni að bæta landi hennar við jarðirnar Eystri- og Vestri-Grund.

Landbn. Ed. hefur haft þetta mál til meðferðar, og eins og nál. á þskj. 241 ber með sér, leggur n. til, að frv. sé samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 280).

---

53. Veð.

Á 44. fundi í Ed., 24. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 4. nóv. 1887, um veð [98. mál] (þmfrv., A. 192).

Á 45. fundi í Ed., 25. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Í þessu frv. um breytingu á veðlögunum, 7. gr. þeirra, felast tvær efnisbreytingar. Er önnur sú, að til samræmis við frv. um breyt. á l. nr. 30/1928, um þinglýsing skjala og aflýsing, á þskj. 191 er gert ráð fyrir, að þinglýsing lausafjárveðbréfa skuli fara fram á bæjarþingum í kaupstöðum, í stað þess að lögin ætlast til þess, að þeim sé þinglýst á manntalsþingum. Fyrir þessari breytingu hefur verið gerð grein í grg. á þskj. 191 og í framsögu minni um það frv.

Hin efnisbreytingin er sú, að í stað þess, að nú ber að þinglýsa lausafjárveðskjali á 1. eða 2. manntals- eða bæjarþingi, eftir að bréf er gefið út, skuli nú þinglýsa því á 1., 2. eða 3. bæjarþingi eftir dagsetningu þess.

Það hefur sem sé komið nokkrum sinnum fyrir, svo að flm. sé kunnugt, að frestur sá, sem nú gildir, hefur reynzt of stuttur og gildi lausafjárveðbréfs hefur að engu orðið af þeim sökum, þegar það hefur borizt of seint til þinglýsingaryfirvalds. Hins vegar er vafasamt vegna viðskiptaöryggis að hafa frestinn of langan, og er því aðeins lagt til, að hann verði lengdur um eina viku og þá gert ráð fyrir reglulegu bæjarþingi vikulega.

Svo að dæmi sé nefnt til skýringar í þessu sambandi, getur maður gert ráð fyrir, að maður húsettur t. d. í Neskaupstað eða á Seyðisfirði gefi út lausafjárveðbréf einhvers staðar á Vestfjörðum. Þá þarf veðbréfið að vera komið í hendur þinglýsingaryfirvaldi, þar sem veðsali á heima, t. d. hvort sem væri nú í Neskaupstað eða Seyðisfirði eða annars staðar, áður en tvö bæjarþing hafa verið haldin frá útgáfudegi bréfsins. Þetta gæti orðið allt að 8 daga frestur skemmst, og ég dreg í efa, að samgöngur milli þessara staða séu það öruggar, að hægt sé að treysta því, að ábyrgðarbréf þurfi aldrei lengri tíma til þess að komast leiðar sinnar milli þessara staða eða annarra álíka, og þess vegna sé ástæða til að lengja þennan frest, en þó að sjálfsögðu aðeins í hófi.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum — þetta ætti að liggja nokkurn veginn ljóst fyrir — og legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 31. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 192, n. 201).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Allshn. hv. d. hefur haft frv. þetta til meðferðar og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

Eins og lýst var í framsögu um frv. við 1. umr., felast í því tvær breytingar á 7. gr. veðlaganna. Önnur þeirra er um það, að þinglýsa skuli veðskjölum þeim, sem greinin ræðir um, á bæjarþingi í kaupstöðum. Er þetta gert með það fyrir augum að samræma þessi lagaákvæði við frv. til laga um breytingar á lögum um þinglýsing skjala og aflýsing, sem hér var til 2. umr. áðan. Verði það frv. að lögum, er þessi breyting á veðlögunum nauðsynleg til samræmis.

Hin breytingin, sem frv. fjallar um, er um annað atriði í sambandi við þinglýsingu á lausafjárveði. Í 7. gr. veðlaganna er kveðið svo á, að þinglýsing á lausafjárveði skuli fara fram í Rvík á fyrsta eða öðru bæjarþingi eftir útgáfudag veðskjalsins og annars staðar á næsta mann-

talsþingi. Að öðrum kosti er veðið ógilt. Þetta gildir aðeins um þessa sérstöku tegund veðskjala, lausafjárveð, en annars ekki um önnur skjöl, sem þinglesin eru. Í frv. er ekki ætlazt til þess, að nein breyting verði á þessu í sveitum, en hins vegar verði sú breyting í kaupstöðum, að lausafjárveði skuli þinglýsa á 1., 2. eða 3. bæjarþingi frá útgáfudegi skjalsins, í stað þess að nú er það á 1. eða 2. Þarna er fresturinn lengdur um eina viku, miðað við það, að bæjarþing séu háð vikulega, svo sem lögákveðið er í kaupstöðum landsins í lögunum um meðferð einkamála í héraði. Þessi frestur hefur í einstökum tilfellum reynzt of stuttur, og þykir eftir atvikum ekki varhugavert að lengja hann um eina viku, en hins vegar er ekki talið rétt að lengja hann meir, því að nauðsynlegt er vegna almenns viðskiptaöryggis, að nokkurt aðhald sé í þessu efni.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en legg til, að málinu verði vísað til 3. umr. og eins og ég lét getið í upphafi, er hv. allshn. sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 50. fundi í Nd., 5. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 192, n. 224).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv. er einungis afleiðing af hinu frv. til þess að færa þau lög til samræmis við það, sem nú hefur verið ákveðið. Það er ekki neitt frekar um það að segja. Ég vil einungis skjóta því fram, að hv. þm. Ak., sem var aðalflutningsmaður málsins í Ed., vakti athygli mína á því, sem ég gerði ráð fyrir, að það eru sérákvæði varðandi Reykjavík, svo að það er óþarft að taka það fram í þessum lögum. Það, sem virtist ósamræmi, kemur af því, að þessi sérákvæði eru fyrir hendi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 12. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Í frv. þessu er eitt atriði, sem er nauðsynlegt að taka til athugunar, áður en frv. verður endanlega afgreitt út úr deildinni. Í 1. gr. þess segir, að eigi veðsali heima í Rvík eða öðrum kaupstöðum, skuli þinglýsa veðbréfinu á 1., 2. eða 3. bæjarþingi, eftir að það er dagsett. Hér er ákvæði, sem stangast á við þær reglur, sem fylgt er hér í Rvík, vegna þess að hér er veðbréfum alls ekki lýst á bæjarþingum, þannig að það er óumflýjanlegt að breyta þessu atriði, þannig að það stangist ekki á við þær reglur, sem um þetta gilda og ómögulegt er að breyta vegna þeirrar skipunar, sem er á meðferð fógetaréttar og dómsmála hér í Reykjavík og skiptingar embættanna.

Um leið og ég bendi á þetta, vildi ég beina því til hæstv. forseta, hvort hann teldi ekki rétt að taka málið nú út af dagskrá, þannig að þeirri hv. nefnd, sem um mál þetta hefur fjallað, gæfist kostur á að athuga þetta til hlítar, þannig að frv. fari hér ekki út úr deildinni með þeim ótvíræða annmarka, sem á því er, ef þessu orðalagi verður haldið.

Forseti (HÁ): Ég sé ekki ástæðu til annars en að verða við tilmælum hv. 2. þm. Eyf., sem mér skildust vera þau, að umr. yrði frestað, svo að n., sem fjallað hefur um málið, gæfist tækifæri til að athuga þá athugasemd, sem hv. þm. kom fram með. Umr. er frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.
Á 54. og 57. fundi í Nd., 14. og 15. febr., var frv. tekið til frh. 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 58. fundi í Nd., 21. febr., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 192, 238).

Magnús Jónsson: Herra forseti. Mál þetta var tekið út af dagskrá fyrir skömmu eftir ósk minni, og benti ég þá á, að það væri þörf á að breyta 1. málsgr. 1. gr. frv., vegna þess að þar væri ekki höfð í huga sú breyting á meðferð þessara mála, sem gerð var hér í Reykjavík með sérstökum lögum og er nokkuð annars eðlis en aðferðir þær, sem hafðar eru við þinglýsingu skjala annars staðar á landinu. Í samræmi við þetta hef ég leyft mér að leggja fram brtt. á þskj. 238, þar sem breytt er nokkuð upphafi 1. meginmálsgr. í samræmi við þessa athugasemd mína.

Þessi brtt. er gerð í samráði við borgarfógetann í Reykjavík, sem hefur með þessi mál hér að gera, og er aðeins til þess fram borin, að þetta frv. geti farið hér út úr hv. d. með lög-

formlega réttu orðalagi. Vildi ég því leyfa mér að vænta þess, að hv. þdm. gætu fallizt á að samþykkja þessa brtt.

ATKVGR.
Brtt. 238 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 61. fundi í Ed., 22. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 278).
Á 62. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið hingað aftur til hv. d. vegna smábreytingar, sem nauðsynlegt reyndist að gera á því í Nd. til þess að samræma það sérákvæðum laga um þinglýsingar í Reykjavík. Þetta sást okkur, sem fluttum frv., yfir, og ber að sjálfsögðu að viðurkenna það, að það var fyrst og fremst mín sök.

Borgarfógetinn í Reykjavík mun hafa bent á þetta, og í samráði við hann gerði ég uppkast að brtt. við 1. mgr. 1. gr., sem síðan var flutt í hv. Nd., — ég ætla af hv. 2. þm. Eyf., — og var samþ. þar.

Sérreglan um þinglýsingar í Reykjavík, sem taka þurfti með í reikninginn, þegar frv. var útbúið, er sú, að þar fer þinglýsing ekki fram fyrir dómi eins og annars staðar á landinu, heldur aðeins með þeim hætti, að þinglýsingarskjöl eru innrituð í afsals- og veðmálaskrár og síðan gert yfirlit um það vikulega, hver skjöl hafi verið innrituð, og sú skrá látin liggja frammi í skrifstofu borgarfógetans í eina viku. Frestinn til þinglýsingar lausafjárveðskjala skv. frv. þurfti því að miða við þetta, og hefur nú svo verið gert með breytingunni, sem gerð var í Nd., en breytingin er einungis í upphafi 1. mgr. frv. Vænti ég þess, að hv. deildarmönnum sé nú ljóst, hvernig í þessu liggur.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 305).

---

54. Eignarnám nokkurra jarða í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Á 62. fundi í Ed., 28. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka eignarnámi jarðirnar Borg, Dynjanda og Rauðsstaði í Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu [129. mál] (þmfrv., A. 301).

Á 64. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. N. var sent þetta frv. frá hæstv. forsrh. og beðin að flytja það. Þegar hún var búin að lesa það yfir, var hún sammála um að gera það og líka sammála um hitt, að frv. væri þess eðlis, að sjálfsagt væri að samþykkja það.

Það, sem um er að ræða, er það að kaupa þrjár jarðir í Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu, sem liggja að þeim fallvötnum, sem nú er verið að virkja þar fyrir Vestfirðina, a. m. k. meiri og minni hluta af þeim. Þessar jarðir eru: Dynjandi, sem er í eyði. Hún hefur 1.6 ha. tún, og fengust af túninu seinast þegar búið var þar um 70 hestar. Útheysheyskapur er þar enginn nema á lélegum reytingsengjum. Hús eru þar gamall lélegur bær, sem metinn er nú á milli 600 og 700 kr. í *fasteignamati*. Svo er Borg, sem á er búið. Þar er 3 ha. tún, sem af hafa fengizt s. l. ár 128 hestar, og af útheyi hafa verið heyjaðir þar um 70 hestar á lélegum engjaberjum. Búið er þar núna. Áhöfn er 2 kýr, 157 kindur og tvö hross. Þetta er önnur jörðin, sem á að taka eignarnámi, og sú eina af þeim, sem er byggð. Sú þriðja heitir svo Rauðsstaðir. Hún er búin að vera í eyði lengi, þar er enginn kofi uppistandandi, en túnið þar er tiltölulega stærst, það er 3.7 ha. Það hefur ekki verið slegið í fleiri ár. Við sjáum þess vegna ekkert athugavert við það, nefndin, þó að þessar jarðir séu lagðar þarna að nokkru leyti undir virkjunina, sem verður um leið og virkjunin verður framkvæmd. Það þarf ekki að vísa málinu til nefndar, og kann fyrir 2. umr. að koma nefndarálit, því að n. hefur þegar athugað málið og mælir eindregið með því, að frv. verði samþykkt.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Mig langar til að spyrja hv. frsm. n., hvernig muni fara um ábúð núverandi bónda á Borg, þegar búið er að taka jörðina eignarnámi. Þetta er tiltölulega ungur maður, duglegur, sem hefur komið sér upp sæmilegum bústofni á örfáum árum, og mér er forvitni á að fá að vita það, hvort hann muni ekki eiga þess kost að búa þarna áfram jafnt fyrir það, þó að jörðin verði tekin eignarnámi, eða hvort tún eða ræktað land á jörðinni muni skerðast nokkuð verulega við þau mannvirki, sem þarna er verið að gera í sambandi við virkjunina.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég á nú dálitið óhægt með að svara þessu, en þó get ég upplýst það, af því að ég hef farið þarna um og þekki þetta svæði, að mér skilst, að þar sem virkjunin er hinum megin við fjarðarbotninn, — Borg liggur að vestanverðu við fjarðarbotninn, en virkjunin er inni í fjarðarbotninum og að austanverðu við hann, — þá skilst mér, að það muni ekki nema að litlu leyti snerta Borgarland og að Borg geti haldið túninu og þar megi búa áfram, þar til það fer að myndast þorp í sambandi við virkjunina, sem ætla má að verði einhvern tíma ákveðið, — mér skilst það, en ég þori nú samt ekki að fullyrða þetta ákveðið. En eftir að hafa komið þarna, farið þarna ríðandi þrisvar sinnum, þá er legan þannig, að ég get ekki hugsað mér, að það snerti Borgarland nema að litlu leyti, að því leyti sem það á land fyrir botninum og út með botninum að austan, sem það á svolitið. Það liggur í hlutarins eðli, það er engin ástæða til að bola manni

frá jörð, ef það hefur ekki þýðingu í þessu sambandi, og það skilst mér að ekki sé hér eins og stendur, hvað sem kann að verða síðar, ef þorp ris upp þarna.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 301, n. 314).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 65. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 66. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það, sem þarf að segja um þetta lagafrv., felst í grg. fyrir frv., sem er nægilega ýtarleg fyrir svo einfalt mál.
Eins og kunnugt er, þá er byrjað á virkjun í svonefndum Mjólkárfossum, og þarf ríkið að eignast 3 jarðir í sambandi við þá virkjun, jarðirnar Borg, Dynjanda og Rauðsstaði í Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Það er nauðsynlegt vegna áætlana um virkjanir á þessum stað nú og síðar, að ríkið eignist þessar jarðir af þeim ástæðum, sem tekið er fram í grg. Af þeim ástæðum er þetta frv. flutt, og vænti ég þess, að það fái skjóta afgreiðslu í þessari hv. deild, því verði vísað til 2. umr., og það er eðlilegast, að það fari til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 301, n. 349).

Frsm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Þetta frv. er borið fram af hv. allshn. Ed. samkv. beiðni hæstv. forsrh. og er um heimild fyrir ríkisstj. til að taka eignarnámi nokkrar jarðar í Vestur-Ísafjarðarsýslu.
Allshn. þessarar deildar hefur rætt frv. og er sammála um að mæla með samþykkt þess. Það er talið af raforkumálaskrifstofunni, að nauðsynlegt sé vegna þeirra framkvæmda, sem verið er að gera á þessum slóðum, að ríkisstj. hafi þessa heimild. Er það vegna þess, að miklar framkvæmdir fara þarna fram, og þarna er um að ræða efnistöku á þessu landssvæði og fleira, svo að þessir aðilar telja, að þeir þurfi að hafa öll ráð landssvæðisins í hendi sér.
Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 368).

---

55. Síldarmat.

Á 39. fundi í Sþ., 26. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld [127. mál] (þmfrv., A. 288).

Á 60. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Eins og grg. frv. ber með sér, er frv. þetta flutt að ósk sjútvmrh., og er í þeirri grg., sem frv. fylgdi frá honum, gerð grein fyrir því, hvernig á málinu stendur. En þetta sem sagt stafar í stuttu máli af því, að það hefur komið á daginn, að það þarf að auka mjög mikið síldarmatið og eftirlitið með frágangi síldar eftir reynslu þeirri, sem fékkst á s. l. sumri.
Hér er gert ráð fyrir, að kostnaður verði, eins og reynslan hefur sýnt, meiri en sem svarar því gjaldi, sem innheimt hefur verið sem ákveðið gjald á tunnu vegna þessa aukaeftirlits. En það er gert ráð fyrir í frv., að það verði einmitt látið greiðast þannig, þessi viðbótarkostnaður, að söltunarstöðvarnar greiði tímakaup fyrir þá vinnu, sem fer fram á þeirra stöðvum. Þannig verður það í raun og veru á þann hátt, sem n. var raunar sammála um að væri það heppilegasta, að þeir menn, sem hefðu sína síld í verstu ástandi, yrðu að borga kostnaðinn, svo sem vera ber.
Einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., en ég veit ekki, hvort það verður, a. m. k. mér er ókunnugt um, að nokkrar brtt. séu, og n. var yfirleitt sammála um frv. og sér ekki ástæðu til þess að leggja til, að því verði vísað til n. á nýjan leik.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 78. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 288, n. 417).

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir til 2. umr., er komið frá hv. Nd., þar sem það var samþ. með shlj. atkv., en flutt var það af sjútvn. þeirrar deildar að ósk sjútvmrh.

Sjútvn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. og mælir einróma með því, að það verði samþ. án breytinga.

Frv. felur í sér þá breytingu frá eldri lögum, sem eru frá 11. júní 1938 og 9. nóv. 1953, að í stað einnar krónu gjalds af hverri tunnu síldar, sem útflytjendum var skv. þeim lögum gert að greiða vegna kostnaðar við mat, komi nú 50 aura matsgjald á hverja tunnu og að auki skuli síldarsaltendur greiða til síldarmats ríkisins tímakaup matsmanna fyrir þann tíma, sem þeir vinna við matið, eftirlit og annað í þágu saltandans. Er þetta í fullu samræmi við þær reglur og þau lög, sem gilt hafa um fiskmat almennt skv. lögum frá 5. apríl 1948.

Tilgangurinn með þessari breytingu á lögunum er í fyrsta lagi sá að jafna þann halla, sem orðið hefur á síldarmatinu hin síðari ár vegna verðhækkana og meiri verkefna matsins, sem eru að miklu leyti bein afleiðing af viðskiptasamningum við önnur lönd um sölu á saltsíld. Í öðru lagi er talið, að það fyrirkomulag, að hver saltandi greiði sjálfur kaup matsmanns í samræmi við þann tíma, sem hann vinnur, muni verða saltendum hvöt til meiri vöruvöndunar, sem að sjálfsögðu mundi hafa m. a. í för með sér minni útgjöld vegna matsins fyrir þá, sem vanda sitt verk, en reynslan hefur sýnt, ekki sízt nú s. l. sumar, að mjög misjafnlega hefur verið unnið að söltuninni, og full þörf á, að það standi til bóta.

Sjútvn. hefur leitað umsagnar síldarútvegsnefndar um frv., og hefur hún mælt eindregið með samþykkt þess, og að því er ég bezt veit eru síldarsaltendur einnig hlynntir þeim breytingum, sem felast í frv., og ætti hvort tveggja að vera nokkur trygging fyrir því, að með því sé stefnt í rétta átt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 433).

---

56. Leigubifreiðar í kaupstöðum.

Á 48. fundi í Sþ., 27. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 1955, um breyt. á l. nr. 23 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum [143. mál] (þmfrv., A. 377).

Á 76. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Með lögum, sem sett voru 1955, var samgmrn. heimilað að takmarka fjölda leigubifreiða í Reykjavík, Hafnarfirði, Akureyri, Siglufirði, Keflavík og Vestmannaeyjum. Sú heimild, sem í þeim lögum var gefin, hefur verið notuð a. m. k. á sumum þessara staða, og sú framkvæmd hefur þótt takast vel.

Nú liggja fyrir óskir um það frá ýmsum fleiri stöðum að fá þessa heimild færða út, þannig að hún nái til allra kaupstaða landsins og fjölmennustu kauptúnanna.

Samgmn. telur rétt að verða við þeim óskum, sem fram eru bornar um þetta atriði, og hefur því leyft sér að flytja frv. það, sem fyrir liggur á þskj. 377. Samkv. því verður þessi heimild látin ná til allra kaupstaðanna og til þeirra kauptúna, þar sem íbúar eru 800 eða fleiri.

Samkv. manntali, sem tekið var 1. des. 1955, getur þetta ákvæði náð til þeirra kauptúna, sem hér skulu talin: Það er Selfoss, en íbúatala hans er 1351. Í öðru lagi Njarðvík með 995 íbúa. Þriðja er Seltjarnarnes með 935 íbúa. Fjórði er Stykkishólmur með 890 íbúa. Fimmti er Patreksfjörður með 829 íbúa. Og í sjötta lagi Dalvík með 813 íbúa. Önnur kauptún koma ekki til greina, eins og fólksfjölda í þeim er nú háttað.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. Það er flutt af n., og er því ekki þörf á að vísa því til n. aftur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var fyrst til meðferðar Alþingis, var gert ráð fyrir því, að það næði aðeins til stærstu kaupstaðanna. En með breytingum þeim, sem gert er ráð fyrir í frv. því, sem fyrir liggur nú hér í hv. d., er gert ráð fyrir, að þetta nái til allra kaupstaða landsins og til stærstu kauptúna, og er þar miðað við 800 íbúa. Nú er þannig ástatt í kauptúni þess héraðs, sem ég er hér fulltrúi fyrir, að það eru tæpir 800 íbúar. Hins vegar er þar nokkuð um akstur leigubifreiða, sem hér um ræðir.

Eins og kunnugt er, er Borgarfjarðarhérað þannig, að það er mikið um það ferðazt, og Borgarnes hefur verið miðstöð ferðamannastraums um langt skeið. Þó að það væri hald manna um skeið, að það mundi minnka, hefur reyndin orðið sú, að þetta er að færast í sitt fyrra horf með bættum samgöngum á sjó og góðu gistihúsi í Borgarnesi. Þess vegna er þar alltaf þörf á nokkrum leigubifreiðum, og þeir, sem þar stunda þessa atvinnu, hafa óskað eftir því, að ég flytti brtt. hér við þetta mál. Og þá mundi mín brtt., sem ég mundi bera fram við 3. umr., af því að ég var ekki undir það búinn núna, verða þess efnis að miða við 700, en ekki 800 íbúa, eins og gert er ráð fyrir í frv. Ég held, að það sé þörf á því að tryggja, að í Borgarnesi séu alltaf til staðar hæfilega margar leigubifreiðar, og ef hreppsnefnd Borgarneshrepps áliti, að aðsókn væri orðin það mikil, að óeðlilegt væri, fengi hún sama rétt til takmörkunar og þær bæjarstjórnir og hreppsnefndir, sem frv. þessu er ætlað að ná til. Ég mun því við 3. umr. málsins leggja fram umrædda brtt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 377, 391).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 391 samþ. með 16:2 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Sþ., 3. apríl, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 397).

Á 82. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10:1 atkv. og til samgmn. með 10 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 397, n. 412).

Frsm. (Jón Kjartansson): Herra forseti. Í lögum nr. 23 frá 1953 er heimilað að ákveða, að allar leigubifreiðar í kaupstöðum, fólks- og sendibifreiðar, skuli hafa afgreiðslu á stöð, sem hlutaðeigandi bæjarstjórn viðurkennir. Einnig er í sömu lögum heimilað að takmarka tölu vörubifreiða í Reykjavík. Þessum lögum er svo breytt 1955 með lögum nr. 25 1955. Þar er heimilað að takmarka fjölda leigubifreiða í öllum stærri kaupstöðum landsins, í Reykjavík, Hafnarfirði, Akureyri, Siglufirði, Keflavík og Vestmannaeyjum. Og með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er farið fram á að víkka þessa takmörkunarheimild, færa hana niður til kauptúna með 700 íbúa eða fleiri.

Samgmn. þessarar hv. d. mælir með frv. óbreyttu. En verði frv. samþ. þannig, þá verður efni laganna í ósamræmi við fyrirsögn laganna upphaflega. Þess vegna þótti n. rétt að bæta við brtt. þess efnis að færa efnismál laganna saman og gefa lögin út sem heild, þegar þetta frv. yrði samþ. og það orðið að lögum. Það er dálítið óviðfelldið að hafa slík lög sem þessi í þrem lögum, og þetta er allt saman mjög fáar lagagreinar og kostar ekki mikla upprentun. Samgmn. leggur til, að frv. verði samþ. með þessari breytingu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:1 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 412 (ný gr., verður 3. gr.), samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 86. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 426).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KK, SÓÓ, SE, AG, BjörnJ, FRV, FS, GTh, JK, BSt.
nei: PZ.
FÞ greiddi ekki atkv.
5 þm. (SB, BjörgJ, EggÞ, HermJ, JJós) fjarstaddir.
Frv. endursent Nd.

Á 84. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 85. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 437).

57. Eftirlit með skipum.

Á 2. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum [16. mál] (þmfrv., A. 16).

Á 5. fundi í Ed., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, hefur það sannazt mjög greinilega á s. l. árum, að gúmbjörgunarbátar um borð í skipum auka mjög líkurnar fyrir því, að unnt sé að bjarga mannslífum, þegar skipunum hlekkist á og önnur björgunartæki, sem til eru í skipunum, koma ekki að notum. Það er óþarft að rekja þessa mörg dæmi, þau eru öllum kunn, enda hefur nokkuð verið að því gert, að gúmbjörgunarbátar hafa verið hafðir um borð í skipum, einmitt sem staðfesting og viðurkenning á þessari reynslu.

Í þessu frv. er lagt til, að á hverju þilfarsskipi skuli auk venjulegra björgunartækja vera gúmbjörgunarbátar, einn eða fleiri, og skal stærðin miðuð við það, að þeir rúmi þá, sem á skipi eru, en ráðh. skal svo með reglugerð setja nánari fyrirmæli um gerð þeirra og fyrirkomulag á skipinu. Þessi skylda er þó aðeins lögð fram í frv. á þilfarsskip, en ekki á opnar fleytur.

Sjómannafélag Reykjavíkur og sjómannasamtökin í landinu yfirleitt leggja á það mikla áherzlu, að þessir bátar verði teknir í notkun og það verði tryggt, að þeir verði til á öllum þilfarsskipum, umfram þau björgunartæki, sem til þessa hefur verið skylt að hafa meðferðis.

Það var nokkuð athugað af forráðamönnum sjómannafélaganna, áður en þau óskuðu, að þetta frv. væri borið fram, hvort öruggt þætti, að hægt væri að setja fyrirmæli um þetta með reglugerð, án sérstakrar lagaheimildar umfram það, sem nú er í lögum. Og þeir menn, sem kynntu sér þessi mál, töldu, að öruggara væri að fá til þessa sérstaka lagaheimild. Því er frv. borið fram.

Síðan þetta frv. var lagt fram, hefur verið gefin út reglugerð um skyldu ákveðinna skipa til þess að hafa gúmbjörgunarbáta, sumpart með öðrum björgunartækjum og sumpart, að mér skilst, í stað venjulegra björgunarbáta. Ég vildi því mælast til þess, að sú hv. n., væntanlega sjútvn., sem fær þetta frv. til athugunar, gangi úr skugga um, hvort þau ákvæði, sem tekin eru upp í þessa reglugerð, eru fullnægjandi til þess að mæta óskum sjómanna á eðlilegum þörfum í þessu efni, og um leið, hvort það er alveg tvímælalaust, að þessa skyldu sé hægt að leggja á útvegsmenn um að bæta þessum tækjum við þau, sem fyrir eru, án þess að sérstök lagaheimild sé fyrir hendi umfram það, sem nú er. Fleiri orð hygg ég ekki þurfi að láta fylgja þessu frv. Efnislega hygg ég að dm. muni allir vera samþykkir því, og leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 7 des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 27. fundi í Ed., 11. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 16, n. 123).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Sjútvn. d. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, á þskj. nr. 16, og hefur orðið sammála um, þ. e. a. s. þeir nm. sem þátt tóku í afgreiðslu málsins, að leggja til, að efni frv. verði samþ., en í breyttu formi og með nokkrum viðauka, eins og greinir á þskj. 123. Breytingin er í því fólgin, eins og hv. þdm. sjá, í fyrsta lagi, að í stað orðanna „auk venjulegra björgunartækja“ komi: auk annarra björgunartækja, sem ákveðin eru í lögum og reglugerðum. — Orðalagsbreyting þessi miðar að því, að ljósara verði, við hvað er átt, og ekki geti orðið ágreiningur þar um. Meiningin er að sjálfsögðu sú, að gúmbátarnir eigi ekki að koma í stað annarra björgunartækja, heldur eigi þeir að vera viðbót við þau björgunartæki, sem nú eru í skipunum eða síðar kunna að verða ákveðin.

Í öðru lagi er lagt til, að skipaskoðunarstjóra verði heimilað að veita hæfilegan frest til öflunar gúmbátanna í þau skip, sem slíkir bátar hafa ekki nú þegar verið settir í. Frestsheimild þessi er vafalaust óhjákvæmileg, og gæti valdið stöðvun skipa, ef þessi tímabundna heimild væri ekki fyrir hendi.

Að lokum er lagt til, að síðasti málsl. í 4. tölulið 34. gr. l. verði niður felldur úr l., en sá málsliður fjallar um það, að björgunarflekar eða svipuð fleytitæki megi, ef öruggt þykir, koma að nokkru leyti í stað báta.

Þar sem ekki er lögákveðið, úr hvaða efni bátar almennt skuli vera, mætti halda því fram, að í þessum málslið væri átt við gúmbáta jafnt sem báta úr öðru efni, en slíkt væri ósamrýmanlegt ákvæðum frv. og andstætt megintilgangi þess. Þess vegna er lagt til, að þessi málsgrein verði felld niður úr lögunum.

Sjútvn. hefur átt viðtal við skipaskoðunarstjóra og framkvæmdarstjóra Slysavarnarfélags Íslands um þetta mál, og formaður Sjómannafélags Reykjavíkur hefur átt um það viðtal við formann og ritara nefndarinnar. Allir þessir aðilar hafa sent n. skriflega umsögn um málið, og allir eru sammála um kosti gúmbátanna og telja þá til mikils öryggisauka, enda mun slíkt al-

mennt viðurkennt hérlendis sem erlendis, þar sem bátar þessir hafa verið reyndir. Reynslan þykir hafa sannað, að gúmbátar geta haft úrslitaþýðingu um öryggi mannslífa á hafinu. Hitt verður þó að sjálfsögðu að hafa í huga, að venjulegir björgunarbátar geta í sumum tilfellum verið vænlegri til björgunar, sökum þess að gúmbátum verður ekki róið og þá rekur fyrir sjó og vindi. Þess vegna mega gúmbátarnir ekki koma í stað annarra báta, enda er til þess ætlazt, að þeir verði notaðir, þegar aðrir bátar nýtast ekki eða þegar gúmbátarnir þykja vænlegri til björgunar af öðrum ástæðum.

Eins og getið er í grg. frv., er það flutt í samráði við og að beiðni forráðamanna Sjómannafélags Reykjavíkur. Formaður þess félags mælir mjög með því í umsögn sinni, sem hann hefur sent sjútvn., að frv. verði samþykkt. Sama máli gegnir um framkvæmdastjóra Slysavarnarfélags Íslands. Skipaskoðunarstjóri dregur hins vegar í efa, að nauðsynlegt sé að ákveða með lögum, að gúmbátar skuli vera í skipum, og telur, að hægt muni að ákveða það í reglugerð. Nm. hafa hins vegar litið svo á, að lagaheimild bresti til að setja í reglugerð ákvæði jafngild þeim, sem frv. fjallar um, og því sé nauðsynlegt að lögfesta þessi ákvæði. Auk þess er hér um svo þýðingarmikið mál að ræða, að eðlilegt er, að löggjafarvaldið láti það til sín taka.

Þá er rétt að vekja athygli á því, að í skrifstofu Alþ. liggja nú frammi í lestrarsal erindi frá mörgum togaraskipshöfnum, sjö eða átta a. m. k., sem skora á Alþ. að lögfesta ákvæði um gúmbáta í togurum. Þessar áskoranir ganga sumar hverjar að vísu lengra en frv., þannig að togarasjómennirnir vilja hafa þrjá gúmbáta í togara, og sé þá miðað við það, að tveir þeirra beri alla skipshöfnina. Sjútvn. hefur að svo komnu ekki treyst sér til að ganga lengra en frv. gerir ráð fyrir, en vera kann að þarna sé bent á næsta skrefið, sem farið verður í þessum efnum. Að síðustu skal þess getið, að Alþýðusamband Íslands hefur á nýafstöðnu þingi samþykkt ályktun um málið og áskorun í svipuðum anda.

Nái þetta frv. samþykki Alþ. og verði að lögum, mun því vafalaust almennt verða fagnað og þá ekki síst meðal sjómanna, sem eiga líf sitt undir því, þegar háska ber að höndum, að skip þeirra séu búin fullkomnustu björgunartækjum.

ATKVGR.

Brtt. 123 (ný 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 130).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 32. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 33. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv

---

Á 78. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 130, n. 386).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Sjútvn. þessarar hv. d. hefur haft þetta mál til athugunar nokkuð langan tíma og eiginlega of lengi, en það er nú m. a. vegna nokkurra erfiðleika, sem fram hafa komið í sambandi við framkvæmd þess ákvæðis, sem er höfuðatriði frv., sem sagt það að skylda alla báta til þess að hafa gúmmíbjörgunarbáta meðferðis umfram önnur björgunartæki. Það upplýstist fyrir n., að margir hinna smærri báta, fiskibátanna, eru svo litlir, að þeir geta ekki haft meðferðis venjulega björgunarbáta, þeir hafa bókstaflega ekki pláss fyrir þá. Skipaskoðunarstjórinn upplýsir það, að þannig væru margir af þeim bátum, sem lögum samkvæmt ættu að hafa björgunarbáta, raunverulega sendir á sjó, án þess að slíkir björgunarbátar væru fyrir hendi, vegna þess að það væri ekki hægt að koma þeim fyrir. Og skipaskoðunarstjórinn var á þeirri skoðun og taldi það vera skoðun þeirra manna, sem fást við björgunarmál og öryggismál skipa með tilliti til mannslífa, að gúmmíbátar, sem hafi tekið miklum framförum á síðustu árum, séu meira og meira að koma í staðinn fyrir venjulega björgunarbáta, vegna þess að reynslan sýnir, að björgunarbátarnir eru erfiðir að koma þeim út, þar eð skip, sem verður fyrir sjóskaða, er venjulega þannig ástatt, að sjóskaðann ber að með svo snöggum hætti, að öðrum megin koma þeir ekki bátunum frá sér, vegna þess að það er hliðin sem skipið leggst á, og hinum megin er þá orðið ómögulegt að koma bátunum úr davíðum, þegar sú hliðin er orðin upp. Hefur hann í því sambandi bent á, að t. d. hafi það komið fram við Andrea-Doria-slysið stóra á Atlantshafi, sem er eitt mesta sjóslys, sem orðið hefur núna í áratugi, að ef þar hefðu verið gúmmíbjörgunarbátar, en ekki venjulegir björgunarbátar, hefðu sennilega allir, sem á skipinu voru, bjargazt. N. vildi hins vegar ekki fallast á það, að gúmmíbjörgunarbátarnir yrðu teknir inn í staðinn fyrir önnur björgunartæki, björgunarbátana, en hún telur, að með tilliti til þessarar reynslu, sem skipaskoðunarstjórinn benti n. á, og þeirra erfiðleika, sem litlu fiskibátarnir eiga í með það að hafa björgunarbáta meðferðis bara vegna plássleysis, þá sé orðið nauðsynlegt að endurskoða þau ákvæði l. um eftirlit með skipum, sem snerta björgunartækin, og þá var einkum haft í huga, hvort ekki væru möguleikar á því að koma fyrir hentugum björgunarflekum, þótt ekki séu bátar, en þó flekum, sem ekki eru háðir því, að í þeim sé loft, til þess að þeir

hafi flotmagn, af því að það er háskinn við gúmmíbátana, að ef einhver missmíði verður eða einhver misgæzla verður á því, að farið sé vel með þá, getur eitt lítið gat á gúmmíbjörgunarbát orðið til þess, að skipshöfninni verður ekkert gagn að bátnum, þegar til þarf að taka, og veldur slysum. En athugandi væri sú leið og þyrfti að athuga sérstaklega í samráði við skipaskoðunarstjóra og þá af mönnum, sem settu sig sérstaklega inn í það, hvort ekki væru tök á því með þessa smærri báta að leysa þá undan því að hafa björgunarbáta venjulega, ef þeir hefðu fasta björgunarfleka, sem væri betur hægt að koma við í skipunum og tækju minna pláss frá eðlilegum störfum, sem þarf að vinna um borð í fiskibátum. N. vildi hins vegar ekki gera neinar till. um það, af því að hún taldi það mál þurfa nánari athugunar. En eins og hv. þdm. sjá, beinir hún því til hæstv. sjútvmrh., að hann láti endurskoða þessi ákvæði.

Þannig er sem sagt n. sammála um að mæla með því, að gúmmíbjörgunarbátar verði teknir í öll skip, en án þess að losað verði að nokkru leyti á öðrum björgunartækjum, og fjallar 2. liður till. n. einmitt um það.

Ein rökin, sem nefnd hafa verið fyrir þessum gúmmíbjörgunarbátum, eru þau, umfram það, að þeir eru handhægari en flest önnur tæki til þess að grípa til, þegar sjávarháska ber að með snöggum hætti, eins og oft vill verða, að hinir venjulegu björgunarbátar hafa ekki það sama gildi nú á dögum og þeir höfðu áður. Þeir menn, sem björguðust af skipum, sem voru að sökkva, urðu að gera ráð fyrir því, að þeir yrðu af eigin rammleik að koma sér til hafnar í björgunarbátunum. Það voru ekki miklar líkur til þess, að þeir gætu fljótt fengið björgun og aðstoð. En nú er svo komið með flugtækni og ýmsum tækjum nútímans, að í hvert skipti, sem skip týnist eða gefur frá sér neyðarkall, er hægt að setja í gang stórfellda og ýtarlega leit, þannig að björgunartæki þarf ekki í flestum tilfellum að geta gert annað en tryggt skipverjunum og áhöfninni eitthvað til þess að fljóta á, þangað til hjálpin berst. Þetta hefur gert björgunarbátana alveg sérstaklega handhæga nú, og mun þróunin vera mjög í þá átt, að gúmmíbjörgunarbátar séu að verða mjög almennir. Það hafa mörg slys hér við land sannfært menn um, að gúmmíbjörgunarbátar eru slík höfuðþing til öryggis, að ekki er forsvaranlegt, að þeir séu ekki hafðir í öllum skipum.

Með tilvísun til þessa leggur sjútvn. einhuga til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem um getur á þskj. 386.

ATKVGR.
Brtt. 386,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 386,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 79., 82., 83. og 86. fundi í Nd., 2., 8., 9. og 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 392, 441).

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Eins og kunnugt er, var gefin út reglugerð skv. l. um eftirlit með skipum þann 14. jan. s. l., þar sem ákveðið var að skylda nær alla fiskibáta og flestöll skip til þess að vera búin gúmmíbjörgunarbátum. Þessi reglugerð var sett í beinu framhaldi af þingvilja, sem hér hafði komið fram á Alþ. í þessa átt á næsta þingi á undan. Nú hefur hins vegar legið hér fyrir þessu þingi frv., sem gerir ráð fyrir því, að sett verði ákvæði inn í l. um eftirlit með skipum, sem skyldar það, að gúmmíbátar skuli vera á flestum skipum og nær öllum bátum.

Það hefur að undanförnu verið unnið að því að samræma það frv., sem hér hefur legið fyrir, við þær reglur, sem nú eru komnar í gildi, og þá samninga, sem við höfum þegar gert við erlendar þjóðir um samstöðu í þessum málum, og ætla ég, að eins og tillögur liggja nú orðið fyrir um afgreiðslu á þessu máli frá sjútvn., sé orðið fullt samkomulag við skipaeftirlitið um afgreiðslu málsins.

Eins og nú er lagt til að málið verði afgr. af sjútvn., er því slegið föstu, að þær reglur, sem settar hafa verið um gúmmíbjörgunarbáta, skuli standa óbreyttar, en því í rauninni einu aukið við að binda þetta fast í lögum, sem nú um skeið hefur verið aðeins bundið í reglugerð. Ég tel mjög eðlilegt, að lögunum sjálfum sé breytt í þessum efnum, og hef ekkert við það að athuga, en legg áherzlu á, að þær breyt., sem nú verða gerðar á þessum lögum, geti verið í samræmi við þær ákvarðanir, sem þegar hafa verið teknar af skipaeftirlitinu með reglugerð þeirri, sem út var gefin 14. jan. s. l. og skuldbindingar okkar við erlenda aðila einnig eru bundnar við. En ég tel, að afgreiðsla málsins í þeim búningi, sem það er komið nú í, sé einmitt að fullu í samræmi við þetta.

Þar sem málið liggur orðið þannig fyrir, mæli ég eindregið með því, að brtt. frá sjútvn., sem nú liggur hér fyrir varðandi afgreiðslu þessa máls, verði samþ. og málið afgreitt í þeim búningi.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Vegna þess að frsm. sjútvn. við 2. umr. er ekki viðstaddur á þessum fundi, vil ég aðeins leyfa mér að skýra frá því, að sjútvn.-menn eru sammála um þá brtt., sem fram er borin frá n. á þskj. 441. Hér er um minni háttar breytingar að ræða. Það er tvennt, sem lagt er til að breytt verði í 1. gr. frv. Í fyrsta lagi er lagt til, að á eftir orðunum „auk annarra björgunartækja, sem ákveðin eru í lögum eða reglugerðum“ komi: á hverjum tíma. Það er í raun og veru ekki efnisbreyting, heldur aðeins skýrara orðalag, þannig að greinilega er fram tekið, að miðað sé við reglugerð á hverjum tíma, en að sjálfsögðu geta reglugerðir breytzt og breytast eftir breyttum aðstæðum.

Um hina breytinguna er það að segja, að hún er á þá leið, að í staðinn fyrir, að í frvgr., eins og nú er, er kveðið á um, að stærð gúmmíbáta sé miðuð við, að þeir rúmi þá sem á skipi eru,

leggur n. til, að þetta verði orðað þannig, að gúmmíbátarnir rúmi minnst þá, sem á skipi eru. Má segja, að þetta sé fremur orðalagsbreyting en efnisbreyting, eins og hin fyrri, og miðar að því að gera orðalagið skýrara.

ATKVGR.
Brtt. 441 samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 90. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 446).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 451).

---

58. Atvinna við siglingar.

Á 72. fundi í Ed., 19. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum [135. mál] (þmfrv., A. 352).

Á 73. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt að ósk samgmrn., og er tilgangur þess sá að auðvelda mönnum aðgang að námi, sem veitir rétt til skipstjórnar á hinum stærri vélbátum, en skortur á skipstjórnarmönnum með lögmæt réttindi hefur verið vaxandi vandamál vélbátaútvegsins hin síðari ár. Hefur reyndin orðið sú, að aðsókn að stýrimannaskólanum eða fiskimannadeild hans hefur mjög farið hnignandi, og í annan stað hefur mikill fjöldi manna með skipstjórnarréttindi horfið til annarra starfa af ýmsum orsökum.

Hvort tveggja hefur leitt af sér tilfinnanlegan mannaskort réttindamanna, svo að til stórvandræða og stöðvunar margra vélbáta hefur horft. Þessi vandi hefur í algerri neyð verið leystur þannig, að viðkomandi ráðuneyti hefur veitt fjölmörgum undanþágur frá kvöðum gildandi laga um lögmæt próf og réttindi, og hefur þannig verið forðað stöðvun margra vélbáta. Á þessu fyrirkomulagi eru þó augljósir og jafnvel hættulegir meinbaugir.

Í fyrsta lagi fyrirfinnst ekki heimild til þess í gildandi lögum um atvinnu við siglingar að veita undanþágur mönnum til skipstjórnar. Lögin gera ráð fyrir lágmarksþekkingu og lágmarksprófum, en ekki fyrir neinum tilvikum frá þeim ákvæðum. Undanþágufyrirkomulagið er því með öllu ólögmætt og sýnilega stefnt á hættulega braut að veita með slíkum hætti rétt, jafnvel þótt tímabundinn sé, til stjórnar vélbáta á Íslandsmiðum, svo mikil ábyrgð sem því starfi fylgir á lífi skipshafnar og dýrmætum atvinnutækjum.

Í öðru lagi hefur reynslan sýnt, að nærri óhugsandi er, að þau stjórnarvöld, sem um undanþáguna fjalla, geti í öllum tilfellum kannað til nokkurrar hlítar hæfni þeirra, sem undanþágunnar beiðast, og hvort þeim sé til fullnustu treystandi til sinna vandasömu verka.

Í þriðja lagi veldur skortur réttindamanna til skipstjórnar því, að vélbátaútvegurinn getur ekki valið svo úr mönnum sem æskilegt væri og trúlega nauðsynlegt, til þess að hagsmunir hans séu að því leyti tryggðir sem bezt má verða.

Þetta þrennt eru sjáanlega slíkir annmarkar á undanþágufyrirkomulaginu, sem viðgengizt hefur, að ekki er við þá miðandi, ef nokkurra annarra úrkosta er völ til þess að manna vélbátaflotann hæfum skipstjórnarmönnum. Hefur þetta verið um nokkurt skeið ljóst þeim, sem sérstaklega hefur mætt á í þessum efnum. Því er það, að á Alþingi í fyrra var samþykkt þáltill. sú, sem frá er greint í grg. með þessu frv. og er efnislega á þá leið, að ríkisstj. er falið að láta fara fram endurskoðun gildandi laga um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum og lögum um stýrimannaskóla, með sérstöku tilliti til þess, hverra breytinga sé þörf vegna þróunar síðari ára í siglinga- og fiskveiðamálum landsmanna, og að athuga, hversu megi á hagkvæmastan hátt auðvelda mönnum aðgang að hæfilegu námi, sem veitir réttindi til skipstjórnar á stærri vélbátum. Í þessari ályktun Alþingis er þess að lokum óskað, að niðurstöður endurskoðunarinnar og till. um breytingu á lögunum verði lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Í framhaldi af þessari samþykkt skipaði svo samgmrn. þriggja manna nefnd sérfróðra manna til að framkvæma umrædda endurskoðun, og er frv. það, sem hér liggur fyrir, árangurinn af starfi hennar og í öllum meginatriðum samhljóða till. hennar um breytingar á lögunum, þótt út af sé brugðið í minni háttar greinum, sem ég mun síðar víkja að.

Í gildandi lögum frá 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar, og lögum frá 1945 um stýrimannaskóla í Reykjavík er gert ráð fyrir þrenns konar réttindum skipstjórnarmanna á íslenzkum fiskiskipum.

Í fyrsta lagi réttindi til skipstjórnar í innanlandssiglingum á skipum allt að 30 rúmlestum að stærð. Til þess að öðlast þau réttindi þarf ekki ákveðna skólagöngu, heldur nægir þar vottorð frá þar til skipuðum siglingafróðum manni, tilnefndum af atvmrn., um, að viðkomandi hafi til að bera ákveðna og tilgreinda þekkingu, sem störf hans varða, og eigi tiltekinn siglingatíma að baki. Gegn slíku vottorði gefa svo lögreglustjórar út skírteini til handa viðkomandi mönnum.

Í öðru lagi er svo um að ræða réttindi skipstjórnarmanna á öllum íslenzkum fiskiskipum, af hverri stærð sem er, í utanlands- sem innanlandssiglingum. Til þess að öðlast þau réttindi þurfa menn að hafa lokið fiskimannaprófi við stýrimannaskólann í Rvík að undangengnu tveggja vetra námi og að sjálfsögðu að hafa

uppfyllt önnur nauðsynleg skilyrði um siglingatíma o. fl.

Þannig er nú þessum málum háttað í aðalatriðum. Þó er frá þessum reglum það frávik í bráðabirgðaákvæðum laganna í 59. gr., að þeir menn, sem öðlazt hafa skipstjórnarréttindi samkv. lögum frá 23. júní 1936 á skipum allt að 75 rúmlestum og hafa verið skipstjórar eða stýrimenn í fimm ár, er nefnd lög voru sett, 1946, skuli öðlast skipstjórnarréttindi á skipum allt að 85 rúmlestum. Þetta undanþáguákvæði hefur þó af auðsæilegum ástæðum æ minna gildi, eftir því sem tímar líða, og hefur trúlega nær ekkert að segja nú orðið.

Í frv. því, sem hér er til umræðu, er gert ráð fyrir, að um tiltekið árabil, 5 ár, verði nokkuð slakað á kröfum um skólagöngu þeirra, sem skipstjórn hafa með höndum á vélbátum allt að 100 rúmlestum, þannig að í stað gildandi lagakröfu um tveggja vetra nám komi ákvæði um fjögurra mánaða námskeið til undirbúnings svonefndu minna fiskimannaprófi, er þessi réttindi veiti í innanlandssiglingum.

Í annan stað er gert ráð fyrir, að bráðabirgðaákvæði þau, sem ég áður nefndi um skipstjórnarréttindi á skipum allt að 75 rúmlestum, verði rýmkuð frá 85 lestum í 100 lestir án undangengis náms.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir, að nám þetta sé ekki bundið við stýrimannaskólann, heldur verði horfið að því ráði að halda þar að auki tvö námskeið utan Rvíkur og verði þau til skiptis á Ísafirði, Akureyri, Neskaupstað og Vestmannaeyjum, annað hvert ár á hverjum stað. Þessi námskeið öll verði þó á vegum stýrimannaskólans.

Eins og ég áður gat um, eru nokkur minni háttar atriði á annan veg í þessu frv. en hin stjórnskipaða nefnd leggur til.

Í fyrsta lagi lagði nefndin til, að öll próf að námskeiðum loknum yrðu haldin eingöngu í stýrimannaskólanum, en í frv. er gert ráð fyrir, að þau fari fram á þeim stöðum, þar sem námskeiðin eru haldin hverju sinni.

Í öðru lagi var ekki í till. n. ákveðið, hvar námskeiðin skyldu haldin, en þeir staðir eru ákveðnir í frv. og eru hinir sömu og ákvæði voru um í lögum um stýrimannaskólann í Rvík frá 1936 varðandi hið minna fiskimannapróf.

Í þriðja lagi er svo ákveðinn sá árstími, er námskeiðin skuli haldin, og að þau skuli standa í minnst fimm mánuði, en nefndin gerði ekki till. um, að þessi atriði yrðu sérstaklega lögfest.

Engar þessar breytingar á till. nefndarinnar geta þó talizt stórvægilegar. Helzt kynnu að verða skiptar skoðanir um það, hvar prófin skuli haldin, en sýnilega er það til nokkurs hægðarauka væntanlegum nemendum, að þau séu haldin á sama stað og námskeiðin. Hefur það sjónarmið ráðið hér úrslitum, að það kynni að draga úr aðsókn að prófunum, er þau mættu hvergi fara fram nema við stýrimannaskólann. Virðist líka, að námskeiðahald úti á landi hljóti mjög að missa marks, ef nemendur þurfa samt sem áður að fara til Reykjavíkur til þess að taka prófin og líklega til nokkurrar námsdvalar að auki.

Eins og ég hef áður vikið að, eru ákvæði þessa frv. aðeins hugsuð til bráðabirgða næstu fimm ár til þess að ráða bót á vanda, sem menn vonast eftir að sé aðeins tímabundinn. Hefur ekki þótt hæfa að ákveða til frambúðar að slaka á kröfum til þekkingar skipstjórnarmanna, en hins vegar talið, að sú millileið, sem hér er lögð til að farin verði, tryggi, eins og á stendur, meira öryggi mannslífa, verðmæta og atvinnu en sú skipan, sem nú hefur um skeið viðgengizt.

Sjútvn. er öll meðmælt þessu frv. efnislega, en einstakir nm. hafa þó óbundnar hendur varðandi hugsanlegar breytingartillögur. Nefndin mun milli umræðna athuga málið enn frekar en hún hefur gert, en leggur að svo komnu til, að það verði látið ganga til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 77. fundi í Ed., 26. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég gat um það, þegar þetta mál var hér til 1. umr., að sjútvn. mundi taka það til frekari athugunar á milli umr. Nú hefur hún í huga að gera ef til vill við það brtt., en henni hafa ekki borizt í hendur þau gögn, sem hún telur sér nauðsynlegt að hafa í höndum til þess að ganga frá þeirri breytingu. Ég vildi því óska eftir því, að umr. yrði nú frestað um einn til tvo daga, svo að n. gefist nægilegt rúm til þess að athuga frv. eins og hún telur vera þörf á.

Umr. frestað.
Á 79. fundi í Ed., 29. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 352, 385).

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur að athuguðu því frv., sem hér er til umræðu, ákveðið að flytja lítils háttar brtt. við það.

Er það í fyrsta lagi, að í stað orðanna „allt að 100 rúmlestum“ í 5. málsgr. komi: allt að 120 rúmlestum — og að samsvarandi breyting verði einnig gerð í 7. mgr., enn fremur, að í stað orðanna „í 36 mánuði“ í 6. mgr. komi: í 30 mánuði. — Efnislega er þessi breyting á þá leið í fyrsta lagi, að hver, sem hefur lokið prófi samkvæmt þeim bráðabirgðaákvæðum, sem í frv. felast, fái skipstjórnarréttindi á allt að 120 rúmlesta skipum í stað 100, eins og upphaflega var gert ráð fyrir í frv.

Þessi breyting er að nokkru leyti gerð samkv. tilmælum og ábendingu Landssambands ísl. útvegsmanna, sem sent var frv. til umsagnar. Lagði Landssambandið til í þessari umsögn, að réttindin, sem þessi námskeið veittu, sem hér eru ákvæði um, yrðu aukin upp í 150 lestir.

Nefndin gat ekki í heild fallizt á þetta, og varð samkomulag um að miða réttindin við 120 lestir. Samkvæmt upplýsingum Fiskifélagsins er skipafjöldi á bilinu 30 rúmlestir til 100 rúmlestir 283 að tölu, á bilinu frá 100 til 120 eru 26 skip, en á bilinu frá 120 til 150 aðeins 7 skip, svo að hérna virðist ekki muna mjög miklu, þó að ekki sé gengið til fullnustu inn á sjónarmið Landssambandsins í þessu efni.

Þetta er í raun og veru ekki heldur mikil efnisbreyting á frv. Það er næsta augljóst, að þau skip, sem hér er um að ræða, 100—120 lesta skip, stunda nákvæmlega sömu veiðar, róa á sömu mið, og því er næsta auðsætt, að það fylgir því ekki á nokkurn hátt meiri ábyrgð að fara með skipstjórn á þeim skipum heldur en þeim, sem eru allt að 100 tonnum. En að sjálfsögðu verður einhvers staðar að setja mörkin og hefur nefndin, eins og ég sagði, orðið sammála um að leggja til, að þau verði um 120 rúmlestir.

Hin breytingin, sem nefndin leggur til, er á þá lund, að lágmarkssiglingatími háseta eftir 15 ára aldur verði lækkaður úr 36 mánuðum í 30 mánuði.

Nefndinni höfðu borizt ábendingar um, að þessi tími væri óhæfilega langur, 36 mánuðir, og var í því sambandi bent á, að algengast væri eða a. m. k. mjög algengt, að menn stunduðu aðeins sjóinn á vetrarvertíðinni, eða í kringum sex mánuði á ári, og mundi þá ekki vera möguleiki á því fyrir menn, sem byrjuðu t. d. 17 ára gamlir, sem mun vera algengasti byrjunartími unglinga á sjónum, að öðlast skipstjórnarréttindi fyrr en í fyrsta lagi um 23 til 24 ára aldur og þætti óhæfilega hátt sett markið þar.

Það varð samróma álit í nefndinni, að það bæri að stytta þennan tíma. Sumir hefðu ef til vill getað fallizt á, að hann yrði styttur eitthvað meira en þarna er gert ráð fyrir, en samkomulag varð um að stytta hann um sem svaraði einni vertíð, eða um sex mánuði.

Þó að nefndin hafi ekki getað fallizt á það sjónarmið, sem kom fram í áliti eða umsögn stjórnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, tel ég þó rétt að gera hv. þd. grein fyrir því, hvað þau samtök höfðu um þetta frv. að segja, en í stuttu máli var umsögnin á þá leið, að sambandið væri algerlega samþykkt frv. að öðru leyti en því, að það teldi algerlega óhæft, að öll próf í sambandi við námskeiðin yrðu ekki haldin við stýrimannaskólann. En eins og auðsætt er, þá er gert ráð fyrir því, að prófin verði haldin á þeim stöðum, þar sem námskeiðin eru.

Þessu sjónarmiði til stuðnings bendir Farmannasambandið á, að á þeim fjórum stöðum, sem halda á námskeiðin, séu ekki tök á að kenna meðferð ýmissa siglingatækja og öryggistækja og þurfi því nemendurnir að dvelja um nokkurt skeið við stýrimannaskólann og ljúka prófi þaðan; enn fremur felst í þessu öryggi um það, að jafnar kröfur verði gerðar til allra, sem þessi námskeið sækja. Nefndin hefur ekki getað fallizt á þetta sjónarmið. Hún hefur aflað sér upplýsinga um, að þau tæki, sem þarna er aðallega átt við eða eingöngu, eru radartæki og miðunarstöðvar. En hún hafði einnig kynnt sér það, að meðferð þessara tækja er mjög einföld og auðlærð, og auk þess eru radartæki til í fiskiskipum á öllum þessum stöðum, og a. m. k. á einum staðnum, Akureyri, eru radartæki einnig í landi, svo að það virðist ekki ástæða til að hafa áhyggjur út af því, að nemendur á þessum námskeiðum gætu ekki kynnt sér meðferð þessara tækja.

Hvað miðunarstöðvarnar áhrærir, var það einnig upplýst fyrir n., að verð miðunarstöðva, sem þarna þyrfti til kennslu, væri ekki nema milli 4 og 5 þús. kr., og virðist það ekki vera nein frágangssök, að þau tæki séu útveguð fyrir námskeiðin.

Viðvíkjandi þriðju röksemdinni gegn því, að prófin verði haldin úti á landi, þeirri, að með því kynni að verða ósamræmi í þeim kröfum, sem gerðar eru til nemenda, þá er á það að benda, að í frv. er fyrirmæli um það, að öll námskeiðin séu á vegum stýrimannaskólans, og ætti það að vera full trygging fyrir því, að sömu kennsluaðferðir og sömu námsgreinar séu að öllu leyti lagðar til grundvallar því námi, sem þar fer fram, og þeim prófum, sem haldin eru að kennslu lokinni.

ATKVGR.
Brtt. 385,a samþ. með 12 shlj. atkv.
— 835,b samþ. með 12 shlj. atkv.
— 385,c samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 78. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 388).

Á 79. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til menntmn. með 18:1 atkv.

Á 93. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 388, n. 477).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af sjútvn. Ed. að beiðni hæstv. samgmrh., en undirbúið af nefnd, sem hæstv. fyrrv. samgmrh. skipaði 5. júlí 1956. Það frv., sem nefndin undirbjó, en í henni voru Friðrik Ólafsson skólastjóri stýrimannaskólans, Einar Thoroddsen hafnsögum. og Magnús Þ. Torfason próf., og hæstv. samgmrh. bað sjútvn. Ed. að flytja, er óbreytt frv. þessara þremenninga, að því undanskildu, að þeir gerðu ráð fyrir, að að námskeiðum loknum kæmu allir nemendur hingað suður til Reykjavíkur og þreyttu próf sín hér, en hæstv. samgmrh. breytti þessu atriði þannig, að

prófin verða, eins og áður var, tekin á þeim stöðum, þar sem námskeiðin eru haldin.

Aðrar breytingar, sem gerðar voru á frv. í Ed., eru þær, að í stað 100 rúmlesta skipa, sem þessi námskeið eiga að veita mönnum réttindi til að fara með, þá breytti Ed. því í 120 rúmlestir og enn fremur því, að siglingatiminn styttist úr 36 í 30 mánuði.

Menntmn. hefur rætt þetta frv. á nokkrum fundum og er öll sammála um að mæla með samþykkt þess. N. ræddi þetta auk þess við skólastjóra stýrimannaskólans og sérstaklega þessar breytingar, sem gerðar hafa verið á frv. Hann taldi þær að vísu vera til hins lakara, og nefndin kann vel að meta þann vilja, sem kemur fram í því hjá skólastjóra stýrimannaskólans að undirbúa skipstjóraefnin sem bezt. En það hefur bara komið í ljós á undanförnum árum, eftir að undanþáguheimild sú, sem var í lögunum frá 1946, féll úr gildi, að það hefur ekki verið hægt að skipa þessi fiskiskip okkar með mönnum með tilskilin próf, og það hefur farið í vöxt árlega, að veita hefur þurft æ stærri hluta þeirra manna, sem með skipstjórn hafa farið á þessum skipum, undanþágu, til þess að þeir mættu með þau fara, án þess að þeir fengju nokkra viðbótarmenntun við það, sem 30 tonna prófið hefur veitt þeim. En til þess að bæta úr þessu hafði þessi nefnd, sem ég gat um áðan, fallizt á að flytja þessa undanþáguheimild um, að það verði haldinn námskeið í næstu fimm ár, — það er ætlazt til, að það séu fjögurra mánaða námskeið, — og þeir, sem þeim ljúki og nái þar prófi, fái réttindi til að fara með skip allt upp í 120 tonn.

Þótt við gætum fallizt á rök skólastjóra stýrimannaskólans fyrir því, að það væri æskilegt að búa skipstjórnarmennina sem allra bezt undir sitt vandasama og erfiða starf, þá þótti okkur ekki fært að fara að hrekja þetta mál á milli deilda, vegna þess, hve nauðsynin er brýn á að fá þetta samþykkt nú, sérstaklega þar sem þessi lagaheimild, sem nú stendur til að samþykkja, á ekki að gilda nema í fimm ár og þessar breytingar, sem gerðar hafa verið þarna í Ed., eru ekki mjög stórvægilegar. Við leggjum því, eins og ég sagði í upphafi, til, að þetta frv. verði samþykkt eins og það liggur nú fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 504).

---

59. Fasteignaskattur.

Á 33. fundi í Ed., 18. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt [87. mál] (þmfrv., A. 146).

Á 34. og 36. fundi í Ed., 19. og 20. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 43. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Þetta frv., sem flutt var á síðasta þingi, en hlaut þá ekki fulla afgreiðslu, en mun hafa dagað uppi, er nú flutt að nýju af meiri hl. fjhn. að beiðni ríkisstj.

Eins og hv. deildarmönnum er væntanlega kunnugt, eru nú í lögum tvenns konar fasteignaskattar til sveitar- og bæjarsjóða, og miðast báðir við fasteignamat. Skattar þessir eru á lagðir af tveim aðilum og innheimtir af tveim aðilum, sem hvor um sig verður að hafa sitt bókhaldskerfi um skattana. Annar þessara fasteignaskatta er ákveðinn í lögum nr. 67 1945, og upphæð þess skatts er frá 0.5—2% af fasteignamati, mismunandi eftir tegund fasteigna. Heimilt er að hækka þennan skatt um allt að 400% samkv. lögum nr. 29 frá 1952. Sú hækkunarheimild mun víða vera notuð. Þannig er það t. d. á Akureyri og í Rvík líka, að því er ég ætla, og vafalaust víðar. Þessi fasteignaskattur er heimildarskattur. En sennilegt er þó, að öll bæjarfélög og mörg sveitarfélög innheimti hann, enda er hann æði mikill tekjustofn, ef hækkunarheimildin er notuð. Bæjar- og sveitarstjórnir leggja þennan skatt á og annast innheimtu hans.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er að vísu ekki um þennan skatt, heldur um annan fasteignaskatt, sem ákveðinn er í lögum nr. 66 frá 1921. Þessi skattur er ákaflega lágur. Það er 1½ af þúsundi af húsum og 3 af þúsundi af lóðum og löndum, miðað við fasteignamat.

Hann var upphaflega og lengst af raunar ríkisskattur, eða allt til ársins 1954, þegar ákveðið var, að hann skyldi renna í sveitarsjóði og bæjarsjóði. Þessi skattur er nú á lagður af sýslumönnum og bæjarfógetum, í Reykjavík af tollstjóra, og þeir hafa einnig með höndum innheimtu hans og allt bókhald um hann.

Þannig eru nú uppi tvö álagningarkerfi og tvö innheimtu- og bókhaldskerfi fyrir fasteignaskatta til bæjar- eða sveitarsjóða. Slíkt er að sjálfsögðu, a. m. k. að mínum dómi, hin mesta yfirsjón hjá löggjafarvaldinu og nánast sagt fásinna að haga þessu svo. Félag héraðsdómara benti ríkisstj. rækilega á þetta á sínum tíma, og mun frv. þetta, sem hér er fjallað um, þaðan runnið.

Frv. er ætlað að bæta úr þessu ófremdarástandi, sem ég vil kalla svo. Það gerir ráð fyrir, að álagning og innheimta þessa skatts sé falin bæjar- og sveitarstjórnum, en það mundi í framkvæmdinni þýða, að álagning og innheimta yrði sameinuð fasteignaskatti samkv. l. frá 1945 og álagningarkerfi, innheimtukerfi og bókhalds-

kerfi þessara tveggja skatta yrði sameinað og þannig sparaðist stórmikil vinna við skriffinnsku og reikningsfærslu, sem nú er haldið uppi að ástæðulausu, m. ö. o. verið að gera skattheimtuna auðveldari og einfaldari í framkvæmd.

Þess er þó skylt að geta, að í sumum sveitahreppum, mun fasteignaskattur ekki vera innheimtur, og á það einkum við um hreppa, sem vel eru stæðir og þar sem sveitargjöld eru miklu lægri en tíðkast í kaupstöðum og ýmsum hreppum, einkum kauptúnahreppum. Í þessum hreppum yrði því um nýja skattheimtu að ræða af hálfu oddvitanna. Hins vegar er tæplega hægt fyrir sveitarstjórnir að kvarta undan þessu, þar sem skattarnir renna beint í sveitarsjóði, og raunar ekki nein sanngirni í því, að starfsmenn ríkisins annist álagningu og innheimtu þessa skatts fyrir sveitarfélögin. Þar að auki á þetta aðeins við í sumum sveitarhreppum og þá þeim, sem eru svo efnaðir að þurfa ekki á þessari skattheimtu að halda.

Við, sem valizt höfum til að vera skatt- og tollheimtumenn, rekum okkur allt of oft á það, að löggjafarvaldið hirðir ekki nægilega um það, að skatta- og tollalöggjöf sé auðveld í framkvæmd. Þessi löggjöf er oft flókin og erfið að óþörfu og hefur í för með sér aukna vinnu og þar með aukið mannahald hjá ríkissjóði. Þetta frv. er spor í þá átt að gera skatta- og innheimtukerfið ódýrara og einfaldara, og er þetta mál þess vegna í mínum augum gott mál.

Í grg. frv. er þess getið, að breytingin, sem ráðgerð er, muni auðvelda notkun hraðvirkra bókhaldsvéla. Það er vafalaust rétt, en jafnvel þar, sem engum bókhaldsvélum er til að dreifa, tel ég, að þetta mál eigi fullan rétt á sér, og þykist raunar hafa sýnt fram á það.

Að svo mæltu legg ég til, að málinu verði vísað til 2. umr. Málið er flutt af nefnd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 24. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 25. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 45. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 46. fundi í Nd., 28. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Ég bjóst við, að þessu frv. yrði fylgt úr hlaði eitthvað hér í Nd., og beið þess vegna með það að kveðja mér hljóðs, og þar sem ég sé, að svo er ekki, vildi ég segja hér nokkur orð.

Þetta frv. hefur áður verið flutt, var flutt af fyrrv. ríkisstj. og lá þá hér fyrir Alþingi, en var stöðvað. Því fylgir samhljóða grg. og sú, sem fylgdi frv., þegar það lá fyrir Alþingi í fyrra. Það voru ýmsir, sem hreyfðu þá andmælum gegn þessu frv. og þá sérstaklega og fyrst og fremst þeim, að með þessu er verið að færa af starfsmönnum ríkisins talsverða vinnu yfir á oddvita og sveitarstjóra og bæjarstjórnir. Það er nú svo, að þessir aðilar, sem a. m. k. hvað oddvitana snertir starfa fyrir sáralitla þóknun, hafa ærið nóg á sinni könnu og þykir alls ekki á það bætandi, og í öðru lagi er það reynsla, að innheimta á gjöldum gengur miklum mun betur hjá sýslumönnum en hjá mönnum innansveitar, oddvitum eða gjaldkerum sveitanna. Það er því einnig þess vegna ástæða til þess að stinga hér fótum við og athuga, hvort þessi breyting sé réttmæt. Það getur ekki verið neitt stórkostlegt atriði fyrir sýslumenn eða þá, sem þessa innheimtu annast, að bæta við þremur liðum á þinggjaldsseðilinn, ef þeir fá þinggjöldin að öðru leyti útreiknuð hjá bókhaldsvélunum, því að það er vitanlega aðalverkið. Hitt er alveg hverfandi fyrir skrifstofurnar að bæta þessum þrem gjaldaliðum við, og getur aldrei oltið á neinu verulegu, en fyrir sveitarstjórnir er það mjög tilfinnanlegt, og allir oddvitar, sem ég hef átt tal við um þetta, og sveitarstjórnir eru þessu algerlega mótfallnar. Ég hef ekki talað við einn einasta mann, sem hefur talið þetta vera eðlilegt og mælt með því.

Ég legg þess vegna til og vil vænta þess, að nefndin taki þetta mjög til athugunar, áður en hún afgreiðir þetta mál, og láti það hljóta sömu örlög og á síðasta þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 59. fundi í Nd., 22. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 146, n. 250).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er um breyt. á l. frá 1921, um fasteignaskatt. Með þeim l. var ákveðið að innheimta nokkurn skatt af fasteignum, og var skatturinn látinn renna í ríkissjóð. Skattur þessi var innheimtur af lögreglustjórum á manntalsþingum með öðrum þinggjöldum.

Þessi skipan hélzt óbreytt til ársins 1954, en þá var ákveðið með l., að fasteignaskatturinn skyldi eftirleiðis ekki ganga til ríkisins, heldur til bæjar- og hreppsfélaga. Eðlilegt hefði verið, að þá um leið hefði verið gerð sú breyting, að innheimtumenn ríkisins hefðu verið losaðir við að innheimta skattinn, en bæjar- og sveitarstjórnir hefðu tekið það að sér, úr því að ríkið

afsalaði sér skattinum til bæjar- og sveitarfélaganna. En þetta var ekki gert, og síðan 1954 hafa lögreglustjórar innheimt skattinn eins og áður og skilað honum í bæjar- og sveitarsjóði.

Með því frv., sem hér er til umr., er lagt til, að nokkur breyting verði gerð á l. um fasteignaskattinn. Í fyrsta lagi er þar lagt til, að ákvæðin um álagningu skattsins verði gerð að heimildarákvæðum, þ. e. a. s. lagt á vald bæjar- og sveitarstjórna, hvort þær nota sér þann tekjuöflunarmöguleika, sem í lögunum felst.

Í öðru lagi er lagt til, að þær bæjar- og sveitarstjórnir, sem ákveða að leggja á fasteignaskatt samkv. l., skuli annast um innheimtu hans, og virðist það í alla staði eðlilegt. Þá eru lagafyrirmæli frá 1954 um afhendingu þessa tekjustofns til bæjar- og sveitarfélaganna tekin inn í frv. og l. frá 1954 felld úr gildi, eins og segir í 5. gr. frv.

Í grg. frv. er að því vikið, að ekki séu full not af þeim hraðvirku bókhaldsvélum, sem á nokkrum stöðum hafi verið teknar í notkun við útreikning manntalsbókargjalda, nema létt verði af innheimtumönnum ríkissjóðs álagningu og innköllun fasteignaskattsins. Þetta eru rök til stuðnings því, að breytingin verði gerð, og ekki síður hitt, að úr því að fasteignaskatturinn er orðinn tekjustofn fyrir bæjar- og sveitarsjóði, er eðlilegt, að álagning hans og innheimta sé á vegum bæjar- og sveitarstjórna.

Þess má geta, að til eru önnur l. um fasteignaskatt til bæjar- og sveitarsjóða. Það eru l. nr. 67 frá 1945. Samkv. þeim l. er bæjar- og sveitarstjórnum heimilt að afla tekna með fasteignaskatti, og sá skattur, sem heimilt er að taka eftir þeim l., er miklu hærri en sá skattur, sem þetta frv. fjallar um. Kaupstaðirnir munu hafa notað þessa heimild, flestir eða allir, og ef til vill einhverjir kauptúnahreppar, en ég býst við, að sveitahreppar hafi yfirleitt ekki notað heimildina. Þó mun mega finna dæmi þess. Sá skattur er innheimtur af bæjar- og sveitarstjórnum. En á sama tíma og bæjar- og sveitarstjórnir innheimta þennan skatt af fasteignunum, þar sem hann er á lagður, eru innheimtumenn ríkisins að innheimta skatt af sömu fasteignunum, og sá skattur fer í sama sjóðinn, bæjar- eða sveitarsjóðinn. Liggur í augum uppi, að þetta eru mjög óhagkvæm vinnubrögð og full ástæða til að gera þar á breytingu, eins og lagt er til í frv., sem hér liggur fyrir.

Ég minnist þess, að við 1. umr. frv. hér í d. kom fram aths. við það frá hv. 2. þm. Skagf. (JS). Mér skildist á honum, að hann teldi ekki heppilegt að leggja þá kvöð á hreppsnefndaroddvita að innheimta fasteignaskattinn. Mun hann þar einkum hafa átt við oddvita í sveitahreppum. En ég vil benda honum og öðrum hv. þdm. á það, að verði frv. samþ., er það algerlega á valdi hreppsnefndanna, hvort þær innheimta skattinn eða ekki, og vegna þess, hve skatturinn eftir þessari lagaheimild er lítill, má telja líklegt, að hreppsnefndir mundu yfirleitt ekki telja ómaksins vert að nota lagaheimildina. Sýnist þá ekki heldur ástæða til að halda því fyrirkomulagi, sem nú er, að skylda sýslumenn til að innheimta þennan skatt, nokkrar krónur af hverri jörð í sveit, og skila gjaldinu í hreppssjóðina. Ef sveitarstjórnir vilja afla tekna í sína sjóði með fasteignaskatti, sem vel getur verið skynsamlegt og átt rétt á sér, má telja víst, að þær grípi heldur til heimildarinnar í l. frá 1945, sem ég hef minnzt á, vegna þess að þar er álagningarheimildin miklu rýmri en í lögunum frá 1921, sem hér er lagt til að breyta.

Eins og sést í nál. á þskj. 250, mæla 4 fjhn.-menn með því, að frv. verði samþ., en einn nefndarmanna, hv. 5. þm. Reykv., var ekki viðbúinn að taka afstöðu til málsins, þegar það var afgr. frá nefndinni.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Ég vil nú leyfa mér að gera grein fyrir skoðun minni á þessu frv. og afstöðu minni til þess.

Með frv. er lögð til sú breyting á l. nr. 66 frá 1921, um fasteignaskatt, að í stað þess, að í 1. gr. stendur: af öllum fasteignum í landinu, sem eru ekki sérstaklega undanþegnar, skal greiða árlega af fasteignamatsverði skatt í sveitarsjóð, — þá komi í staðinn: skal heimilt að innheimta árlega af fasteignamatsverði skatt í sveitarsjóð o. s. frv. Í stað skyldu, sem er í l., á nú aðeins að koma heimild til þess að innheimta þennan skatt.

Með þessari breytingu hygg ég að álagning skattsins og innheimta hans sé gerð miklu erfiðari en hún hefur verið. Með l. frá 1954 var sveitarfélögum fenginn þessi skattstofn, sem ríkið hafði áður haft, og átti þá með þessu að létta undir við sveitarfélögin um tekjuöflun. Hefur innheimta hans verið í höndum sýslumanna og bæjarfógeta síðan eins og áður, svo sem lögin ákveða, og hafa þeir skilað skattinum til sveitarfélaganna að lokinni innheimtu, sem farið hefur fram með innheimtu annarra opinberra þinggjalda.

Nú er lagt til með þessu frv., að aðeins sé um heimild að ræða til innheimtu skattsins og sé hún í höndum oddvita og bæjarstjóra.

Nú er það svo, eins og allir þekkja, að menn eru yfirleitt lítið fyrir að láta innheimta af sér skatta, og þegar ekki er orðið nema um heimild að ræða og sú heimild er í höndum sveitarstjórna, þá býst ég við, að svo geti farið, að í sumum sveitarfélögum rísi menn upp gegn því, að heimildin sé notuð, og skattheimtan verði því ekki alls staðar framkvæmd. Gæti þá svo farið, að þessi tekjustofn yrði sveitarfélögunum til lítils eða einskis gagns.

Frv. þetta um breytingu á lögum um fasteignaskatt mun aðallega vera fram borið með það fyrir augum að létta af sýslumönnum og bæjarfógetum að reikna skattinn út og innheimta hann. Á hitt hefur ekki verið litið, að oddvitar í sveitahreppum, sem flestir eru einyrkjabændur, vinna margir hverjir störf sín, sveitarstjórnarstörfin, sem sífellt eru að verða umfangsmeiri með hverju árinu sem líður, utan venjulegs vinnutíma, ýmist á næturnar eða á helgidögum. Þeir eiga ekki gott með að bæta á sig þessu starfi, sem hlýtur að taka talsverðan tíma, því að útreikningur á skattinum breytist ár frá ári við þær breytingar, sem verða á millimati á fasteignum. Innheimtan í þeirra höndum yrði

ekki heldur eins trygg og í höndum yfirvalds og auk þess fyrirhafnarmeiri.

Einnig af þessum sökum mætti búast við, að skattheimtuheimildin yrði ekki notuð og sveitarfélögin yrðu þannig af þessum tekjustofni, sem þeim þó virðist ekki veita af að hafa. Víða er það svo, að einstaklingar, sem búsettir eru utan sveitarfélagsins, eiga þar fasteignir, sem lítið eða ekki eru nytjaðar, og eru þeir tregir að borga af þeim gjöld. Hins vegar eru lögð á hreppssjóðina gjöld vegna þessara eigna. Má þar til nefna gjald til almannatrygginga, sem að ákveðnum hluta er lagt á fasteignir í hreppnum, enn fremur gjald til sýslusjóðs. Það er ómótmælanlegt, að hreppsnefndir hafa ekki eins góða möguleika til innheimtu gjalda af slíkum eignum og sýslumennirnir.

Nú hafa verið teknar í notkun hraðvirkar bókhaldsvélar, sem reikna út og skrá hina venjulegu skatta til ríkisins. Þessar vélar létta því mjög störf þeirra embættismanna ríkisins, sýslumanna og bæjarfógeta, sem þessi störf hafa haft með höndum, og er gott um það að segja. En þá finnst mér það koma úr hörðustu átt, ef ríkisvaldið um leið þyngir störf á öðrum, í þessu tilfelli starfsmönnum sveitarstjórna, sem eru þegar ofhlaðnir verkefnum og flestir án allra hjálpargagna við þessi verk og vinna flestir fyrir svo lítil laun, að nánast má segja, að sveitarstjórnarstörf séu eins konar þegnskylduvinna.

Ég þykist vita, að tilgangurinn með þessu frv. sé fyrst og fremst sá að létta störfum af embættismönnum ríkisins, sem þeir gjarnan vilja losna við. Mér finnst sú nærgætni við þá alveg óþörf og hún muni bitna á sveitarfélögunum á þann hátt, að ég hygg, sem sízt skyldi, eins og ég þykist hafa leitt rök að.

Fyrir því er ég andvígur þessu frv. og tel, að lögin eigi að standa óbreytt.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki endurtaka neitt af því, sem síðasti ræðumaður vék að, en aðeins lýsa yfir því, að ég er sammála þeim rökum, sem fram komu í hans ræðu. En ég vildi bæta því við, að það eru fleiri atriði, sem gera það að verkum, að mér sýnist engin ástæða til að fara að samþykkja það frv., sem hér liggur fyrir.

Eins og fram kom hjá hv. frsm. fjhn., eru tvenn lög um fasteignaskatt til, og ef ég man rétt, er í þriðja lagi til heimild um það fyrir sveitar- og bæjarstjórnir að hækka fasteignaskatt „prósentvís“ svo og svo mikið.

Nú stendur svo á, að það stendur yfir endurskoðun á öllu fasteignamati í landinu samkv. lögum. Var að vísu gert ráð fyrir, að það nýja fasteignamat kæmi til framkvæmda um s. l. nýár, en það var ákveðið af ríkisstj., að því skyldi frestað þangað til næsta ár, og liggja til þess nokkrar orsakir.

Nú er það svo í lögunum um fasteignamat, að það er gert ráð fyrir, að þau hafi ekki í för með sér hækkun á sköttum á fasteignir umfram það, sem prósentugjaldið ákveður.

Alls þessa vegna sýnist mér það mundi vera rétt að fresta þessu frv. algerlega, þangað til nýja fasteignamatið kemur í gildi, því að þá hlýtur um leið að verða að endurskoða þessi lög um fasteignaskatt og færa þau saman í eina heild. Ég vildi þess vegna mjög mæla með því, að þetta frv. yrði annaðhvort stöðvað eða fellt nú við þessa umr., því að ég sé ekki neina knýjandi ástæðu til að samþykkja það, auk þeirra raka, sem eru í alla staði heilbrigð, sem hér voru flutt, bæði við 1. umr. af hv. 2. þm. Skagf. og nú af síðasta ræðumanni, hv. 1. þm. Árn.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Það eru nokkur orð út af þeim athugasemdum, sem fram hafa komið frá tveimur hv. síðustu ræðumönnum.

Hv. 1. þm. Árn. segir, að ef þetta frv. verði að lögum, muni verða gert erfiðara fyrir um innheimtu skattsins í sveitum heldur en nú er, og hann segir, að það sé hætt við, að menn rísi upp og mótmæli því, að heimildin verði notuð, þannig að sveitarfélag muni missa af þessum tekjustofni.

Nú er á það að líta, að skattur samkv. þessum lögum er ákaflega lítill. Það mun vera heimilt að taka 3 af þúsundi fasteignamats landa, en ef ég man rétt 1½ af þúsundi fasteignamatsverðs húseigna, og vegna þess, hve fasteignamatið er úrelt orðið, eru þetta ákaflega lágar upphæðir.

Þess vegna lít ég svo á, að t. d. hreppsnefndir í sveitum, sem þessir hv. ræðumenn virðast nú aðallega bera fyrir brjósti, muni yfirleitt ekki taka upp á því að nota þessa heimild, vegna þess að skatturinn er svo lágur eftir þessum lögum, að þeir muni ekki telja það svara kostnaði. Verður því oddvitum í þeim hreppum ekkert íþyngt, ef svo fer. En þess munu vera dæmi, að sveitahreppar hafi notað heimild annarra laga til að leggja á fasteignaskatta, þó að þeir séu fáir, sem það hafa gert. Ég hef heyrt, að sá hreppur, sem hv. 1. þm. Árn. er oddviti í, hafi notað þessa heimild og lagt á undanfarið einhver fasteignagjöld, m. a. miðað við þau útgjöld, sem sveitin hefur af fasteignum til sýsluvegasjóða og til almannatrygginganna. Og það er rétt hjá honum, að það tíðkast nokkuð, að menn eigi jarðir í sveitum án þess að nytja þær að ráði, og ég álít, að það sé sanngjarnt, að þeir borgi í þessu formi nokkuð til sveitarþarfa á þennan hátt. En ef það er svo, sem ég hygg að sé, að t. d. hv. 1. þm. Árn. (ÁÞ), sem mun vera oddviti í sinni sveit, leggur á og innheimtir fasteignaskatta samkv. lögunum frá 1945, þá fæ ég ekki séð, að honum sé aukið mikið erfiði með því, þó að hann og hans hreppsnefnd ákveði samkvæmt heimild í þessum lögum að hækka skattinn í heild eitthvað örlítið, við skulum segja um 10 af hundraði. Ég sé ekki, að verkið aukist neitt við álagningu og innheimtu fyrir því.

Hitt held ég að menn hljóti yfirleitt að sjá, að það eru ákaflega óhagkvæm vinnubrögð, að á sama tíma, sem innheimtumenn bæjanna eru að innkalla hjá einstaklingum gjöld af fasteignum þeirra, — en þessi fasteignaskattur mun yfirleitt vera lagður á samkvæmt lögunum frá 1945 í kaupstöðum, — á sama tíma og þetta gerist, séu innheimtumenn ríkisins að innheimta nokkra aura, miklu minni upphæðir, af sömu fasteignunum, og þessi lági fasteignaskattur á að renna í sama sjóðinn, viðkomandi bæjarsjóð.

Þetta eru svo fráleit vinnubrögð, að það er ástæða til að gera á þessu breytingu, og ég sé ekki, að neinum sé íþyngt með því hvað viðvíkur álagningu og innheimtu fasteignaskatta.

Mér þykir það satt að segja næsta einkennilegt, ef þeir hv. þm., sem hafa andmælt þessu frv., telja það ekki skipta máli, þó að peningum sé eytt vegna mjög óhagkvæmra vinnubragða, ef aðeins þau útgjöld lenda á ríkissjóði. Ég hafði búizt við því, að skoðanir þeirra á því máli væru öðruvísi, og ég held, að þetta hljóti að vera af því, að þeir hafi ekki nú þegar gert sér atriði málsins fullkomlega ljós.

Ég er ekki kunnugur þessari vélamenningu hér nýtilkomnu á þessu sviði, hef ekkert athugað það, en mér er sagt af þeim mönnum, sem þar um eru fróðir og hafa starfað að útreikningi gjalda með þessum vélum, að það sé ekki hægt að koma því svo fyrir að reikna út fasteignaskattinn í vélunum, heldur kosti það aukavinnu að skrifa reikninga yfir þessi gjöld.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem ég hef ástæðu til að taka fram út af aths., sem fram hafa komið. Mér sýnist þetta liggja svo ljóst fyrir, að það sé hagkvæmt að gera á þessu þá breytingu, sem frv. gerir ráð fyrir.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég held satt að segja, að bæði þau sjónarmið, sem hér hafa komið fram, bæði hjá hv. þm. V-Húnv. (SkG) og öðrum, sem talað hafa um þetta mál, eigi mikið til síns máls.

Það er vitanlega alveg rétt hjá hv. þm. V-Húnv., að innheimta þessa gjalds skapar vissa erfiðleika hjá innheimtumönnum ríkisins vegna véla, sem upp hafa verið teknar, þó að sannast sagna fari að verða kannske nokkuð úr hófi vald vélanna, ef þarf æ ofan í æ að breyta lögum hér á Alþingi, vegna þess að vélunum þóknast ekki að haga sér eftir því, sem ákveðið hafi verið, og hafa þegar komið fyrir Alþingi fleiri dæmi um lagabreytingar af þeim sökum. En það er nú einu sinni svo, að þetta vélakerfi leyfir víst ekki, eftir því sem mér skilst á ríkisendurskoðuninni, að þetta gjald sé talið með, það ætlast alls ekki til, að það sé lagt á, þannig að þetta skapar vissan vanda, og það eru að þessu leyti til rök, sem hv. þm. V-Húnv. flytur hér.

Á hinn bóginn sýnist mér, að ef þarf að fara þessa leið, sem hér er lagt til, og ekki aðeins að gera þetta að heimildarákvæði fyrir sveitarstjórnir, heldur einnig að fela sveitarstjórnum innheimtu gjaldsins, þá fari að verða ákaflega lítið úr þeim hlunnindum, sem sveitarstjórnunum og sveitarfélögunum voru ætluð, þegar ríkissjóður afhenti þeim þennan tekjustofn, sem sannast sagna er nú ekki upp á marga fiska, því að mér sýnist, að út úr því verði hreinasti óskapnaður, ef sami aðili á að fara að leggja á fasteignagjöld eftir tveimur lögum, og það sé þó sýnu nær, að hægt sé að rökstyðja það að leggja á tvenns konar fasteignagjöld, þó að það sé út af fyrir sig ósköp fáránleg niðurstaða, ef það eru tveir aðilar, sem leggja þau á, eða sinn hvor aðilinn, sem leggur þau á og sér um innheimtu þeirra. Ég held, að það sé alveg rétt, sem hv. 1. þm. Árn. (ÁÞ) sagði, að það verði mjög erfitt um vik fyrir sveitarstjórnirnar að nota þessa heimild. Ég man það, þegar um það var rætt að afhenda sveitarstjórnunum þennan skattstofn, þá var lögð á það töluvert mikil áherzla, að ríkið héldi áfram innheimtu og álagningu gjaldsins, vegna þess að annars mundi verða litið á þetta í sveitarfélögunum eða af íbúum sveitarfélaganna sem nýja skattheimtu sveitarfélaganna. En ef þessi breyting er á komin, sem hér er gert ráð fyrir, þá sé ég ekki annað en að það sé kippt alveg fótunum undan þessari forsendu fyrir að hafa kerfið eins og það nú er, þannig að það sé alveg eins hægt fyrir sveitarstjórnirnar að nota þá heimild, sem þær hafa eftir lögunum um fasteignagjöld, því að það mun vera til heimild til þess að hækka þau allt upp í fimmföldun. Það er sem sagt þá horfin þessi forsenda fyrir því að hafa gjöldin tvískipt, til þess að íbúar sveitarfélaganna teldu ekki vera um aukaálagningu að ræða hjá sveitarstjórnunum, ef þetta á að verða í því formi, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Mér sýnist því í fljótu bragði, að það sé ekki nema um tvennt að ræða: annaðhvort að hafa þetta í því formi, sem það enn er, um sinn, m. a. vegna þess, að það stendur nú fyrir endurskoðun á fasteignamatinu og e. t. v. nýjar ákvarðanir um þessi gjöld í sambandi við það, eða þá blátt áfram að fella þessi lög alveg úr gildi og láta þá innheimta fasteignagjöld eftir hinum lögunum, því að eftir að þetta er komið á sömu hönd, eins og hér er gert ráð fyrir, að innheimta fasteignagjöld eftir tvennum lögum, þá er þetta eiginlega orðin hálfgerð hringavitleysa, sem ég held að sé varla stætt á.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Ég hefði raunar getað fallið frá orðinu, því að hv. 2. þm. Eyf. (MJ) tók að mestu leyti fram það, sem ég hafði hugsað mér að drepa hér á. Ég vil aðeins benda á það út af því, sem hv. þm. V-Húnv. (SkG) sagði, að við, sem værum að mæla gegn þessu frv., hirtum ekkert um og það væri allt í lagi, ef útgjöldin lentu á ríkissjóði, — í því sambandi vil ég benda á, að gefnu tilefni frá honum, er hann var að tala um, að það væri óeðlilegt að innheimta sömu gjöld í tvennu lagi og eðlilegast væri, að innheimtan færi sem mest fram í einu lagi. Það er enginn vafi á því, að það væri langhagkvæmast, að innheimtan færi þannig fram, að innheimtan væri sameiginlega bæði fyrir ríki og bæjar- og hreppsfélög. Það er engum vafa bundið. Þannig ætti það að verða ódýrast. En hvað segja þá vélarnar? Hvað segja þessar almáttugu vélar, sem allt verður að snúast um? Mér skilst helzt, að það sé alls ekki leyfilegt og meira að segja að það sé mjög vafasamt, að þingið geti leyft sér að bæta við nýjum skatti, sem yrði að innheimta sérstaklega, því að vélarnar leyfðu það ekki. Ég verð að segja, að vald vélanna er orðið helzt til mikið í huga hv. þm., ef Alþingi á algerlega að dansa eftir einhverjum vélum, sem hafa verið fengnar hér og starfa.

Þetta skal ég láta nægja, því að ég hirði ekki um og sé ekki ástæðu til að taka upp þau rök, sem hér hefur verið bent á og verið færð fram

af þeim, sem töluðu á undan mér, og ástæðulaust að fara að endurtaka það.

Umr. frestað.

Á 86. og 87. fundi í Nd., 12. og 26. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 88. fundi í Nd., 29. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Jón Pálmason: Herra forseti. Því hefur verið lýst af mér og fleiri mönnum, bæði við fyrri hluta þessarar umr. og 1. umr. málsins hér í hv. d., að tilgangurinn með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er enginn annar en sá að taka innheimtuna á fasteignaskattinum frá sýslumönnum og bæjarfógetum og færa það yfir á oddvitana í landinu. Við teljum, að þetta sé algerlega óþarft og engan veginn heppilegt, þar sem annars vegar eru menn, sem hafa flestir nægilegt af starfsfólki til þess að anna þeim störfum, sem að kalla, bæði innheimtu og öðru. Hins vegar eru önnum kafnir oddvitar víðs vegar um landið, sem litið hafa fyrir sitt starf og engin ástæða til að vera að bæta á. Þar að auki er þess að geta, að um fasteignaskatt eru fleiri lagaákvæði en eitt, sem nauðsynlegt væri þá að sameina í eitt, áður en gerðar eru breytingar á þeim lögum, og því fremur er ástæða til þess nú, þar sem næstu daga gengur í gildi nýtt fasteignamat, og samkv. lögum er ákveðið, að þá verði tekin til athugunar ákvæði um skatta, sem lagðir eru á eignir og fasteignir. Það er bæði eignarskatturinn og fasteignaskatturinn. Ég tel þess vegna eðlilegt, ef ekki fæst frestun á þessu máli, þannig að það verði látið daga uppi, að það verði þá fellt hér í hv. deild, því að ég sé ekki neina ástæðu til þess að vera að knýja það fram nú. Þessi mál þarf að taka til nánari athugunar og eðlilegast, að þá séu færð í lag þau ákvæði, sem eru um fasteignaskatt, og það undirbúið fyrir næsta Alþingi.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Í nál. fjhn. er þess getið, að ég hafi ekki tekið afstöðu til málsins, þegar það var afgreitt. Ég vil nú af þessu tilefni taka fram, að miðað við þá gagnrýni, sem fram hefur komið á þessu frv. frá ýmsum þm., sem eru fulltrúar sveitanna, bæði við fyrri umr. og svo nú, teldi ég ekki ástæðu til að leggja mikla áherzlu á, að þetta frv. næði fram að ganga að þessu sinni. Það er bæði, eins og hv. þm. A-Húnv. sagði, að til þess liggja nú ekki knýjandi ástæður, og fyrir utan þau sjónarmið, sem hann og aðrir hafa hreyft, tel ég, að það væri skynsamlegra, ef breytingar ætti að gera í þessum efnum, að taka þá málið víðtækara og samræma þau lagaákvæði, sem eru um fasteignaskatta eða lóðagjöld, því að um það eru nokkur fleiri ákvæði, varðandi tekjuheimildir sveitarfélaga og bæjarfélaga af fasteignum og lóðum. Og mér sýnist, ef þessar breytingar eru gerðar á þessu, þá haldi það áfram að vera nokkuð sundurleitt og mætti samrýma þá löggjöf betur. Ég er ekki reiðubúinn á þessu stigi málsins að rökstyðja nánar skoðun mína í þessu efni, en ég held, að hv. þingmönnum sé ljóst, og það var rætt innan fjhn., að annars vegar hafa bæjarfélögin og sveitarfélögin sín fasteignagjöld eftir sérstökum lögum og hins vegar var ekki alls fyrir löngu breytt því ákvæði, að sá fasteignaskattur, sem hér er verið að innheimta og rann áður til ríkisins, rennur til sveitar- og bæjarfélaganna, og eru þannig eiginlega á tvennan hátt innheimt og að vissu leyti dálítið annarlega þessi gjöld til sveitarfélaganna. Mér finnst þess vegna, að það séu bæði formleg og efnisleg sjónarmið, sem liggi til þess, að ástæða væri til þess, að þetta mál væri nánar athugað, áður en Alþ. endanlega afgreiddi það af sinni hálfu, og teldi þess vegna langeðlilegast og skynsamlegast, að þessu máli yrði nú frestað að sinni á þessu þingi eða færi ekki lengra.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 89. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi í Nd., 2. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RH, SkG, ÓJ, SvbH, EirÞ, EmJ, EystJ, GÞ, GJóh, GÞG, HÁ, HV, ÓB, PÞ.

nei: PO, SÁ, ÁÞ, ÁB, BBen, HS, IngJ, JóhH, JPálm, GGísl, KGuðj, MJ, ÓTh.

EOl greiddi ekki atkv.

7 þm. (PP, ÁkJ, BG, BÓ, GíslG, KJJ, LJós) fjarstaddir.

2.—5. gr. samþ. með 14:7 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:5 atkv.

Á 91. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 93. fundi í Nd., 7. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 94. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 95. fundi í Nd., 10. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:10 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 515).

---

60. Sala Kópavogs og Digraness o. fl.

Á 9. fundi í Ed., 5. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild handa ríkisstj. til að selja Kópavogskaupstað land jarðanna Kópavogs og Digraness og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum [38. mál] (þmfrv., A. 39).

Á 10. fundi í Ed., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Finnbogi R. Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv., sem ég flyt ásamt þremur hv. þdm., er flutt skv. eindreginni ósk bæjarstjórnar í Kópavogskaupstað. Innan bæjarstjórnarinnar og ég held að ég megi fullyrða meðal bæjarbúa almennt hefur enginn ágreiningur verið um það, að æskilegast sé og raunar nauðsynlegt, eins og nú er komið, að landið, sem Kópavogskaupstaður stendur á og byggðin í Kópavogskaupstað stendur á fyrst og fremst, komist í eign bæjarfélagsins sjálfs.

Ég hef ástæðu til að fagna því, að svo hefur líka tekizt til, að flutningsmenn þessa frv. eru úr öllum þingflokkum hér í þessari hv. deild, svo að ég tel ekki líkindi til þess, að þetta mál þurfi að verða pólitískt ágreiningsmál.

Þetta frv. var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki afgreiðslu, þó ekki af þeirri ástæðu, að ágreiningur væri um það í þeirri hv. þingnefnd, sem fékk það til meðferðar, hv. landbn., heldur var ástæðan sú, að sú stjórnardeild, sem fer með jarðeignamál ríkissjóðs öll, skilaði ekki umsögn um frv., svo að það þótti ekki fært að afgreiða það frá nefndinni.

Ég tel mig nú hafa ástæðu til að vona, að afgreiðsla málsins þessu sinni þurfi ekki að stranda á því, að ekki berist umsögn frá n., sem þessi mál heyra undir.

Það kemur fram í grg. þessa frv., að það er ekkert nýmæli hér á hv. Alþ., að sveitarfélög óski eftir því að fá eignarréttinn á landi, sem áður hefur verið í eign ríkissjóðs. Fjölmörg frv. sams konar og þetta hafa áður verið samþykkt hér á hv. Alþ. og þá jafnan, að ég hygg, ágreiningslítið eða alveg ágreiningslaust. Þetta frv. er í fyllsta samræmi við þau lög, sem áður hafa verið afgreidd frá hv. Alþ. að beiðni ýmissa sveitarfélaga um þetta efni.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að samkomulags verði leitað um söluverð þess lands, sem með frv. er farið fram á að selt verði Kópavogskaupstað. Það land er engan veginn allt land þeirra tveggja jarða, sem þarna hafa verið, heldur eru þar undanskilin lönd nýbýla, sem þar hafa verið stofnuð, og enn fremur land, sem búi ríkisins í Kópavogi, sem er haldið uppi vegna ríkishælanna þar, er nauðsynlegt til búrekstrarins.

Það er ekki um neinar landsnytjar í venjulegum skilningi að ræða af þessu landi. Þvert á móti, þetta er eitthvert hrjóstrugasta og óræktanlegasta land, sem til er í öllu nágrenni Reykjavíkur. En samt getur það verið, að menn hafi mjög mismunandi hugmyndir um verðmæti þessa lands.

Ég hygg, að það hafi alltaf farið svo, þegar sölur hafa farið fram á landi í eign ríkisins til sveitarfélaga, að þá hafi orðið samkomulag milli seljanda og kaupanda um söluverð landsins eða landanna. Og ég vil vona, að það verði svo einnig í þessu tilfelli. En því er ekki að neita, að í sambandi við hugleiðingar um það, hvert verðmæti þessa lands sé, þá er komið nærri vandamáli, sem er allsherjar vandamál í okkar þjóðfélagi og hefur ekki verið leyst til þessa með löggjöf, en það er það vandamál, hverjir eigi verðhækkun, sem verður á landi, þó ekki fyrir tilverknað eiganda eða umráðanda lands, heldur fyrir framkvæmdir og aðgerðir samfélagsins, hins opinbera, ríkis eða bæjarfélaga. Ég ætla ekki að fara út í þetta vandamál hér að þessu sinni. En ég vil vænta þess, að af hálfu ríkissjóðs verði fullri sanngirni að mæta, þegar rætt verður um það, hvaða verð Kópavogskaupstað ber að greiða fyrir þetta land. En mér hefur virzt, að ríkissjóður hafi jafnan í sambærilegum málum sýnt mikla sanngirni í skiptum sínum við sveitarfélög, þegar um þetta hefur verið að ræða.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um frv. að þessu sinni. Ég vil leyfa mér að leggja til, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. landbn., því að landbn., a. m. k. hér í þessari hv. d., hefur jafnan fengið til meðferðar öll frv., sem snerta jarðeignir ríkisins og sölu lands ríkisins yfirleitt, hvernig sem annars hefur á staðið um það, hvort það hafa verið heilar jarðir eða landshlutar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 39, n. 459).

Frsm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Þetta mál hefur dvalið alllengi hjá hv. landbn., eða frá því 6. nóv., að málinu var vísað til n. Ástæðan fyrir þessu er sú, að nefndin sendi frv. til umsagnar jarðeignadeild ríkisins 15. nóv., en svar barst nefndinni ekki fyrr en 12. apríl, daginn sem þingi var frestað fyrir páska.

Efni frv. er það að heimila ríkisstj. að selja Kópavogskaupstað lönd jarðanna Digraness og Kópavogs, að undanskildum nýbýlum og því landi, sem heilbrmrn. hefur fengið vegna heilsuhæla í Kópavogi og til búrekstrar við þau.

Þá er bæjarstjórn Kópavogs einnig heimilað, samkvæmt 2. gr. frv., að taka eignarnámi erfðafesturéttindi í eignarlandi kaupstaðarins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Á árunum fyrir stríð og í stríðsbyrjun skipti ríkið miklum hluta af landi þessara jarða niður í nýbýla- og ræktunarlönd og lét þau af hendi með erfðaleigusamningum, en á stríðsárunum tóku menn að byggja sér íbúðarhús á þessum löndum, svo að þarna myndaðist óðar meira eða minna samfelld byggð. 1947 er svo farið að skipuleggja þessa byggð sem þéttbýli.

Á síðustu 10—12 árunum hafa fólksflutningar til Kópavogs orðið örari en þekkzt hefur um nokkurn annan stað í landi hér. Mun fólksfjöldi í Kópavogi hafa nær því tífaldazt á þessu tímabili. Slíkum fólksflutningi fylgir að sjálfsögðu það, að skipuleggja þarf byggðina og sjá fyrir margs konar framkvæmdum, er svo ör bæjarmyndun krefst. Þetta verður ekki gert, nema bæjarstjórn kaupstaðarins fái full yfirráð þess lands, sem kaupstaðnum tilheyrir. Fjöldi kauptúna og kaupstaða í landinu hafa byggzt upp á landi ríkisins. Þegar svo viðkomandi bæjar- eða

sveitarstjórn hefur óskað eftir að fá landið keypt, hefur að jafnaði þótt réttmætt, að hæstv. Alþingi heimilaði slíka sölu. Má nefna ýmis dæmi um þetta frá síðustu árum.

Í umsögn jarðeignadeildar ríkisins um frv. segir, að hæstv. Alþingi hafi eitt ákvörðunarrétt um það, hvort heimiluð verði sala nefndra jarða til Kópavogskaupstaðar, og sjái jarðeignadeildin ekki ástæðu til að taka afstöðu til þess. Hins vegar bendir hún á, að í lögum um sölu á landi ríkisins sé oft fram tekið, að námaréttindi, vatnsréttindi og jarðhitaréttindi séu undanskilin, en bendir þó á, að það sé sanngjarnt, að Kópavogskaupstaður eigi rétt til sand- og malarnáms til eigin þarfa og til jarðhita, ef um hann væri að ræða.

Hv. landbn. sá ekki ástæðu til að bæta slíkum ákvæðum inn í þetta frv., þar sem hæstv. ríkisstj. hefur það í hendi sér við væntanlega sölusamninga að undanskilja þessi réttindi, og jarðeignadeildin, sem á þetta bendir, mun væntanlega sjálf hafa þetta mál með höndum, þegar til sölusamninga kemur. Auk þess munu þessi náttúrugæði því miður vera af skornum skammti í Kópavogslandi. Hvað námur snertir er varla um sand- eða malartöku lengur að ræða, hvað þá meira. Vatn er þarna varla til, og nýtur kaupstaðurinn vatns úr Gvendarbrunnaleiðslum Reykjavíkur. Og um jarðhita er ekki að ræða.

Jarðeignadeild ríkisins gerir eina ákveðna till. um breytingu á þessu frv. Hún er sú, að náist ekki samkomulag um söluverð landsins, ákveði gerðardómur verðið í stað dómkvaddra manna, eins og segir í frv. Þetta hefur hv. landbn. fallizt á og flytur þá brtt. við frv. á þskj. 459, sem hér greinir. Landbn. leggur því einróma til, að frv. verði samþykkt með þessari breytingu.

ATKVGR.
Brtt. 459 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 471).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 92. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 93. fundi í Nd., 7. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 471, n. 493).

Frsm. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 471, ásamt nál. á þskj. 493, er um heimild handa ríkisstj. til að selja Kópavogskaupstað land jarðanna Kópavogs og Digraness og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum. Þetta frv. er flutt af hv. 4. landsk. þm. og fleirum.

Efni frv. er, eins og áður hefur verið um getið, að hæstv. ríkisstj. sé heimilt að selja Kópavogskaupstað allt land jarðanna Digraness og Kópavogs. Undanskilið er þó nýbýli og land vegna rekstrar hæla ríkisins í Kópavogi og búrekstrar ríkisins í sambandi við þau o. s. frv.

Þá er heimilt að taka eignarnámi erfðafesturéttindi í eignarlandi kaupstaðarins, ef nauðsyn krefur vegna skipulagsbreytingar.

Þetta frv. var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá allýtarleg grg., sem nú hefur verið tekin upp orðrétt og er á þskj. 39.

Frv. var flutt í hv. Ed., og hefur hún afgreitt málið að mestu leyti óbreytt. Landbn. Nd. tók frv. fyrir á fundi sínum 7. maí s. l. og mælir öll með því, að það verði samþykkt óbreytt. Í samræmi við þessa afgreiðslu hv. landbn. leyfi ég mér að mæla eindregið með því, að frv. verði samþ. óbreytt og að lokinni þessari umr. verði því vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 517).

---

61. Tunnuverksmiðjur ríkisins.

Á 20. fundi í Ed., 29. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um Tunnuverksmiðjur ríkisins [67. mál] (þmfrv., A. 92).

Á 21. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um tunnuverksmiðjur ríkisins, er fram borið í því skyni að bæta skilyrði fyrir framleiðslu á tunnum í tunnuverksmiðjunum, þannig að hvort tveggja geti orðið, að framleiðslan aukist frá því, sem tíðkazt hefur, og ekki síður hitt, að gæði framleiðslunnar verði meiri.

Um tunnuverksmiðjur ríkisins gilda nú lög nr. 33 frá 23. apríl 1946, um tunnusmíði, og breyting á þeim lögum, sem er nr. 41 frá 9. maí 1947.

Við flm. þessa frv. töldum rétt, að ný lög yrðu sett um þetta efni, þar sem þau fyrri eru að verulegu leyti orðin úrelt, enda eru þau heimildarlög og miðuð við byrjunarframkvæmdir einungis.

Tunnuverksmiðjur ríkisins hafa nú verið reknar um margra ára skeið og gefizt vel. Afköst verksmiðjanna eru: Siglufjarðarverksmiðjunnar 12 þús. tunnur á mánuði og Akureyrarverksmiðjunnar 10 þús. tunnur á mánuði. Hins vegar hefur framleiðslan hvergi nærri orðið jafnmikil og unnt hefði verið miðað við þessi afköst. Og á s. l. vetri voru framleiddar á Siglufirði rúml. 70 þús. tunnur og á Akureyri rúml. 33 þús. tunnur, eða samtals 103425 tunnur í báðum verksmiðjunum.

Við tunnuframleiðsluna hefur hvort tveggja unnizt, að sparazt hefur erlendur gjaldeyrir, sem nota hefði þurft við innflutning á tilbúnum tunnum, og einnig hitt ekki síður, að veruleg atvinna hefur skapazt við framleiðsluna á Siglufirði og Akureyri, einmitt yfir vetrarmánuðina, þegar annars hefur verið erfiðast um atvinnu á þessum stöðum. Verksmiðjurnar hafa því að mínum dómi skýlaust verulega þjóðhagslega þýðingu. Hins vegar hefur brostið á, að skilyrði til framleiðslunnar væru svo góð sem vera þyrfti, og á þetta þó einkum við um Akureyrarverksmiðjuna. Þar vantar alveg skýli til geymslu á tunnuframleiðslunni, en það skiptir miklu máli, að það sé fyrir hendi, vegna þess að tunnur skemmast við geymslu undir beru lofti, eins og bent er á í grg. frv. Framleiðslukostnaður á tunnum hlýtur einnig að verða meiri, þar sem geymsluskýli er ekki fyrir hendi, því að þá er útilokað að nota annað en frumstæðustu tæki við flutning á tunnunum úr vélasal á stæði, þar sem þær eru geymdar. Við þetta bætist einnig snjómokstur að vetrinum.

Í þessu frv. er lagt til, að ríkisstj. sé heimilað að endurbæta verksmiðjurnar, búa þær húsa- og vélakosti, og þessi heimild nái til þess að byggja tunnugeymsluskýli við verksmiðjuna á Akureyri, sem rúmi allt að 50 þús. tunnur, og að öðru leyti til þess að gera nauðsynlegar umbætur á þeirri verksmiðju. Þar vantar upphitun og lofthreinsunartæki, sem hvort tveggja er nauðsynlegt fyrir þá, sem þarna starfa. Samfara þessum verksmiðjuiðnaði er að sjálfsögðu mikið ryk af sögunarvélum og nauðsynlegt, að þar verði sett upp viðeigandi lofthreinsunartæki, þannig að ryki verði eytt jafnóðum og það kemur fram.

Frv. gerir ráð fyrir, að stjórn verksmiðjanna verði hagað með sama hætti og áður hefur tíðkazt, þ. e., að síldarútvegsnefnd annist hana, enda er talið, að sú tilhögun hafi gefizt vel, og því ekki efni til þess, að þar verði gerð breyting á.

Það er mikið hagsmunamál fyrir síldarsaltendur á Norðurlandi, einkanlega á Sauðárkróki, Dalvík, Hjalteyri, Akureyri, Húsavík og Dagverðareyri, að jafnan séu til nægar birgðir af tunnum fyrir saltsíldarframleiðsluna á Akureyri, en til þessara staða er unnt að flytja tunnur jafnharðan og þörf er fyrir þær með bifreiðum og það á mun ódýrari hátt en unnt yrði með skipum.

Þessu hagsmunamáli verður því aðeins borgið, að búið sé sómasamlega að verksmiðjunni á Akureyri, og þess vegna er ærin nauðsyn á því, að endurbætur þær, sem frv. gerir ráð fyrir, komist í framkvæmd, til þess að hún geti gegnt sínu hlutverki sómasamlega. En takmarkið ætti vitanlega að vera það, að við getum orðið sjálfum okkur nógir um tunnuframleiðslu í landinu, og hér er stefnt að því marki, þótt stærra átak þurfi að gera í máli þessu síðar meir.

Ég mun ekki fara fleiri orðum um þetta á þessu stigi málsins, en legg til, að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til fjhn.

Björgvin Jónsson; Herra forseti. Ég og hv. 1. þm. N-M. höfum leyft okkur að bera fram brtt. við frv. þetta. Brtt. okkar eru á þskj. 95 og eru við 1., 4. og 5. gr. frv. Þær hníga allar í þá átt, að ríkisstj. verði falið að koma á fót tunnuverksmiðju á Austurlandi, jafnframt því sem starfræktar séu tunnuverksmiðjur á Akureyri og Siglufirði.

Síldarsöltun er á seinni árum orðin þýðingarmikill atvinnurekstur víða í kauptúnum og bæjum á Austurlandi, og með vaxandi fjárfestingu í síldarverksmiðjum, sem fyrirsjáanlega er að verða þar á næstu árum, má búast við, að atvinnurekstur þessi færist mjög í vöxt. Það hefur á undanförnum árum staðið síldarsöltun á Austfjörðum nokkuð mikið fyrir þrifum, að þar hefur verið sífelldur tunnuskortur. Síldarsöltunin á s. l. sumri í bæjunum frá Vopnafirði til Eskifjarðar nemur einhvers staðar á milli 20 og 30 þús. síldartunnum, þannig að hér er orðið um nokkuð mikið magn að ræða.

Bæirnir á Austurlandi búa við sama vandann og bæirnir á Norðurlandi. Það er stöðugt árstíðabundið atvinnuleysi, sem er mest að vetrinum. Það hefur að undanförnu verið mikil krafa almennings á þessum stöðum, að komið verði upp tunnuverksmiðju í fjórðungnum, og hefur fjórðungsþing Austfirðinga haft forgöngu um það mál.

Þessi till. er borin fram eftir óskum að austan, og vona ég, að hv. d. sjái sér fært að samþ. brtt. og frv. í heild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 92, n. 469, 95).

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Frv. það til laga um tunnuverksmiðjur ríkisins, sem hér liggur fyrir til 2. umr., hefur alllengi verið til athugunar í iðnn., og mælir n. eindregið með því, að það verði samþykkt að gerðum þeim breytingum, sem nál. á þskj. 469 ber með sér. Enda þótt afgreiðsla úr nefndinni hafi tekið nokkuð langan tíma, vil ég þakka hv. meðnm. mínum þar skilning þeirra á málinu og vil vona, að einróma stuðningur þeirra og væntanlega annarra hv. þm. endist málinu til fullrar afgreiðslu á þessu þingi.

Tunnusmíði er orðin nokkuð gömul iðnaðar-

grein hér á landi og fengin af henni reynsla, sem sannar ótvírætt, að hún á ekki einasta fyllsta rétt á sér, heldur er hún einnig óhjákvæmileg nauðsyn, ef ein mikilvægasta framleiðslugrein sjávarútvegsins, saltsíldarframleiðslan, á að geta skilað örugglega þeim verðmætum til útflutnings, sem kostur er á að draga að landi. Í annan stað er hér um iðnað að ræða, sem er sérstaklega hentugur til þess að stuðla að útrýmingu landlægs vetraratvinnuleysis á þeim stöðum, þar sem hann er starfræktur, sem til þessa hafa verið Akureyri og Siglufjörður. Í þriðja lagi sparar þessi iðnaður milljónir króna í erlendum gjaldeyri. Þessi augljósu rök lágu til þess, að ríkið réðst í það árið 1946 að kaupa tunnuverksmiðjurnar á Siglufirði og Akureyri, sem þá höfðu alllengi verið starfræktar á Siglufirði af einstaklingum og á Akureyri af bæjarfélaginu. Var það skoðun manna þá, að ríkisrekstur þessara fyrirtækja tryggði betur starfsemi verksmiðjanna en einstaklinga og bæjarfélags, sem hvorir tveggja höfðu takmörkuð fjárráð, og einnig, að með þeim hætti yrði hagstæðara samræmi í milli tunnusmíðinnar og síldarframleiðslunnar, ef báðar þessar nátengdu atvinnugreinar lytu sömu forsjá.

Tíu ára reynsla er nú fengin fyrir rekstri tunnuverksmiðjanna á vegum ríkisins, og er hún í stuttu máli sú, að fullvíst er, að framleiðsla þeirra getur, bæði að því er verð og gæði snertir, staðizt allan samanburð við erlenda framleiðslu, ef sómasamlega er að henni búið að því er snertir húsnæði, vélakost og skipulagningu. Þrátt fyrir það að verulegur misbrestur hefur verið á því, að þessum skilyrðum hafi verið fullnægt, varð verðmismunur á tunnu, miðað við norskar tunnur, að eins sex krónur á s. l. ári, og lítill eða enginn vafi er á því, að þennan mismun mætti minnka eða jafnvel jafna með öllu með endurbótum á verksmiðjunum. Þessu til sönnunar má nefna það, að afkastageta verksmiðjunnar á Akureyri er talin vera allt að 2000 tunnum minni á mánuði en Siglufjarðarverksmiðjunnar, og stafar sá mismunur nær einvörðungu eða alveg af rangri niðurröðun véla, en úr því mun nú ætlunin að bæta. Við verðsamanburð er líka réttmætt að hafa í huga, að engin tollvernd er á tunnusmíðinni, svo sem á mörgum öðrum greinum iðnaðar, sem ekki verða taldar jafnnauðsynlegar. En gjaldeyrissparnaður er um 36 kr. á hverja smíðaða tunnu eða tæpar 4 millj. kr. miðað við framleiðslu s. l. árs, sem var rúml. 103 þús. tunnur. Væri hins vegar miðað við fulla framleiðslugetu verksmiðjanna og þarfir síldarsöltunarinnar, eins og hún getur orðið í sæmilegum árum, yrði gjaldeyrissparnaður varla undir 10 millj. kr. Þegar þar við bætist svo, að þessi verðmætisaukning er að mestu fengin með vinnuafli, sem annars færi forgörðum vegna atvinnuleysis, þá er augljósara en um sé þörf að deila, að stefna ber að því, að öll tunnusmíði fari fram hér innanlands, að svo miklu leyti sem nokkrir möguleikar eru til.

Sú ástæða, að innlend framleiðsla ein getur tryggt fyllilega, að allir möguleikar til síldarsöltunar nýtist, er þó sízt veigaminni. Ef við höfum ekki möguleika á að vera sjálfum okkur nógir um framleiðslu umbúða um saltsíldina, vofir sú hætta yfir á hverju sumri, að við verðum fyrir gífurlegu tjóni vegna stöðvunar á söltun. Jafnvel í þeim síldarleysissumrum, sem verið hafa nú um langt skeið, hefur oft og tíðum tilviljun ein ráðið því, að tugmilljóna verðmæti hafa ekki eyðilagzt vegna skorts á tunnum. Er þar skemmst að minnast s. l. sumars. Mætti líka nefna sumarið 1953 sem dæmi upp á þetta. Þann 18. júlí það ár, eða þegar aðeins voru tæpar þrjár vikur af vertíð, nam heildarsöltunin norðanlands 93 þús. tunnum, en veturinn áður höfðu aðeins verið smíðaðar í landinu 80 þús. tunnur, en birgðir í vertíðarbyrjun námu 120 þúsundum. Þetta ár höfðu verið seldar fyrir fram 230 þús. tunnur Norðurlandssíldar og 70—100 tunnur af Faxasíld. Auðvitað var það hvorki að þakka né kenna þeim, sem stýrðu málefnum síldarútvegsins þá, að ekki kom til stöðvunar þetta sumar. Síldveiðin brást, áður en í fullt óefni var komið. En hefði ekki farið svo, hefði vanrækslan um að tryggja nægar tunnubirgðir getað orðið dýrkeypt þjóðinni allri.

Tilgangur okkar flm. með þessu frv. um tunnuverksmiðjur ríkisins er sá, að betur verði að þeim búið en hingað til hefur verið og þær verði þannig færari um að gegna verkefni sínu. Hefur hv. 1. flm. frv. gert því full skil í framsöguræðu sinni við 1. umr. málsins, hver nauðsyn er sérstaklega á því að byggja tunnugeymslu við Akureyrarverksmiðjuna, svo sem frv. gerir ráð fyrir, og endurbæta hana að öðru leyti, og tel ég enga þörf á að endurtaka rök hans fyrir því. Þó hefur það gerzt, síðan málið var hér til 1. umr., sem sjálfsagt er að fagna, að síldarútvegsnefnd hefur ákveðið að auka verulega framleiðslu í verksmiðjunum á næsta vetri og mun hafa fest kaup á 160—170 þús. tunnum, og er það mikil aukning frá því, sem verið hefur. Það, að þannig hefur rætzt úr um efniskaup og fyrirhuguð er þetta mikil framleiðsluaukning, gerir þörfina fyrir geymsluhús enn óhjákvæmilegri en áður og nauðsyn endurbóta á verksmiðjunni enn brýnni en fyrr. En hvorugt verður framkvæmt, svo að viðhlítandi sé, nema ríkisstj. sé heimiluð lántaka til framkvæmda á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir.

Málefni tunnuverksmiðja ríkisins er ekki nú í fyrsta sinn til meðferðar hér á hv. Alþingi. Árið 1953 flutti þáverandi þm. Ak. ásamt þm. Siglf. frumvarp svipaðs efnis og það, sem hér liggur fyrir, en það fékk aldrei afgreiðslu úr nefnd. Áður hafði Steingrímur Aðalsteinsson flutt þáltill. varðandi aukna starfsemi verksmiðjanna. Í báðum þessum tilfellum beindist málafylgja þessara þingmanna m. a. að því, að bætt yrði úr ýmsum vanefndum af hálfu ríkisins á beinum og óbeinum fyrirheitum, sem gefin voru, þegar Akureyrarbær seldi ríkinu verksmiðju sína fyrir lítið verð og með ýmsum ívilnunum í því trausti, að rekstur hennar yrði tryggari en áður og meiri. Í kaupsamningi, sem gerður var, þegar ríkið keypti verksmiðjuna, lofaði bærinn útsvarsfrelsi til handa fyrirtækinu, undanþágu frá vörugjöldum á aðfluttu efni og framleiðslu verksmiðjunnar og einnig afslætti af rafmagni, lóðaleigu o. fl.

Fram til þessa hefur rekstur verksmiðjunnar á Akureyri ekki verið með þeim hætti, sem lofað var og vonazt hafði verið eftir, og raunar á margan hátt óviðunanlegur. Mörg árin hefur framleiðslan verið minni en jafnvel áður en eigendaskiptin urðu, og hefur það verið mjög bagalegt fyrir verkamenn í bænum og bæjarfélagið í heild um leið. Endurbætur á vélakosti hafa gengið mjög treglega og eru enn í óviðunandi horfi. Tunnugeymsla, sem keypt hafði verið í Bretlandi árið 1946 og setja átti upp við verksmiðjuna, var seld þar aftur. Loks hefur aðbúnaður verkamanna, sem í verksmiðjunni hafa unnið, verið fyrir neðan allar hellur, jafnvel svo, að heilsu þeirra hefur verið hætta búin. Í stuttu máli hefur ekki verið neinn myndarbragur á þessu eina atvinnufyrirtæki, sem ríkið á og rekur á Akureyri, og þrátt fyrir árlegar áskoranir ýmissa aðila, svo sem bæjarstjórnar, verkalýðsfélaganna á staðnum, Alþýðusambands Norðurlands, Sambands íslenzkra sveitarfélaga og þingmanna kaupstaðarins, hafa engar teljandi leiðréttingar fengizt. Ég er viss um, að því yrði mjög fagnað af Akureyringum, ef nú fengjust, þótt seint sé, nokkrar umbætur.

Þá eru það að lokum nokkur orð um brtt. iðnn. við frv., sem er á þá lund, að ríkisstj. sé heimilt að byggja tunnuverksmiðju á Austureða Norðausturlandi, ef hún telji þörf á þriðju verksmiðjunni. Með þessari breytingu hefur nefndin viljað ganga til móts við brtt. þeirra hv. þm. Seyðf. og hv. 1. þm. N-M. Nefndin hefur þó ekki getað fallizt á að útiloka það, að Norðausturland kæmi til greina, ef þriðja verksmiðjan yrði reist, en eins og alkunnugt er hefur Raufarhöfn verið ein helzta söltunarstöðin hin síðustu ár.

Ég vil í sambandi við þessa breytingu taka það fram, að ég tel byggingu nýrrar tunnuverksmiðju ekki koma til greina, fyrr en saltsíldarframleiðslan er orðin það mikil, að a. m. k. átta mánaða starfræksla verksmiðjanna á Siglufirði og Akureyri með tviskiptum vöktum nægi ekki til að birgja hana að tunnum. En vel kann svo að fara, að síldarframleiðslan aukist svo mikið á næstu árum, þótt erfitt sé um slíkt að spá með nokkurri vissu. En fari svo, virðist eðlilegt og sjálfsagt að binda ekki framleiðslu á síldartunnum við þá bæi, þar sem hún nú fer fram, heldur velja nýrri verksmiðju hagkvæman stað annars staðar.

Aðra breyt., sem n. leggur til að gerð verði, að lántökuheimild sé hækkuð úr 2 millj. í 5 millj., leiðir beint af hinni fyrri brtt., og er ekki þörf að ræða frekar um hana.

ATKVGR.

Brtt. 95 tekin aftur.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt 469,1 (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

— 469,2 samþ. með 9 shlj. atkv.

5. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

6.—9. gr. (verða 7.—10. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Ed., 7. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 481).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 93. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 94. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til iðnn. með 20 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 481, n. 538).

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Frv. það um tunnuverksmiðjur ríkisins, sem hér liggur fyrir til umr., er, eins og hv. þm. mun kunnugt, flutt í Ed. af þm. Friðjóni Skarphéðinssyni, Birni Jónssyni og Bernharð Stefánssyni og hefur nú fengið þar fullnaðarafgreiðslu óbreytt frá fyrstu gerð að öðru leyti en því, að inn í það var bætt einni gr., 5. gr. eins og frv. liggur nú fyrir, þ. e. heimild til handa ríkisstj. að reisa og reka þriðju tunnuverksmiðjuna á Norðausturlandi, ef aðstæður þykja til að mati ríkisstj.

Lög þau, er nú gilda um tunnuverksmiðjur ríkisins, voru sett 1946 og síðan breytt lítils háttar 1947. Þau voru heimildarlög, er sniðin voru við byrjunarframkvæmdir. En þar sem nú er fengin 10 ára reynsla á rekstri tunnuverksmiðjanna, er augljóst, að ýmsu þarf að breyta í betra horf, og er umrætt frv. flutt til að auðvelda og flýta fyrir nauðsynlegum endurbótum.

Eins og sakir standa nú, er talið, að tunnuverksmiðjan á Siglufirði geti framleitt 12 þús. tunnur á mánuði, en Akureyrarverksmiðjan 10 þús. tunnur, þ. e., að báðar verksmiðjurnar geti framleitt nær 160 þús. tunnur með 7 mánaða starfrækslu á ári. Eins og augljóst má vera, nægir þessi framleiðsla ekki, ef verulega síldveiði gerir. Við þetta er þó að athuga, að fullyrt er, að Akureyrarverksmiðjan geti aukið afköst sín til jafns við Siglufjarðarverksmiðjuna með betri staðsetningu véla og nokkrum lagfæringum á vinnuskilyrðum.

Þegar þess er gætt, að um 36 kr. gjaldeyrissparnaður vinnst við hverja tunnu, sem smíðuð er í landinu í stað þess að flytja hana fullgerða inn, ætti ekki að vera áhorfsmál, að keppa beri að því að smíða allar tunnur innanlands, enda þótt nokkru dýrari verði, eða um 6 kr. á tunnu, að því er verið hefur. Kunnugir telja líka, að þennan verðmun mætti minnka með betri framleiðsluskilyrðum, og stefnir umrætt frv. einmitt

að því, þar sem gert er ráð fyrir byggingu tunnugeymsluskýlis við verksmiðjuna á Akureyri. Einnig vantar þar lofthreinsunarkerfi, en slíkt er mjög nauðsynlegt vegna hins mikla sagryks, sem í slíkum verksmiðjum er. Enn fremur þarf að bæta þar upphitun.

Mjög hefur verið bagalegt undanfarið, að geyma hefur orðið alla framleiðslu verksmiðjunnar á Akureyri undanfarin ár undir beru lofti, og hefur það valdið bæði tjóni á tunnunum sjálfum og kostað talsverða aukavinnu við lagfæringu þeirra og jafnframt gert tunnurnar að verri umbúðum um hina dýrmætu framleiðslu okkar, síldina, jafnvel kannske valdið þar tjóni, sem ekki er svo auðvelt annars að segja um né meta.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir því, að síldarútvegsnefnd hafi á hendi stjórn tunnuverksmiðjanna, svo sem verið hefur og gefið hefur góða raun. Hún á og bezt að geta metið, hve mikið þarf að framleiða af tunnum árlega, enda þótt slíkt verði aldrei ákveðið nákvæmlega. Kemur þá aftur að því, hve góðar geymslur eru nauðsynlegar, ef geyma þarf tunnur milli ára, jafnframt hinu, að verksmiðjurnar séu í fyrsta flokks búnaði, ef óvenjumikil síld veiddist og tunnur þryti, svo að hefja yrði framleiðslu þeirra með skjótum hætti.

Tunnusmíðin á Siglufirði og Akureyri hefur verið þýðingarmikil vetrarvinna til að bæta úr árstíðabundnu atvinnuleysi þar. Um það eru heldur ekki skiptar skoðanir, að tunnuverksmiðjurnar eru þar vel staðsettar, miðað við Norðurland, því að tunnur eru fljótfluttar frá Siglufirði sjóleiðis til hvaða hafna sem er norðanlands, en frá Akureyri hins vegar landleiðis á flesta stærstu söltunarstaðina nema Siglufjörð, en tunnuflutningar á bílum ryðja sér æ meir til rúms. Nægir í þessu sambandi að nefna Dalvík, Hjalteyri, Húsavík og Raufarhöfn, en allir þessir staðir geta á svipstundu svo að segja fengið tunnur frá Akureyri.

Akureyrarbær hefur og sýnt, að hann kann vel að meta það, að ríkið tók að sér rekstur tunnuverksmiðju þar, því að hann hét fyrirtækinu útsvarsfrelsi, veitti því undanþágu á vörugjaldi af aðfluttu efni og framleiðslu verksmiðjunnar, afslátt á rafmagni og lóðarleigu auk fleiri fríðinda. En ekki er fyrir það að synja, að bæjarbúum hefur þótt ríkið ekki að öllu leyti uppfylla loforð sín um verksmiðjuna hingað til. Vænta þeir þess fastlega, að frv. það, er hér liggur fyrir, muni ráða bót á þessu, ef að lögum verður.

Eins og ég gat um í upphafi, hefur Ed. bætt inn í frv. frá upphaflegri gerð þess, að ríkisstj. sé heimilt að reisa og reka þriðju verksmiðjuna á Austur- eða Norðausturlandi, ef hún telur þess þörf. Eðlilegt má telja, að þessi heimild sé fyrir hendi, t. d. ef síldveiði legðist verulega austur fyrir land, svo að staðaldri yrði. Hitt er varhugavert, að dreifa tunnusmíðinni á fleiri staði en nú er eingöngu til úrlausnar árstíðabundnu atvinnuleysi. Þar á úrbótin ekki að vera að taka frá þeim, sem lítið hafa, og hygla til þeirra, sem enn minna hafa, heldur finna þeim síðartöldu eitthvað annað og nýtt til úrráða.

Að lokum skal svo tekið fram, að iðnn. mælir samhljóða með því, að frv. verði samþykkt óbreytt eins og Ed. hefur gengið frá því.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HS, MJ, ÓB, PÞ, BrS, SÁ, SkG, ÓJ, ÁÞ, ÁB, BG, BBen, EirÞ, EmJ, GíslG, GÞ, EOl.

JPálm, JS, KJJ, RH greiddu ekki atkv.

14 þm. (HÁ, HV, IngJ, JóhH, KGuðj, LJós, ÓTh, PO, SvbH, ÁkJ, BÓ, EystJ, GJóh, GÞG) fjarstaddir.

2.—10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HS, MJ, ÓB, PÞ, BrS, SÁ, SkG, ÓJ, ÁÞ, ÁB, BG, BBen, EirÞ, EmJ, GíslG, GÞ, EOl.

IngJ, JPálm, JS, KJJ, RH greiddu ekki atkv.

13 þm. (GJóh, GÞG, HÁ, HV, JóhH, KGuðj, LJós, ÓTh, PO, SvbH, ÁkJ, BÓ, EystJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HS, HV, MJ, ÓB, PÞ, BrS, SÁ, SkG, ÓJ, ÁÞ, ÁB, BG, BBen, EirÞ, EmJ, EystJ, GíslG, GÞ, EOl.

IngJ, JóhH, JPálm, JS, KJJ, RH greiddu ekki atkv.

10 þm. (GJóh, GÞG, HÁ, KGuðj, LJós, ÓTh, PO, SvbH, ÁkJ, BÓ) fjarstaddir.

Á 100. fundi í Nd., 18. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁB, BG, EirÞ, EmJ, EystJ, GíslG, GÍG, GÞG, HS, IngJ, JóhH, JPálm, MJ, ÓB, PÞ, BrS, RH, SkG, ÓJ, EOl.

KJJ greiddi ekki atkv.

14 þm. (ÁkJ, BBen, BÓ, GJóh, HÁ, HV, JS, KGuðj, LJós, ÓTh, PO, SÁ, SvbH, ÁÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 563).

---

62. Kirkjuþing og kirkjuráð.

Á 18. fundi í Sþ., 22. des., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um kirkjuþing og kirkjuráð íslenzku þjóðkirkjunnar [93. mál] (þmfrv., A. 182).

Á 43. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Menntmn. barst þetta frv., mig minnir næstsíðasta daginn fyrir jólafrið, frá hæstv. kirkjumálaráðherra með ósk um, að n. tæki það til flutnings. Nm. urðu allir fúslega við þeirri ósk, og stendur n. öll að flutningi þess. Hins vegar hafa einstakir nm. enga afstöðu tekið til einstakra greina frv. og áskilja sér rétt til þess að

flytja við það brtt. eða fylgja brtt., sem kunna að verða fluttar.

Þar sem n. hefur ekki haft aðstöðu til þess að athuga frv. að neinu öðru leyti en þessu, þar sem þetta var rétt undir jólafríið og ekki tími til þess þá, mun n. að sjálfsögðu taka frv. fyrir milli 1. og 2. umr. til nánari athugunar, og sé ég því ekki ástæðu til þess að fara frekar út í málið að þessu sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 12. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Ég sé, að á dagskrá er í dag frv. til l. um kirkjuþing og kirkjuráð á þskj. 182. Þetta mál var afgreitt frá n. í gær. Ég bjóst ekki við, að það kæmi á dagskrá í dag. Ég hafði óskað eftir nokkrum upplýsingum frá kirkjumrn., sem snerta þetta mál. Þessar upplýsingar fæ ég ekki fyrr en í dag, og mér þykir það lakara, að málið komi til umr. fyrr, og með tilliti til þessa vil ég leyfa mér að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá að þessu sinni af þessum ástæðum. Hins vegar býst ég ekki við, að það verði neitt til fyrirstöðu, að hann geti tekið það á dagskrá á næsta fundi í þessari hv. d., sem væntanlega verður á fimmtudag.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Ed., 14. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 182, n. 233).

Frsm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Hugmyndin um kirkjuþing er orðin meira en 50 ára gömul. Hún kom opinberlega fram á Alþ. 1903, með því að till. til þál. er þá flutt um þetta mál. Efni þeirrar till. var skipun mþn. um kirkjumál. Sú till. var samþ., og nefndin var skipuð. Ekki mun hafa orðið samkomulag innan þessarar n. um afgreiðslu málsins, en meiri hluti þessarar mþn. samdi frv. um kirkjuþing og lagði það fyrir ráðh. 1907, en ráðh. lagði þetta frv. ekki fyrir Alþingi. Svo liggur málið niðri lengi, eða í 34 ár. Þó kann að vera, að eitthvað hafi verið skrifað um þetta mál á þessu tímabili. En 1941 flytur þáverandi hv. alþm., Magnús Jónsson prófessor, frv. um kirkjuþing. Það frv. var samþ. í Ed., en fellt í Nd. með jöfnum atkvæðum. Enn er málið tekið upp 1948. Núverandi biskup landsins, herra Ásmundur Guðmundsson, hafði þá forustu fyrir því, að málið næði fram að ganga. Var málið ýtarlega rætt í kirkjuráði, á synodus og meðal presta. Nefnd presta samdi frv. um kirkjuþing og sendi það til umsagnar öllum prestum landsins. Þetta frv. er svo sent kirkjumálaráðherra 1949 með ósk um, að það verði flutt á Alþingi, en ráðh. lagði það ekki fyrir þingið. Loks er svo frv. samhljóða því frv., er hér liggur fyrir, lagt fyrir síðasta þing sem stjórnarfrumvarp, en það varð ekki afgreitt. Nú er frv. flutt af hv. menntmn. þessarar hv. deildar samkv. beiðni hæstv. ríkisstjórnar.

Meginefni þessa frv. um kirkjuþing og kirkjuráð á þskj. 182 kemur fram í 14. og 16. gr. frv. Í 14. gr. segir:

„Kirkjuþing hefur ráðgjafaratkvæði og tillögurétt um öll þau mál, er kirkju, klerkastétt og söfnuði landsins varða og heyra undir verksvið löggjafarvaldsins eða sæta forsetaúrskurði. Það hefur og rétt til þess að gera samþykktir um innri málefni kirkjunnar, guðsþjónustu, helgisiði, fermingar, veitingu sakramenta og önnur slík. Þær samþykktir eru þó eigi bindandi, fyrr en þær hafa hlotið samþykki kirkjuráðs, prestastefnu og biskups."

En í 16. gr. segir meðal annars:

„Verkefni kirkjuráðs er að vinna að eflingu íslenzkrar kristni og styðja að trúar- og menningaráhrifum þjóðkirkjunnar. Það skal vera biskupi til aðstoðar og fulltingis um að koma fram þeim málum, er kirkjuþing hefur samþykkt. — Kirkjuráð annast undirbúning þeirra mála, er það kýs að leggja fyrir kirkjuþing hverju sinni. Hafa og kirkjuráðsmenn rétt til að sækja fundi kirkjuþings og taka þar til máls, en hafa eigi atkvæðisrétt, nema þeir séu jafnframt þingfulltrúar."

Í þessum tveimur greinum felst aðalefni frumvarpsins, aðaltilgangurinn með stofnun kirkjuþings.

Þá segir í 3. mgr. 16. greinar, að kirkjuráð hafi ráðstöfunarvald yfir prestakallasjóði, en þetta er samhljóða því, sem segir í lögum nr. 98 frá 19. júní 1933.

Kirkjuráð er samkv. þessu frv. hin raunverulega framkvæmdastjórn kirkjuþinga. Nú á kirkjuþing ekki að koma saman nema annað hvort ár, og er verkefni kirkjuráðs því mjög þýðingarmikið. Skv. þessu frv. á það að vera kosið af kirkjuþingi, en skv. lögunum frá 1931 var það kosið af prestum og héraðsfundum. Biskup landsins er formaður kirkjuráðs skv. gildandi lögum og á einnig að vera það skv. þessu frv.

Skipun kirkjuþinga skv. þessu frv. er á þá leið, að 14 fulltrúa á að kjósa jöfnum höndum úr hópi presta og leikmanna, sjö fulltrúa frá hvorum aðila. Auk þessara 14 fulltrúa eigi þar sæti biskup, kirkjumálaráðherra og einn fulltrúi frá guðfræðideild háskólans, svo að kirkjuþingið verði skipað 17 fulltrúum. Kjósendur af prestanna hálfu eiga að vera starfandi prestar landsins, en kjósendur af hálfu leikmanna eiga að vera sóknarnefndir og safnaðarfulltrúar. Kjördæmin eiga að vera sjö, og eru þau talin upp í 2. gr. frv.

Eins og segir í nál. um frv., yrðu kjósendur meðal presta um 116, eins og nú standa sakir, en meðal leikmanna yrðu kjósendurnir tæplega 1200. Allir, sem kosningarrétt hafa, eru kjörgengir sem fulltrúar til kirkjuþings. Biskup landsins á að vera sjálfkjörinn forseti kirkjuráðs, eins og ég hef áður sagt, en hann á einnig að vera forseti kirkjuþings, og hann á að vera formaður kjörstjórnar.

Samkv. 13. gr. frv. eiga kirkjuþingsmenn að fá greidda dagpeninga og ferðakostnað úr ríkissjóði. Samkv. áætlun um þennan kostnað, sem ég hef fengið frá kirkjumálaráðuneytinu, er búizt

við, að þetta geti numið um 100 þús. kr. fyrir hvert kirkjuþing, eða sem svarar um 50 þús. kr. á ári að meðaltali, þar sem kirkjuþing á ekki að sitja nema annað hvort ár. Þessi áætlun um kostnaðinn hygg ég að sé samin með hliðsjón af því, sem gerist um dagpeninga og kostnað fulltrúa á fiskiþingi og búnaðarþingi og e. t. v. fleiru.

Ég hef nefnt þarna helztu efnisatriði frv.

Menntmn. sendi frv. til umsagnar stjórn Prestafélags Íslands, og hún mælir einróma með samþykkt þess. N. athugaði frv. á nokkrum fundum, og eins og segir í nál. á þskj. 233, leggur hún til, að frv. verði samþykkt með tveimur smávægilegum breytingum. Sú fyrri breyting er við 7. gr. og er um það, að senda skuli kjörskrá með kjörgögnum til leikmanna, þegar kosning fer fram til kirkjuþings. Þar sem kjördæmin eru mjög stór, eins og sjá má í 2. gr. frv., má telja víst, að hverjum einstökum kjósanda sé lítt kunnugt um, hverjir eru kjörgengir, því að það eru allir sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar í kjördæmunum. Það á því að vera til glöggvunar að senda slíka kjörskrá til þeirra, svo að þeir sjái, hverjir það eru, sem kjörgengir eru í því kjördæmi. Hins vegar leit n. svo á, að það væri engin þörf á að senda prestum kjörskrá, þar sem allir prestar í kjördæminu eru kjósendur og engir aðrir, en prestar innan hvers kjördæmis þekkjast mætavel.

Síðari brtt. er við 13. gr. Í frv. segir, að þingfararkaupsnefnd á kirkjuþingi — en kirkjuþing kýs þessa þingfararkaupsnefnd í byrjun þings — úrskurði reikninga kirkjuþingsmanna. N. leggur til, að hún endurskoði reikningana, en úrskurði þá ekki, hins vegar úrskurði kirkjumrh. reikningana, auk þess sem hann á að ákveða dagpeninga kirkjuþingsmanna, eins og segir í frv. Aðrar eru þær ekki, breytingarnar, sem nefndin gerði við þetta frv. Einn nm., hv. 5. landsk., tók ekki þátt í afgreiðslu málsins í n., en ástæðan til þess er sú, að hann hafði ekki tekið sæti hér á hæstv. Alþingi, þegar athugunin fór fram, nema hvað snertir síðasta fund n. um þetta mál. Þá var hann að vísu kominn hingað á þing, en var forfallaður á þeim fundi og gat ekki mætt, svo að hann hefur ekki haft aðstöðu til þess að taka afstöðu til málsins innan nefndarinnar.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um málið að þessu sinni.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Við yfirlestur þessa frv. hefur mér litizt vel á flest, sem þar er ákveðið. Þó var þar ein grein, sem ég hnaut um, og um þá grein langar mig að fara nokkrum orðum. Það er 13. gr. frv., þar sem segir svo, að kirkjuþingsmenn fái greidda dagpeninga og ferðakostnað.

Þetta atriði finnst mér dálítið varhugavert og vildi láta það koma fram hér í umr. Ég efast um, að það sé farsælt að hafa þessi ákvæði í lögunum. Í fyrsta lagi er með þeim verið að bæta nýjum bagga á ríkissjóð, þótt það sé nú kannske ekki mikilsvirði sem rök gegn greininni. Í öðru lagi mun þetta geta skapað fordæmi, og það er öllu varhugaverðara. Hér eru heilir herskarar af ýmiss konar samtökum, sem árlega eða annað hvort ár halda sín þing. Má ekki búast við því, að á eftir komi eða kunni að koma umsóknir eða umleitanir um svipuð fríðindi og hér er farið fram á?

Mér er vel kunnugt um, að læknaþing er haldið annað hvort ár. Á það læknaþing skulu mæta fulltrúar frá öllum læknafélögum landsins. Á þessu þingi eru rædd mál stéttarinnar, en þar eru einnig rædd almenn heilbrigðismál, sem snerta allan almenning. Ég veit ekki til þess, að læknastéttin hafi hug á því að fá greiddan ferðakostnað fyrir héraðslæknana eða dagpeninga, en hugsanlegt væri, að þeir tækju upp á slíku.

Í þriðja lagi efast ég um, að þetta ákvæði sé því málefni til mikils góðs, sem hér er um að ræða. Þetta er kannske veigamesta atriðið gegn ákvæðum 13. gr.

Á kirkjuþingi eiga sæti fulltrúar presta og leikmanna. Við vitum, að það er nauðsynlegt, a. m. k. hvað leikmenn snertir, að á slík þing komi eingöngu menn, sem hafa lifandi áhuga á málefnum kirkjunnar og kristindómsins og komi þangað einvörðungu þess vegna, en ekki af neinum annarlegum hvötum. Þetta finnst mér að gæti verið hætta á að raskaðist með þessu ákvæði. Ýmsir kynnu að líta um of á það eitt að fara til Rvíkur sér að kostnaðarlausu og fá ókeypis dvöl hér allt að hálfum mánuði. Það gæti skoðazt sem skemmtileg tilbreyting, en slíkt mætti ómögulega ráða því, hverjir meðal leikmanna veldust á þessi þing.

Mér finnst mjög eðlilegt, að þessir 14 fulltrúar eða hvað þeir verða margir annaðhvort greiði sjálfir fyrir sig til þessa þinghalds annað hvort ár eða öllu frekar að þeir fái einhvern ferðastyrk frá söfnuðum þeim, sem þar koma til greina, en að það ákvæði verði ekki fest í lögum, að ríkið skuli greiða þetta.

Ég hafði hugsað mér að bera fram brtt., en veit, að hún kemur of seint fram. Vil ég þó freista þess, hvort afbrigði verða veitt, en brtt., sem ég vildi flytja, er svo hljóðandi:

13. gr. falli niður, og töluröð síðari greina breytist í samræmi við það.

Umr. frestað.

Á 59. fundi í Ed., 15. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Ed., 21. febr., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 182, n. 233, 248).

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal nú ekki tala mikið um þetta mál, en ég vil leyfa mér að benda hv. þm. á það, að ef á að fara að halda þing, kostað af því opinbera, fyrir eina stétt í þjóðfélaginu, hér prestana, þá er ákaflega hætt við, að það komi fleiri stéttir á eftir, og ekki líklegt, að það sé gott að fóta sig á, hvar þá á að hætta. Þetta vil ég benda á almennt séð.

Einstök atriði eru í þessu frv., sem mér finnst að hefðu þurft að vera dálítið skýrari. Það er að vísu sagt í 1. gr., að kirkjuþing íslenzku þjóðkirkjunnar o. s. frv. Má vera, að með þessu sé yfirlýst, að aðrir en þeir, sem eru í þjóðkirkjunni, hafi ekkert með þetta kirkjuþing að

gera, og tel ég þó nokkurn vafa á því, því að ekki orkar það tvímælis, að prestar hafa ábyrgð á prestaköllum eftir 4. gr., þó að þeir séu ekki í þjóðkirkjunni, og ber ekkert á milli um trúarskoðanir, t. d. hér í Rvík, hjá þeim tveimur prestum, sem hér hafa söfnuði, sem ekki heyra beint undir þjóðkirkjuna, og hinum. Ef það er meiningin, að ekki eigi aðrir en þeir prestar, sem innan þjóðkirkjunnar eru, að hafa hér atkvæðisrétt um og geta átt setu á þessum þingum — ef t. d. séra Friðrik Friðriksson hefði þá ekki átt rétt til setu þar og Sigurbjörn Ástvaldur o. fl., o. fl., séra Ólafur fríkirkjuprestur og margir og margir ekki verið kjörgengir þar, þá væri réttara að setja í 4. gr.: prófastar og prestar, sem ábyrgð hafa á prestaköllum innan þjóðkirkjunnar, — bæta því við, ef á að taka af vafa um það. Að vísu á biskupinn með sína meðkjörstjórnarmenn að úrskurða allt, sem varðar kosningarnar, og ekki hægt að skjóta því annað frá honum, og þar undir mundi það falla, ef ágreiningur yrði.

Ég held, að það væri réttara fyrir þá, sem vilja þetta frv. fram, að hugsa um þetta gagnvart 4. gr., svo að það sé enginn vafi á því.

Mér er ekki ljóst, hvaða verkefni þetta kirkjuþing á að hafa. Ég sé ekki, að það geti á neinn hátt rætt um eitt eða annað, sem þurfi frekari upplýsinga við, til þess að trúræknin í landinu verði betri og mennirnir betri menn en þeir eru núna, — eins og búnaðarþingið kemur saman til þess að reyna að finna leiðir til þess að geta gert landbúnaðinn hagkvæmari fyrir þá, sem stunda hann, og þjóðarheildina, fiskiþingið á sama hátt. En hvernig kirkjuþingið á að gera þau trúfræðilegu mál, sem það á að ræða um, meira aðgengileg fyrir fjöldann og hagkvæmari, það er mér ekki alveg ljóst. Ef til vill á það að vera til þess að færa eitthvað saman þær ólíku skoðanir, sem núna rúmast í hinni rúmgóðu þjóðkirkju, þar sem sumir þegnar hennar í prestastétt telja það höfuðsynd að halda fram þeim skoðunum, sem aðrir telja undirstöðu undir því, að rétt sé lifað og rétt stefnt. Það kann að vera, að því sé ætlað að reyna að færa það eitthvað saman, koma með einhverja nýja Ágsborgarjátningu, sem þeir menn, sem á því sitja, geti allir skrifað undir og haldið sér að. En ég efa, þó að sá kunni að vera tilgangur hjá þeim, sem fyrir þessu gangast, að sá tilgangur mundi nokkurn tíma nást meðal okkar Íslendinga. Við viljum fyrst og fremst hugsa sjálfir og leita og finna og mynda okkur skoðun, en ekki hlíta trúarjátningum annarra, a. m. k. allflestir, enda þótt stór hópur manna játi nú að vísu vissa trúarjátningu pólitískt séð.

Ég vil sem sagt benda á þetta, að ég er alveg viss um, að það koma aðrar stéttir á eftir, sem telja sig hafa sama rétt og sömu þörf fyrir að láta ríkið kosta sína aðalfundi, eins og synodus hefur verið kostaður af prestunum sjálfum til þessa, á eftir og með ákaflega miklum rétti. Ég geri ráð fyrir því, að það sé hægt að benda á það t. d., að það geti verið hagkvæmara og meira gagn fyrir heildina, að læknastéttin komi saman á fund til að ræða um sína reynslu og sínar aðgerðir í málum, það gæti haft meiri þýðingu fyrir almenning heldur en þing prestanna. Ég býst við því alveg hiklaust, að það sé hægt að finna rök fyrir því og með ýmsa fleiri, jafnvel stéttir eins og t. d. bílstjórastéttina, hún mundi geta komið saman til að ræða sín áhugamál og komið út af þeim fundi miklu betur fær í sínu starfi en áður var, eftir að þeir væru búnir að bera sig saman, hvað helzt væri, sem þyrfti að laga og leggja áherzlu á til þess að vera góðir og nýtir starfsmenn. Yfirleitt allur fjöldinn af stéttum þjóðfélagsins mundi geta gert meira gagn með því að koma saman á landsfundi heldur en ég held að prestarnir geti. Og það mun verða hér eins og með margt fleira, að mjór er mikils vísir.

Ég geri ráð fyrir því t. d., að fyrir nokkrum árum hafi engum dottið í hug að fara að borga t. d. Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja fyrir að koma saman og halda fund. Alþingi byrjar á því að láta þá hafa 25 þús. kr. núna. Hvað kemur svo næst? Dálítið hærri upphæð og aftur hærri. Svona er þetta. Þetta kemur stig af stigi, hver stéttin á fætur annarri, það benti ég mönnum á, og þeir munu raunar fljótt sjá það. Alþýðusambandið hefur haft það, það er alveg rétt, en ekki lengi. Það er nefnilega að smákoma. Það kemur eitt, ekki kannske á hverju ári, en næstu árin kemur eitt og eitt með upphæðir, sem seinast verða álíka miklar og til þessa þings, sem nú má vera í hálfan mánuð, — eftir stutta stund má það vera lengur. Það er bara litli fingurinn, sem hér er réttur. Svo koma báðar hendurnar á eftir og öll stéttasamböndin seinna meir.

Frsm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Hv. 1. landsk. þm. flytur brtt. við þetta frv. á þskj. 248, þess efnis, að 13. gr. frv. falli niður, en 13. gr. fjallar um það, að ríkissjóður greiði kostnað af kirkjuþingi. Hv. 1. þm. N-M. hefur aftur á móti andmælt, að mér skilst, frv. í heild. Ég get reyndar svarað þessu hvoru tveggja sameiginlega.

Mér skilst, að ástæður hv. 1. landsk. þm. fyrir flutningi þeirrar brtt., er hann flytur, séu aðallega tvær. Önnur er sú, að ýmsar aðrar stéttir eigi jafnmikinn siðferðilegan rétt á því að fá stuðning ríkisins við þinghald sitt, og því sama virtist hv. 1. þm. N-M. halda fram. Hin ástæðan, sem hann nefndi, var, að hann taldi ekki æskilegt, að þingið væri kostað af ríkinu, ef ætti að fá áhugasömustu mennina sem fulltrúa á þetta þing. Val þeirra kynni að takast betur til, ef þingið væri t. d. kostað af söfnuðunum. Hann aftur á móti virðist ekki hafa á móti frv. í heild, heldur þessu ákvæði, sem felst í 13. gr. Aftur á móti hefur hv. 1. þm. N-M. nefnt hér ýmsar stéttir, sem með jafnmiklum rétti ættu að fá ríkisstyrk eða ríkisstuðning við þinghald sitt, og nefndi jafnvel bílstjóra. Hv. 1. landsk. nefndi aðeins læknastéttina sem dæmi. Ég vil ekkert fullyrða um, nema það kunni að koma á daginn, að einhverjir aðilar kynnu að telja sig eiga rétt á því að fá nokkurn stuðning til þinghalds síns, eftir að þetta frv. væri orðið að lögum. En það er nú svo um fleiri mál, sem tekin eru fyrir á hæstv. Alþingi og samþykkt lög um, að einhverjir kunna að telja sér möguleika á því að sigla

í kjölfarið. Hitt er annað mál, og það er náttúrlega rétt að athuga það sérstaklega, hvort þetta þinghald er alveg hliðstætt þeim þingum, sem hér hafa verið nefnd, hvort hér er um stéttarþing að ræða sams konar og þeir hv. þm. hafa nefnt, sem hér hafa talað.

Ég lít svo á, að kirkjuþing, eins og hér er lagt fyrir, sé með allt öðrum hætti og alls ekki neitt stéttarþing. Þetta er ekkert einkaþing prestastéttarinnar. Ég skildi hv. 1. þm. N-M. á þann veg áðan, að hann teldi, að þetta ætti að koma í staðinn fyrir synodus, sem er stéttarþing prestanna. En það er alls ekki meiningin. Synodus heldur áfram eftir sem áður, og það er einskis stuðnings óskað við hann, þó að kirkjuþing yrði lögfest. Það er stéttarþing. Það er alveg hliðstætt læknaþingi, kennaraþingi og ýmsum þingum annarra stétta. En kirkjuþing það, sem ræðir um í þessu frv., er allt annars eðlis. Ég hef skilið það svo alla tíð, að meginverkefni kirkjunnar sé að boða ákveðna trú, það sé að flytja ákveðnar kenningar, sem byggðar eru á þessari trú. Mér hefur alltaf virzt, að þetta væri megininnihaldið í störfum prestanna í kirkjum landsins, í prédikunarstarfinu. Það er trúboð, það er útbreiðsla á þeim kenningum, sem íslenzka þjóðin hefur viðurkennt með þjóðkirkju sinni. Og þetta er ekkert einkamál prestastéttarinnar. Kirkjan er ekki aðeins prestarnir. Kirkjan er bæði prestar og söfnuðir, allur almenningur, sem þátt tekur í guðsþjónustum og telur sig með í þjóðkirkju landsins.

Að þessu leyti finnst mér, að hér sé mjög ólíku saman að jafna, kirkjuþingi og venjulegum stéttarþingum. Ég efast ekki um, að við erum allir sammála um það, að við óskum sem allra glæsilegasts árangurs af starfi prestanna í landinu, af starfi kirkjunnar, þessu sem ég nefndi áðan. En ég segi það: ég hef ekki trú á, að árangur af starfi presta á Íslandi verði mikill, hafi orðið mikill eða geti orðið mikill, nema það sé náin samvinna milli safnaðanna og prestanna. Ég er ákaflega hræddur um, að ef prestarnir einangrast að meira eða minna leyti frá söfnuðunum, þá sé árangurinn af starfi þeirra lítill. Fyrsta skilyrðið til þess, að prestastéttin geti orðið til góðs í þjóðfélaginu, sem við ætlum og viljum allir, er, að þetta samstarf og þetta samræmi milli safnaða og presta sé sem bezt. Ég hef litið svo á þetta frv., að það væri einn þátturinn í því að skapa þetta samræmi og þessa samstöðu milli prestastéttarinnar og safnaðanna, kirkjuþingið eigi að sameina þetta sem mest og hafa áhrif á það, að í framtíðinni verði þetta sem samstæðust heild. Söfnuðurinn er presturinn með öllum þeim, sem í söfnuðinum eru. Það má deila um það, hvort þetta frv. nær þessu eða miðar að þessu, en þetta er hugsað þannig, og kirkjuþingið er samansett jöfnum höndum af fulltrúum prestanna og fulltrúum leikmanna, fulltrúum safnaða. Og þar sem kirkjan, okkar þjóðkirkja, hefur þessum skyldum að gegna, kirkja, sem er ríkisstofnun, kostuð af ríkinu, þá er það alls ekki fjarri lagi, að fjárhagslegur stuðningur sé veittur slíku kirkjuþingi, þar sem kirkjuþingið er hugsað sem liður í hinu kirkjulega starfi, en alls ekkert stéttarþing.

Hv. 1. landsk. þm. nefndi hér læknastéttina. Ég vil nota tækifærið og segja það sem mína skoðun, að læknastétt landsins er sú stétt, sem er sannarlega alls góðs makleg. Störf hennar eru alveg ómetanleg fyrir þjóðina, og sem dæmi má nefna það, þó að það komi ekki þessu máli beint við, hversu mikill árangur hefur náðst í að vinna bug á berklaveikinni hér á landi. Ég vil undirstrika það, hversu þýðingarmikil þessi stétt er og störf hennar. En þó að læknar haldi sín þing, eru það samt stéttarþing, hliðstæð synodus hjá prestunum, kennaraþingunum og öðrum slíkum þingum. Ef læknastéttin t. d. vill fara að halda þing, sem er ekki stéttarþing þeirra út af fyrir sig, heldur samansett af fulltrúum alls almennings annars vegar og læknanna hins vegar til að ræða almennt heilbrigðismál í landinu, þá er þetta orðið hliðstæða við það, sem við erum að ræða hér, kirkjuþingin. Alveg sama má segja um kennaraþing og fleiri þing. Þetta eru stéttarþing. Prestarnir hafa stéttarþing og hafa haft það og munu hafa það áfram, synodus, en kirkjuþing er því óviðkomandi.

Ég tel því, að það sé á misskilningi byggt að leggja þetta að jöfnu, kirkjuþing og þing stéttanna, sem haldin hafa verið.

Út af því sem hv. 1. þm. N-M. sagði, að sér væri ekki ljóst, hvort þetta ætti að ná til allra presta, hann nefndi hér nokkra söfnuði, ég hygg kaþólskan söfnuð og fríkirkjusöfnuð og fleiri, þá er alveg ljóst af 1. gr. frv., að það eru aðeins prestar íslenzku þjóðkirkjunnar, sem þarna koma til greina, og stendur greinilega í 1. gr. frv., svo að ég held, að það geti ekki valdið neinum ágreiningi eða misskilningi, hverjir eru kjörgengir á þetta þing og hafa kosningarrétt.

Hann drap á það, hv. 1. þm. N-M., að hann væri í vafa um, að þetta yrði til að auka trúræknina í landinu, til að skapa betri menn í landinu eða gera trúmálin aðgengilegri. Ég vil nú ekkert fullyrða um það, hver árangur kann að verða af þessu þinghaldi. En ég hef þá trú, að það sé kirkjunni til góðs, að fulltrúar leikmanna sjálfra séu með í ráðum um það, hvernig kirkjan starfar, að prestarnir séu þar ekki einir um. Ég tel það framför, og ég tel það bót í máli. Hvað mikill árangurinn getur af þessu orðið, um það mun ég engu spá, en mér finnst þetta þó stefna í rétta átt. Hann segir: Við viljum hugsa, leita og finna sjálfir í trúmálunum, eins og hann orðaði það. Þetta er rétt, en ekki er lakari aðstaða hvers einstaklings eða áhugamannanna að koma þessum áhugamálum sínum að, þegar þeir sjálfir hafa fulltrúa á þingi kirkjunnar, heldur en ef þeir hafa þá enga.

Annars vil ég segja það út af þessum kostnaði, — hann er nú ekki neitt gífurlegur, hann er áætlaður sem svarar 50 þús. að meðaltali á ári, — að þá er þetta ekki nema sem svarar ⅔ af árslaunum eins manns við ýmis skrifstofustörf hjá ríki eða ríkisfyrirtæki, og einhvern tíma hafa verið samþykkt önnur eins útgjöld á hæstv. Alþ., að ég hygg. En það er sama, þó að upphæðin sé lág, þá er hitt sjónarmiðið í sínu gildi jafnt fyrir það, sem aðrir hafa haldið fram, að ríkið eigi ekki að kosta þetta þing. En ég fæ ekki betur skilið en að samkvæmt þessu frv.

sé það borgaraleg skylda þeirra, sem kosnir eru á kirkjuþing, að mæta þar, taka þátt í störfum þingsins. Í 1. gr. frv. segir, að kirkjuþing íslenzku þjóðkirkjunnar skuli halda í Reykjavík. Það er ekki hægt að halda þing, ef fulltrúarnir verða ekki við því að mæta. Ég hygg, að það mundi verða litið á það sem borgaralega skyldu. En er það þá venja eða viðeigandi að gera mönnum að skyldu að mæta á þingi í Reykjavík og taka á sig allverulegan kostnað við þá þingsetu og bera kostnaðinn sjálfir? Það hygg ég að sé óvenjulegt að minnsta kosti.

Nú hefur hv. 1. landsk. bent á það, að söfnuðirnir gætu kostað þetta þinghald. Það er rétt, þeir mundu sjálfsagt geta það, ég efast ekki um það. En hann hafði orð á því, að með því að ríkið borgaði þennan kostnað, mundu annarlegar ástæður hafa áhrif á, hvaða menn yrðu kosnir sem fulltrúar, en hann lagði réttilega áherzlu á, að þangað þyrftu að vera kosnir þeir, sem mestir eru áhugamenn í hverju héraði um kirkjuleg mál. En ég sé ekki, að áhugamenn komi frekar á slíkt þing, þótt það séu sóknarnefndir eða söfnuðir, sem borga reikningana, en ekki ríkissjóður. Ég held, að það hafi engin áhrif. Hins vegar verður maður að líta svo á, að það séu fyrst og fremst áhugamenn innan hvers safnaðar, sem eru kjörgengir á kirkjuþing, það eru aðeins sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar. Maður verður að vænta þess, að því aðeins hafi þeir verið kosnir í þessar trúnaðarstöður kirkjunnar heima í sínu héraði, að það séu áhugamenn og ekki hafi nein fjárhagsleg sjónarmið áhrif á þeirra kosningu, því að það munu ekki vera launuð störf að vera í sóknarnefnd eða safnaðarfulltrúi. (Gripið fram í.) Já — en þeir hafa, held ég, lítil eða bókstaflega engin útgjöld af þeirri borgaralegu skyldu sinni heima í héraðinu, og ekki er hægt að bera það saman við það að taka sér ferð á hendur til Reykjavíkur og dveljast hér í allt að hálfum mánuði. Ég hef haft nokkur kynni af sóknarnefnd í einu héraði, og ég veit ekki til, að sóknarnefndin sjálf hafi þurft að leggja á sig nokkur útgjöld vegna starfa sinna, ekki einn einasta eyri, að undanteknu því, að þeir þurfa kannske að koma stundum saman, stund úr degi einu sinni eða tvisvar á ári, og annað ekki, svo að ég ber það ekki saman.

Ég held, að með ákvæðum frv. séu teknir inn sem kosningabærir og kjörgengir þeir áhugamenn, sem fyrst og fremst ættu að vera til í hverju héraði, það eru sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar, svo að ég held, að ekki þurfi sérstaklega að óttast, að það yrðu áhugalausir menn um kirkjunnar mál, sem yrðu kosnir. Auðvitað verður aldrei slíkt fyrirbyggt með lögum, hverjir kunna að ná kosningu.

Ég verð því að segja það, að ég teldi mjög óheppilegt, ef 13. gr. væri felld úr frv., vegna þess að þá er á engan hátt séð fyrir því, hver á að bera kostnað af kirkjuþinginu. En það sýnist mér að geti ekki staðizt, svo framarlega sem það er réttur skilningur hjá mér, að það sé borgaraleg skylda að taka að sér kosningu á kirkjuþing. Ef á að fella niður þessa gr., álít ég, að það sé óhjákvæmilegt, að önnur skipan komi í staðinn, sem sér fyrir greiðslu þess kostnaðar, sem af kirkjuþinginu leiðir.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mér var nú ekki alveg ljóst af ræðu hv. þm. Barð. (SE), hvað þetta kirkjuþing á að gera. Mér skildist helzt, að það ætti að vera til þess að binda söfnuðina eitthvað traustari böndum við prestana, það ætti að vera aðaltilgangur þess. Nú vil ég spyrja: Hugsar hann sér, að þetta kirkjuþing geti komið því til leiðar, að þau ca. 80% af prestum landsins, sem hættir eru að húsvitja, fari að gera það? (Gripið fram í.) Heldur hann það? Heldur hann, að það komi því til leiðar, að þeir ca. 14 prestar, sem hafa innan við 10 messur á ári, messi nú oftar, svo að söfnuðurinn geti hlustað á? Heldur hann það? Hvernig heldur hann að þetta kirkjuþing eigi að ná þessum tilgangi? Heldur hann, að kirkjuþingið eigi að hafa áhrif á það, að þær skoðanir renni eitthvað meira saman, sem ég hef nýlega orðið var við. Annars vegar var ég hjá presti og talaði við hann að morgni dags og talaði við hann út af því, að hann var að spyrja mig eftir vissu máli, sem hann hafði áhuga fyrir og snerti mann í prestsstöðu, sem voru deildar meiningar um á vissan hátt. Ég lét í ljós þá skoðun mína, að ég teldi — maður er nú hálfbrokkgengur og vissi ekki, hvort væri svo mikilsvert, að því lyktaði eins sérstaklega vel og hann vill vera láta. Þá sagði hann þetta: Það er enginn prestur til betri á landinu. Hann hefur syndgað svo oft og svo mikið og þekkir allra manna bezt, hve mikils virði það er að fá fyrirgefningu, og hann getur því betur en nokkur prestur, sem ég þekki, prédikað fyrir mönnum. Það var háttsettur maður hér í Reykjavík, sem sagði þessi orð. Eftir hálfan mánuð var ég staddur hjá prófasti úti í sýslu landsins og hlustaði á prédikun hjá honum. Hann sagði: Maður réttlætist aldrei af trúnni. Hann verður að vinna sín verk sómasamlega og breyta rétt. — Hann var alveg á gagnstæðri skoðun við hinn, sem hélt, að ef maður bara syndgaði og fengi fyrirgefningu, þá væri allt í lagi; bara að fá fyrirgefninguna, þá væri allt í lagi. Ætla þeir að vera á kirkjuþinginu til að bræða saman í eitt mismunandi skoðun um þetta? Á það að gerast þar? Á það að fá þann prest, sem liðlega sjötugur hefur sagt við mig og var talinn einn helzti prestur þjóðkirkjunnar alla sína ævi: Ég hef alla mína ævi verið að reyna að vona, að það væri til annað líf. Nú heyri ég þig, ungan mann, telja, að þú vitir, að það sé. Bara ég hefði nú getað sagt hið sama. Getur þú nú ekki sagt eitthvað við mig, sem gefur mér trúna og lætur þessa von verða að vissu hjá mér. — Þá var hann rétt um áttrætt og búinn að vera prestur þjóðkirkjunnar alla sína starfsævi. Það er tiltölulega stutt síðan einn prestur, sem er alveg nýhættur prestskap, sagði við mig, þegar það dæmdist á mig að lesa bænina, af því að meðhjálparann vantaði, og ég sagðist ekki vilja gera það. Ég sagði, að ég gæti ekki lesið hana með nokkurri sannfæringu, og vildi því ekki gera það. Þá sagði hann: Guð almáttugur, heldurðu, að ég verði ekki á hverjum einasta sunnudegi að segja ótal hluti, sem

ég ekki meina? — Á kirkjuþingið að styrkja hann í trúnni, svo að hann segi ekki svona hluti, segi ekki nema það, sem hann meinar, þegar hann kemur í stólinn næst? Yfirleitt, hvað á kirkjuþingið að gera?

Þjóðkirkjan er samansafn af svo gersamlega ólíkum skoðunum, að sumir, sem í henni eru, segja, að aðrir, sem líka eru í henni, fari beina leið til helvítis, þegar þeir deyja, þegar aðrir eru alveg á öfugri skoðun. Á kirkjuþingið að reyna að sameina þessar skoðanir og búa til einhverja allsherjar trúarjátningu, svo að þjóðkirkjan fari að verða svolítið einhuga í skoðunum? Á það að gera það? Eða á það að reyna að komast út úr öllum orthodoxa og reyna að finna andann í trúnni og reyna að hafa áhrif til þess að láta mennina alla breyta réttara og vera sjálfum sér samkvæmari og ekki snúa öllu út í fals, eins og er hjá prestunum oft, meira að segja af stólnum? Hvað á það yfirleitt að gera? Læknaþing hefur miklu meira að gera fyrir almenning. Ef við lítum á, hvað gert er á þessum stóru kirkjuþingum og læknaþingum úti um heiminn, hvað sést þá? Jú, það kemur einhver lærður maður þangað og hefur heyrt einhvern fyrirlestur á einhverju prestaþingi um, hvernig eigi að skilja einhverja ákveðna ritningu í Gamla testamentinu, sem 99.9% af allri þjóðinni er alveg sama um hvernig er skilin. En það kemur aftur einhver læknir og telur upp nýtt meðal, sem sé alveg reynt og geti orðið til þess að bjarga svo og svo mörgum mannslífum eða linað þjáningar svo og svo margra manna, sem þjást af einhverjum sjúkdómi. Hvort er meira virði? Hvort er meira virði fyrir okkur að fá saman kirkjuþing, þar sem einhver maður, doktor, kemur og heldur fyrirlestur um það, hvernig á að skilja einhverja ákveðna bibliugrein, eða læknaþing, þar sem læknarnir segja hver öðrum frá því, hvað þeim hefur reynzt bezt við þennan og þennan sjúkdóm í sínum praksís? Hvort hefur meiri þýðingu fyrir þjóðina að kosta, hvort þessara þinga, svo að ég nefni eitt dæmi? Og yfirleitt er alveg sama, hvaða stéttir ég tek aðrar. Allar saman geta þær lagt fram meira til hagsbóta fyrir almenning beint heldur en kirkjuþingið gæti gert, því þó að það kæmi einhver andans maður á kirkjuþingið, sem gæti sameinað þessa menn, sem þar væru, svo að þeir fyrir það yrðu svo vaknir af eldlegum áhuga, að þegar þeir kæmu heim hlypu þeir upp á kassa eins og Siggi og prédikuðu og allir það sama, þá er ég ekkert viss um, hvort þjóðin kærði sig um að fá það allt eins.

En þetta er það, sem á að gera: Það á ekki að samþykkja neitt kirkjuþing, heldur að taka þjóðkirkjuna frá ríkinu og lofa hverjum að hafa sína kirkju og þann prest, sem hann vill. Það er það, sem á að gera. Og að því rekur mjög bráðlega.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Hv. þm. Barð. benti á það réttilega áðan, að þetta þing, kirkjuþingið, eins og það er hugsað, er ekki sambærilegt við stéttaþingin. En allt um það mun sá munur ekki verða til þess að koma í veg fyrir, að stéttaþingin komi á eftir og óski eftir, að þeirra þing verði stutt af ríkisvaldinu fjárhagslega á sama hátt.

Formaður Læknafélags Íslands hefur t. d. þegar komið að máli við mig um það, að honum fyndist rétt og sanngjarnt, ef það frv., sem hér liggur fyrir, verði að lögum, þá verði læknaþing einnig stutt fjárhagslega af því opinbera. Hann benti á, að verkefni læknaþings, sem er haldið annað hvort ár, væri ekki eingöngu að ræða stéttarleg málefni, hagsmunamálefni stéttarinnar, heldur miklu frekar að ræða almennt heilbrigðismál landsmanna. Hann benti á það, að læknaþing fengi í hvert sinn útlenda sérfræðinga til þess að flytja erindi og kenna íslenzkum læknum. Hann benti á, að þetta hefði borið árangur, orðið til hagsbóta íslenzkum heilbrigðismálum og væri hægt að benda á það svo að segja svart á hvítu. Hann minnti mig á, að fyrir örfáum árum hefði komið norskur prófessor, Ourin, á læknaþing og flutt erindi um meðferð á hjartasjúkdómum, æðakölkun í kransæðunum, og var það alveg ný meðferð þá, er hann boðaði, og þetta hefði strax verið tekið upp hér beinlínis fyrir áhrif frá þessum prófessor, og svo væri um mörg önnur dæmi.

Ég heyrði það á formanni Læknafélags Íslands, að ef kirkjuþing yrði kostað af opinberu fé, þá liti hann svo á, að læknaþingið ætti a. m. k. að fá opinberan styrk til sinnar starfsemi, sem ég nú gat um. Getum við ekki einnig búizt við því, að kennaraþingin, — ég veit ekki, hve þau eru mörg, sennilega eitt kennaraþing fyrir hvert stig í skólakerfinu, — að þau komi á eftir og síðan aðrar stéttir? Það er rétt að gera sér þetta ljóst, áður en gengið er frá þessu frv., áður en það verður að lögum, þannig að menn séu við því búnir, að sitthvað kunni á eftir að koma.

Frv. þetta er flutt af hv. menntmn., að því er sagt er fyrir tilmæli hæstv. ríkisstj., sem ég þó efast um að hafi kynnt sér efni þess nógsamlega. Sérstaklega þykist ég hafa ástæðu til að ætla, að hæstv. fjmrh. hafi ekki gefizt tóm til að staldra við 13. gr., og langar mig að geta þeirrar ástæðu hér.

Fyrir nokkrum árum var stofnað félag, er nefnist Samtök presta og lækna á Íslandi. Tilgangur þessa félags er m. a. sá að hagnýta þá faglegu þekkingu og reynslu, sem prestar og læknar hafa öðlazt, til gagns því fólki, sem þeim er ætlað að hjálpa.

Stjórn félagsins hefur nú hug á að gefa út lítinn fræðslubækling, þar sem birtar yrðu fjórar ritgerðir um hagnýt efni, samdar af jafnmörgum íslenzkum prestum og læknum. Félagið er enn fámennt og lítilsmegandi, og því leitaði það í vetur til hins háa Alþingis um 10 þús. kr. styrk til þessarar útgáfustarfsemi. Fyrir skömmu kom ég að máli við hæstv. fjmrh. og bað hann liðsinnis við þessa umsókn. Fékk ég, vægast sagt, kaldar undirtektir. Með nokkrum vel völdum orðum lýsti hann það fjarstæðu, að úr ríkissjóði yrði greitt fyrir slíkt sem þetta. Taldi hann félagsmenn sjálfa ekki of góða til að kosta þessa útgáfu, með því að þeir mundu flestir sæmilega efnum búnir. Mér féll að ýmsu leyti vel tilsvar hæstv. ráðh., þótt kuldalegt væri. Ég er stuðningsmaður hæstv. ríkisstj., en það er

hennar stefna m. a. að stilla í hóf útgjöldum ríkissjóðs. Því féllst ég á að firra hann 10 þús. kr. útgjöldum til Samtaka presta og lækna á Íslandi. Af þessari ástæðu, er ég nú hef greint, kæmi það mér á óvart, ef hæstv. fjmrh. væri samþykkur 13. gr. frv. þessa, sem hér er til umr. Ef hún yrði að lögum, mundi það jafngilda minnst 50 þús. kr. þarflausri útgjaldaaukningu fyrir ríkissjóð til jafnaðar á ári hverju um ókomna framtíð, en óþörf eru þessi útgjöld, því að væntanlegir fulltrúar kirkjuþings geta sjálfir kostað sig, ella þegið einhvern styrk frá söfnuðunum, sem senda þá, og áreiðanlega bíður sá göfugi málstaður, sem í frv. felst, engan hnekki, þótt Mammons-greinin í því sé niður felld.

Frsm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 1. þm. N-M. núna síðast. Hann spurði mjög hvasst: *Hvað á þetta kirkjuþing að gera?* Á það að skipta sér af því, að prestar eru hættir að húsvitja? Á það að skipta sér af því, að til eru prestar, sem hafa innan við 10 messur á ári o. s. frv.? Ég geri frekar ráð fyrir því, að svona mál kunni að koma fyrir kirkjuþing. En ef hann veit ekki, hvað þetta kirkjuþing á að gera, vil ég benda honum á að lesa 14. og 16. gr. frv. Það stendur þar, hvað það á að gera, svo að það á ekki að vera neinn vafi um það.

Ég skal annars ekki fara út í hugleiðingar hans að öðru leyti um prestana, að þeir séu svona og svona, að þessi prestur segi þetta á þessum stað, eða yfirleitt um syndir eða heiðarleika presta né annarra. Það sýnist mér ástæðulaust. En ég sé ekki, að það sé nokkur ástæða til þess að standa gegn kirkjuþinginu, að menn eru eitthvað óánægðir út af prestum eða starfi kirkjunnar í landinu, því að frv. um kirkjuþing miðar að því, að hér komi til fulltrúar frá söfnuðunum sjálfum, fólkinu, sem er ekki prestar, m. a. mönnum eins og hv. 1. þm. N-M. Hann gæti ef til vill orðið þar fulltrúi og þar komið skoðunum sínum að, sem hann kemur ekki að, ef aðeins er haldinn synodus, stéttarráðstefna prestanna einna, sem hafa einmitt þessi mál með höndum núna, svo að það ætti ekki að vera til spillis frá sjónarmiði hv. 1. þm. N-M., að fulltrúar leikmanna komi til; einmitt út frá hans *sjónarmiði sýnist mér það vera til bóta. Mér* heyrist yfirleitt á honum, að hann hafi takmarkaða trú á prestunum og starfi þeirra. Hví tekur hann þá ekki opnum örmum því, að leikmennirnir sjálfir komi til skjalanna, komi sínum ráðum þarna fram, komi með sínar till. og ályktanir og hafi þar með áhrif á störf prestanna, störf kirkjunnar í landinu? Út af því getur komið einhver reformasjón, t. d. til að útrýma dogmunum sem hann talar um o. s. frv. Ég get ekki betur séð en að það sé einmitt stuðningur við þær skoðanir, sem hann hefur látið hér í ljós, að leikmenn fái aðgang að þingi um kirkjunnar mál með prestunum, alveg jafnréttháir. Annars eru prestarnir einir um ráðgjafarvald í þessum málum, og það ætti þó ekki frekar að vera að skapi hv. þm.

Út af ræðu hv. 1. landsk. þm. þarf ég ekkert sérstakt að segja. Ég hygg, að það fari ekkert á milli mála, að ríkisstj. hefur óskað eftir, að þetta frv. verði flutt, og hv. menntmn. hefur flutt frv. vegna tilmæla frá ríkisstj. Ég tek ekki að mér að svara fyrir hæstv. fjmrh. því, sem hann vék að honum, en ég vil undirstrika það, sem ég sagði áðan um læknastéttina, hversu mikilsverð hún er í þjóðfélaginu og hversu þýðingarmikil hennar þing eru. Og ég segi það aftur, að þó að samþykkt sé þetta frv., sem hefur í för með sér nokkur útgjöld fyrir ríkissjóð, en tiltölulega þó lítil, þá útilokar það ekki frá mínu sjónarmiði séð, að hliðstæður stuðningur komi við önnur mál, annað *þinghald, sem hliðstætt er þessu,* síður en svo.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:2 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
4.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 233,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
8.—12. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 248 felld með 9:4 atkv.
— 233,2 (ný 13. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
14.—18. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:2 atkv.

Á 62. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 274).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:4 atkv. og afgr. til Nd.

Á 60. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 61. og 62. fundi í Nd., 4. og 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 63. fundi í Nd., 7. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Þetta mál hefur nú fengið afgreiðslu í efri deild, var flutt þar af n. eftir minni beiðni og hefur ekki verið breytt þar, svo að neinu máli skipti, frá því, sem það var lagt fyrir n., áður en það kom inn í hv. efri deild.

Þetta mál er gamalt áhugamál lærðra og leikmanna, sem áhuga hafa á kristni og kirkjumálum, og tilgangurinn, eins og oft hefur verið rakið, þegar um þetta mál hefur verið ritað á undanförnum árum og tilgangi kirkjuþings lýst af áhugamönnum á því að koma á þessari stofnun, er að auka samstarf milli leikmanna og presta um kristni og kirkjumál.

Ég geri ekki ráð fyrir því, að það sé neinn ágreiningur um það hér í þessari hv. þingdeild, að það sé æskilegt, að þetta samstarf geti aukizt, heldur þvert á móti tel ég, að líklegt sé, að það muni hafa almennu fylgi að fagna að efla það samstarf, og menn telja, að ýmislegt gott geti af því leitt. Það er yfirleitt of lítið samband núna milli þess starfs, sem kirkjan innir af

hendi, og leikmannanna í landinu. Nú er hugsað að ráða bót á þessu með því, að kjörnir séu fimmtán kirkjuþingsmenn. Það er tiltekið í 2. gr., að það er gert ráð fyrir 7 kjördæmum, tveir kosnir í hverju kjördæmi og 1 er tilnefndur af guðfræðideild Háskóla Íslands.

Þessu kirkjuþingi er ekki ætlað að breyta neinu um þá valdaskiptingu, sem er milli þeirra aðila og hjá þeim aðilum, sem nú ráða kirkjumálum, og vil ég vekja athygli á því, að ákvæði um þetta atriði er í 14. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að kirkjuþing hafi ráðgjafaratkvæði og tillögurétt um öll mál, er kirkjuna varða, eins og nánar er tiltekið í þessari grein. Þetta þing verður þess vegna þing, sem aðeins gerir till. og ráð. Það er ætlazt til þess, eins og ég sagði áðan, að það verði þing presta og áhugasamra leikmanna, sem vaka yfir því að koma á stað þeim nýjungum, sem til bóta mættu verða að því er snertir starf kirkjunnar, svo sem nákvæmlega er tekið fram í 14. gr. En þessar till. eru ekki bindandi, eins og þar er líka tiltekið, fyrr en þær hafa hlotið samþykki kirkjuráðs, prestastefnu og biskups.

Þau andmæli, sem komu fram í hv. efri deild, eru sérstaklega um ákvæði 13. gr., að kirkjuþingsmenn fái greidda dagpeninga og ferðakostnað. Ýmsir þm. óttast, að með þessu frv. sé verið að stofna til fordæmis fyrir aðrar stéttir, það muni koma fleiri stéttarþing, eins og sagt hefur verið, og þeir muni krefjast þess, að fulltrúum þeirra verði greiddir dagpeningar. En við, sem erum fylgjandi þessu frv., eins og það er núna, höfum hins vegar bent á, að hér er ekki um stéttarþing að ræða og veitir þess vegna ekki neitt fordæmi öðrum stéttum, sem kynnu að óska eftir því, að fulltrúar þeirra fengju greidda þóknun fyrir að mæta á stéttarþingum, — hér er ekki um stéttarþing að ræða, heldur, eins og ég hef margsinnis tekið fram og frv. ber með sér, þing presta og leikmanna vegna þess víðtæka starfs, sem kirkjan innir af höndum í okkar þjóðfélagi, svo að samstarf geti myndazt þar milli presta og fulltrúa almennings í landinu. Hér er þess vegna ekki um stéttarþing að ræða.

Ég vonast eftir, að afgreiðslu þessa máls hér verði hraðað, eftir því sem hv. þd. sér sér fært, og legg ég til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 274, n. 479).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Það hefur lengi verið áhugamál prestastéttarinnar, að komið yrði á kirkjuþingi fyrir hina íslenzku þjóðkirkju og settar ákveðnar reglur um skipun þess. Skömmu eftir síðustu aldamót sömdu þrír kennimenn frv. um þetta efni, en það frv. náði ekki fram að ganga. Fyrir allmörgum árum tók Magnús Jónsson prófessor, þáverandi þm. Reykv., málið upp að nýju á Alþingi, en þá hlaut það ekki heldur fullnaðarafgreiðslu. Fyrir níu árum var að tilhlutun biskups hugmyndin um kirkjuþing rædd mjög ýtarlega á prestastefnu og kjörin fimm manna nefnd til að athuga frv. um þetta efni, sem þar lá fyrir. Sú n. lauk því starfi og sendi síðan öllum prestum landsins til athugunar þær till., sem hún gerði. Síðan hefur málinu verið haldið vakandi af prestastéttinni og öðrum áhugamönnum um kirkjuleg málefni. Á síðasta þingi var frv., samhljóða því, sem hér liggur fyrir, flutt sem stjórnarfrv., en varð þá ekki útrætt.

Það er efni þessa frv., að kirkjuþing íslenzku þjóðkirkjunnar skuli halda annað hvert ár, en það skuli ekki eiga lengri setu en tvær vikur. Í sambandi við kjör til kirkjuþings skal landinu skipt í sjö kjördæmi, og verða tveir þingfulltrúar kosnir í hverju kjördæmi. Skal annar þeirra vera prestur, en hinn leikmaður. Enn fremur skulu eiga sæti á kirkjuþingi einn maður frá guðfræðideild háskólans, biskup og kirkjumálaráðherra. Prófastar og prestar, sem ábyrgð hafa á prestakalli innan hvers kjördæmis, kjósa úr sínum hópi einn kirkjuþingsmann fyrir kjördæmið og einn til vara. Sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar hvers kjördæmis kjósa á sama hátt einn leikmann til að sitja á kirkjuþingi.

Kirkjuþing á að hafa tillögurétt um öll mál, er kirkju, klerkastétt og söfnuði landsins varða. Það á að hafa rétt til þess að gera samþykktir um innri málefni kirkjunnar, og kirkjuþingi ber að kjósa fjóra menn í kirkjuráð, og fer það kjör fram, er hið fyrsta kirkjuþing að afstöðnum kosningum kemur saman.

Samkv. þessu frv. verður verksvið kirkjuráðs hið sama og það er nú eftir gildandi lögum.

Áhugamenn um kirkjuleg málefni hafa lengi haft hug á að fá setta löggjöf eins og þá, sem felst í þessu frv. Samkv. stjórnarskránni skal hin evangelísk-lúterska kirkja vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda. Þjóðkirkjan á að vera félagsskapur allrar þjóðarinnar, og þó að frelsi ríki í þessu efni, þá sýnir reynslan, að það er ekki nema lítill hluti þjóðarinnar, sem stendur utan hennar. Að því er stefnt af hálfu forustumanna kirkjunnar, að löggjöf sem þessi hafi áhrif á að auka samstarf presta og leikmanna um kirkjuleg málefni og verði til hvatningar í þeim allsherjarfélagsskap þjóðarinnar, sem þjóðkirkjan er. Og það er von þeirra, sem styðja vilja kirkjuna, að svo verði.

Menntmn. leggur til, að frv. þetta verði samþykkt. Einn nefndarmanna, hv. þm. Ísaf., skrifar þó undir nál. með fyrirvara, og annar nefndarmaður, hv. 3. þm. Reykv., hefur lýst því, að hann áskilji sér rétt til þess að hafa fyrirvara við afgreiðslu málsins í heild.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19:1 atkv.
2.--18. gr. samþ. með 17:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:1 atkv.

Á 99. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 100. fundi í Nd., 18. maí var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 102. fundi í Nd., 21. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GíslG, GÍG, HÁ, HS, HV, IngJ, JóhH, MJ, PÞ, RH, SÁ, SkG, ÓJ, SvbH, ÁB, BG, BBen, EystJ.

nei: KGuðj, EOl.

GJóh, JPálm, KJJ, LJós, EirÞ greiddu ekki atkv.

10 þm. (GÞG, JS, JR, ÓTh, PO, BrS, ÁÞ, ÁkJ, BÓ, EmJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 581).

63. Skipakaup o. fl.

Á 98. fundi í Nd., 16. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 27. des. 1956, um heimild fyrir ríkisstj. til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins [173. mál] (þmfrv., A. 539).

Á 99. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Sjútvn. flytur þetta frv. eftir beiðni hæstv. ríkisstj., en efni frv. er að gera breytingu á 5. gr. laga um heimild fyrir ríkisstj. til skipakaupa og lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, en þessi lög voru samþ. á Alþ. í lok s. l. árs.

Í 5. gr. laganna er ríkisstj. veitt heimild til að semja um kaup og smíði á allt að sex 150—250 rúmlesta fiskiskipum og taka til þess lán allt að 15 millj. kr.

Nú hefur, eins og segir í grg. frv. á þskj. 539, ríkisstj. borizt till. frá atvinnutækjanefnd um það, að heimildin verði nokkuð aukin, þannig að heimilt verði að semja um kaup og smíði á fleiri skipum og þá jafnframt lánsheimildin hækkuð, og um það fjallar þetta frv.

Það hefur komið í ljós, að allmikil eftirspurn er eftir þessum skipum, og liggja til þess tvær ástæður: Í fyrsta lagi það, að þau þykja henta betur en togarar af venjulegri stærð til þess að leggja á land fisk í höfnum, þar sem hafnar- og vinnsluskilyrði eru takmörkuð. Í öðru lagi virðist hafa vaknað hjá ýmsum reyndum útgerðarmönnum áhugi fyrir útgerð skipa af þessari gerð og stærð.

Ég legg svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. Það er flutt af nefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Nd., 18. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Nd., 20. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 103. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 104. fundi í Ed., 21. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af þeim ástæðum, að það hefur komið í ljós við athugun og það kom fram hér við umr. við frv. um heimild fyrir ríkisstj. til skipakaupa, að e. t. v. væri eðlilegt að hafa þau minni skip fleiri en gert var ráð fyrir í því frv., og vildu ýmsir þá þegar breyta þessari tölu úr sex í eitthvað hærri tölu.

Nú hefur atvinnutækjanefnd athugað þetta mál allrækilega og leggur til, eins og kemur fram í grg., að heimildinni til kaupa á þessum smærri skipum verði breytt þannig, að í staðinn fyrir 6 komi 12. Sú athugun, sem atvinnutækjanefnd hefur gert á þessu máli, leiðir í ljós, að þegar á að ráðstafa skipunum, þessum 6, þá eru miklu fleiri, sem vilja fá skipin, heldur en búizt var við í fyrstu, og var það raunar, eins og ég sagði áðan, komið í ljós að nokkru við umr. um þetta mál, en það þótti rétt að láta athuga það nánar.

Þetta er vitanlega af þeim ástæðum, að ýmsir hinir smærri staðir, án þess að ég telji þá upp hér, hafa ekki möguleika til þess, hvorki nægilega stór frystihús né aðstæður að öðru leyti til þess að taka á móti stórum togurum, og þess vegna hafa menn áhuga fyrir því víðar en búizt var við að fá einmitt þessi skip, enda lítur út fyrir, að það kunni að vera hægt að hraða nokkuð byggingu þeirra og þau geti komið í rekstur áður en langt um líður.

Ég sé ekki ástæðu til þess á þessu stigi og geri ekki ráð fyrir, að þess sé sérstaklega óskað, að gerð sé grein fyrir þeim stöðum, þar sem óskað er eftir þessum skipum. Læt ég þetta nægja sem framsögu fyrir þessu máli og óska eftir, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Á 105. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 539, n. 584).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt af sjútvn. Nd. að beiðni ríkisstj. og hefur hlotið einróma samþykki þeirrar d. Það fjallar um breyt. á heildarlögum, sem samþ. voru seint á s. l. ári, fyrir ríkisstj. til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Í þeim lögum var svo ákveðið m. a., að ríkisstj. væri heimilt að gera f. h. ríkissjóðs samninga um kaup og smíði á allt að sex fiskiskipum, 150—250 tonna, og taka til þess lán f. h. ríkissjóðs. Samkvæmt þessu frv. er heimildin hækkuð úr sex fiskiskipum í tólf og lántökuheimild hækkuð sem þessu svarar og þó heldur betur.

Eins og kom fram í umr. á sínum tíma um þetta frv., sem hér er lagt til að breyta að þessu leyti, hafa þessi mál verið til athugunar hjá atvinnutækjanefnd ríkisins, og hefur hún við starf sitt komizt að raun um, að eftirsókn og þörf fyrir þessa stærð skipa er allmiklu meiri en í fyrstu hefði mátt ætla. Kemur þar margt til, sérstaklega það, að víða hentar þessi stærð skipa betur en stórir togarar, sérstaklega vegna hafnarskilyrða, og geta komið að fullum notum, þar sem ekki yrðu möguleikar á því, að togarar geti lagt upp, bæði þeirra vegna og sums staðar líka vegna þess, að ekki yrðu næg skilyrði til þess að vinna svo mikinn fisk sem togarar bera að jafnaði að landi. Og á því eru augljósir annmarkar, að togararnir skipti afla sínum á fleiri hafnir, enda þótt til þeirra úrræða hafi þurft að grípa og muni e. t. v. þurfa að einhverju leyti í framtíðinni.

Það hefur komið í ljós, að útgerðarmenn hafa mjög mikla trú á þessum skipum, og það hefur ekki reynzt mögulegt fyrir atvinnutækjanefndina að gera viðhlítandi till. um úthlutun þeirra nema fjölga þeim að mun frá því, sem upphaflega var gert ráð fyrir. En með þessari breyt., sem hér er gert ráð fyrir, mun mega ætla, að leysa megi viðunanlega þörf hinna ýmsu staða, sem hafa frambærilegar ástæður til þess að geta sótt um þessi skip og tryggingu fyrir að geta rekið þau sómasamlega.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, nema sérstakt tilefni gefist, en sjútvn. leggur einróma til, að frv. verði samþ. án breytinga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 106. fundi í Ed., 23. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 604).

---

64. Sjúkrahúsalög.

Á 24. fundi í Nd., 30. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953 [69. mál] (þmfrv., A. 94).

Á 26. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Við þm. Skagf. flytjum hér lítið frv. á þskj. 94, og það frv. er um breytingu á sjúkrahúsalögunum, sem eru frá 31. des. 1953.

Eins og fram er tekið í grg. fyrir þessu frv., eru ákvæði í þeim sjúkrahúsalögum, að kaupstaðir eða bæjarfélög, sem svo eru nefnd, hvort sem eru stærri eða minni, skuli greiða meiri hluta af stofnkostnaði sjúkraskýla eða sjúkrahúsa, spítala, heldur en sveitir eða héruð gera eða hreppsfélög. En nú liggur það í augum uppi, að þetta ákvæði er ekki að öllu leyti réttlátt, og eins og fram er tekið í grg., eru ýmis sveitarfélög töluvert miklu fólksfleiri en fámennustu kaupstaðirnir. En þessi munur mun þó sérstaklega vera settur í hin áður umgetnu lög með tilliti til þess, að þar sem fjölmenni er mikið, þar sé eðlilegast, að þyngri baggi sé lagður á þau svæði eða þær heildir heldur en þar sem fámennið er mikið. Þess vegna er það, að okkar breyting felur það í sér, að takmarkið um meira eða minna framlag til sjúkrahúsa sé miðað við 1500 íbúa, þ. e. a. s., að öllum bæjarfélögum eða kaupstöðum, sem hafa færri en 1500 íbúa, beri ekki að leggja meira fram en sveitarfélögum eða héruðum. Væri þessi breyting gerð, mundi meira samræmi vera í þessu, því að ég veit ekki, hvort það eru nokkur sveitarfélög, sem hafa fleiri íbúa en 1500, og mundi þá áreiðanlega vera meira samræmi í þessu.

Ég skal ekkert leyna því, að við berum þetta, þm. Skagf., m. a. fram af því, að nú er búið að hefja byggingu á sjúkrahúsi á Sauðárkróki, sem er einn með minnstu kaupstöðunum eða bæjarfélögunum, ef á að hafa það orð um það, og liggur mjög í augum uppi, að fyrir svo fámennan kaupstað eins og Sauðárkrókur er verða miklir erfiðleikar að standa undir þeim hluta af því, sem í lögum er ákveðið að kaupstaðir skuli leggja fram. En að öðru leyti finnst okkur þetta líka almennt réttlátt og sé því sjálfsagt, að það gangi yfir alla. Og það eru þó nokkrir kaupstaðir hér á landi, sem hafa undir 1500 íbúa, fleiri en Sauðárkrókur, og mundu þá að sjálfsögðu njóta góðs af þessari breytingu.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta. Ég vænti þess, að hv. Nd. taki þessu vel og að þetta verði athugað með sannsýni, og ég vænti þess, að það geti orðið samkomulag um að gera þessa breytingu á nefndum lögum.

Ég vil svo leyfa mér — að lokinni þessari umr. — að leggja til, að frv. verði vísað til heilbr.- og félmn., sem það heyrir undir samkv. **eðli málsins.**

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Á 54. og 57. fundi í Nd., 14. og 15. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., 28. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 94, n. 236).

Forseti (HÁ): Það lítur út fyrir, að frsm. n. sé ekki viðstaddur. Það hefur ekki legið nein ósk fyrir um að taka málið út af dagskrá. Þess má geta, að fjórir nm., sem skrifa undir nál., leggja allir til, að frv. verði samþ. óbreytt, en einn nm. hefur ekki verið viðstaddur á fundi, þegar málið var afgreitt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 5. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Til skamms tíma var það í lögum, að byggingar sjúkrahúsa og læknisbústaða væru styrktar af ríkinu að ⅓ hluta. Svo var þessu breytt á þann veg, að sveitarfélög, sem ættu hlut að slíkum byggingum, fengju öllu meiri aðstoð við byggingu slíkra stofnana, og var þá ákveðið hlutfallið ⅔ af kostnaðinum, sem greiðast skyldu af ríkissjóði.

Þá var þessu næst gerð breyting á l., að aukinn skyldi styrkur til þeirra sjúkrahúsa, sem væru fjórðungssjúkrahús, og á tímabili voru uppi kröfur um það, að slík sjúkrahús væru kostuð að öllu leyti af ríkinu, bæði að því er snertir stofnkostnað og rekstrarkostnað.

Nú liggur hér fyrir á þskj. 94 frv. til l. um það, að bæjarfélög, sem enn þá hafa í lögum aðeins ⅔ af stofnkostnaðinum greiddan af ríkissjóði, fái, ef þau hafi færri en 1500 íbúa, ⅔ hluta af stofnkostnaði sjúkrahúsa og læknisbústaða greidda úr ríkissjóði, og er tekið fram í grg. með því frv., að það sé til þess að leiðrétta það misrétti, sem sé nú á milli þeirra smærri bæjarfélaga og sveitarfélaga, sem byggi slík hús og njóti tveggja þriðju.

Það er áreiðanlega tilefni þessa frv. þeirra hv. þm. Skagf., að sjúkrahús er verið að byggja á Sauðárkróki, sem verður sjúkrahús fyrir Skagafjarðarhérað, og þannig stendur á, að Sauðárkrókskaupstaður er með færri íbúa en 1500. Hins vegar er það hérað allt, sem að þessari sjúkrahúsbyggingu stendur, allfjölmennt hérað, eins og kunnugt er, og munu vera í því alls hátt á fjórða þúsund manns, eða — eftir því sem skýrslur herma — 3785 manns.

Þetta frv. fer þess vegna alveg í sömu átt og lagabreytingar á undanförnum árum hafa farið, að auka framlög ríkissjóðs í sambandi við byggingu slíkra stofnana, og aðeins stigið eitt skref í viðbót við þau, sem áður hafa verið stigin, og sannast að segja má svo búast við, að haldið verði áfram á þessari braut, þangað til svo er komið, að ríkið borgi að mestu leyti eða kannske öllu leyti kostnað af byggingu sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða. Og ef til vill er það það, sem Alþ. stefnir að í þessum málum og er sjónarmið út af fyrir sig, að ríkið eigi alveg að kosta slíkar stofnanir, a. m. k. að því er snertir stofnkostnaðinn.

Ég tel þó rétt í sambandi við þetta mál að gera þingmönnum kunnugt, að þetta frv. var sent til umsagnar landlæknis og hann mun hafa sent umsögn sína heilbr.- og félmn., sem fjallar um málið, og ræðir þar um afskipti ríkisvaldsins af byggingu slíkra stofnana og hina vaxandi aðstoð við byggingu sjúkrahúsa almennt, og ég tel ekki nema rétt, að hv. þingmenn fái að heyra skoðun landlæknis á þessum málum, ekki aðeins í þessu einstaka tilfelli, heldur á þessum málum almennt, til þess að hægt sé að líta á málið ekki frá því sjónarmiði, sem venjulega er litið á þessi mál, þegar eitthvert einstakt atriði til breytinga á sjúkrahúsalöggjöfinnl er til afgreiðslu á Alþ., heldur einmitt út frá því, að við lítum yfir þær breytingar, sem orðið hafa, og hvert stefnt sé með þeim. Og þá geta þm. auðvitað gert sér grein fyrir því, hvort þeir vilji stefna áfram lengra á þessari braut eða hvort eigi að stöðvast hér við, áður en þessi breyting sé gerð eða eftir að slík breyting sé gerð.

Ég held, að álit landlæknis hafi ekki verið kynnt þingheimi í sambandi við 2. umr., en því miður gat ég ekki verið hér staddur á þingfundi, þegar 2. umr. fór fram, og vil ég nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa umsögn landlæknis. Hún er á þessa leið:

„Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 21. des. f. á., beiðzt umsagnar minnar um frv. til laga, er þingmenn Skagfirðinga flytja um breytingu á sjúkrahúsalögum, nr. 93 frá 1953, þess efnis að auka byggingarstyrk ríkissjóðs til sjúkrahúsa þeirra kaupstaða, sem hafa færri íbúa en 1500, þannig að þau hljóti jafnháan styrk og sveitarfélögum öðrum en bæjarfélögum er ákveðinn í lögum, þ. e. ⅔ hluta byggingarkostnaðar.

Í áratugi var það regla, að ríkissjóður styrkti læknisbústaða-, sjúkraskýlis- og sjúkrahúsabyggingar sveitarfélaga að ⅓ hluta kostnaðar án tillits til þess, um hve miklar framkvæmdir væri að ræða og hvers konar sveitarfélög stæðu að framkvæmdunum. Bar ekki á öðru en þessi fjárhagsaðstoð svaraði fullvel tilgangi sínum. Læknisbústaðir og sjúkraskýli risu ört upp í hverju héraðinu á fætur öðru, og jafnvel á mestu fjárkrepputímum var komið upp eftir atvikum myndarlegum sjúkrahúsum á vegum sveitarfélaga hér og þar á landinu. Auðvitað urðu sveitarfélögin að gæta allrar fyrirhyggju, er þau réðust í þessi fyrirtæki, svo og fyllstu ráðdeildar við framkvæmdirnar, sem vel fór á, því að fyrirhyggju og ráðdeildar er vissulega einnig full þörf, þegar ráðizt er í þessar framkvæmdir, enda þótt vel séu séðar. Án fullrar gátar gætu sveitarfélög auðveldlega yfirbyggt sig að sjúkrahúsum, en það má kalla að gert sé, ef sjúkrahús eru reist til að standa að verulegu leyti

auð, hvort heldur er fyrir það, að eðlilega aðsókn brestur, eða sveitarfélögin ráða ekki við reksturinn. Hæfir vel, að mikið og jafnvel mjög mikið átak sé fyrir sveitarfélag að koma sér upp sjúkrahúsi. Það mun þó takast, ef ekki brestur á áhuga ráðamanna, sem vakinn er af brýnni þörf. Rík sjúkrahúsþörf og nauðsyn mikils átaks til þess að fullnægja henni mundi og betur en allt annað tryggja eðlilega samstöðu sveitarfélaga um sjúkrahúshald og um leið stuðla að þeirri heilbrigðu þróun sjúkrahúsmálanna, að meiri háttar sjúkrahús sveitarfélaga yrðu ekki dreifðari en óhjákvæmilegt væri, en að sama skapi stærri og fullkomnari að öllum búnaði og fyrir það stórum betur hæf til að svara tilgangi sínum. Þegar slíkum sjúkrahúsum hefði verið komið upp, sæmdi aftur á móti vel, að rekstur þeirra væri styrktur því betur úr ríkissjóði sem minna hefði verið lagt til stofnkostnaðar.

Yfirleitt hefur ekki reynzt vandkvæðum bundið að láta forráðamönnum sveitarfélaga skiljast skynsemd þessarar spítalapólitíkur, og má ætla, að bygging læknisbústaða, sjúkraskýla og jafnvel sjúkrahúsa sveitarfélaga hefði mátt hafa góðan og að sumu leyti áreiðanlega heilbrigðari framgang, þótt látið hefði verið sitja við hina gömlu reglu að styrkja þær byggingarframkvæmdir úr ríkissjóði aðeins að ⅓ hluta kostnaðar. Hins vegar hefur Alþingi því miður látið sér fátt um alla skynsemd í þessu efni. Til þess hefur það verið of trútt þeirri allsherjarstefnu sinni að skipa öllu með styrkjum, ef ekki dugir, þá með meiri styrkjum, og jafnvel þótt dugi, þá skyldu menn samt hafa enn meiri styrki.

Síðastliðin tólf ár hefur Alþingi verið í kapphlaupi við sjálft sig um að auka og auka aftur hlutfallslegt framlag ríkissjóðs til byggingar læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsa sveitarfélaga og borið svo ört á jötuna, að ekki hefur leift af, að þiggjendunum, forráðamönnum sveitarfélaganna, hafi enzt árvekni til þess að fylgjast með. Eru dæmi þess, að stútungslæknishéruð hafa hrist fram úr ermi sér að reisa myndarlega læknisbústaði og reyndar ekkert til sparað, án þess að ráðamenn hafi haft hugmynd um, að meiri ríkissjóðsstyrks væri að vænta til framkvæmdanna en samkv. hinni upphaflegu reglu. En auðvitað hefur ekki staðið á því, að þegið væri það, sem svo örlátlega hefur verið fram reitt. Er átið auðlært sveitarfélögum, þegar ríkissjóður skammtar, og umbun ofeldis er hin venjulega: síaukin heimtufrekja, unz allt er heimtað og helzt meira en allt.

Ekki er ég saklaus af því að hafa á sínum tíma (1944) léð því liðsyrði, að nokkuð yrði aukinn hlutfallslegur styrkur ríkissjóðs til byggingar læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsa sveitarfélaga. En það var fyrst og fremst til þess að koma í veg fyrir enn meiri ráðleysu, sem Alþingi var þá komið á fremsta hlunn með að steypa ríkinu út í, þ. e. að láta það taka á sig veg, vanda og gersamlega allan kostnað ekki aðeins af því að reisa, heldur einnig af að reka sjúkrahús Akureyrar, sem hlaut að verða upphaf að allsherjarríkisrekstri sjúkrahúsa fyrir sveitarfélögin í landinu. En mikil blekking hefur það verið, ef ég hef haldið, að með þessu næði Alþingi að fóta sig á málinu. Þrátt fyrir margt varnaðarorð mitt hafa styrkirnir aukizt í loftköstum síðan, svo að helzt er hægt að líkja við höfrungahlaup, ef einn gæti á þann hátt stokkið yfir sjálfan sig. Fyrst er almennur byggingarstyrkur ekki aðeins hækkaður úr ⅓ upp í ⅝ hluta, heldur er svokölluðum fjórðungssjúkrahúsum, sem enginn veit eiginlega hvað er, ætlaðir ⅜ hlutar byggingarkostnaðar (1945). Næst er byggingarstyrkur sveitarfélaga annarra en bæjarfélaga hækkaður upp í ⅝ hluta byggingarkostnaðar (1949). Þá er ákveðið, að illa skýrgreinanlegur hluti búnaðar meiri háttar sjúkrahúsa, 20 rúma og stærri, skuli teljast til byggingarkostnaðar og styrkjast að ⅝ hlutum kostnaðarverðs (1956). Loks er nú farið fram á, að ríkissjóðsstyrkur til bæjarfélaga með færri íbúa en 1500 skuli vera hlutfallslega jafnhár og þegar sveitarfélög önnur en bæjarfélög eigi í hlut, þ. e. nema ⅝ hlutum byggingarkostnaðar. Og enginn skyldi ætla, að hér verði látið staðar numið. Til þess er Alþingi allt of handbært og útfalt fé ríkissjóðs. Þó er nú þegar svo komið, að til er, að forráðamenn sveitarfélaga láti vel yfir því, um leið og þeir komast ekki hjá því að skopast að ráðsmennskunni, að næst því að reisa skóla séu sjúkrahúsbyggingar að verða ódýrasta atvinnubótaráðstöfun fyrir illa stæð sveitarfélög. Kann slíkt ekki góðri lukku að stýra fyrir þá æskilegu þróun sjúkrahúsmála í landinu, sem vikið var að hér að framan, og víst hefði mér staðið á sama, þó að nokkur bið hefði orðið á, að heilbrigðismál ríkisins helguðu sér með andhælislegu ráðleysisháttalagi sæti á forundrunarbekk við hlið menntamálanna.

Leitt er, að ekki skuli vera óþarft að vekja athygli á, að enginn skynsamlegur grundvöllur er undir því, að fámennu byggðarlagi beri að sjálfsögðu hlutfallslega meiri byggingarstyrkur en öðru fjölmennara, án alls tillits til þess, hve mikils háttar byggingarframkvæmdirnar séu. Engum nema þingmönnum, ekki einu sinni fyrrverandi þingmönnum, getur skilizt, að það hljóti að vera meira átak fyrir fámennt byggðarlag en fjölmennt að ráðast í framkvæmd, ef kostnaður er nokkurn veginn hlutfallslegur við íbúafjölda, að ekki sé talað um, ef kostnaðurinn af framkvæmd hins fjölmennara byggðarlags er hlutfallslega miklu meiri, sem einmitt oftar en hitt mun vilja brenna við.

Tökum t. d. Hafnarfjarðarkaupstað með 5948 íbúa með sinn nýreista meira en 100 rúma hjúkrunarspítala og Ólafsfjarðarkaupstað með 914 íbúa og læknisbústað ásamt 5 rúma sjúkraskýli, sem hefur ekki verið haft fyrir að reka árum saman. Hvaða réttlæti væri að styrkja Ólafsfjarðarkaupstað hlutfallslega miklu meira til sinna óverulegu framkvæmda en Hafnarfjarðarkaupstað, sem að vísu er 5—6 sinnum fólksfleiri, til tvítugfalt meiri framkvæmda, sem auk þess svara ólíkt betur tilgangi sínum? Engan veginn skal því neitað, að réttmætt gæti verið að greiða úr ríkissjóði hlutfallslega misháa styrki til sjúkrahúsbygginga sveitarfélaga, en sú mismun-

un yrði þá að hvíla á öðrum og traustari grunni en þeirri botnleysu, sem Alþingi hefur þóknazt að reisa þetta styrkjamusteri sitt á.

Ekki verður þetta mál fullskýrt, nema bent sé á það ákvæði sjúkrahúslaganna, sem ætlað er að ýta undir það, að sveitarfélög, sem hafa svipaða aðstöðu til að nota sér eitt og sama sjúkrahús og hljóta að gera það, standi þá saman um að reisa það og reka (6. gr.). Verður aldrei talið sanngjarnt, að eitt sveitarfélag beri kostnað af sjúkrahúsahaldi fyrir annað sveitarfélag en sjálft sig. Svo er fyrir að þakka, að forráðamönnum sveitarfélaga hefur mjög víða skilizt þetta og framkvæmdum verið hagað samkvæmt því. Sums staðar standa sýslufélög að sjúkrahúshaldi. Þannig hafa sjúkrahús á Patreksfirði, Þingeyri, Blönduósi og Sauðárkróki verið rekin af hlutaðeigandi sýslufélögum í áratugi. Víðast hvar standa öll hreppsfélög sama læknishéraðs saman um læknisbústað og sjúkraskýli héraðsins. Skemmst er að minnast félagsskapar Keflavíkurkaupstaðar og annarra sveitarfélaga Keflavíkurhéraðs um hið nýja sjúkrahús í Keflavík. Annars staðar er ekki hirt um þetta, þó að beint horfi við. Þannig tókst ekki félagsskapur Ísafjarðarkaupstaðar og Norður-Ísafjarðarsýslu um sjúkrahúsið á Ísafirði, þó að ætíð væru áhöld um aðsókn að sjúkrahúsinu úr kaupstað og sýslu, og olli þröngsýni og naglaskapur forráðamanna sýslunnar. Sömuleiðis er Akureyrarkaupstaður einn aðili að hinu mikla, nýja sjúkrahúsi þar, og er ekki mikil sanngirni í því, að hin fjölmennu og blómlegu sveitarfélög í nágrenni Akureyrar séu með öllu laus við áhættu og kostnað af sjúkrahúshaldi, en njóti aftur þjónustu sjúkrahússins engu síður til jafns við þá, sem hvort tveggja bera. En hér munu það reyndar hafa verið forráðamenn Akureyrarkaupstaðar, sem sjálfir kusu þessa skipan, jafnframt því sem þeir hafa einbeitt sér að því að þreifa því dýpra niður í fjárhirzlu ríkisins við góðan skilning og mikla lipurð Alþingis, nema upptökin sé þangað að rekja. Og er þetta til engrar fyrirmyndar.

Víkjum nú að Sauðárkrókskaupstað, sem sérstaklega mun vera hafður í huga af flm. frv. þessa, sem hér ræðir um, og auðvitað af því tilefni, að þar er nú verið að hefjast handa um að reisa nýtt sjúkrahús. Auðvitað verður það öllum Skagfirðingum til jafnra nota, og hví ættu þá 1068 íbúar kaupstaðarins að taka á sig umfram allar skyldur sjúkrahúsbyrðar fyrir 2717 aðra Skagfirðinga? Núverandi sjúkrahús á Sauðárkróki er einmitt rekið í félagi af Sauðárkrókskaupstað (að ⅔ hlutum) og Skagafjarðarsýslu (að ⅓ hlutum), og vil ég ekki gera ráð fyrir, að Skagfirðingum detti í hug að slíta þeim sjálfsagða félagsskap, þegar til hinna stærri átaka kemur að reisa og reka nýtt og á allan hátt fullkomnara sjúkrahús til jafnra, sameiginlegra nota fyrir báða aðila. Hér er því ekki um neitt umkomuleysisfámenni að ræða, er standa þurfi að sjúkrahúsi á Sauðárkróki, heldur eftir atvikum ánægjulegt fjölmenni, eða 3785 manns. Ef Sauðárkrókskaupstað, sem þessa ágætu aðstöðu hefur, yrði tryggður ríkissjóðsstyrkur til sjúkrahúss síns, sem næmi ⅔ hlutum byggingarkostnaðar, svo sem tilætlunin er með umræddu frv., hvað þá um Siglufjarðarkaupstað með 2744 íbúa, sem nú býr sig einnig undir að endurnýja sjúkrahús sitt og hlýtur að standa einn að þeim framkvæmdum? Honum er ætlað að una þeim ójöfnuði að láta skammta sér úr hinum sama sjóði aðeins ⅔ hluta byggingarkostnaðarins, og kemur nú allt í einu þvert á þá öfugu höfðatölureglu, sem annars er uppistaðan í þessu fáránlega styrkjakerfi. Nægir þessi samanburður fullvel til að sýna, hver hringavitleysa þetta allt saman er.

Ekki undanfelli ég að benda á, hve freklega það eykur á ójöfnuð þessara styrkveitinga, hve títt er breytt styrkjahlutföllunum. Hvers eiga eigendur nýreists sjúkrahúss að gjalda að sitja við lægri styrk en algerlega sambærilegir eigendur annars sjúkrahúss, sem ef til vill er reist á næsta ári, og svo eigendur þess sjúkrahúss, er hlutur þeirra verður aftur minni en sambærilegra eigenda næsta sjúkrahúss, sem litlu síðar er reist?

Hvernig er svo þetta furðulega styrkjakerfi til komið? Einfaldlega á þann hátt, að svo að kalla í hvert skipti, sem reisa á nýtt sjúkrahús, tekur þingmaður (eða þingmenn) hlutaðeigandi kjördæmis sig til, hugsar út eitthvert ráð til að kræla sem mest út úr ríkissjóði til síns sjúkrahúss, berst fyrir breytingu á úthlutunarreglum sjúkrahúsalaganna með þetta eina markmið fyrir augum, án alls tillits til þess, hvernig breytingin verkar í heild, og kemur sínu fram. Og er þetta því miður allt of rétt mynd af vinnubrögðum Alþ. yfirleitt að því er til fjárveitinga tekur.

Ljúft væri mér að ljá atfylgi mitt til gagngerðrar endurskoðunar á tilhögun styrkveitinga úr ríkissjóði til byggingar læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsa sveitarfélaga, ef nokkur von væri til þess, að Alþ. sansaðist á að freista þess að koma henni á heilbrigðan grundvöll. Jafnóljúft er mér hitt, að leggja lið mitt til að klastra við það styrkjakerfi, sem Alþ. hefur þóknazt að lögleiða af svo lítilli forsjá. Inn í það virðist ekkert vera hægt að fella af skynsamlegu viti, enda hefur hver breyting og viðauki gert það að æ meira vansmíði, og enn er stefnt að hinu sama með frv. því, sem hér er fjallað um. Fyrir mér er þetta orðinn gersamlega óleysanlegur hnútur, sem aðeins verður skorið á, en missýnist mér um það, er mætast, að þeir fáist við að leysa, sem reyrt hafa.

Það má vera hverjum manni augljóst, að með styrkjapólitík sinni stefnir Alþ. rakleitt að því að láta ríkissjóð taka á sig allan kostnað af að reisa læknisbústaði, sjúkraskýli og sjúkrahús fyrir öll sveitarfélög í landinu. Má þá fara nærri um, hverjar verða kröfur sveitarfélaganna í þessu efni, bæði um nýbyggingar, búnað og viðhald, og jafnframt um það, hve auðvelt eða hitt heldur Alþ. og pólitískum ráðherrum muni veitast að standast þær óbilgjörnu kröfur. Rökrétt afleiðing af þessu verður svo það, að ríkið taki að sér rekstur allra þessara stofnana, enda eru þegar uppi háværar kröfur í þá átt. Fyrir fáum vikum var einum rómi samþ. á Alþýðusambandsþingi að krefjast þessa ríkisrekstrar afdráttarlaust, og er ég illa svikinn, ef sú krafa á ekki

góðum skilningi að mæta á Alþingi og það jafnt innan allra flokka. Hvernig á svo að haga þessum ríkisrekstri? Annaðhvort með því að fela forsjá hans ríkisembættismönnum (forstjórum með tilheyrandi ríkislaunuðu starfsliði) á 50—60 stöðum á landinu, eða öllu fremur með hinu, ef embættismannafjölgunin þætti viðurhlutamikil, að trúa sveitarfélögunum fyrir rekstrinum á ríkisins ábyrgð, þannig að þau sendi ríkissjóði reikning fyrir hallanum. Félli það óneitanlega betur inn í ríkjandi fjármálakerfi þess sósíalisma, sem nú á svo óskiptu fylgi að fagna hér á landi, að þar kemur enginn ágreiningur flokka til greina. Þetta er að vísu annar sósíalismi en sá, sem göfuga menn dreymdi um endur fyrir löngu og átti að vera fólginn í skynsamlegu skipulagi, er tryggði samfélaginu ásamt mörgu öðru eftirsóknarverðu ekki sízt aukna fyrirhyggju, ráðdeild og hagsýni. Það var sósíalismi, sem horfði í hádegisátt og upp á við, en hann er alltaf jafnumkomulítill og óvinsæll, enda koltnar niður, eftir því sem hinum vex fiskur um hrygg. Sósíalisminn, sem fylginu fagnar, bæði vinstra megin og hægra megin frá, — ekki síður hægra megin frá, — stefnir í þveröfuga átt, þráðbeint norður og niður og tekur samfélagið húrrandi með sér, enda hefur þegar helgað sér heiti samkvæmt því: sósíalismi andskotans."

Hér endar landlæknir sína umsögn. Bréfið er til heilbr.- og félmn. Nd. Alþingis, og það þótti mér eiga erindi til þm. allra.

Nú skilja menn það auðvitað mætavel, að það er ekkert undarlegt, þótt þm. eins kjördæmis fari fram á, að það sé aukinn styrkur til sjúkrahúsbyggingar, sem verið er að hefja í þeirra héraði, þegar slíkt hefur gerzt í raun og veru við byggingu hvers sjúkrahúss, sem hafin hefur verið að undanförnu, að heita má. Hins vegar er það önnur hlið á þessu sama máli, að ríkið hefur að því er snertir sjúkrahúsbyggingar eins og skólabyggingar ekki haft bolmagn til að inna af hendi með fullum skilum greiðslu á þeim hluta, sem ríkissjóði hefur borið að greiða til þessara stofnana á undanförnum árum, og stendur í skuld við þær allar, kannske sem nemur fyllilega þeim aukna hluta, sem þær hafa verið að fá hér með lagabreytingum. Og það eitt er víst, að í þessu tilfelli gæti svo farið, að ríkissjóður að óbreyttum lögum gæti ekki gert skyldu sína að fullu við hið glæsilega sjúkrahús, sem Skagfirðingar eru byrjaðir að reisa, og mundi óefað, ef ekki verða gerðar sérstakar ráðstafanir í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, standa bara í þeim mun meiri vanskilum og lengur við þá í vanskilum, ef þeirra lagalega hlutfall til styrks úr ríkissjóði yrði nú hækkað með löggjöf.

Ég fæ nú ekki séð annað en það sé dálítið vafasamt, sem sé í hendi nú alveg á næstunni, þótt lögunum væri breytt. En hitt lít ég þó miklu alvarlegar á, og það er það, að ég tel, að ríkinu beri að vara við, þegar það veit sig munu standa í vanskilum að óbreyttum lögum, hvað þá ef það veit sig mundu standa í meiri vanskilum, ef lögunum væri breytt. Og þá ber vitanlega að vara við, svo að sé ekki allt of mikið byggt á þeim vonum, sem skapast við hina breyttu löggjöf. Einnig er hitt, að ég tel rangt, að sífellt sé verið að breyta því hlutfalli, sem ákveðið er í lögum til styrktar við byggingu sjúkrahúsa, þannig að þeir, sem fyrir nokkrum árum hafa ráðizt í hlutfallslega jafndýra framkvæmd, hafi fengið þriðjungsstyrk, þegar þeir, sem byggja sjúkrahús nokkrum árum eftir, eiga að fá ⅔ greidda úr ríkissjóði og geta látið sér nægja að greiða ⅓ sjálfir. Auk þess má náttúrlega ekki haga málum á þann veg, meðan ríkið hefur ekki ákveðið að hafa algeran ríkisrekstur á þessum stofnunum, að sjúkrahús séu byggð svo smá og svo víða, að þau hvergi fullnægi þeim kröfum, sem nú eru gerðar til sjúkrahúsa, en þeim er trauðla hægt að fullnægja, að því er læknarnir halda fram, nema það séu nokkuð stór og þá mjög vel útbúin sjúkrahús að öllum tækjum, og þau verða auðvitað ekki á hverri þúfu. En afar hætt er við því, að þeir verði margir, aðilarnir, sem heimta að fá að byggja hjá sér sjúkrahús, fá lítið sjúkrahús, ef ríkið á að kosta þau að öllu leyti.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, taldi ég rétt að láta skoðun landlæknis koma fram, því að hún bregður ljósi yfir þróun þessara mála um langt árabil og setur þá nokkuð til hliðar það sjónarmið, sem ríkjandi er og hefur verið á Alþingi í hvert skipti, sem Alþingi hefur verið að leysa málið út frá sjónarmiði eins einstaks héraðs, þess héraðs, sem er að byggja sjúkrahús, og samhengið sést betur í þessu máli, þegar við erum búnir að kynna okkur efnið í umsögn landlæknis, og tel ég, að það væri rangt, ef þm. Skagf. litu svo á, að þetta bréf landlæknis stefni einungis gegn þeirra héraði. Þetta eru einungis varnaðarorð landlæknis um þetta mál í heild, og ég hygg, að röksemdir hans séu nokkuð heilbrigðs eðlis og að Alþingi sé engin vansæmd að því að taka þau orð hans, sem hér hafa verið hermd, til nokkurrar íhugunar.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Mitt erindi er nú fyrst og fremst að þakka hv. þd. fyrir það, hvernig hún hefur tekið á þessu máli, sem ég sem frsm. heilbr.- og félmn. gat ekki flutt hér við 2. umr. málsins, og var það að vísu ekki af mér sjálfráðum ástæðum, því að ég var þá ekki það heilbrigður, að ég treysti mér til þess að mæta. En hv. þd. hefur samþykkt frv. við 2. umr. og orðið á þann hátt við ósk hv. heilbr.- og félmn., en allir þeir, sem mættu á fundi í n., eftir að þetta mál hafði lengi legið þar fyrir, 4 nm. af fimm, voru sammála um að mæla með, að frv. yrði samþykkt.

Þetta ber mér fyrir hönd okkar flm. frv. fyrst og fremst að þakka, og ég efast ekkert um, hvernig úrslitin verða við lokaatkvgr. hér í þessari hv. deild um frv., eins og það liggur fyrir. Efni þess er svo einfalt, að það þarf ekki að ræða það, enda hefur nú hæstv. heilbr.- og félmrh. talað um frv. hér og lesið langa grg. frá landlækni, sem ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. sérstaklega fyrir. Bæði er álitið vel skrifað, og ráðherrann las það líka mjög skilmerkilega og vel upp, og ég sá, að hv. dm. höfðu mikla ánægju af því.

En það er alveg eins og hæstv. ráðh. tók fram, að þetta var í raun og veru ekkert um það mál,

sem hér liggur fyrir. Þetta er um sjúkrahúsmálið almennt og hvernig með það hefur verið farið. M. a. má taka okkar ágæta systurhérað, Húnavatnssýslu, til samanburðar, þegar lögunum var breytt þannig, að þeir gætu fengið meiri styrk til þess stórmyndarlega sjúkraskýlis, sem nú hefur verið reist þar. Ég hef ekki trú á, að nokkrum þeim þm., — ég hygg, að ég hafi verið einn af þeim, sem samþykktu það á sínum tíma, — hafi þá dottið í hug annað en að það sama hlyti að gilda fyrir hérað eins og Skagafjörð, því að hver er munurinn, má ég spyrja? Er það aðeins það, að Sauðárkrókur skríður aðeins yfir 1000 íbúa, en í Húnavatnssýslu eru tvö kauptún, sem samanlögð munu hafa nokkurn veginn nákvæmlega sama íbúafjölda og eiga vitanlega að búa að þessu sjúkraskýli og spítala, sem þar hefur verið reistur? Það er ekki til neins að mínum dómi að ætla sér að mæla þetta í einhverjum tölum eingöngu.

Ég get að vissu leyti fallizt á ýmislegt af því, sem kom fram í áliti landlæknis um, að það væri nokkuð handahófskennt, hvernig ástatt væri í þessum málefnum hjá okkur, og ég get meira að segja fallizt á, að það hefði getað verið ástæða til að athuga þessi mál gaumgæfilega í heild sinni.

Ég var eitthvað 3½ árs tíma heilbrmrh. Ég gerði ekkert í þessu, svo að ég get nú ekki farið að áfellast núv. heilbrmrh., þó að hann hafi ekki hafizt handa heldur í þessum málum, en þetta eru allt mikil vandamál, það er okkur ljóst. Hitt held ég að ekki þurfi að segja neinum hv. alþm., hve mikil nauðsyn það er, að spítali eða sjúkraskýli eða hvað við nefnum það verði reist í Skagafirði. Hv. fjvn. — og með henni hygg ég að hæstv. heilbr.- og félmrh. hafi farið norður til Sauðárkróks nú í vetur — mun hafa séð það sjúkraskýli, sem þar er nú, og ég hygg jafnvel, að hæstv. ráðh. hafi þar lýst því yfir, að það væri hin brýnasta nauðsyn að bæta úr því ófremdarástandi, sem þar væri, og það sem allra fyrst.

Nú er það víst, að það er allt of mikið ofurefli fyrir Skagafjörð. Ég þakka að vísu ummæli í nál. landlæknis um þetta blómlega og ágæta hérað. Ekki skal ég úr því draga. En fólksfjöldinn er ekki ógurlegur, og hann mun ekki vera meiri þar en vestan fjallskarðsins í næsta héraði, sem ég hef nefnt áður, en ég er heldur ekki að telja neitt eftir. En það er ekki hægt fyrir Alþingi að ætla sér að sýna slíka hlutdrægni í þessum málum, t. d. að neita Skagfirðingum um hlutfallslega sama styrk og Alþingi áður hefur veitt héraði eins og Húnavatnssýslu, því að þótt lítils háttar munur sé á íbúatölu í einu eða tveimur þorpum, þá breytir það í sjálfu sér engu í þessu sambandi. Og um vangaveltur landlæknis um, hvernig þessu skuli fyrir komið, er eins og ég gat um áður, það kann vel að vera, að það þurfi að gerbreyta þessu öllu. En það er ekki hægt að stöðva það, að reist sé sjúkrahús, þegar ekkert sjúkrahús er til, og húsið á Sauðárkróki er ekkert hús. Þið sáuð þessar fjalakompur, sem hafið komið inn í þetta í haust, og þið vitið, að það er ekki nokkur leið að taka þar á móti sjúklingum lengur. Það er komið þar nákvæmlega hið sama ástand og var á Blönduósi með sjúkrahúsið þar, áður en þetta var reist, nema kannske þá enn þá verra, og það er þetta, sem er aðalatriðið í málinu.

Ef á að taka þessi mál föstum tökum, verður það ekki gert með því að ætla að vera neitt að níðast á Skagfirðingum eða Sauðárkróki gagnvart þessu sjúkrahúsi, sem hér er um að ræða. Það verður að taka allt málið til meðferðar um landið allt. En Skagfirðingar eru ráðnir í því og Sauðárkrókskaupstaður að reyna að reisa þetta hús eins fljótt og unnt er. Því er, held ég, tiltölulega þröngur stakkur skorinn. Það er minna hús en sjúkrahúsið á Blönduósi og verður áreiðanlega ekki farið í allt of stórar framkvæmdir þar, síður en svo. En þetta er svo nauðsynleg framkvæmd fyrir Sauðárkrókskaupstað og fyrir héraðið allt, að það getur ekki komið til nokkurra mála, að hægt sé að draga það til lengdar. Þótt nú einhver nefnd yrði skipuð, eins og mér skildist að landlæknir raunverulega legði til í sínu erindi, mundi hún sennilega starfa ein tvö ár eða hver veit hve lengi. Þetta er stórt og vandasamt mál, og við vitum, að það tekur oft töluverðan tíma, áður en búið er að melta það á þann hátt, a. m. k. að koma svo till. gegnum Alþingi á einhverjum ákveðnum grundvelli, og ættu þá Skagfirðingar að bíða mörg ár enn í sínum ómerkilega og ómögulega fjalakofa, sem nú er talinn sjúkraskýli á Sauðárkróki, án þess að geta hafizt handa af fullum krafti. Þetta mál hefur verið undirbúið heima í héraði mjög rækilega og verið athugað um fjárhagslega möguleika til þess að reisa húsið, og Sauðárkróksbúar og Skagfirðingar yfirleitt eru reiðubúnir til að leggja mikið á sig í þessu máli. En það er víst, að ef ekki fæst það hækkaða framlag, sem hér er farið fram á úr ríkissjóði, tefur það þessa framkvæmd stórmikið og verður auk þess ofurefli fyrir héraðið að koma því upp, a. m. k. það tekur miklu lengri tíma, — það er ábyggilegt — og þetta er frá sjónarmiði okkar flm. aðalatriði málsins.

Ég get vel skilið, að hæstv. heilbr.- og félmrh. svona að hálfu leyti mæli gegn frv. Þó mælti hann nú eiginlega ekki gegn frv., en hann tók undir ummæli landlæknis um, að þörf væri á endurskoðun allra þessara mála, og um það get ég vissulega verið honum sammála að miklu leyti. Honum ber að sjálfsögðu sem góðum búmanni fyrir sitt ráðuneyti að vera ekki of útausandi á fé ríkisins; það get ég líka mjög vel skilið. En ég held, að málið sé þannig til komið og þetta sé það réttlætismál, eins og hv. þd. hefur sýnt með afgreiðslu sinni á málinu, fyrst og fremst hv. heilbr.- og félmn. og síðar hv. þd. við 2. umr. málsins, að það sé ekki til neins að ætla sér að stöðva þetta mál nú. Það er ekki hægt, og hér er ekki að mínum dómi farið fram á neitt nýtt. Það er aðeins verið að feta í sömu spor og Alþingi áður hefur stigið með breytingum á þessari löggjöf og einmitt til þess sama og hér er farið fram á, þ. e. að flýta fyrir, að unnt sé að koma upp nauðsynlegum stofnunum úti um byggðir landsins, þar sem ástandið er þannig, að það er óhugsandi annað en slíkar stofnanir verði settar upp.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri og ætla alls ekki, enda ástæðulaust að fara í neinar deilur um þetta mál. Ræða hæstv. heilbrmrh. gaf í raun og veru alls ekki tilefni til þess heldur. En sem sagt, ég vil að lokum aftur fyrir hönd okkar flm. flytja hv. Nd. þakkir fyrir það, hve vel hún hefur tekið frv. og að það fer þá í því formi, sem það nú hefur, að mér virðist, til hv. Ed., sem við líka vonum að sýni sama skilning og sömu vinsemd við afgreiðslu frv.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er áreiðanlega rétt, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði hér rétt áðan, að það er enginn ágreiningur um nauðsyn þess að reisa nýtt sjúkrahús á Sauðárkróki. Sjúkrahúsið, sem þar er nú starfandi, er búið að starfa frá því laust eftir aldamót, og það er í gömlu, litlu timburhúsi, og má gegna hinni mestu furðu, að skuli *hafa gengið slysalaust að reka það sjúkrahús* í þeim húsakynnum við þá aðstöðu.

Ég tel því, að Skagfirðingar hafi farið knúðir af brýnustu nauðsyn til þess að undirbúa byggingu nýs sjúkrahúss, og tel, að ekkert megi það gera í málinu, sem stöðvi þá í því að ljúka þeirri framkvæmd.

Ég vil líka í sambandi við það taka fram, að þó að löggjöf yrði óbreytt eins og hún var, þegar þeir undirbjuggu þessa framkvæmd, — og við gildandi lög hljóta þeir að hafa miðað, — þá getur það varla *leitt til* þess, að þeir hætti við byggingu sjúkrahússins. Þeir hafa áreiðanlega ekki séð svo í hendi vissu fyrir því, að löggjöf yrði breytt, þannig að aukin ríkisframlög kæmu til, og þeir þannig eingöngu miðað við það, að þeir kæmu sjúkrahúsbyggingunni fram, ef svo yrði. Nei, ég tel, að sjúkrahúsbyggingin á Sauðárkróki mundi auðvitað ganga sinn gang og henni verða lokið á eðlilegum tíma, þó að engin lagabreyting yrði, enda vandséð, hvort Skagfirðingar fengju meira fé frá ríkissjóði að breyttum lögum, af því að þeir mega jafnvel búast við því að fá ekki með fullum skilum á réttum tíma það, sem nú stendur til samkv. lögum að þeir fái, enda voru þeir, þegar við heimsóttum þá í haust, undirbúnir undir það, þar sem ríkið stæði nú í vanskilum og mætti búast við að það kæmi til með að standa í vanskilum að óbreyttum lögum. (Gripið fram í.) Ég var þá á þeim sama degi kominn úr heimsókn frá hinu stórglæsilega héraðshæli Austur-Húnvetninga og var þar að skýra þeim frá því, sem þeir vissu auðvitað mætavel, að *skuld ríkisins* enn í dag við þá stofnun vegna byggingarkostnaðar er slík, að það má halda vel á, ef hægt verður að greiða það til fulls á næstu tveimur árum, en sú stofnun er nú þegar tekin til starfa og hefði auðvitað þurft að fá ríkishlutann greiddan í þann mund, sem byggingu var lokið. Þannig eru vanskilin þar vestan fjallgarðsins, og ég gerði þeim ljóst, að þeir mættu því miður búast við, að ekki yrði hægt að greiða að fullu það, sem ríkinu bæri, til sjúkrahússins á Sauðárkróki, því að *í mörg horn væri að líta, vanskilahorn*, sem yrði að halda áfram að útrýma, eins og t. d. hjá Austur-Húnvetningum.

Það er hins vegar ekkert óeðlilegt, að héraðshæli Austur-Húnvetninga sé nefnt í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, því þegar Húnvetningar voru að byggja það, var nefnilega eins farið að. Þá var gerð breyting á lögum til að breyta hlutfallinu, af því að sveitarfélög ættu þarna í hlut og ekki kaupstaður, og talið rétt að veita meiri styrk til sjúkrahúsbygginga, þegar ekkert bæjarfélag stæði að byggingunni. Nú aftur kemur það, að það þarf aftur að lagfæra hlutfallið, þó að bæjarfélag eigi í hlut, af því að bæjarfélagið sé svo lítið. Og það er sannarlega fámennt út af fyrir sig, með rúmlega þúsund manns.

Þannig hefur þessi þróun verið koll af kolli, að fyrst er verið að létta á og laga lögin, af því að sveitir eigi í hlut, svo þarf næst að laga, af því að þá er talið viðeigandi, að bæjarfélögin sætu við annað hlutfall óbreytt. En nú þarf að laga með því að taka litlu *bæjarfélögin út úr og segja: Þau þurfa að fá* sömu reglu og sveitarfélög, sem ekki eru bæjarfélög. — Og þá blasir fram undan eitt sveitarfélagið enn, sem er nú að undirbúa sjúkrahúsbyggingu, Siglufjarðarkaupstaður, sem verður að standa einn að sinni sjúkrahúsbyggingu, með 2700 manns. Það verður næsta lagabreytingin. Við sjáum það alveg í hendi, ef hún verður ekki afgreidd ásamt þessu máli. Og svo yrði þá sennilega næst þar á eftir, að bæjarfélögin yndu því ekki, að það væru mismunandi *reglur í lögum um bæjarfélög eftir* því, hvort þau væru stærri eða smærri, og alltaf hægt að teygja það og toga og deila um, hvar mörk ætti að setja.

Það er alveg rétt, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði hér áðan, að umsögn landlæknis var um sjúkrahúsmálin í heild fyrr og nú og ábending til Alþingis um það, hvert stefndi með þessu, sem sé að ríkið yrði þá að taka að sér að annast alveg stofnkostnað og sennilega innan stundar rekstur allra sjúkrahúsa og sjúkraskýla í landinu, *því að með þessu áframhaldi eru allt*af gerðar breytingar nákvæmlega í sömu áttina, bara út frá nýju og nýju sjónarmiði, nýrri og nýrri röksemd, að það verði í þessu tilfelli að hækka svolítið hlutfallið, af því að það standi svo illa á þarna í þessu tilfelli. Og það getur alltaf staðið illa á í einhverri svolítið annarri mynd, þegar næst er byggt sjúkrahús.

Hitt er rétt, að ef þessu frv. yrði ekki sinnt nú, það fengi ekki afgreiðslu, en t. d. ákveðið að skipa nefnd til þess að koma á einhverri *heildarskipan um fjárveitingar* til sjúkrahúsbygginga, þá má búast við, að það tæki alltaf ár og kannske tvö ár, eins og hv. 1. þm. Skagf. sagði hér áðan. Það yrði svo sem ekki búið að koma fyrir kattarnef sjúkrahúsmáli Skagfirðinga með því. Það væri þannig, að þeir yrðu þá að búa við óbreytt lög, það hlutfall, sem nú er ákveðið í lögum, þangað til slíkar till. um heildarskipulag á þessum málum lægju fyrir.

Ég skal ekki taka neina afstöðu til þess, hvort það er svo nauðsynlegt að skipa nefnd í *þetta mál* nú og ákveða þegar að taka öll þessi mál til endurskoðunar. Sú nauðsyn er þá í raun og veru löngu til komin, og Alþingi verður að skera úr því, hvort það vill nú stíga eitt skref

í viðbót við þau skref, sem áður hafa verið stigin í þessa átt, að hækka sífellt hlutfall ríkissjóðs í framlögum til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, sem þýðir það, að ef það á að bæta nokkuð úr og ekki auka aðeins á vanskil ríkissjóðs, þá verða menn að muna eftir þessu við afgreiðslu fjárlaga. Þá verða menn bara að ætla meira fé til sjúkrahúsbygginga og sjúkrahúsmála yfirleitt heldur en gert var á þessu þingi, því að það er nákvæmlega upp á krónu það sama og síðasta Alþingi ákvað, og hafa þó byrðarnar aukizt í þessu efni. Að öðrum kosti kemur viðkomandi stöðum, — í þessu tilfelli Skagfirðingum — að engu gagni breyttur lagabókstafur, ef fjárveitingarnar eru ekki auknar. Þá gefur það aðeins vonir og skapar vonbrigði á eftir.

Þetta vildi ég aðeins segja við þessa umr. Hitt er rétt, að ég hef heitið Skagfirðingum því að láta þá njóta fulls réttlætis í sambandi við greiðslur úr ríkissjóði, meðan ég á að sjá um þær vegna þessarar sjúkrahúsbyggingar, sem þeir hafa nú undirbúið og eru að byggja, því að ég álít, að fáir staðir á landinu hafi brýnni nauðsyn til að koma upp nýju sjúkrahúsi en þeir, sem hafa haft lítið sjúkrahús um langan tíma og nú um sinn orðið algerlega ófullnægjandi.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Það eru aðeins tvö atriði, sem mig langaði til að drepa á í sambandi við þessa síðari ræðu hæstv. heilbrmrh.

Hann sagði, að þó að frv. þetta næði ekki fram að ganga, mundi það ekki tefja fyrir byggingu sjúkrahússins. Ég held, að hér sé mælt af nokkrum ókunnugleika. Það, sem við Skagfirðingar höfum óttazt í þessu efni, er það, hve þungur hlutur Sauðárkróki er ætlaður. Þetta er að vísu sveitarfélag upp á 1100 manns, en þetta er fátækt bæjarfélag og hefur, bæði í sambandi við hafnargerðir og margar fleiri framkvæmdir, haft við erfiðleika að stríða, svo að það hefur verið þröngt þar um. Það er þess vegna almenn skoðun fyrir norðan, að það verði alveg sérstaklega örðugt fyrir Sauðárkrók að leggja fram sinn hlut, og gæti vel farið svo, ef ekkert væri að gert, að það yrði beinlínis til þess að tefja fyrir, að sjúkrahúsið kæmist upp.

Þá vék hann að því, að það yrði ekki meira borgað út og það yrði ekki meira fé fyrir hendi, þó að þetta frv. yrði samþykkt. Það kann vel að vera, en ég vil þó minna hæstv. ráðh. á það, að það er allt önnur aðstaða og hefur reynzt talsvert drjúg til fjáröflunar um að fá fé að láni, þegar væntanlegt er, að ríkissjóður greiði lánið. Það er þessi leið, sem mundi verða farin og hefur orðið mörgum slíkum fyrirtækjum, þ. á m. sjúkrahúsi Húnvetninga, að góðu gagni til fjáröflunar í bili, þangað til fé er greitt úr ríkissjóði. Það er þess vegna mikilsvert atriði að hafa slíkt fyrirheit, enda þótt peningarnir séu ekki í hendi þá þegar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 64. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 65. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Ed., 11. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Ed., 20. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 94, n. 562).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft frv. alllengi til athugunar. Nokkurt hik var á n. að mæla með því eins og það lá fyrir. Vafasamt þótti, að grundvöllur sá eða regla, sem frv. felur í sér um skiptingu kostnaðar milli ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar, þegar reist eru almenn sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknabústaðir, væri sanngjarnlega valin, þ. e. reglan um að flokka sveitarfélögin eftir þeirri íbúatölu, sem þar er tilgreind. Lengi var það regla, að ríkissjóður greiddi ½ hluta kostnaðar við slíkar byggingar, sem almenningur reisti, hvort sem í hlut átti margt fólk eða fátt, þ. e. a. s. þéttbýli eða strjálbýli. Síðan var styrk ríkisins breytt í ⅝ hluta, en fjórðungssjúkrahúsunum þó ætlaðir ⅝ hlutar frá ríki. Árið 1949 var sú breyting á þessu gerð, að sveitarfélög önnur en bæjarfélög skyldu fá ⅝ kostnaðar úr ríkissjóði, en bæjarfélög, hvort sem þau væru smá eða stór, ⅝ hluta eins og áður. Síðan hefur sú regla gilt.

Augljóst er, að þessi regla er ekki réttlát. Lítil sveitarfélög hafa ekki meira bolmagn, þótt þau nefnist bæjarfélög, heldur en þótt þau kallist hreppsfélög. Sanngjarnara er því að miða við annað en heitin út af fyrir sig. Margar hendur vinna létt verk, segir máltækið, og það á við í þessu efni sem fleiru. Eðlilegt er, að ríkið veiti meiri stuðning þeim sveitarfélögum, sem þurfa að reisa sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknabústaði og fá til þess lögáskilið leyfi, en hafa færri hendur til þess að gera átakið og eru í strjálbýlisaðstöðu til þess að standa að fyrirtækinu, hagnýta sér það og reka. Enginn réttlætisgrundvöllur er fyrir því, að sveitarfélag, sem kallast bær, en er með um 700 íbúa, eins og t. d. Seyðisfjörður, fái minni stuðning en þorp eins og Selfoss, sem hefur 1350 íbúa, bara af því að það þorp er hreppur. Ég tek þessi dæmi, af því að Seyðisfjörður er minnstur bæjanna, en Selfoss stærstur þorpanna.

Nú er Sauðárkrókur að byggja upp sjúkrahús sitt. Þar hefur lengi verið starfandi sjúkrahús með góðum árangri, en er nú að því er húsnæðið snertir orðið algerlega óviðunandi. Samkvæmt gildandi lögum á ríkið ekki að leggja til hinnar nýju byggingar nema ⅝ verðs, af því að Sauðárkrókur er kaupstaður, þótt þar sé ekki nema rúmlega 1000 íbúar, eða rúmlega hálft ellefta hundrað nákvæmlega talið. Af þessu til-

efni flytja hv. þm. Skagf. frv. þetta og leggja til, að ákvæðinu í sjúkrahúsalögunum verði breytt á þá leið, að þátttaka ríkisins verði ákveðin þannig, að ríkið greiði ⅝ kostnaðarins til sveitarfélaga, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri, en ⅝ hluta kostnaðarins, þar sem íbúarnir eru færri, hvort sem sveitarfélögin heita bæjarfélög eða hreppsfélög. Benda flutningsmennirnir á það í grg. sinni, eins og rétt er, að sum hreppsfélögin séu stærri en sum bæjarfélögin og hafi eins mikið og meira fjárhagslegt bolmagn en þau. Það eru víst ein átta hreppsfélög, átta kauptúnahreppar, sem eru fjölmennari en minnsta bæjarfélagið, og Selfoss er fjölmennari en fjögur bæjarfélögin.

Nd. féllst á sjónarmið flutningsmannanna og samþ. frv. Landlæknir, sem fékk frv. til umsagnar, hafði hins vegar allmikið við það að athuga. Bendir hann m. a. á, að Sauðárkrókur hafi aðstöðu til félagsskapar um sjúkrahúsið við Skagafjarðarsýslu, en Siglufjarðarkaupstaður, sem þurfi líka að endurnýja sjúkrahús sitt og sé í undirbúningi með að gera það, geti ekki gengið í félag við önnur sveitarfélög um það og hljóti því verri aðstöðu en Sauðárkrókur, ef frv. yrði að lögum, hann fái lægra hlutfall frá ríkinu, þótt þegar á allt sé litið standi fleira fólk að sjúkrahúsi Sauðárkróks. Þetta eru rétt rök út af fyrir sig. Í þessum efnum er að vísu erfitt að fullnægja öllu réttlæti. Aðstaða fólksins er með svo mörgu móti. En segja má, að betra sé þó ofgert við suma en vangert við marga, þegar um stuðning þjóðfélagsins við sjúka er að ræða og heilsuvernd, ef annars er þá hægt í því sambandi að tala um, að ofgert sé.

Að athuguðu máli ákvað heilbr.- og félmn. á fundi sínum 18. þ. m. að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu, að í stað tölunnar 1500 íbúar komi 3000 íbúar. Verða þá sjö bæjarfélög af 14 í þeim flokki, sem ríkið styrkir með ⅝ framlags til sjúkrahúsa, og hreppsfélögin öll, eins og áður hefur verið. Virðist nefndinni næst lagi að hafa mörkin á þessa leið.

Aðra brtt. gerir nefndin einnig, en hún er, að í stað orðanna „bæjar- og sveitarfélög“ komi: sveitarfélög. Þetta er aðeins málfarsleiðréttíng. Bæjarfélög eru nefnilega sveitarfélög og bæjar- og sveitarfélög rökleysuframsetning, þótt hún sé farin að hrjóta oft úr munni og hlaupa úr penna.

Álit n. og brtt. eru á þskj. 562. Eins og þar er sagt, mætti ekki einn maður úr n. á þeim fundi nefndarinnar, sem afgreiddi málið. Það var hv. 2. þm. Árn. Hann hefur, síðan fundurinn var haldinn, tjáð mér, að hann sé samþykkur till. n., og þess vegna get ég lýst því yfir, að öll nefndin mælir með frv. með þeim breytingum, sem eru í nál.

ATKVGR.
Brtt. 562 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Ed., 21. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 105. fundi í Ed., 22. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 574).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 103. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 104. fundi í Nd., 23. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 614).

65. Lax- og silungsveiði.

Á 29. fundi í Ed., 14. des., var útbýtt:
Frv. til l. um lax- og silungsveiði [83. mál] (þmfrv., A. 133).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta frv. er gamall kunningi fyrir okkur, sem vorum hér á síðasta þingi, en fyrir hina ekki. Það var lagt fram í byrjun síðasta þings eða snemma á síðasta þingi af þáverandi landbrh., Steingrími Steinþórssyni, og var þá á þskj. 85. Það var samið af mþn., sem var sett í að endurskoða lögin, og fylgdi því þá mjög ýtarleg grg., og fyrir þá þm., sem eru nýir í deildinni, vildi ég benda þeim á þá grg., sem þá fylgdi frv. og vafalaust er hægt að fá hjá skjalaverði, en það var sem sagt 85. mál þingsins í fyrra.

Í fyrra fékk þetta mál, sem fór til landbn., allýtarlega meðferð þar. Það hafði áður af stjórnarráðinu verið sent til umsagnar veiðifélaganna í landinu og öllum sýslunefndum, og lágu fyrir umsagnir þeirra flestra um málið, sumar með breytingartillögum og aðrar ekki, og það geta þeir líka fengið að sjá á þskj. frá í fyrra, sem var nr. 544. Þar var skýrt frá þessu í nál., sem kom frá landbn.

Landbn. varði í fyrra mjög miklum tíma í þetta frv. Hún fór í gegnum það allt, bar það saman við eldri lög og hafði samráð við veiðimálastjóra um hverja einustu grein í frv. Hún endaði á því í þinglokin, eftir að hún var búin að halda milli 20 og 30 fundi aðallega um þetta mál, að hún skilaði um það nál. og lagði til nokkuð margar breytingar, sem prentaðar eru á þskj. 545 í fyrra.

Á þetta vildi ég benda nýjum mönnum í deildinni, svo að þeir kynntu sér þetta mál, áður en það kemur aftur frá nefndinni. Það eru nýir

menn í landbn. að nokkru leyti núna. Þess vegna verður vafalaust af landbn. farið í gegnum frv., þó að vonandi þurfi ekki eins mikla vinnu í það að leggja og gert var á síðasta þingi. En ég vildi benda á þetta, til þess að þeir, sem ekki fylgdust með gangi málsins í fyrra í þinginu, kynntu sér það og hægra yrði um vik, þegar málið kemur aftur frá nefndinni. Annars höfum við, landbn., sem núna er, ekki farið í gegnum frv. Við sjáum við fljótlegan yfirlestur, að það er lagt fyrir nákvæmlega í sama formi og í fyrra og ekki teknar inn í það neinar af þeim brtt., sem n. í fyrra lagði til, enda þá ekki samþykktar af deildinni, því að það var ekki rætt nema við eina umr. hér í deildinni. Ég geri þess vegna ráð fyrir því, að n. þurfi að taka það allt í gegn, eins og ég áðan sagði, og legg til, að því verði vísað beint til nefndarinnar, þó að það sé flutt af henni. Hún þarf að taka það alveg í gegn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 133, n. 328, 324, 327).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þeim, sem voru hér á síðasta þingi, er kunnugt um aðdraganda þessa máls og reyndar líka þeim, sem nú sitja hér, því að í nál. var nokkuð rakin saga málsins, en hún er í stuttu máli sú, að fyrrv. landbrh. (StgrSt) skipaði n. manna til að endurskoða gildandi ákvæði um lax- og silungsveiði. Hann mun hafa leitazt við að hafa í n. menn með nokkuð ólík sjónarmið til þess að reyna að bræða saman ólíkar skoðanir, en í henni voru, eins og ykkur er kunnugt, Pálmi sálugi Hannesson rektor, sem var sá hérlifandi manna, sem hafði, að menn telja og ég held með réttu, mest yfirlit yfir laxveiðina í landinu í heild vegna þess starfs, sem hann um langt skeið hafði haft með höndum sem formaður veiðimálanefndar og þar að auki lærður náttúrufræðingur. Honum hefur þá sjálfsagt í n. verið ætlað það sérstaka hlutverk að bræða úr og veita upplýsingar um ólíkar aðstæður, sem víða eru í landinu, og hann var víst líka formaður nefndarinnar. Annars vegar var svo í henni Þórir Steinþórsson skólastjóri í Reykholti, sem um fleiri ár var búinn að vera formaður fyrir veiðifélaginu í Hvítá í Borgarfirði, sem nær yfir eitt af okkar stóru veiðisvæðum, og hafði þess vegna yfirlit yfir veiðina þar, bæði þá, sem stunduð er með netjum, og þá, sem stunduð er með stöng og öðrum veiðarfærum. Og svo í þriðja lagi Björn Ólafsson, sem um margra ára skeið hefur stundað stangarveiði að sumrinu og þekkir kröfur og óskir stangarveiðimanna vel. Þessir þrír menn hafa þess vegna átt að leggja til reynsluna og aðstæðurnar á ýmsum ólíkum stöðum. En svo voru með þeim tveir lögfræðingar, dómari í hæstarétti, Gizur Bergsteinsson, og Gunnlaugur Briem stjórnarráðsforstjóri.

Þannig er þetta frv. til komið, sem hér liggur nú fyrir. Í fyrra fylgdi því ákaflega greinileg grg. með teikningum, sem útskýrði ýmis sérfræðileg orð, sem hér eru notuð og táknuð eru í frv. til að byrja með, útskýrt, hvað hvert heiti meinar. Það hefur ekki verið prentað með frv. eins og þeir senda okkur það núna, en það hafa menn sjálfsagt kynnt sér, a. m. k. þeir, sem hér voru í fyrra og fengu frv. með greinargerðinni.

N. í fyrra og n. núna, báðar landbn. hafa lagt í þetta mjög mikla vinnu, yfirfarið þetta ákaflega rækilega. Ég held, að það sé óhætt að segja það alveg fortakslaust. Það munu vera komnir í frv. milli 40 og 50 fundir bæði árin. N. hefur haft með sér á fundunum venjulega Þór Guðjónsson, það er undantekning hafi hann ekki verið með henni til að gefa henni upplýsingar, og afleiðingin af þessu öllu saman er sú, að nú liggur hér fyrir nál. og brtt. á þskj. 324, brtt., sem n. stendur öll að.

Áður en ég fer út í þær, vil ég benda á það, að löggjöf um þetta efni er alveg sérstaks eðlis. Hún er látin ná yfir lax- og silungsveiðina í öllu landinu, og hún hefur verið og er vitanlega enn sett vegna þess, að það hefur sýnt sig áþreifanlega, að ýmsar þær veiðiaðferðir, sem menn hafa notað og hvernig menn hafa notað þær, hafa orðið þess valdandi, að veiði hefur horfið alveg úr sumum ám og stórminnkað í öðrum. Þess vegna höfum við með þessari löggjöf leitazt við að skapa reglur, sem eiga að verða til þess, að veiðin haldist við eða vaxi, og þó jafnframt verði til þess, að sem fæstir og sem minnst verði beittir því, sem kalla mætti misrétti, heldur að veiðin, sem úr ánum fæst, skiptist sem jafnast og réttlátast milli þeirra, sem hana stunda eða eiga. En hve margir það eru, getið þið séð á því, að mér taldist svo til á sunnudaginn, þegar ég var að fara í kringum landið í huganum, að það væru liðlega 70 ár á landinu, sem laxveiði væri stunduð í og undir svo ólíkum staðháttum, að frá því að árnar væru margra kílómetra breiðar, eins og t. d. Ölfusá neðan til og Hvítá í Borgarfirði, úr því að kemur niður fyrir Hvítárós, sem kallað er, eða Hólminn, þá eru þær niður í það, að menn geta stokkið yfir þær og stiklað á þurru á steinum, ef ekki eru sérstök flóð. Svo misjafnar eru þessar ár. Og þegar þess vegna á að byggja upp lagafrv., sem á að skapa ramma utan um veiðina í öllum þessum ám og tryggja, að þar verði ekki útrýmt laxinum, þá hljóta þau ákvæði, sem sett eru í frv., að vera meira og minna óákveðin og breytileg eftir staðháttum.

Þess vegna reka margir í fyrstu augun í það, þegar þeir lesa þetta frv. yfir, að það er ákaflega margt, sem sett er á vald ráðh. og sett á vald veiðimálastjóra. En þetta er alveg óumflýjanlegt, þegar setja á eina löggjöf um svona óskaplega breytilega staðhætti eins og hér er um að ræða. Það verður í þeim að vera mikil teygja. Í öðru lagi getum við fengið yfirsýn yfir, hvað marga þetta snertir, með því, að mér taldist til lauslega, að það mundu vera eitthvað á þrettánda hundrað bændur, sem ættu veiðiland að þessum ca. 70 ám, sem laxinn er veiddur í, og þegar á að setja löggjöf, sem snertir þá undir svona ólíkum skilyrðum, er ekkert undarlegt, þótt sjónarmiðin geti orðið dálítið misjöfn, þegar menn

líta á staðhættina á hverjum einstökum stað, og sérstaklega þegar menn þekkja ekki annað og hafa ekki yfirlit yfir annað en það, sem er þeim næst og þeir eru aldir upp við.

Á þetta vil ég leggja áherzlu og biðja ykkur að hafa í huga, þegar þið farið að athuga einstakar brtt. okkar, og miða þær ekki eingöngu við þá staðhætti, sem þið kannske hver um sig eruð kunnugir á þessum eða hinum staðnum, heldur reyna að líta á málið frá sjónarmiði heildarinnar, sem hér á hlut að máli og er óskaplega breytileg eftir því, hvar er í landinu.

Nú kann að líta svo út sem þessar brtt. okkar séu ákaflega margar og miklar. Þær eru, ef ég man rétt, 37 og margar af þeim með fleiri stafliðum.

Ég mun nú ekki fara í hverja einstaka brtt. út af fyrir sig, heldur reyna að taka þær meira saman, þær sem snerta sama atriði, og gera grein fyrir þeim þannig lagað.

Fyrsta brtt. er við 2. gr. og er í tveim liðum. Fyrri brtt. tekur það fram, að þegar ráðh. úrskurðar, hvort heimilt sé að selja veiði undan jörð, þá skuli leitað álits veiðimálastjóra um það. Þetta er ekki gert af neinu vantrausti við neinn ráðh., heldur er það gert af því, að við viljum koma ráðh. undan því að hafa beint og endalaust nagg einhverra manna, sem langar til að kaupa veiði undan einhverri jörð, og láta veiðimálastjórann vera nokkurs konar öldubrjót, sem slíkt nagg bitnar á, þegar um það er að ræða.

Önnur till. við þessa gr. er ekki annað en leiðrétting. Það er vitnað í aðra grein síðar í lögunum, sem þarf að lesa samhliða henni og hefur láðst að taka upp af n.

Þá vil ég næst benda á þrjár brtt., sem allar eru sama eðlis, þó að þær séu sín við hverja gr. Ein er við 3. gr., önnur er við 45. gr. og sú þriðja er við 54. gr. Allar þessar brtt. eru þess eðlis, að þær gefa manni, sem býr á ríkisjörð og hefur erfðafestu á henni, sama rétt og eigendum jarða er annars gefinn.

Við lítum þannig á, að erfðafesturétturinn, sem maðurinn býr við á þessum jörðum, skapi manninum alveg sama rétt eins og hann ætti jörðina sjálfur og þess vegna sé rétt, að hann mæti og hafi sama rétt á fundum og við ákvarðanir í því fiskræktarfélagi eða veiðifélagi, sem hann er í, eins og eigendur jarða annars hafa.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að tala um þessar 3 breytingartillögur. Þær eru allar um það sama, að gefa erfðaleiguhafa sama rétt og eiganda.

Næstu brtt., sem ég minnist á, eru þrjár og eru við 3., 46. og 66. gr. Þær eru allar þess eðlis, að eins og núna er í frv., er atkvæðisréttur manna á fundum í veiðifélagi eða fiskræktarfélagi bundinn við jarðir, sem eru í fasteignabók frá 1932 eða eldra mati. Nú er fasteignamatinu þannig komið, að jarðirnar breytast, ein er lögð undir aðra, önnur fer í eyði o. s. frv., og þegar nýjar jarðir koma, kemur á þær millimat, svo að það er alltaf til í landinu gildandi mat um allar jarðir, sem til eru. Þess vegna þótti okkur réttara að miða atkvæðisréttinn í þessu tilfelli ekki við það, þótt eitthvert kot hefði verið í byggð og talið í Johnsens-jarðatali eða Jarðabók Árna Magnússonar, og það væri ekki til lengur sem jörð, heldur þær jarðir einar, sem væru sérmetnar í gildandi fasteignamati, og breytingarnar við 3. gr., 46. gr. og 66. gr. eru um þetta. Ég sé enga ástæðu til að fara út í hverja sérstaka þessara brtt. út af fyrir sig. Hér veltur á, hvort menn líta þannig á, að atkvæðisrétturinn eigi að bindast við þær jarðir, sem sérmetnar eru og eru til sem jörð á því augnabliki, sem atkvæðið er greitt, eða við einhverjar jarðir, sem einhvern tíma hafa verið sérmetnar sem jörð og til eru, þó að þær séu komnar inn í aðra jörð eða horfnar með öllu.

Ég hygg, að öll d. sé sammála um, að það sé réttara að miða hér við gildandi mat en við gömul möt, sem horfin eru, og jarðir, sem líka eru horfnar.

Þá vil ég næst minnast á tvær brtt., sem eru við 5. og 9. gr. og báðar eru um sama efni, þ. e. 3. og 4. brtt. n. Þær hníga báðar að því, að þegar búið er að stofna veiðifélag einhvers staðar, þá sé heimilt fyrir þá, sem lönd eiga að vötnunum, sem um ræðir, þá stjórn, sem þá stjórnar því, að leyfa öðrum að veiða í vatninu, eins og gerist og gengur með önnur vatnsföll. En eins og það er í frv., er búendum einum leyft að veiða í slíkum vötnum og þó ekki meira en þeir þurfa til síns heimilis. Þetta gildir um vötn á afréttum og inni á öræfum, þar sem margir bændur og heil hreppsfélög eiga land að. Eins og frv. var, þá var óleyfilegt að veiða í þeim öðrum en bændunum sjálfum og óleyfilegt að veiða meira en þeir þurftu til sinna búa. Eins og frv. er núna, ef okkar brtt. verður samþ., þá er, þegar búið er að stofna veiðifélag við slíkt vatn, stjórn þess heimilt að leyfa mönnum, t. d. héðan úr Reykjavík eða einhvers staðar að, að fara í það með stangir og veiða í því fyrir borgun eða eitthvað, eftir því sem þá um semst. Þessar brtt. hníga báðar í þessa átt og breyta frv. að þessu leyti, en þetta var ekki hægt eftir frv. eins og það liggur fyrir núna.

Þá vil ég minnast á 5. brtt. n., sem er við 13. gr. Þar er dálítil breyting frá því, sem er í frv., og þar mun minni hl. leggja til, að það ákvæði falli alveg niður, 1. tölul. 13. gr. En hún er um það að reyna að fá sem beztar upplýsingar um veiðina á hverjum stað, til þess að veiðimálastjórinn, sem á að hafa yfirsýn yfir allt land, geti sem allra bezt fylgzt með, hvort veiðin sé að minnka eða vaxa á einhverju ákveðnu vatnasvæði eða einhverri ákveðinni á. Ég held, að þetta sé alveg nauðsynlegt, og það var eiginlega til að reyna að koma á samkomulagi við minni hl. n., sem hér er lagt til að breyta þessari gr. og breyta henni á þann hátt að hafa þetta ekki beina fyrirskipun, heldur gefa ráðh. heimild til að fyrirskipa þær skýrslur. Þetta byggist á því, að við vorum ekki óhræddir um það, sem minni hl. n. taldi, að það mundi verða mjög erfitt að afla þessara skýrslna og fá þær, það gæti verið, að hann hefði eitthvað fyrir sér, og þess vegna væri rétt að hafa þetta ekki skyldu, heldur heimila ráðh. að reyna þetta. Ef það gengi vel, yrði haldið áfram með það, en ef það gengi illa og hefðist ekkert upp úr því, þá væru þær aftur lagðar á hilluna. En meiri hl.

var þetta ljóst, og ég held, að minni hl. sé það reyndar líka, — ég held, að ástæðan til þess, að hann lagði til, að þessi stafliður félli niður, sé einungis þetta, að hann hafi ekki trú á, að þessar skýrslur komi að gagni. Við erum ekki alveg vissir um það og viljum þess vegna láta reyna það og hverfa frá því aftur, ef það reynist ekki fært, þess vegna setja það sem heimild inn, en ekki sem beina skyldu.

Þá koma nokkuð mörg ákæði, þar sem við rýmkum á möguleikum til veiðinnar frá því, sem var í frv. Þar vil ég fyrst nefna, að bæði með 8. till. okkar, b, og 8. till. okkar, c, er bætt inn í, að líka megi veiða með færi á viðkomandi stöðum. Það er rýmkun, sem ekki skiptir miklu máli, en þó virðist vera sjálfsögð.

Þá höfum við bætt inn í við 35 gr., sem takmarkar nokkuð mikið, eins og hún er orðuð, hvað langt megi vera á milli lagna almennt séð. Við höfum bætt því inn í hana, að ef um mjög breiðar ár er að ræða, sé heimilt að leggja frá báðum bökkum, sem liggja andspænis hvor öðrum, eins og t. d. í Ölfusá neðan til. Eins og frv. kemur til okkar, er ekki heimilt að leggja frá bakka ár veiðitæki út í vatn, nema það séu minnst 100 metrar á milli, og þetta gildir jafnt beggja vegna, þó að það væri heill kílómetri á milli bakkanna. Við breytum þessu á þann hátt, að ef áin hefur ákveðna breidd, megi leggja frá báðum bökkum, þó að skemmra sé eftir ánni, mælt upp eftir henni endilangri, heldur en 100 metrar á milli lagnanna, sem liggja sitt hvorum megin. Mér virðist þetta ákvæði alveg sjálfsagt í sambandi við stórárnar, en það kemur ekki til mála við litlu árnar, sem eru þær minnstu ekki nema agnarlitið brot af breidd þeirra stærstu.

Þá eru við 78. gr. líka brtt. hér um. Þar er ráðh. gefin heimild til að rýmka á ýmsum þeim takmörkunum og bönnum, sem annars eru í lögunum og nauðsynleg eru og engum dettur í hug að slaka til á, þegar um er að ræða smáár, en oft getur verið sjálfsagt að slaka meira eða minna til á, þegar veiðifélag á í hlut og um er að ræða stórár.

Loks er svo rýmkun enn viðvíkjandi 15. gr., 2. tölulið, og það er kannske mesta rýmkunin, sem felst í okkar till. Eins og greinin er nú, þá er svo ákveðið, að ekki megi veiða nær ósi ár en 1000 metra. En í blóra við þetta ákvæði hafa svo menn við árósa á nokkrum stöðum á landinu haft net í sjó út frá árósunum og veitt í þau lax, sem annars er óheimilt að veiða í sjó. Netin hafa talizt silunganet, en að minnsta kosti sum þeirra sums staðar verið útbúin sem laxanet og netaeigendur selt úr þeim mikið af laxi. Þetta er í alla staði óheimilt, og sjálfsagt hefði verið hægt að sækja menn til sekta fyrir þessar veiðar. Það hefur nú ekki verið gert, en nú föllumst við á að koma á móti þessum mönnum, sem ekki vilja missa sinn rétt, sem þeir kalla, og ekki viðurkenna, að þeir veiði lax, heldur séu þeir að veiða silung. Við leggjum nú til að minnka svæðið niður í 500 metra, en þá jafnframt setja inn í l. ákvæði um það, að veiðimálastjóri skuli hafa eftirlit með veiðitækjunum, möskvastærðinni og öðru, sem tilheyrir netunum, sem þarna eru lögð, og ganga úr skugga um, að það séu silunganet, en ekki laxanet, sem þar eru notuð.

Um þessa gr. veit ég ekki annað en hafi orðið samkomulag. Þetta snertir mjög ýmsa menn í Árnessýslu við ósa Ölfusár, og minni hl. n. var tilleiðanlegur til þess að fella þetta ákvæði alveg niður. Það var gersamlega ófært að gera það vegna minni ánna hér og þar um landið. En við féllumst á til samkomulags að stytta svæðið niður í 500 metra og setja inn í l. bein ákvæði um, að veiðimálastjóri skyldi athuga gerð veiðitækjanna, um möskvastærð netanna og annað, sem að því lyti.

Þessi ákvæði öll ganga í þá átt að rýmka til, og mætti fljótt á líta, að þau væru í þá átt að auka ekki friðun í ánum, heldur hið gagnstæða. En þau eru sem sagt til orðin vegna þess, að þarna þarf að sigla meðalveg og reyna að gera öllum sem réttast undir höfði sem hlut eiga að máli.

Þá minnist ég næst á þrjár brtt., þ. e. 7, 8,a og 9,b, sem allar lúta að því sama, að fyrirskipa, að þegar vissar framkvæmdir eru gerðar, sem geta virzt draga úr veiði á einhverjum stað, skuli leita um það álits veiðimálanefndar og stjórnar viðkomandi fiskræktarfélags eða veiðimálafélags, ef til er. Þetta hefur að vísu alltaf verið gert, en það gat litið svo út sem ætti að hætta því að hafa það ekki í l. og veiðimálastjóri og ráðh. ættu að vera alveg einráðir um slíkar framkvæmdir. Með þessu er það fyrirbyggt. Þarna er tekið fram, að það skuli leita álits viðkomandi stjórnar veiðifélags eða fiskræktarfélags, þegar slíkar ráðstafanir eru gerðar.

Þá minnist ég næst á brtt., sem eru tölul. 10, 12, 14, 22 og 30. Þar eru nánast orðaðar um greinar og gerðar skýrari án þess að breyta nokkru verulegu í efni frumvarpsins. Þó er það nú ekki alveg.

Um 10. brtt., við 27. gr. Það var skilyrðislaust bannað öllum að taka upp veiðivélar, sem legið hefðu niðri í 5 ár. Það þótti okkur ekki hægt. Það gat eyðilagzt lögn á einum stað og myndazt góð lögn skammt frá, og það mætti þá ekki taka upp aðstöðu á þessum góða stað, sem hefði komið fram. Það töldum við ekki hægt að banna. Sömuleiðis er það um ár, sem lengi hafa verið leigðar, eins og t. d. Langá í Mýrasýslu, en nú eru að koma aftur í hendur eigendanna. Í þau mörgu ár, sem eru miklu fleiri en 5, sem hún hefur verið leigð, hefur ekki verið veitt neitt í henni nema á stöng. Að eigendunum þá væri óleyfilegt að taka upp aðrar veiðiaðferðir eða búa til lagnir, ef þeir ekki leigðu hana út aftur, eftir að hún er komin í þeirra hendur, væri vitanlega alveg óviðunandi. Þess vegna var því líka bætt inn í, að ef einhver veiðiaðferð hefði legið niðri, hvort sem það væri lengur eða skemur en 5 ár, væri leyfilegt að taka upp aftur sams konar veiði og á sömu stöðum og áður hefðu verið í viðkomandi á.

Þá er það líka viðvíkjandi 12. liðnum. Þar er um ofur litla breytingu að ræða frá því, sem er í frv., aðra en bara orðabreytingu. Þar er um þá breytingu að ræða, að núna stendur í

frv., að eigi megi stunda veiði í straumvatni nema með einni ákveðinni aðferð, það má ekki á sama stað stunda netaveiði og t. d. stangarveiði. Við setjum þarna inn í ákvæði um, að það skuli aldrei vera skemmra en 100 metra millibil með árbakkanum, þar sem slíkar veiðar eru stundaðar. Ef lögn er út frá ákveðnum stað, þá má, eins og frv. er núna, stunda stangarveiði alveg á sama stað, standa bara á kláfnum og vera með stöngina þar. Því breytum við þannig, að það verður að vera 100 metra frá, hann má ekki vera nær lögninni en 100 metra með sína stöng, og það má segja, að það sé líka rýmkun á veiði frá því, sem í frv. er.

Hinar þrjár brtt., 14., 22., og 30., eru bara umorðun á greinum og breyta ekki efni.

Það er á nokkrum stöðum, sem eru breytingar, sem leiðir hverja af annarri, eins og reyndar sumar af þeim, sem ég hef nefnt, og eru til samræmingar við það, sem er annars staðar í frv. Þannig má segja um 29. gr., sem eru tvær brtt. við, bæði a og b, að fyrri brtt. er ekki innifalin í öðru en því, að 3. töluliðurinn, sem við leggjum til að falli niður, er tekinn upp í 1. gr. Það er eiginlega engu breytt. Og brtt. 13, 14,a og 14,b eru allt brtt., sem gerðar eru til að hafa samræmi á milli þessara greina í frv. og annarra gr., sem ákvæði eru komin inn í áður og er ekki neitt sérstakt um að segja.

Þá er brtt. við 35. gr., 15,b. Það er brtt., sem var líka fallizt á til samkomulags við þá, sem töldu, að eins og ákvæðið er núna í frv. væri gengið um of á sinn rétt. Við leggjum til, að 3. tölulið 35. gr. verði breytt með brtt. okkar 15,b. Ég þarf eiginlega að athuga alla greinina, til þess að þið fylgizt með þessu ákvæði, sem við setjum þarna inn og er mikilsvert mjög.

Greinin er í mörgum liðum, 35. greinin, og í henni eru hin svokölluðu bakkaákvæði m. m. Það er ákveðið þar, að fyrst og fremst skuli telja lengd veiðivélar frá bakka og telst netið lagt frá bakkanum, þótt það sé lagt í ár langt frá bakka, og næsta lögn megi ekki vera nær en 100 metra og þó aldrei nær en 5-föld lengd næstu veiðivélar. Þessu breytum við nú og höfum þannig, að ef lagnir eru andspænis hvor annarri í mjög breiðum ám, megi vera beint á móti, þó að það séu ekki 100 metrar eftir ánni upp og ofan á milli bilanna. Þar er líka ákvæði um það, að leiðarar, sem liggi út frá lögn eða út frá neti, teljist sem hluti af lögninni, og enn fremur, að það megi ekki vera nær lögn en 100 m upp og ofan ána. Afleiðingin af þessu er sú, að þegar lagt er ekki út frá bakka árinnar, heldur yfir einhverja kvísl, sem er einhvers staðar í ánni, þá á lögnin að teljast frá bakkanum alla leið. Það, sem á milli er, eru þá venjulega eyrar, sem upp úr standa um fjöru. Þessa veiði er eingöngu um að ræða, þar sem sjór fellur upp í árnar nokkuð langt og mikill hluti af árfarveginum er þurr, þurrar eyrar, um fjöruna, þó að það sé sjór yfir því öllu eða vatn yfir því öllu um flóðið.

Annað ákvæði í frv., sem við höfum ekki lagt til að breyta, er það, að það megi ekki vera styttra bil á milli lagna en þessir 1000 m, sem ég er búinn að nefna áður, og þó aldrei styttra en nemi fimmfaldri lengd veiðivélanna. Nú er það svo, að þegar þessar veiðivélar eru komnar út í miðjan Borgarfjörð, mitt á milli t. d. Hvanneyrar og Einarsness, þá er leiðin frá bakkanum, sem veiðivélin telst frá eftir frv., og til hennar og leiðara orðin svo löng, að það er langt upp eftir ánni, þangað til næsta veiðivél má koma. Þetta leiðir til þess, að ýmsir af þeim, sem stundað hafa veiði sérstaklega í Borgarfirði og verið með netin þvert og endilangt um kvíslarnar, sem vatn er í á fjörunni, hingað og þangað um fjöruna, stundum meira en kílómetra frá bakkanum, sem veiðivélin telst frá, — þetta leiðir til þess, að ýmis af þessum netum, sem þarna liggja, hverfa. Og eigendurnir, sem hafa stundað þar veiði, missa þar með möguleikana á að stunda hana áfram. Ég skal ekki fara með neinar tölur um, hvað margir þessir staðir eru, það mun ekki fullrannsakað enn, og líklegt er, að það komi ekki eins mikið að sök, að menn missi þarna veiði, eins og ýmsir ætla. Engu að síður verður það alltaf svo, að nokkrar lagnir þarna eða nokkur net þarna verða að hverfa.

Nú föllumst við á það, að ef það reynist rétt við rannsókn málsins, að við þetta missi menn meira en helminginn af sinni veiði, skuli þeir fá bætur fyrir og þær bætur fara fram eftir því, sem fyrir er mælt í 106. og 107. gr.

Nú vil ég að vísu segja það, að ég féllst á þetta og fylgi því þar af leiðandi. En ég tel mjög hæpið samt sem áður, þó að ég geri það, að það sé rétt. En ég geri það samt. Og það stafar af því, að mikið af þessari veiði er tiltölulega nýtt og mennirnir hafa ekki á neinn hátt keypt sínar jarðir fyrir verð, sem svarar til þess, að þessi hlunnindi væru til, og því ekkert lagt fram fyrir þessa veiði, sem er sem sagt mjög nýlega til komin. Það er því mikil spurning, hvort þeir eiga nokkurn siðferðilegan rétt á að fá bætur, þó að þeir missi þarna veiði, sem þeir hafa ekki keypt, og enn er spurning, hvort þeir eigi ekki að geta fært þær nær bökkunum í aðra ála og haft eins mikið gagn af þeim þar og þeir hafa núna. En það er ekki því að leyna, að þessi veiði þarna í Borgarfirðinum er talin af öllum — og það sýnir sig líka á þeirra laxinnleggi — taka mikinn hluta af laxinum, sem á að fara upp í árnar, og er þar með útilokað að hrygna og halda stofninum við. Með tilliti til þeirrar nauðsynjar, að sem mest af laxinum komist upp á sína hrygningarstaði og nái að hrygna þar, hef ég fallizt á það, og nefndin er sammála um það, — kannske misjafnlega ánægð með það, en sammála samt að leggja til, að þarna séu veittar bætur, ef það sannast með mati, að þeir missi helminginn af sinni veiði, sem ég veit að verður ákaflega erfitt fyrir hvern sem það metur að gera, því að það kemur svo margt þar til greina. Það er misjöfn fiskgengd frá ári til árs. Það er nú eitt, sem kemur til greina. Enn er það, að enginn er kominn til að segja, hverju þeir geta náð upp aftur með tilfærslu á lögninni og að færa hana nær landinu, þannig að hún komi ekki í bága við þetta bakkaákvæði. Þá er þessi veiði dýr, að vera með þessi net og þessar fyrirstöður úti um allan fjörð og þurfa að vaða kvíslar og ár um fjör-

una í hvert sinn til að vitja um; það er ákaflega erfitt og dýrt. Og þó er það allra verst, að þegar flóð koma, eins og koma stundum í Hvítá, þá er allt saman farið og menn verða að byrja á nýjum stofni með allt saman aftur og aftur úti um allan fjörð, og það er dýrt.

En sem sagt, það er í þessari till. okkar fallizt á, að þarna sé lagt til að bæta aflatjón, sem af þessu stafar, séu þau það stór, að helmingur veiði tapist. Bæturnar hlíta að öðru leyti ákvæðum 106. og 107. gr. í frv., sem gera ráð fyrir því á öðrum vettvangi, að það geti komið fyrir, að það þurfi að bæta missi af veiði.

Næstu tvær till., sem ég minnist á, 17,b og 27,b, eru dálítið svipaðs eðlis og þó ekki nema að nokkru leyti. Fyrri till. er sett inn eftir ábendingum frá Mývetningum. Þar er það venja, að allir, sem búa í sveitinni, hafa rétt til að dorga upp um ís á vatninu á veturna, og eins og frv. er, gat litið svo út sem þessir menn hefðu rétt til að sitja alla félagsfundi og taka þátt í atkvgr. um öll mál, sem félagið varðaði. Þar sem þeir ekki hafa annan rétt til veiði í vatninu en þennan eina, dorgveiðina að vetrinum, þótti okkur ekki rétt að láta þá hafa atkvæðisrétt um önnur mál á félagsfundum en það, sem hana snerti. Þess vegna takmörkum við atkv. þeirra við dorgveiðina eina.

Hitt er það, að í frv. vantaði ákvæði um, hvernig fara ætti að, þegar samin yrði arðskrá og menn gætu ekki orðið á eitt sáttir. Það eru ákvæði um það, að til þess að arðskrá öðlist gildi, — en arðskrá er það, sem farið er eftir, þegar úthlutað er arði eða félagsveiði og reyndar líka þegar lagður er á félagsmenn kostnaður, sem kann að verða einhver og verður oft einhver, — þá er það ákveðið fyrst venjulega af einhverri nefnd, sem gerir till. um það, svo fer það á félagsfund, og þar er það samþykkt, ef ⅔ hlutar eru með samþykktinni. En aftur vantaði ákvæði um, hvernig fer, ef ekki nást ⅔ á fundi og hún fæst ekki samþykkt, fundur er ekki nógu vel sóttur eða eitthvað í veginum, og þá bætum við inn í till. um það, að aftur skuli boðað til fundar á sama hátt og yfirleitt er ákveðið að boða til fundar, til þess að löglegt sé, og þar megi einfaldur meiri hluti ráða. Ef meiri hluti næst þar með arðskránni, öðlast hún gildi. Um þetta vantaði ákvæði í frv., og þetta er þess vegna tekið þarna upp.

Þá kem ég að nokkrum brtt., þ. e. tölul. 17,c, 19 og 25, sem eru við 45., 48. og 65. gr. Tvær brtt., 17,c og 25, eru ekki í öðru fólgnar en því, að við ákveðum, að í staðinn fyrir að boða fund skriflega, þá sé líka löglegt að boða hann með símskeyti. Það má kannske segja, að boðað með símskeyti sé alltaf skriflegt boð, en í mæltu máli er nú dálítið annað skilið við það samt að boða fund með símskeyti heldur en að boða hann með bréfi. Þess vegna er þessu bætt inn og öðru ekki.

Viðvíkjandi 48. gr. er aftur á móti nokkuð annað að segja. Það er nú svo, að þegar stofna á veiðifélag, geta fylgt því, bæði veiðifélagi og fiskræktarfélagi, dálítil útgjöld, og þá gerði frv. ráð fyrir því, að eigandi jarðarinnar væri alltaf boðaður. Ég er áður búinn að nefna það, að við gerðum ekki ráð fyrir því, að eigandinn sé kallaður, ef það er erfðaleiguhafi, sem býr á jörðinni. Hér gerum við líka ráð fyrir því, að það geti komið umboðsmaður í staðinn fyrir eigandann, og gerum þó ráð fyrir því, að bæði jarðeiganda og ábúanda sé boðaður fundurinn og að yfirleitt gefi svo eigandinn einhverjum umboð til að mæta fyrir sína hönd. En ef hann gefur engum umboð og liggur ekkert fyrir um það, þá fari ábúandinn með atkvæðisrétt á fundinum. Þessi brtt. felur þetta í sér og annað ekki. Ef jarðeigandi hefur gefið skriflegt umboð til að fara með atkvæði sitt á stofnfundi eða fundi í fiskræktarfélagi eða veiðifélagi svo og ef ábúandi, sem ætti að mæta á slíkum fundi, gæfi öðrum umboð til þess að mæta fyrir sig, má það ekki vera eldra en þriggja mánaða. Það virðist engin ástæða til þess, að maður fari með atkvæði manns ár eftir ár, þó að ólík málefni liggi fyrir til úrlausnar hvort árið. Þess vegna setjum við inn ákvæði um, að umboðin skriflegu megi aldrei vera eldri en þriggja mánaða.

20. og 21. og 28. og 29. töluliðir snerta fastara skipulag á staðfestingu samþykkta ráðherra á reglum og samþykktum félaga um fiskrækt og veiðifélög. Það er vefengingarréttur og málskotsfrestur, sem þar er um að ræða.

Þá var dálítið breytt 70. gr. með till. okkar 27,a. Það er að vísu ekki mikið, en það er nú samt gert til þess að þeir, sem þar eiga hlut að máli, fái dálítið rýmri hendur. Þetta snertir samningu arðskrár. Það hefur verið svo í samningu arðskrár undanfarið, að það hefur verið langmest tillit tekið til veiðanna á hverri einstakri jörð, og þá hefur komið tvennt til, sem gerir þetta nokkuð hæpið, annars vegar að það hafa legið fyrir misréttar upplýsingar um það, hve mikil veiðin hafi verið síðustu árin eða 10 árin eða hvað menn hafa nú viljað miða við, og það atriði er þó út af fyrir sig, því að það er atriði, sem viðkomandi mönnum er sjálfum að kenna, ef þeir hafa stolið svo eða svo miklu af veiði undan framtali og þess vegna kemur jörð þeirra í skökku ljósi fyrir þá, sem eiga að semja arðskrána. Hitt er aftur miklu alvarlegra, og það er það, að veiðifélagsstofnun á einhverjum stað, sem svo á að fara að semja sína arðskrá, getur orðið þess valdandi, að veiði á einhverri jörð, sem kannske áður hefur veitt eitthvað þó nokkuð, við skulum segja í ádrátt, þar séu engir stangarveiðihyljir til og líkindi fyrir því, ef á að taka t. d. stangarveiði viðkomandi ár, þá geti sú veiði ekkert nýtt hana, — og öfugt geta beztu stangarveiðihyljirnir, sem menn helzt vilja veiða í, verið á stöðum, þar sem annars eru hrygningarstaðir og ekki bar að veiða á. Þess vegna var þetta í greininni ákveðið þannig, að þegar arðskrá væri samin, skyldi taka tillit til aðstöðu við netaveiði og stangarveiði, landlengdar að veiðivatni og til hrygningarskilyrða og uppeldisskilyrða. Svona er greinin. Það var fellt alveg út úr henni að taka tillit til veiði áður fyrr. Það var fellt út úr henni að taka tillit til veiði síðustu fimm ára eða síðustu 10 ára o. s. frv., en ætlazt til, að það væri fyrst og fremst tekið tillit til þessa, eftir því sem matsmönnunum þætti við eiga á hverjum stað. Þetta

var þannig. Við leggjum til, að sett sé framan við netaveiði o. s. frv., að þeir skuli taka afstöðu m. a. til þessara hluta, sem upp eru taldir. Það er gefið í skyn, að meira rúmist í því heldur en upptalningin ein segir og þar með geti þeir, sem í slíku mati eru og eiga að framkvæma það, tekið tillit til veiðinnar undanfarin ár, eftir því sem þeim þykir ástæða til og við eiga.

Þá eru breytingar við 93. gr., 94. gr. og 95. gr. Þær eru allar eins að efni til, um það, að samhliða því sem veiðimálastjóri á að hafa eftirlit og tillögur um innflutning á lifandi fiski eða hrognum, skuli yfirdýralæknir líka koma til. Það hefur verið framkvæmt svo undanfarið, en þótti réttara að setja það inn í lögin sjálf.

Þá er settur nýr kafli inn um álaveiðar, sem við færum til, setjum á annan stað en ætlazt var til í frv. Þetta byggist á því, að okkur fannst eðlilegra, að hann væri þarna. En að þessi álaveiðikafli er kominn inn í frv., stafar aftur af því, að álaveiði er að byrja hér á landi og það er hægt að nota við hana net, sem jafnframt veiða lax.

Það þykir þess vegna rétt að hafa kaflann þarna inni, til þess að hægt sé, ef ástæður þykja til, að grípa inn í og stöðva þær veiðiaðferðir við álinn, sem líklegar þykja til þess að spilla laxveiðinni.

Þá er loks brtt. við 101. gr. Það er svo ákveðið nú, að í veiðimálanefnd eigi sæti stjórnskipaður maður með sérþekkingu, sem reyndar er nú enginn núna, því að Pálmi Hannesson hefur fallið frá, sem var það áður, og einn maður kosinn frá Búnaðarfélagi Íslands og annar frá Fiskifélaginu. Í lögunum er svo fyrir mælt, að ef það verði stofnað samband fiskiræktar- og veiðifélaga, skuli menn koma frá þeim í nefndina. Okkur þótti réttara, ef þessi félög mynduðu ekki bæði samband samtímis, að þá væri tekið fram í lögunum sjálfum í staðinn fyrir hvorn hvor þessara tveggja manna kæmi. Breyting okkar er ekki önnur en sú, að við erum að reyna að slá varnagla við því, ef annað félagið verður stofnað og annað ekki, þá sé ákveðið, í staðinn fyrir hvorn hvor skuli koma, sem annars hefði náttúrlega legið á valdi ráðherra og kannske ekki þurft sérstök ákvæði um, en okkur þótti það samt sem áður réttara.

Við sjáum á þessu, að þó að þessar till. séu 37 talsins, eru þær margar afleiðing hver af annarri og um sama efnið og ekki veigamiklar að neinu leyti, þó að ég haldi sjálfur, að þær séu allar til bóta.

Við leggjum til, að frv. sé samþykkt með þessum brtt., og erum sammála um það. Einn nm., hv. 2. þm. Árn., gerir við þetta meiri brtt. Hann er hér með fjórar till. á þskj. 327 og gerir sjálfsagt grein fyrir þeim. Ég skal ekki fara út í þær nú, enda þótt ég hafi, vegna þess að við erum með brtt. við eina gr. líka, orðið að minnast á hana jafnframt, en heyri á hans framsögu.

Annar nm., Sigurvin Einarsson, þm. Barð., hafði tilhneigingu til að vera með einni till., sem síðari þm. Árn. talaði jafnvel um að flytja. Ég sé, að hún hefur ekki komið hér fram, og þykir vænt um það, því að hún var að mínum dómi til óþurftar. Að öðru leyti skal ég ekki um hana tala. Hún liggur ekki fyrir.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara og vil gera grein fyrir, í hverju hann er fólginn.

Það var um 107. gr. í frv., sem ég var ekki sammála öðrum nefndarmönnum, og hv. frsm. drap hér á og taldi, að það væri til óþurftar sú skoðun, sem ég hélt fram um þá grein, þ. e. a. s. að breyta henni í þá átt, sem ég fór fram á í n. og ekki fékkst samkomulag um.

Í 107. gr. segir:

„Nú hefur veiðieigandi, er veiði átti, áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana með öllu fyrir þá sök, að lögin fyrirmuna honum að nota þá veiðiaðferð, er hann áður mátti einni við koma, og á hann þá kröfu til skaðabóta eftir mati, sbr. 106. gr.“

Ég get ekki fylgt þessari gr. óbreyttri, að þeir einir geti fengið bætur, sem missa veiði að fullu. Þó að maður hafi misst t. d. 90% af veiðinni vegna laganna, þá á hann engar bætur að fá, en ef hann hefur misst 100%, má hann fá einhverjar bætur.

Ég vil minna í þessu sambandi á þá brtt., sem n. í heild féllst á að gera við 35. gr. Þar er svo fyrir mælt í brtt., að missi maður veiði vegna ákvæðis 3. liðs í 35. gr., þ. e. bakkaákvæðið, sem ég hygg að langmestum ágreiningi hafi valdið og muni valda í þessu máli, þá skuli slíkur veiðieigandi fá bætur, ef hann missir helming veiðarinnar eða veiðiaðstöðunnar eða meir.

Hv. frsm. gat þess hér áðan, að það hefði nú ekki eiginlega verið að hans skapi, að slík breyting var flutt, og ég veit, að hann segir það satt, en samt varð nú samkomulag um þetta í n. Ég fæ því ekki séð, að það sé nein goðgá að flytja þá líka brtt. við 107. gr., að þeir menn, sem tapa samkv. þeirri gr. allri sinni veiði, fái bætur.

Ég bjóst við, að hv. 2. þm. Árn. mundi flytja um þetta brtt., en sé, að hann hefur ekki gert það. Hins vegar munum við vera sammála um þetta atriði. Ég vil því leyfa mér að flytja hér skriflega brtt. við 107. gr., þannig, að í stað orðanna í 1. málslið „misst hana með öllu“ komi: misst hana að hálfu eða meir, — og sýnist mér þá, að það sé orðið hliðstætt um þessa gr. og 35. gr., að nokkrar bætur eigi að fást fyrir tapaða veiði vegna þessara laga, þótt ekki tapist nema helmingur veiðarinnar. Þetta fyndist mér sanngirnismál og engin fjarstæða og alls ekki til óþurftar.

Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða um þetta mikla frv., sem ég veit að muni valda ágreiningi og ég veit líka að muni koma verulega við hagsmuni ýmissa veiðieigenda hér í landinu, en eftir að ég hef kynnzt þessu frv. mjög rækilega á 16 eða 17 fundum nú að undanförnu, þá sé ég það, að frv. er til mikilla bóta sem veiðivernd í landinu og veiðieigendum yfirleitt hagsmunamál. En hinu er aftur á móti ekki að neita, að þeir, sem veiði eiga við árósa, hafa stundað hana og það með miklum árangri, verða fyrir verulegum skakkaföllum af þessari löggjöf, og það er með tilliti til þess, að ég vil fá þessa breytingu á 107. gr. og studdi þannig fast í n., að breyting

yrði gerð á 35. gr., sem fékkst fram, en þessi breyting aftur á móti ekki.

Ég vil því leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa skrifl. brtt. í þeirri von, að hún fáist rædd um leið.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 340) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Ég get sagt það um þá skriflegu brtt., sem var nú að koma fram við frv., að ég er henni fylgjandi, ef hennar verður þörf. En ef brtt. mín við 35. gr. verður samþykkt, verður þessi skriflega brtt. óþörf, en verði mín brtt. felld, þá er skriflega till. til bóta, og þá mun ég fylgja henni.

Frv. það um lax- og silungsveiði, er hér liggur fyrir, má um sumt teljast og þó að nokkuð miklu leyti til bóta frá því, sem nú er í lögum um þetta efni, en þó í einstökum atriðum, sem miklu varða, svo gallað, að eigi verður við unað. Má í því sambandi benda á, að mjög er þrengt að kosti bænda, sem enn stunda að einhverju leyti netaveiði, hvort sem um er að ræða lax- eða silungsveiði. Þá er annað atriði það, að veiðimálastjóra er fengið svo mikið vald, að nærri liggur, að hann sé einráður í öllum veiðimálum, svo að segja má, að hann geti hagað sér að eigin geðþótta í þessum málum yfirleitt. Virðist viðurhlutamikið að fá einum manni svo mikið vald í jafnþýðingarmiklu máli og hér er um að ræða.

Eftir að ég hafði kynnt mér frv. og álit ýmissa veiðieigenda á því, varð mér ljóst, að það yrði að taka miklum breytingum, til þess að það mætti heita viðunandi lausn eða til bóta á gildandi lagaákvæðum um veiðimál. Ég gekk því ásamt meðnm. mínum í landbn. að því að fara rækilega yfir það og með því að gera tilraun til að lagfæra það, eftir því sem kostur var.

Afleiðing af þessu starfi n. var það, að hún stendur öll að 37 brtt. við frv., og eru þær á þskj. 324 og hefur nú verið lýst rækilega af frsm. n., 1. þm. N-M. Eins og hann tók fram, eru nokkrar af þessum till. aðeins leiðréttingar og til samræmingar innbyrðis í frv., en aðrar snerta efni málsins, og verð ég að segja, að þær eru flestar eða allar til bóta, þó að ég hefði í mörgum tilfellum óskað eftir, að þær gengju lengra í réttlætisátt en raun er á.

En um nokkrar veigamiklar breytingar, sem ég tel, náðist ekki samkomulag innan n. Ég flyt því fjórar brtt. á þskj. 327, og tel ég a. m. k. eina þeirra mjög þýðingarmikla og mikilvæga og kem að því seinna, en ég legg áherzlu á að gera tilraun til að fá þær allar samþykktar. En þó að brtt. mínar verði felldar nú við þessa umr., mun ég samt sem áður fylgja frv. til 3. umr. og mun þá ef til vill á milli umræðna gera tilraun til að koma fram nokkurri breytingu, sem aðallega á við hinn lengda friðunartíma, sem frv. fjallar nú um og hefur inni að halda, en ég tel með því allt of langt gengið í þá átt að þrengja kosti þeirra manna, sem veiðarnar stunda og þetta ákvæði kemur mest við.

Ég vil þá fara nokkrum orðum um brtt. mínar á þskj. 327.

Fyrsta till. er við 13. gr., að 1. töluliður falli niður. Þessi töluliður, sem ég legg til að falli niður, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hver sá, sem kaupir lax eða silung, veiddan innanlands, til sölu innanlands eða utan, og svo gistihús, matsöluhús, sjúkrahús og þess háttar stofnanir, er kaupa þessar vörur, skulu á mánuði hverjum gefa skýrslu um þessi kaup. Ráðherra setur nánari reglur um slíka skýrslugerð."

Eins og frsm. n. tók fram, flytur n. einnig brtt. við þessa grein, og hún er í því fólgin, að upphaf 1. tölul. orðist svo: „Ráðherra er heimilt að fyrirskipa," — m. ö. o., að það er ekki gert að beinni skyldu að gera þessar skýrslur, heldur er það heimild fyrir ráðherra að láta gera þær, og lýsti hv. frsm. sjónarmiði n. viðvíkjandi því.

Ég vil segja það, að verði brtt. mín felld, mun ég að sjálfsögðu fylgja till. n., en ég var ekki ánægður með að hafa það á þann hátt, heldur álít ég, að hér sé um slíkt mál að ræða, að það sé ástæðulaust að hafa það í frv.

Samkv. 12. gr. frv. er hver sá, sem veiði stundar, skyldur að gefa skýrslu um veiðina. Þetta eru hinar venjulegu skýrslur, veiðiskýrslur, sem alltaf hafa verið gefnar og eru gefnar, að sá, sem veiðir, er skyldugur að gefa skýrslu um sína veiði. Eru það hinar lögákveðnu veiðiskýrslur. En í 13. gr. er það nýmæli, að þeir, sem kaupa lax eða silung, skuli nú einnig gefa skýrslu, en það eru — auk verzlana — gistihús, matsöluhús, sjúkrahús, eins og segir í grg. Hvernig þetta kæmi út og einnig í framkvæmd, sést bezt, ef tekið er dæmi. Við skulum t. d. taka dæmi af manni, sem veiðir 20 laxa. Hann gefur skýrslu um það, að hann hafi veitt þessa fiska og gefið skýrsluna eftir því, sem hann er skyldur til. Nú selur þessi veiðimaður þessa 20 laxa í verzlun. Verzlunin á að gefa skýrslu um, að hún hafi keypt þennan lax. Verzlunin selur aftur 10 laxa gistihúsi og 10 laxa til sjúkrahúss. Báðir þessir aðilar gefa einnig skýrslu um það, að þeir hafi keypt þennan lax. Ég sé ekki annað en afleiðingin af þessu verði sú, að þarna sé komið á opinberar skýrslur, að veiðzt hafi 20 fiskar, en þeir orðnir 40, þegar fram koma skýrslurnar um söluna á þessum sömu fiskum. Einstaklingar, sem kaupa af veiðimönnum, eru ekki skyldir að gefa skýrslu um sín kaup. — Að þessu athuguðu finnst mér það liggja í augum uppi, að svona ákvæði séu óþörf í lögunum, og legg því til, að ákvæðið verði fellt niður.

Þá kem ég að brtt. minni við 19. gr., á þskj. 327, og brtt. er svofelld: „Í stað orðanna „84 stundir .... þriðjudagsmorguns kl. 9" í 1. tölulið komi: 60 stundir á viku hverri frá föstudagskvöldi kl. 9 til mánudagsmorguns kl. 9.

Samkv. núgildandi lögum er friðunartími, eftir að laxveiði og silungsveiði byrjar, 60 stundir í viku hverri. M. ö. o.: þeir, sem netaveiði stunda, hvort sem þar er um lax eða silung að ræða, taka upp sín net á föstudagskvöldum og mega ekki leggja þau aftur fyrr en á mánudagsmorgun, þ. e. a. s. eftir 60 klukkutíma. Nú er það samkv. frv., að nú skulu þessir sömu aðilar taka net sín upp á föstudagskvöldum og ekki leggja þau aftur fyrr en á þriðjudagsmorgni, m. ö. o., friðunartíminn er lengdur úr 60 klst. í 84. Þá

er það orðinn helmingurinn af vikunni, sem þessi veiðitæki mega ekki liggja. Nú langar mig að fara um þetta nokkrum orðum og athuga, hvort þörf er á þessum friðunartíma, þessari lengingu á friðunartíma, sem ekki er nokkur vafi á að hefur afskaplega mikla fjárhagslega þýðingu fyrir þá menn, sem enn stunda netaveiði, hvort sem um lax eða silung er að ræða.

Lax mun nú aðallega vera veiddur í net í neðri hluta Hvítár í Borgarfirði. Þar veiða bændurnir sjálfir hver fyrir sínu landi. Er þar bæði um að ræða veiði frá bakka árinnar og í álum á ósasvæði hennar.

Þór Guðjónsson veiðimálastjóri ræðir um þetta í ritgerð sinni, sem fylgdi frv., sem nú er til umr. hér, eins og það var lagt fyrir s. l. þing, en fylgir því ekki núna, eins og hv. frsm. tók fram, þar sem hann talar um veiðiálagið á laxastofnana, og ræðir hann þá um Hvítá í Borgarfirði. Þessi kafli í ritgerð veiðimálastjóra er um veiðiálagið á laxastofnana. Þar gerir hann fyrst grein fyrir því og skýrir frá því, að á þeim 17 árum, sem þessi skýrsla nær yfir, sem hann talar um, þ. e. frá 1936 til 1942, sé veiðiálagið í efri hluta Elliðaánna — en þar er eingöngu veitt á stöng — 35.25% af stofninum, en þetta mun vera eina veiðisvæðið á landinu, þar sem hægt er með nákvæmni að segja um, hvað veitt er mikið af stofninum, vegna þess að fiskurinn, sem í þetta svæði fer, er talinn og sömuleiðis eru haldnar skýrslur um allt, sem veiðist. Þarna er veiðiálagið sem sagt að meðaltali 35.25%, allt tekið á stengur. Hæst hefur þetta farið í 57.8% og minnst 26.9%.

Þá segir veiðimálastjóri, að þetta megi teljast hófleg veiði, vegna þess að talið sé, að óhætt sé að taka allt að helmingi fiskstofns úr ám, án þess að um ofveiði sé að ræða.

Þá segir hann enn fremur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í flestum öðrum ám, þar sem stangarveiði er stunduð eingöngu, eru líkur fyrir því, að veiðin sé einnig hófleg, þó að gögn séu fá þar um.“ Þetta vill segja, að á öðrum veiðisvæðum, þar sem veiði er eingöngu stunduð á stöng, er ekki hægt að segja um, hve mikið magn er tekið af veiðistofninum, vegna þess að um hann er ekki vitað.

Og áfram heldur veiðimálastjóri:

„En fróðlegt er að athuga, hvernig veiðiálagi er háttað á vatnasvæðum, þar sem bæði er veitt á stöng og í fastar veiðivélar. Vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði skal tekið til athugunar í þessu sambandi og veiðiskýrslur þaðan frá árunum 1947—1954 lagðar til grundvallar. Ef gert er ráð fyrir, að álag stangarveiði á laxastofnana í Borgarfjarðaránum sé það sama og í Efri-Elliðaánum, eða 35.25%, þá mundi meðalveiði í Borgarfjarðaránum hafa numið 61% af laxastofninum á árinu 1947—1954, og 39% af þeim hefðu orðið eftir í ánum til að hrygna. Væri stangarveiðiálagið hins vegar 50% af stofninum í ánum, þá næmi meðalveiðin 74.2% og 25.8% fengju tækifæri til að hrygna.“

Og áfram segir:

„Hér var reiknað með meðalveiði 7 ára tímabils, en að sjálfsögðu er hlutfallið milli veiddra laxa og þeirra, sem eftir verða í ánum, mismunandi frá ári til árs, og fer það að verulegu leyti eftir því, hvernig tekst til með veiðina það og það árið. Ástæða er til að ætla, að ef mikið er veitt af litlum árgangi, hrygni ekki nægjanlega margir laxar til að sjá fyrir eðlilegu viðhaldi stofnanna. Afleiðing af þessu verður sú, að afkomendurnir verða fáir og veiðin rýr á slíkum árgangi í einstökum ám á vatnasvæði Hvítár. Þetta gæti verið ástæðan fyrir hinni lítilfjörlegu veiði, sem var í Grímsá 1950 og 1951 og í Þverá 1954.“

Og síðan bætir veiðimálastjórinn við:

„Virðist teflt á tæpasta vað með eðlilega viðkomu laxastofnanna á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði með núverandi veiðiálagi.“

Sýnilegt er, að þetta er alveg rétt. Ef ekki má taka nema helming af laxastofni í ám, má veiði ekki komast upp í 74.2%, svo að aðeins 25.8% séu eftir til að hrygna. Ég hef ekki séð, að veiðimálastjóri hafi minnzt á, að um ofveiði á laxi væri að ræða annars staðar en þarna, í Hvítá í Borgarfirði. En það er aftur fróðlegt að bera þetta saman við það, sem mþn. segir í sínum athugasemdum við lagafrv. Nefndin segir:

„Nefndarmenn urðu á einu máli um það, að lög um lax- og silungsveiði hefðu eigi náð því meginmarkmiði sínu að auka fiskstofna í veiðivötnum. Veldur því öðru fremur, að fastara er gengið að veiði en fyrirsjáanlegt var, þá er lögin voru sett, og með veiðnari tækjum. Er svo komið í ýmsum veiðihverfum, að ákvæði laganna veita engan veginn nægilega vernd gegn ofveiði, sem jafnvel kynni að leiða til auðnar. Telja nm. brýna nauðsyn bera til þess að stemma stigu við slíku og hafa í því skyni samið strangari ákvæði en í gildandi lögum um friðun gegn veiði, stangarveiði sem neta, fastar veiðivélar, stangafjölda, lax- og silungsveiði í sjó.“

Af þessu er sýnilegt, að þetta hefur verið sjónarmið n., er hún samdi þetta frv. Og vegna þessa, sem segir hér, að lagaákvæðin, sem í gildi eru, veiti engan veginn nægilega vernd gegn ofveiði, sem jafnvel kynni að leiða til auðnar, — vegna þessarar skoðunar eru ákvæðin sett í þessu frv. svo miklu strangari en ég álít vera þörf á, a. m. k. hvað sum vatnasvæði á landinu snertir. Það getur vel verið, að eitthvað þurfi að vernda fiskstofnana á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði, eftir því sem veiðimálastjóri segir hér, en það á ekki við alls staðar.

Þarna er gefið í skyn, að veiðiálagið sé ef til vill of mikið, og skal því kippt í lag á kostnað þeirra bænda, sem netaveiði stunda, með því m. a. að leyfa þeim ekki að hafa net sín liggjandi nema helming af viku hverri, auk annarra kvaða, sem á þá eru lagðar í þessu sambandi. En það er ekkert minnzt á að takmarka stangarveiðina á efri hluta vatnasvæðisins, og er þó seinna dæmi veiðimálastjóra miðað við, að 50% af stofninum sé tekið á stöng. Með þessu finnst mér að veiðimálastjórinn, sá góði maður, gefi í skyn, að stangarveiðiálagið geti orðið nokkuð mikið í hinum grunnu, tæru bergvatnsám veiðisvæðanna, þar sem laxinn er kominn á staðinn til að hrygna. Mér finnst því, að það beri einnig að hafa þetta í huga, þegar verið er að setja

lög, sem vernda eiga fiskstofninn fyrir ofveiði.

Annars er vert að benda á, að veiðimálastjóri bendir ekki á fleiri staði á vatnasvæðum landsins, eins og ég tók fram áðan, þar sem teflt sé á tæpasta vað með veiðiálag.

Þetta var það, sem átti við vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði. En á vatnasvæði Hvítár og Ölfusár í Árnessýslu gegnir nokkuð öðru máli en um Hvítá í Borgarfirði og vatnasvæði hennar. Í Ölfusá er ekki um neina ósaveiði að ræða. Veiðifélag Árnesinga nær yfir allt vatnasvæðið. Hefur það haft netaveiðina sjálft undanfarin ár og veitt á nokkrum stöðum og einnig stundum með fyrirstöðum, sem ekki hefur heppnazt vel.

Veiðifriðunartíminn er nú lengdur í 84 tíma á viku samkv. frv., og ef það verður samþykkt, mun félagið tæplega geta haft þessa tilhögun á starfsemi sinni áfram, vegna þess að það verður að hafa fastráðna starfsmenn við veiðarnar, og eins og kaupgjaldi er nú háttað, er dýrt að hafa menn iðjulausa hálfa vikuna. En hætti veiðifélagið, er óvíst, hvað við tekur á þessum stað.

Bændur við Ölfusá og Hvítá hafa sjálfir silungsveiðina fyrir löndum sínum, en silungsveiði er góð á þessu vatnasvæði og arðvænleg. Verða bændur fyrir tilfinnanlegum tekjumissi, ef friðunartíminn verður lengdur eins og frv. gerir ráð fyrir. En að þessu athuguðu verður manni að spyrja: Er nauðsynlegt að þrengja kosti þeirra svo sem frv. gerir ráð fyrir? Er fiskstofninn þverrandi, og ef svo er, er þá um ofveiði að ræða? Ég leyfi mér að svara þessum spurningum, hvað þetta veiðisvæði snertir, neitandi.

Í áminnztri ritgerð segir veiðimálastjóri í kafla, þar sem hann ræðir um fiskræktarfélög og veiðifélög, hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Veiðifélög eða fiskræktar- og veiðifélög, sem eru 42 talsins á landinu, hafa flest skipulagt veiði á félagssvæðum sínum og unnið að fiskrækt, og hafa þau yfirleitt orðið til mikils gagns. Veiði hefur komizt í fastar skorður, veiðivötnin hlotið betri meðferð eftir en áður. Við stofnun veiðifélaga hefur verið breytt um veiðiaðferðir, netaveiði hefur víðast hvar verið lögð niður og stangarveiði tekin upp í hennar stað. Jafnframt hefur stangafjöldi og veiðitími verið takmarkaður í samningum og flestar ár leigðar til nokkurra ára í senn. Víðast hvar hefur því verið dregið úr veiðiálagi á árnar og það orðið jafnara en áður, enda var eigi vanþörf á því."

Þetta, sem þarna segir og ég nú las upp, getur alveg átt við veiðisvæði Hvítár og Ölfusár. Laxveiði í net má segja að sé lögð niður á móti því, sem áður var. Ósaveiði er úr sögunni. Stangarveiði hefur aukizt, vegna þess að veiðifélagið hefur leigt hana út sérstöku félagi. Fiskstofninn hefur aukizt verulega hin síðari ár, eftir því sem veiðimenn við árnar segja sjálfir og veiðiskýrslur sýna, enda viðurkennt af veiðimálastjóra, þegar hann var beint spurður um þetta atriði á nefndarfundi, á meðan málið var til meðferðar í landbn. hér.

Að þessu athuguðu spyr ég aftur: Hvers vegna á nú að þrengja kosti veiðifélagsins og bænda, sem silungsveiðina stunda, og vega þannig að þeim, sem veiðirétt eiga á þessu svæði, með tveim vopnum í senn? Arður þeirra frá veiðifélaginu rýrist stórkostlega og silungsveiðin einnig. Er þetta ekki að ganga óþarflega nærri eignarrétti manna að þarflausu? Eða er þetta gert vegna hins nýja viðhorfs, sem skapazt hefur með hinni auknu borgarmenningu, sem veiðimálastjóri minnist svo skemmtilega á í ritgerð sinni, þeirri sem ég hef nú nokkrum sinnum vitnað í og prentuð er með frv.? En þar segir svo um þetta, með leyfi hæstv. forseta, — fyrst talar veiðimálastjóri um verðmæti veiðinnar, segir, hve margar jarðir eigi veiðirétt á landinu, sem hv. frsm. kom nú einnig að á fróðlegan hátt í sinni framsöguræðu, — veiðimálastjóri segir einnig:

„Töluverður arður er af veiðinni, einkum laxveiði og góðri silungsveiði. Tekjur af veiði hafa orðið mörgum bændum undirstaða undir umbætur á jörð og húsakosti og bætt afkomu þeirra á annan hátt. Auk þess hefur veiði, þar sem hún er stunduð af bændum og heimilisfólki þeirra, orðið ánægjuleg tilbreyting frá daglegum störfum, samtímis því að hún aflar fæðu."

Undir þetta skal fúslega tekið hjá veiðimálastjóra, og er vitanlega þungamiðja málsins, hver arður hefur orðið af veiðinni hjá þeim bændum, sem hafa verið svo heppnir að eiga veiðijarðir og veiðirétt.

En veiðimálastjóri segir enn, og virðist þá mega af því draga þá ályktun, að það sé ekki e. t. v. aðalatriðið, að bændurnir hafi sem mestan ágóða af veiðinni, — hann segir:

„Gildi lax- og silungsveiði fyrir þjóðina má meta með ýmsu móti. Þar sem veiðin er til muna orðin tómstundaiðja, hefur hún einnig fengið félagslegt gildi. Með aukinni borgarmenningu og styttum vinnutíma hefur komið fram nýtt vandamál hér á landi á síðustu árum, það, hversu þegnarnir skuli verja tómstundum sínum á gagnlegan hátt. Hið opinbera lætur þetta vandamál meira og meira til sín taka með síauknum fjárframlögum, t. d. til félagsheimila, íþróttastarfsemi og annarrar félagsstarfsemi og námskeiðahalds. Erlendis hefur aðstaða til stangarveiði verið efld af opinberum aðilum í því skyni að leysa umrætt vandamál. Á síðustu árum hefur stangarveiðin hér á landi einmitt beinzt í þessa átt, þar sem fleiri nota tómstundir sínar á sumrin til að veiða á stöng sér til hressingar og hvíldar frá daglegum störfum. Verður því að viðurkenna þjóðfélagsgildi stangarveiði."

Svo mörg eru þau orð. „Tekjur af veiði hafa orðið mörgum bændum undirstaða undir umbætur á jörð og húsakosti og bætt afkomu þeirra á annan hátt," segir veiðimálastjóri alveg réttilega. En nú á með lagasetningu að þrengja að kosti þessara manna mjög verulega og ég segi að þarflausu, þar sem á þessu vatnasvæði, sem ég hér geri að umtalsefni, er ekki um minnkandi fiskstofn að ræða, heldur þvert á móti. Núverandi friðun virðist því vera alveg nægilega mikil.

Ég vil taka það fram, að með þessu á ég ekki við það, að rýra beri sérstaklega eða neitt hlut stangveiðimanna eða þeirra, sem stangveiði stunda í íslenzkum veiðivötnum, þvert á móti.

En ég álít ekki rétt að hefja þá veiðiaðferð til skýjanna á kostnað annara veiðiaðferða, sem tíðkazt hafa hér á landi allt frá landnámstíð.

Í þessu sambandi má einnig benda á verðmæti lax- og silungsveiði. Veiðimálastjóri ræðir um það í oftnefndri ritgerð sinni og talar þar um útfluttan lax. Hann segir, að mest hafi verið flutt út 1936, eða 44 tonn, síðari árin minna, en alltaf nokkuð. Vitað er, að yfirleitt er hátt verð á laxi á erlendum markaði, en þá verður laxinn líka að vera fyrsta flokks vara, en um gæði laxins og verðmæti hans til útflutnings er fróðlegt að lesa umsögn, sem ég hef í höndum frá netaveiðimönnum, sem athuguðu frv. þetta á s. l. vetri og gerðu við það margar brtt. Í þessari umsögn, sem er frá verzlunarfélaginu Borg í Borgarnesi, segir svo:

„Samkvæmt reynslu okkar í laxverzlun s. l. 20 ár viljum við taka eftirfarandi fram:

Lax, sem veiddur er í net, er miklu verðmeiri, bæði vegna meðferðar á honum og svo hins, að stangaveiddur lax er ekki hæfur til útflutnings. Hafi það komið fyrir, að stangaveiddur lax hafi í ógáti verið látinn með útflutningslaxi, fleygja kaupendur honum og kalla hann „sunfish“. Stangaveiddur lax er því aðeins seljanlegur á innanlandsmarkaði og verður oft lítils virði í góðum veiðiárum.“

Undir þetta ritar fyrir hönd Verzlunarfélagsins Borg Árni Björnsson.

Ég er ekki persónulega kunnugur þessu með útfluttan lax og skal ekki fara fleiri orðum um þetta vottorð, sem þessi kunnugi maður gefur. En það vita allir laxveiðimenn, að bezti laxinn fæst, meðan hann er í göngu, um leið og hann kemur úr sjónum, og bezt að taka hann í gildrur, þar sem hægt er að taka hann lifandi úr. Næstbezt er að veiða hann í net, sé hann tekinn úr sem fyrst eftir að hann ánetjast. Þá er einnig áríðandi, að ekki skíni sól á fiskinn, þegar hann er tekinn upp úr vatninu. Með slíkri meðferð fæst verðmæt vara, sem hægt er að selja á erlendan markað fyrir hátt verð, og vitanlega er það einnig fyrir innlenda markaðinn nauðsynlegt, að fiskurinn sé alltaf vel með farinn og að hann sé veiddur á góðum tíma, þegar hann er beztur, en það er sem sagt þegar hann er að ganga úr sjónum. Þá er hann feitastur og beztur, og þá er hann beztur til allra nota.

Af því, sem ég hef nú sagt, er ljóst, að lenging friðunartímans er skaðleg fyrir þá, sem netaveiði stunda, og óþörf á þeim vatnasvæðum, þar sem ekki er um minnkandi fiskstofn að ræða. Ég vænti því, að hv. dm. samþykki þessa brtt. mína.

Eins og ég drap á áðan, er veiðimálastjóra fengið að mínu áliti of mikið vald í hendur í veiðimálunum með þessu frv. T. d. segir í 27. gr., 5. tölul.: „Nú þykja ákvæði þessara l. um friðun og veiðitæki eigi veita fiskstofni nægilega vernd gegn ofveiði, og er ráðh. rétt eftir till. veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að fækka föstum veiðivélum í því vatni.“ M. ö. o. er veiðimálastjóra heimilt, eða honum er gefið þarna vald til þess, að hann þurfi ekki að fara eftir því, sem ég kalla hin ströngu ákvæði frv. Honum er þarna gefið allt of mikið vald. Hann einn á að dæma um, hvort þessi l. veiti fiskstofni nægilega vernd. Hann einn getur fyrirskipað, að allri netaveiði sé hætt í veiðivatni, þar með taldar stórár. Ég segi: hann einn, því þó að ráðh. hafi framkvæmdarvaldið og veiðimálanefnd eigi að samþykkja, þá er það ekki mikils virði, vegna þess að líklegt má telja, að bæði ráðh. og fiskimálanefnd fari eftir till. veiðimálastjórans sjálfs.

Ég vil ekki með þessu væna núverandi veiðimálastjóra um, að hann misnoti þetta eða muni misnota þetta vald sitt. En ég álít, að ákvæði þau, sem sett eru í frv., séu það ströng hvað þetta snertir, að óþarfi sé að ákveða, að í vissum tilfellum geti veiðimálastjóri hoppað yfir þau öll og gert það, sem honum sýnist í þessum málum. Ég legg því til, að 5. tölul. 27. gr. sé felldur niður.

Þá kem ég að síðustu brtt. minni, en hún er við 35. gr. og er um það, að 3. tölul. hennar falli niður, en sá tölul. hljóðar svo: „Til lengdar fastrar veiðivélar samkvæmt 1. málsgr. þessarar gr. telst fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, hvort sem girt er yfir allt það svæði eða eigi.“

Í 35. gr. er tekið til, að milli fastra veiðivéla skuli vera 100 m bil eftir endilöngu vatni, svo er einnig nú samkvæmt gildandi lögum. Þessi grein tekur til þess, að það skuli vera 100 m millibil á milli veiðivéla, þ. e. a. s. á milli neta, eða fimmföld lengd fastrar veiðivélar. Nú er það svo, að sums staðar, einkum á ósasvæðum Hvítár í Borgarfirði, hagar svo til, að net eru ekki lögð frá bakka, heldur í ála, sem eru á leirum langt frá landi oft og tíðum. Þó að slíkt net, ef við tökum dæmi, sé ekki nema 5 m á lengd, sem lagt er í slíka ála, til að nefna einhverja tölu, þá er það talið veiðivél, sem nái alla leið frá árbakka. Það getur ef til vill verið um að ræða eyri, sem gengið verður um þurrum fótum um fjöru og kannske oftar, 100 m á breidd. Afleiðing þessa ákvæðis verður því sú, að þetta net eða þessi veiðivél verður talin 100 m á lengd og næsta net verður þá að vera í 525 m fjarlægð eða fimmföld lengd veiðivélarinnar.

Ég tók eftir því, að hv. frsm. sagði, þegar hann ræddi um þessa gr., að þetta gæti ef til vill orðið kílómetri á lengd, og ef þetta yrði kílómetri t. d. frá bakka og út að þeim ál, sem net er lagt í, þá er sú veiðivél talin 5 km, þegar á að fara að mæla næstu lögn við.

Af þessu er sýnilegt um þá menn, sem eiga lönd að slíkum veiðistöðum, að svo getur farið, að þó að þeir eigi 5 km meðfram á, þá geti þeir ekki haft nema eina lögn á þessum stöðum. Og t. d. nágranni slíkrar jarðar, ef hann á 2—3 km meðfram á við hliðina á hinum, sem ég nefndi fyrr, og veiðivél hins fyrrnefnda er of nærri hans landamerkjum, þá getur sú veiðivél þess fyrra eyðilagt það fyrir þeim seinni, að hann geti nokkuð notað sér sinn veiðirétt.

Það kom fram við meðferð málsins í n., að með þessu ákvæði væri mestöll veiði tekin af sumum ágætum veiðijörðum á ósasvæði Hvítár.

Ég vil því gera tilraun til að nema þetta ákvæði burt úr l., því að þarna finnst mér gengið harkalega nálægt eignarrétti manna. En ég vil taka það fram aftur, að verði þessi brtt. mín

felld, þá mun ég fylgja skrifl. brtt. frá hv. þm. Barð., sem hann lagði fram hér áðan um skaðabætur til þeirra manna, sem yrðu svo harkalega úti vegna ákvæða þessara laga.

Ég hef þá lýst brtt. mínum, þeim sem ég stend einn að. Ég hef sagt áður, að ég fylgi öllum brtt. n., eins og um var talað, þegar þær voru mótaðar, og ég tók það fram áðan, að þrátt fyrir það að þær gangi skemmra í réttlætisátt en ég hefði óskað eftir að ýmsu leyti, verð ég að segja það, að þær eru til bóta. Ég mun því fylgja þeim, og geri ráð fyrir því, að hv. deild samþykki þær allar, og ég vil þá einnig vona, að menn líti á brtt. mínar, þessar sem ég flyt einn, með sanngirni og viðurkenni, að þær hafa mikinn rétt á sér og eiga að samþykkjast.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Frsm. minni hl. hefur nú gert grein fyrir sínum till. Við höfum heyrt þær og rökin fyrir þeim.

Ég kom að nokkru leyti inn á 1. brtt. hans hér áðan, neyddist til þess, þó að það sé ekki venja.

Við 13. gr. er ein brtt. okkar, og við töldum, að við með því kæmum á móts við hann og hann mætti vel við una. Það er brtt. um skýrslusöfnunina, sem felst í 13. gr. Hann tók dæmi um það, að slík skýrslusöfnun gæti leitt til þess, að veiðin yrði tvítalin. Ég held, að það sé ósköp auðvelt að komast fram hjá því og það sé hægðarleikur, því að um leið og hann segir frá þessum 20 löxum, sem hann keypti einhvers staðar að, hvaðan hann keypti þá, þá kemur það fram, hvaðan þeir eru, og ef svo er keypt frá honum aftur af öðrum, sem segist hafa keypt frá honum, þá sýnir það sig, að þar eru sömu laxarnir á ferð, svo að það er engin hætta á því, að þeir verði tvítaldir. Ég held, að það sé nauðsynlegt að reyna þetta. Það getur engum manni blandazt hugur um það, að manni, sem á að reyna að sjá um, að þessi lög séu haldin og leiði ekki til ofveiði neins staðar, er nauðsynlegt að fá sem fyllstar og beztar og réttastar upplýsingar um það, hvað veiðist mikið á hverjum stað.

Það á að gefa það upp, það er alveg rétt, það á að gefa það upp á framtalsskýrslum, hvað mikið veiðist. Þær eru nú svona og svona og ekki ævinlega mikið á þeim að byggja. Ég held þess vegna, að till. okkar nm. sameiginlega, sem féllumst á að láta reyna þetta, gefa ráðh. heimild til að láta gera það, sé sjálfsögð. Ef það reynist eins og hv. 2. þm. Árn. heldur fram, að það sé ekki á þeim skýrslum að byggja eða þær fáist ekki, þá eru hæg heimatökin að hætta því aftur, þegar því er breytt í heimild, en það er alveg óumflýjanlegt að reyna að skapa þann grundvöll, eftir því sem hægt er, að það fáist sem fyllstar upplýsingar um veiðimagnið í hverri einstakri á. Ekki skal ég fara út í það, en þó jaðra að því í gamni meira en í alvöru, að það eru nú margir, sem halda því fram, að ein aðalástæðan til þess, að ekki á að safna slíkum skýrslum eða menn leggjast á móti þessum skýrslum í vissum héruðum landsins, sé sú, að þá mundu koma fram nokkrir laxar, sem teknir eru bæði í sjó og í silunganet og því óleyfilega veiddir. Það kunna að vera illar getsakir í garð annarra manna, en það eru nú ýmsir, sem halda það samt sem áður, að þar sé að leita undirrótanna fyrir því, hve vissir menn, ekki þar með 2. þm. Árn., því að ég ætla honum það ekki, en vissir menn, sem hann vinnur fyrir og flytur hér mál á Alþingi fyrir, vilji þetta ákvæði feigt og burt og úr heiminum.

Um 84 stunda friðunina, sem nú er lengd, hef ég ekkert sérstakt að segja. Ég tel mig ekki dómbæran um það að segja, hvort það er fullkomlega þörf eða ekki, en þegar menn eru búnir að leggja það til, sem taldir eru forustumenn á því sviði, eins og sérstaklega Pálmi heitinn Hannesson, þá sé ég ekki, að ég geti lagzt á móti því, og það vitum við, að í ýmsum ám hefur veiði minnkað og í öðrum gengið alveg til þurrðar. Við þurfum ekki annað en að fara hérna leiðina norður. Þar komum við að Korpúlfsstaðaá og Brynjudalsá og Botnsá, sem allar saman voru orðnar þurrar fyrir nokkrum árum, þó að það sé komin veiði í þær aftur núna vegna friðunar. Ég held þess vegna, að ég ræði helzt ekkert um þann friðunartíma sérstaklega. Ég bara legg til fyrir nefndarinnar hönd, að greinin verði samþykkt eins og hún er í frv. og bæði 1. og 2. till. hans felld.

Það er alveg rétt, að veiðimálastjóra er gefið mikið vald með frv. eða ráðh. með hans aðstoð. Á það minntist ég. Og það er nauðsynlegt. Það er alveg nauðsynlegt, þar sem við erum að semja lög, sem eiga að gilda um gerólíka staði, eins og hér er um að ræða. Við erum að stríða við að semja lög um pínulitlar sprænur, sem þó nokkur laxveiði er í, en hægt er að þurrka út veiði í á tiltölulega mjög skömmum tíma, — og svo erum við að semja lög um stórár eins og Ölfusá, sem er svo stór og breið, að net, sem þverleggst yfir aðrar ár, það nær út í vatnið í Ölfusá, en það er ekki miklu meira.

Þess vegna verður veiðimálastjóri alveg ótvírætt að hafa vald til þess að geta gripið inn í og hnikað dálítið til framkvæmdinni, eftir því sem ástæða er til á hinum einstöku stöðum. Og þessi grein, sem hv. 2. þm. Árn. leggur til að felld sé niður, 5. tölul. 27. gr. frv., hljóðar nú svo, með leyfi forseta:

„Nú þykja ákvæði þessara laga um friðun og veiðitæki eigi veita fiskstofni vatns nægilega vernd gegn ofveiði, og er ráðherra rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að fækka föstum veiðivélum í því vatni.“

Þetta er allt og sumt. Ef skýrslurnar, sem hann á að reyna að fá eftir 13. gr. og að öðrum leiðum, sýna það, að veiði fari minnkandi ár frá ári í einhverri á, þá má hann grípa inn og gera ráðstafanir til þess að reyna að hindra það, að slíkt eigi sér stað. Vitanlega verður maður, sem slíkt gerir, og maður, sem hefur slíkt vald, að geta lagt fram rök fyrir sínu máli. Hann verður að geta sannað, að hér sé um hættu að ræða, er réttlæti gerðir hans. Að öðru leyti getur hann ekki tekið réttinn af mönnunum, og í öðru lagi fellst enginn ráðherra á að taka ráð af honum. En hann verður að hafa þetta vald. Hann á að

hafa þetta vald, og ég vona, að hv. deild sjái rétt að samþykkja það.

4. brtt. hv. 2. þm. Árn. var svo viðvíkjandi 35. gr. Þar vill hann fella niður alveg 3. liðinn og þar með láta áfram haldast sams konar veiði og núna er, t. d. á ósasvæði, skulum við segja, Hvítár, líka t. d. á ósasvæði Langadalsár í Ísafjarðarsýslu, sem verið er að tæma með svona netum. Það er nefnilega víðar en í Hvítá, sem þetta á sér stað. Það á sér stað hingað og þangað, þar sem aðstaða er til þess, og þegar kemur að litlu ánum, er það alveg eyðileggjandi, gersamlega eyðileggjandi fyrir þær. Það hefur minna að segja um stórárnar, miklu minna. Þó hefur það þar líka töluvert að segja. Já, ég tek þá ákveðna á, ónafngreinda þó, en ekkert ákaflega langt frá Rvík. Þar er líka stunduð svona veiði, — ekki við Hvítá í Borgarfirði, — og það er ekki nema einn maður, sem stundar hana, og hann tekur ⅓ af öllum laxinum, sem veiðist í ánni, en ⅔ eru veiddir á stöng uppi í ánni. Hann gerir það, og ef hann færi að færa sig upp á skaftið og setja fleiri slíkar lagnir þar úti á eyrunum, þá mundi hann geta bætt enn við, og þá væri sannarlega hætta á, að um þurrð yrði að ræða, — það er kannske nú þegar, — og ástæða til þess að lofa veiðimálastjóra að grípa inn eftir ákvæðinu, sem við áðan vorum að ræða um og felst í 27. gr., en hann vildi láta fella niður.

Ég viðurkenni mjög fúslega og veit það, að ýmsar af lögnunum, bæði á ósasvæði Hvítár í Borgarfirði og víðar, verða að hverfa, þegar þetta ákvæði er sett inn. Þar með er alls ekki sagt, að mennirnir, sem þar eiga hlut að máli, bíði neinn verulegan skaða. Sumir af þeim hafa áreiðanlega aðstöðu til að færa sig að sínum bakka og leggja þar skammt frá. Og það getur vel verið, að Hvítá geti hjálpað til þess, því að hún er ekki alltaf í sömu kvíslunum. Hún getur stundum komið með kvísl með vesturlandinu, sem er eins gott að leggja í eins og úti í miðjum firði, þó að stundum sé lögn úti í miðjum firði. Og með því að elta þær um allt, þá er kannske hægara að finna þær. Það er víst ómögulegt að segja um það, hvað mikið þetta getur dregið úr veiðinni, en það er augljóst, að nokkrir veiðistaðirnir úti í firðinum leggjast niður. Og þeir eiga að leggjast niður. Það á að lofa laxinum að komast upp í árnar og vera þar til að hrygna, en ekki að drepa hann allan úti á leirum.

Í því sambandi talaði frsm. minni hl., hv. 2. þm. Árn., um það, að laxinn, sem veiddist á stöngina, væri miklu verri vara en hinn, sem veiddist í netin. Ég þori ekki um þetta að fullyrða. Ég veit, að það geta verið fleiri hættur á þeim, sem veiðist á stöngina, sérstaklega þegar hann veiðist langt frá verzlunarstað og þarf að flytjast langar leiðir, og þá getur náttúrlega verið, að hann á þeim flutningi skemmist eitthvað. En það vitum við, sem munum aftur í tímann í Borgarfirði, meðan árnar þar voru leigðar Englendingum, sem voru þar uppi að veiða, að aldrei veiddu þeir nema á stöng og aldrei heyrðist minnzt á það hjá þeim, að munur væri á laxinum, sem þeir veiddu, og laxinum, sem veiddur var í netin. Þeir tóku hann allan jafnt og létu frysta og flytja út frá Ferjukoti. Og enn er það svo, að í Ferjukoti er tekinn og frystur lax, bæði til innanlandssölu og útflutnings, bæði af stöng og úr netum.

Ég er ekki beint að bera brigður á þessa umsögn Árna í Borgarnesi, sem verzlar þar fyrir verzlunarfélagið Borg, en ég hygg, að mönnum beri ekki heldur alveg saman um það, ef laxinn annars kemur nýr. Ef menn, sem eru að veiða inni á uppsvæði Þverár, sem þar kallast Kjarará, langt fyrir innan byggð í Borgarfirði eða inn á móti Fljótstungu eða enn þá innar, senda ekki frá sér lax þá þrjá daga, sem þeir eru þar upp frá, og geyma hann þar, en hafa engar aðstæður til að geyma hann þar í kæliklefa og koma ekki með hann fyrr en þeir eru búnir, þá náttúrlega get ég skilið, að hann verði verri en lax, sem veiddur er í net hjá Ferjukoti og strax settur í frysti eða kæli. En ef þeir senda hann frá sér, eins og ég hygg að þeir hafi gert núna, — það upplýsist sjálfsagt í Nd., því að það er nú einn þm. þar, sem veiðir þar á hverju ári, — ef þeir senda hann frá sér daglega, eins og ég hygg að þeir geri núna, þá hugsa ég, að munurinn verði ekki mikill. Ég hugsa sem sagt, að það séu ákaflega léleg rök móti stangarveiði og netalaxinn sé verri.

En ég vil halda fast við það og segja það enn fremur máli mínu til sönnunar, sem ég reyndar drap á áðan um þá, sem hafa tekið upp þessar veiðar úti á leirum í álum, að það eru fæstir þeirra, sem hafa fengið þá veiði nema af sjálfu sér, þeir hafa ekkert fyrir hana gefið. Það eru fæstir þeirra, sem hafa keypt jarðirnar, eftir að hægt er að hafa ástæðu til að ætla, að verð þeirra hafi hækkað vegna þessarar veiði, og þess vegna heldur ekki ástæða til að borga þeim það mikið, enda þótt ég hafi fallizt á að láta þá hafa bætur eftir mati, ef veiði rýrnar um helming. En einmitt af því, að við höfum fallizt á það með brtt. við 3. gr., þá er ekki nokkur ástæða til að vera að taka það upp aftur í 107. gr., eins og skriflega brtt. gerir ráð fyrir. Það er komið inn í frv. á tveimur stöðum um bætur. Annars vegar er rætt um bætur í 20. gr., en þar er veiðimálastjóra heimilt að grípa inn og banna veiði, ef sérstaklega stendur á. Þetta er í 20. gr. Og í öðru lagi á að borga bætur, ef maður missir meira en helming veiði vegna bakkaákvæðanna, en um þau er einmitt að ræða þarna í Borgarfirðinum. Að það þurfi þess vegna enn fremur að greiða bætur vegna einhverrar hugsanlegrar minnkunar á veiði, kannske bara af því, að maðurinn, sem neðar býr við ána, hefur orðið fyrri til að leggja sitt net og þess vegna ánetjist í því fleiri laxar og við það missi maðurinn, sem ofar býr, einhvern part af veiði, miðað við það, sem hann hafði sjálfur áður, þá á að fara að meta það og greiða bætur eða ef einhverjar aðrar slíkar aðvífandi ástæður kunna að verða til þess, að menn fái rétt til að heimta bætur, ef þessi ákvæði eru sett í 107. gr., og ég sé ekki annað en að þau séu algerlega óþörf, órétt beinlínis, það getur orðið til þess, að menn ímyndi sér, að þessi eða hin aðgerð náunga síns eða hins opinbera hafi minnkað hjá honum veiði,

án þess að hún hafi á nokkurn hátt verið að því völd, og þá fer hann af stað með bótakröfur og allan þann kostnað, sem utan um það er, og svo upplýsist, að allt er unnið fyrir gýg.

Borgarfjarðarmennirnir, sem þarna eiga hlut að máli, eru allir komnir undir bætur eftir 35. gr., ef okkar till. væri samþykkt. Það eru því ekki þeir, sem er verið þar um að hugsa. Það eru einhverjir aðrir, og ég skal ekki segja hverjir, það gætu sem sagt hugsazt einhver einstök afbrigði, sem kemur fyrir að þurfi að bæta. En þau eru óskaplega fá og engin ástæða til þess, nema eitthvað alveg sérstakt sé um að ræða. Þess vegna legg ég á móti því, að skriflega brtt. sé samþykkt, og við meiri hl. í n., þrír, vorum á móti því, þegar um þetta var rætt í n. En ég vissi, að tveir nm. voru þá með því að samþykkja það, og átti von á þeirri till. og var þess vegna dálítið hissa, þegar ég sá hana ekki, og vonaði, að guð hefði gefið, að þeir hefðu bætt ráð sitt og séð að sér og færu ekki að koma með slíkt fram, og þótti vænt um það. Nú sé ég, að það hefur ekki verið. En menn geta iðrazt alveg fram á síðustu stund, og ég vona, að það verði svo hér.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 69. fundi í Ed., 14. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 133, n. 328, 324, 327, 340).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 324,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 324,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 324,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 324,4 samþ. með 12 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
10.—12. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 327,1 felld með 8:4 atkv.
— 324,5 samþ. með 11 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 324,6 samþ. með 9:1 atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 324,7 samþ. með 10 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 324,8 samþ. með 11 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 327,2 felld með 9:3 atkv.
19. gr. samþ. með 9:2 atkv.
Brtt. 324,9 samþ. með 11 shlj. atkv.
20. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
21.—23. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
24.—26. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 324,10 samþ. með 9:2 atkv.
— 327,3 felld með 9:2 atkv..
27. gr., svo breytt, samþ. með 9:2 atkv.
28. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 324,11 samþ. með 9 shlj. atkv.
29. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 324,12 samþ. með 9:1 atkv.
30. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 324,13 samþ. með 10 shlj. atkv.
31. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
32.—33. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 324,14 samþ. með 10 shlj. atkv.
34. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 324,15.a samþ. með 9:1 atkv.
— 327,4 felld með 9:2 atkv.
— 324,15.b samþ. með 9:1 atkv.
35. gr., svo breytt, samþ. með 9:2 atkv.
Brtt. 324,16 samþ. án atkvgr.
36.—38. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
39.—43. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
44. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 324,17 samþ. með 11 shlj. atkv.
45. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 324,18 samþ. með 10 shlj. atkv.
46. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
47. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 324,19 samþ. með 11 shlj. atkv.
48. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
49. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 324,20 samþ. með 10 shlj. atkv.
50. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 324,21 (ný 51. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
52. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 324,22 samþ. með 9 shlj. atkv.
53. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 324,23 samþ. með 10 shlj. atkv.
54. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
55.—61. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
62. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 324,24 samþ. með 11 shlj. atkv.
63. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
64. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 324,25 samþ. með 11 shlj. atkv.
65. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 324,26 samþ. með 10 shlj. atkv.
66. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
67.—69. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 324,27 samþ. með 9 shlj. atkv.
70. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
71. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 324,28 samþ. með 9 shlj. atkv.
72. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 324,29 (ný 73. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 324,30 (ný 74. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
75. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 324,31 samþ. án atkvgr.
76. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
77. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 324,32 (ný 78. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
79.—81. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
82.—91. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
92. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 324,33 samþ. með 11 shlj. atkv.
93. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 324,34 samþ. án atkvgr.
94. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 324,35 samþ. án atkvgr.
95. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 324,36 (ný grein, verður 96. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
96.—98. gr. (verða 97.—99. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
99.—100. gr. (verða 100.—101. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 324,37 samþ. með 11 shlj. atkv.
101. gr. (verður 102. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
102.—103. gr. (verða 103.—104. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
104.—105. gr. (verða 105.—106. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
106. gr. (verður 107. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 340 felld með 7:4 atkv.
107.—108. gr. (verða 108.—109. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
109.—115. gr. (verða 110.—116. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
116.—117. gr. (verða 117.—118. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 345, 346).

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Ég flyt við þessa umr. brtt. á þskj. 346 við frv. það, sem hér liggur fyrir um lax- og silungsveiði. Það gerist nú ekki þörf fyrir mig að fara mörgum orðum um þessa brtt. mína. Ég flutti við 2. umr. málsins brtt. við frv., þess efnis, að friðunartími lax- og silungsveiði hvað netaveiðina snertir skyldi vera óbreyttur frá því, sem hann er nú samkv. gildandi lögum, þ. e. 60 klst. á viku á þeim tíma, sem veiði er annars leyfð.
Ég sýndi fram á, að lenging friðunartímans í 84 klst. á viku, eins og frv. gerir ráð fyrir, mundi valda veiðieigendum, sem netaveiði stunda, hvort sem um lax- eða silungsveiði er að ræða, mjög miklu óhagræði og mundi valda þeim einnig fjárhagslegu tjóni. Ég sýndi fram á, að óréttmætt væri að lengja friðunartímann á þeim vatnasvæðum, þar sem ekki væri um þverrandi fiskstofn að ræða, eins og t. d. á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár í Árnessýslu, sem ég tók sem dæmi hvað þetta snertir. Meiri hl. hv. dm. gat ekki fallizt á þessi sjónarmið og felldi brtt. mína, svo að nú er friðunartíminn ákveðinn 84 stundir á viku hverri undantekningarlaust, en þessi ákvæði er að finna í 19. gr. frv.
Brtt. sú, sem ég flyt nú, er viðvíkjandi friðuninni. Hún gengur í nokkuð aðra átt en brtt. mín við 2. umr., það er að segja, að heimilt verður eftir henni, ef hún yrði samþykkt, að færa friðunartímann í 84 stundir á viku, ef þörf er á. Brtt. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:
„Á veiðitíma þeim, er getur í 18. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði annarri en stangarveiði 60 stundir í viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 9 til mánudagsmorguns kl. 9.“ Þetta ákvæði er óbreytt eins og er í núgildandi lögum. Þá kemur áfram: „Friðunartíma þennan má lengja í 84 stundir á viku, sé að dómi veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og hlutaðeigandi veiðifélags, ef til er, hætta á, að um þverrandi fiskstofn sé að ræða á viðkomandi veiðisvæði.“
Með þessari brtt. er þrætt meðalhófið. Aðalreglan verður, að friðunin sé 60 stundir á hverri viku, sama og er samkvæmt núgildandi lögum, en heimilt að lengja hana í 84 stundir á viku, sé að dómi veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og viðkomandi veiðifélags hætta á, að um ofveiði geti verið að ræða á vissum vatnasvæðum. Með þessu á að vera skapað það öryggi, sem felst í aukinni friðun, og friðunin sett á, þar sem hennar er þörf og hún nauðsynleg að dómi færustu manna á þessu sviði. En sé friðunartíminn lengdur undantekningarlaust úr 60 stundum í 84 á viku hverri, kemur það, eins og ég hef sýnt fram á, jafnt niður á þeim vatnasvæðum, þar sem fiskstofn er öruggur eða í vexti, og á þeim vatnasvæðum þar sem um raunverulega og hættulega ofveiði er að ræða. Ég ætla svo ekki að fjölyrða meira um till. Hún liggur ljóst fyrir, og hv. deildarmönnum er ljóst, hvað við er átt og hvaða áhrif hún hefur, ef hún yrði samþykkt, sem ég vona að hv. dm. sjái sér fært að gera.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Því miður hefur ekki unnizt tími til að ná landbn. saman til að ræða um þessa tillögu. Þess vegna hefur hún sem heild enga afstöðu til hennar tekið. Ég hef kynnt mér hana, og það hafa sjálfsagt allir þm. gert. Og þegar við gerum það, þá verðum við að hafa hugfast í fyrsta lagi skipun n., sem að málinu vann og í voru, eins og ég sagði við 2. umr. þessa frv. hér, þeir Pálmi sálugi Hannesson, Björn alþm. Ólafsson og Þórir í Reykholti og svo tveir lögfræðingar, Gizur Bergsteinsson og Gunnlaugur Briem. Þeir segja: „Þykja gildandi lagaákvæði eigi tryggja nægilega viðhald fiskstofnsins í ám og vötnum?“ Þess vegna fara þeir inn á þá leið að stytta eða takmarka veiðina, ekki bara á þessum veiðivélum, sem hér er um að ræða, heldur á öllum.
19. gr., sem hér er lagt til að sé breytt, takmarkar fyrst og fremst þessar lagnir frá því að vera uppteknar tvo daga í viku upp í þrjá daga og lætur laxinn því fá þrjá daga til að komast óhindraðan á hrygningarstaðina. Hún takmarkar stangarveiðina frá því að mega vera allan sólarhringinn upp í að mega vera bara 12 tíma af hverjum sólarhring og hún takmarkar ádráttinn alls staðar niður í tvo daga í viku. Hún takmarkar þess vegna alla veiði í ánum. Það er efni brtt. að taka þessa veiðiaðferð út úr og segja, að hún væri eitthvað hættuminni en aðrar veiðar, og gera þess vegna aðra aðalreglu um hana en hinar og láta hana ekki fara úr ánum nema 60 tíma í viku hverri. Ég vil ekki gera aðalreglu um þá veiðina, sem í ósunum og nær ósasvæðunum er hættulegust fyrir stofninn, — ég vil ekki gera það að aðalreglu, að með þessari aðferð megi veiða miklu lengur en hinum, sem menn viðurkenna hættuminni fyrir veiðina. Þess vegna get ég ekki verið með þessari till., eins og hún er orðuð.
Hins vegar gæti hugsazt, að það væri ástæða til þess að breyta þessari till. og í staðinn fyrir að segja 60 stundir á viku hverri, þá stæði þar: 84 stundir í viku hverri og frá föstudagskvöldi til þriðjudagsmorguns, en friðunartíma þennan má stytta niður í 60 stundir á viku hverri, sé að dómi veiðimálastjóra og veiðimálanefndar og

hlutaðeigandi veiðifélags engin hætta á, að um þverrandi veiðistofn sé að ræða á viðkomandi veiðisvæði. Þá er það orðið undantekning með einstaka ár, sem sérstaklega stendur á um, að það megi stytta veiðitímann og veiða lengur í þeim en öðrum, ef ástæðurnar liggja þannig, að það þyki ástæða að leyfa slíkt. En þá er það líka orðin algild regla, að þeir megi eigi veiða lengri tíma í hverri viku með þeirri veiðiaðferðinni, sem hættulegust er til að útrýma laxinum, en hinum.

Nú veit ég ekki, hvernig mínir meðnefndarmenn mundu taka í það, að svona brtt. kæmi fram, eins og ég núna breytti till. 2. þm. Árn. En ég gæti hugsað mér að vera með slíkri till. Og mér skilst á veiðimönnum í Nd., sem væntanlega fá málið til meðferðar, að þeir mundu láta afskiptalausa slíka till., en ekki líða till. eins og hún kemur frá 2. þm. Árn. Þá mundi frv. aftur verða breytt og við fá það aftur í hausinn, ef hún færi þannig frá okkur.

Þó er nú þetta ekki þannig, að ég þori að segja þetta með vissu. Ég hef talað við menn, bæði úr landbn. og eins Björn Ólafsson og fleiri, sem eru kunnugir laxveiðum og koma til með að tala um þetta, þegar þangað kemur, og held þetta af þeim viðtölum. Ég held, að það væri nú réttast þess vegna, ef hæstv. forseti vildi fresta umr. um þetta mál og lofa okkur í n. að athuga, hvort við gætum sætt okkur við að flytja till. líka þessari, sem ég stakk upp á að breyta till. hv. 2. þm. Árn. í.

Forseti (BSt): Að sjálfsögðu vil ég verða við ósk hv. formanns landbn. um það að fresta þessari umr., því að eðlilegra er, að n. athugi þetta mál á nefndarfundi, heldur en að nm. ræðist við á deildarfundi um það, hvort þeir vilja fallast á breytingar. Er því umr. frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 72. fundi í Ed., 19. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 345, 346, 355).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Eftir að forseti varð við þeim óskum mínum í gær að taka málið út af dagskrá, svo að við gætum haldið fund í landbn. til að athuga till., sem fram var komin um breytingu við 19. gr., þá héldum við fund og urðum sammála um það, fjórir nm., að leggja til, að flutt yrði brtt. við brtt. á þskj. 346, líkt eins og ég talaði um í gær.

Þessi friðunarákvæði í 19. gr. eru, eins og við allir vitum, almenns eðlis og miðuð við það, sem talið er þörf á að friða til þess að tryggja laxastofninn í ánum. Við höfum áður samþykkt grein í frv., þar sem gert er ráð fyrir, að safnað verði skýrslum, sem geri mögulegt að fylgjast betur með, hvort fiskstofninn í einhverju vatnahverfi helzt við eða er að ganga til þurrðar. Það var álit þeirra manna, sem sömdu þetta lagafrumvarp upprunalega, að það væri þörf á því að hafa friðunartímann hér almennt svona langan. Þess vegna lengdu þeir friðunartímann fyrir þessari veiði, sem um ræðir í þessari brtt., úr tveim sólarhringum upp í þrjá. Þess vegna takmörkuðu þeir stangarveiðina við hálfan sólarhringinn. Þess vegna takmörkuðu þeir dagana um ádráttinn við tvo daga í viku og reyndu að samrýma þetta allt saman með því að auka friðunina, auka möguleikana til þess, að laxinn kæmist upp árnar og upp á hrygningarstaðina.

Þessu vil ég ekki hrófla við almennt séð og við í meiri hl. Hins vegar erum við inni á því, að það geti verið rétt, sem hv. 2. þm. Árn. heldur fram, að í einstaka ám sé ekki þörf á því að hafa friðunina svona langa, og þess vegna leggjum við til, að hægt verði að gefa heimild til þess með brtt., sem prentuð er á þskj. 355, að stytta friðunina, þegar svo ber undir, niður í það, sem hún er í gömlu lögunum, 60 tíma, og gerum það þó ekki nema með þessa einu veiðiaðferð. Við látum stangarveiðina vera, bara hálfan dag, aldrei lengur, og við látum ádráttinn ekki vera nema tvo daga í viku og gefum þeim enga heimild til að breyta því. Tillagan gefur þeim heimild til að hnika þarna til, stytta veiðitímann, þegar svo ber undir, og mér skilst, að þeir, sem að frv. stóðu, a. m. k. 2. þm. Reykv., Björn Ólafsson — við hann hef ég talað — og eins veiðimálastjóri, geti báðir fallizt á þessa till. og muni verða henni meðmæltir. Við leggjum þess vegna til, þessir fjórir nm., að till. 2. þm. Árn. sé breytt í þá átt, sem segir í till. okkar á þskj. 355.

ATKVGR.

Brtt. 355 samþ. með 10:1 atkv.

— 346 kom ekki til atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 46. fundi í Sþ., 20. marz, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 359).

Á 72. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég hafði nú ekki hugsað mér að hafa framsögu í málinu, en af því að ég sé, að hæstv. landbrh. er ekki staddur í deildinni og ég hins vegar var einn af þeim mönnum, sem stóðu að endurskoðun laganna, langar mig til að segja örfá orð við 1. umr. frv. í deildinni.

Það hefur ekki leikið á tveim tungum undanfarin ár, — en nú eru 15 ár, síðan laxveiðilögin voru sett, sem nú eru í gildi, — að mjög hefur verið aðkallandi að breyta lögum um lax- og silungsveiði. Það hefur verið mjög áberandi, sérstaklega síðustu ár, að um talsverða ofveiði hefur verið að ræða í ýmsum ám, sérstaklega þar, sem netaveiði fer fram jafnhliða stangveiðinni. Á því er ekki nokkur vafi, að laxastofninn í ám, þar sem netaveiði fer fram, hefur farið þverrandi undanfarin ár. Nefndin, sem endurskoðaði lögin, — og í henni voru fræðimenn og menn, sem voru þaulkunnugir þessum málum, — var þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt væri að setja skorður við ofveiðinni eins og hún ætti sér stað nú.

Nefndin lagði mikið verk í þessa endurskoðun. Ég hefði ekki trúað því að óreyndu, að lagabálkur, ekki stærri en þessi, krefðist slíkrar vinnu í endurskoðun eins og lögð hefur verið í þetta frv., sem hér liggur fyrir. Og ég komst þá að raun um, að það er aðeins á færi þaulkunnugra manna í þessari grein að endurskoða slík lög.

Meginbreytingin, sem gerð er með frv. þessu á núgildandi lögum, er aukin vernd fiskstofnsins, sem kemur fram í 19. og 35. gr. frv. Í 19. gr. er sú breyting, sem mestu varðar, og það er stytting á þeim tíma, sem stunda má netaveiði og stangveiði í viku hverri. Friðunartíminn er lengdur um einn sólarhring á viku.

Það er ekki nýtt, að þetta hefur komið fram, en það hefur sýnt sig á síðari árum, að þessi breyting er nauðsynleg. Til frekari skýringar ætla ég að leyfa mér að taka hér nokkrar setningar úr grg., sem varða 19. gr. Þar segir svo:

„Er lagt til, að vikufriðun fyrir hvers konar netaveiði sé lengd um 24 klukkustundir, úr 60 klukkustundum í 84, en fyrir ádráttarveiði úr fjórum sólarhringum í fimm. Samkvæmt gildandi lögum er stangarveiði eigi látin sæta vikufriðun, og þykir rétt að sá háttur haldist. Hins vegar er í frv. tekið upp það nýmæli, að eigi megi veiða með stöng nema helming hvers sólarhrings, og yrði því fiskur einnig friðaður fyrir stangarveiði 84 stundir á viku hverri til jafns við netaveiði, ef það ákvæði verður í lög tekið.“

Með þessu er því bæði stangarveiðin og netaveiðin takmörkuð, þannig að í raun og veru hafa þessar tvær veiðiaðferðir jafnlangan friðunartíma á viku hverri.

Hin aðalbreytingin er í 35. gr. Mikil deila hefur verið um það, hvernig mætti leggja net út frá bakka ár. Og ég held, að menn geri sér bezt grein fyrir því, hvernig þetta hefur hagað til, með því, að ég taki hér nokkrar setningar úr grg. um þessa grein:

„Þegar frv. til l. um lax- og silungsveiði frá 1930 var samið, mátti það heita föst regla, að garðar í veiðivélum væru lagðir beint út í ár frá bökkum. Ákvæði þess frv. miðaðist við þetta, eins og sést í 31. gr., en þar segir svo: „Lengd fastra veiðivéla frá bakka og út í á skal miðuð við“ o. s. frv., og síðar í sömu gr. segir: „Þó má bilið aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivélarinnar frá árbakka og út í á.“ Síðar var tekið að leggja girðingar eða girðingaspotta með gildrum langt úti í ám og ósasvæðum, og litu veiðimenn svo á, að ekki bæri að telja til veiðivélarinnar annað svæði en það, sem girt var. Veiðimálastjórnin hélt hinu fram, er hún taldi felast í anda og ákvæðum laganna. Varð af þessu dómsmál, og gekk dómur hæstaréttar á móti skoðun veiðimálastjórnarinnar. Nú hefur einn þeirra manna, er undirbjuggu lögin um lax- og silungsveiði, vottað það, að það hafi a. m. k. verið ætlun sín, að lengd lagnar í veiðivatni skyldi jafnan mælast frá bakka og út að enda lagnar að leiðara meðtöldum.

Þegar þessi hæstaréttardómur var felldur, sem hér er getið um, gerbreyttist netaveiðiaðferð á mesta laxveiðisvæði landsins, í Borgarfirðinum. Eftir að þessi dómur var upp kveðinn, hefur lagning neta farið, ef svo má segja, út í öfgar, og neðri hluti Hvítár hefur verið þvergirtur með netum, ekki aðeins frá föstum bakka að landi, heldur einnig frá eyrum út í alla ála. Af þessu hefur svo leitt, að fiskurinn hefur ekki haft eðlilegt frjálsræði til þess að komast upp í bergvatnsárnar. Af þessu hefur m. a. leitt ofveiði, sem valdið hefur því, að háværar raddir hafa komið fram um, að þessu bæri að breyta.

Aðrar breytingar í frv. má segja að séu ekki mjög stórvægilegar. Þar eru að vísu ýmsar breytingar, sem sprottnar eru af nýjum viðhorfum, svo sem fiskrækt o. fl.

Landbn. Ed. hefur athugað mjög nákvæmlega frv. þetta og lagði fram ýmsar till. í málinu, sem allar voru samþykktar. Að vísu skipti engin þeirra meginmáli. Mér sýnist, að flestar þeirra séu þó til bóta.

Frv. þetta er þaulhugsað af þeim mönnum, sem endurskoðuðu lögin. Sumir þeirra höfðu, eins og ég gat um í byrjun, mikinn kunnugleika á veiðimálunum, enda þar að auki sumir þeirra miklir lærdómsmenn. Það er þess vegna mikill vandi að breyta þessu frv. svo, að lagabálkurinn verði ekki fyrir skemmdum eða stangist við staðreyndir. Frv., eins og það liggur fyrir, verður því að mínu áliti varla mikið bætt, og væri mjög æskilegt, að það gæti fengið skjóta afgreiðslu í deildinni, svo að það dagaði ekki uppi á þessu þingi.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég var við atkvgr. í Ed., þegar þetta mál kom hér fyrir, og varð aðeins of seinn að koma hér inn í deildina. En það fór vel á því, að sá maður, hv. 2. þm. Reykv., sem er þessu máli allra manna kunnugastur, með því að hann hefur haft að ýmsu leyti forgöngu um þetta mál og starfað í þeirri n., sem undirbjó þetta mál, og lagði í það mikla vinnu, — það fór vel á því, að hann hefði framsögu um það, því að þetta er a. m. k. ekki meira en að hálfu leyti mál núverandi ríkisstj. Það er stjórnarfrumvarp frá því á síðasta þingi, eins og grg. fyrir frv. ber með sér, en þá varð samkomulag um að senda frv. til veiðifélaga og þeirra aðila, sem hafa hér hagsmuna að gæta, til þess að fá nákvæma umsögn þeirra um málið. Og nú hafa þær umsagnir fengizt, og eftir að þær lágu fyrir, — umsagnirnar eru margar, — var frv. af núverandi landbrh. sent til landbn. Ed. og óskað eftir, að hún flytti málið, sem hún gerði án skuldbindinga um afstöðu einstakra nefndarmanna. En þó að þetta mál sé undirbúið af fyrrverandi ríkisstj. og ég hafi ekki skipað þá n., sem vann að málinu, er mér það fyllilega ljóst, að til þeirrar n. var mjög mikið vandað, og þeir menn, sem að málinu unnu, hafa unnið þar að ýmsu leyti mjög gott verk, sem við var að búast, þar sem þeir eru, eins og hér var fram tekið, þeir menn, sem hafa fullkomnasta sérþekkingu á því ýmsir af þeirri sérþekkingu, sem við ráðum yfir í þessu landi.

Ég þarf ekki að bæta neinu við það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði. Það yrðu endurtekningar, ef ég bætti við það. Breytingarnar, sem eru gerðar frá núgildandi löggjöf, eru, eins og hann gat um, fyrst og fremst þær, að það er nokkur vernd á laxveiðiánum sjálfum, stangarveiðiánum, með

því að takmarka veiðitímann þar, og svo jafnframt lengdur um sólarhring friðunartími á viku hverri fyrir göngulax upp eftir jökulvatnsánum, og í þriðja lagi er leiðrétt ákvæði, sem menn höfðu misjafnan skilning á, áður en sá hæstaréttardómur gekk, sem hann minntist á, skýringin á því, hvað er árbakki. Eins og hann tók fram, var skýringin sú eftir hæstaréttardómnum, að árbakki sé eyri, þó að hún liggi langt úti í á, en við það styttist bilið milli veiðivélanna í ánum, þar sem ekki þarf að vera nema fimmföld lengd á fyrirstöðu og neti til næstu lagnar. Ef fyrirstaðan er alla leið frá bakka fram í ála og yfir eyrar, þá vitanlega lengist bilið milli lagnanna. En við það, að leggja má út af eyrum, verður fyrirstaðan svo stutt ásamt netinu, að bilið milli lagnanna styttist, eins og hefur komið greinilega fram í sumum ám, þar sem netafjöldinn hefur við þetta margfaldazt.

Það hafa verið gerðar ýmsar breytingar, eins og hann minntist á, í hv. Ed. Markverðasta breytingin er ákvæðið um skaðabótarétt þeirra, sem missa í veiði við breytingar, sem hér er fyrirhugað að gera.

Ég sé ekki ástæðu til að fara frekar orðum um þetta frv. að sinni, en tek undir það, að eðlilegt er að vísa því til landbn. til athugunar, 2. umr. og landbn.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi láta fylgja þessu frv. nú, þegar því verður vísað til landbn.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði að vísu, að þetta frv. hefði nú fengið svo góðan undirbúning, bæði að því er tekur til starfs þeirrar n., sem undirbjó málið fyrir ríkisstj., áður en það var lagt fram hér á Alþ., og auk þess væri málið nú búið að ganga í gegnum meðferð landbn. í Ed. og tekið þar nokkrum breytingum.

Það er nú svo, að þó virðist mér, þrátt fyrir þennan undirbúning, að því er tekur til almennrar friðunar til verndar laxastofninum, að þá séu enn til athugunar nokkur atriði í því sambandi, sem enn gætu stutt betur að því að tryggja það, sem vitanlega er mjög verulegt atriði í þessu máli, að veiði verði ekki beitt þannig, að stofninn gangi til þurrðar. Það er vitað, að Íslendingar eiga með skynsamlegri meðferð á sínum fiskivötnum hér mikið verðmæti fólgið í þeim og verðmæti, sem Íslendingum er mikilsvert, bæði til eigin nota innanlands og til þess að geta einnig notað þessar afurðir til öflunar erlends gjaldeyris, sem virðist í lófa lagið, bæði að því leyti að leigja erlendum mönnum afnot ánna og líka í því að flytja laxinn á erlendan markað. En þær tilraunir, sem gerðar hafa verið í því hér að undanförnu, hafa gefið allgóða raun.

Hér er með þessu frv. að því stefnt að auka friðunina með því að takmarka frá því, sem nú er, netaveiði og einnig a. m. k. í orði, — ég held, að það sé meira í orði en á borði, — að takmarka stangarveiðarnar.

Ég skal ekki ræða um þær takmarkanir eða aukningar á takmörkunum, sem hér eru viðvíkjandi netaveiðinni. En ég skal fullkomlega taka undir um það, að í þessum vötnum, þar sem sjór fellur um, þar sem lagt er ofan í ála, og það er með tilliti til þess, að vitað er af reynslu, að laxinn gengur með fyrsta rennsli inn í þessa ála, að þá sé fullkomlega þess vert að athuga nánar um að gera nýjar ráðstafanir, þar sem svo stendur á, eins og líka að er stefnt með þessu frv. Hitt gegnir töluvert öðru máli, þar sem lagnir eru uppi í vatnsmiklum ám, að þá er ekki veiðin eða netin jafnhættuleg fyrir til þess að hefta göngu laxins þar eins og þar sem lagt er ofan í þrönga ála úti á fjörum í þessum vötnum. En hins vegar er ætlazt til þess í frv., að auknar takmarkanir gildi um hvort tveggja þetta. En það virðist mér vera mál, sem fullkomlega væri ástæða til að hv. landbn., sem nú fær mál þetta til meðferðar, tæki til athugunar. Hin hlið friðunarinnar, sem er að reisa varnir í því skyni, að ekki sé of langt gengið með stangarveiðunum, er líka, eins og nú er komið, fullkomlega athyglisverð. Og ég verð að segja það um þær auknu friðanir í þessu efni, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., að þær eru ekki nema að nokkru og ég ætla að takmörkuðu leyti raunhæfar, af því að friðunin á að fara fram einmitt á þeim tíma aðallega, sem útilokað er undir öllum kringumstæðum að nota stangarveiðar, þ. e. allan dimma tíma sólarhringsins. Þá er vitanlega ekki um neina stangarveiði að ræða, af því að laxinn tekur þá ekki. Þess vegna er með þeim ákvæðum, sem þarna eru, mjög skanımt og ég vil segja allt of skammt gengið í áttina til þess að takmarka stangarveiðina, og er það mjög mikið athugunarefni fyrir landbn., sem fær nú mál þetta til meðferðar, að taka þá hlið málsins alveg sérstaklega til athugunar.

Eins og kunnugt er, hefur orðið mikil þróun í stangarveiðunum, og ný tækni hefur sagt þar til sín eins og á öðrum sviðum fisk- og silungsveiða. Það er orðin miklu betri aðstaða nú til þess að neyta sín við þessar veiðar í sambandi við ýmiss konar agn, sem notað er við veiðina, og ýmiss konar breytta og bætta aðstöðu í því sambandi heldur en áður var. En þetta veldur því að sjálfsögðu, að það þarf nú orðið að gæta miklu frekar en áður var varhuga við því, að þessum veiðum sé ekki beitt þannig, að fiskstofnum geti stafað hætta af. Og það er það, sem ég vildi leggja alveg sérstaka áherzlu á í sambandi við athugun landbn. á þessu frv., að taka þessa hlið málsins rækilega til athugunar.

Við hljótum allir að vera sammála um, að það þurfi að beita ráðum til þess viðkomandi veiðum í fiskivötnum á Íslandi, svo mikils virði sem þau eru nú, að allrar varúðar sé gætt í því, að stofninn minnki ekki eða gangi úr sér. En menn verða bara að gera sér þess alveg ljósa grein, að stangarveiðarnar, eins og nú er komið, geta ekki síður verið hættulegar í þessu efni en netaveiðarnar. Ég tala nú ekki um að girða fyrir það, að slík óhöpp hendi, sem hent hafa í íslenzkum fiskivötnum, að þar hefur verið farið að sprengja og tortíma laxi og silungi með því að setja sprengjur ofan í þá staði í ám og vötnum, þar sem silungur og lax safnast fyrir. Slíkt hefur að vísu hent, og þarf vitanlega að gæta allrar varúðar við slíkri tortímingarherferð gagnvart fiskstofninum.

Ég skal nú svo ekki hafa fleiri orð um þetta,

en vænti þess, að hv. landbn. athugi vel og rækilega þetta frv. Og hvað snertir varnað gegn hættu, sem stafað geti af stangarveiðum, þá álít ég, að það eigi töluvert langt í land enn, eins og frv. liggur hér fyrir okkur nú í dag í hv. d., að gera þar á allmiklar umbætur. Og ég vænti, að landbn., sem fær þetta mál til meðferðar, taki það alveg eins og jafnhliða til greina í sambandi við þær friðunarráðstafanir, sem talið er nauðsynlegt að gera með breytingum á þessari löggjöf, því að það er vissulega tímabært að athuga þá hlið málsins, eins og tækninni í veiðiaðferðinni er nú komið og beitingu hennar af hálfu Íslendinga sem alkunnugt er á ýmsum stöðum.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég vildi aðeins segja örfá orð til að taka undir með hv. þm. Borgf. um þetta atriði. Það er enginn efi á því, að það er rétt og nauðsynlegt að athuga friðunina í stangveiðiánum líka, og sennilegt, að það verði að búa um það betur, ef hægt er, heldur en gert er í þessu frv. Það mætti meira að segja svo fara, ef séð væri um þann hluta málsins, að þeir menn, sem telja sig verða fyrir nokkrum skaða með meiri friðun í netaánum, bæru engan halla, nema síður sé, af því, að friðunartíminn er lengdur og hert á friðuninni að öðru leyti með því að afnema svokallað ákvæði eða skilninginn, sem hefur verið á um bakkaákvæðið, því að vitað er það, að með friðun uppeldisstöðvanna eykst vitanlega laxgengdin og gangan, sem þangað fer á hverju ári gegnum netárnar eða jökulárnar, þar sem er venjulega veitt með netum.

Það er ástæða til þess að athuga þetta, vegna þess að víst er það svo, að sumar ár eru ekki í neinni hættu fyrir ofveiði, þó að veitt sé með stöng. Þær eru svo misjafnar, bæði að því er vatnsmagn snertir og einnig að því leyti, að laxinn tekur misjafnlega í ám, og það er nú horfið það sjónarmið, sem var ofarlega á döfinni, þegar Englendingar voru að velja sér hér laxá, þá fóru þeir um allan Borgarfjörð og reyndu það, hver væri tregust, og völdu síðan þá á, þar sem erfiðast var að ná laxinum og hann tók verst. En í sumum ám tekur laxinn mjög ört, og ég tel það alveg vafalaust, að í þeim ám, þar sem laxinn tekur mjög ört, geti þær verið í hættu fyrir stangarveiði að verulegu leyti. Þess vegna — án þess að orðlengja þetta frekar — tek ég undir það, að ef landbn. í samráði við veiðimálastjóra sér sér fært að búa betur hér um hnútana, þá er það vel farið. Raunverulega er það svo, að þessi veiði í ám, þar sem staðið er frá morgni til kvölds og hver tekur við af öðrum, er ósiður, sem þarf að leggjast niður af mörgum ástæðum, friðunarástæðum og öðrum.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um þetta og tók aðeins til máls til þess að taka undir með hv. þm. Borgf. um þetta atriði.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég er samþykkur hv. þm. Borgf. um það, að ekki sé síður ástæða til að hafa vakandi auga á því, að stangveiði verði ekki um of frekar en netaveiði. Hann taldi, að tæknin í stangveiði væri nú komin á svo hátt stig, að af þeim sökum gæti ánum stafað mikil hætta af því. Ég held, að þetta sé misskilningur hjá honum. Stangveiði hefur yfirleitt ekki tekið miklum tæknilegum framförum síðustu áratugina. Veiðin er stunduð á svipaðan hátt og verið hefur. Hitt er annað mál, að Íslendingar nota jöfnum höndum tvenns konar agn, flugu og maðk. Hins vegar nota Englendingar, eins og kunnugt er, sjaldan annað en flugu.

En það er annað, sem getur verið bergvatnsánum hættulegt. Það er ásetningin á árnar. Það má, eins og hæstv. ráðh. tók fram, setja svo á ár, sem þola lítið álag, að fiskstofninn í ánum verði uppurinn á tiltölulega skömmum tíma. En það er í höndum þeirra manna, sem hafa forstöðu fyrir veiðifélögum bændanna, að ákveða, hversu margar stengur skuli vera heimilaðar í hverri á. Og það er stangafjöldinn í ánum, sem jafnan ræður mestu um það, hvernig með ána er farið.

Það hefur undanfarið verið þannig í þeim ám, þar sem mikill fjöldi stanga er leyfður og margir menn stunda veiði, að í þeim er veitt frá því snemma á morgnana þangað til seint á kvöldin. Með því ákvæði, sem nú er í frv., er komið í veg fyrir, að menn geti veitt í ánni lengur en 12 tíma á sólarhring. Nú mun það ekki óalgengt, að menn fari á fætur kl. 6 á morgnana og veiði þangað til kl. 10 á kvöldin eða jafnvel lengur, því að um mitt sumarið er hægt að veiða fram undir miðnætti.

Það er þetta, sem er í raun og veru hættan af stangveiði fyrir bergvatnsárnar. En það er ekki neitt sambærileg hætta og hættan, sem Borgarfjarðaránum stafar af netaveiðinni í Hvítá, þar eð allur laxinn, sem gengur í bergvatnsárnar, gengur um Hvítá og verður að fara í gegnum allar hindranir, sem þar hafa verið undanfarin ár. Mér er kunnugt um, eftir að ég hef veitt í einni af Borgarfjarðaránum síðasta áratug, að síðustu þrjú, fjögur árin hefur varla komið fyrir, að veiðzt hafi fiskur, sem ekki var með netaförum. En svo er það annað, að tæknin í netaveiðinni hefur aukizt, sérstaklega af því, að nú er farið að nota ný og veiðnari net, nælonnetin. En þessi net hafa skilið eftir sérstakt mark á laxinum, sem gengur um Hvítá. Á miklum fjölda laxa, sem veiðzt hafa í Borgarfjarðaránum undanfarið, hefur bakugginn verið afskorinn eftir nælonnetin. Þetta geri ég ráð fyrir að margir geti vottað, sem hafa stundað veiði í Borgarfjarðaránum. En þetta sýnir, hversu erfiðlega laxinum gengur að komast á sínar stöðvar fram hjá nælonnetunum án þess að vera særður og með netaförum. Enn er eitt, sem er mjög áberandi, að meðalþyngd laxins í Borgarfirðinum hefur á síðasta áratug lækkað úr 9—10 pundum niður í 4—5 pund. Um það má deila, af hverju þetta stafi. En ég hygg, að enginn vafi sé á því, að það stafar af of mikilli veiði.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir þær undirtektir, sem féllu frá honum undir það, að enn væri athugað rækilega í nefnd hér, hvort ekki væri ástæða til að

setja enn strangari ákvarðanir eða strangari fyrirmæli í sambandi við stangarveiðina.

Hæstv. ráðh. benti á það alveg réttilega, að það er mismunandi í ánum, hve laxinn tekur vel, og að hættan af stangarveiðunum gæti verið mikil og veruleg og alvarleg, þar sem laxinn sækir í beitu eða flugu veiðimannanna.

Hv. 2. þm. Reykv. leit svo á, að nægur varnaður hvað snertir stangarveiðarnar fælist í því, að bændur, sem leigja árnar, gætu sett reglur, sem takmörkuðu þetta mjög.

Það er náttúrlega alveg rétt, að þeir geta gert það. Hitt er svo annað mál, hvort treysta má á þetta út af fyrir sig, enda finnst mér, að það væri alveg í samræmi við önnur ákvæði þessa frv., að settar væru takmarkanir á þessu. Það er alveg í samræmi við það, að í lögin eru settar takmarkanir fyrir því, hve lagnirnar megi vera þéttar. Það er ekki lagt í vald bændanna, sem réttinn eiga til veiðanna, hvað þeir megi hafa lagnirnar þéttar. Það er beinlínis ákveðið í lögunum um vegalengd á milli lagna. Þess vegna er það ekki nema alveg hliðstætt, að settar væru einnig í lögin takmarkanir fyrir því, hversu að þessu leyti skyldi haga um leigu á ám og þá alveg með sérstöku tilliti til þess, sem hér hefur verið upplýst og viðurkennt af tveimur mjög kunnugum veiðimönnum, hæstv. forsrh. og hv. 2. þm. Reykv., að hætta geti stafað af því, a. m. k. í sumum ánum, að of nærri sé gengið laxastofninum með stangarveiðunum. Vitanlega er ekki tilganginum náð með því að takmarka netaveiðina, ef svo er hægt uppi í ánum að ganga svo nærri stofninum, að hætta stafi af. Þessa verður fullkomlega að gæta, að það er ekkert unnið með því að hleypa laxinum upp eftir ánum, ef hann er svo dreginn upp þar í svo ríkum mæli, að hætta stafi af, því að sá lax, sem veiðist snemma sumars, er miklu verðmætari vara en sá lax, sem veiðist seinna sumars og orðinn er leginn. Ef þetta væri þannig, hlýzt ekki af þessu nema tjón.

Ég vænti þess vegna þess, svo sem ég minntist á hér í upphafi míns máls og þykist nú hafa fengið góðan stuðning um í ummælum hæstv. forsrh., að hv. landbn. athugi enn vel og rækilega þessa hlið málsins. Og það rekur þá að því, að ummæli hv. 2. þm. Reykv. um, að það sé búið að ganga svo rækilega frá þessu frv., að það þurfi ekki frekari athugunar við, fá engan veginn staðizt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 97. fundi í Nd., 14. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 359, n. 508 og 524, 525).

Frsm. meiri hl. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Frv. til laga, það sem hér liggur fyrir, um lax- og silungsveiði, var flutt í hv. Ed. af landbn. eftir beiðni hæstv. landbrh. Á Alþingi 1955 var frv. þetta lagt fram af þáverandi landbrh., en ekki vannst tími til að afgreiða málið.

Í aths. við frv. er þess getið, að með bréfi, dags. 21. júlí 1954, hafi þáverandi landbrh. skipað n. manna til þess að endurskoða lög um lax- og silungsveiði með hliðsjón af nýjum viðhorfum, sem skapazt hafa í laxveiðimálum, síðan lög þessi voru sett. Það virðist hafa verið vandað allmjög til skipunar þessarar nefndar, því að í henni áttu sæti Pálmi Hannesson, sem var formaður n., Björn Ólafsson, Gizur Bergsteinsson, Gunnlaugur Briem og Þórir Steinþórsson. Allt eru þetta valinkunnir menn og mjög þekktir og menn, sem höfðu mikið kynnt sér þessi mál áður, enda finnst mér, að afköstin eftir þessa nefnd megi teljast í höfuðatriðum viðunandi. Nefndin hafði náið samstarf við veiðimálastjóra, Þór Guðjónsson, sem sat á öllum fundum n., enda kosinn ritari hennar, eins og segir í þessari sömu athugasemd.

Ég gat þess áðan, að það yrði ekki dregið í vafa, að nefndin hefði unnið mikið starf og að flest þau nýmæli, sem eru í frv., séu til bóta frá því, sem áður var.

Það virðist, ef maður athugar þetta mál svolítið aftur í tímann, sem fá mál, sem hafa legið fyrir Alþingi, hafi valdið jafnmiklum deilum sem lög um lax- og silungsveiði frá 1932, sem gengu í gildi 1. jan. 1933. Til ársins 1940 var þessum lögum breytt sjö sinnum, þó eigi í meiri háttar atriðum. 1941 voru svo allar þessar breytingar felldar inn í eða samræmdar lögum frá 1932. En það virðist sem þetta hafi ekki verið talið nægjanlegt, því að frá árinu 1941 og til ársins 1952 var þessum lögum breytt hvorki meira né minna en sex sinnum. Það verður því að teljast nokkurn veginn víst, að Alþ. hafi varið jafnvel meiri tíma í að ræða þetta eina mál en flest önnur mál, sem fyrir Alþ. hafa legið, og að oftar hafi verið gerðar á lögum um lax- og silungsveiði breytingar en flestum öðrum lögum. Þetta er ekki sagt hér til að fella neinn dóm yfir vinnubrögðum Alþ. í þessu máli frá minni hendi, heldur aðeins bent á þessar staðreyndir.

1954 kom enn fram frv. til breytingar á lögunum. Þá sýndist ráðherra tími til kominn að láta endurskoða lögin í heild sinni, einkum vegna þeirrar reynslu, sem fengizt hefur af þeim og framkvæmd þeirra, en jafnframt með tilliti til framfara í veiðitækni, eins og segir í aths. við frv. Þá segir orðrétt í athugasemd I. kafla, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndarmenn urðu á einu máli um það, að lög um lax- og silungsveiði hefðu eigi náð því meginmarkmiði sínu að auka fiskstofn í veiðivötnum. Veldur því öðru fremur, að fastar er gengið að veiði en fyrirsjáanlegt var, þá er lögin voru sett, og með veiðnari tækjum. Er svo komið í ýmsum fiskihverfum, að ákvæði laganna veita engan veginn nægilega vernd gegn ofveiði, sem jafnvel kynni að leiða til auðnar. Telja nefndarmenn brýna nauðsyn bera til að stemma stigu við slíku og hafa í því skyni strangari ákvæði en í gildandi lögum um friðun gegn veiði, stangarveiði sem neta, fjarlægð veiðivéla, stangafjölda, lax- og silungsveiði í sjó.“

Þessi ummæli nm. eru hin athyglisverðustu. Þau undirstrika það, sem reyndar var vitað áður, að á fjöldamögum stöðum var og er enn um ofveiði að ræða, sem nálgast hreint og beint rányrkju. Væri hægt að benda á fjölmargar ár víðs vegar um land, sem fyrir nokkrum áratugum voru sæmilegar veiðiár, aðallega þó silungsár, en nú eru að mestu fisklausar, enda setið um hverja bröndu, sem í árnar kemur. Árnar eru plægðar fram og aftur með ádráttarnetum.

II. kafli grg. er saminn af Þór Guðjónssyni veiðimálastjóra. Þessi kafli er hinn fróðlegasti og hefur inni að halda mikinn fróðleik og upplýsingar. Ég vil benda hér á nokkur atriði.

Veiðimálastjóri telur, að söluverð framleiðenda sé áætlað um 5 millj. kr. árlega. Ég geri ráð fyrir, að þar sé átt við bæði lax og silung. Miklar líkur finnst mér vera á því, að hér sé of lágt reiknað, sem liggur í því meðal annars, að ekki er allur sá fiskur, sem veiðist, settur á skýrslur.

Eftir því sem segir í fasteignamati 1942, hafa 12.1% jarða á landinu laxveiði og 26.3 silungsveiði. Ekki er mér kunnugt um, hvort hér eru meðtalin hin mörgu og stóru veiðivötn í óbyggðum landsins, en eins og allir vita, er þar um mikla veiðimöguleika að ræða, sem nú eru lítið notaðir nema þá aðallega af fólki, sem leitar til fjalla og heiða í sumarfríi. En þeir, sem telja sig eiga þarna veiðirétt, eru á stundum mótfallnir slíku ferðalagi veiðimanna upp um öræfi og telja, að þeir spilli þar veiði og fuglalífi. Skal ég ekki leggja neinn dóm á það, hvað rétt er í þessu, en einhver brögð munu þó vera að því, að fleira sé veitt í slíku ferðalagi en silungur.

Lax og silungur teljast til náttúruauðæfa Íslands, og það er engum vafa undirorpið, að þessi auðæfi lands okkar er hægt að auka stórlega frá því, sem nú er, ef rétt væri á haldið. Og það er beinlínis skylda þjóðfélagsins og þess opinbera að sjá um, að ekki sé gengið of nærri stofni þessara miklu nytjafiska með of mikilli veiði.

Frá því fyrst að land vort byggðist og fram á þennan dag hafa fjölmörg heimili getað notfært sér þessi miklu hlunnindi að geta sótt í ár og vötn nýjan fisk og þar með getað neytt einnar beztu fæðu, sem völ er á. Það liggja engar skýrslur fyrir um það, hvað mörgum mannslífum lax og silungur úr ám og vötnum á Íslandi hefur bjargað, þegar bjargarskorturinn var við hvers manns dyr, en þau eru ábyggilega mörg, enda margar sagnir frá eldri tímum þar um.

Það ætti öllum að vera það áhugamál, ekki aðeins að viðhalda þessum náttúruauðæfum lands okkar, heldur jafnframt að auka þau stórlega frá því, sem nú er. Ég held við Íslendingar verðum að læra það að leggja niður rányrkju, í hvaða mynd sem er. Í þessu tilfelli verður að stilla veiðinni í hóf, þannig að fiskstofnarnir haldist við, og hins vegar að fiskur sé ræktaður, eins og veiðimálastjóri bendir réttilega á í hinni ýtarlegu grg.

Það er mjög eftirtektarvert, að líklega allt frá stofnun Alþingis að fornu hafa verið í íslenzkri löggjöf ákvæði um veiði og skiptingu veiðar og fyrstu drög til friðunar. Sýnir þetta, ef rétt er, að forfeður okkar hafa kunnað að meta þessi hlunnindi.

Í lögum frá 1932 um lax- og silungsveiði var margt nýrra ákvæða, svo sem um veiðirétt, bann við laxveiði í sjó, gerð og frágang veiðivéla, lengingu vikufriðunar, mannvirkjagerð í veiðivötnum, fiskræktarfélög, veiðifélög, stjórn veiðimála o. fl., o. fl. Öll voru þessi ákvæði til mikilla bóta frá því, sem áður var. En það fór hér sem svo oft fyrr og síðar, að þeir, sem töldu sig bíða fjárhagslegt tjón við setningu laganna, settu sig á móti þeim og fundu þeim flest til foráttu, enda mun það hafa átt sér stað og það í allstórum stíl, að lögin væru sniðgengin, svo að maður ekki viðhafi sterkara orð. Þrátt fyrir það hafa lögin frá 1932 alveg tvímælalaust gert nokkurt gagn og komið í veg fyrir ofveiði að meira eða minna leyti. Eftir því sem veiðitæknin hefur vaxið, hefur hættan á ofveiði vaxið gífurlega. Netin hafa verið stækkuð bæði að dýpt og lengd. Netalagnir hafa fjölgað, og nú síðustu árin hafa net úr nælóni verið tekin í notkun, en slík net eru að allra dómi, sem til þekkja, talin mun veiðnari en net úr öðrum efnum. Það gæti jafnvel komið vel til mála, að inn hefðu verið sett ákvæði um það í þessi lög að banna að nota nælonnet til slíkra veiða sem lax- og silungsveiða. Þá hefur stangarveiði fleygt stórlega fram, og árlega reyna stangarveiðimenn að fá sér ný og betri tæki. Þó munu flestir sammála um það, að stangarveiði sé ekki eins hættuleg og komi aldrei til með að ganga eins nærri stofninum og netalagnir og ádráttur. Þrátt fyrir það er sjálfsagt að takmarka stangarveiði og lengja friðunartímabilið frá því, sem það var í lögum frá 1932. Aðalbreytingarnar eru líka um aukna friðun, sbr. 19. gr. Daglegur veiðitími með stöng skal ekki vera lengur en 12 klst. Stangarveiði í vötnum, þar sem lax og göngusilungur fer um, verður takmarkaður þannig, að veiðitíminn verði þrír mánuðir í hverju veiðivatni eða jafnlangur og netaveiðitíminn. Stangafjöldi í hverju veiðivatni ákveðst af veiðimálastjóra, — mjög nauðsynlegt ákvæði að mínum dómi, — og stangarveiði má ekki viðhafa á þeim slóðum, þar sem önnur veiðitæki eru notuð. Aldrei má veiða með stöng eða færi frá kl. 10 síðdegis til klukkan 7 árdegis.

Því er haldið fram af þeim, sem einna mest eru á móti stangarveiði og þeim félagsskap, að hér sé um mjög þýðingarlitla friðun að ræða. Ég held, að það sé mesti misskilningur. Ég held, að hér sé um mjög þýðingarmikla friðun að ræða, því að það er vitað, að þegar nótt er björt, þá er hægt að veiða alveg, þá tekur lax og silungur jafnvel allan tímann, svo að það er ekki rétt. Hér er um mikla aukningu á friðun að ræða frá því, sem var áður.

Eins og sést á því, sem hér hefur verið sagt, eru allmiklar hömlur lagðar við stangarveiði, enda sjálfsagt. Hins vegar finnst mér, að stangarveiðimenn geti sæmilega vel við unað, þótt dálítið sé að þeim hert með veiðitíma, stangafjölda í veiðivatni o. s. frv. Það er nú einu sinni þannig, að þarna er um mjög umdeilt atriði að ræða; og ég held, að báðir, bæði þeir, sem nota þetta sport, þ. e. a. s. veiða á stöng, og hinir,

sem veiða í net eða ádrátt, verði að skilja það, að hér er svo mikið stórmál á ferðinni, hér er mál, sem getur haft úrslitaþýðingu um það, hvort hægt verður að varðveita þennan stofn, sem fyrir er, og auka hann, þ. e. a. s. auka hann, eftir því sem hægt er, að ég held, að báðum aðilum væri það mestur sómi, ef þeir gætu skilið það, að hér er um stórkostlega hagsmuni að ræða, ekki fyrir þá eingöngu, heldur fyrir landsfólk allt.

Lagt er til, að netaveiði verði takmörkuð meira en áður, vikufriðun lengd um 24 klst., úr 60 í 84.

Hv. Ed. fékk sett inn í 19. gr. laganna ákvæði, þar sem segir, að friðunartíma þennan megi stytta í 60 stundir á viku, sé að dómi veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og hlutaðeigandi veiðifélags, ef til er, engin hætta á, að um þverrandi fiskstofn sé að ræða á viðkomandi veiðisvæði.

Ekki skal ég draga í vafa þekkingu þeirra aðila, sem hér er bent á. En ég tel nú samt þessa breytingu sízt til bóta, enda mjög hæpin ráðstöfun að gefa yfirleitt slíkar undanþágur eins og þarna er gert ráð fyrir. Hins vegar sáum við okkur ekki fært í n. að flytja eða taka upp fyrra orðalag þessarar greinar, vegna þess að við töldum, að það gæti orðið til þess, að frv. næði ekki fram að ganga, ef Nd. gerði miklar og stórvægilegar breytingar á frv. frá því, er Ed. hefði gengið frá því. Í þessu sambandi má geta þess hér, að þegar svona mál eru á ferðinni og stórmál yfirleitt, þá væru það mjög heppileg vinnubrögð, að nefndir beggja deilda, sem málin fara til, hefðu meiri samvinnu sín á milli heldur en gert er, og það mundi ábyggilega í mörgum tilfellum stytta þingtímann og gera vinnubrögðin betri, ef slíkar starfsaðferðir væru viðhafðar. En það er mjög lítið um það, að slíkt sé gert.

Annars gerði hv. Ed. fjölda breytinga á frv. Eru flestar þeirra smávægilegar, og mun ég ekki ræða þær frekar, nema sérstakar ástæður liggi til þess, vil þó aðeins benda á, að settur var inn nýr kafli, 12. kafli, um álaveiðar. Um aðrar breytingar á frv. frá eldri lögum læt ég nægja að benda á hina löngu og skýru grg., sem prentuð er með frv. frá 1955 og ég hef áður minnzt á. Geta menn þar kynnt sér, í hverju aðalbreytingarnar eru fólgnar.

Þá kem ég að viðhorfi landbn. Nd. til málsins. Landbn. Nd. ræddi frv. á nokkrum fundum sínum og varð ekki sammála um afgreiðslu þess, sbr. þskj. 508. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur athugað frv. og ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess. Minni hl., þm. A-Húnv., skilar séráliti. Þeir Ágúst Þorvaldsson, 1. þm. Árn., og Gunnar Gíslason, 2. þm. Skagf., skrifa undir nál. með þeim fyrirvara, að þeir áskilja sér rétt til að fylgja brtt., sem fram kunna að vera bornar. Að öðru leyti leggur meiri hl. n. til að frv. verði samþ. með eftirfarandi breytingum“ — eins og segir á þskj. 508. Rétt er að taka fram, að breytingar þær, sem meiri hluti landbn. flytur við 35. gr. og 97. gr., voru bornar undir veiðimálastjóra, sem gat fyrir sitt leyti samþykkt þær.

Aðalbreytingarnar eru í því fólgnar, að ef um veiðirýrnun er að ræða vegna ákvæðis 35. gr., þó aðallega 3. mgr., frá því, sem nú er, þá skal þeim, er í missir, bætt að fullu samkvæmt mati það, sem er fram yfir 30%. Skal við mat á þessum bótum liggja til grundvallar veiði síðustu 10 ára fyrir gildistöku þessara laga svo og fækkun lagna, er orsakast af ákvæði 1. og 2. málsliðar þessarar málsgreinar. Í 4. mgr. er gert ráð fyrir þriggja manna dómnefnd, sem ráðherra skipar, og skal einn þeirra vera dómari hæstaréttar, — þetta er nú ekki breyting raunverulega frá lögunum, þ. e. a. s. ekki um skipun n. Bætur skulu metnar í eitt skipti fyrir öll og greiðist með jöfnum afborgunum á 25 árum. Ríkissjóður greiði ¾, en viðkomandi sýslusjóður eða sýslusjóðir ¼. Matsnefnd skal ljúka störfum eigi síðar en 2 árum eftir gildistöku laganna.

Ég sé nú ekki sérstaka ástæðu til þess að ræða þessa breytingu nánar. Hún skýrir sig alveg sjálf. Það munu vera fáar jarðir, sem þetta ákvæði mun koma til með að fjalla um.

Breytingin við 97. gr. um, að 2. málsl. falli niður, skýrir sig sjálf. 2. liður þessarar greinar hljóðar svo, að á Hvammsfirði skuli svæði, er liggur fyrir innan línu úr ytri enda Skoravíkurmúla í Hólmlátursborgir, vera undanþegið banni gegn selaskotum og uppidrápi. Það virðast ekki liggja nein sérstök rök fyrir því, að þessi 2. liður haldi áfram að standa í lögunum. Nefndin leggur því til, að þessi liður sé felldur niður.

Ég vil svo undirstrika það að lokum, að ég vil f. h. meiri hluta n. mæla með því, að frv. verði afgreitt sem lög á þessu þingi, og tel ekkert við það unnið, að afgreiðslu þess verði frestað til næsta þings. Ég vil svo að lokum leyfa mér að leggja til við hæstv. forseta, að málinu verði vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Eins og frsm. meiri hl. landbn. tók fram, hefur nefndin ekki getað orðið sammála í þessu máli, og má í rauninni telja dálítið vafasamt, hvar meiri hlutinn er, þar sem tveir af þeim hv. þm., sem skrifa undir álit meiri hl., áskilja sér rétt til að fylgja brtt. og flytja þær.

Ég hins vegar fann það, að ég átti ekki þá samleið með meiri hl. n., að það gætu verið líkur fyrir fullu samkomulagi um afstöðu til þessa stóra deilumáls. Þess vegna hef ég leyft mér að gefa út sérstakt nál., sem er á þskj. 524, og flutt nokkrar brtt., sem eru á þskj. 525.

Það er kunnugt mál, að lög um lax- og silungsveiði hafa verið ein allra mestu deilumál og það lengi, ekki sízt síðan lögin frá 1932 um lax- og silungsveiði voru samþykkt, sem höfðu það í sér að geyma að takmarka í mjög stórum stíl eignarrétt einstaklinganna, sem veiðiréttinn hafa átt áður og eiga. Um þau lög hafa verið stórdeilur, málaferli og í sumum héruðum alls ekki verið hægt að framkvæma ákvæði þeirra laga.

Það er kunnugt mál, að frá fyrstu tíð hefur það verið talinn mikill og stór kostur á hverri jörð að hafa veiðiréttindi, og allar slíkar jarðir hafa verið seldar hærra verði og leigðar fyrir

hærra gjald en aðrar jarðir, vegna þess að það hefur verið talið það mikils virði að hafa réttindi til veiða.

Nú er í vaxandi mæli að því er virðist, miðað við þetta frv., verið að skerða eignarrétt manna á þessu sviði mjög stórkostlega og það án þess að brýna nauðsyn beri til. Því er að vísu haldið fram af öllum meðmælendum þessa frv., að hér sé um mikið aukna friðun að ræða og meiri tryggingu fyrir fiskstofninn og þessi hlunnindi í framtíðinni. En að mestu leyti er þetta blekking, svo sem ég mun koma nokkru nánar að og hef sýnt fram á í mínu nál., heldur er hér aðeins um tilfærslu á rétti að ræða frá eigendum veiðiréttindanna og til þeirra manna, sem stangveiðarnar stunda og hafa fjármálalegt vald og getu til þess að veita sér þá ánægju.

Ég skal ekki langt út í þetta fara, áður en ég fer að ræða mínar sérstöku brtt. En áður en ég vík að því, skal ég leyfa mér — með leyfi hæstv. *forseta — að lesa hér upp nokkur mótmæli, sem* borizt hafa gegn þessu frv., og skal ég þá byrja á að lesa upp fyrir hv. þdm. mótmæli frá tveimur sýslunefndum í þýðingarmiklum og stórum veiðihéruðum þessa lands.

Er þá fyrst að nefna mótmæli frá sýslunefnd Mýrasýslu, sem eru á þessa leið:

„Sýslufundur Mýrasýslu 1951“ — þá var frv. í þessa átt borið fram af hv. þm. Str. — „mótmælir harðlega frv. til l. um breyt. á lögum nr. 112 % 1941, um lax- og silungsveiði, er fram kom á síðasta þingi, flm. Hermann Jónasson. Telur fundurinn, að frv. þetta, ef að lögum verður, skerði stórlega eignir og rétt manna til netaveiða í Hvítá og veiðisvæði hennar og öðrum ám með hliðstæðri aðstöðu til netaveiði, útiloka jafnvel einstakar jarðir frá allri veiði. Hins vegar leggur fundurinn áherzlu á, að heppilegasta úrræðið til viðhalds nytjafiski í ám og vötnum sé öflug klakstarfsemi, og telur, að hana beri að auka stórlega.“

Hér er að vísu nokkuð gömul samþykkt, en hún er mótmæli gegn sömu ákvæðum og eru í þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Þá er hér samþykkt frá sýslunefnd Árnessýslu, sem gerð var í fyrra, þegar frv. lá hér fyrir Alþingi:

„Með bréfi, dags. 16. maí 1955, senduð þér, herra veiðimálastjóri, sýslunefnd Árnessýslu til umsagnar frumvarp til laga um lax- og silungsveiði.

Aðalfundur sýslunefndarinnar 1955 var þá nýlega afstaðinn, og var því ekki hægt að leggja frv. fyrir sýslunefndina fyrr en á næsta fundi hennar, sem var haldinn í maímánuði 1956. Nú hefur komið í ljós, að láðst mun hafa að tjá yður afgreiðslu málsins í sýslunefndinni, og verður að biðja velvirðingar á því. Sýslunefndin afgreiddi málið með svofelldri samþykkt:

Sýslunefndin hefur athugað frv. til laga um lax- og silungsveiði, sem Alþingi 1955 hafði til meðferðar. Telur n. frv. þetta að ýmsu leyti svo gallað, að varhugavert sé, að það sé óbreytt gert að lögum. Sem dæmi má nefna, að ævaforn réttur veiðieigenda í landinu er mjög rýrður í frv. þessu og óeðlilega mikið vald fengið í hendur veiðimálastjóra um framkvæmd laganna, einkum varðandi undanþágur, sem honum er heimilt að veita að eigin geðþótta. Það má benda á, að svo gerólík aðstaða er til veiði í ám og vötnum, að vart er mögulegt, að sömu lagaákvæði geti gilt fyrir alla staði hvað snertir vernd fiskstofns, hóflega veiði og eðlilega skiptingu milli veiðieigenda. Lítur sýslunefndin svo á, að farsælast mundi, að frv. yrði breytt á þann veg, að í því fælist svo rúm heildarlöggjöf fyrir allt landið, að ekki þurfi að grípa til undanþágu.“

Hér er vikið að mjög athyglisverðu atriði í þessu sambandi, sem ég mun koma nokkru seinna að. Þá er hér síðasta bréf, sem landbn. hefur borizt, og það er samþykkt, sem gerð var 17. f. m. á aðalfundi Veiðifélags Árnesinga og er á þessa leið:

„Aðalfundur Veiðifélags Árnesinga, haldinn á Selfossi 17. apríl 1957, mótmælir harðlega frv. því um lax- og silungsveiði, sem nú liggur fyrir Alþingi, og skorar á þingið að gerbreyta því í það horf, að veiðiréttur landeigenda verði ekki skertur svo freklega sem nú er gert eftir ákvæðum þessa frv.; fáist ekki slíkar leiðréttingar, að fella þá frv. Alla tíð síðan land byggðist hafa jarðeigendur haft aðalráðin yfir veiði í landi sínu. Samkvæmt þessu frv. hefur veiðimálastjóri og ráðherra sá, sem fer með þessi mál ásamt veiðimálanefnd, að kalla óskoruð yfirráð yfir því, hvar veiða megi, á hvern hátt veiða megi og á sumum jörðum hvort nokkuð veiða megi. Með þessu er stefnt að nokkurs konar ríkisframkvæmd, sem nokkrum embættismönum í Reykjavík er falið að annast, án frekari lagafyrirmæla, og geta þeir því hagað framkvæmdinni eftir eigin geðþótta án vilja veiðieigenda. Með hinni auknu vikufriðun fyrir neta- og silungsveiði eru stangarveiði litlar skorður settar og leyft að veiða á stöng í árósum og ósasvæðum, sem áður var friðað. Jafnframt torveldar svo löng vikufriðun starf veiðifélaga, sem veiða í net eða gildrur. Verði frv. þetta að lögum í þeim búningi, sem það er, er bændum landsins, sem hér eiga hlut að máli, sýnd eindæma lítilsvirðing og þeir sviptir aldagömlum réttindum á jörðum sínum og hagsmunir þeirra stórlega fyrir borð bornir og afhentir öðrum óviðkomandi aðilum.

Þannig samþykkt á aðalfundi Veiðifélags Árnesinga þann 17. apríl 1957.“

Í þessum bréfum kemur fram svipað sjónarmið og ég hélt fram í mínu nál. og er í samræmi við skoðanir margra veiðieigenda í þessu landi, og ef á að hespa þetta viðkvæma og vandasama deilumál hér í gegnum aðaldeild Alþingis nú undir þinglokin, þá finnst mér illa vera að unnið. (Gripið fram í.) Ja, það er nú talið, að það sé nú líklegt, að þingi ljúki a. m. k. fyrir hvítasunnu, en hvort það verður, það er ekki gott um það að segja. En það, sem vikið er að og er mjög viturlega sagt í ályktun sýslufundar Árnesinga, er þetta: að aðstaðan í veiðiám hér á landi og veiðisvæðum er svo gagnólík, að það er ákaflega erfitt að setja ein lög, sem gilda um þetta efni fyrir allt landið. Ég held þess vegna, að sú ábending, sem þar kemur fram, væri í rauninni mjög viturleg og ætti að takast til athugunar og það er það að setja ein heildarlög, sem væru mjög rúm, og svo væri gerð samþykkt fyrir hvert

vatnasvæði í samræmi við það, sem á sér stað, þar sem veiðifélög hafa verið stofnuð.

Það, sem mínar brtt. fela fyrst og fremst í sér, er að koma á meira samræmi í orðaskýringum og réttindum til veiðanna heldur en í þessu frv. er, og er þá í fyrsta lagi það, að ég vil láta miða alls staðar í hverju vatni við sama mark og það er stórstraumsfjöruborð. Að öðru leyti vil ég láta þá vikufriðun, sem ráðgerð er, ná á sama hátt til netaveiði og stangarveiði. Hins vegar hef ég einnig tekið upp nokkrar brtt., sem fram hafa verið fluttar og sendar landbn. af fulltrúum frá veiðifélögum Borgfirðinga og Árnesinga.

Ég skal svo ekki hafa þennan formála lengri, en snúa mér að þeim brtt., sem ég flyt hér á þskj. 525, og útskýra þær fyrir hv. þdm. hverja fyrir sig.

Fyrsta brtt. er um breytingar á orðaskýringum í 1. gr. frv. og er þar fyrst að telja, að ég legg til, að orðið „kvísl" sé útskýrt þannig, svipað og var í eldri lögum, að það væri hluti af straumvatni, sem fellur ekki í einu lagi, heldur skiptist um kletta, hólma eða sandeyrar, sem eru upp úr, þegar vatnsborð er lægst að staðaldri. Nú kemur í þessu fram eitt af stærri deilumálum, annars vegar milli mín og hins vegar milli höfunda þessa frv., og það felst í því, að þeir vilja ekki kalla kvísl neitt annað en það, sem fellur sér milli bakka, þegar hátt er í, og mismunurinn er ákaflega mikill á því, hvort miðað er við bakka, sem vatn fellur að, þegar stórstraumsflæði er, ellegar það er miðað við stórstraumsfjöruborð. Í minni skýringu á ég við það, að það sé kallað kvíslar, sem falla sér, þegar lægst er í vatni, og það verði að meðhöndla veiðiréttindi í samræmi þar við.

Þá er önnur brtt., sem er b-liður í þessari 1. brtt., og það er að taka upp aftur þá orðskýringu, sem er í gildandi lögum og heitir leirur. Mín till. í því efni er alveg óbreytt frá því, sem var og er í gildandi lögum, og sannleikurinn er sá, að leirur eru svæði, sem allra sízt má halla undan, þegar verið er að skýra orð um það, hvað hér er átt við, því að eins og allir þeir vita, sem þekkja greinarmun flóðs og fjöru, eru það stór svæði meðfram öllum vötnum nálægt sjó, sem eru undir vatni, þegar hátt er í og flóð, en eru þurr, þegar fjara er. Og ef alls staðar á að miða við bakka, þá eru mörg dæmi til þess og víða um land hægt að sýna fram á, að það skiptir mörg hundruð metrum, sem er frá bakka og að stórstraumsfjöruborði vatns, þegar lægst er í. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa þetta atriði í lögunum eins og er í gildandi laxveiðilögum.

Þá er c-liður í þessari brtt., og það er um ós í sjó. Þar segir í frv., að ós í sjó sé sá staður, þar sem straumur hverfur í sjó um stórstraumslágflæði. Þetta orð er nú afar óvenjulegt í okkar máli og gæti ef til vill orðið skilið á fleiri en einn veg. En samkvæmt þeim skýringum, sem gefnar eru í grg. fyrir þessu frv., mun hér átt við stórstraumsfjöru, en stórstraumsfjara er orð, sem allir menn skilja, sem þekkja flóð og fjöru, og þess vegna miklu eðlilegra orð, en í raun og veru er þarna ekki um neina efnisbreytingu að ræða.

Þá er d-liður, að orðið ósasvæði, sem er á 2. bls. í frv., falli niður. Það að setja ósasvæði þarna inn með þeim skýringum, sem á því eru gefnar í frv., er ein hin mesta villa, sem ég hef séð, því að samkvæmt því er kallað ósasvæði inn í mið héruð, og það eru kölluð ósasvæði stór stöðuvötn víðs vegar um land. Kemur það líka mjög í ósamræmi við aðra orðskýringu í frv., þar sem það er skýrt, hvað sé stöðuvatn. Þar segir: Stöðuvatn: ósalt vatn, sem eigi er í greinilegur straumur annar en sá, sem stafar af sjávarföllum, vindi eða afrennsli í leysingum. — Nú er það svo, að allir þeir menn, sem þekkja, hvað er ós og hvað er stöðuvatn, vita það, að þetta er auðvitað alveg hárrétt skýring, hvað er stöðuvatn. Það er t. d. stöðuvatn í mínu héraði, Húnavatn, Miðhóp og jafnvel fleira, sem mætti tilnefna, og þetta er auðvitað rétt skýring. En að kalla það ósasvæði og meðhöndla það á þann hátt, eins og gert er ráð fyrir í þessari 1. gr. frv., það er fjarstæða og rekur sig algerlega á orðskýringuna um stöðuvatn. Með því móti mundi verða kallað ósasvæði inn fyrir Hnausa í Austur-Húnavatnssýslu, og það mundi vera kallað ósasvæði inn í Víðidal og inn í miðjan Skagafjörð. inn í Árnessýslu, upp fyrir Kaldaðarnes o. s. frv. Við vitum það, að ós er almennt talið það, sem er ós úr vatni og ós ár út í sjó. Á því eru hér eðlilegar og réttar skýringar í þessari 1. gr. frv., en þessi orðskýring um ósasvæði á að mínu áliti algerlega að falla burt.

Þá er e-liður þessarar brtt. um það, að á eftir orðunum ósalt vatn, þar sem verið er að skýra orðið stöðuvatn, sé bætt við: ofan ósa. Og þar gildir sama, að stöðuvötn eru víða mjög stór vötn, sem er rétt skýrt það, sem er ofan við ósa.

Þá er önnur brtt. og varðar afréttarlönd og er umorðun á 5. gr. þessa frv., sem er mjög teygjanleg og ekki heppilega orðuð. Það er víða svo, eins og menn almennt vita, að afréttarlöndin eru eign annaðhvort eins eða fleiri hreppa eða upprekstrarfélaga, og þá vil ég slá því föstu, sem hefur alltaf verið venja um fjöldamarga áratugi, a. m. k. meðan upprekstrarfélög hafa átt afréttarlönd, að þau eigi líka allan veiðirétt á afréttunum og það sé ekki neinum heimil veiði þar nema með leyfi þeirra sveitarstjórna eða stjórna upprekstrarfélaga, sem þar eiga hlut að máli, ekki heldur búendum á því svæði, sem upprekstrarfélagið nær yfir. Þetta atriði hefur verið margsinnis framkvæmt á þennan hátt í mínu héraði, og svo mun víðar um land, að búendum innan hrepps eða innan félagssvæðis hefur ekki verið leyfð veiði á afréttum nema fá leyfi til þess hjá sveitarstjórn eða stjórn upprekstrarfélagsins.

Þá er 3. brtt. Hún er við 8. gr. og fjallar um það, þar sem eru almenningar í vötnum. Þetta er sett inn samkvæmt kröfu Mývetninga. Ég hef ekki heyrt eiginlega talað um almenninga í vötnum annars staðar en í Mývatni, og eru þar talsverðar deilur um réttindi annarra manna til veiði í almenningi. Nú hafa Mývetningar farið fram á það, sem er mjög eðlileg krafa, að veiði í slíkum almenningum hafi þó þeir einir, sem eru í því sveitarfélagi, sem á veiðirétt í vatninu. Þeir fella sig illa við, að það megi koma menn úr öðrum sveitum eða menn úr öðrum héruðum og veiða í þeim svokallaða almenningi þeirra

vatns, og óska eftir því, þó að það séu búendur á jörðum, sem ekki eiga neitt að vatninu, ef þeir eru innan sveitar, þá hafi þeir rétt í þessum almenningi, en ekki aðrir. Ég tel, að þetta sé mjög eðlileg krafa frá þeirra hálfu, og tek upp þetta ákvæði, og um það fjallar 3. brtt., báðir liðir hennar, a- og b-liður.

Þá kemur 4. till. um það, að ráðherra skuli setja reglur um gæðamat á laxi og silungi. Ég skal taka það fram, að þetta er tekið upp eftir tillögu frá veiðifélögum Borgfirðinga og Árnesinga og byggist á því, að því er haldið fram af þeim, sem kunnugastir eru þessum málum, að stangarveiddur lax sé ekki verzlunarvara til útflutnings og þess vegna sé það eðlilegt, að það sé gæðamat á laxi, þegar um útflutning er að ræða, og skal ég ekki hafa um það fleiri orð.

Þá er 5. brtt., að í stað orðanna „og er ráðherra þá rétt að leyfa það að fengnu samþykki veiðimálanefndar“ í 5. gr. komi: og skal þeim það þá heimilt. — Þetta er brtt. við 14. gr., og ég vildi nú óska, að hv. þm. vildu hafa hjá sér frv. og reyna að gera sér grein fyrir, hvað við er átt með þessu, sem hér er um að ræða. Þetta er í 5. málsgr., þar sem er sagt, að ráðherra geti leyft þetta. En ég ætlast til þess, að þarna sé aukin heimild þeirra, sem um er að ræða, ef á annað borð leyfð er sú veiði eða leyft að leysa hana til sín.

6. brtt. er við 15. gr., að í stað orðsins „veiðimálastjóri“ á tveim stöðum í greininni komi: veiðifélags og sýslunefndar. — Það er sömuleiðis eftir óskum og till. frá fulltrúum veiðifélaga Borgfirðinga og Árnesinga og er aðeins það, að undanþáguréttur sé í höndum veiðifélaga og sýslunefndar, en ekki veiðimálastjóra og veiðimálanefndar.

7. brtt. er við 16. gr., og fyrri hluti hennar er aðeins það, að orðið ósasvæði falli burt, sem er í samræmi við það, sem ég hef áður sagt um það, að ég vil fella það orð niður úr frv.

Þá kemur b-liður þeirrar brtt., sem er eitt stærsta atriðið í mínum brtt. og varðar miklu meira varðandi friðun í vötnum heldur en það, sem lagt er til í þessu frv. nýtt, og það er það, að öll veiði sé bönnuð í árósum. Samkv. frv. á að leyfa stangarveiði í 3—4 mánuði í öllum árósum og sjóarósum alla daga. Það er að mínu áliti áhrifameira til eyðingar fiskinum heldur en það, þó að lengdur sé um einn sólarhring friðunartími á hverri viku. Í þessu efni hefur það gilt, að það hefur verið bannað að veiða í sumum árósum, einkum sjóarósum, og sérstaklega bannað þar, sem veiðifélög eru, samkomulag um að banna bæði stangarveiði og netaveiði. Og ég vil láta það gilda yfir alla línuna, að það sé bönnuð öll veiði í árósum. Það er friðunarákvæði, sem er kannske þýðingarmeira en flestir gera sér grein fyrir.

Þá er 8. brtt., við 17. gr., að á eftir orðunum „eftir miðju vatni“ í 1. málsl. komi: þegar lægst er í. — Og það er í samræmi við það, sem ég hef áður sagt, að ég vil í gegnum öll lögin láta miða við stórstraumsfjöruborðið, þegar lægst er í vatni.

Þá er 9. brtt. að færa til, færa fram á haustið lokin á veiðitímanum. Það sýnir, að það hefur alls ekki vakað fyrir þeirri nefnd eða þeim, sem hafa fjallað um þetta frv., að auka friðunina, að þeir hafa fært veiðitímann fram á haustið, þegar veiðin er hættulegust, fært veiðitímann fram um fimm daga. Í gildandi lögum eru lok veiðitímans 15. sept. og hefur lengi verið, en það er gert ráð fyrir skv. þessu frv. að færa hann til 20. sept. Mér fyndist miklu nær sanni að færa lok veiðitímans fram, þannig að það yrði ekki leyft að veiða lengur en til ágústloka, ef menn á annað borð vilja, að það sé aukin friðun í þessu sambandi.

Þá er ein stærsta brtt. af þessum, sem ég flyt, það er 10. brtt., við 19. gr., sem er eitt aðalþrætueplið í þessu sambandi, og ég vil færa friðunartímann í það sama horf sem hann er, að hann sé 60 stundir á viku hverri, þ. e. frá föstudagskvöldi til mánudagsmorguns, og það gildi jafnt fyrir netaveiði og stangarveiði.

Ég skal taka það fram í þessu sambandi, að mér meira en datt í hug að leggja til að færa þennan friðunartíma alveg til, færa hann algerlega til, þannig að hann yrði settur í miðja viku í stað þess að hafa hann um helgar, því að sannleikurinn er sá, að bæði fyrir þá, sem stunda netaveiði, og eins fyrir stangveiðimenn er það ýmissa hluta vegna heldur óþægilegra að hafa friðunartímann um helgar heldur en að hafa hann í miðri viku. Og varðandi veiðina gagnvart laxi og silungi, þá lít ég svo á, að það séu ekkert helgari skepnur en fiskurinn í sjónum, og það eru engin bönn við því að veiða hann um helgar fremur en aðra daga. Nú lagði ég þó þetta ekki til. En ef það fer svo, sem ég reikna nú helzt með og teldi eðlilegast, að þetta frv. dagaði uppi nú hér á Alþ. og það yrði rætt nánar úti um landsbyggðina, þá yrði það tekið til athugunar, hvort það gæti ekki orðið samkomulag að færa friðunartímann, þennan vikufriðunartíma, alveg til, að hafa hann um miðja viku, t. d. frá mánudagskvöldi til fimmtudagsmorguns, hafa hann á rúmhelgum dögum alveg í stað þess að hafa hann um helgar.

Ákvæðinu um ádrátt vil ég ekki breyta að öðru leyti en því, að þar sem tiltekið er, að það megi ekki draga á nema tvo daga í viku og það skuli vera bundið við þriðjudaga og miðvikudaga, þá vil ég láta það vera óbundið á þeim fimm dögum, sem heimilt er að draga á, hverjir tveir dagar það séu, því að það er mjög ósanngjarnt að ætlast til þess, að það sé endilega dag eftir dag, sem heimildin til ádráttarveiði, þar sem hún er heimiluð, skuli gilda.

Þá er 11. brtt. um það, að ráðherra sé heimilt að friða heilt vatn gegn allri veiði, eins og er nú raunar í frv., en það þurfi að fá til þess samþykki, — það er sú breyting ein frá mér, að það þurfi að fá til þess samþykki veiði- eða fiskræktarfélags, þar sem þau eru til, ella sýslunefndar, en að það sé ekki hægt að gera þetta með samþykki veiðimálastjórans eins, án þess að héraðsmenn sjálfir, sem hlut eiga að máli, samþykki.

Þá er 12. brtt. alveg í samræmi við hitt, að færa fram aftur lokin á veiðitímanum um fimm daga, og sú brtt. fjallar aðeins um sölurétt á laxi og silungi, að það er reiknað með því, að

það sé heimilt að selja þessa vöru fimm dögum eftir að veiðitímanum er lokið, en alls ekki lengur.

Þá er 13. brtt., við 29. gr., sem er töluvert nýmæli, og ég bið menn að taka eftir, hvað þar í felst. Það felst í því það, að ég vil hafa annan netariðil, alveg ákveðið, að það sé annar netariðill, þegar eingöngu er ætlað að veiða silung, heldur en þann, sem er, þegar eingöngu er ætlað að veiða lax. Samkv. lögunum og skv. frv. er gert ráð fyrir því, að það megi vera netariðillinn 4.5 cm milli hnúta og alveg upp úr óbreytt. Nú er það svoleiðis, að sums staðar er bönnuð öll laxveiði, og m. a. er það í okkar félagi, Veiðifélagi Vatnsdalsár. En við höfum lent í dálitlum vandræðum með þetta, að það er þarna millibil á netariðlum milli silungsneta og laxaneta, eins og allir, sem þekkja veiðiskap, vita. Hinn venjulegi og algengi netariðill fyrir silungsnet er 1¼ tomma milli hnúta, sem er sama og 4.5 cm. En hinn venjulegi laxanetariðill er 2¼ tomma eða 5.8 cm. Þarna á milli þessara tveggja marka vil ég ekki hafa leyfilegt að nota nein net, því að það er mest hættan á því, að á því bili taki slík net smálaxinn. Þess vegna legg ég til, að þetta sé alveg aðgreint, og um það fjallar bæði 13. brtt. og b-liður 14. brtt.

A-liður 14. brtt., við 34. gr., er aftur á móti um það, að það skuli vera miðað við ⅔ af breidd ár eða óss, þegar lægst er í vatni, og er það sama sjónarmið, sem ég kem þar að, eins og í fleiri brtt., sem fjalla um sama efni, því að ef á að fara að innleiða það, sem er krafa þessa frv., að miða við bakka, en ekki fjöruborð, þá veldur það stórkostlegum erfiðleikum víðs vegar um land, því að eins og ég tók fram áðan, þá er það víða svo, að það geta verið mörg hundruð metrar, sem eru leirur út að því vatni, þar sem nokkur lax og göngusilungur gengur um, þar sem er stórstraumsfjöruborð við, og ef það er ætlazt til þess, eins og hér er gert með þessu frv., að það verði að girða allt þetta svæði með netum, þá er það orðið lengra út í vitleysuna en góðu hófi gegnir, ég vil segja það. Þó að það sé ekki dæmalaust, að lax eða göngusilungur gangi á leirur og meira að segja strandi þar, þegar flæðir að, þá eru til þess ákaflega fá dæmi, að fiskurinn gangi á leirunum, heldur bara eftir álnum og það á því svæði, sem vatnið er á, þegar lægst er í vatninu.

Þá er 15. brtt. við 43. gr. og fjallar aðeins um það, að við greinina bætist, að það skuli bera undir veiði- og fiskræktarfélag, ef til er, og það mun vera till., sem ég hef tekið upp frá fulltrúum Borgfirðinga og Árnesinga og er eðlileg viðbót.

En 16. og 17. brtt. fjalla um sama efni í raun og veru við 46. og 47. gr. Í 46 gr. er gert ráð fyrir því, að það þurfi ekki nema ⅓ þeirra manna, sem hlut eiga að máli, að mæta á fundi, þegar verið er að ræða um stofnun fiskræktarfélags, og að það dugi til, að ⅔ af þeim ⅓ geti skuldbundið alla hina til þess að ganga í félagið og hlíta þeim kröfum, sem þar er um að ræða. Þetta álít ég hreina fjarstæðu og vil færa það í sama horf og á sér stað og ákveðið er, þegar stofna skal beint veiðifélag. Þetta geta menn nú borið saman og séð að er til aukins samræmis í frv., og ég verð að segja það, að mig undrar að sjá þetta svona í frv., að menn ætli að leyfa sér það, að það dugi, að ⅓ af öllum veiðieigendum mæti á fundi og ⅔ af þeim ⅓ geti skuldbundið alla hina. (**Gripið fram í:** Þeir geta komið í veg fyrir það með því að mæta.) Já, menn eiga nú ekki alltaf svo þægilegt með að mæta á svona fundum. Ég held, að það megi ekki vera minna mark í þessu en að það mæti þá ⅔ af þeim mönnum, sem á að skuldbinda með lögunum.

Í 18. brtt. er eiginlega um sama atriði að ræða, og er það, að það skuli þurfa ⅔ manna til þess að samþykkja, þegar á að fara að skuldbinda alla hina, í stað meiri hluta.

Í 19. brtt. er ekki að tala um annað en orðabreytingu, að breyta þessu: „ef allir félagsmenn hverfa að einu ráði“ — að í stað þess komi: ef allir félagsmenn samþykkja. — Er það ekki nein efnisbreyting í raun og veru.

20. brtt. fjallar um það og er komin frá fulltrúum veiðifélaga Borgfirðinga og Árnesinga, að það sé ekki heimilt ofar við vatn að stofna veiðifélag, nema þeim, sem eru neðar við vatnið, sé gefin heimild til þess að vera með í félaginu, ef þeir óska eftir því.

Um 21. brtt., við 70. gr., er það eitt að segja, að skv. henni er ætlazt til, að þegar ákveðin er arðsútskipting í veiðifélögum, þá sé miðað við eða lagt til grundvallar veiðimagn og veiðiarður síðustu 15 ára, enda sé líka tekið tillit til aðstöðunnar.

Þá er að síðustu 22. brtt., sem er eitt aðalatriðið í þessu máli, og það eru bætur fyrir þann réttindamissi, sem gert er ráð fyrir að menn verði fyrir af þessari löggjöf. Skv. frv. er gert ráð fyrir, að menn fái engar bætur, nema eignarrétturinn sé tekinn að fullu og öllu, 100%. Þó að það sé tekið 99% af eignarréttinum, þá eiga menn ekki að fá neinar bætur þar fyrir. Þetta tel ég hreina óhæfu og legg til, að það séu veittar bætur fyrir missi eignarréttarins, ef hann er tekinn að nokkru eða öllu leyti, enn fremur að bæturnar séu miðaðar við það, hvaða arðtap er af lagabreytingunni, og þess vegna greiddar árlega og greiddar úr ríkissjóði. Ég álít, að það sé eðlilegast, þar sem um svona stóra skerðingu á eignarrétti manna er að ræða, að það sé þá ríkissjóður, sem borgar skaðabæturnar eftir mati, og þær séu miðaðar við arðstjónið, en ekki við fasteignamat, eins og sums staðar kemur fram í þessu frv. og alla tíð hefur verið mjög lágt, eins og menn vita.

Þá hef ég í stuttu máli farið í gegnum allar þessar brtt. En annars eru þær það viðtækar, að það er nauðsynlegt fyrir hv. þm. að bera þær saman við frv. til þess að sjá, hvaða atriði það eru, sem þær eiga við, áður en til atkvgr. um málið kemur. Ég vil svo mega vænta þess, að menn láti sig ekki henda það hér í aðaldeild Alþ. að hespa þetta stóra deilumál af, án þess að það sé rækilega athugað, og eins og ég tek fram í mínu nál., teldi ég æskilegast, að málinu væri frestað og það rætt og athugað í öllum helztu veiðihéruðum landsins, áður en það sé tekið til afgreiðslu.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Það er nú orðið æði fámennt hér í deildinni, sem virðist bera því vitni, að menn hafa ekki mjög mikinn áhuga fyrir þeim deiluatriðum, sem borin hafa verið fram við frv.

Eitt aðalatriðið í ræðu hv. þm. A-Húnv. var, að það ætti að fresta frv. enn um sinn, svo að hægt væri að hafa á því þá athugun, sem nauðsynleg væri. Frv. þetta hefur nú legið fyrir þinginu í tvö ár. Það lá fyrir þinginu í fyrra, og landbn. Ed. hafði það þar til athugunar, sendi frv. út um allt land, til sýslunefnda og annarra aðila, sem þar höfðu hagsmuna að gæta, til þess að fá þeirra umsögn í málinu. Eftir að þetta þing kom svo saman, hefur umsögn frá þessum aðilum verið tekin til athugunar í Ed., og Ed. hefur því athugað frv. mjög gaumgæfilega, eins og hennar var von og vísa. Ég verð að segja það, að ég tel algerlega þarflaust að fresta frv. enn um eitt ár með því að senda það út um land til hinna sömu aðila, sem áður hafa fengið það til umsagnar.

Það er nú svo, að þetta frv., eða réttara sagt laxa- og silungslögin, er eitthvert flóknasta mál, sem liggur fyrir þinginu, svo að ekki er furða, þótt það þurfi athugunar við. Þetta mál var, eins og kunnugt er, samið af milliþinganefnd. Ég var að vísu í þeirri nefnd. Ég viðurkenni þó fyllilega, að ég var ekki málinu kunnugur, en í nefndinni voru þaulkunnugir menn, sem höfðu fylgzt með þessu máli árum saman, eins og t. d. Pálmi Hannesson rektor og fleiri, sem í n. voru. Ég geri ráð fyrir, að þessir menn séu kunnugri þessu máli í heild en flestir aðrir landsmenn, af þeirri einföldu ástæðu, að sumir þeirra, eins og Pálmi heitinn rektor, hafa lengi verið viðriðnir veiðimálin og fylgzt með þeim gaumgæfilega í mörg ár. Þetta er eitt af þeim málum, sem tiltölulega erfitt er fyrir þingið að bæta eða breyta, ég viðurkenni það. En hitt er svo annað mál, að lax- og silungsveiðilög eru deiluefni í hverju landi, hafa verið og verða, og deila um veiðirétt hér á landi hefur vafalaust staðið frá landnámstíð og mun standa enn, þó að þessi lög verði samþykkt og reynt verði að fylgjast með tímanum og breyta lögunum skv. kröfum hans.

Ed. gerði á frv. tiltölulega litlar breytingar. Þó var ein breyting, sem skipti nokkru máli. Hún var á þá leið, að leggja mætti móti lögnum báðum megin við á, ef áin væri þar 100 m breið. Þetta er breyting á gildandi lögum. Ég hygg, að landbn. Ed. hafi haft Ölfusá sérstaklega í huga, þegar hún gerði þessa breytingu. Ég efast þó um, að hún hafi fyllilega gert sér grein fyrir, hvernig þessi breyting verkaði.

Það má segja, að sú eina breyting, sem landbn. þessarar d. geri á frv., sé að breyta þessu ákvæði Ed. En með þessari breytingu gerir nefnd þessarar d. ekki annað en færa þetta atriði í sama horf og það er nú í lögum. Með þessari breytingu, sem nefndin ber hér fram, verður því engin breyting á því ástandi, sem hefur verið og er, meðan þau lög eru í gildi, sem nú eru. En þó er sú breyting gerð í sambandi við þetta, sem ég tel mjög sanngjarna, og það er, að n. leggur til, að bætur verði greiddar, ef talið er, að aðstaða bænda rýrni við ákvæði 35. gr. Ég tel þetta sanngjarnt, og þetta ættu þeir menn a. m. k. að taka til greina, sem halda því fram, að mjög illa sé farið með þá menn, sem netaveiði stunda.

Hv. þm. A-Húnv. sagði, að lítil breyting eða takmörkun sé gerð á stangveiðitíma í ám. Þetta er að vísu ekki rétt. Skv. frv. er bannað að veiða í á meira en 12 tíma á sólarhring. Þetta er nákvæmlega sami tími á viku eins og netaveiði er heimiluð. Þessu til stuðnings skal ég geta þess, að í ám, þar sem ásetning hefur verið mikil og margir menn veiddu í, hefur undanfarið iðulega verið veitt 15—18 tíma á sólarhring. Nú er það ekki lengur heimilt. Þess vegna er mikilsvert atriði að takmarka veiðitímann við 12 tíma á hverjum sólarhring.

Hv. þm. A-Húnv. sagði einnig, að veiðitíminn væri færður aftur um fimm daga. Það er rétt. Veiðitíminn er miðaður við 1. júní til 20. september í staðinn fyrir núna frá 1. júní til 15. sept. En þrátt fyrir þetta, þó að heimildartíminn sé lengdur, er það þó staðreynd, að veiðitíminn er styttur um hálfan mánuð. Nú má veiða frá 1. júní til 15. sept. Samkv. frv. má ekki veiða nema þrjá mánuði. Þeir, sem vilja veiða til 20. sept., mega ekki byrja veiði fyrr en 20. júní. En þar að auki vil ég benda á, að laxveiðitíminn frá 1. til 20. sept. er oftast lítilsvirði sem stangveiðitími. Ég efast mjög mikið um, að hann yrði mikið notaður, vegna þess að menn munu frekar vilja nota júnímánuð til þess að veiða lax heldur en septembermánuð, svo að það, að tíminn er færður aftur um fimm daga, hefur enga raunhæfa þýðingu. Hins vegar styttir frv. veiðitímann um 15 daga, eins og áður er sagt.

Ég sagði áðan, að deilt væri í öllum löndum um frv. eða lög um lax- og silungsveiði. Það er heldur ekki neitt nýtt fyrirbæri, að hér sé deilt um þessi mál. En þó að um málið sé deilt og eðlilegt sé, að um það sé deilt, þá er hins vegar nauðsyn, að sett séu lög um málið. Þetta er einn þáttur í okkar efnahagslífi, sem snertir marga menn í landinu og hefur valdið deilum. Samt er ekki hægt annað en fylgjast með tímanum og breyta þessum l. eftir því, sem aðstæður breytast og tíminn krefst.

Hv. þm. sagði, og ég vil biðja menn að taka vel eftir: hér er verið að yfirfæra eignarrétt þeirra, sem veiðina eiga, í hendur þeirra, sem stangveiði stunda. — Ég vil nú spyrja: Hvernig er hægt að yfirfæra eignarrétt þeirra, sem veiðina eiga, og í hendur þeirra, sem stangveiði stunda? Hér kemur að því gamla atriði, að ekki er talið, að til séu laxveiðibændur á landinu nema þeir, sem veiða með netum. Ekki er verið að hugsa um þá menn, sem leigja ár sínar til stangveiðimanna fyrir mikið fé. Það er ekki verið að tala um, að hugsa þurfi um þeirra rétt, þeirra hlunnindi eða þeirra eignarrétt. Nei, þá eru það stangveiðimennirnir, sem leigja hjá þessum bændum og eiga allan réttinn. En frá mínu sjónarmiði lítur það þannig út, að með þessari togstreitu af hendi bænda, sem veiða í net, er verið að koma í veg fyrir það, að bændur uppánna geti notið hlunninda sinna óskertra. Ef laxveiði á að teljast til nytja þeirra jarða, sem að veiðiám liggja, þá hljóta þeir bændur, sem

búa við uppár og hafa með sér veiðifélög, að hafa sama rétt til þess að vernda nytjar sínar eins og þeir bændur, sem veiða með netum og búa við þjóðbraut laxgöngunnar, ef svo mætti segja. Borgarfjörðurinn og Árnessýslan gætu að líkindum verið beztu veiðisvæði í Norðurálfu, ef skynsamlega væri að farið. En á þessum veiðisvæðum hagar þannig til, að þjóðbrautin, sem laxinn verður að ganga upp í bergvatnsárnar, er eign netabændanna. Það er svo bæði í Hvítá og Ölfusá, og ekki er hægt að loka augunum fyrir því, að bændurnir, sem eiga bergvatnsárnar, hafa alveg jafnan rétt til þess, að þeirra hagsmunir séu verndaðir, eins og hinir, sem búa við þjóðbrautina. En það hefur viljað brenna við, að engin athygli væri veitt hagsmunum þessara bænda, þar til nú allra síðustu árin, að þeir sjálfir eru farnir að rísa upp til þess að vernda hagsmuni sína.

Það er engin leið til þess að vernda fiskstofninn nema með skynsamlegum ráðstöfunum, og þá verða þeir, sem hlut eiga að máli, að sýna fullkomna sanngirni hver gagnvart öðrum, ef vel á að fara. Það er ekki hægt fyrir einn aðilann að taka til sín bróðurpartinn af því, sem raunverulega þeim öllum tilheyrir. Þó að laxinn verði að ganga upp um þjóðbrautina í Hvítá, verður hann samt að fara upp í bergvatnsárnar til þess að hrygna, og ef hann kemst það ekki, þá kemst líka þjóðbrautin í örtröð, áður en langt um líður. Í það horf hefur stefnt, eins og veiðiaðferðum hefur verið hagað undanfarin ár, og þetta frv. er samið með það fyrir augum, að það geti bætt úr þessu, án þess að gengið sé á rétt nokkurs manns, eftir því sem möguleikar leyfa.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Það kom nú fyrst fram í ræðu hv. 2. þm. Reykv., að hann vildi reikna til mikillar þekkingar í mþn., sem samið hefur þetta frv., enda þótt hann væri ekki að hælast um af því, að hann hefði svo sérstaklega mikla þekkingu á þessu máli. Ég skal ekkert efast um það, að ýmsir menn í þeirri n. hafi haft þekkingu á þessu máli. En þeir hafa allir verið haldnir þeim anda og sjónarmiðum, að það bæri fyrst og fremst að styrkja stangveiðarnar í landinu, en útrýma öðrum veiðiaðferðum og þar með þrengja mjög rétt þeirra manna, sem veiðina eiga hér og þar við vötnin í landinu.

Nú skal ég segja ykkur það, hv. þm. sagði það ekki beinlínis, en það gat legið í orðunum, að ég mundi hafa litla þekkingu á þessu máli, en það vill nú svo til, að ég hef reynslu í þriðjung aldar við veiðiskap í einu breytilegasta vatni þessa lands og þekki þess vegna alveg út í gegn, hvað það er, sem ég er hér að tala um. Auk þess hef ég verið í stjórn veiðifélags, sem hefur verið tiltölulega gott samkomulag í, milli 20 og 30 ár og þekki þess vegna þeirra starfsemi sömuleiðis.

Hv. þm. ætti ekki að mínu áliti að láta mikið yfir starfsemi þessarar milliþn., því að frv. þetta er illa samið og frágangurinn á því þannig, að það er ekki ástæða til þess að hrósa sér af því. Hv. Ed. er búin að gera á því 40 breyt. eða um það bil, margar þeirra eru eitthvað til bóta, sumar töluvert, og hér í þessari hv. deild liggja fyrir verulegar brtt. líka, og mér dettur ekki í hug, að þar með sé þessi kista tæmd, því að frv. er þannig samið, að það þarf miklu nákvæmari athugun en hægt er á stuttum tíma að gera. Eins og viðurkennt var af hv. síðasta ræðumanni, er hér um eitt viðkvæmasta deilumál í okkar landi að ræða.

Hann vék að því, hv. síðasti ræðumaður, að það væri mjög mikilsverð breyting gagnvart takmörkun á stangarveiði, að það væri bannað að veiða yfir hánóttina, það væri takmarkað við 12 tíma á hverjum sólarhring. En ég vil benda á, að það er heimilt að veiða á stöng á hverjum einasta degi skv. frv. allan tímann, sem veiði er leyfð, sem er mest 3 mánuðir, og það eru miklu meiri réttindi en sanngjarnt er, miðað við netaveiðina. Samkvæmt minni till. ætlast ég til þess, að stangarveiðimenn megi veiða 5 sólarhringa, alveg eins og þeir, sem netaveiðina stunda, og það sé eins og nú er í l. alveg óbundið, hvort þeir veiða fleiri eða færri klukkutíma á hverjum sólarhring. Mér finnst það miklu eðlilegra, að það sé jafnrétti í þessu efni, vegna þess að það er enginn, sem getur sannað það, hvorki hv. síðasti ræðumaður né aðrir, að það sé víst, að stangveiðarnar séu nokkuð minna hættulegar fyrir fiskstofninn en netaveiðin, ef hún er stunduð á eðlilegan hátt og samkvæmt lögum. Það er áreiðanlegt, að í smáum bergvatnsám hingað og þangað um land er aðstaðan þannig, að það er hægt að taka hvern einasta lax og hvern einasta silung með stangarveiðum. Aðalatriðið í þessu máli er alls ekki það, hvað friðunartíminn er langur á hverri viku, heldur miklu meira hitt, að það séu höfð rétt tök á því, að það sé ekki ólöglega lagt og það sé ekki gefið leyfi til þess, eins og samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir, að skarka með veiðistengur um alla árósa, bæði í vötn, í sjó og hvarvetna annars staðar í landinu. Það er hættulegasta ákvæðið að mínu áliti í þessu frv. og sýnir það, að það er ekki friðunin, sem fyrir þeim mönnum hefur vakað, sem frv. hafa samið, að ætla sér að leyfa, að það sé stangarveiði í öllum árósum.

Hv. síðasti ræðumaður var að minnast á það, að það væri ekki rétt frá minni hálfu, að það væri hér verið að yfirfæra réttinn frá veiðieigendum og yfir til stangveiðimanna. Þetta er rétt, þar sem rétturinn er tekinn alveg af veiðieigendunum. Það getur verið að hálfu leyti rétt, þar sem rétturinn er ekki tekinn af og þeir hafa heimild til þess að leigja hann, svo sem víða er gert. Ég skal taka það fram, að við, sem höfum leigt allan laxveiðirétt í okkar vötnum milli 20—30 ár, Vatnsdælingar og Þingbúar, höfum ekki undan neinu að kvarta, því að þeir menn, sem við höfum samið við, hafa farið eftir settum reglum og alls ekki beitt sér þannig, að það væri gróðavegur fyrir þá, heldur meira leikur að stunda veiðina samkvæmt samningum. En ég þekki mörg dæmi þess og hef spurnir af því, að það er allt öðruvísi unnið að veiðinni af stangveiðimönnum víðs vegar um land og meira í gróðaskyni gert en þekkzt hefur hjá okkur, sem hefur verið bundið með föstum samningum.

Það er þess vegna alveg víst, að það er ekki neitt hægt að sanna um það, að það sé hættu-

minna að leyfa stangveiðarnar jafnótakmarkað og gert er með þessu frv. heldur en hitt, þó að netaveiðin sé leyfð að frádregnum 60 stundum á viku.

Ég vil taka það fram, að það er tilgangurinn gagnvart þeim, sem stunda veiði, að koma því til leiðar, að þeir hætti við þá veiði, vegna þess að ef það mega ekki liggja net meira en 3 nætur í hverri viku, þá fer það að borga sig illa að leggja í allan þann kostnað, sem samfara er netaveiði, og væri þá sanni nær, að það væri þá takmarkað frekar, farin þarna millileið, ef menn geta ekki fallizt á að lækka þessa vikufriðun frá því, sem í þessu frv. er, og millileiðin gæti vissulega verið sú, að þá væri friðunartíminn hafður 3 sólarhringar, 3 nætur og 3 dagar, heldur en það væri endilega hyllzt til þess að hafa 4 nætur og 3 daga til þess að takmarka sem allra mest réttindi þeirra manna, sem netaveiði stunda.

Nú skal ég ekki um það segja, hvað miklum fastmælum það er búið að binda hér hjá hv. þdm. að samþykkja þetta frv. Það er rétt hjá hv. síðasta ræðumanni, að það sýnist ekki vera mikill áhugi fyrir að fylgjast með umr. um það, því að þegar hv. frsm. meiri hl. n. fór að tala, fóru menn að tínast út úr salnum, og það sýnist ekki vera mjög mikill áhugi fyrir þessum deilumálum. Ég vona, að þetta boði það, að menn ætlist ekki til þess að samþykkja þetta frv., sem væri að sjálfsögðu bezt. En ef það er ætlunin að hespa frv. í gegn, þá vil ég skora alvarlega á þá hv. þm., sem hér eru þó innan veggja enn, að kynna sér málið rækilega, vegna þess að þetta er flókið og vandasamt mál og hefur þýðingu, að því sé ekki flaustrað af.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða strax meira um þetta, ef ekki koma nein nánari mótmæli gegn þeim aðalbrtt., sem ég flyt, því að það var nú eiginlega ekki að neinu leyti vikið að þeim áðan sérstaklega, hverri einstakri af þeim brtt., sem ég flyt, af hv. síðasta ræðumanni, og þess vegna hef ég ekki í því efni neinu fyrir að svara.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég hef lítið um mál þetta frekar að segja. Þó er eitt atriði í ræðu hv. þm. A-Húnv., sem ég vildi svara. Hann sagði, að hann vildi láta stangveiðina hlíta sömu l. og netaveiðina, þ. e., að árnar væru friðaðar fyrir stangveiði á sama tíma og þær eru friðaðar fyrir netaveiði. Menn mega þá veiða í ánum dag og nótt þann tíma, sem veiði er heimil. Þetta held ég að sé mjög mikill misskilningur hjá hv. þm., og ég er þeirrar skoðunar, að það sé meginatriði fyrir bergvatnsárnar, að laxinn fái hvíld og frið ákveðinn tíma á hverjum sólarhring. Hitt, að hann sé veiddur frá því í birtingu á morgnana og til miðnættis, er það, sem eyðileggur árnar, og er einmitt það, sem ákvæðum frv. er ætlað að koma í veg fyrir.

Hann sagði enn fremur, að það væri fyrir stangveiðimenn, sem væri verið að lengja friðunartímann í netaveiðinni. Þetta er að sjálfsögðu mesti misskilningur. Hér er ekkert gert fyrir stangveiðimenn. Hér er verið að finna leið til að vernda og hlúa að þessum dýrmætu hlunnindum, sem fylgja þeim jörðum, er liggja að laxveiðiám. Það eru auðvitað hagsmunir þeirra manna, sem jarðirnar eiga, sem lögin eru að vernda, en ekki hagsmunir þeirra manna, sem bændurnir leigja vötnin til veiða. Þess vegna er það misskilningur, að friðunin sé fyrir stangveiðimennina. Friðunin er fyrir uppárnar og þá bændur, sem þær eiga. Og þessar ár verða því dýrmætari fyrir bændurna sem laxinn hefur greiðari aðgang upp í árnar.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls beindi ég til landbn. tilmælum, sem hnigu í þá átt, að n. tæki til athugunar, að aukin yrði nokkuð friðun einnig í þessu frv. að því er snertir stangveiðarnar. Ég viðurkenni það alveg fullkomlega, að það er nauðsynlegt, ef reynslan sýnir, að veiðarnar í ánum gangi svo langt, að stofninum stafi hætta af því, að þá séu gerðar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir þetta. En þær ráðstafanir verða þá að vera, eftir því sem frekast er unnt, raunhæfar ráðstafanir. — Ætli hv. 2. þm. Reykv. (BÓ) sé hér nokkurs staðar? Ég vildi gjarnan, að hann hlýddi hér á mitt mál, ef þess væri kostur.

Þær friðunarráðstafanir, sem í þessu frv. felast, miðast eingöngu við að takmarka netaveiðar, sem þá ef til vill byggist á þeirri skoðun, að netaveiðunum einum geti laxastofninum stafað hætta af, aðrar veiðiaðferðir séu ekki þess eðlis, að af þeim geti nein hætta stafað. — Ég vil nú skjóta því til hæstv. forseta, að ég sé hér hvorki hv. frsm. þessa frv. og ekki heldur hv. 2. þm. Reykv., sem mjög hefur lagt til þessa máls, og vildi ég þá mælast til þess, að ég fengi að fresta minni ræðu, þangað til þessir hv. þm. hefðu tækifæri til þess að vera hér viðstaddir. (**Forseti:** Það má athuga, hvort þm. eru í húsinu, en annars var meiningin að ljúka umr.)

Ég vil þá endurtaka það, af því að hv. 2. þm. Reykv., sem mikið hefur látið þetta mál til sín taka hér, var horfinn, að ég var að lýsa því hér, að ég hefði borið fram tilmæli til landbn. um það, að hún tæki visst atriði þessa frv. um stangarveiðarnar til athugunar, af því að þessu frv. er ætlað að stefna að friðun á laxveiðunum. Hér í þessu frv. er gert ráð fyrir því að lengja friðunartímann um 24 klukkutíma á viku að því er snertir netaveiðarnar, en hins vegar ber svo einkennilega við, að veiðitími með stöng er rýmkaður frá því, sem er í gildandi lögum. Það þýðir ekkert fyrir hv. 2. þm. Reykv. að vera að hrista neitt höfuðið yfir því í mótmælaskyni við, að þetta sé svona, því að í l. er það svo, að stangarveiðar eru bannaðar í námunda við árósa á tilteknu svæði upp og niður frá árósum. Að vísu er til undanþáguheimild hvað þetta atriði snertir, sem máske hefur verið notuð eitthvað, ég veit ekki vel um það, en í löggjöfinni er þetta bannað algerlega. En í þessu frv. er þetta opnað upp á gátt. Nú er heimilt að veiða við árósa, við stöðuvötn, 100 m upp frá slíkum ósum og 200 m niður frá þeim. Nú er þetta algerlega heimilað í þessu frv. Þannig er samtímis því, sem aukin er friðun að því er netaveiðarnar snertir, gengið í þveröfuga átt að því er stangarveiðarnar snertir. Þar sem ég er þeirrar skoðunar, að sjálfsagt sé að gera nauðsynlega friðun til

verndunar stofninum, vil ég, að í hvorum tveggja þessum tilfellum sé þessarar nauðsynjar gætt. Of miklar netaveiðar geta náttúrlega verið hættulegar fyrir stofninn, en of miklar stangarveiðar geta engu að síður verið hættulegar fyrir stofninn. Í þessu sambandi má þó líta á það, að að því er gamansemi og tekjur af þessum veiðum snertir, þá er sá lax, sem veiðist nýgenginn úr sjó, miklu verðmeiri vara en lax, sem runnið hefur sitt skeið upp eftir ánum eða hefur legið í þeim um nokkurn tíma, og að því er það snertir að nota erlendan markað fyrir lax, þá er ekki hægt að nýta hann fyrir annan lax en fyrir þann, sem er nýgenginn úr sjó. Það þýðir ekkert að senda á erlendan markað lax, sem búinn er að liggja í ánum og breytt hefur um litarhátt og megrazt þar og misst bragð og önnur gæði, sem neytandinn vill gefa mikla peninga fyrir. Á þetta má fullkomlega líta, þó að hins vegar megi ekki missa sjónar á því í þessu sambandi, að það verður að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að netaveiðarnar séu ekki notaðar úr hófi fram.

Nú vitum við það, að á öllum sviðum á síðustu árum hefur tæknin aukizt, og þetta náttúrlega kemur fram að því er þessa veiðiaðferð snertir. Það er ýmiss konar útbúnaður, nælonnet og annað, sem þykja miklu veiðnari bæði í sjó og vötnum, og fleira kemur þar til greina, auk þess sem tæknin í stangarveiðunum hefur stórum aukizt eins og eðlilegt er.

Þess vegna er það, að ef á að þjóna þeirri hugsjón, sem sjálfsagt er, að tryggja landinu þau gæði, sem fólkinu, sem þar býr, geta fallið í skaut í sambandi við þessar veiðar, þá verður að gera þær ráðstafanir, sem að haldi komi í þessu efni, og þá má sannarlega ekki, eins og gert er í þessu frv., missa sjónar af þeirri hættu, sem þarna getur stafað af stangarveiðinni.

Það er alveg rétt, að í báðum þessum tilfellum, hvort sem rétturinn til veiði skapar tekjur bóndanum, sem landið á, með netaveiði eða veiðinni er ráðstafað á annan hátt, þá eru það hans hagsmunir, að veiðin geti borið sem allra beztan árangur. En hagsmunirnir eru því aðeins tryggðir, að ráðstafanir séu til þess gerðar, að veiðunum sé ekki beitt þannig, hvort sem um er að ræða netaveiði eða stangarveiði, að þessir hagsmunir gangi úr sér og rýrni og máske verði að engu fyrir óskynsamlegar aðferðir við veiðarnar.

Þess vegna er það, að rétt bændanna og hagsmuni bændanna í þessu efni, hvort sem þeir búa við árósana ellegar lengra uppi í landi, verður að hafa fyrir augum og tryggja hann í báðum tilfellum gersamlega, því að það eru ekki neinir framtíðarhagsmunir bóndans fólgnir í því, þó að hann geti leigt ána fyrir dýra dóma, ef þeirri leigu fylgir það, að með stangarveiðunum sé beitt hreinni rányrkju, sem sviptir bóndann, þegar fram líða stundir, þeirri gagnsemi, sem þarna er um að ræða. Það er alveg eins með þetta og með netaveiðarnar, í hvoru tveggja tilfellinu verður að setja hæfilegar og skynsamlegar skorður.

Ég skal ekki segja um það, hvað þess þarf lengi. Það má vel vera, að friðun í sambandi við netaveiðarnar sé nauðsynleg, og ef svo er, þá er sjálfsagt að gera hana. En á sama tíma verður að hafa það hugfast, að það verður að gera hliðstæðar ráðstafanir gagnvart öðrum veiðiaðferðum, hvort sem þar er heldur um að ræða stangarveiði og þá ekki síður, ef um ádrátt er að ræða, sem nú mun vera orðið, sem betur fer, lítið eða ekkert stundaður. Ég veit ekki til, að það sé neinn ádráttur í ám fram yfir það, sem nauðsynlegt er að ná þá laxi í klak, t. d. í Borgarfjarðarhéraði; ég þekki það ekki.

Svona stendur þetta mál. En í meðförum þeirrar n., sem hefur samið frv., og meðferð Alþingis enn sem komið er, er algerlega vanrækt að reisa skorður nema í öðru tilfellinu. Þvert á móti er gengið lengra en verið hefur til þess að auka hættuna, sem getur stafað af ofbeitingu stangarveiðanna. Það var með tilliti til þessa, sem ég bar fram við landbn. tilmæli um það, að hún tæki þennan þátt frv. til athugunar, en það hefur n. alls ekki gert. Meiri hlutinn hefur fallizt á þau ákvæði frv. að takmarka verulega netaveiðarnar, en vanrækt gersamlega að gera hliðstæðar ráðstafanir að því er stangarveiðarnar snertir, sem þó er brýn þörf á, eins og ég hef þrásinnis bent á og brýnt fyrir nefndinni við 1. umr. þessa máls. Þetta skortir á. Væntanlega vinnst enn tóm til að ráða hér bót á.

Minni hl. landbn. hefur borið hér fram ýmsar till., sem ganga í þá átt, að hér sé leitað nokkurs jafnræðis, auk ýmissa annarra breytinga, sem ég er honum engan veginn að öllu leyti sammála um.

Ég vil taka mjög undir það með hv. 2. þm. Reykv., að aðstaða til laxveiða í Borgarfirði og máske líka í Árnessýslu, — ég þekki þar ekki eins vel til, — er sú, að þetta geti verið eitt af stórum kostum þessara byggðarlaga. En það verður það því aðeins, að reistar séu skorður við því, að svo langt sé gengið í veiðunum eða lengra en svo gagnvart stofninum, sem elst upp í þessum ám og síðan fer þaðan út í sjóinn til þess að sækja sér vöxt og þroska og gengur svo aftur sem fullvaxinn fiskur upp í árnar, að úr þessum kostum dragi. En þá dugir ekki í því sambandi að blína eingöngu á netaveiðarnar, þegar það er vitað, að stangarveiðunum er hægt að beita á jafnhættulegan hátt og netaveiðunum eða hættulegri. Þá verður að fylgja því fast eftir í báðum þessum tilfellum, að allrar varfærni sé gætt, og ég vildi mega vænta þess, að hv. 2. þm. Reykv., sem er mikill og góður veiðimaður og þekkir vel til þessara mála, fáist til að viðurkenna, að það er fyllsta þörf á, eins og nú er komið, að fylgjast með því vel og gaumgæfilega, hvernig veiðunum vegnar í sambandi við stangarveiðarnar, engu síður en með hliðsjón af netaveiðunum. Á því velta framtíðarhagsmunir og ánægja héraðsbúa á þeim svæðum, sem þessara veiða hafa not. Hér er ekki einasta um arðvænlegan atvinnurekstur að ræða, heldur mjög ánægjulegan fyrir þá, sem hneigð hafa til slíkra veiða. En sveitafólkið kann alveg eins og kaupstaðabúar að meta þá ánægju, sem laxveiðarnar veita, þó að það af fjárhagsástæðum hafi orðið að neita sér um hana og hún því fallið að mestu leyti í skaut kaupstaðafólki. En þessir hagsmunir

og ánægjan, sem veiðunum fylgir, verða því aðeins tryggðir, að gætt sé allrar varfærni og rönd reist við allri ofveiði, hvort sem hún stafar af netalögnum eða stangarveiði. Sveitafólkinu má vera það ljóst, að kaupstaðabúar bjóða því aðeins hátt verð fyrir veiði í ánum, að þeir fái eitthvað í aðra hönd. Beri út af með það, kippa þeir fljótt að sér hendinni.

Björn Ólafsson: Ég hristi höfuðið yfir því, er hv. þm. Borgf. (PO) sagði, að stangveiðin væri aukin með frv., og átti ég þar við, að stangveiði væri sízt gefin meiri réttindi en hún hefur í núgildandi lögum. Hins vegar er ég honum sammála um atriði það, sem hann minntist á, í 16. gr. laganna. Þetta er nýmæli og talsverð breyting frá lögum, sem nú gilda. Mig minnir, að tilgangurinn með nýmælinu væri sá, að menn leigi heldur út veiðisvæði í kringum árósa í ám til stangveiði en nota þau til netaveiða, eins og hefur átt sér stað í Hvítá í Borgarfirði. Þar hafa verið lögð net við árósa bergvatnsánna, að vísu, að ég tel, ekki nær en lög heimila. Sumir telja heppilegra, þ. á m. veiðimálastjóri, sem þessum málum er mjög kunnugur, að þessi svæði væru leigð til stangveiða í stað þess að nota þau til netaveiða.

Það er ekki rétt, að við ármynni þeirra bergvatnsáa, sem renna í Hvítá, sé hægt að veiða alveg upp að straumlínu óssins. Það er ljóst, að ef þeir, sem eiga land við Hvítá, geta leigt veiðirétt alveg upp að straumlínu ánna, sem í Hvítá falla, þá er mjög nærri höggvið bergvatnsánum. Hvort mikil hætta er fyrir laxastofninn í sambandi við þetta, skal ég ekki fullyrða, en ég er á sama máli og hv. þm. Borgf. um það, að *breyting frá núgildandi lögum á þessu atriði er* ekki heppileg. Ég mundi með ánægju greiða atkvæði með því, að þessu sé breytt í frv.

Hins vegar vil ég ekki stefna frv. í neina hættu við að fá fram breytingar á þessu eða öðru, eins og nú er komið. Ég vil heldur fá frv. samþ. eins og það er, þó að mætti vafalaust benda á einhverja ágalla á því. Ég vil heldur fá það samþ. eins og það er en eiga á hættu, að það dagi uppi í þinginu og þessi mál komist ekki á þann grundvöll, sem nauðsynlegt er til þess að verja fiskstofninn, bæði hér sunnanlands og annars staðar. Um það erum við hv. þm. Borgf. fyllilega sammála.

Umr. frestað.

Á 98. fundi í Nd., 16. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 359, n. 508 og 524, 525, 535).

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Við hv. þm. Mýr. (HS) höfum leyft okkur að flytja brtt. á þskj. 535. Þessi brtt. miðar að því að auka friðun fyrir veiði með stöng. Hún þýðir það, að árnar verða friðhelgar fyrir allri veiði á mánudögum.

Það eru margir, sem álíta, að stangarveiði sé ekki síður hættuleg fiskstofninum en veiði í net. Hv. 2. þm. Reykv. (BÓ) lýsti því hér við 1. umr. þessa máls, að mjög mikið af þeim fiski, sem veiðist á stöng, sé merktur af netum, sem hann hafi komið í, en sloppið úr. Augljóst er, ef þetta er rétt, sem ég vil ekki vefengja, að þá er stöngin hættulegra veiðitæki í höndum góðra veiðimanna heldur en netin. Úr þeim sleppur talsvert mikið af fiski, en þegar hann kemur á þau svæði, þar sem hin lokkandi veiðitæki stangarveiðimannanna eru að verki, þá er fiskurinn, sem gat bjargað sér úr netunum, dreginn á land og drepinn, auk þess sem mikið magn af fiski, sem ekki kemur nærri netum á göngu sinni, sætir sömu örlögum. Það er því áríðandi upp á vernd fiskstofnsins að gera að gæta hófs um stangarveiðarnar.

Ég hygg, að í ýmsu stefni frv. þetta til bóta frá því, sem verið hefur, en hitt skyldi enginn gera sér í hugarlund, að hér þurfi ekki síðar og það bráðlega bót á að ráða, þegar reynslan segir til um, að breytingar sé þörf.

Hv. þm. A-Húnv. (JPálm) hreyfði hér þeirri hugmynd, að eðlilegast hefði verið, að rúm heildarlöggjöf um þetta mál hefði verið gerð, en síðan hefðu verið settar sérstakar samþykktir fyrir hin ýmsu vatnasvæði, eftir því sem breytilegar aðstæður gæfu tilefni til. Ég gæti trúað, að reynslan leiddi þróun löggjafar um þetta efni í þá átt. En þótt ég sé þessarar skoðunar og þótt ég telji, að sumt í frv. hefði átt að vera með öðrum hætti, og þess vegna skrifað undir álit landbn. með fyrirvara, þá tel ég ekki rétt að fresta lengur afgreiðslu málsins. Reynslan verður svo að skera úr um það, hverra breytinga kann að verða þörf í framtíðinni.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Ég mun ekki lengja umr. mikið frá því, sem orðið er, en á fundi í landbn., sem haldinn var í dag, voru teknar fyrir þær brtt., sem þegar eru komnar fram við frv., m. a. frá minni hl. landbn., og fleiri till. Varð það að samkomulagi í n. að óska eftir því í fyrsta lagi við hæstv. forseta, að nefndin fái málið til nánari athugunar, og líkur eru á því, að n. muni flytja brtt. við 16. gr. með svipuðu orðalagi og er í 15. gr. núgildandi laga.

Þetta gerir n., ef af verður, m. a. til þess, ef hægt væri að fá meiri frið um málið og ef hægt væri að fá frekari tryggingu fyrir því, að málið *færi í gegn. Okkur virðist í meiri hl.*, að það geti verið mikill vafi á því, hvort málið fari í gegn, eins og það er nú, en við teljum, að það sé æskilegt að fá það afgr. á þessu þingi. Og út frá þessum forsendum er það, sem við munum taka málið aftur til athugunar og þá fyrst og fremst 16. gr. í frv., sem er sama og 15. gr. í núgildandi lögum.

Ég vildi skýra frá þessu, svo að hv. alþm. gætu þá athugað það á milli 2. og 3. umr.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Það kom nú í ljós við fyrri hl. þessarar umr., að það voru ekki næsta margir hv. þm., sem virtust hafa áhuga fyrir þessu máli, og er það kannske nokkuð eðlilegt, meðfram fyrir það, að það eru tiltölulega fáir, sem hafa sett sig inn í þetta flókna mál eða hafa á því þekkingu vegna reynslunnar, og eins hitt, að menn vilja þá e. t. v. treysta á þá afgreiðslu, sem þetta vandasama frv. *hefur fengið annars staðar frá.*

Einu mótmælin, sem komu gegn mínum brtt. á þskj. 525, voru frá hv. 2. þm. Reykv. (BÓ), sem er einn af höfundum þessa frv. og var í mþn., en þau mótmæli snertu aðeins eina af mínum brtt., sem er brtt. við 19. gr. frv. og auðvitað er mikið deiluatriði. Samkvæmt frv. er til þess ætlazt, að það sé bannað að leggja net nema helminginn af hverri viku, því að 84 stundir eru auðvitað nákvæmlega helmingur af hverri viku, — það sé alls staðar bannað að leggja netin á þeim tíma, en samtímis megi leyfa stangarveiði alla daga og það m. a. fram í alla árósa.

Nú eru það mörg smærri atriði, sem felast í mínum brtt., og vildi ég mega vænta, að hv. þdm. athuguðu, hvað þeir eru að gera, þegar þeir greiða atkvæði um það, því að sumt af því hefur talsverða þýðingu, þó að smátt virðist í sjálfu sér, bæði um orðskýringar og annað. En með tilliti til þess, að nú er komin fram ein till. frá hv. 1. þm. Árn. (ÁÞ) og þm. Mýr. (HS) um að gera hér millistig með því að friða vötnin fyrir stangarveiði einn dag í viku, þ. e. mánudaginn, til viðbótar við það, sem í frv. er, þá vil ég segja það, að ég er sannfærður um, að það yrði meiri friður um þetta mál, ef það verður hafður sameiginlegur tími og jafnlangur tími, sem árnar eru friðaðar fyrir netum og stangarveiði. Það er náttúrlega töluvert álitamál um, hvað sá tími eigi að vera langur, en að hann sé jafnlangur fyrir hvort tveggja, það álít ég að sé heppilegt og að það sé sami tíminn.

Eins og ég vék að hér við fyrri hluta þessarar umr., gæti ég vel trúað því, þó að ég hafi ekki lagt það til í þessari till., að bezt væri, að friðunartíminn væri færður alveg til og hann væri settur á miðja vikuna, vegna þess að bæði stangveiðimönnum og bændum er það hentugra að hafa leyfi til veiða um helgar.

Eins og hv. þm. Árn. vék að, voru þær upplýsingar, sem 2. þm. Reykv. gaf við 1. umr. þessa máls, að laxarnir hefðu smogið gegnum net og verið svo veiddir á stöng, sönnun þess, að stangveiðin er ekki síður hættuleg og kannske hættulegri fyrir fiskstofninn en netin. Og ég verð að segja það, að það skiptir miklu meira máli, hvernig netin eru lögð og hvað leyft er í því efni, heldur en hvort netaveiði er leyfð einni nóttinni skemur eða lengur.

Hins vegar vil ég taka það fram, að í þessu frv. og í þessum deilum, sem hér eru í þingi um þetta frv., er lítið vikið að því, sem ég tel miklu meira virði í þessu máli en þær deilur, sem eru um netaveiði og stangarveiði, og það er það, sem allir ættu að geta verið sammála um, að auka klak til aukningar fiskstofninum, því að það ætti að geta komið öllum jafnt að gagni.

Enn fremur er annað atriði í þessu, sem sumir hafa gert sér grein fyrir, en sannarlega ekki allir, og það er það, hvílíkur reginháski fiskstofninum stafar af svartbaknum. Það er áreiðanlegt, að hann tínir upp í þúsundatali fiskaseiðin á leirum og hingað og þangað við árnar og vötnin, fyrir utan þann háska, sem nú stafar af minkunum.

Eftir samkomulagi við meiri hl. hv. landbn. ætla ég að taka aftur til 3. umr. eina brtt., þ. e. b-lið 7. brtt., sem er brtt. við 16. gr., og eru líkur til þess, að það verði reynt samkomulag um það atriði í n. fyrir 3. umr.

Að öðru leyti held ég mér við þær brtt., sem hér liggja fyrir, og það verða þá atkvæði að skera úr um það, eins og gefur að skilja, hvort þær ná samþykki eða ekki. En eins og fram er tekið í mínu nál., varðar það því, hvort ég sé mér fært að fylgja þessu frv. út úr deildinni ellegar ekki.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Hv. þm. A-Húnv. (JPálm) vísaði í umsögn, er ég hafði við 1. umr. málsins, að laxar veiddust oft með netamerkjum, og vildi hann telja það sönnun þess, að ef laxinn slyppi úr netunum, þá hlyti hann að veiðast á stöng, svo að stöngin væri engu minna ránstæki en netin. Ég sagði, að fjöldi laxa veiddist í uppám Borgarfjarðar nú síðustu tvö árin með netaförum og afskorna bakugga eftir nælonnetin. Þetta eru aðallega fiskar, sem eru frá 4 og upp í 6 pund að stærð og geta með því að skera af sér uggana sloppið úr möskvunum.

En menn geta náttúrlega ekki búizt við því, að ekkert veiðist á stöng, og finnst mér þess vegna ekki sanngirni að ætlast til þess, að hægt sé að leigja bergvatnsárnar fyrir stórfé og að engin veiði komi þar fyrir, heldur ætlast til þess, að öll veiðin verði í netin, sem laxinn getur nú aðeins forðazt með því að fara miklar krókaleiðir.

Hv. þm. taldi einnig sjálfsagt, að sami tími yrði fyrir stangveiði og netaveiði, þ. e. a. s., að árnar væru friðaðar fyrir stangveiði sömu daga og þær eru friðaðar fyrir netaveiði.

Þetta er nokkuð svipuð tillaga og brtt. á þskj. 535, að öðru leyti en því, að hún gengur miklu lengra. Ég vil benda á, að væri eftir þessari till. farið, mundi það rýra tekjur allra bænda, sem bergvatnsár eiga og stofnað hafa með sér veiðifélög. Þetta mundi rýra tekjur þeirra um allt að helmingi, því að ekki mundi nokkrum manni koma þá til hugar að greiða það gjald, sem nú er greitt fyrir árnar, ef svona till. væri tekin í lög. Það þýddi, að samningar yrðu endurskoðaðir, og þeir, sem hafa nú samning um árnar, mundu heimta lækkun á því umsamda gjaldi, sem þeir verða nú að greiða, fái þeir ekki að veiða í ánum nema helming vikunnar.

En ég vil benda enn á ný á það, sem hefur þó verið margoft fram tekið við þessar umr., að friðun laxins fyrir stangveiði er nákvæmlega hin sama og friðun hans fyrir netaveiði. Samkvæmt frv. má ekki veiða laxinn á stöng nema hálfan sólarhring. Hins vegar má veiða laxinn í net allan sólarhringinn þann tíma, sem netin eru í ánni. Hér hallast því ekki á, ef menn vilja með sanngirni líta á þann tíma, sem bæði veiðitækin eru notuð.

Í Borgarfirði eru nú tvær stórár, sem leiga er greidd fyrir, er nemur yfir fjórðung milljónar króna á ári fyrir stangveiði. Ef þetta ákvæði yrði samþ., sem er í brtt. á þskj. 535, mundu þessar tekjur bændanna stórrýrna. Á því er ekki nokkur vafi. Ég býst við, að hv. flm. hafi ekki gert sér grein fyrir því, hvaða afleiðingar þetta mundi hafa. Það er hægt að segja sem svo, að menn muni halda áfram að semja um sama verð,

þó að veiðitíminn sé styttur. Ég get fullvissað hv. flm. um það, að verð veiðileyfa í stóránum í Borgarfirði er nú orðið svo hátt, að menn mundu ekki taka í mál að borga sama verð og áður, ef tíminn yrði styttur.

Um þá brtt., sem hv. frsm. n. gat um að n. hygðist gera í samræmi við þá till., sem hv. þm. Borgf. (PO) bar hér fram í gær, um ós straumvatns, sem rennur í aðalá, og breyta því í samræmi við það, sem nú er í lögum, þá er ég fylgjandi þessari till. Ég tel ekki, að hún varði verndun fiskstofnsins út af fyrir sig, en hún verndar mjög mikið hagsmuni þeirra manna, sem eiga árnar, er falla í aðalána. Hins vegar vil ég taka mjög ákveðið fram, að ekki er hægt að komast hjá því að nota það undanþáguákvæði, sem þessari till. verður að fylgja, í sambandi við smáárnar, sem falla í bergvatnsárnar, því að þar eru allt önnur skilyrði fyrir hendi. Þess vegna verður að framkvæma lögin á skynsamlegan hátt, svo að verndaður sé réttur þeirra, sem eiga árnar, er renna í aðalána, og að tekið sé fullt tillit til allra aðstæðna, þar sem smáá rennur í bergvatnsá.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Eins og hv. 1. þm. Árn. (ÁÞ) tók hér fram áðan, höfum við leyft okkur að flytja brtt. á þskj. 535. Mér fannst gæta nokkurs misskilnings hjá hv. 2. þm. Reykv. (BÓ) í sambandi við þessa till.

Það er mikill munur á þessari till. okkar eða þeirri till., sem fram hefur komið hér hjá hv. þm. A-Húnv. (JPálm) um að friða hálfa vikuna fyrir stangarveiði, eins og gert er ráð fyrir með netaveiðina.

Það er mín skoðun, að höfuðsjónarmið löggjafans í sambandi við setningu laga um lax- og silungsveiði eigi að veita fiskstofninum næga vernd, og það verður að vera það vel gert, að þó að farið sé fram á fremstu nöf laganna, þá sé samt að finna nógu mikla vernd fyrir fiskstofninn.

Það hefur komið fram bæði í ræðum hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. Borgf. og fleiri, að höfuðatriðið er að vernda þau auðæfi, sem bændur eiga þarna.

Það er enginn vafi á því, að þegar netaveiði er orðin svo takmörkuð, sem nú er gert, þá verður ásóknin í stangarveiðina miklu meiri og hættan fyrir stangarveiðinni fer vaxandi. Áður fyrr voru það yfirleitt Englendingar, sem stunduðu hér stangarveiði, og það er almennt talið, að þeir hafi farið vel með árnar. Íslendingar sækja þessi mál aftur af meira kappi en þeir, og kemur þar fram þeirra veiðimennska. Það er því nauðsynlegt, að það sé ekki hætta á því, að sú verndun, sem gerð er í sambandi við netaveiði, verði upp tekin með aukinni stangarveiði.

Nú er langt frá því, að ég vilji gera lítið úr þeim takmörkunum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir í sambandi við stangarveiðina, þó að ég telji ekki nóg að gert. Vil ég drepa á eitt atriði, sem ekki hefur komið fram hér í umr., en ég tel mjög þýðingarmikið, og það er það atriði, að veiðimálastjóri hefur rétt til þess að takmarka stangafjöldann í hverri á.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að eftir því sem árnar verða í meira verði, eins og þær eru að verða, þá verður sótt á um það að hafa fleiri stangir í ánum. Þess vegna er þetta atriði mjög mikils virði. Ég lít á veiðimálastjóra sem embættismann, sem fyrst og fremst eigi að vera trúnaðarmaður ríkisins og sjá um fiskræktina.

Hins vegar eru það sumir, sem halda því fram, að takmörkunin á hverjum sólarhring hafi litla þýðingu, vegna þess að það sé sá tími sólarhringsins, sem yfirleitt sé ekki notaður til veiða.

Nú vil ég líka taka það fram, að það er mín skoðun, að veiðimenn eru oft búnir að veiða allmikið klukkan sjö að morgni. Hinu er ekki að neita, að nokkuð af þessum tíma mundi falla alveg dauður og vera þýðingarlaus, og með tilliti til þess er þessi till. okkar hv. 1. þm. Árn. fram komin. Svo er hitt, að það er enginn vafi á því, að það er mikils virði fyrir laxinn að fá algeran frið í ánum, eins og hann fengi þarna í 36 klukkustundir.

Hv. 2. þm. Reykv. vildi halda því fram, að ef þessi till. yrði samþ., yrði skertur svo mikið réttur þeirra manna, er tekið hafa árnar á leigu, að það yrði að semja upp, og þetta yrði þess vegna tekjurýrnum fyrir bændur í framsveitum. Það er ekki mín skoðun, að svo sé. Ég vil benda á það, að með þeirri takmörkun, sem gerð er á leirusvæðunum, þar sem netaveiði leggst að mestu eða öllu leyti niður, þá hlýtur laxagengdin, sem fer fram í árnar, að aukast mjög mikið, og það verður ábyggilega miklu meira virði en sú takmörkun, sem þarna er gerð. Ég er líka sannfærður um það, að þegar menn fara að veiða til frambúðar, þá verða þeir þakklátir fyrir þær takmarkanir, sem gerðar eru í þessu frv., því að þá sækja þeir veiðina sér til skemmtunar meira en af kappi, eins og nú er gert.

Ég er sannfærður um, að það missir enginn í við þessa till., heldur er hún aukin vernd fyrir fiskstofninn, sem á að vera höfuðsjónarmiðið. Framárnar fá það mikla aukningu við þær breytingar, sem eru í frv., að það gerir miklu meira en að bæta þær takmarkanir, sem hér er gert ráð fyrir. Ég vil taka undir það með hv. 2. þm. Reykv., sem hann tók hér fram í ræðu sinni í fyrradag, þegar þetta mál var þá hér til umr., að þetta er mikið hagsmunamál fyrir þá menn, sem eiga bergvatnsárnar, og það er einmitt með tilliti til þess, að hagsmunir þeirra verði ekki rýrðir, sem þessi till. er flutt.

Ég vil að lokum taka það fram, að ég er þakklátur hv. landbn. eða meiri hl. hennar fyrir þær brtt., sem hún gerir, því að það er mín skoðun, að einu mennirnir, sem ekki hafa hagnað af frv. eða þeim lögum, sem gert er ráð fyrir að setja hér, eru mennirnir, sem eru á leirusvæðunum. Þeir geta ekki veitt, en hinir munu fá þær takmarkanir, sem hér eru gerðar, greiddar aftur í aukinni fiskgengd. Þess vegna er ég þakklátur n. fyrir ákvæði um bætur til þessara manna, svo sem hún leggur til að gert verði. Það er líka mín skoðun, að það sé alveg sama, hvað þetta mál yrði lengi í meðförum hv. Alþingis, það sé aldrei hægt að samræma sjónarmið þeirra manna, sem þarna eigast við, af eðlilegum ástæðum. Hins vegar tel ég, að með brtt. meiri hl. hv. landbn. sé gengið mjög til móts við réttmæt

og sjálfsögð sjónarmið þeirra manna, er í missa við setningu þessara laga, og ef gengið er tryggilega frá því, að laxastofninn hafi nægilega vernd, þá sé þetta mál vel farið, og ég hef ekki trú á því, að það batni við biðina, og þess vegna fari bezt á afgreiðslu þess nú.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, þm. Mýr., sagði það hér í ræðu sinni, að ég flytti till. um að friða árnar hálfa vikuna fyrir stangveiði. Mér kemur þetta undarlega fyrir og skil ekki í, að þessi hv. þm. skuli ekki hafa lesið réttara en þetta, því að ég flyt till. um að hafa friðunartímann eins og hann er nú í l., sem er 60 stundir á viku, en að það sé jafnt fyrir stangveiði og netaveiði.

Hv. 2. þm. Reykv. hélt því fram, að það væri sönnun fyrir því, hvað netaveiðin væri hættuleg, hvað margir laxar kæmu með netamerkjum upp í bergvatnsár Borgarfjarðar. Það er nú sönnun fyrir því, eins og ég tók fram áðan, að þeir eru veiddir þar á stöngina, að það, sem sleppur þó gegnum netin, er tekið með stönginni. Annars gat hann þess, sem er vafalaust rétt, að þarna væri aðallega um að ræða smálaxinn, 4—6 punda laxa. En það er einmitt sú tegund laxanna, sem ég vil friða fyrir netaveiðinni með því að ákveða, að það sé haft bil á milli í netriðlinum, þar sem einmitt er hættulegast fyrir þessa fiska. En eins og l. eru núna og eins og frv. er núna, þá er ekkert bil þar á milli silunganeta og laxaneta, því að hinn venjulegi silunganetariðill, sem er 4.5 cm milli hnúta, má ekki vera meiri, ef eingöngu er hugsað um silunganetaveiði, eins og sums staðar er, þar sem laxveiði er bönnuð í net, eins og t. d. í veiðifélagi okkar Vatnsdælinga og Þingbúa. En þar sem eingöngu er hugsað um laxinn, á það að vera ákveðið, eins og ég legg til hér í minni brtt. á þskj. 525, að það sé bannað að hafa netariðil á því bili, frá 4.5 upp í 5.8 cm á milli hnúta. Þess vegna er það þýðingarmikið atriði til verndar smálaxinum a. m. k. fyrir veiðinni, að þessi till. verði samþ. Annars verð ég nú að segja það, að það ættu allir hv. þm. að vita, a. m. k. þeir, sem hafa kynnt sér nokkra veiði, að mismunurinn á því, hvað netaveiði er varasöm, fer ákaflega eftir aðstæðum. Það er hægt náttúrlega í mjóum ám og ýmsum stöðum að gera ráð fyrir því, að netaveiðin, þó að farið sé eftir frv., sé mjög hættuleg, en í stórvötnum, eins og við skulum segja Ölfusá, Hvítá í Borgarfirði, Húnavatni, Bjargaósi o. s. frv., þá vita menn, að það er svo stórt svæði milli neta skv. ákvæðum l., að það er mikið frjálsræði fyrir laxinn, þó að net þar séu lögð út frá löndum og megi í hæsta lagi ná út í þriðjung vatns. Þess vegna er það ekki það, sem er hættulegast fyrir lax- og silungastofninn, þó að það sé leyft áfram. Hitt er vitað, að með ótakmarkaðri stangarveiði er hægt að ná í bergvatnsánum og smærri ánum hverjum fiski svo að segja. Annars er það hlutur, sem er hið eðlilega og sjálfsagða atriði í þessu máli, að það sé unnið að því meira en gert hefur verið sums staðar um land, að það séu stofnuð veiðifélög samkv. lögunum og að þau setji sér sínar samþykktir og ákveði það sjálf og hafi heimild til þess að ákveða það sjálf, hvernig hagað er veiðinni á þessu og þessu svæði, því að aðstaðan er svo breytileg, að það verður aldrei hægt í allsherjarlögum að ákveða það svo sem nauðsynlegt væri.

ATKVGR.

Brtt. 525,1.a felld með 13:9 atkv.
— 525,1.b felld með 13:8 atkv.
— 525,1.c felld með 13:7 atkv.
— 525,1.d felld með 15:6 atkv.
— 525,1.e felld með 15:7 atkv.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 525,2 felld með 13:7 atkv.
5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 525,3 felld með 14:7 atkv.
8. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
10—12. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 525,4 felld með 15:8 atkv.
13. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 525,5 felld með 14:7 atkv.
14. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 525,6 felld með 15:8 atkv.
15. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 525,7.a kom ekki til atkv.
— 525,7.b tekin aftur.
16. gr. samþ. með 17:3 atkv.
Brtt. 525,8 felld með 12:6 atkv.
17. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 525,9 felld með 16:7 atkv.
18. gr. samþ. með 17:2 atkv.
Brtt. 525,10 felld með 16:2 atkv.
— 535 felld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JPálm, KJJ, MJ, PÞ, PO, RH, SkG, ÓJ, ÁÞ, EystJ, GíslG, HS, HV, IngJ.
nei: JS, BrS, SÁ, ÁB, BG, BBen, BÓ, EirÞ, EmJ, GÞ, GJóh, GÞG, HÁ, JóhH.
EOl greiddi ekki atkv.
6 þm. (KGuðj, LJós, ÓB, ÓTh, SvbH, ÁkJ) fjarstaddir.
19. gr. samþ. með 17:3 atkv.
Brtt. 525,11 felld með 13:5 atkv.
20. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
21.—22. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 525,12 tekin aftur.
23. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
24.—26. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
27.—28. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 525,13 felld með 13:7 atkv.
29.—33. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 525,14.a felld með 13:6 atkv.
— 525,14.b tekin aftur.
34. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 508,1 (ný 35. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
36.—38. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
39.—42. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 525,15 felld með 13:7 atkv.
43. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
44.—45. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 525,16 felld með 14:7 atkv.
46. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 525,17 felld með 14:8 atkv.

47. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
48.—51. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 525,18 felld með 14:7 atkv.
52. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
53.—58. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 525,19 felld með 13:6 atkv.
59. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
60.—61. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
62. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 525,20 felld með 15:6 atkv.
63. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
64.—69. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 525,21 felld með 13:5 atkv.
70. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
71.—81. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
82.—91. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
92.—95. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
96. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 508,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
97. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
98.—99. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
100.—104. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
105.—106. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
107. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 525,22.a felld með 16:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngJ, JPálm, KJJ, PO, RH, SÁ, BBen.
nei: HÁ, HS, JS, PÞ, BrS, SkG, ÓJ, ÁB, BG, EirÞ, EmJ, EystJ, GíslG, GÞ, GJóh, GÞG. MJ, ÓB, ÁÞ, BÓ, EOl greiddu ekki atkv.
7 þm. (HV, JóhH, KGuðj, LJós, ÓTh, SvbH, ÁkJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Með tilvísun til þess, að hér áðan var samþ. brtt. við 35. gr. þessa frv., sem gerir ráð fyrir bótum til þeirra manna, sem í missa við þetta frv., þá lít ég svo á, að það sé búið að rétta hlut þeirra manna, sem hafa þörf fyrir það, og segi því nei.

Brtt. 525,22.b tekin aftur.
108. gr. samþ. með 17:1 atkv.
109. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
110.—116. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
117.—118. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 101. og 102. fundi í Nd., 20. og 21. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 103. fundi í Nd., 22. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 551, 561).

Frsm. meiri hl. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Landbn. Nd. hefur orðið sammála um að flytja brtt. þá, sem er á þskj. 561, við 16. gr. Greinin mundi þá hljóða þannig, að í staðinn fyrir 2. málsgr. koma tvær málsgr., svo hljóðandi:

„Eigi má veiða fisk í ósum í ár eða ósum í stöðuvötn og eigi 100 metra upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim. Eigi má heldur veiða fisk í ósum úr stöðuvötnum þeim, er lax eða göngusilungur fer um, né 50 metra upp eða niður frá slíkum ósum.

Ráðherra getur eftir till. veiðimálastjóra veitt undanþágu að nokkru leyti eða öllu frá banni því, er ræðir um í 1. og 2. málsgr., þar sem svo hagar til, að veiði í ós eða við er eigi talin skaðvænleg."

Eins og þessi brtt. ber með sér, er hér tekið upp orðrétt sama ákvæði og var og er í gildandi lögum, þ. e. a. s., það er tekið upp það, sem við á, úr 15. gr. núgildandi laga.

Verði þessi brtt. n. samþ., þá gildir að sjálfsögðu bann við því að veiða með stöng í árósum eða ósum í stöðuvötnum. Um þetta atriði í frv. hefur verið allmikið deilt, og n. gat fyrir sitt leyti fallizt á þessa breytingu og þar með gengið til móts við þá, sem mest höfðu út á það atriði frv. að setja, sem var það, að veiða mætti á stöng o. s. frv. í árósum og víðar.

Þá hefur landbn. enn fremur orðið sammála um að leggja hér fram skrifl. brtt. við frv., við 18. gr., að upphaf greinarinnar orðist svo:

„Lög þessi öðlast gildi 1. október 1957, og eru *jafnframt úr gildi numin*" o. s. frv.

Orsakirnar fyrir því, að við flytjum þessa brtt., eru þær m. a., að nú þegar er lax- og silungsveiði hafin, og að dómi þeirra manna, sem bezt telja sig þekkja til, mun vera allmiklum örðugleikum bundið að láta lögin ná til veiðitímabilsins í sumar. Að öllu athuguðu gat n. fyrir sitt leyti gengizt inn á það, að l. öðluðust ekki gildi fyrr en 1. október 1957.

Aðrar brtt. flytur n. ekki, og sé ég ekki ástæðu til að svo komnu máli að orðlengja frekar um þetta mál, en vil endurtaka það, að meiri hl. landbn. Nd. mælir eindregið með því, að þessar brtt. verði samþ. og frv. í heild.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 594) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 561 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 594 samþ. með 23 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17:3 atkv. og endursent Ed.

Á 106. fundi í Ed., 23. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 595).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 107. fundi í Ed., 24. maí, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 595, 605, 622).
Afbrigði um brtt. 622, sem var of seint útbýtt, leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Eftir að þetta mál kom til okkar í Ed. í gær, var haldinn fundur í landbn. Okkur leizt ekki alls kostar á þær breytingar, sem höfðu orðið á því í Nd., og það þótti réttast að flytja brtt., sem prentaðar eru á þskj. 605, en nú eru teknar aftur, og orsökin til þess er sú, að þegar farið var að athuga málið nánar, kom í ljós, að það mundi mjög hæpið, að málið mundi ná fram að ganga á þessu þingi, ef við gerðum þessar brtt. og kæmist í það mikið ósamræmi við það, sem Nd. hafði samþ. Afleiðingin af því varð sú, að

aftur var haldinn annar fundur í landbn. í morgun, og þar kom veiðimálastjóri með miðlunartillögur milli skoðana nefndanna, sem svo birtast á þskj. 622 og n. nú leggur til að samþykktar séu.

Það, sem hér er um að ræða, þær breytingar, sem orðið hafa í Nd. á frv., eru ósköp fljóttaldar, og skal ég bíða seinast með þessa.

Það er fyrst og fremst breyting á 97. gr. Hún var um það að ófriða sel á ofur litlum parti á Breiðafirði, Hvammsfirðinum Þessi grein var felld niður í Nd., svo að nú gilda sömu ákvæði um alla friðun á öllum Breiðafirði. Ég skal ekki rekja gang þessa máls. Þetta komst inn í laxalögin á sínum tíma í frv., sem lagt var fyrir Alþingi 1930. Þá var laxveiði í ánum, sem renna í Hvammsfjörð, mikið til alveg horfin, og selnum var kennt um, og þá var þetta sett í lögin, að selur skyldi ófriðaður á Hvammsfirði við ósa þessara áa. Nú er komin veiði í þessar ár, hverju sem það er nú að þakka, og mér er sagt af kunnugum mönnum, þ. á m. sýslumanni Dalamanna, sem var einn í n., og þm. Dal. (ÁB), sem ég hef líka rætt um við málið, að yfirleitt sé aldrei skotinn selur þarna, enda selalátur þarna inni á Hvammsfirði, svo að ég held, að það sé ekki ástæða til að halda þessu, við gerum engar brtt. við þessa breytingu Nd. á frv.

Þá er gerð sú breyting við 16. gr. frá því, sem hún fór frá okkur, um veiði í ósum, að við leyfðum þar veiði með stöng. Nd. bannaði hana, og breytir gr. að þessu efni. Við leggjum ekki heldur til, að um þetta sé gerð nein breyting, því að í gr., eins og hún kemur frá Nd., er gert ráð fyrir því, að ráðh. geti veitt undanþágu. En hér hagar svo misjafnt til við ósana, að þar þarf alltaf undanþágur, og gildir ekki sama um þá alla og skiptir þess vegna ekki verulegu máli, hvort heldur er.

Loks var í Nd. sett ákvæði um það, hvenær lögin öðluðust gildi. Við erum búnir að vera með þau tvö þing bráðum, — það er bráðum búið þetta þing líka, — þessi lög, og nú er komið fram yfir þann tíma, sem menn eru farnir að leggja í sínar lagnir, en eftir þessum lögum breytast lagnir dálítið hingað og þangað í ám. Það þótti afar óhentugt að láta þau öðlast gildi, þegar veiðitíminn væri byrjaður, og þess vegna eðlilegast að láta þau ekki öðlast gildi fyrr en í haust, eftir að veiðin í sumar væri búin. Þessa brtt. samþykkjum við líka og gerum ekki neinar till. um, að henni verði breytt.

Þá er það 35. gr. Það er hún og um hana, sem nefndirnar greinir á og við nú berum hér fram miðlunartillögu frá veiðimálastjóra. Við höfðum ætlazt til þess hér í d. og þannig fór frv. frá okkur, að ekki væri bætt minnkandi veiði fyrir áhrif laganna, nema hún minnkaði um meira en helming. Þeir færa þetta niður og ætla að bæta þá veiði, sem missist fram yfir 30%. Við höfum ekki séð ástæðu til að breyta þessu. Þeir menn, sem verða fyrir því að þurfa að breyta sínum lögnum eða hverfa með þær burt, eiga náttúrlega rétt á einhverjum bótum, og við gerum þetta ekki að ásteitingarefni og látum þessi 30%, sem Nd. samþykkti, standa áfram.

Þá vildu þeir miða bæturnar við veiðina eins og hún hefði verið síðustu 10 ár, þegar kæmi að því að fara að meta, hvaða bætur menn skyldu fá fyrir rýrnandi veiði. Það fellum við niður og látum í sjálfsvald matsmannanna í hverju tilfelli, hvaða upplýsinga þeir afli sér og hvernig þeir afli þeirra.

Það liggur í hlutarins eðli, að eitt af því, sem þeir verða að reyna að afla sér upplýsinga um, er, hvað veiðin hefur verið, hvað hún hafi minnkað á viðkomandi stað. En jafnaugljóst er hitt, að þeim er það mjög erfitt. Þar sem sami maðurinn hefur kannske fimm lagnir og ein þeirra á að hverfa, þá verður sjálfsagt erfitt að finna 10 ár aftur í tímann, hvað hefur komið í þessa lögn af þeim laxi, sem hann hefur veitt og lagt inn. Eins er það, að það er til í dæminu, að menn, sem missa aðstöðu til þess að geta lagt lagnir eftir þessum lögum, hafa ekki notað réttinn neitt í síðustu 10 ár, af því að áin fyrir þeirra landi hefur verið leigð út og ekkert veitt þar.

Það er þess vegna sitt á hvað, hvernig þessi 10 ára ákvæði mundu verka, og við leggjum til, að það falli út úr gr. og matsnefndirnar í hvert skipti reyni að komast eins mikið til botns í málinu og þær geta, á einn eða annan veg, og þær séu sjálfráðar, hvernig þær geri það.

Þá leggur Nd. til, að bætur fyrir rýrnun veiðiréttar yrðu greiddar að ¾ af ríkinu og ¼ af viðkomandi sýslufélagi. Við höfum haft þetta helming, skipt þessu til helminga.

Þetta var nú nr. 1 af þessu í gær, sem við vorum mjög tregir til að ganga inn á. En við leggjum nú til, að það standi. Ríkið greiðir ¾ bótanna og viðkomandi sýslunefnd ¼, og er þá komið til móts við nefndina í Nd., alveg eins og með 30%, sem við vonum að verði til þess, að frv. fái þar greiða afgreiðslu og verði samþykkt.

Þá tóku þeir upp í Nd., að ríki og sýsla skyldu kosta mötin í sama hlutfalli og þau kostuðu bæturnar. Með þessu þurfti maðurinn, sem í mál vildi fara fyrir missta veiði, engu til að kosta sjálfur nema einni örk af pappír, sem hann skrifaði kæru á. Með því fannst okkur að það væri kölluð fram kæra, hvort sem ástæða væri til eða ekki, og fannst það eiginlega ófært.

Lögin gera ráð fyrir því, að matsmennirnir í hvert skipti ákveði, af hverju matið skuli greiðast, og það látum við haldast, en förum ekki inn á Nd., sem ákvað, að ríki og sýsla greiddu það allt ævinlega, hvort sem það væri nokkur ástæða til þess að fara af stað með málið eða ekki.

Loks tók Nd. það upp að leyfa, að bæturnar fyrir rýrnun á veiðiréttinum jöfnuðust á 25 ár, til þess að það yrði ekki eins tilfinnanlegt, a. m. k. fyrir sýslunefndina, að þurfa að greiða það strax og matið færi fram. Þetta ákvæði höfum við tekið upp í till., eins og hún liggur fyrir núna.

Ég hef þá reynt að lýsa breytingunum og því, sem þær fela í sér. Við höfum trú á því, að nefndin, eftir samtali við n. í Nd. og þá menn, sem hafa mestra laxahagsmuna þar að gæta, að á þessari breytingu verði tekið þar með velvilja, hún verði þar samþ. og lögin geti öðlazt gildi nú á þessu ári, en það viljum við að þau geri.

Loks leggjum við til þarna aðra brtt., við 109.

gr. Við vitnum þar í 35. gr., sem er undantekning frá aðalreglunni, sem annars gildir í 109. gr.

Þó að við sumir landbn.-menn séum ekki alls kostar ánægðir með þessar till. og hefðum heldur kosið þær í svipuðu formi og var hjá okkur áður, þá leggjum við nú samt til, að þær verði samþ. og frv. þannig sent Nd. aftur.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. frsm. hefur nú gert grein fyrir því, sem hefur gerzt í hv. landbn. út af þessu máli tvo síðustu dagana, og þarf ég ekki að bæta neinu verulegu við það, nema því, sem hann lét niður falla. Hann hefur sennilega gleymt því, að ég var ekki alveg sammála öðrum nm. í morgun, og er það auðvitað ekki heldur enn. Ég er ekki sammála þeim um það, að það taki því að vera að hrekja þetta mál til Nd. aftur fyrir ekki meiri breytingar en nú eru hér á ferðinni.

Eftir að við endurskoðuðum till., sem við samþ. í gær, og búið er að koma þeim í nýjan búning, þá sýnist mér breytingin vera svo lítil, að það taki því ekki að vera að láta málið ganga aftur til hv. Nd.

Hv. frsm. segist hafa þá trú, að málið gangi nú fram og hv. Nd. samþykki það með þessari breyt., sem nú er flutt. Ja, ég get ekkert við því sagt, hvaða trú hann hefur; ég hef um það enga trú og veit ekkert um það, hvernig um málið fer, þegar það kemur til hv. Nd. á eftir. Ef um það verður mikill ágreiningur, eins og hefur orðið nú að undanförnu og eins og búið er að vera um þetta mál árum saman, bæði innan þings og utan, en nú loksins virðist vera kominn sæmilegur friður um lausn á málinu í heild, þá sé ég ekki, að þessi ávinningur með breytingunni sé mikill, þó að hann út af fyrir sig sé réttmætur.

Það er líka á það að líta, að þessi lög eiga ekki að taka gildi fyrr en í október, m. ö. o. þau gilda alls ekkert fyrir þetta veiðitímabil, sem nú er að byrja, og ef mönnum sýnist alveg aðkallandi að breyta þessari einu gr., sem ágreiningur er nú um, 35. gr., þá er það þó annað mál að taka málið aftur upp á næsta þingi til að breyta einni grein heldur en að eiga það jafnvel á hættu, að málið gangi nú ekki fram, og verða að taka allt málið upp aftur. Það er þetta, sem ég óttast. Það er ekki ágreiningur um efnishlið þessarar till., sem nú er flutt, heldur hitt, að þetta kunni að verða afleiðingar af því, ef við förum að samþ. hana.

Ég verð af þessum ástæðum að greiða atkv. gegn tillögunni, ekki vegna þess, að ég sé á móti efni hennar, heldur vegna hins, eins og ég sagði áðan, að ég óttast, að þetta verði til að stöðva málið á þessu þingi.

ATKVGR.
Brtt. 605 tekin aftur.
— 622,1 samþ. með 9:2 atkv.
— 622,2 samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 107. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 628).

Á 109. fundi í Nd., 27. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Hv. landbn. Ed. hefur tekið þetta frv. enn á ný til umr., þar sem landbn. Ed. hafði gert á því breytingu. Þar sem svo er áliðið þings, að senn er komið að þingslitum, sér meiri hl. n. sér ekki fært að flytja neinar brtt. við frv., og er það m. a. vegna þess, að meiri hl. er því meðmæltur, að frv. verði að lögum á þessu þingi, en viss hætta er á því, ef landbn. Nd. gerir við það nýjar brtt., að þá gæti það orðið þess valdandi, að málið næði ekki fram að ganga nú á þessu þingi.

Fyrir því mælir meiri hl. hv. landbn með því, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og Ed. gekk frá því.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls hér í hv. d. flutti ég við það nokkrar brtt., sumar leiðréttingar, sumar eru efnisbreytingar o. s. frv. En það virðist vera bundið fastmælum hjá hv. meðmælendum þessa frv. að binda samtökin svo fast, að ekki mættu koma einu sinni orðabreytingar, svo að þessar till. voru allar felldar, að því undanskildu, að hv. landbn. eða meiri hl. bennar tók til greina eina brtt. varðandi stangarveiði í ósum. Að öðru leyti var sú breyt. á gerð hér við 3. umr., sem nokkur réttarbót er í, að á vissum stöðum væru heimilaðar bætur fyrir þann réttindamissi á veiði, sem lög þessi hafa í för með sér. Þetta hefur að nokkru leyti verið fellt niður í hv. Ed., að því leyti til, að það er fellt út úr frv. að miða við veiði síðustu 10 ára, og það hefur þýðingu fyrir marga veiðieigendur. En þrátt fyrir það sé ég nú ekki til neins að vera að flytja brtt. í þá átt að taka þetta upp aftur og ætla ekki heldur að flytja aðrar brtt., því að ég er alveg á móti þessu máli og mér er ljóst, að það er einn liðurinn í því, sem stefnir í þá átt að knýja unga menn burt úr sveitunum, þá menn, sem eru við veiðivötnin og sjá, að þeim er bannað að nota þann rétt, sem áður hefur fylgt jörðunum, og hann er settur í annarra manna hendur. Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um málið hér.

Það get ég þó fullvissað hv. þdm. um, að það munu fylgja þessu máli nokkuð víða um landið málaferli og þrætur meiri en þeir gera sér grein fyrir.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 659).

---

66. Búfjárrækt.

Á 10. fundi í Sþ., 16. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um búfjárrækt [51. mál] (þmfrv., A. 56).

Á 19. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Form. landbn., hv. þm. Dal. (ÁB), sem vegna fjarveru getur ekki haft framsögu hér í þessu máli, bað mig að mæla hér fáein orð, um leið og málið yrði tekið á dagskrá.

Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 56 til 1. umr., er frv. til laga um búfjárrækt og var sent landbn. frá Búnaðarfélagi Íslands, og hafði búnaðarþing fjallað um málið. Að meginefni er frv. samhljóða lögum um búfjárrækt frá 1948, en hefur þó að geyma ýmsar breytingar, sem ætlað er að muni efla og styrkja búfjárrækt landsmanna, ef að lögum verða.

Í grg., sem fylgdi frv. og prentuð er með því, er skýrt frá, að hverju stefnt er með breyt. þeim frá eldri búfjárræktarlögum, sem hér eru ráðgerðar. Nokkurn kostnaðarauka munu sumar þessar breytingar hafa í för með sér fyrir ríkissjóð og bændur, en ekki er sá kostnaðarauki stórvægilegur.

Landbn. hefur ekki enn gefizt tóm til að kynna sér frv. þetta til hlítar, svo að álit frá n. liggur ekki fyrir við þessa umr. Hafa nm. því áskilið sér óbundinn rétt um afstöðu til málsins og einstakra atriða þess.

Á þessu stigi hef ég ekki um þetta fleiri orð, en leyfi mér að leggja til, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr., og mun n. taka málið til athugunar fyrir 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 22. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Landbn. hefur ekki haft tækifæri til að afgreiða þetta mál enn þá, og ég vænti þess, að hæstv. forseti vilji taka málið af dagskrá nú og fresta 2. umr., þar til nál. kemur, og skal ég stuðla að því, að þess verði ekki langt að bíða.

Forseti tók málið af dagskrá, og svo fór einnig á 102. og 103. fundi í Nd., 21. og 22. maí.

Á 104. fundi í Nd., 23. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 56, n. 566).

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Landbn. hefur haft þetta frv. til meðferðar í vetur, og er n. á einu máli um það að mæla með því, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem liggja fyrir á þskj. 566. Þar er ekki um neinar efnisbreytingar að ræða frá frv., heldur skýringar á einstökum ákvæðum frv., og svo hefur n. sums staðar dregið nokkuð úr útgjaldaliðum, sem óhjákvæmilega fylgja búfjárræktarlögunum, til þess að þau nái tilætluðum árangri.

Það má segja, að landbúnaður okkar Íslendinga sé að því leyti til frábrugðinn landbúnaði annarra þjóða, að til þess að við getum notfært okkur mátt moldarinnar við matvælaframleiðslu, verðum við að nota húsdýrin sem millilið í þeirri framleiðslu. En aðrar þjóðir, sem byggja suðlægari og heitari lönd, geta í ríkum mæli ræktað matvæli, korntegundir alls konar og trjágróður og garðmeti, sem erfiðleikum er háð að rækta hér hjá okkur, þótt við hins vegar getum í ríkari mæli nú en áður þekktist ræktað garðmeti, bæði utan og innan gróðurhúsa. En árvissari er þó grasræktin en annar jarðargróði hjá okkur. Það leiðir því af sjálfu sér, að brýna nauðsyn ber til þess, að þau húsdýr, sem við höfum við matvælaframleiðslu, séu arðmikil og fóðurlétt.

Tilgangur búfjárræktarlaga er sá, að þessum árangri verði náð. Aðrar þjóðir hafa náð góðum árangri í þessum efnum. Sama má segja um okkur Íslendinga, þótt okkar starf sé ekki orðið jafnlangt og þeirra. En það sýnir þó það, að búfé okkar býr yfir miklum kostum, sem hægt er að efla, sé rétt með farið.

Fyrir þremur árum var hálfrar aldar afmæli nautgriparæktarfélaganna hér á landi. Fyrsti brautryðjandi þeirra var Guðjón Guðmundsson frá Finnbogastöðum. Hann samdi fyrsta frv., sem í aðalatriðum okkar búfjárrækt hefur verið grundvölluð á. Árið 1903—04 sendu tvö félög frá sér skýrslur, sem náðu yfir 89 kýr, en meðalnyt kúnna á árunum frá 1904—08 var 2242 kg. Allt frá þessum fyrsta vísi hefur starfsemi nautgriparæktarinnar miðað jafnt og vel áfram, svo að nú eru skýrslur færðar um rúmlega 40% af öllum kúm landsmanna, og meðalnyt kúnna hefur hækkað upp í 3083 kg árið 1955. Þarna er um mikinn árangur að ræða, sem árlega veitir hlutaðeigendum mikla björg í bú, því að ef maður tekur bónda, sem átti 10 kýr á fyrstu árum nautgriparæktarfélaganna, þá fékk hann 22420 kg. af mjólk á ári, en árið 1955 gat bóndi, sem hafði jafnmargar kýr, fengið 32830 kg mjólkur, miðað við sama kúafjölda. Meðaltalsnyt kúnna í nautgriparæktarfélögunum 1955 gaf því um 10000 kg meira. Að sjálfsögðu þarf meira fóður til að framleiða þennan mjólkurauka, en ekki nema brot af því, sem aukningunni nemur, því að í gegnum ræktun kúnna hefur tekizt að stórauka mjólkurmagnið. Enginn má þó halda, að akurinn sé fullplægður á þessu sviði, því að enn þá ná nautgriparæktarfélögin ekki til fjölda bænda, sem margir hverjir eiga óleyst verkefni á þessu sviði.

Það er því mjög aðkallandi mál að geta útbreitt þessa starfsemi frá því, sem nú er, en þetta frv. stuðlar að því; það veitir aukin réttindi og gerir ráð fyrir, að notuð verði meiri tækni í þessari starfsemi en auðið var áður fyrr.

Hollendingar og Danir eru þær þjóðir, sem hafa hlutfallslega fleiri skýrslufærðar kýr en við Íslendingar. En það, sem á milli skilur hjá okkur og þeim, er það, að við höfum ekki jafngott eftirlit innan nautgriparæktarfélaganna og þessar þjóðir hafa.

Það má því segja nú, að meðalnyt kúnna hafi hækkað um allt að 50% frá aldamótum, og mjólkurfeitin hefur hækkað um því sem næst ½%. Það lætur nærri, að hefðu bændur þeir, sem stofnuðu fyrstu nautgriparæktarfélögin, átt að hafa jafnmikla mjólk og bændur innan nautgriparæktarfélaganna hafa nú, þá hefðu þeir

þurft að hafa 14—15 kýr, í staðinn fyrir að þeir, sem nú eru innan þessa félagsskapar, þurfa ekki að hafa nema 10 kýr til þess að fá jafnmikla mjólk.

Þarna er því um mikinn árangur að ræða, og ekki sízt þegar það er vitað, að fjöldi bænda hefur ekki betri kýr en þekktust við aldamót, þ. e. a. s. nokkrir þeirra, sem ekki tilheyra nautgriparæktarfélögunum.

Land okkar hefur grasi gróin fjöll, dali og heiðar, sem árlega sumarfóðra fjölda sauðfjár. Þótt á ýmsu hafi gengið með sauðfjáreign okkar Íslendinga, hefur okkur þó enn þá tekizt að halda í gamla sauðfjárstofninn og rækta hann, svo að okkur notist af okkar víðlendu fjöllum og þeim auðæfum, sem sauðkindin ein getur aflað okkur í ríkum mæli.

Það gegnir því sama máli hér og með kýrnar, að val gripanna og afurðageta þeirra skapa grundvöllinn að því, hvort við höfum það upp úr jarðræktinni, sem við ætlumst til og þurfum. Sauðfjárræktarbú eru starfrækt, sauðfjárræktarfélög og sauðfjárræktarsýningar haldnar. Allt miðar þetta í rétta átt, en tekur langan tíma, þar til árangur sést.

Frv. þetta gerir ráð fyrir víðtækari og skipulagðari starfsemi á sviði sauðfjárræktarinnar en verið hefur, enda nauðsynlegt, þar sem þessi starfsemi hefur ekki notið sín vegna fjárpesta.

Starfandi sauðfjárræktarfélög eru nú í landinu 140 og ná til 20 þús. kinda, en alls munu vera um 700 þús. fjár á landinu. Síðan 1934 hefur verið fylgzt vel með framleiðslumagni sauðfjár. Meðalfallþungi dilka hefur farið vaxandi úr 12.46 kg í 14.85 kg árið 1956, en hefur hæstur orðið 1953 14.93 kg. Meira er um vert, hvað lömbum hefur fjölgað eftir hverja vetrarfóðraða kind. Kindakjötsframleiðslan eftir vetrarfóðraða kind árið 1935 var 10.2 kg, en 1956 15.5 kg, og er þá tillit tekið til breytinga á tölu stofnsins viðkomandi ár. Þessi aukning nemur u. þ. b. 50%, og þetta er á sauðfjáreigninni í heild, en mun meira þar, sem framfarirnar hafa orðið mestar.

Hér er því um geysimikinn árangur að ræða eins og við nautgriparæktina. — Þó eru ýmis vandamál óleyst, sem nauðsynlegt er að halda skipulega á í framtíðinni.

Þá gerir frv. þetta ráð fyrir hrossarækt, því að þótt bíla- og vélaöld ríki í okkar þjóðfélagi, er samt útilokað, að við getum verið án þarfasta þjónsins, því að enn þá þarf að smala og nota hesta til dráttar, fyrir utan þá ánægju, sem Íslendingar hafa af því að eiga hesta og skemmta sér á þeim. Þá má líka segja, að hrossaræktin hafi nokkra þýðingu í matvælaframleiðslu, en ég er þeirrar skoðunar, að þar sé sauðkindin okkur notadrýgri.

Frá alda öðli hafa verið hér á landi svín og alifuglar, en þau hafa minni þýðingu en annað búfé til að notfæra sér mátt moldarinnar til að afla í munn og maga, en eru þó eigi að síður nauðsynleg, enda gerir frv. þetta ráð fyrir ræktun þessara dýra eins og verið hefur í lögum.

Þá er kafli í þessu frv. um forðagæzlu. Er hann lítið breyttur frá því, sem verið hefur, enda mun þróunin í þessum efnum verða sú, að við þurfum enga forðagæzlu, þegar tímar líða og ræktunin vex. Forðagæzla er víðast hvar óþekkt í heiminum og mun verða það hér einnig, þótt við getum ekki án hennar verið eins og sakir standa.

Frv. þetta miðar allt að því og á að verða til þess, að bændur og búalið hafi eingöngu það búfé, sem hefur bezta eiginleika til að breyta grasi í mjólk og kjöt. Þá er tilgangi þess náð og til einhvers unnið með ræktun túna og ræktun búfjár.

Ég vænti því þess, að hv. þm. samþ. frv. þetta ásamt brtt. þeim, er fyrir liggja. Að öðru leyti læt ég nægja að vísa til 1. umr. þessa máls og þeirrar grg., sem frv. fylgir, og óska svo eftir, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 566,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 566,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
10.—13. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 566,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
15.—20. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
21.—31. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 566,4 (ný 32. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
33.—54. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
55.—59. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 566,5 samþ. með 21 shlj. atkv.
60. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
61. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
62.—65. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
66.—81. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 566,6 samþ. með 19 shlj. atkv.
82. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
83.—85. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 566,7 samþ. með 22 shlj. atkv.
86. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
87. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 105. fundi í Nd., 24. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 609).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 107. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 109. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Eins og þetta frv. ber með sér, hefur það fengið mjög rækilegan undirbúning. Það er samið af

Búnaðarfélagi Íslands og endurskoðað af búnaðarþingi. Og eins og það ber með sér, er það fyrst og fremst samræming og leiðrétting á búfjárræktarlögunum. Það fylgir málinu mjög ýtarleg grg., en því hefur verið breytt í verulegum atriðum í hv. Nd., þó aðallega þannig, að það hefur verið dregið úr kostnaðinum við þær breytingar og samræmingar, sem gerðar eru á frv.

Aðalatriðin í frv., eins og það liggur fyrir nú, auk nokkurra smærri breytinga, sem aðallega eru gerðar til samræmingar, eru þessi: Héraðsráðunautar í búfjárrækt fái sömu laun og héraðsráðunautar í jarðrækt. Á þessu hefur verið ósamræmi, sem af skiljanlegum ástæðum getur ekki beðið að leiðrétta. Enn fremur er nú í þessu frv., ef að lögum verður, heimilað að greiða félagssamtökum bænda í búfjárrækt fyrir að gera samanburð á einstökum stofnum. Slíkt hefur að sjálfsögðu nokkurn kostnað í för með sér, en talinn er mikill ávinningur, að það sé hægt að gera, og er veittur til þess lítils háttar styrkur. Þriðja meginbreytingin er sú, að það er hækkaður styrkur til sæðingarstöðva, hámarkið úr 15 þús. upp í 20 þús. Er gert ráð fyrir því, að eins og frv. nú liggur fyrir, hafi verið dregið þannig úr kostnaði, að hann nemi eitthvað á þriðja hundrað þús. kr., en var í verulegum atriðum hærri, eins og ég gat um í upphafi.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri að þessu sinni og óska eftir, að málinu verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni og til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Ed., 27. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 609, n. 640).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta mál er til d. komið frá Nd., þar sem voru samþykktar við það nokkrar breytingar. Inn í þingið er það komið eftir beiðni frá stjórn Búnaðarfélags Íslands, en búnaðarþing hafði málið þar til meðferðar, ásamt þeim starfsmönnum Búnaðarfélagsins, sem með framkvæmd málsins hafa að gera og sömdu frv., sem svo var sent landbn. Nd., sem lagði það fyrir þingið.

Breytingarnar, sem í þessu frv. felast frá gildandi búfjárræktarlögum, eru ekki margar né miklar. Landbn. þessarar d. hefur farið yfir frv. og leggur til, að það sé samþykkt óbreytt eins og það kom frá Nd.

Ég skal nú með örstuttu máli reyna að gera grein fyrir helztu breytingunum, sem felast í frv. frá eldri búfjárræktarlögum.

Ég vil fyrst láta í ljós gleði mína yfir því, að frv. skuli koma hér fram í heilu lagi, en ekki koma fram sem brtt. við gömlu lögin. Það er miklu handhægara fyrir alla menn, sem þurfa að nota lög, að hafa allt, sem gildir í viðkomandi máli, í einu og sama frv., en þurfa ekki að leita fyrst í frv., sem var samþykkt einhvern tíma aftur í grárri forneskju, og svo að breytingum og breytingum og enn þá breytingum, sem gerðar hafa verið á gildandi lögum á einum fjórum, fimm, sex stöðum. Þetta er ákaflega mikill kostur, og ætti yfirleitt að reyna að taka þann sið upp á Alþingi að láta lagabálka halda sér, breyta öllum lögunum og færa breytingarnar inn í þau, en ekki að vera með lögin á mörgum stöðum. Þetta hef ég sagt oft áður hér í d., svo að menn vita mína skoðun á þessu.

Í frv. í heild eru á allmörgum stöðum nokkrar orðabreytingar og breytingar, sem allar hníga í þá átt að skapa möguleika til þess, að búfjárræktarfélögin, sem núna eru þrenns konar eða jafnvel ferns konar í búfjárræktarlögunum, geti sameinazt í eitt. Það er gert ráð fyrir því, að búnaðarsamböndin geti gert með sér samþykktir um búfjárrækt yfirleitt og þá sameinist félögin, sem núna eru í mörgum sjálfstæðum pörtum, eins og nautgriparæktarfélög, hrossaræktarfélög, sauðfjárræktarfélög o. s. frv. Þetta er til mikilla bóta og snertir ekki lögin eða snertir ekki framkvæmdina að öðru leyti en því, að hún verður einfaldari, og þá fellur niður það, sem áður hefur verið heimilt, að hafa ráðunauta í sérstakri búgrein. Þannig hafa nautgriparæktarsamböndin fengið leyfi til þess að hafa ráðunauta bara í nautgriparækt og hinar búfjárræktargreinarnar á því svæði þá orðið útundan. Þetta hverfur eftir því sem smákemst á hjá búnaðarsamböndunum að koma í eitt þeim félagsskap, sem um ræðir í búfjárræktinni, og þetta er þess vegna mikið til bóta.

Þá er gert ráð fyrir því, að það gildi sömu reglur um þá ráðunauta, sem eru úti í héruðunum í búnaðarsamböndunum, í búfjárræktinni, og nú gilda í jarðræktinni. Þegar jarðræktarlögunum var síðast breytt, var breytt dálítið fyrirkomulagi á launum ráðunautanna, ríkissjóður látinn borga meira, eða helming af launum þeirra, en áður hafði hann greitt ⅝. Nú er hann látinn borga helming líka af launum búfjárræktarráðunautanna. Þeir eru enn sem komið er ákaflega fáir. Ráðunautarnir eru launaðir eftir VIII. launaflokki, ef ég man rétt, bæði í búfjárrækt og jarðrækt. Það gengur heldur illa að fá menn fyrir þau laun. Við höfum samt ekki hækkað þetta, heldur látið þá vera áfram í VIII. flokki. En sannleikurinn er sá, að mörg búnaðarsamböndin hafa orðið að bæta við, borga hærri laun en svarar til VIII. flokks, allt upp í VII. flokk og jafnvel enn hærra. Þetta breytir ekki neinu öðru en hlutfallinu, sem ríkið greiðir á móti. Og vitanlega greiðir ríkið aldrei meira á móti en það, sem launin eiga að vera eftir lögunum, þó að eitthvert búnaðarsamband hafi orðið að borga sínum ráðunautum hærri laun, eins og a. m. k. þrjú af þeim gera, sem núna hafa héraðsráðunauta.

Þá er það sett inn í lögin, að á milli þeirra sýninga, sem ákveðið var í gömlu lögunum að halda fjórða hvert ár, bæði í nautgriparækt og sauðfjárrækt, er gefin heimild til þess, að haldin sé sýning á miðju tímabilinu þar á milli. Á þeirri sýningu á ekki að sýna annað en skepnur, karlkyn, sem er orðið það gamalt, að það þarf að fá úr því skorið, hvort afkvæmi

þess, sem þá er uppkomið, komið upp á milli tímans, sem sýningarnar eru haldnar, sé það gott, að ástæða sé til að halda í skepnuna áfram. Þetta gildir í sauðfjárræktarfélögunum, þar sem það er skylda að halda þessar sýningar mitt á milli aðalsýninganna, og í nautgriparæktinni, þar sem til verða smám saman kýr undan nautum, sem farnar eru að mjólka á milli sýninganna og af má sjá erfðaeðli föðurins. Þetta eykur í sjálfu sér ekki framlög ríkissjóðs að öðru leyti en því, að Búnaðarfélag Íslands er farið að láta menn mæta á þessum sýningum. Það eykur þess útgjöld, sem svo verka aftur óbeint á það, hvað það þarf frá Alþingi. En þörfin á þessum sýningum er ákaflega mikil. Það er ákaflega nauðsynlegt fyrir mennina, sem eiga skepnurnar, og sveitirnar, sem skepnurnar eru í, að fá úr því skorið, hvort þær eru þess verðar, sem menn hafa haldið fyrir tveimur árum að þær væru, en nú sést með vissu, eftir að upp eru komin undan þeim afkvæmi, sem sýna, hvað þau hafa erft frá þeim svona nokkurn veginn.

Þá hefur verið sett hér inn ákvæði í sauðfjárræktarkaflann, sem er um það, að það sé heimilt, ef ráðunautur Búnaðarfélags Íslands telur ástæðu til, að koma á samanburði milli systra undan ákveðnum hrútum; það sé heimilt að semja um það við eitthvert sauðfjárræktarfélag, sem langar til að reyna að prófa dætur nokkurra hrúta, sem ágætir eru taldir, og vita hver reynist bezt; þá sé heimilt á allt að 50 stöðum á landinu að koma upp slíkum samanburði á systkinahópum, sem þá mega vera 10 í hverjum hóp og eiga svo að fóðrast og fara eins með að öllu leyti í 3 ár. Þá á að fást úr því skorið, hvort þessi eða hinn hrúturinn er beztur. Til þess arna má verja 50—100 kr. á hvert bú, og ef það er notað til fulls, þá eru það 50 bú, sem geta fengið þennan styrk til þess arna. Ég tel þetta töluvert mikið atriði, og við erum sammála um, að þetta sé til bóta og geti gefið jákvæðar upplýsingar.

Þá er grunnstyrkur til sæðingarstöðvanna hækkaður úr 15 þús., eins og það var í lögunum, upp í 20 þús. Það er þó nokkuð deilt um þessar sæðingarstöðvar. Þeir, sem tala þar mest á móti, flimta með það, að það sé með þessu verið að borga bændunum nautstollana, sem þeir annars þurfa að borga, þegar þeir fá kálf í sínar kýr, og á sama hátt með ærnar, þegar um sæðingu hrúta er að gera, og aðrar skepnur hafa ekki verið sæddar enn þá hér á landi. En það er ákaflega mikils virði, þegar maður hefur orðið gott dýr, dýr, sem maður veit að er gott, — þá er ákaflega mikils virði að geta fengið undan því sem allra flesta einstaklinga. Kannske sést það bezt með því að taka dæmi.

Við höfum átt í okkar nautastofni eitt naut, sem Máni hét og var kenndur við bæ, sem Kluftir heita uppi í Hrunamannahreppi. Undan honum komu 86 dætur, sem urðu fullorðnar kýr og voru á ýmsum bæjum, ekki einu sinni allar í hreppnum, heldur utan hreppsins nokkrar í nálægum hreppum tveimur, og þessar dætur mjólkuðu hver einasta hærra en mæður þeirra, og voru þó valdar undir hann beztu kýrnar, sem menn áttu, og að meðaltali gáfu þær hátt á annað þús. fitueiningar meira en mæðurnar gerðu og allar hærra en mæðurnar, og dætur Mána gáfu á annað þús. kr. meiri tekjur á ári fyrir sitt fóður en mæðurnar gerðu. Allar dætur Mána gáfu eigendum sínum um 160 þús. kr. meiri tekjur á ári hverju en þær hefðu gert, ef þær hefðu verið eins og mæðurnar.

Hefði þá verið sæðingarstöð, sem hefði getað sent sæði úr Mána, ekki í þessar kýr, sem voru í hreppnum, sem hann var notaður í, heldur til að sæða með kýr annars staðar, þá hefði það getað hækkað meðalarðinn af kúnni á Suðurlandsundirlendinu, en þar mátti sæða með sæði úr Mána, geysilega mikið. Ég tel þess vegna, að það sé mjög fjarlægt að segja, að sæðingarstöðvarnar séu eingöngu til þess að borga kýreigendunum nautstolla. Þær eru til þess að reyna að tryggja það, að beztu gripirnir séu notaðir sem allra mest, og til að fá sem flest afkvæmi undan þeim og mikinn arð af viðkomandi gripum og auknar tekjur af kúnum.

Þá var kaflanum um fóðurbirgðafélög breytt í einu atriði, um fóðureftirlitið. Það var svo, þegar það var stofnað fyrst, að það var ekki hægt fyrir þá menn, sem áttu að hafa athugun á því heima í hreppunum, hvort sem þeir voru frá fóðurbirgðafélagi eða kosnir af hreppsnefndinni, af því að ekkert félag var til, — þá var ekki hægt fyrir þá að gera neinar verulegar ráðstafanir, ef fóðurleysi var hjá einhverjum manni. Þeir áttu að sjá um, að fóður væri til, en þeir höfðu ekki vald á því að kaupa fóður á kostnað skepnueigandans, ef hann vildi ekki gera það sjálfur, eða taka skepnurnar af honum og koma þeim fyrir, eða taka þær af honum og drepa þær, ef ekki var völ á að útvega neins staðar fóður. Þeir höfðu ekki vald á þessu. Fyrir nokkru var eftir tillögu Lárusar á Klaustri sett inn brtt. við þetta ákvæði, sem stóð í nokkur ár og var aldrei notað í framkvæmd. Þegar síðar var breytt búfjárræktarlögunum, var þetta fellt út aftur, af því að það hafði ekki verið notað. Nú er þetta tekið upp, þó í nokkuð breyttri mynd. Það er tekið upp núna þannig lagað, að ef fordagæzlumaður verður var við það, að vanti ákveðið fóður á einhverju heimili eða maðurinn er kannske að verða eða er orðinn alveg heylaus, þá er það fyrsta, sem hann á að gera, að skýra manninum frá, hvernig ástatt er fyrir honum, sem hann venjulega veit um sjálfur áður, og gefa honum hálfs mánaðar frest til þess að útvega sér fóður og kippa þessu í lag. Ef hann ekki getur það sjálfur á þeim hálfs mánaðar fresti, hefur hreppsnefndin leyfi til að gera hvað sem henni sýnist í samráði við sýslumann til þess að tryggja fóður fyrir skepnurnar. Þetta er dálitið mildara en ákvæðið, sem Lárus setti inn, því að þá átti samtímis bara að lóga, ef ekki væri hægt að fá fóður, enda var hann ekki að hugsa um annað en koma hlutunum í framkvæmd, þegar eitthvað var, sem honum fannst rétt að gera. En nú er manninum gefinn frestur til að koma öllu í lag, og noti hann ekki frestinn, þá fyrst kemur hreppsnefnd og sýslumaður til.

Sem sagt, eftir að hafa farið í gegnum þetta, þá lítum við þannig á í landbn., að það sé rétt

að samþ. frv. eins og það kemur frá Nd. Ég get ekki sagt, hve mikinn kostnaðarauka það hafi í för með sér, því að það getur enginn sagt, hvað margir héraðsráðunautar verða, þegar öll búnaðarsambönd eru búin að fá sér þá. Það veit ég ekki, þeir eru líklega 4—5 núna, en gætu orðið einir 11—12, eitthvað svoleiðis, og sú útgjaldaaukning, sem kemur af því, að ríkið þarf að borga helming af launum þeirra í stað ⅔, kemur smám saman, eftir því sem þeim fjölgar, en hver hún verður endanlega, veit ég ekki. Á sama hátt er t. d. með þennan samanburð, sem ég var að nefna á gæðum ánna eða hrútanna, hvernig ærnar reyndust undan hrútunum. Það má gera það á 50 stöðum á landinu, núna er það ekki gert nema á einum. Hvenær þeir verða orðnir 50 og hvenær kemur sú aukning, — ég reyni ekki að gera neina áætlun, — það hefur einhver gert áætlun um það og segir, að það sé eitthvað á annað hundrað þús., þegar allt sé komið til framkvæmda. Það er vel til, ég þori hvorki að neita því né játa. Ég legg það ekki á mig að reyna að gera það, því að það er hugsanaáætlun út í framtíðina, sem enginn getur sagt um. Við leggjum sem sagt til, að frv. sé samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
6.—20. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
21.—32. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
33.—54. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
55.—59. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
60.—61. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
62.—65. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
66.—81. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
82.—87. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 112. fundi í Ed., 28. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 675).

---

67. Hlutafélög.

Á 60. fundi í Ed., 21. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög [123. mál] (þmfrv., A. 270).

Á 63. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Efni frv. þess á þskj. 270, sem hér er til umr., hefur áður verið borið fram á Alþingi í brtt., er hv. núv. 3. þm. Reykv. flutti við frv. til hlutafélagalaga, er lagt var fram árið 1953. Frv. fjallar um, að aftan við orðin „samanlagðra atkvæða í félaginu“ í 2. mgr. 31. gr. laganna um hlutafélög bætist: nema eigendur hlutabréfanna séu ríkið eða ríkisstofnanir, bæjar- eða sveitarfélög, stofnanir þeirra eða samvinnufélög.

Lög þau, er gilda um hlutafélög, voru sett árið 1921 og hefur í engu verið breytt síðan. Með setningu laganna var auðvelduð stofnun fyrirtækja, er krefjast verulegs fjármagns, þannig að unnt væri að leita til margra aðila um fjárframlög, án þess að ábyrgð hvers einstaklings væri bundin við meira fé en framlag hans sjálfs.

Í 31. gr. hlutafélagalaganna er kveðið svo á, að enginn einn hluthafi megi fara með meira en ⅒ hluta samanlagðra atkvæða í félaginu. Ákvæði þetta hefur án efa verið sett í lögin til þess að koma í veg fyrir, að einstakir fésterkir hluthafar geti náð miklum völdum í félaginu, og tryggja, að ekki réði einungis fjárhæðin, sem hver einstaklingur legði fram, heldur gætu þeir, sem minna legðu fram, sameiginlega ráðið tiltölulega meiru.

Hinni takmörkuðu ábyrgð, sem er eitt höfuðeinkenni hlutafélaganna, var ætlað að auðvelda einstaklingum að mynda sameiginlega atvinnufyrirtæki, en ákvæðinu um takmarkaðan atkvæðisrétt hvers hluthafa var á vissan hátt ætlað að vernda þá jafnframt hvern gegn öðrum.

Þegar lög þessi voru sett fyrir 36 árum, voru þjóðfélagsaðstæður á Íslandi allar mjög ólíkar því, sem nú er. Höfuðeinkenni atvinnurekstrarins var eign og ítök einstaklinga á atvinnutækjunum, hvort sem þau voru rekin af einstaklingsfyrirtækjum eða önnur rekstrartilhögun var viðhöfð.

Á þeim tíma var óhætt að ganga út frá því sem vísu, að þegar verið var að takmarka atkvæðisrétt hvers hluthafa við ⅒ hluta samanlagðra atkvæða, var verið að koma í veg fyrir, að nokkur einstaklingur gæti farið með meira vald í félaginu en svo. Orðið hluthafi gat á þessum tíma naumast átt við annað en einn einstakling, og samkv. lögunum gátu einungis einstaklingar orðið stofnendur hlutafélags, en ekki gert ráð fyrir félögum eða stofnunum. Lögin voru miðuð við það ástand, sem ríkti, er þau voru sett, og ekki gert ráð fyrir þeirri þróun, er síðan hefur orðið. En á þeim tíma, sem síðan er liðinn, hefur þróunin orðið sú, að samtök fólksins, hvort heldur er ríkið sjálft, bæjar-, sveitar- eða samvinnufélög, hafa æ meira látið sig atvinnureksturinn skipta og orðið sífellt stærri gerendur í atvinnulífinu, í hlutafélögum sem öðrum fyrirtækjum. Hefur þetta gerzt í ríkara mæli en í nokkru nágrannalandanna.

Þessi breyting var að vissu leyti viðurkennd, þegar frv. til laga um hlutafélög var lagt fyrir Alþingi árið 1953. Í því frv. var gert ráð fyrir, að sú breyting yrði á lögunum, að félög og stofnanir gætu talizt til stofnenda hlutafélaga, en svo sem áður er getið, þurfa stofnanirnar að vera einstaklingar samkvæmt núgildandi lögum.

Ríkið, bæjarfélög og samvinnufélög hafa á

undanförnum árum orðið hluthafar í fjölmörgum hlutafélögum og byggt talsverðan hluta af atvinnurekstri sínum á þeirri rekstrartilhögun. Allur sá fjöldi manna, sem í raun og veru stendur á bak við þá hlutafjáreign, verður að sætta sig við að hafa samkvæmt lögunum ekki rétt til að fara með nema ⅙ hluta atkvæða í félögunum, hversu mikil sem hlutafjáreignin kann að vera. Þannig geta tveir einstaklingar, sem eru í félagi með þessum fjöldasamtökum, farið með tvöfalt meira atkvæðamagn en allur sá fjöldi manna, og eru takmörkunarákvæðin samt upphaflega sett til þess að sporna við valdi einstakra manna í félaginu; þar er fjöldinn sem sé orðinn í minni hluta, en fáir einstaklingar hljóta óeðlilega mikið vald, enda hafa möguleikarnir á, að þessi atvik geti gerzt, valdið því, að frá lögunum hefur þótt óhjákvæmilegt að víkja.

Þegar Útvegsbanki Íslands h/f var stofnaður 1930, lagði ríkið fram 60% hlutafjárins. Í 7. gr. l. um bankann segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Á hluthafafundum félagsins skulu engar takmarkanir vera á atkvæðisrétti að því er ríkissjóð snertir.“ Og í lögunum um Áburðarverksmiðjuna h/f segir svo: „Að öðru leyti skulu á hluthafafundi þrátt fyrir ákvæði hlutafélagalaganna engar takmarkanir vera á atkvæðisrétti að því er hlutafé ríkisjóðs snertir.“

Þannig hefur hið umrædda takmörkunarákvæði hlutafélagalaganna verið numið úr gildi með sérstökum ákvæðum að því er snertir hlutafjáreign ríkissjóðs í Útvegsbankanum h/f og Áburðarverksmiðjunni h/f og þótt sjálfsagt, að ríkið yrði ekki látið hlíta neinum almennum lögum í þessu efni.

Sú aðferð hefur vitaskuld verið valin fremur en að taka upp þann leiðinlega hátt, sem bæjar- og samvinnufélög hafa vegna takmörkunarákvæðanna iðulega orðið að hafa á í sambandi við hlutafjáreign þeirra, en vegna þeirra ákvæða í hlutafélagalögunum, sem takmarka atkvæðisrétt, hafa t. d. samvinnufélögin gripið til þeirra ráða að fá einstaklinga til að fara með raunverulega hlutafjáreign félaganna og þá væntanlega í trausti þess, að ekki komi upp missætti milli þeirra aðila, sem samvinnufélögunum stjórna í umboði fjöldans, og hinna, sem fengnir hafa verið til þess að binda nafn sitt við eign félagsins og fara með atkvæðisrétt, sem félagið missti ella. Sama máli gegnir um ýmis hlutafélög, sem bæjarfélög eiga í.

En til hvaða atvika geta þessar vandræðaráðstafanir leitt, og hver er réttur fjöldans, sem hlutafélagið á, ef slíkt missætti yrði milli þeirra manna, sem fara með leyfðan atkvæðisrétt, og hinna, sem fenginn hefur verið réttur yfir öðru hlutafé samtakanna?

Til að reyna að tryggja rétt fjöldans hafa fjölmenn samtök þannig vegna takmörkunarákvæðanna orðið að fara inn á þá hættulegu braut að fela einstaklingum að fara með vald, sem raunverulega ætti að veita slíkum fjöldasamtökum sjálfum.

Með hæstaréttardómi hefur verið staðfest, að núgildandi lög heimila jafnvel ekki, að bæjarsjóður einstaks bæjarfélags teljist annar aðili en hafnarsjóður sama bæjarfélags. Hins vegar geta t. d. hjón hvort um sig farið með ⅙ hluta atkvæða í hlutafélagi, og börn þeirra teljast sjálfstæðir aðilar og getur hvert um sig farið með ⅙ hluta atkvæða.

Virðist ljóst, að með þátttöku fjöldasamtaka í hlutafélögum séu komnar til aðstæður, sem löggjafinn gerði ekki ráð fyrir fyrir 36 árum við setningu laga um hlutafélög, og því eðlilegt, að lögin séu sveigð til samræmis við breyttar aðstæður. Er á allan hátt eðlilegt, að tekið sé tillit til þess grundvallarmismunar, sem er á því, hvort um er að ræða samtök þúsunda manna annars vegar eða einstaklinga hins vegar, og það sé sett í lög, að ríkistofnanir, bæjar- og sveitarfélög og stofnanir þeirra og samvinnufélög fái að fara með atkvæði í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína í hlutafélögunum.

Að síðustu leyfi ég mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 270, n. 495 og 530).

Frsm. meiri hl. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Nefndin, allshn., hefur fjallað um þetta frv., en ekki orðið sammála um, hvernig það skuli afgreitt. Minni hl. leggur til, að það verði samþykkt, en meiri hlutinn, sem í eru hv. 1. þm. N-M. og hv. þm. V-Sk. og ég, leggur til, að það verði afgreitt með rökstuddri dagskrá.

Nefndin sendi frv. þetta til umsagnar þriggja aðila og hefur fengið svör frá þeim. Tveir þeirra Samband ísl. samvinnufélaga og bæjarstjórn Akureyrar, leggja til, að frv. verði samþykkt, en í svörum þeirra er þó ekki að finna neinn sérstakan rökstuðning fyrir þeirri ósk. Þriðji aðilinn, sem er stjórn Lögmannafélags Íslands, leggur hins vegar til, að frv. verði fellt.

Gildandi lög um hlutafélög eru frá árinu 1922. Það er því eðlilegt, að endurskoða þurfi ýmis ákvæði þeirra og færa í það horf, er svari kröfum tímans, enda hefur þetta sjónarmið og verið viðurkennt, þar sem fyrir hv. Alþingi hefur áður legið frv. til laga um hlutafélög, en frv. það, sem undirbúið var af nefnd hinna færustu manna, hlaut þó ekki afgreiðslu þingsins.

Í umsögn Lögmannafélags Íslands segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir síðasta Alþingi lá stjórnarfrv. um ný hlutafélagalög í stað þeirra, sem nú gilda. Afgreiðsla á frv. þessu, sem var undirbúið af mjög hæfum mönnum, var frestað til nánari athugunar.

Í nefndu lagafrv., sem væntanlega kemur fram á næstunni, ef til vill eitthvað breytt, eru m. a. ákvæði til þess að tryggja rétt þeirra hluthafa, sem smærri hluti eiga í hlutafélögunum, en vitað er, að allmikið misrétti hefur átt sér stað í ýmsum hlutafélögum, þar sem meiri hlutinn hefur borið fyrir borð hagsmuni minni hlutans af ýmsum ástæðum.“

Enn fremur segir: „Frv. þetta miðar í gagnstæða átt, og verður að teljast óeðlilegt, að farið sé nú að gera breytingar á þessari einu grein hlutafélagalaganna, þ. e. a. s. 31. gr., þegar vænta má, að ný og fullkomnari hlutafélagalög verði samþykkt á Alþingi, áður en langt um líður, og ekki vitað, að brýn almenn þörf sé á breytingu þeirri, sem hér er stungið upp á.“

Enn fremur bendir stjórn Lögmannafélags Íslands í niðurlagi bréfsins á það, að í flestum, ef ekki öllum hlutafélögum, sem vitað er um, séu ákvæði 31. gr. hlutafélagalaganna beinlínis tekin upp í samþykktir þeirra, og virðist þá af því leiða, að þessum ákvæðum verði ekki vegna samningsgildis stofnsamnings og samþykkta þeirra hlutafélaga, sem nú eru til, löglega breytt án samþykkis allra hluthafa.

Svo sem hv. dm. er kunnugt, felst sú breyting í þessu frv., að þar er lagt til, að atkvæðisréttur ríkisstofnana, bæjar- eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða samvinnufélaga sé ekki bundinn við ⅕ hluta atkvæða, þegar þeir aðilar eiga meira en ⅕ hluta hlutafjár, en þessa takmörkun á atkvæðisrétti verða aðrir hluthafar að sætta sig við.

Við, sem skipum meiri hluta allshn., lítum svo á, að ekki sé ástæða til að breyta þessu eina ákvæði þessarar mikilvægu löggjafar, hins vegar sé rík ástæða til að endurskoða lögin öll, taka til athugunar það frv., sem hér dagaði uppi nýlega, og leggja það fyrir Alþ., annaðhvort óbreytt eða í breyttu formi, eftir því sem ástæður virðast liggja til. Þess vegna höfum við í meiri hl. lagt til, að frv. þetta verði afgreitt með svofelldri rökstuddri dagskrá, sem ég leyfi mér að lesa að lokum, með leyfi hæstv. forseta:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti hið fyrsta undirbúa og leggja fyrir Alþingi frv. til nýrrar löggjafar um hlutafélög, telur d. ekki ástæðu til að taka afstöðu til þessa frv. að sinni og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Frsm. minni hl. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Minni hl. allshn., hv. þm. Ak. (FS) og ég, mælir með því á þskj. 495, að frv. til l. um breyt. á l. nr. 77/1921, um hlutafélög, verði samþykkt óbreytt að efni til, aðeins gerð á því sú orðalagsbreyting, að í stað „bæjar- eða sveitarfélög“ í 1. gr. komi: sveitarfélög.

Í frv. er aðeins gert ráð fyrir breytingu á einu atriði í hlutafélagalögunum. Í 31. gr. þeirra laga segir svo m. a.: „Enginn hluthafi getur þó farið með meira en ⅕ samanlagðra atkvæða í félaginu.“ Er í frv. lagt til, að við þennan málslið bætist svofelld aukasetning: nema eigendur hlutabréfanna séu ríkið eða ríkisstofnanir, bæjar- eða sveitarfélög, stofnanir þeirra eða samvinnufélög.

Ákvæðið um, að enginn hluthafi mætti fara með meira en ⅕ samanlagðra atkvæða, mun hafa verið sett til þess, að enginn einn einstaklingur gæti með fjármagni sínu borið fleiri einstaklinga ofurliði. Það var sett á þeim tíma, þegar hlutafélög voru yfirleitt mynduð af einstaklingum. En tímarnir breyttust, og það varð algengt, að sjálft ríkið eða sveitarfélög gerðust hluthafar í félagi, sem einstaklingar áttu einnig aðild að. Þessar stofnanir gilda þar ekki meira en hver einstaklingur, enda þótt þær samanstandi af hundruðum eða þúsundum manna. Með þessari breytingu tók ákvæðið um ⅕ samanlagðra atkvæða að verka öfugt við tilgang sinn, þannig að í skjóli þess geta fáir fjársterkir einstaklingar ráðið meiru en fjöldi einstaklinga, sem raunverulega eru hluthafar.

Þessa þróun hefur löggjafinn löngu komið auga á og í nokkrum tilvikum hagað ákvæðum samkvæmt henni. Árið 1930 voru sett lög um Útvegsbanka Íslands h/f, og segir þar, að á hluthafafundum félagsins skuli engar takmarkanir vera á atkvæðisrétti að því er hlutafé ríkissjóðs snertir. Hið sama kemur og fram í lögum frá 1949 um áburðarverksmiðju. Þar skulu engar takmarkanir vera á atkvæðisrétti að því er hlutafé ríkisins snertir.

Með hliðsjón af þessum ákvæðum nýrri laga varðandi nokkur hlutafélög finnst mér eðlilegt og raunar sjálfsagt, að hinu úrelta ákvæði í hlutafélagalögum frá 1921 verði sem fyrst breytt til samræmis við hina breyttu tíma, og það má gera nú þegar með því að samþykkja lagafrv. á þskj. 270.

Flestir munu á einu máli um, að lögin um hlutafélög þarfnist heildarendurskoðunar. Hafa þegar verið stigin spor í þá átt á síðari þingum og frumvörp verið lögð fram, en ekki fengið afgreiðslu. Er ekki að vita, nema það geti dregizt talsvert enn, að ný hlutafélagalög verði samþykkt. Með því að samþykkja breytingu þess ákvæðis, sem hér er um að ræða, yrði einum ágallanum færra í þessum gömlu lögum og því ekki eins tilfinnanlegt, þótt heildarendurskoðun dragist enn um hríð.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt að mæla með frv., og hið sama hefur framkvæmdastjórn Sambands ísl samvinnufélaga gert. Hins vegar hefur stjórn Lögmannafélags Íslands, sem allshn. einnig óskaði umsagnar frá, ekki getað mælt með samþykkt frv. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur hliðrað sér hjá að láta í ljós skriflegt álit, og veit ég ekki um ástæðu til þess.

Í þessu máli eins og víðar takast sennilega á öfl félagshyggju annars vegar og öfl einstaklingseða sérhyggju hins vegar, og fer þá um frv. eftir því, hvor meir mega sín nú að þessu sinni.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal aðeins í örfáum orðum gera grein fyrir minu atkvæði og minni afstöðu til málsins.

Það er þá fyrst og fremst, að frv. það, sem hér liggur fyrir, er að efni til það eitt, að ekki skuli vera takmörkun á atkvæðisrétti í hlutafélögum, eins og nú er, þar sem enginn einn aðili má eftir lögum fara með meira en ⅕ af atkvæðum, nema það sé eftir öðrum lögum en almennu hlutafélagalögunum og þá tekið fram í sjálfum lögunum, eins og með áburðarverksmiðjuna, Útvegsbankann o. fl. Þetta ákvæði um takmörkun á atkvæðisrétti, sem hefur verið í lögum, hefur verið tekið orðrétt upp í stofnsamþykktir ákaflega margra hlutafélaga, þar sem eru hluthafar ýmsir einstaklingar og stundum félagasamtök og svo annars vegar einn stór aðili og þá oft bæjarfélag, sem í hlut á. Engu þessara ákvæða

verður breytt með þessum lögum. Þó að þetta frv. verði samþykkt hér á þinginu, sem ég geri nú ráð fyrir að verði, þá breytir það ekki því, að þessum félögum, sem hafa sínar samþykktir áður gerðar, verður ekki breytt, nema samþykktum félaganna verði breytt. Þess vegna geta þau ekki verkað á félögin, sem núna eru til, yfirleitt. Það er númer eitt í mínum augum.

Annað er það, að ég óttast mjög mikið, að þegar á að stofna slíkt félag til framkvæmda, t. d. stofna eitthvert fyrirtæki í einhverjum bæ eða einhverju þorpi, þar sem þarf atvinnuaukningar við, og menn vilja fá hana í gegnum félagsskap, eins og t. d. bæjarútgerðin á Akureyri á sínum tíma eða eitthvað svipað, þá verði erfitt að ná inn fé frá einstaka fjáraflamönnum, peningamönnum í viðkomandi stað, ef þeir vita fyrir fram, að bæjarfélagið, sem hefur meiri hlutann, á öllu að ráða. Ég óttast, að slík félög verði yfirleitt ekki stofnuð, eftir að þessi breyting er gerð. En hins vegar er ekki vafi á því, að sums staðar á landinu er þörf á hlutafélögum í þessu skyni. Þetta er önnur ástæðan til þess, að ég get ekki verið með þessum lagabreytingum.

Og svo er sú þriðja sú, að hér var í hittiðfyrra lagt fram frv. að endurskoðun á hlutafélagalögunum, sem samkomulag var um að láta daga uppi í því trausti, að það yrði betur athugað og þar á meðal af stjórninni. Og núverandi forsrh. var í þeirri nefnd, sem að vísu gerði ekki till. um þetta, en var sammála um að láta gera þetta. Ég er þess vegna ekki í neinum vafa um það, að í framhaldi af hans skoðun þá, sem var alveg ákveðin þessi, muni þetta frv. mjög fljótlega koma, líklega strax á næsta ári, í þeirri mynd, sem hann þá telur rétt að hafa það, og nokkuð var rætt um í allshn. þá, hverju þyrfti að breyta. Þess vegna held ég, að það geti ekki liðið nema örstutt, þangað til aftur komi sá stóri bálkur, sem lá fyrir þingi, kannske í eitthvað svolítið breyttri mynd, og þá sé eðlilegt að taka þetta upp, ef meiri hlutinn við athugun á því telur það rétt.

Það er þetta þrennt, sem gerir það að verkum, að ég tel þetta frv. ekki tímabært, eins og nú standa sakir, og ekki koma að því gagni, sem flm. ætlast til, því að það getur ekki breytt lögum neins hlutafélags, sem til er, nema félagsfundir samþykki að breyta stofnskrám félaganna.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég fæ ekki skilið þær röksemdir, sem fram eru komnar fyrir því, að ekki megi samþykkja þetta frv. Mér skilst, að þær séu þá helzt þær, að nýtt frv. sé á ferðinni. Hvar það er á ferðinni, það veit ég ekki. Það er í einhverri skúffu einhvers staðar. Hvenær það kemur fram, það veit enginn, hvenær það verður samþykkt, það veit enginn, og hvernig það verður samþykkt, það veit náttúrlega heldur enginn. Það getur orðið langt að bíða eftir því. Hins vegar er mér það ljóst og vil undirstrika, að það er rétt, sem segir í nál. meiri hl., að það er full þörf á að endurskoða lög um hlutafélög. En ég sé ekki, að það sé þörf á því að hindra þessa breytingu á lögunum, þó að hitt standi óhaggað, að endurskoða þurfi þau í heild. Það er vitað, að það er mjög mikilsvert atriði fyrir ýmis héruð og ýmsan atvinnurekstur, að þessi breyting fáist.

Hv. 1. þm. N-M. hafði orð á því, að hann óttaðist, að einstaklingar legðu ekki fé í hlutafélög, ef þeir ættu engu að ráða, heldur réðu bæjarfélag, ríki eða samvinnufélag, sem kynni að vera meðeigandi. En ég vil þá snúa þessu við: Er þá ekki hætta á því, að þessar stofnanir, bæir, ríki og samvinnufélög, leggi ekki fé í hlutafélög, mikilsverðan atvinnurekstur ef til vill, ef þau eiga engu að ráða? (PZ: Þau hafa gert það.) Þau hafa gert það, en það kemur fram í sambandi við þetta frv., að það er álit Sambands íslenzkra samvinnufélaga, að það þurfi einmitt að breyta þessu. Og sú eina bæjarstjórn, sem hefur verið spurð um það, að mér skilst, bæjarstjórn Akureyrar, telur líka fulla þörf á því. Ég fæ því ekki séð, að það sé nein ástæða til þess að hafa á móti þessari breytingu, enda þótt það standi óhaggað, sem meiri hlutinn segir, að það er full þörf á að endurskoða lögin í heild.

Björn Jónsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. N-M. bar það fram sem helztu rök gegn þessu frv., að í fyrsta lagi mundi það ekki geta verkað á starfsemi þeirra félaga, sem nú eru starfandi, og benti í því sambandi á 31. gr. laganna.

Ég vil nú ekki algerlega fullyrða um þetta, en hitt er mér kunnugt um, að meðal lögfræðinga eru alveg skiptar skoðanir um þetta, og mundi ekki geta fengizt úr þessu skorið nema með hæstaréttardómi. En það er skoðun mjög margra lögfræðinga, að þessi ákvæði mundu fyllilega halda gagnvart þeim félögum, sem nú eru starfandi.

Í öðru lagi benti hann á, að það mundi vera erfiðara að fá fjárframlög frá fésterkum einstaklingum í ýmsum bæjarfélögum, ef áhrif þeirra væru ekki tryggð á sama hátt og verið hefur. En ég verð nú að segja það, að slík félagsbú geta orðið vafasöm, ef jafnframt á að eiga það á hættu, að einn eða tveir einstaklingar geti ráðið með miklum minni hluta hlutafjár að baki sér yfir því fé, sem almenningur leggur af mörkum til slíkra félaga.

Ég vil ekki á nokkurn hátt andmæla þeirri skoðun, sem hefur komið fram hjá meiri hluta allshn. og þeir tveir fulltrúar meiri hlutans, sem hafa talað, hafa lagt áherzlu á, að það þurfi að endurskoða í heild lögin um hlutafélög frá 1921. Þvert á móti eru augljósir gallar á þeirri löggjöf, sem stafa af þeim stórfelldu breytingum, sem hafa orðið í öllu atvinnu- og viðskiptalífi, síðan þessi lög voru sett. Um þetta atriði held ég að sé ekki mikið deilt, enda munu allir þingflokkar hafa verið í öllum aðalatriðum sammála um þær breytingar, sem voru fyrirhugaðar á lögunum 1953 með stjfrv., sem þá var borið fram, en dagaði uppi. Hitt tel ég algera rökleysu, að telja nauðsynina, sem kann að vera á almennri endurskoðun þessara laga, vera fullgilda ástæðu til þess að bregða fæti fyrir mjög einfalda og sjálfsagða leiðréttingu á því atriði, sem þetta frv. fjallar eingöngu um, þeim galla, sem nú þegar og raunar fyrir löngu er orðinn til vandræða, sérstaklega fyrir einstök bæjarfélög, og miklar líkur eru á, að geti hvenær

sem er valdið samvinnufélögum og ríkisstofnunum ýmsum erfiðleikum um rekstur sinna fyrirtækja.

Mér finnst það vera næsta augljóst, að hvort sem þetta frv. verður samþykkt eða fellt, hefur það engin áhrif á það, hvort ríkisstj. lætur undirbúa nýja heildarlöggjöf um þetta efni eða ekki. Og þess vegna er engin ástæða til þess af þessari sök að firra hv. þingdeild þeim vanda að taka afstöðu til málsins sjálfs, eins og það liggur fyrir, svo einfalt sem það er.

Þessi rökstudda dagskrá, sem meiri hl. ber fram, leggur heldur engar kvaðir á hæstv. ríkisstj. um endurskoðun hlutafélagalaganna. Ef áhugi hv. meiri hl. allshn. væri slíkur sem maður gæti ætlað eftir orðum þeirra um þessa endurskoðun, þá væri rétta leiðin fyrir þá að flytja þáltill., sem fæli ríkisstj. að framkvæma endurskoðun og leggja frv. fyrir næsta þing, og slíka þáltill. væri auðvitað hægt að samþykkja, hvernig sem fer um afgreiðslu þessa frv. Rökstudda dagskráin, eins og hún liggur fyrir, mundi því aðeins hafa eitthvert gildi til að flýta fyrir endurskoðun, að eitthvað lægi fyrir frá ríkisstj. um það mál, en svo mun ekki vera. Dagskrártillagan er því líka að þessu leyti út í bláinn.

Sé hins vegar svo, að hv. meiri hl. sé algerlega andstæður þessari breytingu á lögunum, ætti heldur ekkert að vera því til fyrirstöðu að fella till. og láta atkv. ganga um sjálft málið, og vænti ég þess, að svo verði gert.

Efnislega hefur þetta frv. verið svo rækilega skýrt og einnig ástæðurnar fyrir flutningi þess, að ég tel ekki ástæðu til að fara um það mörgum orðum.

Kjarni málsins er sá, að verndaður verði réttur hinna fjölmörgu smáu hluthafa, sem lagt hafa fé í atvinnurekstur eða verzlun gegnum fjöldasamtök eins og samvinnufélögin eða í gegnum bæjarfélög og ríkisstofnanir, að verndaður verði réttur þeirra, sem þannig eiga aðild að ýmsum fyrirtækjum, gagnvart fésterkum einstaklingum og hugsanlegri ágengni þeirra, sem vegna úreltrar löggjafar hafa þar ósanngjarnlega og óeðlilega mikið vald. Eins og við flm. bentum á í grg., er enginn vafi á því, að sú hugsun hefur legið að baki takmörkunarinnar á atkvæðisréttinum á sínum tíma við ⅕, þegar lögin voru upphaflega samin, að sporna við óeðlilegu og óæskilegu valdi einstakra fésterkra manna og auka áhrif hinna mörgu féminni hluthafa, og eins og aðstæðurnar voru þá, þegar þau lög voru sett, var þetta eðlileg aðferð, sem þar var við höfð. En eins og sjá má á lögunum, var þar alls ekki reiknað með því, að samvinnufélög, bæjarfélög eða ríkisstofnanir gætu verið þátttakendur í hlutafélögunum, og enn eru lögin í því horfi, að þessir aðilar geta ekki verið stofnendur að slíkum félögum. Fram hjá þeim agnúum laganna hefur þó verið hægt að sneiða eftir krókaleiðum, sem að vísu eru óviðfelldnar, þannig t. d., að einstaklingar séu taldir stofnendur, en þeir selji síðan þessum aðilum sína hluti að meira eða minna leyti. En fram hjá takmörkunarákvæðunum hefur verið erfiðara að komast fyrir þessa ópersónulegu aðila, en það er næsta auðvelt fyrir einstaklinga. Enginn hlutur er auðveldari fyrir einstakling heldur en að láta konu sína, börn eða aðra venzlamenn eiga svo og svo mikið af því fé, sem hann raunverulega hefur yfir að ráða, og tryggja sér þannig alger yfirráð, einkayfirráð í hlutafélagi. En fyrir samvinnufélögin, bæjarfélögin og ríkisstofnanir eru þvílíkar aðferðir bæði óviðeigandi og óeðlilegar og í mörgum tilfellum líka algerlega óframkvæmanlegar.

Bæjarfélögin hafa reynt þá leið að láta einstakar bæjarstofnanir eiga sinn hlutann hverja, en sú aðferð hefur með hæstaréttardómi, sem dæmdur var í máli einstaklinga gegn Útgerðarfélagi Akureyringa h/f fyrir nokkrum árum, verið dæmd ólögleg. En málsatvik í því máli voru þau, að hafnarsjóður bæjarins var skráður hluthafi að ¼ hlutafjárins í félaginu, en bæjarsjóður að öðru leyti eigandi ¼. Hæstiréttur leit svo á, að þarna væri um einn og sama aðilann að ræða og gætu þessir tveir skráðir hluthafar ekki farið samanlagt með meira en ⅕ atkv., og við þennan dóm hefur setið til þessa.

Í mjög mörgum bæjum og þorpum landsins er mjög líkt ástatt um það, að stærstu atvinnufyrirtækin, sem oft halda uppi atvinnulífinu að miklu leyti, eru byggð upp sem hlutafélög, þar sem bærinn er aðalhluthafinn, en flestir aðrir hluthafar eru það smáir, að útilokað er, að atkv. þeirra notist að nokkru til að hafa áhrif eða vald í félögunum. Atkvæðamagnið í slíkum félögum, sem ræður úrslitum, er í hendi bæjarfélagsins og þá, ef um er að ræða, einstakra fárra manna, sem hafa meiri fjárráð en almennt gerist. Einn eða tveir eða fleiri slíkir einstaklingar, sem geta notað atkvæðisrétt sinn í fullu samræmi við eign sína, geta því hæglega náð yfirtökum í slíkum félögum vegna þess, hve réttur bæjarfélagsins er skertur með takmörkunarákvæðunum. Þetta fyrirkomulag verður enn ósanngjarnara og fráleitara, þegar það er haft í huga, að hvenær sem á móti slíkum hlutafélögum blæs eitthvað fjárhagslega, verður það bæjarfélagið og almenningur í bæjunum, sem verður að bera byrðarnar af því, og oft og tíðum á þann hátt að leggja á útsvör til styrktar rekstrinum eða ganga í stórfelldar ábyrgðir, sem geta numið margföldu hlutafénu. Ég get nefnt dæmi um hlutafélag, þar sem bæjarfélag á helminginn, um 2 millj., að þá er viðkomandi bæjarfélag jafnframt í 16 millj. kr. ábyrgð fyrir þetta sama hlutafélag og hefur lánað því upphæðir með litlum tryggingum, sem nema meiru en hlutafénu. Samt sem áður hefur þetta bæjarfélag enga tryggingu fyrir því að geta ráðið fyllilega rekstri þessa félags. Þó að það kunni að vera rétt, sem hv. frsm. meiri hlutans sagði, að það væri engin brýn almenn þörf fyrir breytingu á þessu, þá veit ég þó, að það eru aðstæður í einstökum bæjarfélögum, sem gera þessa breytingu mjög brýna. Mér finnst það næsta augljóst, að í hlutafélögum, sem eru byggð upp af bæjunum, mörgum smáum hluthöfum og kannske einstökum stórum, getur almenningur ekki haft áhrif sín á rekstur þessara fyrirtækja nema í gegnum atkvæðisrétt í bæjarstjórnarkosningum og í gegnum það vald, sem almenningur þannig getur gert gildandi á rekstur félaganna.

Samvinnufélögin hafa í mjög mörgum tilfellum stofnað til hlutafélaga um rekstur sinn á einstökum sviðum. Mjög oft mun þetta vera þannig, að þau eiga yfir 80% af hlutafénu, og koma þá takmörkunarákvæðin ekki að sök, vegna þess að aðrir geta þá samanlagt ekki farið með nema minna en ⅕ atkv. En dæmi munu þó vera fyrir því, að eign sjálfs samvinnufélagsins sé ekki svo mikil, og getur þá hæglega komið fyrir, að þessi takmörkunarákvæði geti leitt til óeðlilegs ástands og vandræða.

Varðandi eignir ríkisins í hlutafélögum hefur þessi vandi verið leystur í einstökum tilfellum með sérstökum lagaákvæðum, eins og t. d. bent hefur verið á um Útvegsbankann og sömuleiðis um áburðarverksmiðjuna. Í lögum um hvorar tveggja þessar stofnanir áskilur ríkið sér, að það skuli ekki bundið takmörkunarákvæðum um atkvæðisrétt, heldur hafa hann í fullu samræmi við hlutafjáreignina. Það virðist vera fullt ósamræmi í því, að löggjafinn undanskilji sjálfan sig takmörkunarákvæðunum, en meini jafnframt öðrum að njóta þess réttar, sem hann sjálfur vill hafa við nákvæmlega sömu aðstæður. Það virðist miklu réttara, að sama reglan gildi um alla hlutafjáreign ríkisins og ríkisstofnana, en ekki þurfi að vera að elta ólar við að vernda rétt þeirra með lagasetningu í hverju einstöku tilfelli, eins og gert hefur verið.

Ég held, að þetta mál liggi alveg ljóst fyrir og afstaða manna til þess hljóti að markast af því einu, hvort þeir telji ekki, að samvinnufélög, ríkisheildin og bæjarfélögin séu raunverulega fulltrúar, oftast margra þúsunda eða tugþúsunda manna, og að þeim beri þess vegna réttur til áhrifa í hlutafélögum í fullu samræmi við það fjármagn, sem þau hafa lagt í þau.

Þær umsagnir, sem komið hafa fram um frv. frá samvinnufélögunum og frá því eina bæjarfélagi, sem mun hafa verið sent frv. til umsagnar, benda ótvírætt til, hver muni vera afstaða bæði samvinnufélaganna og bæjarfélaganna til þessa máls, og hlýtur hún að vera nokkuð þung á metunum, þegar afstaða er tekin til málsins.

Ég vil svo aðeins endurtaka það, að frávísunartill. meiri hluta allshn. er á engan hátt til þess fallin að flýta öðrum réttmætum breytingum á hlutafélagalögunum. Þvert á móti er líklegra, að samþykkt hennar tefji það mál í heild, um leið og hún bregður fæti fyrir þá sjálfsögðu og sanngjörnu leiðréttingu, sem í þessu frv. felst. Það er því von mín, að dagskrártill. verði felld, en frv. samþ. með þeirri orðalagsbreytingu, sem hv. minni hl. allshn. hefur lagt til að gerð verði á því.

Frsm. meiri hl. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Dagskrártill. okkar þremenninganna virðist hafa farið heldur í taugarnar á sumum hv. dm., eins og t. d. síðasta ræðumanni.

Ég ætla ekki að ræða efnishlið þessa máls, en ég verð að segja, að um það form þess gildir vissulega dálítið sérstakt. Það er ósiður yfirleitt að taka eina grein út úr stórum gömlum lagabálki og breyta henni, þegar full ástæða er til þess að endurskoða og breyta lagabálkinum í heild.

Hv. síðasta ræðumanni er að vísu dálítil vorkunn í þessu efni, þar sem Akureyri mun vera eini staðurinn, sem ég veit til, sem orðið hefur eitthvað fyrir barðinu á þessu ákvæði, en Akureyri er ekki allt Ísland.

Þá er sá mikli munur í þessu efni, að frv. um ný hlutafélagalög er tilbúið. Hv. þm. Barð. var í einhverjum vafa um, í hvaða skúffu þetta frv. lægi. Ég held, að það liggi í skúffu hæstv. forsrh. Hitt er mér hins vegar ókunnugt um, hvort hv. þm. Barð. hefur aðgang eða lyklavöld að þeirri skúffu.

Ég get því ekki skilið né samþykkt, að þessi dagskrártillaga sé út í bláinn, þvert á móti. Hér er sá mikli munur, að frv. er tilbúið, það dagaði uppi hér í þessari hv. deild á síðasta þingi. Það liggur tilbúið. Það þarf einungis að athuga það nánar og leggja það síðan fram. Það væri allt annað, ef taka þyrfti þetta mál frá grunni og semja ný lög. Hér liggur frv. tilbúið og bíður athugunar.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Þessi síðustu orð hv. 11. landsk. staðfesta það, sem ég sagði áðan, að það muni geta dregizt, að þetta frv. verði að lögum, sem hann segir að sé tilbúið. Fyrst frv. er tilbúið, liggur niðri í skúffu og er alls ekki lagt fyrir hæstv. Alþingi, þá bendir það til þess, að undirbúningur þess sé *ekki sá, að þeir, sem ættu að leggja það fram,* vilji leggja það fram sem sitt mál. Þetta undirstrikar það fyrir mér, að það getur orðið dráttur á málinu. Það, að hæstv. ríkisstj., eftir því sem hann segir, vill ekki leggja frv. fyrir þingið, *bendir til þess, að hún telji eitthvað athugunarvert* við það, — og þannig líður allt þetta þing.

Ef frv. hefði ekki verið tilbúið, en kæmi von bráðar, þá hefði ekki verið sérstök ástæða til þess að óttast, að þetta þyrfti að dragast. En fyrst það er svona, að það er búið að undirbúa frv., sem enginn vill þó leggja fyrir þingið, hvetur það mig ekki til þess að trúa á skjótan framgang heildarlöggjafar um hlutafélög. Ég vil því endurtaka það, að þrátt fyrir það að rétt er skýrt frá í nál. meiri hlutans, að það þurfi þessa heildarlöggjöf, þá liggur ekkert fyrir um það, hvenær hún getur komizt á, og að mínum dómi engin ástæða til þess að hindra þessa breytingu, sem hér er farið fram á og er mjög þýðingarmikil fyrir atvinnurekstur í ýmsum bæjum og jafnvel sveitarfélögum landsins.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég á bágt með að skilja það ofurkapp, sem hv. flm. þessa frv. leggja á samþykkt þess.

Ef slíkt ákvæði, sem frv. ráðgerir, yrði sett inn í hlutafélagalögin, væri það grundvallarröskun á eðli hlutafélaga og afleiðingin sú smám saman, að það fengist enginn einstaklingur til þess að leggja fé í slík fyrirtæki. Það mundu ýmist verða bæjarfélög, ríkið eða samvinnufélög. Við þessu væri ekkert að segja, ef það er vilji Alþingis og þjóðarinnar, að þetta verði gert. En nú lúta samvinnufélög hér alveg sérstökum lögum, og ég hygg, að allir samvinnumenn séu ánægðir með þau.

Ef settur er upp rekstur á grundvelli ríkis-

eða bæjarrekstrar, þá er það jafnan gert með sérstökum lögum. En það getur vissulega verið brýn nauðsyn fyrir land, sem skortir mjög fjármagn eins og Ísland, að hafa samvinnu milli einstaklinga, ríkis, samvinnufélaga og bæjarfélaga til þess að koma á nytsömum, stórum fyrirtækjum, sem er ofvaxið einstaklingum. Þetta hefur verið gert. En menn verða að varast það að kippa fótunum undan eðli hlutafélaga með slíkum aðgerðum sem þessum.

Hlutafélög eru byggð upp svo til með sama hætti alls staðar í nálægum löndum, a. m. k. þeim löndum, sem við skiptum við. Og ef við eigum nú allt í einu að fara að gerbreyta eðli hlutafélaganna, hvaða afleiðingar mundi það hafa?

Ég tel vafa á, að þessi breyting mundi ná til hinna eldri hlutafélaga, vegna þess að það brýtur í bág við þeirra samþykktir. (SE: Það yrði eins og um áburðarverksmiðjuna.) Hv. þm. veit, að þar voru sett sérstök lög. Það datt engum í hug að setja það í almennu hlutafélagalögin, sem sett var í þessu efni gagnvart áburðarverksmiðjunni. Og það er vissulega sú rétta aðferð, ef menn vilja tryggja meiri hluta ríkis í einhverju fyrirtæki. Í hinum almennu hlutafélagalögum verða allir að lúta sömu meðferð.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 530 felld með 9:3 atkv.
Brtt. 495 samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9:2 atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 549).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EggÞ, KK, SE, AG, BjörgJ, BjörnJ, FS, BSt.
nei: JK.
FÞ, PZ greiddu ekki atkv.
6 þm. (GThₓ HermJ, JJós, SB, SÓÓ, FRV) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Nd.

Á 99. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 100. fundi í Nd., 18. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Nd., 22. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 549, n. 578 og 585).

Frsm. meiri hl. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Allshn. tók málið fyrir á fundi sínum í gær og varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt eins og Ed. hafði afgr. það, sbr. nál. 578. Einn nefndarmanna var fjarverandi, Björn Ólafsson, en einn nefndarmanna, hv. 1. þm. Reykv. (BBen), taldi sig vera ósammála frv. og mun gera grein fyrir sinni afstöðu til málsins.

Aðalinnihald þessa frv. er það, að það er breyting á hlutafélagalögunum. Í grg. um málið segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Í l. um hlutafélög er svo fyrir mælt, að enginn hluthafi geti farið með meira en ⅙ hluta samanlagðra atkv. í félagi. Vafalaust er, að þetta ákvæði hefur verið sett í lög í þeim tilgangi að sporna við óeðlilegu valdi einstakra fésterkra manna og auka áhrif hinna, sem minni getu hafa til fjárframlaga. Með aukinni þátttöku bæjar- og sveitarfélaga, samvinnufélaga, ríkisins og ríkisstofnana í atvinnurekstri hafa allar aðstæður mjög breytzt frá því, er nefnd l. voru sett. Er nú svo komið, að það ákvæði, sem frv. þetta fjallar um breytingu á, hefur að því er þessa aðila varðar þveröfug áhrif við það, sem upphaflega var til ætlazt. Telja verður, að bæjarfélög, samvinnufélög og ríkið eða stofnanir þess séu jafnan fulltrúar svo margra einstaklinga, að full ástæða sé og nauðsyn beri til að undanþiggja þá aðila nefndu takmörkunarákvæði um atkvæðisrétt, svo að tryggð verði sanngjörn og eðlileg áhrif þeirra á rekstur hlutafélaga, sem þeir eru meðeigendur að."

Þetta er grg., sem fylgdi með frv.

Ed. hefur þegar afgr. málið mjög lítið breytt frá því, sem það var upprunalega.

Lög um hlutafélög eru orðin allgömul. Þau eru frá árinu 1921 og hefur í engu, að ég held, verið breytt frá þeim tíma. Í 31. gr. laganna er ákveðið, eins og getur um í grg., að enginn einn hluthafi megi fara með meira en ⅙ hluta samanlagðra atkv. í félaginu. Það er nú vitað, að síðan þessi lög voru sett, eða fyrir 36 árum, hafa orðið mjög miklar breytingar í okkar atvinnulífi m. a. Þessi breyting liggur m. a. í því, að bæði ríki og bær eru þegar orðin stórir þátttakendur í atvinnulífinu. Það virðist ekki vera óeðlilegt, að þessum aðilum verði veittur meiri réttur á gang mála í slíkum félögum, sem þeir eru hluthafar í, heldur en verið hefur. Það mun ekki vera óalgengt, að bæjarfélögin hafi meiri hl. hlutafjárins, án þess þó að fá að ráða meiru en ⅙ eða fara með meira atkvæðamagn en sem svarar ⅙ hluta samanlagðra atkvæða í félaginu. Þetta virðist vera mjög úrelt og full ástæða til þess, að því sé breytt.

Ástæðurnar, sem m. a. geta legið til þess, að nauðsynlegt er að breyta þessum l., eru þær, að vald þessara aðila, sem þarna hafa látið í mjög mikla fjármuni, eru stórir hluthafar í, er eins og l. eru núna mjög takmarkað, og þeir einstaklingar, sem eru þarna hluthafar í, geta undir mörgum kringumstæðum algerlega ráðið stefnu og starfssviði þessara félaga, jafnvel þó að þeir séu að miklum minni hluta hluthafar, og ég get ekki séð, að það sé út af fyrir sig rétt.

Það er þegar orðin viðurkennd staðreynd, sem ekki þýðir að bera á móti, hvort sem mönnum

líkar það nú betur eða verr, að ríki og bær gerast æ stærri þátttakendur í framleiðslunni, svo að segja með hverju ári sem líður. Það eru fleiri samtök, sem þarna koma til greina. Það eru ýmis samtök, sem fólkið í landinu hefur myndað, m. a. samvinnufélögin, sem hafa á ýmsum stöðum orðið þátttakendur í slíkum félagsskap eða slíkum atvinnurekstri. Má þar t. d. benda á allstórt atvinnufyrirtæki, eitt stærsta atvinnufyrirtæki norðanlands, þar sem er Útgerðarfélag Akureyrarkaupstaðar. Þetta mál hefur þar verið allmikið rætt, og mér er kunnugt um það, að bæjarstjórn Akureyrar er því fylgjandi, að þessu ákvæði hlutafélagalaganna verði breytt einmitt í samræmi við það, sem hér er lagt til í þessu frv. Mér er ekki kunnugt um það, hvort samþykkt bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar liggur hér fyrir, en hitt veit ég, að slík samþykkt hefur verið gerð og bæjarstjórnin þar mun leggja allmikið upp úr því að fá ákvæði hlutafélagalaganna breytt.

Ég skal nú ekki hafa langa framsöguræðu um þetta mál. Það er mjög skýrt, hvað hér er átt við. Menn geta svo deilt um eðli málsins, hvort þetta sé til bóta eða ekki bóta. Álit meiri hl. allshn. er, að þetta ákvæði sé nauðsynlegt, og meiri hl. mælir eindregið með því, að frv. nái fram að ganga.

Að lokinni þessari umr. vil ég leggja til við hæstv. forseta, að málinu verði vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Svo sem fram kemur í nál. minu, tel ég, að málið hafi að því leyti fengið ranga meðferð í n., að þar var neitað að bera upp þá till., að leita skyldi umsagnar um málið. Ég tel tvímælalaust, að eftir réttum fundarsköpum hafi verið skylt að bera þá till. undir atkv. í nefndinni, hverja skoðun sem menn svo höfðu á till., hvort sem þeir voru með henni eða á móti. En þar sem ég tel, að þarna muni hafa verið frekar um mistök að ræða en vilja til þess að gera rangt, skal ég ekki frekar rekja það eða fara um það fleiri orðum, nema tilefni gefist til, heldur snúa mér að meginefni málsins og þá því fyrst og fremst, hvort ástæða sé til að athuga þetta mál betur eða ekki.

Ég játa, að það má færa rök bæði með eða á móti því, hvort skerða eigi atkvæðisrétt hluthafa í hlutafélögum eða ekki. Það er t. d. vafasamt, hvort aðili, sem á e. t. v. 48 eða 49%, eigi að þurfa að una því, að aðilar, sem eiga e. t. v. aðeins rúmlega 20%, geti með því að bindast samtökum á móti honum ráðið öllu í félaginu. Þetta er áhorfsmál, og má færa mörg rök bæði með og á móti um alla aðila. Sérstaklega má færa rök fyrir því, ef vitað er, að félagsheild eigi hlut, þá sé ósanngjarnt, að honum megi ekki beita til fulls, og er þó á það að líta, að félagsheildin kemur fram sem einn aðili og það er aðeins einn aðili, sem getur farið með hennar umboð, og jafnhættulegt fyrir sameigendurna, að sá eini aðili kúgi þá, eins og hver annar aðili, og félagsheildinni ætti a. m. k. oft að vera í lófa lagið að komast hjá því, að á hennar rétt yrði gengið, með því að skipta hlutafjáreign sinni upp á fleiri aðila. Hér má færa rök með og á móti. Eftirtektarvert er þó, að þeir ágætu fræðimenn, hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason og dr. Þórður Eyjólfsson, sem fengnir voru til þess að endurskoða hlutafélagalögin á sínum tíma, töldu ekki ástæðu til að breyta þessu, heldur vildu láta reglurnar haldast óbreyttar, og er það í samræmi við það, sem yfirleitt tíðkast um þessi efni hjá öðrum menningarþjóðum.

Það er eins athyglisvert, að till. alveg sams konar að efni og þetta frv. var borin fram hér í hv. deild á þinginu 1953 af núverandi hæstv. forseta deildarinnar, Einari Olgeirssyni, og sú till. var felld með atkv. nokkurra manna úr núverandi stjórnarflokkum, sem enn eiga sæti hér í deildinni, og verður fróðlegt að sjá, hvernig þeirra afstaða verður að þessu sinni, hvort hér sé um að ræða eitt af þeim málum, þar sem beita eigi kúgun og flokksofríki, eða menn megi hafa um það frjálsa sannfæringu, og þá eru horfur til þess, miðað við fyrri afstöðu, að þetta frv. verði fellt.

Það er að vísu rétt, að hlutafélagalagafrv., sem fram var borið á Alþingi bæði 1952 og 1953, samið af þeim ágætu mönnum, sem ég gat um, náði ekki fram að ganga og hefur ekki verið flutt síðan. Það er ekkert launungarmál, að það strandaði fyrst og fremst á Framsfl. Ýmsir töldu, að ákvæðin væru of flókin, og bentu á, að sú hefði reynslan einmitt orðið í Svíþjóð, sem sérstaklega hafði verið höfð til fyrirmyndar við þessa lagasetningu. Þessar eru ástæðurnar, sem kunnugum mönnum eru vitaðar, fyrir því, að ekki var haldið áfram að svo stöddu við að koma fram því frv. um hlutafélagalög, sem samið hafði verið að minni tilhlutan.

En hvað sem því líður, var þar unnið ákaflega merkilegt grundvallarverk, og það er enginn vafi á því, að af núlifandi Íslendingum eru fáir eða engir, sem betur eru að sér í þessum efnum en þeir, sem þetta frv. sömdu, þeir hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason og dr. Þórður Eyjólfsson. Þess vegna taldi ég alveg einsýnt, að þegar þetta frv., sem hér liggur fyrir, ætti að athuga, væri nauðsynlegt að fá þeirra umsögn um það. Það var að vísu bent á, að skammt væri eftir þingtíma og hæpið væri, að þeir gætu lokið umsögninni. Því til að svara er það, að það var hægt að setja þeim frest, t. d. til vikuloka nú, og ef stjórnarliðið vildi engu að síður koma málinu fram, mundi í næstu viku verða nægur tími til þess, enda hefði verið hægt að komast að samningum við okkur sjálfstæðismenn um það, að við tefðum ekki fyrir málinu, hver sem okkar afstaða til þess að öðru leyti hefði verið.

Ég vil líka vekja athygli á því, að í gær, eftir að fundur var haldinn í allshn. og komið í veg fyrir, að þetta mál yrði sent til umsagnar eða greitt yrði atkv. um það, samþ. menntmn. Ed. að senda mikilsvert mál til umsagnar háskólaráðs og mun að vísu hafa sett því þröngan tímafrest til að skila sínu áliti. En sú samþykkt stjórnarliðsins þar sýnir, að það er ekki einhlít mótbára, að hér hafi skort tíma til þess að leita umsagnar.

En eins og ég segi, það er auðvitað mestu

máli vert að gera sér grein fyrir: Er þörf á að athuga þetta mál nánar? — Og eins og ég einnig tók fram, þá er sök sér, hvað menn gera í málinu varðandi framtíðina. Það má segja, að það getur verið heppilegt eða óheppilegt að taka upp það fyrirkomulag, sem í frv. er stungið upp á. En a. m. k. er það víst, að ef frv. er samþ. og hlutafélög stofnuð að þeirri löggjöf gildandi, þá getur í raun og veru enginn hluthafi kvartað undan því, þó að þeirri löggjöf sé beitt. Þá hefur hann lagt fé sitt fram, gerzt aðili að félagsskap með það í huga, að þessir væru skilmálarnir. Og það er ekki komið aftan að honum, hann er ekki á neinn hátt blekktur, heldur leggur hann sitt fé fram og aðild með ákveðnar forsendur í huga.

Hitt er svo miklu varhugaverðara, ef menn ætla að láta þessa löggjöf, eins og mér skilst tilætlunin vera, ná til þeirra hlutafélaga, sem þegar er búið að stofna og hafa starfað.

Þegar hæstv. forseti þessarar deildar, Einar Olgeirsson, lagði til sams konar brtt. á þinginu 1953, sagði hann, með leyfi hæstv. forseta, eins og ég hef prentað upp í mínu nál.:

„Nú má vel vera, að í sumum af þeim útgerðarfélögum, sem ég sérstaklega hef hugsað um í þessu sambandi og þegar eru til, séu ákvæði í stofnsamningi, sem séu samkomulag á milli stofnenda um einhvern annan hátt á, og að svo miklu leyti sem slíkur háttur brýtur ekki í bága við lög, getur slíkt máske haldizt. Hins vegar að svo miklu leyti sem ný félög yrðu mynduð með þessu fyrirkomulagi sem hlutafélög, þá mundi þetta ákvæði gilda, ef þetta væri samþ., og ef til vill yrði á ýmsan hátt hægt að laga þetta með góðu samkomulagi, ef lögunum yrði breytt eins og ég legg til, í þeim félögum, sem nú þegar eru starfandi."

Þessi ummæli eru að vísu nokkuð óljós. En þar liggur þó alveg sú rétta hugsun til grundvallar, að þessi ákvæði er hægt að setja varðandi framtíðina án þess að spyrja um það kóng eða klerk. Hins vegar er ákaflega hæpið, að þetta geti gilt varðandi þau félög, sem þegar er búið að stofna, nema með góðu samkomulagi aðila, eins og Einar Olgeirsson sagði. Og ég verð að láta uppi fullkomnar efasemdir um það, að það muni standast fyrir dómstólum að breyta þessu ákvæði með löggjöf, ef aðilar vilja ekki sætta sig við það, að þá sé hægt að breyta því bóta- og áhrifalaust fyrir aðila að öðru leyti en því, að þeir eigi að þola aukinn atkvæðisrétt sumra aðila annarra að félögunum. Og ég bendi á, að þó að auðvitað slík fyrirmæli í stofnsamningi um takmörkun á atkvæðisrétti geri þetta enn þá óljósara, eins og segir í ummælum Einars Olgeirssonar frá þinginu 1953, þá gildir í raun og veru alveg það sama, þó að þetta sé ekki berum orðum tekið fram í stofnsamningi, af því að þetta eru landsins lög gildandi, sem hver einasti maður, er athuga vill sinn gang, hefur í huga, þegar hann leggur fram fé í hlutafélag, að þá veit hann, að enginn einn aðili má fara með meira en ⅓ af atkvæðamagninu. Ég fæ ekki séð, að það sé hægt að nema þá takmörkun úr gildi með einföldum lögum, án þess að aðilar fái þá a. m. k. rétt til þess að leysa upp félagið og ná eignum sínum út úr félaginu. Það eru algerlega brostnar forsendur fyrir félagasamtökunum, og þess vegna hljóta reglurnar um brostnar forsendur að koma til greina.

Nú játa ég fúslega, að á þeim stutta tíma, sem ég hef haft til umhugsunar þessa frv., sem er í raun og veru ekki nema síðan um helgi, að málið kom sérstaklega til minnar meðferðar eða íhugunar, þá hef ég auðvitað ekki getað athugað málið nema mjög fljótlega, og ég er ekki sérfræðingur í þessum efnum og skal þess vegna ekki endanlega segja til um, hvað dómstólar kunna að ákveða, og það veit í raun og veru enginn, fyrr en þar að kemur, en þeim mun meiri ástæða er til þess að athuga áður, hvaða afleiðingar samþykkt frv. hefur varðandi þau félög, sem nú eru starfandi, — athuga, hvort þeim tilgangi verður náð, sem hv. frsm., Gunnar Jóhannsson, talaði um, t. d. varðandi Útgerðarfélag Akureyrar.

Það er greinilegt, að ef lögin verða til flókinna, margfaldra og tímafrekra málaferla, sem enginn veit fyrir fram hvernig enda muni, þá er að vissu leyti verr farið en heima setið. Ja, við skulum segja t. d. varðandi Útgerðarfélag Akureyrar. Það er sagt: Það félag stendur í raun og veru straum af útgerð togaranna þar, og það er mjög óeðlilegt, að þess atkvæðaréttur sé takmarkaður. — Ja, látum það vera, að bærinn vilji ekki una því að lúta þeirri takmörkun, að aðrir ráði meira félaginu en hann sjálfur. Ég spyr: Hefur þá ekki bærinn það í hendi sér með því að neita að borga hallann af rekstrinum að fá þau umráð yfir félaginu nú þegar, sem hann óskar, og er slík aðferð á nokkurn hátt frekar harðhent en að breyta lögunum og fá í skjóli mjög hæpinna laga meira vald en aðilar upphaflega höfðu samið um? Ég fæ ekki séð, að bærinn sé á nokkurn hátt betur staddur með þessari löggjöf heldur en hann mundi nú þegar vera, ef hann vill beita því áhrifavaldi, sem hann hefur. Og þannig mætti telja áfram. En það er alveg ljóst, að það er í raun og veru um hrein svik að ræða, ef menn hafa verið fengnir til þess að leggja fé fram í fyrirtæki á þeirri forsendu, að atkvæðamagn skiptist eftir ákveðnum reglum, og svo á að breyta þeim forsendum, þeim reglum, án þess að allir aðilar sætti sig við eða samþykki. Hér er komið nærri einu grundvallaratriði íslenzkrar löggjafar á þann veg, að þetta mál er í raun og veru miklu stærra en það í fljótu bragði virðist.

Það er ekki aðeins, að verið sé í raun og veru að breyta reglum, setja nýjar starfs- eða leikreglur án samþykkis allra aðila af þeim aðila, sem í bili hefur völdin, eins og við sjáum að á að gera af hv. Alþ. í sambandi við bankalöggjöfina, sem hér liggur fyrir, og er það þó ærið hæpið, heldur er hérna beinlínis verið að fara inn á svið fjármálaréttarins, hagga fjárhagsskuldbindingum, sem fjöldi manna í góðri trú hefur á sig tekið og byggt upp sitt starfslíf á. Og ég þykist að vísu sjá þess nokkur merki, að það sé fastráðið að knýja þetta frv. fram, en ég vil mjög alvarlega vara við þeim afleiðingum, sem þetta getur haft, og ég vil segja eins og er: það getur komið sér vel fyrir einhvern flokk í dag

eða flokka að fá þessi völd, það getur í öðrum tilfellum alveg eins vel komið sér fyrir annan flokk að fá þau, svo að það tjáir ekki að líta á þessi mál frá hreinu flokkssjónarmiði. Og ég vek sérstaka athygli á því varðandi það eina fyrirtæki, sem hér hefur verið tekið til umr., Útgerðarfélag Akureyrar, að þar sýnist alls ekki á þessu þurfa að halda, ef bæjarstjórnin vill í raun og veru ná yfirráðum yfir fyrirtækinu.

En hér er miklu meira í húfi en okkar venjulegu flokksdeilur, hér er um að ræða helgi samningsréttarins, öryggi manna í viðskiptum og trú þeirra á því, að það megi leggja fé fram til framkvæmda og uppbyggingar í því trausti, að grundvellinum verði ekki með einhliða lagasetningu kippt burt þá og þegar. Ég segi: Liggur nú svo mikið á þessari löggjöf, að ekki megi athuga málið til hlítar og fá umsögn þeirra hæstaréttardómara, sem ég gat um, t. d. lagadeildarinnar til viðbótar, og skoða málið ögn betur, hvað menn í raun og veru eru að framkvæma? Það væri til dæmis, og við því væri ekkert að segja, ef menn vildu breyta þessu, að þetta gilti einungis um ný félög. Ég mundi að vísu vera á móti þeirri lagasetningu, af því að ég tel ekki efnisástæður standa til hennar, og ég tel, að það sé óvíst, hversu holl áhrif hún hefur í heild. En það er ekki hnekkt neinum þeim grundvallaratriðum, sem ég nú drap á: Trú manna á gildi samninga og trú manna á það, að þeir geti treyst því, þegar þeir leggja fé sitt fram, að farið verði eftir settum og algildum reglum.

Eins og ég sagði, er vafalaust talað fyrir daufum eyrum, en það er þá ekki mín sök. Ég hef varað menn við, og þeir bera þá ábyrgðina, sem þessar hæpnu ráðstafanir vilja gera.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég kvaddi mér nú hljóðs bæði af efnisástæðum og svo einnig vegna þess, að stundvísi hæstv. forseta er farin að verða svo nákvæm, að það mátti eins búast við því eftir þeirri reynslu, sem við höfum, að umr. yrði lokið, þar sem frsm. minni hl. er ekki í þingsalnum, þegar umr. nú halda áfram, en mér er kunnugt um það, að hann hefur haft í undirbúningi að flytja skriflega brtt. við málið og mun gera grein fyrir því, enda hygg ég, að hann sé hér alveg á næstu grösum, alveg á sama hátt og sá þm. Sjálfstfl., sem á mælendaskrá var hér í gærkvöld, þegar umr. var slitið að ófyrirsynju.

Ég skal í þessum umr. aðeins binda mig við það atriði, sem meginmáli skiptir í sambandi við þetta mál, sem hér fyrir liggur, og það er í raun og veru það, hvort sú breyting, sem hér er gert ráð fyrir að samþ. á hlutafélagalögunum, á eðli málsins samkvæmt að geta tekið til eldri félaga, sem stofnuð eru, þegar ástæður eru þannig, að eldri ákvæðin gilda, og gildi þeirra hefur verið forsenda fyrir stofnun félaganna og þeim stofnsamningum, sem gerðir hafa verið.

Það hefur réttilega verið bent á það í nál. minni hl., að áður á þingi hafa þau sjónarmið fram komið, að það út af fyrir sig er atriði, hvort menn vilja gera þessa breytingu á hlutafélagalögunum í sambandi við þær félagsstofnanir, sem eiga sér stað héðan í frá. Hitt er svo allt annað, hvort með slíkri löggjöf er hægt að breyta eða hvort slík löggjöf getur náð til félaga, sem áður eru stofnuð, og eldri samninga um þetta atriði. Í sjálfu sér virðist það vera fullkomlega hæpið lagalega séð, að það fengi staðizt. Það er ekki aðeins, að þetta hafi komið fram hjá hæstv. núverandi forseta deildarinnar í umr. um þetta mál 1953, heldur er einnig kunnugt um, að aðrir hv. dm. hafa látið í ljós þessar sömu skoðanir, bæði undir meðferð málsins, við málflutninginn og við atkvgr. Ég tel því, að það skipti miklu máli og sé rétt, að menn íhugi þetta betur og að deildin freisti þess að færa þetta mál í það horf, sem virðist vera mjög eðlilegt, að skilja algerlega hér á milli, hvort ákvæði laganna eigi að taka til eldri félaga eða eingöngu þeirra, sem stofnuð eru eftir að lögin taka gildi.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 593) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 104., 105., 109. og 111. fundi í Nd., 23., 24., 27. og 28. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, en á fundinum 23. maí mælti

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Um fyrsta dagskrármálið stendur svo á, að ég er þar framsögumaður og hef flutt till. Atkvgr. um málið átti að fara fram í gær, en var af mér ókunnugum ástæðum frestað. En þannig stendur á, að ég þarf að hverfa úr landinu nú í tvo daga í erindum, sem ég var kosinn til sem meðlimur Norðurlandaráðs, og ég vildi mjög eindregið fara þess á leit, að annaðhvort yrðu greidd atkv. um málið í kvöld eða atkvgr. frestað til mánudags.

Forseti (HÁ): Það er sjálfsagt að taka þessi tilmæli hv. þm. til athugunar. Á þessu stigi get ég ekki lofað því, að málinu verði frestað til mánudags, en ég mun koma því á framfæri til athugunar. (**BBen:** En er þá ekki hægt að hafa atkvgr. núna?) Ég hef þegar tekið málið út af dagskrá, og í öðru lagi sýnist mér d. ekki ályktunarfær.

Á 113. fundi í Nd., 29. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 549, n. 578 og 585, 593).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17:10 atkv.

Brtt. 593 felld með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBen, BÓ, IngJ, JóhH, JPálm, MJ, JR, ÓTh, PO, RH, SÁ.

nei: SkG, ÁÞ, ÁB, BG, EirÞ, EystJ, GíslG, GÍG, GJóh, GÞG, HÁ, HS, KGuðj, LJós, PÞ, BrS, EOl.

ÓJ greiddi ekki atkv.

6 þm. (SvbH, ÁkJ, EmJ, HV, JS, KJJ) fjarstaddir.

12 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Skúli Guðmundsson: Þar sem ég lít svo á, að þótt frv. þetta verði að lögum, muni ákvæði

þess ekki geta breytt atkvæðisrétti í hlutafélögum, sem til eru áður en l. þessi öðlast gildi, tel ég þessa brtt. óþarfa og segi nei.

Ólafur Jóhannesson: Það er að mínu viti augljóst mál, að ákvæði frv. þessa, þótt að l. verði, nái ekki til atkvæðisréttar í þeim hlutafélögum, sem til eru við gildistöku laganna. Till. staðfestir aðeins þann skilning, sem ég tel vafalausan eftir venjulegum og eðlilegum lögskýringarreglum. Tel ég því till. þarflausa — en engu spilla — og greiði ekki atkv.

Ágúst Þorvaldsson: Með skírskotun til grg. hv. þm. V-Húnv. segi ég nei.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Vera kann, að þær yfirlýsingar, sem hér hafa komið fram, og grg. frá einstökum þm. verði taldar máli skipta um lögskýringu, og skal ég ekki lítið gera úr því. Hitt er víst, að á fyrri stigum þessa máls var hjá a. m. k. sumum stuðningsmönnum þessa frv. og í n., þegar málið var rætt, allt annar skilningur uppi. Ég benti þá á, að þetta þyrfti að athuga nánar, og öruggt er ekki um skilninginn, nema brtt. sé samþ. Ég tel því víssast að samþ. hana, jafnvel þótt ég telji nú sýnt, að þingdeildin muni samþ. frv. í þeirri trú, að skilningur ákvæðisins verði sá, sem brtt. segir til um. Engu að síður er öruggast að samþ. hana, og segi ég því já.

Eiríkur Þorsteinsson: Ég vísa til grg. hv. þm. V-Húnv. og segi nei.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vísa til grg. hv. þm. V-Húnv. og segi nei.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Ég vísa til grg. hv. þm. V-Húnv. (SkG) og segi nei.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Með tilvísun til grg. hv. þm. V-Húnv. (SkG) segi ég nei.

Halldór Ásgrímsson: Ég segi nei með tilvísun til grg. hv. þm. V-Húnv. (SkG).

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Ég segi nei við þessari till., en vil taka það fram með atkv. mínu vegna þeirra grg., sem hér hafa verið gefnar, að ég tel fyllilega réttmætt að gera með lagabreytingu þessari ákvæði, sem einnig taka til núgildandi eða nústofnaðra félaga, og mótmæli alveg fyrir mitt leyti þeirri lögskýringu, að ekki sé hægt með l. frá Alþ. að breyta eins þessum l., sem í gildi eru, eins og öðrum.

Ólafur Thors: Með tilvísun til þess, að hér eru tveir þjóðkunnir lögfræðingar, lagaprófessorar fyrrverandi og núverandi, þar sem annar telur nauðsyn á að samþ. þetta, hinn telur það a. m. k. skaðlaust og sennilega þörf, þá segi ég eindregið já.

Páll Þorsteinsson: Með tilvísun til grg. hv. þm. V-Húnv. (SkG) segi ég nei.

2. gr. samþ. með 17:7 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:10 atkv.

Á 114. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 702).

---

68. Stofnlánadeild sjávarútvegsins.

Á 106. fundi í Ed., 23. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands [182. mál] (þmfrv., A. 592).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Björgvin Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er flutt af sjútvn. eftir beiðni hæstv. sjútvmrh.
Eins og hv. dm. er kunnugt, voru l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins á sínum tíma sett til þess að kaupa ákveðna tölu fiskiskipa. Síðan þá hefur d. eingöngu verið innheimtustofnun og ekki veitt nein ný lán.
Með breytingu, sem gerð var á lögunum um stofnlánadeildina árið 1951, var ákveðið að heimila stofnlánadeildinni að veita veðleyfi, þegar skipt væri um vélar í skipum, sem d. átti 1. veðrétt í.
Fiskiskip þau, er keypt voru með aðstoð d., eru nú flest yfir 10 ára gömul. Síðan þau voru smíðuð, hafa komið á markaðinn margar tæknilegar nýjungar, er nú þykja ómissandi í öll fiskiskip, en voru alls óþekktar þá. Efnahagur útvegsmanna almennt er því miður þannig í dag, að fæstir af þeim, sem eiga þessa báta, geta komið þessum nauðsynlegu tækjum í þá án þess að fá til þess töluverð lán. Það getur einnig komið fyrir, að það þurfi að fara fram meiri háttar aðgerðir á þessum skipum, sem eru svo kostnaðarsamar, að nauðsynlegt er að geta tryggt til þess veðlán.
Að öllu þessu athuguðu og með tilvísun til þess, að þróun almennra peningamála hefur verið slík á síðustu 10 árum, að veðlán stofnlánadeildar sjávarútvegsins í skipum þessum eru aðeins brot af raunverulegu verðmæti skipanna í dag, mælir sjútvn. eindregið með, að mál þetta verði afgr. óbreytt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 107. fundi í Ed., 24. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 105. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 108. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Á 112. fundi í Nd., 28. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 592, n. 674).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá Ed., og felst í því breyting á 3. gr. laganna um stofnlánadeild sjávarútvegsins. Í þessari gr. er ákvæði, sem sett var inn í lögin árið 1951, þess efnis, að þegar svo standi á, að setja þurfi nýja aflvél í vélbát, sem lán hvílir á í stofnlánadeild sjávarútvegsins, skuli stjórn stofnlánadeildarinnar heimilt að veita veðleyfi, til þess að veðsetja megi skipið ásamt hinni nýju vél með 1. veðrétti fyrir nýju láni til vélakaupanna, sem nemi allt að ⅔ hlutum af verði vélarinnar.

Hér er lagt til, að heimildin verði víkkuð þannig, að heimilt sé að veita slíkt veðleyfi, þegar um er að ræða endurbætur á skipi, og að lánið megi þá nema allt að ⅔ virðingarverðs endurbótanna og vélar, ef um vélaskipti er að ræða. Í þessu er breytingin fólgin, að jafnframt því sem veita má veðleyfi, þegar um er að ræða að setja nýja vél í skip, þá megi jafnframt veita veðleyfi, ef um er að ræða aðrar endurbætur á skipi.

Sjútvn. hefur athugað þetta frv., og voru nefndarmenn sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. um breyt. á lögum um stofnlánadeild sjávarútvegsins, svo sem hv. frsm. sjútvn. gerði hér grein fyrir, og er breytingin á lögunum í því einu fólgin, að heimilt skuli vera að veita veðleyfi af hálfu stofnlánadeildarinnar, þegar svo stendur á, að framkvæma þarf viðgerð á skipi, sem hefur lán úr stofnlánadeildinni.

Það er vitanlega ekki nema sjálfsagt að greiða fyrir því, að sú aðstoð sé veitt, sem í þessu frv. greinir, því að það er lítils virði fyrir stofnlánadeildina sjálfa, ef skipin grotna niður fyrir þá sök, að ekki er hægt að framkvæma á þeim nauðsynlegar breytingar, þó að því miður geti orðið hætt við því, að það geti reynzt erfitt fyrir eigendur skipanna að fá lán til þess að standa undir kostnaði af breytingunum, þó að veðleyfi fáist. En það er önnur saga.

Ég hef ekkert á móti þessari breytingu á l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins. En í sambandi við þetta frv., sem er flutt að beiðni sjútvmrh., hljóta að vakna ýmis önnur atriði, sem í rauninni eru miklu veigameiri en hér segir í þessu frv. En sá þáttur beinist einmitt að starfsemi stofnlánadeildarinnar sjálfrar. Því var lýst yfir og hefur oft verið yfir lýst af hæstv. núverandi ríkisstj., að hún hefði áhuga á því að leysa úr stofnvandamálum sjávarútvegsins. Það var borið fram hér á Alþ. snemma á þessu þingi frv. af mér og nokkrum öðrum hv. þm., að ákveðið yrði úr ríkissjóði fast framlag til fiskveiðasjóðs Íslands, svipað og sjóðurinn fékk á s. l. ári, að meðtöldu því framlagi, sem hann þá fékk af greiðsluafgangi ríkissjóðs, og ef slíkt frv. hefði verið samþ. og þetta framlag lögfest, hefði vissulega batnað mjög hagur þessarar stofnlánadeildar sjávarútvegsins, fiskveiðasjóðsins, til þess að standa undir þeim lánveitingum, sem nauðsynlegar eru vegna endurbyggingar bátaflotans eða nýbyggingar hans.

Svo sem hv. þdm. er kunnugt, var þetta mál afgreitt héðan með rökstuddri dagskrá á þann hátt, að þar sem ríkisstj. væri að vinna að lausn þessa máls eftir öðrum leiðum, sæi deildin ekki ástæðu til þess að samþykkja þetta frv. okkar. Það hefði nú mátt ætla eftir þeim orðum, sem fallið hafa um áhuga hæstv. ríkisstj. á að bæta afkomu atvinnuveganna og þá ekki hvað sízt sjávarútvegsins, að myndarlega yrði á þessum málum tekið, því að svo mjög höfðu þeir flokkar, sem áður voru í stjórnarandstöðu, vítt fyrrv. ríkisstj. og ríkisstjórnir fyrir það, að ekki hefði nægilega verið að gert í þessum efnum.

Till. hæstv. ríkisstj. um lausn þessa vandamáls hefur nú sézt hér í Alþ. og verið afgr. héðan, en sú till. var í því einu fólgin að leysa þennan vanda á þann hátt að ætla sjávarútveginum sjálfum að leggja fram meira fé til þess að standa undir nýbyggingu fiskiflotans. Svo sem kunnugt er, hefur meginhluti af tekjum fiskveiðasjóðs að undanförnu komið frá sjávarútveginum sjálfum, sem eins og allir vita er þess gersamlega vanmegnugur að leggja nokkuð af mörkum, heldur verður þvert á móti að fá stórkostleg framlög til þess að standa undir sínum rekstrarkostnaði. Lausn málsins var á þennan eina hátt, en engin viðleitni sýnd til þess að leysa vandann með því að leggja raunverulega fram fé úr öðrum áttum til þessarar mikilvægu upp-

byggingar eins af undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar.

Það má ef til vill segja sem svo, að það skipti litlu máli, hvort sjávarútveginum sé gert að greiða gjöld sem þessi, þar sem það eru hvort sem er svo mikil fjárframlög, sem þarf að verja til hans. Þetta er þó alls kostar óheilbrigð hugsun, vegna þess að öll vonum við, að að því komi fyrr en síðar, að sjávarútvegurinn verði hafinn til þess vegs í þjóðfélaginu og honum sköpuð sú aðstaða, að hann geti undir venjulegum kringumstæðum gengið rekstrarhallalaust. Þá mun það koma í ljós, að hér hefur ekki heppileg leið verið farin. Hins vegar er þetta ósköp ódýr leið fyrir hið opinbera og lítill vandi fyrir hvaða ráðh. sem er að bera fram till. um það, að viðkomandi atvinnuvegur skuli sjálfur *leggja sér til allt það fé, sem hann þarf á að* halda í þessu sambandi.

En einmitt þegar sást hér frv. um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbankann, hefðu margir álitið, að í þessu frv. væri að finna þá breytingu, sem oft hefur verið umtöluð, en það er að endurvekja aftur stofnlánadeildina til útlána í þágu sjávarútvegsins. Ef hæstv. ríkisstj. hefði getað hrundið því máli af stokkunum, hefði vissulega verið ástæða til að fagna því, því að ef hægt væri að vekja stofnlánadeildina aftur til starfa, þótt ekki væri nema á þann hátt, að hún hætti að láta ganga inn til greiðslu á skuldum deildarinnar það fé, sem inn fæst í afborgunum og vöxtum, þá mundi það strax vera töluverð hjálp fyrir sjávarútveginn.

Þessi deild var að vísu upphaflega til þess stofnuð að leysa ákveðið vandamál, og mun ekki beinlínis hafa verið ætlunin, að varanlega yrði í umferð það fé, sem deildin fékk þá til umráða. Hins vegar hefur það komið í ljós síðar og oft verið um það rætt á ýmsum vettvangi, að það væri mjög mikilvægt að reyna að koma því til leiðar, að ekki aðeins yrði fiskveiðasjóður efldur, heldur væri unnt að opna aftur stofnlánadeild sjávarútvegsins til útlána, og ef það væri hægt að festa þar allverulegt fjármagn til útlána fyrir sjávarútveginn, væri vissulega merkilegt skref stigið í stofnlánamálum útvegsins.

Það hlýtur því að hafa valdið mörgum æðimiklum vonbrigðum, miðað við öll þau loforð, sem fram hafa verið borin af hæstv. ríkisstj. og þá ekki hvað síst hæstv. sjútvmrh. um aðstoð við útveginn og uppbyggingu hans, að þessi átök skuli svo, þegar til kemur, ekki verða meiri en þau að ákveða að leggja enn þá nýjan skatt á framleiðsluvörur útvegsins til þess að afla fjár í fiskveiðasjóð og ekki söguna meir. Þegar loks kemur svo frá hæstv. ríkisstj. frv. um breyt. á l. um stofnlánadeildina, þá er það aðeins í þá átt að veita þau veðleyfi, sem greint er frá í þessu frv.

Það er að vísu rétt, að það mun vera ætlun ríkisstj. að útvega lán til kaupa á þeim bátum, sem smíðaðir eru á vegum ríkisins. Engu að síður mun þó þannig vera um búið, að ætlunin er að taka allverulegt fjármagn úr fiskveiðasjóði; mér er ekki grunlaust um, að honum sé ætlað að leggja fram mjög verulegan skerf til þeirra kaupa, þannig að þótt þessi lán verði útveguð, gangi það einmitt yfir starfsfé fiskveiðasjóðsins og sé því ekki nema að litlu leyti viðbót við það fé, sem hann hefur til umráða.

Það hefur nú vafalaust ekki mikla þýðingu að fara að bera fram brtt. við þetta frv. hér, enda sannleikur málsins sá, að það er mjög erfitt um vik vitanlega að fara að gera það, án þess að það mál sé rætt miklu nánar og athugað frá öllum hliðum, hvernig framkvæmanlegast og skynsamlegast yrði að opna stofnlánadeildina til útlána, ef til kæmi. Það kemur einnig vitanlega til greina í því sambandi, hvort ekki væri skynsamlegast að sameina þá stofnlánadeildina og fiskveiðasjóð, þannig að ekki væru ótal sjóðir, sem um væri að ræða, er lán veittu. Það er töluverður galli á okkar lánamálum, hversu ótalmargir *sjóðir eru starfandi og sífellt stofnaðir nýir* sjóðir. Það út af fyrir sig leysir ekki fjárhagsvandræði eins né neins að stofna sjóði, ef ekki er þá séð fyrir auknu fjármagni til starfsemi slíkra sjóða.

Ég gat ekki stillt mig um, af því að þetta frv. lá hér fyrir um stofnlánadeildina, að vekja athygli á þeirri staðreynd, að það virðist ekki vera ætlun hæstv. ríkisstj. að sinna á neinn hátt hinni brýnu fjárþörf stofnlánadeildar útvegsins um aukin fjárráð, nema á þann hátt einan, sem þegar hefur sýnt sig hér á Alþ., að ákveða með lögum, að hinn fjárvana útvegur skuli sjálfur leggja fram fé til þess að standa undir uppbyggingu fiskiflotans.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég tók eftir því, að hv. frsm. lagði sérstaklega áherzlu á það, þegar svo stæði á, að um endurnýjun á vélakosti skipanna væri að ræða. Það getur verið, að hann hafi minnzt líka á hitt, sem í frv. er, að hér er einnig um allar viðgerðir á skipunum að ræða. Þó að endurnýjun véla í bátaflotanum sé oft erfið fyrir þá, sem þær breytingar þurfa að gera, getur verið enn þá erfiðara og dýrara að láta fara fram þá viðgerð á skipunum, sem nauðsynleg kann að vera. Þetta er því ekki neitt smáatriði, neitt smáfjárhagsatriði, sem hér getur verið um að ræða. Að sjálfsögðu eru þessar breytingar að fjármunum til æði misjafnar, en slíkar geta viðgerðir verið, að þær kosti stórfé. Undir þeim kringumstæðum gerir frv. ráð fyrir því, að veðréttur stofnlánadeildarinnar víki fyrir ⅔ af þessum kostnaði. Ég verð að benda á, að það getur verið varhugavert að setja slíka heimild í lög, ef mönnum er annt um, að fjárhagsgrundvöllur stofnlánadeildarinnar haldist heilbrigður. Ef um miklar og dýrar breytingar er að ræða, getur veð stofnlánadeildarinnar orðið lítils virði, því þó að miklar breytingar fari fram á einu skipi, verður veðréttur stofnlánadeildarinnar ekkert betri en hann var, þegar lánið var veitt.

Ég verð að telja, að mjög sé varhugavert að gera slíkar breytingar á lögum stofnunar eins og stofnlánadeildarinnar frá ári til árs, — breytingar, sem ég vil kalla kákbreytingar. Og með tíðum slíkum breytingum er hægt að gera fjárhagsgrundvöll þessarar stofnunar algerlega óraunhæfan. Það er ekki nægilegt að gera slíkar

breytingar með þeim góða ásetningi, að verið sé að hjálpa mönnum, sem mjög eru þurfandi fyrir slíka hjálp. Það er út af fyrir sig gott og fagurt. En hin hliðin á þessu máli er sú stofnun, sem hér er um að ræða og þinginu ber skylda til að sjá um, að haldi áfram að byggjast á heilbrigðum fjárhagsgrundvelli.

Ég get ekki séð af þeim skjölum, sem hér liggja fyrir, að málið hafi verið sent Landsbankanum til umsagnar. Að sjálfsögðu var það ekki nema venjuleg háttvísi að gera slíkt, að senda málið þeim banka, sem lagt hefur fram fé í stofnlánadeildina og stjórnar henni, að hann sé spurður álits um slíkar framkvæmdir sem þessa. En svo virðist sem hvorki hæstv. ráðh., sem að frv. stendur, né þeirri n. eða þeim nefndum, sem fjallað hafa um frv. í báðum d., hafi komið til hugar að leita umsagnar Landsbankans um þessa breytingu á stofnlánadeildinni.

Það er í raun og veru ekki nema sjálfsögð kurteisisskylda gagnvart bankanum að gera það, en þar að auki er það mjög óhyggilegt að gera slíkar breytingar á svona stofnun, eins og hér er gert, án þess að málið sé rannsakað betur en sýnilegt er að hefur verið gert í þessu tilfelli. Málið hefur ekkert verið rannsakað. Það hefur flutzt áfram á góðvild manna í garð þeirra, sem breytingarnar þurfa að gera og fjármunanna til þess þurfa að fá. Það er út af fyrir sig skiljanlegt og ekkert við því að segja, en það er aðeins önnur hliðin á málinu.

Það vill nú oft verða svo í hv. Alþ., að slík mál sem þessi, þó að um sé talsvert mikið fjárhagsmál að ræða, eru látin ganga án mikillar þrautar í gegnum þingið og án mikillar athugunar. Þetta er þó eitt af þeim málum, sem sjálfsagt var að gefa gaum og athuga niður í kjölinn. Það hefur ekki verið gert. Hver árangurinn verður, þegar til framkvæmdanna kemur, á framtíðin eftir að leiða í ljós.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta mál.

Út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. (BÓ) sagði nú síðast, að ekki hefði verið leitað umsagnar Landsbankans um frv., þá er það að vísu rétt, að það var ekki gert í sjútvn. þessarar d. Það er mjög skammt síðan málinu var vísað til d. og naumast tími til þess að leita slíkrar umsagnar, þar sem þingi er nú að ljúka, enda kom ekki fram nein till. um það í n., að svo yrði gert. Að öðru leyti er hér í raun og veru enginn eðlismunur á þeim ákvæðum, sem gert er ráð fyrir að gildi hér eftir, og þeim, sem hafa gilt, því að það hefur verið heimilt að veita þessi veðleyfi, ef um vélakaup var að ræða, en heimildin víkkuð að því leyti, að nú nær heimildin líka til endurbóta á skipunum. Ég tók það fram í minni ræðu, sem virðist hafa farið fram hjá hv. þm., að hér er að sjálfsögðu aðeins um heimild að ræða, sem stofnlánadeildin notar hverju sinni eftir því, sem hún telur réttmætt, sams konar heimild og áður var í lögum.

Annars vil ég benda á það út af því, sem hv. þm. sagði, að þegar að því er komið, að það þarf að kaupa vél í skip eða framkvæma á því verulega viðgerð, má gera ráð fyrir, að búið sé að greiða niður verulega upphaflega stofnlánið, og svo mun það og vera í mörgum tilfellum.

Ég vil svo að öðru leyti segja það út af því, sem hv. 2. þm. Eyf. (MJ) sagði, að eins og hann sagði, þá var hér fyrr á þinginu afgr. með vísun til ríkisstj. frv. þeirra sjálfstæðismanna um sérstakt framlag til fiskveiðasjóðs, og var þá vísað til þess, að ríkisstj. hefði í undirbúningi ráðstafanir þess efnis. Síðan hefur verið lagt fram og samþ. frv. um breyt. á fiskveiðasjóðsl., sem á að þýða það, að fiskveiðasjóður fái til viðbótar 4½ millj. kr. á ári, og er það gert með því að samræma útflutningsgjaldið, þannig að sama útflutningsgjald sé greitt af öllum sjávarafurðum, sem út af fyrir sig virðist eðlilegt að gera. En hæstv. ríkisstj. hefur gert fleira í þessu máli. Hún hefur á s. l. vetri útvegað fiskveiðasjóði 10 millj. kr. að láni, sömuleiðis beitt sér fyrir því, að gefin væru eftir lán, sem ríkissjóður á sínum tíma veitti fiskveiðasjóði.

Varðandi stofnlánadeildina er annars það að segja, að hún hefur í raun og veru ekki starfað sem lánastofnun árum saman, og hafa ekki verið á undanförnum árum gerðar neinar breytingar á lögum, sem tryggðu það, að hún gæti starfað sem slík. Þegar keypt hafa verið ný skip, hafa verið farnar aðrar leiðir. Þegar 10 togararnir voru keyptir um 1950, var tekið til þeirra erlent lán, en til þess að greiða fyrir vélbátakaupum hefur fiskveiðasjóðurinn verið efldur og sérstaklega unnið að því nú í vetur.

Björn Ólafsson: Hv. frsm. viðurkenndi það að vísu, að það hefði ekki verið leitað umsagnar Landsbankans um frv., þó að slíkt ætti að gera, og vildi telja nefndunum það til afsökunar, að svo mjög væri liðið á þingið, að ekki væri tími til þess.

Það er alveg rétt, að liðið er á þingið. En ef hæstv. ráðh., sem frv. flutti, var annt um að fá þessa breyt. gegnum þingið, var vandalítið fyrir hann að leggja frv. svo snemma inn í þingið, að það gæti fengið þinglega afgreiðslu. Með þessu móti fær það ekki þinglega afgreiðslu. Að vísu má segja, að það sé ekki ástæða til að ásaka hv. n. þessarar d. eins og Ed., sem bar, þegar hún fékk frv. fyrst til meðferðar, að leita þeirrar umsagnar, sem eðlileg og venjuleg er.

Það er alveg rétt, að smábreytingar hafa verið gerðar á stofnlánadeildinni. Þær breytingar, ef ég man rétt, hafa aðallega verið í því fólgnar að færa aftur afborgun eins til tveggja ára, aðallega togaranna, aftur fyrir lánstímann, til þess að greiða fyrir fyrirtækjum, sem hafa verið í fjárþröng. Ég held, að þetta séu aðalbreytingarnar, sem gerðar hafa verið, en þessi breyt., sem nú á að gera hér að lögum, er a. m. k. að verulegu leyti nýmæli.

Ég geri ráð fyrir því, að það vaki fyrir hv. meiri hl. að samþ. þetta frv., þó að það hafi ekki fengið þinglega meðferð. Mér finnst þó full ástæða til að minna á þennan ágalla, sem hefur verið á meðferð málsins í þinginu.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það er ekki óeðlilegt, að þetta mál hafi vakið nokkrar umr., því að hér er vissulega um mjög þýðingarmikið

og veigamikið málefni að ræða og eðlilegt, að það komi upp í huga þm., þegar það er á dagskrá, hvort ástæða hefði ekki verið til annarra og meiri breytinga á stofnlánadeildinni en hér er farið fram á. Það er sannast bezt að segja, að það hafa ekki verið gerðar svo lágar kröfur um það á undanförnum árum af ýmsum þeim mönnum, sem nú standa í stjórnarliðinu, að stofnlánadeildin væri, eins og það hefur verið orðað, opnuð aftur, og talið í raun og veru til hálfgerðs hneykslis. Og stundum hefur það nú verið kallað landsbankavaldinu að kenna, og það er kannske, að núverandi hæstv. stjórnarsinnar geri sér einhverja von um, að breyting geti orðið á þeirri fyrirstöðu, sem frá þessu svokallaða landsbankavaldi hefur verið í þeim efnum. Um það skal ég ekki fjölyrða. En það hefur einnig komið upp sú hugmynd og verið talfærð um þá fjármuni, sem á sínum tíma voru veittir stofnlánadeildinni, að í staðinn fyrir að draga þá inn, gengju þeir áfram út til nýrra lána, yrðu sameinaðir annarri stofnlánastofnun sjávarútvegsins og aðalstofnlánadeild bátaflotans hér, sem er fiskveiðasjóður, og ég tók eftir því áðan, að það mál blandaðist hér nokkuð inn í umr. Og mér heyrist eiginlega helzt á hæstv. stjórnarsinnum, að þeir telji nú, að það geti gjarnan beðið í bili, sérstaklega vegna þess, að svo rausnarlega hafi ríkisstj. skilið við málefni fiskveiðasjóðsins á þessu þingi.

Það er sagt, að fiskveiðasjóði hafi verið tryggðar nýjar tekjur, sem geti numið allt að 4 millj. kr. Jú, það er gert með þeim hætti, að breytt er ákvæðunum um útflutningsgjald og útflutningsgjaldið aukið. M. ö. o.: þegar á að tryggja sjávarútveginum með þessari stofnlánadeild bátaflotans fé, þá er það tekið af útveginum sjálfum, og er þá orðið mjög ólíku saman að jafna við aðrar tekjuaflanir og ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, bæði fyrr og síðar á þinginu, til þess að útvega öðrum greinum atvinnulífsins nægjanlegt fjármagn. Og það er mjög eftirtektarvert, að þegar þessi stofnlánastofnun sjávarútvegsins og bátaflotans fyrst og fremst á sitt hálfrar aldar afmæli í hittiðfyrra, eða 10. nóv. 1955, þá hefur þessi sjóður, fiskveiðasjóður, fengið um 100 millj. kr. tekjur á þessu hálfrar aldar skeiði, en af þessum 100 millj. hafa aðeins 11 millj. kr. runnið beint frá ríkissjóði, en að öðru leyti eru það tekjur sjóðsins sjálfs eða beinlínis útflutningsgjald af sjávarafurðunum, sem er langsamlega stærsti hlutinn og byggði sjóðinn upp frá upphafi. Og það var einmitt með hliðsjón af þessu, sem við sjálfstæðismenn lögðum til á öndverðu þessu þingi, að hið árlega framlag í fiskveiðasjóð væri hækkað upp í 12 millj. kr., eða um 10 millj. kr. á ári, og fengi sjávarútvegurinn að þessu leyti með því nokkra hliðstæðu við aðrar atvinnugreinar. Eru mér þá í huga þau framlög, sem á þessu þingi, t. d. í fjárl. ársins 1957, hafa verið aukin til landbúnaðarframkvæmda, til rafvæðingar landsins og einnig til atvinnuaukningar í hinum dreifðu byggðum, eins og það er kallað, en það fjárframlag var aukið á fjárl. 1956 úr 5 millj. kr. og upp í 15 millj. kr.

Nú voru allir hv. þm. sammála um og var fullljós hin mikla tekjuþörf fiskveiðasjóðsins, og þeim mun furðulegra var það, þegar menn í öndverðu snerust með hálfgerðum skætingi gegn þessu frv. Og enda þótt svo væri, töldum við flm., að með hliðsjón af stofnlánaþörf sjávarútvegsins og vegna þess, í hvaða aðstöðu stofnlánadeildin væri nú orðin, mundi stjórnarliðið sjá að sér á síðara stigi málsins og greiða eitthvað verulega fyrir fiskveiðasjóðnum. Nú þykist stjórnarliðið hafa gert það og hælist mjög um, segir: Fiskveiðasjóði voru tryggðar þarna 4 millj. kr. með þeim hætti, sem ég sagði áðan, að leggja nýjar álögur á sjávarútveginn, og það er ekki nóg með það, heldur voru eftir gefin líka lán, sem fiskveiðasjóður hafði áður fengið af tekjuafgangi ríkissjóðs. — Ja, skárri var nú rausnin. Það voru fleiri sjóðir, sem fengið höfðu sinn hluta af tekjuafgangi ríkissjóðs, þ. á m. ræktunarsjóður í miklu ríkari mæli og einnig byggingarsjóður, eða fé, sem runnið hafði til hins almenna veðlánakerfis, og ég hafði hér á s. l. þingi lagt til, að þessi lán frá ríkinu, sem kallað var, yrðu þegar í stað óafturkræf framlög, og það var ekki annað og meir en til samræmis við það, sem gert hefði verið ár eftir ár að undanförnu með slíkar fjárveitingar, sem í upphafi voru lán af ríkissjóðsins hálfu, en síðar óafturkræf framlög. Hæstv. fjmrh. held ég hafi skorið sig úr, að hann mátti ekki heyra það þá. Ég held, að ég hafi gert grein fyrir því hér áður, að það var jafnvel haft í hótunum, að það skyldi valda stjórnarslitum, ef slík ósköp eins og þessi yrðu samþ. En það var svo allt annað hljóð í strokknum, þegar hæstv. fjmrh. lagði fjárlfrv. fyrir 1957 nú á s. l. hausti fyrir þingið, því að þá var mikið látið af því og boðað undir stórum fyrirsögnum í stuðningsblöðum stjórnarinnar, að fjmrh. hefði stungið upp á því, að bæði þessi framlög til fiskveiðasjóðs og ræktunarsjóðs eða lán til fiskveiðasjóðs og ræktunarsjóðs og ýmis önnur lán, sem ríkissjóður hefði veitt og þ. á m. til íbúðabygginga, — að þetta yrði allt saman gert að óafturkræfum framlögum.

Þetta átti víst að bæta nokkrum skrautfjöðrum í hatt fjmrh., og í sjálfu sér er sízt ástæða til að vera að hafa nokkuð á móti því, því að það mun ekki af veita. En mér finnst ekki vera hátt risið á hv. stjórnarsinnum að telja þetta til ágæta sérstaklega í sambandi við stofnlánaþörf sjávarútvegsins, að fiskveiðasjóður hafi fengið þetta lán sem óafturkræft framlag, því að það var ekki meira en við mátti búast og búið var að leggja til og ráðgert hafði verið og allar aðrar hliðstæðar greinar atvinnulífsins höfðu fengið.

Þá er það talið til ágæta, að fiskveiðasjóður hafi fengið 10 millj. kr. lán um áramótin, og það ber ekki að amast við því; mátti naumast minna vera, enda hefur þegar síðan komið í ljós í sambandi við fyrirgreiðslu á bátakaupum, sem ríkisstj. stendur fyrir, — þessum svokölluðu minni togara kaupum, eða hvað þau heita nú, — þá hefur einmitt verið ætlazt til af fiskveiðasjóði, að hann veitti sérstaka fyrirgreiðslu, sem honum hefur ómögulega verið hægt nema vegna þessarar lánveitingar. En í sjálfu sér hafa ekki stjórnarliðar yfir miklu að hælast í sambandi við þessa lánveitingu, ef á að skoða hana eins og stærsta stjórnarblaðið lýsti henni, að hún væri efndirnar

á því, að Bandaríkjamenn mundu láta hæstv. ríkisstj. í té 30 silfurpeninga, eins og blaðið orðaði það, fyrir að hafa brugðizt loforðum sínum í varnarmálunum og samið við Bandaríkin um það, að varnarliðið skyldi vera hér áfram í landi. Það mun hafa staðið heima, að fyrstu afborgunina af þessu fé, sem ég endurtek að stærsta stjórnarblaðið taldi vera þess eðlis, að það mætti skoða það í raun og veru sem mútufé frá Bandaríkjastjórn til Íslendinga fyrir að ganga inn á, að erlendur her væri í landinu, — mútufé vegna þess, að það væri ekki tekið á móti því, af því að viðkomandi aðilar teldu nauðsyn til bera af eigin þörfum landsins, heldur að þeir væru í fjárskorti og vildu þá slá af því, sem þeir höfðu lofað kjósendunum, og selja loforðin fyrir nokkra skildinga, fyrir nokkra dollara, og rausnin var þá svo mikil að láta um 10 millj. kr. renna sem lán til fiskveiðasjóðs.

Í sambandi við þessi stofnlánamál sjávarútvegsins vil ég benda á það, að á þessu þingi hafa verið samþykkt lög, sem í sjálfu sér eru eðlileg og í samræmi við breytta þróun, sem orðið hefur á stærð skipastólsins og verðlagi skipastólsins, að hámarkið fyrir lánunum, sem áður var, hefur verið afnumið, þannig að það eru nú gerðar hærri kröfur en áður til fiskveiðasjóðs, sem er í bili eini stofnlánasjóðurinn, — hærri kröfur í hverju einstöku tilfelli til lána, — og einnig hafa verið samþykkt í þessum sömu lögum ákvæði um, að það, sem áður átti að sitja fyrir, fiskiskip innan 100 rúmlesta, þá er sú rúmlestatala nú færð upp í — ég man ekki, hvort það var 250 eða 300 rúmlestir. Ég segi, að þetta er hvort tveggja í sjálfu sér eðlilegt, en báðar þessar breytingar leiða til þess, að sjóðnum er miklu brýnni þörf en áður fyrir miklar og auknar tekjur, og þessi hækkun á rúmlestatölunni stendur alveg sérstaklega í sambandi við bygginguna hinna smáu togskipa, eins og ég nefndi áðan, og þegar þetta var gert, lágu fyrir ákvarðanir af hálfu ríkisvaldsins um, að þau mundu verða á næstunni 6 talsins, en síðar hefur á þinginu verið aukin heimildin upp í 12 talsins.

Ég held þess vegna, að þó að litið sé á þessar blessaðar 4 millj. kr., sem teknar eru með auknum álögum á útveginn sjálfan, og þó að litið sé til þessara 10 millj. kr., sem hrukku af 30 silfurpeningunum, þá sé kannske aðstaða fiskveiðasjóðs enn verri nú í lok þingsins til þess að fullnægja þörfum og kröfum, sem til hans eru gerðar, miðað við þær breytingar á þeim skuldbindingum, sem honum eru ætlaðar, heldur en þær voru á öndverðu þingi.

Ég get svo ekki á mér setið í þessu sambandi, þegar verið er að tala um stofnlánadeild og stofnlánaþörf sjávarútvegsins, að lýsa undrun minni yfir því, sem fram hefur komið hér í þinginu frá hv. þm. um það, hvernig að þessum málum hefur verið búið á undanförnum árum. Hv. þm. hafa bæði fyrr og síðar og nú látið í það skína, þó að ekki sé sérstaklega í umræðum um þetta mál, en um hliðstæð mál, sem sjávarútveginn varða, að í tíð fyrrv. ríkisstj. hafi naumast nokkuð verið gert til þess að stuðla að því að byggja upp bátaflotann í landinu. Og ég held, að einn hv. stjórnarsinni hafi fundið út, að rúmlestatala bátaflotans hafi ekkert aukizt á þremur árum, í tíð fyrrv. ríkisstj. Bæði kom það — held ég — fram í eldhúsdagsumr. í gærkvöld og í grein, sem þessi hv. þm. skrifaði 1. maí og er verið að endurprenta þessa dagana í Tímanum, og svona munu fleiri dæmi liggja fyrir. En þó er það staðreynd, að það hefur nú samt sem áður aldrei verið meiri og örari uppbygging bátaflotans heldur en einmitt á þremur undanförnum árum. Og ég held, að ég muni það rétt, að Fiskifélag Íslands áætlaði fyrir eitthvað 5 eða 6 árum, að það mundi vera hæfileg aukning bátaflotans, ef hann ykist um 1000 rúmlestir á ári, en aukningin hafi hins vegar verið á árinu 1956 ekki 1000 rúmlestir, heldur nálægt því að vera 2600 rúmlestir og árið 1954 rúmar 1400 rúmlestir. Og lánveitingar hefur svo af þessu leitt, því að út á alla þessa báta eða alla þessa rúmlestatölu hefur verið lánað úr fiskveiðasjóði, þannig að lánveitingarnar þar hafa verið miklu meiri en nokkru sinni áður, alveg í hlutfalli við hina auknu rúmlestatölu. En samt er því haldið fram, að bátaflotinn hafi ekkert aukizt. Það stenzt nú ekki, þegar skoðuð eru þau gögn, sem fyrir liggja um rúmlestatölu bátanna, og m. a. er hægt að sjá í Sjómannaalmanakinu og víðar, enda mætti það gegna furðu, ef bátarnir hefðu gengið svo hrapallega úr sér, að 2600 rúmlestir hefðu farið í súginn eða meira á árinu 1956 og bókstaflega ekkert bætzt við.

Þrátt fyrir þessar miklu lánveitingar á undanförnum árum og öru bátabyggingu held ég, að það sé skoðun allra, sem til þekkja og sjávarútveg stunda, og það hefur ekki orðið vart ágreinings í þingsölum um það, að það beri enn að halda áfram djarfhuga við bátabyggingarnar, þar sem þar sé um að ræða þá grein atvinnulífsins, sem kannske er mikilvægust fyrir okkur Íslendinga, í senn vegna þess, að gjaldeyrisöflun bátaflotans er hlutfallslega mjög mikil, miðað við aðrar gjaldeyrisaflandi atvinnugreinar, og auk þess er ákaflega mikill fjöldi fólks, sem hefur beina atvinnu einmitt af fiskveiðunum á bátaflotanum. Og sannast að segja er það svo, að sjávarþorp, minni og stærri bæir frá Vestfjörðum og til Vestmannaeyja og síðar ýmsir aðrir annars staðar á landinu, hafa algerlega byggzt upp á bátaflotanum.

En ef það á að halda þessari þróun og þessari öru bátabyggingu áfram, þá verður líka að sjá fyrir lánsfjáröflun til þessara hluta í miklu, miklu ríkari mæli en verið hefur. Og það er stórkostlegt áhyggjuefni, að núverandi Alþingi skuli ljúka án þess, að séð sé fyrir þeirri þörf, sem hér er fyrir stórkostlega lánsútvegun. Ástand fiskveiðasjóðsins er þannig í dag, að öllu hans fé er ráðstafað, öllu hans fé og meira til, þannig að það er ekki hægt með loforðum úr fiskveiðasjóði, eins og sakir standa, að stuðla að eða styðja áframhaldandi bátabyggingar í landinu. Og um stofnlánadeildina, sem hér er á dagskrá, vita menn, hvernig ástandið er. Það er þess vegna höfuðskömm og skilningsleysi hjá hæstv. stjórnarflokkum, sá viðskilnaður, sem af þeirra hálfu liggur fyrir í garð bátaútvegsins hér á landi á þessu langa og stranga þingi. Ég sé það í blöðum stuðningsflokka stjórnarinnar, að þau

hælast yfir því og segja: Þessi og hinn sjálfstæðismaður var ekki viðstaddur í d., þegar var verið að greiða atkv. um tekjuöflun til fiskveiðasjóðs og til eflingar bátaflotans. Þeir munu muna þetta á Akranesi, Siglufirði og Neskaupstað, þeir kunna þessum sjálfstæðismönnum litlar þakkir. — Ja, mikið er, ef hv. þm. úr stjórnarflokkunum geta farið heim til sín í þessi kjördæmi og sætt sína kjósendur og það fólk, sem þar byggir lífsafkomu sína á þessum atvinnuvegi, við það, að þeir hafi nú útvegað í fiskveiðasjóðinn, einu stofnlánadeildina fyrir sjávarútveginn, um 4 millj. kr., að vísu sé það tekið í útflutningsgjöldum allt saman, en þeir skuli bara athuga, hvernig viðhorf sjálfstæðismanna hafi verið í þessum efnum, því að þeir hafi ekki einu sinni verið í d. og sumir hafi ekki greitt atkv. og aðrir hafi greitt atkv. á móti.

Á þessu máli verður að gefa alveg sérstaka skýringu. Og það er ofur eðlilegt. Aðalaukningin, sem þarna var um að ræða varðandi tekjuöflun til fiskveiðasjóðs, var ný útflutningsgjöld af saltfiskframleiðslunni. Og alveg á sama hátt og þeir, sem sjávarútveginn stunda, og þeir, sem vilja efla sjávarútveginn, vilja að sjálfsögðu sízt veita honum aðstoð með því að leggja álögur á hann sjálfan, þá munu þeim mun síður þeir, sem sjálfir hafa mestra hagsmuna að gæta, eru umbjóðendur þeirra manna, sem mestra hagsmuna hafa að gæta við saltfiskframleiðsluna, vera hrifnir af nýjum álögum á saltfiskframleiðsluna, enda þótt hún renni til fiskveiðasjóðs, þegar ástandið að öðru leyti er þannig vaxið í sambandi við stofnlánamöguleika til sjávarútvegsins, að þessi nýja tekjuöflun gefur ekki neinar vonir um það, að þeir, sem við saltfiskframleiðsluna fyrst og fremst fást, geti orðið aðnjótandi neinna fleiri eða frekari lána, a. m. k. ekki svo að nokkru nemur. Ég býst við því, að saltfiskframleiðendur og þeir, sem gæta hagsmuna þeirra og eru umbjóðendur þeirra, sem starfa að þeim atvinnuvegi, hefðu viljað nokkuð á sig leggja til þess að fá eitthvað verulegt í aðra hönd. Því miður er það ekki svo, því að þessir aðilar verða fyrir útgjöldum, sem eins og ástandið er nú, hvort sem mönnum þykir betur eða verr, hljóta óhjákvæmilega að verulegu leyti að renna til annarra þarfa en einmitt þessara aðila. Þess vegna meta menn af þessum ástæðum skiljanlega mismunandi afstöðu sína til þessa máls. Það var eðlilegt, að það væri ekki sérstök ánægja eða gleðiefni t. d. fyrir þm. Reykv. að leggja þessar nýju álögur á saltfiskframleiðsluna, þar sem er bæjarútgerð með 8 togara, sem að verulegu leyti byggir afkomu sína á saltfiskframleiðslu og hefur þó verið með þeim hætti að undanförnu, að endarnir ná hvergi nærri saman. Fyrir þessu gerði hv. 6. þm. Reykv., borgarstjóri, grein, og hann ætti að vera þeim hnútum kunnugastur. Sjálfur er ég bæði í bæjarstjórn Reykjavíkur og þm. Reykv., og þrátt fyrir það að mér væri ljóst, að hér væri böggull bundinn einmitt þessari stóru togaraútgerð í Reykjavík, þá greiddi ég atkv. með þessum nýju álögum á saltfiskframleiðsluna til eflingar fiskveiðasjóði. Mér er alveg ljóst, að um þetta mátti verulega deila, og það er vafasamt, hvort rétt hafi verið. Þeir, sem greiða atkv. í slíkum tilfellum eins og ég, ég greiddi atkv. með þessu, gera það í trausti þess, að eitthvað, þótt í smáum mæli sé, geti af þessum nýju tekjum runnið til þess að veita aðstoð saltfiskframleiðslunni í sambandi við útlán í verbúðabyggingar og þó einkum og sér í lagi fiskvinnslustöðvar eða fiskverkunarhús, sem notuð eru í þágu þeirrar framleiðslu. En fyrst tekjuöflun sjóðsins að öðru leyti hefur ekki verið neitt verulega aukin, þá liggur í hlutarins eðli, að það verður ekki nema borin von, að nokkuð sem nemi fáist til þessara hluta.

Í sjálfu sér eru ekki óeðlileg þau ákvæði, sem í þessu frv., sem hér er til umr., felast, enda leggur sjútvn. öll til, að þau verði samþykkt, og þau eru að vissu leyti alveg hliðstæð og í eðlilegu samræmi við það, sem farið hefur verið eftir við lánveitingar úr fiskveiðasjóði, þegar um hefur verið að ræða að endurbyggja bátana eða setja nýjar vélar í þá og annað slíkt. En það hefur verið auðveldara við að eiga, þar sem þar hefur verið um að ræða eingöngu lán úr fiskveiðasjóðnum sjálfum, sem áður hafa verið komin á bátana, en mikið af bátaflotanum, eins og kunnugt er, er þó enn með áhvílandi lánum einmitt úr stofnlánadeild sjávarútvegsins. Það er ekki nema liðugur áratugur frá því, að þessi stofnlánadeild var sett á laggirnar, og ef ég man rétt, munu yfirleitt lánin hafa verið til 20 ára. En muni ég það ekki rétt, þá vænti ég, að einhver hv. þm. leiðrétti mig og gefi þá betri upplýsingar, svo að fram komi í þessu máli eins og öðrum það, sem sannara reynist.

Út af fyrir sig er ekki ástæða til að vera andvígur því, sem hér er lagt til. En málið er í heild allt þannig vaxið, að viðskilnaður þessa þings og stjórnarflokkanna við stofnlánamál sjávarútvegsins er í eins miklum ólestri og hugsazt getur. Fiskveiðasjóðurinn er í raun og veru tæmdur. Það er verið að gera ráð fyrir því að kaupa smáa togbáta eða togskip, 200—250 tonna, og það er ekki séð fyrir fjáröflun til þeirra hluta. Það er líka verið að hælast um, að verið sé að kaupa 15 nýja togara, og þó eru þessir togarar ekki enn neitt nema pappírsákvæði, og skyldi maður þó ætla, að eðlilegra hefði verið, að hæstv. ríkisstj. hefði í öndverðu athugað möguleikana til að geta fest kaup á þessum skipum, því að hitt var í sjálfu sér veigalítið atriði, sem engum vandkvæðum hefði verið bundið, að smíða síðan löggjöfina og laga heimildirnar utan um fjáröflunarmöguleikana og þær framkvæmdir, sem hefja átti í sambandi við togarasmíðina. En ríkisstj. fer allt öðruvísi að. Hún skrifar fyrst niður á blað, að það skuli keyptir 15 togarar. Það er ekki einu sinni minnsta hugmynd um eða nein greinargerð, það örlar ekki fyrir grg. fyrir því, hvar eigi að taka fé til kaupanna á togurunum. Við vitum að vísu, að ríkisstj. var búin að semja við Bandaríkin um að hverfa frá framkvæmd ályktunarinnar frá 28. marz, og í því sambandi komu upp spurningar um það, hvort mundi kannske síðar koma í ljós, að einhver önnur afborgun af þessum 30 silfurpeningum, eins og Þjóðviljinn kallaði það, mundi gera ríkisstj. kleift að hafa til umráða fé til togarakaupanna. En ekkert af þessu hefur komið í ljós.

Það er talað um það manna á meðal nú, að sláttumaður ríkisstj., hv. bankastjóri, Vilhjálmur Þór, hafi nú í seinustu ferð verið að þreifa fyrir sér um lán til togara. Ekkert veit maður um það nema það, sem maður heyrir á götum og gatnamótum, og vissulega væri það mjög æskilegt. En það er nú sannast að segja nokkuð seint, að því er mér finnst, að vera að leggja drög að því nú fyrst að leita að fé til þessara togarakaupa, og þegar þessu langa og stranga þingi lýkur, þá veit í raun og veru enginn og allra sízt ríkisstj. sjálf, hvort það tekst að kaupa þessi skip, vegna þess að fjárskorti sé um að kenna og að ríkisstj. njóti þá tæplega þess lánstrausts, sem þarf til að fá þau byggð hjá öðrum þjóðum.

Það ber vissulega að fagna því, að tekizt hefur að tryggja nokkurt erlent lánsfé til nauðsynlegrar uppbyggingar af hálfu hæstv. ríkisstj., eins og bent hefur verið á, bæði 65 millj. kr. lánið um áramótin og svo Sogslánið, enda þótt þeir, sem nú hælast mest af því láni, þ. e. þm. stærsta stjórnarflokksins eða Alþb., hafi í öndverðu talið í fyrsta lagi, að það væri algerlega skakkt og misráðið að taka lán til Sogsvirkjunarinnar í Bandaríkjunum, vegna þess að með því móti yrði þessi framkvæmd miklu dýrari en ella, í öðru lagi væri það ósæmandi, þar sem málið væri sett, eins og stærsta stjórnarblaðið orðaði það, í náið samband við þá samninga, sem hæstv. ríkisstj. var þá að gera um áframhaldandi dvöl varnarliðsins hér á landi. Nú er eins og þetta sé allt saman gleymt, og minni ég þó enn á það, að sömu menn höfðu sagt, að miklu hagstæðari erlend lán væru annars staðar fáanleg og án óeðlilegra skilmála. Hefði þá mátt ráða af því, og hefðu þessir menn átt að vita, sem í stjórnarliðinu eru, að þau lán, sem nú hafa verið tekin til Sogsvirkjunarinnar, séu með alveg óeðlilegum skilmálum. Ekki skal ég fullyrða um það, hvort hér er rétt hermt og rétt með farið af hálfu þessara stuðningsmanna hæstv. ríkisstj., að hér sé um óeðlilega skilmála að ræða, en hitt held ég að liggi fyrir, að það er töluverð óvissa um það, hvernig takast muni að hagnýta það lán, sem hér er boðið upp á, og það er vegna þess, að það er ekki um lán í venjulegum skilningi að ræða, ekki venjulegt peningalán, heldur er hér um að ræða lán af andvirði vöru, sem með mjög takmörkuðum skilyrðum er hægt fyrir okkur Íslendinga að kaupa í nægilega ríkum mæli, til þess að nægjanlega stórar lánsfjárupphæðir verði látnar í té. Ég man ekki þá vöruflokka, sem hér er um að ræða, þeir eru ekki ýkja margir, og þau skilyrði munu fylgja, að andvirði þessara vara verði ekki lánað af hálfu Bandaríkjastjórnar til þessara framkvæmda, sem hér um ræðir, nema fyrir það, sem keypt er meira en við Íslendingar höfum áður keypt af sömu vöru frá Bandaríkjunum.

Ég hef heyrt það haft eftir hæstv. viðskmrh., og hann leiðréttir það þá, ef það er ranghermi, að hann teldi, að þetta lán væri með þeim hætti, að það væri ekki nokkur lífsins von til þess, að úr því fengist nægjanlegt fjármagn til Sogsvirkjunarinnar, ekki einu sinni á þessu ári. Höfum við þó heyrt, að hæstv. fjmrh. hefur haldið allt öðru fram og talið, að hvað sem framtíðinni liði, þá væru nú málin fulltryggð á þessu ári.

Eitt held ég að sé nokkuð víst: a. m. k. liggja peningarnir ekki lausir fyrir og margvíslega tilburði mun þurfa að hafa til þess að geta hagnýtt þá í þessar framkvæmdir, sem hér er um að ræða, og jafnvel kaupa hrávörur frá Bandaríkjunum, flytja þær til annarra landa, vinna þær þar og flytja þær aftur til landsins.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta mál en ég nú hef haft, enda er tíminn takmarkaður. Ég hef sem sagt lýst fylgi mínu við efni þess, en að öðru leyti er hér öðrum þræði um svo veigamikið mál að ræða, þar sem er stofnlánaþörf sjávarútvegsins og þá fyrst og fremst bátaútvegsins, að ég vildi ekki láta undir höfuð leggjast að vekja athygli á þeim staðreyndum, sem ég nú hef leitt hugann að. Og sárast af öllu er til þess að vita, að núverandi Alþingi skuli skilja við þessi mál með þeim hætti, sem raun ber vitni um og ég hef að undanförnu lýst.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 113. fundi í Nd., 29. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 114. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 703).

Önnur mál.

I. Almennar stjórnmálaumræður.

Á 61. fundi í Sþ., 27. maí, voru teknar á dagskrá:

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumr.).

Forseti (GJóh): Umr. verður hagað þannig í kvöld, að höfð verður ein umferð, sem skiptist þannig, að hver þingflokkur fær 45 mínútur til umráða. Röð flokkanna er þessi: fyrst Sjálfstfl., annar Framsfl., þriðji Alþb., fjórði Alþfl.

Hefst þá umr. Hv. þm. G-K., Ólafur Thors, tekur til máls og talar af hálfu Sjálfstfl.

Ólafur Thors: Herra forseti. Hv. tilheyrendur. Við þessar umr. er stjórnarliðinu ætlaður þrefaldur tími á við okkur sjálfstæðismenn, en því meiri er þörfin á, að menn festi sér orð okkar í minni og veiti því athygli, hvort stjórnarliðið svarar með rökum eða aðeins út í hött.

Rétt fyrir áramótin fluttu sjálfstæðismenn þáltill., þar sem skorað var á ríkisstj. að rjúfa þing í því skyni, að þjóðinni gæfist kostur á því að sýna hug sinn til valdhafanna. Rök sjálfstæðismanna fyrir þessari kröfu voru þau, að þá þegar hefði ríkisstj. vanefnt þau fyrirheit, sem hún gaf kjósendum fyrir kosningar í júnímánuði s. l. í slíkum höfuðefnum, að menn spyrðu þá ekki lengur um, hvað stjórnin ætti eftir að efna, heldur hvað hún ætti eftir að svíkja af kosningaloforðunum. Vitna ég um þetta til málflutnings sjálfstæðismanna við útvarpsumr., sem fram fóru um nefnda þáltill. í febrúarmánuði s. l.

Rétt þykir þó aðeins að minna á, að eins og kommúnistar kingdu öllum stóryrðum sínum um stjórnarskrárbrot og þingmannarán Alþfl. og Framsfl., þannig sviku líka þessir flokkar alla eiðana um, að þeir mundu aldrei vinna með kommúnistum. Allir þessir menn mátu meira ráðherrastólana og völdin en orð sín og eiða. Þykir mér ekki ólíklegt, að svikin, sem framin voru með samstarfinu við kommúnistana, eigi a. m. k. sinn þátt í því, að einn hinn fremsti stjórnarliða hefur nú sagt af sér formennsku Alþfl. og þingmennsku.

Alveg sama máli gegnir um dvöl varnarliðs Bandaríkjanna á Íslandi. Fyrir kosningar hétu þessir menn að senda varnarliðið tafarlaust úr landi og ákváðu með því að svíkja samning Íslands við vestrænar þjóðir, gera Ísland að varnarlausri bráð hugsanlegs árásaraðila og veikja þannig varnir frjálsra og frelsisunnandi þjóða. S. l. haust var strikað yfir öll þessi stóru orð. Ber að vísu að fagna því, en atferlið er engu að síður svik við þá, sem kosið höfðu stjórnarliðið ýmist vegna móðursýki eða beinlínis af þjónkan við þau öfl, sem vilja, að Ísland sé óvarið. Sú afsökun stjórnarliða gagnvart þeim, sem þeir hafa svikið, að friðarhorfur séu nú miklu óvænlegri en áður, eru auðvitað hrein tyllirök. Hvort tveggja er, að fyrr sem nú og nú sem fyrr logar ófriðareldurinn alls staðar undir, þótt enginn viti og sízt við, hvort, hvar eða hvenær bálið brýzt út, sem og hitt, að sumir stjórnarliðar sækja því fastar, að Ísland sé óvarið, sem þeir telja ófriðareldinn færast nær okkur. Lýsa orð Einars Olgeirssonar við umr. í Nd. s. l. haust um áframhaldandi dvöl varnarliðsins hér á landi vel hugarfari og innstu þrá þessara manna. Hann sagði efnislega þetta: Það er hætta að hafa varnarlið á Íslandi á friðartímum, en það er lífshætta, ef til ófriðar dregur.

Svik stjórnarinnar gagnvart þeim, sem vilja, að Ísland sé varnarlaus bráð, er efnislega fagnaðarefni, þótt svik séu auðvitað alltaf vítaverð.

Miklu verra er, að hin gullnu loforð varðandi efnahagsmálin hafa líka reynzt innantómt hjal og helber brigðmælgi.

Ég kemst ekki hjá að minna á, að undir forustu hæstv. forsrh., Hermanns Jónassonar, rauf Framsfl. samstarfið við Sjálfstfl. og færði fram þau rök, að nú dygðu ekki framar nein vettlingatök, á síðustu árum hefði eingöngu verið beitt bráðabirgðaúrræðum, sem leiddu til beinnar glötunar, ef ekki yrði nú þegar snöggt við brugðið, snúið við af braut tortímingar og efnahagsvandinn leystur með varanlegum úrræðum eftir nýjum leiðum. Eru um þetta ótal skjalfest ummæli, skýr og ótvíræð, en öllum svo kunn, að óþarft er að rekja þau hér.

Stjórnin tók að því leyti réttum afleiðingum þessara kosningaloforða, að forsrh. kvaddi hingað erlenda sérfræðinga, sem hann sagði óyggjandi. Skyldu þeir taka út þjóðarbúið, svo sem ráðh. kvað að, því að Íslendingar yrðu nú að velja eða hafna, en slíkt mætti enginn krefjast að þjóðin gerði í blindni. Hún ætti réttmæta kröfu á að fá vitneskju um sannleikann, sannleikann einan og allan, og þá vitneskju skyldi hún nú loks fá og það tafarlaust.

Nú leið, og þjóðin beið. Hinn 7. okt. s. l. komu fyrstu gleðifréttirnar. Forsrh. tilkynnti, að hinir

óyggjandi sérfræðingar hefðu lokið úttektinni, enn þá væri að vísu ekki alveg tímabært að sýna þjóðinni framan í sannleikann allan, en svo mikið kvaðst hann þó geta sagt, að sérfræðingarnir hefðu staðfest dóm hans og ugg allan um nauðsyn varanlegrar úrlausnar eftir nýjum leiðum, því að ella gengi þjóðin fram af glötunarbarminum. Við þessi geigvænlegu og alvöruþrungnu aðvörunarorð bætti forsrh. — öllum þeim fjölda, sem nokkurt mark tekur á honum, til mikillar gleði — þeim boðskap, að eftir nýju leiðunum og með varanlegu úrræðunum væri auðvelt að ná fyrirheitna landinu. Enginn skyldi missa spón úr aski sínum. Einskis lífskjör þyrfti að skerða. Sjálfur mundi hann stýra förinni og opna hlið hins nýja sæluríkis.

Einnig þetta man þjóðin, svo að óþarft er að rekja það frekar.

Síðan þetta skeði, eru liðnir nær 8 mánuðir. En enn þá hefur þjóðin ekki fengið að skyggnast inn fyrir hlið sæluríkisins. Enn þá fá menn ekkert að heyra um hin nýju, varanlegu úrræði hinna óyggjandi sérfræðinga, þrátt fyrir mikla og ítrekaða eftirgangsmuni okkar sjálfstæðismanna. Og enn þá virðist foringinn ekki reiðubúinn að hefja gönguna til fyrirheitna landsins.

En því betur hefur þjóðin fengið að kynnast muninum á orðum og efndum. Stjórnarliðar, sem fastast fordæmdu fyrri úrræði, hafa nú pískað þjóðina með hnútasvipum miklu lengra inn á þessa glötunarbraut, sem þeir svo nefndu, en nokkur dæmi eru til í sögu hennar. Í stað þess að leysa efnahagsvandann án fórna, eins og lofað var, var þjóðin kaghýdd með 400 millj. kr. nýjum sköttum og lífskjör alls almennings skert meira en nokkur dæmi eru til um að gert hafi verið af manna völdum hérlendis.

Þannig hafa jafnt fyrirheitin sem forustan brugðizt.

Og nú spyrja menn og krefjast svars: Hvað var það, sem sérfræðingarnir sögðu? Hér duga engin undanbrögð og sízt þau að segja, að þeir hafi engar beinar till. gert. Hvað fólst í umsögn þeirra? Á hverju byggði forsrh. orð sín 7. okt., þegar hann sagði, að sérfræðingarnir hefðu í meginefnum staðfest þann boðskap hans og annarra stjórnarliða, að án nýrra leiða blasti glötunin við? Þessu verður forsrh. að svara, vilji hann njóta nokkurs manns trausts.

Ef sérfræðingarnir dæmdu fyrri úrræðin, sem forsrh. fordæmdi og klauf stjórnarsamstarf út af, en beitti þó sjálfur um síðustu áramót, farsælust, bar forsrh. auðvitað að skýra frá því, biðja afsökunar og biðjast lausnar. En ef sérfræðingarnir töldu þær leiðir lokaðar og önnur varanlegri úrræði óumflýjanleg, hvernig í ósköpunum getur þá sá maður, sem rýfur stjórn í því skyni að breyta um stefnu, gengur síðan til kosninga með það loforð sem kjarna síns máls, vænzt trausts nokkurs manns eftir að hafa svikið eiða sína alla, sannfæringu sína, ráðleggingar sérfræðinganna og þörf þjóðarinnar, — þetta eitt og allt? Heldur hann, að hann geti keypt sér aflát með kjarkleysinu einu, með því einu að segja: Ég vildi, en kommúnistar vildu ekki? — Eða getur hann kannske vænzt þess að leyna vanmætti sínum með því að segja: Sjálfstfl. hefur ekki bent á nein ný úrræði. Af hverju skyldi ég þá vera að gera það? Heldur hann, að kjósendur hafi gleymt því, að það var hann, en ekki við, sem bauðst til að leiða þjóðina til farsældar eftir nýjum leiðum án þess að skerða lífskjör nokkurs manns, svo vanhugsuð sem slík fyrirheit eru?

Nei, hér er allt á eina bók lært: mikil loforð, mikil brigðmæli.

Verst er þó kannske að vissu leyti, hvernig stjórn, sem kallar sig stjórn hinna vinnandi stétta, hlunnfer verkalýðinn og launþega alla, studd í starfi af þeim kommúnistum, sem enn hafa völd í sumum af verkalýðsfélögunum.

Að sjálfsögðu standa enn í gildi forn og ný ummæli okkar sjálfstæðismanna um, að kaupháttakanir séu ekki kjarabætur, heldur krónulækkun, meðan hallarekstur er almennur, enda þótt kommúnistar og Alþýðuflokksmenn mótmæltu þeim kenningum okkar allt þar til þeir settust að völdum. En það afsakar auðvitað ekki ósæmilegt athæfi alls stjórnarliðsins gagnvart launþegum landsins. Blöð stjórnarliðsins hamra stöðugt á því, að kaupmáttur launanna sé óbreyttur. Forsrh. sagði, að ekki þyrfti að skerða kjör nokkurs manns. Við síðustu útvarpsumr. staðhæfðu flestir ráðh. þetta. Sumir gáfu jafnvel í skyn, að verðlagið mundi lækka. Þessir menn vildu víst nú fegnir kjósa sér, að þeir hefðu þá haft vit á að tala dálítið varlegar. En enn eru þeir svo óskammfeilnir að þverskallast gegn sannleikanum. Lítið á vísitöluna, segja þeir og ætla með því að þvo hendur sínar. Vísitalan hefur hækkað. Það er auðvitað óæskilegt. En frá einhliða sjónarmiði launþegans er það þó sök sér. Fyrir það fær hann bætur. Svikin liggja í því, að það eru eingöngu vísitöluvörurnar, sem ekki eru látnar hækka í verði.

Allt annað, og það eru ⅔ hlutar alls þess, sem til landsins flyzt, stórhækkar í verði, vegna þess að stjórnin hefur lagt á þær vörur 300 millj. kr. í nýjum sköttum. Auðvitað notar allur almenningur meginhlutann af þessum vörum, og auðvitað er það þess vegna allur almenningur, sem greiðir stjórninni þessa 300 millj. kr. nýju skatta í hækkuðu verðlagi. Það er af þessum ástæðum, sem húsmóðirin finnur, að kaup bónda hennar endist orðið miklu verr en áður. Hér eru rætur þeirra örðugleika, sem nú eru að gera vart við sig og fara munu versnandi, jafnvel þótt takast mætti að afstýra því atvinnuleysi, sem farið er að segja til sín. En fólkið hefur fengið kaupbætur, eða finnst mönnum það ekki? Það hefur eignazt yfir sig stjórn hinna vinnandi stétta, sem heldur niðri vísitölunni. Kannske finnst sumum það nóg. Aðrir munu telja sig fá steina fyrir brauð og blekkingar í ofanálag.

Ég viðurkenni hiklaust, að eitthvað varð að gera til að forða því þjóðarböli, að útgerðin stöðvaðist. Og úr því að ríkisstj. þverbraut loforðin um ný, varanleg úrræði, varð ekki hjá sköttum komizt. Áður sætti ég árásum fyrir að draga taum útvegsmanna úr hófi fram. Núverandi stjórn hælist um í hópi útgerðarmanna yfir að hafa gert miklu betur við þá en fyrrverandi stjórn og ég. En skattþegnarnir fá ekkert um þetta að vita, ekki um þörfina og ekki um, hvað

mörgum milljónatugum þessar umframbætur nema. Þetta er vítavert. Menn eiga kröfu á að fá allar þessar upplýsingar. En kannske telur stjórnin sér hagkvæmast að þegja þunnu hljóði við þá, sem borga, og tala því meir við hina, sem bæturnar fá.

Ég skal ekki ræða meira um þetta. Ég held líka, að þess sé tæplega þörf. Sá veit bezt, hvar skórinn kreppir, sem sjálfur ber hann, og fólkið finnur orðið, hvað að því snýr.

En við höfum málsbætur, segir stjórnin og sýnir skrautfjaðrirnar eins og páfagaukur. Lítið á stóreignaskattinn, byggingarlánin og bankalöggjöfina. Þarna tökum við duglega í lurginn á auðvaldinu. Við hjálpum efnalitlu fólki til að eignast þak yfir höfuðið, sem er nauðsynlegt og gott, en auk þess þjörmum við duglega að þeim efnuðu, sem er enn þá betra.

En bíðum nú við. Við skulum líta dálítið nánar á þessi djásn.

Það á að taka 80 millj. kr. af vel stæðum mönnum. Sum ákvæði þeirra laga eru ósæmileg, og hefur þó tekizt að lagfæra það versta. Auk þess eru það út af fyrir sig hæpin hyggindi af fátækri þjóð, sem ríður lífið á að safna fé, að leggja slíka skatta á þrisvar á áratug, eins og Íslendingar nú hafa gert. Engin önnur þjóð leyfir sér slíkt. Allir aðrir telja það stefna til ófarnaðar. En sleppum því. Þeir efnuðu standast áfallið. En þessar 80 millj. verða teknar af rekstrarfénu. Af því leiðir samdrátt, minnkandi atvinnu, vaxandi atvinnuleysi. Þá skuld stjórnarinnar verður almenningur að greiða að lokum með verri lífskjörum. Þar með er sú skrautfjöður plokkuð úr stjórnarhattinum.

Um aðstoðina til húsabygginga er óþarft að ræða mikið, svo vel sem málið hefur verið skýrt í blöðum Sjálfstfl. Stjórnin veit, að þetta eru að langmestu leyti sýndarlög, mest gömul ákvæði. Þess vegna er reynt að fegra þá vesæld með fullyrðingunum um, að fyrrv. stjórn hafi í þessum efnum ekkert gert. En „þá var mörgu logið", eins og Gröndal sagði, að mig minnir. Aldrei hefur nokkur stjórn á Íslandi komizt í námunda við fyrrverandi stjórn í þessum efnum. Við tryggðum fé og létum lána í þessu skyni hvorki meira né minna en 230 millj. kr. Hver getur bent á eitthvað, sem minni á slíkt í byggingarmálum Íslendinga? Að við svo ekki skildum eftir digra sjóði, svo að Íslendingar gætu fullnægt allri sinni byggingarþörf, er varla vítavert. En kannske hefðum við þó reynt að gera betur, hefðum við vitað, að jafnráðlausir og getulitlir menn tækju við af okkur.

Um skyldusparnaðinn segi ég það eitt, að þvingun er alltaf ógeðþekk og oftast gagnslítil. En auk þess er svo óviturlega um þá hnúta búið, að vart má ætla, að meira en tíundi hver maður, sem skyldan er á lögð, geti notið þeirra hlunninda, sem henni áttu að fylgja.

Bankalöggjöfin verður rædd hér af öðrum. Ég læt nægja þau ummæli, að hér er hvorki stefnt að því að efla hag bankanna né þjóðarinnar. Hér er með ógeðþekku athæfi ætlað að svipta þá yfirráðum peningamálanna, sem enginn getur með rökum ásakað um rangsleitni og allir kunnugir vita að reynt hafa eftir megni að þjóna hlutdrægnislaust hagsmunum almennings. Þetta er gert til þess að fá þeim yfirráðin í hendur, sem vænzt er að vilji fremur þjóna flokki en þjóð, þótt þær vonir geti brugðizt. En hvað sem um það reynist, þá er víst, að hér er upp tekinn sá háttur að reka menn frá starfi vegna stjórnmálaskoðana. Varðandi bankana mun af þessu leiða vaxandi öryggisleysi í peningamálum þjóðarinnar, þverrandi trú á verðgildi krónunnar og versnandi horfur á, að erlend lán verði fáanleg vestan jántjalds.

Stjórnin veit þetta allt, og þjóðin veit nú orðið flest af því.

Minni fjaðrirnar virðast líka foknar. Eða hvar eru fimmtán togararnir? Enn eru þeir aðeins rís af pappír eða svo, — lög, dauður bókstafur. Heyrzt hefur, að stjórnin njóti lítils trausts erlendis og verði því illa til fjár. Sé nú verið að bauka við að slá peninga fyrir einum aumum fimm togurum, hvernig sem það nú gengur. Þess vegna sé nú fjölgað smáskipunum, þ. e. a. s. 150—200 smálesta bátunum, úr 6 í 12. Þá á að byggja austan járntjalds. Þar eiga sumir vini, njóta þar óskoraðs trausts og virðingar fyrir gott innræti og örugga þjónkun og geta því fengið lán þar, þótt treglega gangi annars staðar. Hef ég þó sannar sagnir af því, að erlendis hafa mönnum fallið ágætlega ýmis ummæli hæstv. utanrrh., Guðmundar Í. Guðmundssonar, bæði um tryggð Íslendinga við NATO og nauðsyn á dvöl varnarliðsins hér á landi o. fl. Veit ég ekki til fulls, hvað hann hefur sagt, en ekki virðist það þó endast stjórninni til lánstrausts í bili.

Virðist og hafa orðið miklu minna en til stóð um lánveitingar frá Bandaríkjunum, er aðeins hafa fengizt 4 millj. dollara umfram lánið til Sogsins, sem fyrrv. stjórn átti kost á að fá, — lánið til Sogsins, sem fyrrv. stjórn átti kost á að fá, — ég endurtek þetta, af því að það hafa verið gerðar þrálátar tilraunir til að blekkja menn og villa þeim sýn í þessum efnum, — og hefur þó sérstakur erindreki stjórnarinnar dvalið í Ameríku á opinberan kostnað í nær hálft ár til að reyna að útvega þessi lán.

Já, öll er stjórnarásjónan ósköp visin og vesæl, hnarreist loforð og afturlágar efndir. Stjórnin veit þetta, og þjóðin veit það líka.

En, segir stjórnin, vinnufriðinn höfum við þó tryggt. Jæja, er það? Látið er eins og einsdæmi sé, að róðrar hefjist um áramót eins og nú var. Sannleikurinn er, að þetta hefur yfirleitt verið venja. En hvernig er það, — var ekki stutt verkfall um áramótin á Akranesbátunum, sem endaði með kauphækkun? Var ekki líka 2—3 vikna verkfall á Grindavíkurbátunum, sem endaði á sama hátt? Var ekki verkfall á öllum flugflotanum, sem endaði með stórfelldum kauphækkunum? Var ekki nær mánaðar verkfall á öllum kaupskipaflotanum, sem líka endaði með kauphækkun? Hafa bændur ekki fengið 7 aura hækkun á mjólkurlítra? Fengu ekki sjómenn á bátaflotanum hækkun um síðustu áramót? Fengu ekki blaðamenn 10% hækkun rétt fyrir áramótin? Fékk ekki Iðja 6% hækkun nýlega? Fengu ekki yfirmenn á togurunum nýverið hækkanir allt upp í 40%? Heimta ekki yfirmenn á kaup-

skipaflotanum hækkanir frá 25—37% og allt upp í 52% auk margvíslegra annarra fríðinda? Logar ekki yfirleitt allt í deilum og kauphækkunum daglega? Hófst þetta ekki allt með því, að Samband ísl. samvinnufélaga hækkaði kaupið hjá starfsfólki sínu um 8% um síðustu áramót og sýndi þá rausn að láta þessa hækkun ná heilt ár aftur í tímann? Og endar svo ekki sagan á því, að ríkisstj. hælist daglega um af stórfelldum kauphækkunum, sem hún segist ætla sjálf að tryggja kvenfólkinu með því að sjá um, að það fái sama kaup fyrir sömu vinnu og karlmenn? Og hafa ekki kommúnistar hótað því, að strax og þeir fara úr stjórn, skuli kné fylgja kviði?

Jú, svona er vinnufriðurinn og svona óbreytta kaupgjaldið, þótt kommúnistar hafi keypt sér ráðherrastóla með því að fá þá lægst launuðu með blekkingum um óbreytt verðgildi krónunnar til þess að sitja hjá, meðan þeir bezt launuðu fá sér 30—40% kauphækkanir.

Og svo leyfa þessir stjórnarherrar sér að reyna að hylja nekt sína með því að freista þess að óvirða Sjálfstfl. fyrir það, að það sé hann, sem rói undir kauphækkununum.

Vorum það við, eða voruð það þið, sem hækkuðu kaupið hjá Sambandinu? Vorum það við, eða voruð það þið, sem með stórkostlega auknum gjaldeyrisfríðindum tryggðu flugmönnum bætur, sem þeir samtals telja jafngilda 30—40% kauphækkun? Vorum það við, eða voruð það þið, sem leyfðu farmgjaldahækkanir, sem almenningur og þ. á m. auðvitað Dagsbrúnarmenn borga, gegn því, að farmenn fengju 8% kauphækkanir? Vorum það við, eða voruð það þið, sem um áramótin sömdu um 15—18% hækkun til sjómanna á bátaflotanum, eftir því sem Lúðvík Jósefsson löngu seinna skýrði frá? Voru það við eða þið, sem úthlutuðu bændum 7 aura á mjólkurlítrann, eftir að þið höfðuð sjálfir fellt slíka till. hér á Alþ.? Það voruð þið, en ekki við, sem allt þetta gerðuð, sumt til góðs, annað til ills. Þegar stjórnarliðar nú reyna að skjóta sér bak við okkur, sýnir það aðeins auma og úrræðalausa fálmara, sem ekki einu sinni þora að meðganga það góða, sem þeir hafa gert, kannske líka af því, að þeir kunna varla skil á góðu og illu, réttu og röngu.

Ég stytti nú mál mitt. Ég minni enn einu sinni á, að stjórnin hefur í öllum meginefnum brugðizt fyrirheitum sínum. Skrautfjaðrir hennar eru nú foknar út í veður og vind, því að þjóðinni hefur skilizt, að málefni stjórnarinnar eru ýmist sýndarmennska eða flokksleg togstreita.

Stjórnin er sjálfri sér sundurþykk, úrræðalaus og máttvana. Hún nýtur lítils trausts jafnt erlendis sem hérlendis. Kjósendur hennar eru vonsviknir og sárir. Lýðræðissinnar bera kinnroða fyrir samstarfið við kommúnista og fyrirverða sig fyrir að bera ábyrgð á lengsta og ómerkasta þingi í sögu Íslands, og kommúnistarnir bölsótast yfir brigðmælgi í varnarmálunum, aðgerðaleysi í landhelgismálinu, svikum foringjanna í sambandi við kaupgjaldið, fallandi verðgildi krónunnar og stórfelldari kjaraskerðingu en áður hefur þekkzt.

Af þessu einu og öllu leiðir, að við sjálfstæðismenn munum veita stjórninni vaxandi andstöðu. Við munum berjast öfluglega fyrir því, að sem fyrst verði tekin upp hin mikla framfarastefna okkar, sem leitt hefur þjóðina til meiri velsældar, jafnari og betri lífskjara en nokkur dæmi eru til um í sögu Íslendinga.

Jón Pálmason: Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur. Allir eldri bændur muna glöggt þau fjárhagslegu vandræði, sem þeim voru búin í tíð vinstri stjórnarinnar fyrri, hallærisstjórnarinnar. Þá urðu bændur almennt að vinna kauplaust, og alltaf gekk á lítinn höfuðstól. Unga fólkið flúði til bæjanna. Fjöldi jarða lagðist í auðn. Í síðustu kosningum spáði ég og fleiri því, að allt þetta mundum við fá aftur, ef slík stjórn yrði endurnýjuð. Þetta er farið að rætast, og stefnir ört í þá átt, eins og við mátti búast.

Þegar verðfestingarlögin voru sett í byrjun september s. l., tóku bændur því almennt vel, þó að það skerti þeirra hag í bili. Þeir sáu, að þar var stefnt í rétta átt, ef skynsamlegt framhald hefði á orðið. En þessu var ekki alveg að heilsa. Eftir fáa mánuði voru tollar og skattar hækkaðir gífurlega. Vísitölunni var sleppt lausri enn á ný. Verð á öllum aðfluttum vörum hefur stórhækkað, þ. á m. á sumum helztu rekstrarvörum landbúnaðarins: benzíni, olíu, kolum, áburði o. fl. Mörg stéttarfélög hafa fengið hækkuð laun, og stefnir áfram á þeirri leið. Kostnaður við allar framkvæmdir vex, framræsla og önnur ræktun um minnst 20%, byggingarkostnaður sömuleiðis, vegalagning og hvað annað. Aðeins eitt er bundið. Það er afurðaverð bændanna. Það má ekkert hækka fyrr en í september næst. Bændur verða að taka við allri hækkuninni og fá ekkert í staðinn. Ég segi svo, þótt 7 aurar fengjust í vetur til verðjöfnunar á mjólk, því að sú upphæð nægir engan veginn til þess, að bændur vestanlands, norðan og austan fái það fyrir sínar afurðir, sem verðgrundvöllurinn gerir ráð fyrir. Samsvarar það því, að launamenn fengju ekki laun sín nema með miklum afföllum. Þó að gert sé ráð fyrir verðhækkun á landbúnaðarvörum í haust í samræmi við aukinn tilkostnað, þykir mér trúlegast, að áður verði komin önnur bráðabirgðalög eða aðrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir þá hækkun.

Áður en þetta gerðist, vissu þó bændur, að ekkert samræmi var milli afurðaverðs og launa, enda engin leið að reka búskap með aðkeyptu vinnuafli nema með miklum halla. Það sanna reikningar ríkisbúanna bezt ár eftir ár.

En það er fleira en þetta, sem gengur í sömu átt og sannar bændum, hvert stefnt er með þeirra hag. Sú milliþn., sem fyrrv. landbrh. skipaði til að gera till. um bættan hag frumbýlinga og nýbýlamanna og í voru m. a. tveir meiri háttar framsóknarmenn, skólastjórinn á Hólum og formaður Búnaðarfélags Íslands, skilaði áliti sínu um miðjan nóvember s. l. með tveimur frv. Öðru þeirra, um aukið fé til veðdeildar Búnaðarbankans frumbýlingum til gagns, var stungið undir stól. Það mátti ekki sjást, eða koma fram. Hitt var tætt í sundur af skúmaskotamönnum stjórnarflokkanna, áður en það var að mörgum mánuðum liðnum lagt fyrir Alþingi. Er það

einsdæmi í þingsögunni um frv. frá mþn., enda hafa engir stjórnarflokkamenn þorað að kannast við verkið. Nokkuð var þetta lagað í meðförum Alþ. En eitt aðalatriði mátti ekki koma til greina. Móti því komu allar hendur stjórnarflokkanna, þegar við sjálfstæðismenn fluttum till. um það. Þetta var hækkun til byggingarsjóðs sveitanna um 2½ millj. kr., svo að unnt væri að hækka lán til íbúðarhúsabygginga upp í 100 þús. kr. á hús a. m. k. Lán til kaupa á jörð, bústofni og vélum er það, sem frumbýlinga skortir mest, og hefur svo lengi verið. En þetta hefur eigi fengizt lagað nema að litlu leyti. Nú var ætlun mþn. að bæta úr þessu með 5 millj. kr. framlagi á ári til veðdeildar Búnaðarbankans. Það hefur ekki fengizt, till. okkar sjálfstæðismanna ekki teknar til greina, og ekkert fé hefur veðdeildin enn fengið, þó að þar liggi 300 umsóknir óafgreiddar.

Nú er talið, að ætlunin sé að lána veðdeildinni 5 millj. kr. úr atvinnuleysistryggingasjóði, sem fékk 21 millj. á fjárl. Er þetta að vísu þakkarvert, það sem það nær. En öfugstreymi finnst mér í öllu þessu, þegar vitað er, að helzta ráðið til að fá verkafólk til landbúnaðarins eða á fiskiskipin er að fá það frá öðrum löndum, Færeyjum og annars staðar að.

Hið eina, er máli skiptir og gert hefur verið landbúnaðinum til gagns í öllu flóðinu, er aukið framlag til nýbýla og ræktunar á þeim jörðum, sem hafa minnst túnin. Er það gott út af fyrir sig. En það er ekki ræktunarkostnaðurinn, sem er örðugastur með þeim framlögum, sem áður voru lögfest, heldur eru það byggingarnar og hinn gífurlegi kostnaður við að stofna til búskapar. Það er öllum ungum sveitamönnum þungt í skauti og rekur marga þeirra til bæjanna. Þeir sjá, að bændur og sveitamenn eru olbogabörnin, eins og nú er að unnið. Við í mþn. ætluðum okkur að fá nokkurn létti fram við byggingu íbúðarhúsa á nýbýlum með 25 þús. kr. framlagi á hús, og má segja, að nokkur bót sé þar að. En síðan við fluttum þá till., hefur byggingarkostnaðurinn verið aukinn sem þessu svarar. Auk þess var framlagið til þessa lækkað um ¼, svo að það nægir aðeins handa 60 mönnum, þótt 80—100 *eigi rétt á* að fá það.

Sannast á öllu þessu, að meira hefur verið um annað hugsað, þó að víða séu kvartanir, en að bæta úr vandræðum sveitanna. Það er líka auglýst meira af jörðum til kaups nú en verið hefur síðustu 16 árin og líkur fyrir, að margar þeirra fari í eyði, m. a. í beztu héruðum landsins hér á Suðurlandi.

Af þessu og mörgu öðru má sjá, að þeir bændur og sveitamenn, sem kusu Hræðslubandalagið í síðustu kosningum, létu blekkjast sjálfum sér, sinni stétt og þjóðinni allri til mikils ógagns.

Fyrrv. ríkisstj. hafði marga galla, eins og allar samsteypustjórnir hafa. En ef hún hefði verið enn þá, væri ástandið gagnólíkt og miklu betra en nú er orðið. Öllum landslýð er líka að verða það ljóst, að hver vitleysan hefur rekið aðra í starfi núverandi ríkisstj. Hinni stærstu neyddust mennirnir sjálfir til að snúa frá eftir að hafa orðið þjóðinni til minnkunar um allan hinn vestræna heim. Af henni mun þjóðin þó lengi súpa seyðið. Hinar smærri verða eigi upp taldar á lítilli stundu, en yfirleitt stefna þær til vaxandi vandræða, því að það er augljóst, að stjórnin er að leiða þjóðina út í þá mestu fjárkreppu, sem þekkzt hefur, síðan vinstri stjórnin fyrri var við völd. Mun þess skammt að bíða, að það komi glöggt í ljós.

Þegar við lítum til fjármálasögu þjóðarinnar síðustu árin, leitar hugurinn til þess, að núverandi fjmrh., Eysteinn Jónsson, lét allra manna verst yfir hinni voðalegu fjáreyðslu nýsköpunarstjórnarinnar, þegar Pétur Magnússon var fjmrh. Þá átti allt að vera að sökkva. Þá voru Eysteinn Jónsson og aðrir framsóknarmenn óðir af vandlætingu út af öllu sukkinu, sem þeir kölluðu. Þá var ekkert eins nauðsynlegt á þeirra máli sem það að afnema óstjórn íhaldsins á fjármálum. En hvað voru öll gjöldin há? Þau komust hæst samkv. sjóðsyfirliti á ríkisreikningi 1946 í 228 millj. kr. Síðan hefur núverandi fjmrh. alltaf verið í ríkisstj. Hann hefur samið á víxl og svikið á víxl. Hvort sem hér er Alþfl.-stjórn, Framsóknarstjórn, sjálfstæðisstjórn eða kommúnistastjórn, þá getur Eysteinn Jónsson verið í þeim öllum. Hann tekur stefnuna frá degi til dags, eins og einu sinni var eftir honum haft.

Hvernig hefur honum svo tekizt að laga óstjórn Péturs Magnússonar, sem hann svívirti mest forðum? Þannig, að á þessu ári eru útgjöld ríkisins og útflutningssjóðs, sem er líka ríkisstofnun, áætluð samtals yfir 1200 millj. kr. Þar með fylgja hliðstæðar álögur. Þar á ofan er svo bætt 80 millj. kr. stóreignaskatti, svo að útkoman nálgast 1300 millj. kr. Hin mikla umbót hjá helzta forustumanni umbótaflokkanna, fjmrh., er því sú á rúmum 10 árum, að útgjöldin hafa hækkað og álögurnar frá 1946 um 400—470% *eftir* því, hvort stóreignaskattsböggullinn er tekinn með eða ekki. Hámarksgjöldin frá tíma Péturs Magnússonar eru þannig milli 5- og 6-földuð. Það er þetta, sem bezt sýnir fjármálasnilli núverandi, fyrrverandi *og oftverandi* fjmrh., Eysteins Jónssonar.

Hlut að þessu hafa að vísu margir átt, stéttir og flokkar, en fjmrh. hefur haft forustuna. Og ef um einhverja ábyrgð væri hægt að tala á þessu sviði, þá ber hann ábyrgðina öðrum fremur. Það er og alkunnugt, að grobbið og skrumið hefur hann fengið og það ótæpt úti látið á síðum Tímans og úr munni framsóknarmanna. Sjálfur þykist þessi maður hafa ráðið mestu í öllum stjórnum. En þegar hann er í stjórn með Ólafi Thors, er allt illt kommúnistum að kenna. En þegar hann er í stjórn með kommúnistum, telur hann allt illt Ólafi Thors að kenna. Síðasta afrek þessa herra er svo það að hækka útgjöldin og álögurnar um nærri 400 millj. kr., síðan núverandi stjórn tók við. Það má segja nú á tímum, að ekki muni mikið um milljónina og ekki muni mikið um árið. Það hefur þó þjóðin fundið, að síðasta árið er nokkuð dýrt, frá því að hið heimskulega þingrof var ákveðið í fyrra.

En kannske munar það ekki miklu, þó að sami fjmrh. verði eitt árið enn. Fari samt svo, að á því ári verði enn bætt 300—400 millj. kr. ofan á allan gjaldabaggann eins og þetta síðasta ár, þá mundi kominn hæfilegur tími til að óska

framsóknarmönnum til hamingju með þann fjármálasnilling, sem þeir hafa jafnan mest grobbað af.

Það er kunnugt mál, að ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að stjórnmálaflokkar okkar lands væru of margir, þeim þyrfti að fækka og ættu helzt ekki að vera nema tveir. Nú stefnir nokkuð í þá átt, ef stjórnarliðið gengi í einn flokk. A. m. k. liggur fyrir, að um einn geti fækkað. Framsfl. fékk langfæst atkvæði í síðustu kosningum. Það sannaðist líka, að fyrri liðsmenn hans í 6 stærstu kaupstöðunum og í 5 sveitarkjördæmum kusu upp til hópa Alþfl. M. a. er það víst, að 7 þeirra þm., sem nú teljast framsóknarmenn, kusu frambjóðendur Alþfl., þ. á m. *báðir núverandi ráðh., forsrh. og fjmrh.* Mundi þetta ekki geta boðað það, að Alþfl. legði Framsókn gömlu undir sig fyrir fullt og allt innan skamms? Það gæti skapað töluvert hreinni og eðlilegri pólitík, væri líka skiljanlegt framhald af því, sem gerðist í síðustu kosningum. Þá væri líka einum færra fyrir eignarréttarmenn landsins að berjast við og um leið nokkru hreinni málefnabarátta og eitthvað minna um blekkingamoldviðri.

Það er ef til vill of snemmt, að stærsti og einbeittasti stjórnarflokkurinn, Alþb., þ. e. kommúnistarnir, geti raðað öllu liðinu undir sitt stríðsmerki. En sýnilega stefnir í þá átt, því að margir fleiri en fjmrh. eru komnir langt á þeirri leiðinni. Nokkrir mundu þó, áður en yfir lýkur, fylgja Áka Jakobssyni í mótstöðunni gegn niðurrifsöflunum.

En hvað sem þessu líður, vitum við, að grundvöllur núverandi stjórnar og stjórnarbanda eru kosningalagabrotin og stjórnarskrárbrotin í síðustu kosningum. Þess er ekki að vænta, að upp úr slíkri jörð komi neinn nytjagróður, enda hefur það ekki orðið og verður aldrei. Sú ríkisstj., sem *þannig er til orðin, á ekki lengi tilverurétt*, ef Íslendingar vilja virða lög og stjórnarskrá.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þegar þessar eldhúsumræður fara fram, er vor í lofti, og vorið er tími bjartsýnnar trúar á framtíðina, gróanda og þróunar. En því miður er óvenjulega dimmt og uggvænlegt umhorfs í íslenzkum efnahagsmálum og stjórnmálum um þessar mundir. Því fer víðs fjarri, að átta mánaða þinghald hæstv. ríkisstj. hafi leyst nokkurn vanda þjóðarinnar eða komið örlagaríkustu málum hennar í örugga höfn.

Á þessu tímabili hefur það fyrst og fremst sannazt, að þeir stjórnmálaflokkar, sem á undanförnum árum hafa lifað á því að lofa öllum öllu, hafa nú haft það helzt fyrir stafni að svíkja alla og allt, nema örfáa leiðtoga sína um nýjar stöður og bitlinga.

Þjóðinni er nú einnig óðum að verða það ljóst, að hinir nýju valdhafar geta ekki réttlætt getuleysi sitt og úrræðaleysi gagnvart vandamálunum með því að staglast sífellt á því, að fyrrv. ríkisstjórnir hafi siglt öllu í strand. Þjóðin krefst þess, að þeir, sem tekizt hafa stjórn landsins á hendur og heitið henni nýjum leiðum og úrræðum, sýni þessi úrræði svört á hvítu og vaxi síðan eða minnki af eigin afrekum, eftir því sem efni standa til. Slík hljóta að vera örlög allra ríkisstj. í lýðræðislandi.

Íslendingar hafa nú fengið nokkra reynslu af stefnu og úrræðum þeirra stjórnmálaflokka, sem undanfarin ár hafa verið í stjórnarandstöðu og *hafa gagnrýnt harðlega aðgerðir og stefnu sjálfstæðismanna og samstarfsmanna þeirra.* Vinstri stjórn hefur fengið sitt tækifæri. Þessir flokkar, Alþfl. og kommúnistaflokkurinn, höfðu fyrst og fremst lofað þjóðinni að ráða niðurlögum dýrtíðar og verðbólgu án þess að krefjast fórna af almenningi. Þeir höfðu jafnframt lofað stórfelldum auknum umbótum í húsnæðismálunum og umfram allt réttlátri og frjálslyndri stjórnarstefnu.

Á þeim stutta tíma, sem ég hef hér til umráða, vil ég víkja nokkuð að þessum atriðum.

Ef athugað er í stórum dráttum, hvað gerzt hefur á sviði dýrtíðarmálanna, kemur í ljós, að dýrtíð og verðbólga hefur farið ört vaxandi, síðan vinstri stjórnin tók við völdum. Sprettur sú staðreynd fyrst og fremst af því, að í stað *þess að marka nýja stefnu í efnahagsmálunum*, eins og stjórnarflokkarnir höfðu lofað, hafa þeir vaðið lengra út í fen uppbóta- og styrkjastefnu en nokkur önnur íslenzk ríkisstj. hefur gert. Til framkvæmda á þessari stefnu lögðu stjórnarflokkarnir fyrir síðustu jól um 300 millj. kr. í nýjum sköttum og tollum á almenning. Síðan *hafa enn nýir skattar verið á lagðir.*

Það er mál út af fyrir sig, að útflutningsframleiðslan þarfnaðist aukinnar aðstoðar. En hinir nýju stjórnarflokkar höfðu lofað nýjum úrræðum til lausnar þeim vanda og lýst því hátíðlega yfir, að hækkun skatta og tolla á almenningi kæmi ekki til greina.

Þessar gífurlegu nýju skatta- og tollaálögur hafa haft í för með sér mikla hækkun verðlags og þungar byrðar á hverja einustu fjölskyldu og *heimili í landinu.*

Þegar þessar byrðar eru athugaðar nokkru nánar, kemur þetta í ljós:

Miðað við svipaða fjölskyldustærð og gert er ráð fyrir við útreikning vísitölu framfærslukostnaðar, nemur gjaldabyrðin vegna hinna nýju skatta og tolla ríkisstj. um það bil 9400 kr. á *hverja 5 manna fjölskyldu í landinu.*

Við skulum nú, hlustendur góðir, athuga, hvað þessi nýja útgjaldabyrði þýðir fyrir heimili ykkar. Við skulum rannsaka, hvað hægt er að kaupa af algengustu nauðsynjum heimilanna fyrir þann útgjaldaauka, sem almenningi hefur skapazt með hinum nýju skattaálögum ríkisstj.

Ef við lítum fyrst á það magn, sem gert er ráð fyrir í vísitöluútreikningnum að 5 manna fjölskylda kaupi af kjöti og hvers konar kjötvörum, þá kemur í ljós, að ársneyzla hennar af þessum þýðingarmiklu matvælum nemur, miðað við verðlag 1. maí s. l., um 4550 kr.

Ef við athugun næst um mjólkurvörur og feitmeti, kemur í ljós, að það magn, sem reiknað er með að 5 manna fjölskylda neyti af þeim matvælum, kostar með verðlagi þessara vara 1. maí s. l. rúmlega 4900 kr. yfir árið.

Samtals kostar þá magn af kjöti og hvers konar kjötvörum, mjólk, mjólkurvörum og feitmeti, sem reiknað er með í útreikningi framfærslu-

vísitölunnar að 5 manna fjölskylda neyti á einu ári, þannig um 9450 kr. eða álíka upphæð og vinstri stjórnin hefur gert þessari sömu fjölskyldu að greiða í nýjum tollum og sköttum.

Á það skal ekki lagður dómur hér, hvort þetta magn matvæla, sem gert er ráð fyrir við útreikning framfærsluvísitölunnar, er raunveruleg ársneyzla 5 manna fjölskyldu. Vel má vera, að neyzla hennar sé nokkru meiri. En dæmið hér að ofan sýnir hverri einustu húsmóður, sem kaupir daglega til heimilis síns, hversu stórskaðlegt skarð hinar nýju skattaálögur hafa höggvið í tekjur heimilis hennar. Fyrir hinar nýju álögur, sem lagðar hafa verið á meðalfjölskylduna, hefði húsmóðirin getað keypt hvorki meira né minna en allt kjöt og kjötvörur, alla mjólk og mjólkurvörur og *feitmeti til heimilis síns* á heilu ári.

Við skulum athuga lauslega nokkra fleiri liði vísitöluheimilisins.

Miðað við verðlag 1. maí kostar það magn af fiski, nýjum, söltuðum, hertum og niðursoðnum, sem gert er ráð fyrir að 5 manna fjölskylda neyti á ári, 1084 kr. Allar kornvörur og brauð þessarar sömu fjölskyldu kosta með núgildandi verðlagi 2160 kr., allir garðávextir og ávextir 543 kr. og allar nýlenduvörur fjölskyldunnar 1750 kr.

Samtals er gert ráð fyrir því við útreikning framfærsluvísitölunnar, að það magn, sem 5 manna fjölskylda kaupir af þessum vörum, kosti, miðað við núverandi verðlag, rúmlega 5500 kr., en sú upphæð er aðeins rúmlega helmingurinn af hinni nýju gjaldabyrði, sem hæstv. ríkisstj. lagði á hvert einasta heimili fyrir síðustu jól.

Það þarf þess vegna mikil brjóstheilindi eða djúpa fyrirlitningu fyrir dómgreind almennings, þegar hæstv. ráðh. koma fram fyrir alþjóð og lýsa því yfir, að dýrtíðin hafi ekki vaxið og lífskjör fólksins hafi ekki verið skert.

Verstur er þó hlutur hæstv. félmrh., Hannibals Valdimarssonar, í þessu efni. Hann beitti sér fyrir því, að síðasta Alþýðusambandsþing lýsti því yfir sem stefnu sinni, að við þær aðgerðir í efnahagsmálunum, er nú standa fyrir dyrum, „sé það algert lágmarksskilyrði verkalýðshreyfingarinnar, að ekkert verði gert, er hafi í för með sér skerðingu á kaupmætti vinnulaunanna, og ekki komi til mála, að auknum kröfum útflutningsframleiðslunnar verði mætt með nýjum álögum á alþýðuna.“

Með þennan reisupassa kom forseti Alþýðusambandsins á fund í hæstv. ríkisstj. Og verkin sýna merkin um það, hvernig hann hefur þar framkvæmt þá viljayfirlýsingu verkalýðssamtakanna, sem hann sjálfur beitti sér fyrir á síðasta Alþýðusambandsþingi.

Vel má vera, að hæstv. ríkisstj. segi sem svo: Ríkissjóður verður að fá sitt, hit dýrtíðarinnar verður að seðja, en almenningur í landinu getur hætt að borða kjöt og mjólk eða fisk, kornvörur og ýmsar aðrar brýnustu nauðsynjar, sem nefndar voru hér að framan.

Árangurinn af aðgerðum stjórnarinnar í efnahagsmálum yfirleitt kemur svo einna gleggst í ljós í því, að nú í þinglokin hafa einstakir þm. sjálfra stjórnarflokkanna lýst því hiklaust yfir, að sérstaklega vegna aðgerðanna fyrir jólin sé gengislækkun nú orðin óhjákvæmileg. Á ég hér við ummæli hv. þm. Siglf., Áka Jakobssonar, á Alþingi fyrir nokkrum dögum, en undir þá skoðun hans var í raun og veru tekið af formanni Alþfl., Emil Jónssyni, hv. þm. Hafnf.

Efnahagsmálastefna ríkisstj. hefur þannig á örskömmum tíma beðið algert skipbrot.

En hvað þá um efndir þess loforðs að beita sér fyrir stórauknum stuðningi við umbætur í húsnæðismálum þjóðarinnar? Fyrrv. ríkisstjórnir höfðu undir forustu sjálfstæðismanna beitt sér fyrir merkum nýmælum á þessum sviðum. Árið 1952 hófst starfsemi lánadeildar smáíbúða, sem veitti á þremur árum um 1600 íbúðalán til efnalítilla einstaklinga um land allt. Var að þessu stórmikill stuðningur, enda þótt lánin væru lág.

Árið 1955 höfðu sjálfstæðismenn og framsóknarmenn samvinnu um setningu nýrrar löggjafar til stuðnings við íbúðabyggingar. Samkvæmt *henni skyldi hafin* veðlánastarfsemi til íbúðabygginga og lánin hækka mjög verulega frá því, sem áður var, er lánadeild smáíbúða starfaði.

Þessi nýja lánastarfsemi fór mjög vel af stað. Á árunum 1955 og 1956 voru veittar nær 100 millj. kr. beint frá húsnæðismálastjórn sem lán út á nýjar íbúðir, þar með talið framlagið til bygginga í sveitum, en samtals voru á þessu sama tímabili veittar til húsbygginga í löngum lánum um 230 millj. kr. Grundvöllur þessarar auknu lánastarfsemi til íbúðabygginga var hin aukna sparifjármyndun í bönkum og lánastofnunum. Vegna hennar gátu bankarnir lagt fram fé til hins nýja veðlánakerfis. En um leið og vinstri stjórnin settist að völdum á s. l. sumri, tók gersamlega fyrir sparifjármyndunina, og síðan má segja, að starfsemi veðlánakerfisins hafi verið lömuð.

Hæstv. félmrh. og ríkisstj. í heild hefur gefizt upp við framkvæmd íbúðalánanna og svikið hrapallega loforð sitt um aukinn stuðning við húsnæðisumbætur í landinu. Vegna vantrúar almennings á efnahagsmálastefnu stjórnarinnar hefur sparifjármyndun, sem var hinn eðlilegi grundvöllur veðlánakerfisins, stöðvazt. Það er eitt gleggsta dæmið um yfirborðsháttt hæstv. félmrh. og kommúnista í þessum málum, að þeir hæla sér ákaflega af því, að stofnsjóður svokallaðs byggingarsjóðs, sem settur hefur verið á stofn samkvæmt nýjum lögum, nemi rúmum 118 millj. kr. En í sjóði þessum er við stofnun hans enginn eyrir til útlána. Meginhluti hans er varasjóður hins almenna veðlánakerfis, lán ríkissjóðs til lánadeildar smáíbúða og væntanlegur stóreignaskattur, sem innheimta á næstu tíu ár, en enginn eyrir hefur nú verið innheimtur af.

En hæstv. ríkisstj. hefur talið sér nauðsynlegt að vinna sér fleira til frægðar og ágætis á fyrsta valdaári sínu en að hella yfir þjóðina nýju flóði dýrtíðar og leggja drápsklyfjar tolla og skatta á hvert einasta heimili í landinu, auk þess sem hún hefur gefizt upp við að framkvæma merkilega umbótalöggjöf á sviði húsnæðismála. Í lok áttunda mánaðar þinghaldsins ákvað vinstri stjórnin að sýna lit á því loforði sínu að byggja stjórnarstefnu sína á réttlæti og frjálslyndi — eða hitt þó heldur. Þetta gerði hún með því að

flytja frumvörp um breytingar á bankalöggjöf landsmanna, sem fyrst og fremst fela í sér persónulega ofsókn gegn nokkrum pólitiskum andstæðingum hennar, en miða jafnhliða að því að tryggja nokkrum flokksmönnum hennar og þá einkum kommúnistum valdamiklar stöður í bönkum.

Undanfarin ár hefur því mjög verið haldið fram af núverandi stjórnarflokkum, að sjálfstæðismenn misnotuðu aðstöðu sína í stjórn bankanna. Á þessu hefur verið þrástagazt þrátt fyrir þá staðreynd, að sjálfstæðismenn hafa lengstum verið í algerum minni hluta í stjórn allra bankanna, og síðan þeir fengu meiri hlutann í bankastjórn Landsbankans og Útvegsbankans, hefur það verið upplýst, að málum sé þar yfirleitt ekki ráðið til lykta með meirihlutavaldi, heldur með samþykki allra bankastjóranna.

Það er athyglisvert, að í umr. þeim, sem fram hafa farið um bankamálin undanfarna daga á Alþingi, hefur ekki verið nefnt eitt einasta dæmi um það, að sjálfstæðismenn hafi misnotað aðstöðu sína í bönkunum flokki sínum til pólitísks framdráttar. Hv. stjórnarsinnar hafa með þögninni orðið að viðurkenna, að allar þeirra fullyrðingar um slíka misnotkun séu gersamlega rakalausar.

Tilgangurinn með breytingu bankalöggjafarinnar nú er þess vegna sá og sá einn að tryggja kommúnistum og nokkrum Alþýðuflokksmönnum nýjar stöður í lánastofnunum. Í þessu sambandi má á það minna, að gildandi löggjöf um Landsbankann er sett af Framsfl. á fyrsta þingi, eftir að hann tók við stjórnarforustu, árið 1928. Nú þarf að breyta þessari löggjöf til þess að leiða kommúnista til bankastjórastaða í þjóðbankanum. Sama sagan mun síðan gerast í Útvegsbankanum.

Það er mál út af fyrir sig, að Framsfl. skuli telja þjóðarnauðsyn til bera að setja kommúnista til æðstu valda og áhrifa í lánastofnunum þjóðarinnar. En hætt er við því, að ekki muni það verða til þess að auka traust og álit Íslands erlendis eða auka möguleika okkar til þess að fá erlent fjármagn til uppbyggingar íslenzkum bjargræðisvegum.

Sannleikurinn er auðvitað sá, að hér er verið að leika háskalegan leik, sem varla verður talinn samboðinn þeim tveimur lýðræðisflokkum, sem sæti eiga í núverandi hæstv. ríkisstj.

Hvað segir svo íslenzkur almenningur um þá stefnu, að við hver stjórnarskipti eigi að hefja hreingerningar innan bankanna og annarra stofnana ríkisins, reka þá menn úr stöðum og embættum, sem valdhöfunum á hverjum tíma geðjast ekki að vegna pólitískra skoðana þeirra? Mundi það treysta grundvöll íslenzks lýðræðis og þingræðis? Bæri það vott þroskaðri réttlætiskennd eða frjálslyndri stjórnarstefnu af hálfu þeirrar ríkisstj., sem þannig hagaði sér? Hver er skoðun þín, hlustandi góður? Ég held, að Íslendingar mundu ekki fagna slíkri stefnu.

Þess vegna mun hin persónulega ofsókn á hendur nokkurra yfirmanna og starfsmanna í tveimur bönkum vekja almenna andúð og harða gagnrýni á núverandi ríkisstj. Fyrir henni vakir engin umbót á lánastofnunum þjóðarinnar, heldur aðeins það að bægja pólitískum andstæðingum frá störfum, sem þeir hafa unnið af óhlutdrægni og samvizkusemi, og koma pólitískum samherjum í sæti þeirra. Stofnun sérstaks seðlabanka og breyting Útvegsbanka Íslands h/f í ríkisbanka er algert aukaatriði í þessu sambandi, enda hafa engar stórdeilur staðið um þá skipulagsbreytingu, sem þó er allt of flausturslega undirbúin í þeim frv. hæstv. ríkisstj., sem nú liggja fyrir Alþingi.

Ég hef hér aðeins drepið á örfá atriði í syndaregistri hæstv. ríkisstj. En í eldhúsi hennar er nú óþrifalegt umhorfs. Þar ríkir glundroði og upplausn ásamt einstöku úrræðaleysi í öllum helztu vandamálum þjóðarinnar. Ósamhentu liði hefur verið hóað saman, og helzta sameiningarafl þess er óttinn við traust og fylgi Sjálfstfl.

En hvað vill Sjálfstfl. í dag? spyrjið þið e. t. v., hlustendur góðir. Og enda þótt við séum í stjórnarandstöðu og eðlilegt sé, að við gagnrýnum fyrst og fremst stjórnarstefnuna, er þó rétt, að ég fari einnig örfáum orðum undir lok ræðu minnar um stefnu okkar og úrræði.

Sjálfstfl. telur það í dag vera eitt mesta nauðsynjamál alþjóðar, að baráttunni fyrir aukinni vernd fiskimiðanna verði haldið áfram með fullri festu. Einnig á því sviði hafa kommúnistar, sem nú fara með stjórn sjávarútvegsmála, svikið loforð sín. Munu bæði Vestfirðingar og Austfirðingar minnast síendurtekinna fyrri yfirlýsinga hæstv. sjútvmrh., Lúðvíks Jósefssonar, og hæstv. félmrh., Hannibals Valdimarssonar, um það, að ekkert væri auðveldara en að færa fiskveiðitakmörkin út, hvenær sem Íslendingar vildu.

Nú hefur dregið heldur ónotalega niður í þessum herrum um þetta mikla mál. Á s. l. vetri vildi hæstv. sjútvmrh. engin fyrirheit gefa um það hér á Alþingi, hvernig hagað yrði framkvæmdum á næstunni við útfærslu fiskveiðitakmarkanna.

Vertíðin í vetur sannar það einnig ekki hvað sízt, hvílík höfuðnauðsyn er á áframhaldandi baráttu fyrir vernd fiskimiðanna. Undir úrslitum þeirrar baráttu er efnahagsleg afkoma þessarar þjóðar e. t. v. komin í ríkara mæli nú en nokkru sinni fyrr.

Við sjálfstæðismenn teljum það enn fremur eitt þýðingarmesta verkefnið, sem við blasir í íslenzkum efnahagsmálum í dag, að örva þátttöku þjóðarinnar í framleiðslustörfum til lands og sjávar, en einmitt nú í vetur hefur verið meiri skortur á fólki til þeirra starfa en nokkru sinni fyrr. Um það bil ⅙ hluti sjómanna á fiskiskipaflotanum er nú útlendingar, og í sveitunum sverfur fólksleysið stöðugt að bændum í heilum landshlutum. Úr þessu verður að bæta. Það verður að tryggja það, að fólkið, sem vinnur að framleiðslunni, beri sízt minna úr býtum en þeir, sem vinna önnur og léttari störf. Jafnhliða verður atvinnulíf þjóðarinnar að verða fjölbreyttara, og ein líklegasta leiðin til þess er uppbygging stóriðnaðar, sem verði samkeppnisfær á erlendum mörkuðum.

Þá teljum við sjálfstæðismenn, að ljúka beri framkvæmd rafvæðingaráætlunar þeirrar, sem gerð var undir forustu fyrrverandi ríkisstj.

Í þessu sambandi má einnig á það benda, að

nauðsynlegt er, að Íslendingar verði ekki utanveltu í þeirri víðtæku alþjóðlegu samvinnu, sem nú er hafin um hagnýtingu kjarnorkunnar í þágu friðsamlegrar uppbyggingar og skapar möguleika til stórfelldra tæknilegra nýjunga og framfara.

En því aðeins getur þessi litla þjóð haldið áfram uppbyggingu atvinnulífsins til lands og sjávar, að jafnvægi skapist í efnahagslífi hennar. Slíkt jafnvægi verður ekki skapað með neinum töframeðulum. Það næst aðeins með raunhæfum aðgerðum og skilningi alþjóðar á grundvallarlögmálum efnahagslífsins. Þar skiptir mestu máli, að þjóðin miði lífskjör sín við afrakstur framleiðslu sinnar og raunveruleg efni. Heilbrigð fjármálastefna og efnahagsástand verður ekki skapað, nema leiðtogar þjóðarinnar segi henni satt um hið raunverulega ástand og þær leiðir, sem til greina koma við lausn vandamálanna. Það hefur núverandi hæstv. ríkisstj. því miður ekki gert. Hún hefur þvert á móti reynt að dylja þjóðina sannleikans um eðli aðgerða sinna.

Við sjálfstæðismenn vísum til framkvæmdar stefnu okkar á undanförnum árum. Af henni getur þjóðin sjálf ráðið um afstöðu okkar til vandamála líðandi stundar og þarfa framtíðarinnar. Við munum halda áfram að berjast fyrir frjálslyndri framkvæmdastefnu, sem byggir á framtaki einstaklingsins, viðskipta- og athafnafrelsi, en gegn höftum, hlutdrægni og hvers konar valdníðslu. Við viljum byggja upp réttlátt, frjálslegt og þróttmikið þjóðfélag með því að gera einstaklingana sem andlega og efnalega sjálfstæðasta, en gæta þess þó jafnhliða, að réttur hins minni máttar verði ekki fyrir borð borinn. Í þessari baráttu beiðumst við liðveizlu og samvinnu allra frjálslyndra manna á Íslandi. — Góða nótt.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Hv. hlustendur. Þessar útvarpsumræður ná því aðeins tilgangi sínum, að landsmenn hafi að þeim loknum betri aðstöðu til þess að dæma rétt um það, hvernig ríkisstj. hefur tekizt lausn vandamálanna, en til þess þurfa þeir fyrst og fremst að gera sér fullljóst, við hvaða vandamálum ríkisstj. tók, og enn fremur, hvernig stjórnarandstaðan hefur unnið, því að auðvitað ber hún einnig ábyrgð verka sinna og dæmir sig af þeim.

Framleiðslan stöðvaðist fyrst árið 1946 eftir stjórnarforustu Sjálfstfl. Þá var í fyrsta sinn tekin ríkisábyrgð á framleiðslunni við sjávarsíðuna. Síðan hefur dýrtíðin haldið áfram að aukast og alltaf hallað undan fæti fyrir framleiðslunni jafnt og þétt. Langverst var ástandið s. l. haust. Vegna sívaxandi dýrtíðar hafði hallinn á framleiðslusjóði orðið 20—30 millj., þörfin fyrir niðurgreiðslur aukizt um 30 millj., og á þriðja hundrað millj. þurfti til viðbótar því, sem áður var, til þess að framleiðslan gæti haldið áfram árið 1957. Um þessa þörf framleiðslunnar voru allir stjórnmálaflokkarnir sammála hér á Alþingi. Þetta var fyrsta myndin, sem blasti við við stjórnarskiptin.

Húsbyggingar um land allt voru að stöðvast vegna fjárskorts, og hátt á þriðja hundrað millj. vantaði til þess að fullgera þær byggingar, sem höfðu verið hafnar í Reykjavík einni.

Rafmagnsmál dreifbýlisins stóðu þannig, að 18—20 millj. skorti til þess að fullgera það, sem áætlað hafði verið og samið um 1956.

Bændur höfðu stofnað til stórskulda vegna framkvæmda, en ræktunarsjóð vantaði 20 millj. til þess að geta fullnægt lánaþörfinni.

Fiskveiðasjóður hafði lofað lánum, en skorti 10—20 millj.

Sementsverksmiðjan var einnig stöðvuð. Landsmönnum hafði verið sagt, að séð hefði verið fyrir fé til hennar, en í ljós kom, að það skorti 60 millj. til þess að fullgera verkið.

Nokkur fiskiðjuver voru hálfgerð og þar um bil, en framkvæmd stöðvuð sakir fjárskorts.

Stækkun Sogsins þoldi enga bið, en lánsfé til verksins, hátt á annað hundrað millj., hafði reynzt ófáanlegt.

Það er þess vegna ósatt, sem hv. þm. G-K., Ólafur Thors, sagði hér áðan, að fyrrverandi stjórn hafi átt kost á láninu, enda mundi hún sannarlega hafa tekið það, ef þess hefði verið kostur.

Þegar ríkisstj. sneri sér til bankanna, var svarið á tveimur fundum, sem voru haldnir með bönkunum: Við höfum enga peninga. Okkar fé hefur verið lánað út.

Fyrrverandi stjórn hafði leitað eftir láni í mörgum löndum s. l. tvö ár án árangurs, þ. á m. til Sogsvirkjunarinnar, sem þó getur boðið betri grundvöll til lántöku en aðrar framkvæmdir vegna þess, hve fyrirtækið er arðbært.

Allar þessar tölur, sem sýna ljóslega myndina af aðkomunni, eru óhrekjandi staðreynd, og mun sennilega verða birt skýrsla um það, áður en langt um líður. Þetta var arfurinn, sem við var tekið. Þetta voru viðfangsefnin, sem blöstu við.

Maður skyldi nú halda, að forustuflokkur fyrrv. ríkisstj., sem skildi þannig við málin eftir allt frelsið, sem hann hafði prédikað og fengið að ráða að nokkru leyti í framkvæmd hér á suðvesturhluta landsins, — að þessi forustuflokkur, sem skildi við allt í strandi og óreiðu, hagaði sér sæmilega í stjórnarandstöðunni.

En það fyrsta, sem núverandi stjórn varð að snúa sér að, áður en hún hóf störf, var að leiðrétta ýmiss konar missagnir og hnekkja rógi, sem sendur hafði verið til útlanda í fréttaskeytum í því skyni að gera stjórnarskiptin tortryggileg erlendis.

Blöð Sjálfstfl. eða menn frá þeim hafa umboð frá ýmsum stærstu erlendu fréttastofum heims til þess að senda þeim fréttir héðan. Þessar stóru fréttastofur senda svo fréttirnar til fjölda stórra og víðlesinna blaða víða um heim. Þessi aðstaða hefur verið notuð með þeim furðulegasta hætti til þess að senda rógskeyti út um heim um íslenzku ríkisstj.

Um þessa einstöku vinnuaðferð hefur verið rætt í blöðum, og er tímans vegna aðeins unnt að nefna örfá dæmi. Send voru skeyti til útlanda um það, að kommúnistar réðu öllu í íslenzku ríkisstj., henni væri ekki treystandi, hún mundi leita austur fyrir járntjald með flest sín vandamál. Send voru fréttaskeyti um það, að Reykjavík væri bókstaflega orðin yfirfull af austan-

járntjaldsmönnum, hér væri pólsk sendinefnd, verzlunarmálaráðherra Tékkóslóvakíu o. fl., o. fl., fullt af blaðamönnum, rússneskt knattspyrnulið, þó að staðreyndin væri sú, að allar þessar heimsóknir höfðu verið ákveðnar, meðan fyrrv. ríkisstj. sat við völd. Rógskeyti voru send til útlanda út af því, að við fengum þriggja ára samning um sölu fisks við Rússland. Þó hafði fyrrv. forsrh. gert ítrekaðar tilraunir til þess að ná slíkum samningum, en án árangurs. Send voru skeyti um það, að Íslendingar væru að taka upp stórfelld viðskipti við Austur-Þýzkaland, og einnig um það, að við værum að viðurkenna Austur-Þýzkaland. Þó var það einnig staðreynd, að einn aðalmaður Sjálfstfl. samdi um þessi viðskipti í samráði við fyrrv. ríkisstj. Send voru símskeyti um það út um víða veröld, að nýja íslenzka ríkisstj. væri mjög fjandsamleg Bandaríkjunum. Þannig rigndi rógskeytunum frá Reykjavík.

Tilgangurinn var auðsær: að spilla áliti ríkisstj. út á við, og þá ekki horft í það, þó að það skaðaði þjóðina. Þeir vissu það einnig, sjálfstæðismenn, að þeir höfðu stofnað til stórskulda, stórkostlegra óreiðuskulda vegna hálfgerðra framkvæmda, sem ég taldi áðan. Innlenda lánsfé hafði verið tæmt. Ef ríkisstj. gæti hvergi fengið peninga erlendis, leiddi það af sjálfu sér, hugsuðu þeir, að hún yrði að fara. Það var vonin og viðkvæðið, fyrst eftir að ríkisstj. tók við: Ríkisstj. skal fara. Hún skal hvergi fá lán, var hvíslað á klíkufundum Sjálfstfl. hér í Reykjavík og í nálægum sveitum, eftir þrjá mánuði verður hún að fara.

Ég er viss um, að það má leita víða um lönd til þess að finna jafnfáheyrð vinnubrögð gagnvart þjóðinni og hér voru höfð í frammi.

En þegar ríkisstj. hafði unnizt tími til að snúast gegn þessum rógfregnum með ýmsum hætti, var fyrsta verk hennar að stöðva dýrtíðarskrúfuna í samráði og samstarfi við aðalatvinnustéttirnar. Á þessa fundi sendi Sjálfstfl. fulltrúa sína til þess að reyna að spilla samkomulaginu. Hófst þá þegar skemmdarverkastarfsemi sú, sem Sjálfstfl. hefur stundað síðan og ég rek nánar.

Eftir að tekizt hafði að stöðva verðbólguskrúfuna, hófst annar þáttur í vinnu ríkisstj., ýtarleg rannsókn á fjármálaástandinu, samningar við efnahagsmálanefnd launastéttanna, og það tókst að ná samkomulagi. Þær aðgerðir hafa verið raktar svo ýtarlega, að ég sé ekki ástæðu til að verja tíma til þess að rekja þær hér. Samkomulag um að breyta skráðu gengi krónunnar náðist ekki, þótt ýmsir álitu, að það væri eðlilegasta lausnin, ef unnt væri að framkvæma hana í samráði og samvinnu við vinnandi fólk.

En vert er að vekja athygli á því hér, að allir stjórnmálaflokkarnir voru sammála um, að það fé, sem aflað var framleiðslunni til styrktar, mætti ekki minna vera, enda hefur því miður orðið sú raunin á eftir aflabrestinn í vetur. Og stjórnarandstaðan gat ekki bent á neinar aðrar leiðir til tekjuöflunar í þessu skyni en þær, sem gripið var til.

Þessar ráðstafanir tókst að gera fyrir áramót, þannig að framleiðslan gat í þetta skipti haldið áfram án nokkurrar stöðvunar.

Jafnhliða því, sem unnið var að þessum ráðstöfunum, hóf ríkisstj. umleitanir til þess að fá lán erlendis, enda var það óumflýjanlegt, ef átti að bjarga þjóðinni frá bráðri hættu vegna vanskilaskuldanna, sem námu, eins og áður greinir, mörgum tugum milljóna. Og einnig þetta tókst. Í Bandaríkjunum fékkst hagkvæmt lán, um 65 millj. kr. Af þessu láni fékk ræktunarsjóður Búnaðarbankans 20 millj., og tókst þar með að afstýra yfirvofandi vandræðum. Fiskveiðasjóður fékk 10 millj. til útlána. Til framkvæmda í rafmagnsmálum dreifbýlisins var varið 18 millj. og þannig komið í veg fyrir algera stöðvun þeirra framkvæmda. Sementsverksmiðjan fékk 7 millj.

Í þessu sambandi er rétt að skjóta hér inn í, við hvað er að stríða á ýmsum sviðum þjóðlífsins, þegar verðbólgan eykst svo hratt sem raun hefur á orðið á undanförnum árum. Í 10 ára áætluninni um rafvæðingu dreifbýlisins var gert ráð fyrir, að hún kostaði öll 310 millj. kr. Nú er þessi áætlun vegna vaxandi dýrtíðar orðin 450—500 millj. Kostnaður við framkvæmdir 1957 með því að draga saman allt, sem unnt er, er 110 millj. kr., eða um það bil ⅓ af 10 ára áætluninni, eins og hún var í upphafi, eða um ¼ af henni, eins og hún er í dag. Það vantar 45 millj. kr. til þess að framkvæma áætlunina í ár, og þó hefur ríkisframlagið allt að tvöfaldazt frá því, sem upphaflega var gert ráð fyrir.

Næsta stóra skrefið, sem stíga varð og ekki þoldi bið, var stækkun aflstöðvarinnar við Sogið. Eftir 2 ár verður rafmagnsskortur á hinu stóra veitusvæði. Áburðarverksmiðjan, sem sparar okkur árlega tugi millj. í erlendum gjaldeyri, hefði stöðvazt. Fyrrverandi ríkisstj. hafði leitað eftir láni í 2 ár án árangurs, eins og ég hef áður sagt. Ríkisstj. sneri sér þegar að því fyrir áramótin að leita eftir láni í Bandaríkjunum til þessara framkvæmda, og það hefur nú tekizt að tryggja þetta lán a. m. k. að verulegu leyti. En meðan á þessari lántöku stóð, sem m. a. er fyrir Reykjavíkurbæ, sem á helming Sogsstöðvarinnar á móti ríkinu, var staddur hér blaðamaður frá einu af aðalblöðum auðjöfranna í Bandaríkjunum, og skrifaði hann grein í blað sitt um það eftir viðtali við ýmsa háttsetta sjálfstæðismenn, að fráleitt og hættulegt væri að lána Íslendingum þessa peninga. En þessi rógsherferð mistókst einnig. Mun það verða nánar rakið hér af öðrum.

Eftir að ríkisstj. hafði bjargað þessum málum, sneri hún sér að því eftir áramótin að setja fjárlög, sem hafði orðið að fresta vegna annríkis við dýrtíðarráðstafanir fyrir áramótin, sem fyrr segir. Sjálfstæðismenn hafa mikið um það fjasað, hve fjárlögin séu há, og það er rétt: þau eru of há. En í fjvn. stóðu þeir með öllum till., sem hækkuðu útgjöld ríkisins, en auk þess fluttu þeir till. um útgjaldahækkanir, sem námu 15 millj. kr. Einstakir þm. báru fram hækkunartill. við fjárlagaafgreiðsluna, sem námu 10.3 millj. kr. Á yfirstandandi þingi hafa sjálfstæðismenn flutt till. ýmist um útgjaldahækkanir eða tekjulækkanir, sem nema 200—250 millj. kr. Þannig er samræmið milli orða og athafna í framkvæmd á öllum sviðum.

Eftir afgreiðslu fjárlaga hefst svo þriðji þáttur

í verki þings og stjórnar, mjög margþætt og viðtækt löggjafarstarf. Löggjöf um eflingu fiskiflotans með sérstöku tilliti til jafnvægis í byggð landsins var sett fyrir áramót. Á síðari hluta þings hefur verið unnið að setningu nýrrar löggjafar um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, eflingu fiskveiðasjóðs, útflutningsverzlun, lán til íbúða í kaupstöðum og kauptúnum, stóreignaskatt, sem lagður verður í byggingarsjóð ríkisins og veðdeild Búnaðarbankans, lax- og silungsveiði, búfjárræktarlög. Löggjöf hefur verið sett um stofnun vísindasjóðs, eflingu menningarsjóðs, félagsheimilasjóðs og íþróttasjóðs auk margs annars, sem rakið hefur verið í fréttum. Loks má nefna breytingu á bankalöggjöf landsins. Er hér um að ræða mikilsverða löggjöf á ýmsum sviðum og verður rakið nánar síðar.

Það er vitanlega rétt, að þetta þing er orðið alllangt. En þegar þess er gætt, hvaða viðfangsefnum þing og stjórn hafa þurft að mæta, mun flestum skiljanlegt, að svo hlaut að verða. Í annan stað verður ekki hjá því komizt, fyrir því er reynsla, að þegar ný flokkasamsteypa tekur við völdum, verður þinghald að jafnaði lengra fyrsta þingið eftir slíka breytingu. Þannig var þetta 1946—47. Þá varð þinghald álíka langt og það reyndist nú. Þingi lauk þá 24. maí, en nú litlu síðar.

Það, sem mestu máli skiptir fyrir afkomu þjóðarinnar, er stöðugt verðlag. Þetta gerði ríkisstj. sér þegar ljóst s. l. haust. Það var stærsta atriðið. Þess vegna var sett verðlagseftirlit til þess að halda verði niðri, eftir því sem unnt væri. Þessu verðlagseftirliti hefur verið framfylgt þannig, að þeir, sem undir því búa, geta nú ekki lengur skammtað sér einir sinn hlut sjálfir. Og ég hygg, að naumast verði komizt lengra niður með verðlag en nú hefur verið gert, enda hefur öll álagning verið stórkostlega lækkuð frá því, sem áður var, til þess að draga úr álögunum. Jafnframt hefur ríkisstj. beitt sér fyrir lögum um stóreignaskatt, til þess að þeir, sem breiðust hafa bökin og grætt hafa óeðlilega á verðsveiflum undanfarinna ára, beri einnig sínar byrðar. Það, sem ríkisstj. hefur stefnt að með þessum og öðrum aðgerðum, er það, að skipting þjóðarteknanna geti orðið sem réttlátust. En það, sem mönnum gengur því miður ekki alltaf vel að skilja, er þau einföldu sannindi, að engin þjóð skiptir meiru en aflað er. Við erum vanir því á undanförnum árum að hafa mikið til að skipta, og við það höfum við vanizt án þess að gæta þess, að hundruð millj. hafa streymt hingað erlendis frá, sem við höfum ekki safnað sjálfir með framleiðslu, en fengið í styrkjum og gjöfum frá öðrum. Þegar þetta þraut, höfum við ekki öðru að skipta en því, sem við framleiðum í landinu og landið gefur af sér. Einkanlega verður þetta tilfinnanlegt fyrir þjóðina þegar stórfelldur aflabrestur verður á aðalvertíðinni, eins og á vertíðinni í vetur. Enginn heilskyggn maður getur látið sér til hugar koma, að það verði ekki tilfinnanlegt á mörgum sviðum. Þegar svona stendur á, er hætt við verðbólgu, því að mönnum vill verða það á, þegar að þrengir, að heimta, að meira sé skipt en aflað er.

Sjálfstfl. hefur samkvæmt eðli sínu verið andvígur öllum kauphækkunum og það þótt framleiðslan hafi skilað miklum gróða, en kjör verkalýðsins verið hin lélegustu. Um þetta vitnar saga flokksins, og mætti taka óteljandi dæmi. En Sjálfstfl. hefur einnig, þegar hann er í ríkisstj., bent á með sterkum orðum og réttilega eins og aðrir flokkar, að verkföll til þess að knýja fram kauphækkanir umfram það, sem atvinnuvegirnir og þjóðartekjurnar leyfa, geti aldrei leitt til kjarabóta, vegna þess — sem rétt er — að það leiði yfir þjóðina nýjar álögur og með þeim séu teknar aftur kjarabæturnar og oftast meira en það, vegna þess að atvinna verði oft óstöðug. Þetta eru auðvitað sannindi, sem hafa verið margsögð hér og annars staðar og verða ekki hrakin. Samkvæmt þessu eru verkföll til þess að knýja fram kjarabætur, sem þjóðfélagstekjurnar leyfa ekki, hliðstæð því, að skorið sé á slagæð atvinnulífsins og því látið blæða. Leiðréttingar á ósamræmi geta auðvitað verið eðlilegar. En þrátt fyrir þessi óvefengjanlegu sannindi og einmitt vegna þeirra hefur Sjálfstfl. nú gripið til nýrra ráða gegn ríkisstj. Sjálfstfl. hafði mistekizt að spilla áliti ríkisstj. með rógskeytum, a. m. k. að verulegu leyti. Stjórnin fékk bráðabirgðalán til að greiða mest aðkallandi vanskilaskuldirnar, Sogslánið einnig. Sjálfstfl. hafði og mistekizt að spilla samkomulagi um stöðvun s. l. haust og fyrir áramót, og verðlag var að verða stöðugt. Honum mistókst að spilla samkomulagi í öðrum málum.

Nú varð að grípa til nýrra skemmdar- og fólskuverka, gerast bandamaður aflabrestsins. Sú setning, sem lengi verður í minnum höfð í íslenzkri stjórnmálasögu og að endemum, er setning hv. 1. þm. Rang., Ingólfs Jónssonar, sem hann lét eitt sinn í vetur sér um munn fara í þingræðu, en hún er þannig orðrétt: „Það verður að finna önnur ráð til þess að koma hæstv. ríkisstj. frá völdum en það eitt, að hún fái hvergi lán.“ Hér er flett ofan af áætlun, svo þokkaleg sem hún er. Það, sem bruggað var á klíkufundum í skúmaskotum og hvíslað um manna á meðal, er hér sagt af vangá opinberlega. Og nú er komið í ljós svo greinilega sem verða má, hver þau eru, þessi önnur ráð. Nú hefst verkalýðs- og verkfallsbarátta Sjálfstfl. fyrir alvöru. Nú er ekki lengur prédikað um lífsnauðsyn þess að halda kaupgjaldinu stöðugu, en algerlega snúið við blaðinu, eins og ég mun rekja.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands og efnahagsmálanefnd sambandsins kölluðu saman fund og létu hagfræðinga og fulltrúa sína rannsaka þróun verðlags- og kaupgjaldsmála jafnframt viðhorfi í atvinnumálum. Eftir að hafa framkvæmt þessa rannsókn komust þessir aðilar að þessari niðurstöðu, orðrétt:

„Af framansögðu er það álit miðstjórnar og efnahagsmálanefndarinnar, að ekki sé tímabært að leggja til almennar samningsuppsagnir að svo stöddu. Hins vegar vilja þessir aðilar undirstrika það meginsjónarmið, sem fram hefur komið í viðræðum þeirra við ríkisstj., að aðaláherzluna ber að leggja á að halda uppi fullri atvinnu í landinu, stemma stigu við verðbólgu og tryggja og auka kaupmátt launa.“

Sjálfstfl. hefur að vísu alltaf síðan s. l. haust haft sín „önnur ráð“ í huga og unnið að framkvæmd þeirra. En eftir að þessi álitsgerð birtist, voru góð ráð dýr. Nú áleit Sjálfstfl. voða fyrir dyrum, ef ekki væri hægt að koma í veg fyrir, að verðlag yrði stöðugt, og vinnufriður héldist í landinu. Fyrsta áhlaupið var gert í Iðju í Reykjavík. Iðnrekendur höfðu undanfarið borið fram sífelldar umkvartanir við verðlagseftirlitið út af því, að þeim væri ákveðin svo lítil álagning á iðnaðarvörur sínar, að þeir gætu undir engum kringumstæðum haldið starfseminni áfram. Þessir sömu menn buðu fram kauphækkanir til starfsfólks síns án uppsagnar, og síðan er þessi kauphækkun blásin út á forsíðu Morgunblaðsins, og það er auglýst rétt áður en Dagsbrúnarmenn ákváðu, hvort þeir skyldu segja upp samningum eða ekki, að nú séu verkamenn í Iðju með hærra kaup en verkamenn í Dagsbrún. Eftir þessa hækkun hjá Iðju senda sjálfstæðismenn fulltrúa í öll þau félög, þar sem þeir hafa mest ítök, og róa að uppsögnum og verkföllum.

Af mörgu er að taka, en hér skal aðeins rakið áhlaupið, sem sjálfstæðismenn gerðu í verkamannafélaginu Dagsbrún til þess að koma þar á uppsögnum og verkföllum. Heimildina ætti ekki að þurfa að vefengja, því að hún er Morgunblaðið sjálft. Fyrirsögnin á greininni um fundinn í Dagsbrún var þannig í Morgunblaðinu: „Kommúnistar hindra málefnalegar umræður um kjaramál verkamanna á Dagsbrúnarfundi. Beita flokksvaldi til þess að kæfa raddir verkamanna.“ Síðan skýrir Morgunblaðið ýtarlega frá ræðu fulltrúa síns á Dagsbrúnarfundinum. Hefur Morgunblaðið augsýnilega haft greiðan aðgang að ræðunni, enda talið, að aðalritstjóri blaðsins hafi skrifað hana og lagt fulltrúanum í hendur. Eftir að hafa rakið ræðuna, kemur svo næsta stórfyrirsögn: „Alþýðusamband Íslands notað sem vopn í hendi atvinnurekenda.“ Síðan er rakið, hvernig fulltrúi Sjálfstfl. vítti kommúnista fyrir slíkt athæfi. Þriðja fyrirsögn blaðsins: „Nauðsynlegt að segja upp samningum.“ Og síðan er reynt að færa rök að því. Fjórða fyrirsögn í sömu grein: „Önnur verkalýðsfélög fá kauphækkun.“ Er þar bent á fordæmi Iðju o. fl. Síðan er klykkt út með því að segja, að atkvæðagreiðslan í Dagsbrún hafi verið mjög ógreinileg, fundarstjóri kommúnista hafi lýst yfir, eins og þeir segja, að atkvæðin gegn uppsögninni hafi verið 24 — og svo orðrétt: „En ýmsir fundarmenn töldu, að þau hefðu verið miklu fleiri.“

Þessi frásögn í Morgunblaðinu af verkfallsbaráttu Sjálfstfl. er svo skýlaus, að um hana þarf ekki að ræða. Til þess að undirbúa þessa herferð eru iðnrekendur látnir veita starfsfólki sínu óumbeðna kauphækkun. Sjálfstæðismenn eru látnir fá skrifaðar áróðursræður til þess að lesa upp á fundum. Og þegar sóknin mistekst á Dagsbrúnarfundinum, er útdráttur úr þessum ræðum birtur í Morgunblaðinu með mörgum áberandi fyrirsögnum til þess að reyna að hafa áhrif í öðrum félögum, sem eru ístöðuminni en Dagsbrún, en um þetta leyti átti að taka ákvarðanir í mörgum félögum um það, hvort þau segðu upp eða ekki, en þar voru fulltrúar Sjálfstfl. látnir leika nákvæmlega sama leikinn.

Það er fullvíst, að sjálfstæðismenn hafa það ekki sér til málsbóta, að þeir viti ekki, að viðleitni þeirra er hrein fjörráð við framleiðsluna. Það er örstutt síðan orðið hefur að leggja nýjar álögur á þjóðina til þess að afstýra stöðvun útvegsins, og allir voru sammála um, að þeir styrkir væru ekki of miklir. Við fyrri erfiðleika hans hefur bætzt mikill aflabrestur. Iðnaðurinn stendur mjög höllum fæti og hefur enn krafizt að hækka verð framleiðslu sinnar. Það er öllum vitað mál, að undir slíkum kringumstæðum leiða kauphækkanir ekki til kjarabóta, heldur til stöðvunar, atvinnuleysis og nýrra álaga. Sjálfstæðismenn vita, að það eru ekki hagsmunir launþega, sem þeir eru að berjast fyrir. Það, sem verið er að vinna að, er að koma af stað nýrri verðbólguöldu, létta af sér stóreignaskattinum, torvelda störf ríkisstj., sem þeir óttast að skerði sína hagsmuni, og þá er ekki hikað við að grípa til fólskuverka, sem vel gætu riðið framleiðslu þjóðarinnar að fullu. Þegar sömu dagana og þessu Alþ. lýkur og hagsmunabaráttu Sjálfstfl. þar, er ætlazt til, að þau hefjist, hin víðtæku verkföll, sem þeir hafa reynt að stofna til. En það væri gott fyrir Sjálfstfl. að minnast þess, að það er hægt að stofna til fólskuverka, sem eru slíkrar tegundar, að hvort sem þau enda með ósigri þegar eða Pyrrhusarsigri í bráð, hljóta þau undir öllum kringumstæðum að enda með ósigri, þegar til lengdar lætur.

Í Morgunblaðinu 24. maí 1954 stóð þessi setning: „Það væri hörmulegt, ef nú kæmi til langrar vinnustöðvunar um hábjargræðistímann.“ — Sjálfstfl. hefur nú ákveðið að stofna til styrjaldar í efnahagslífi landsins, að svo miklu leyti sem það er á hans færi. Það sýnir bezt eðli flokksins og eðli þessarar styrjaldar, að einu gildir, hvort hlutaðeigandi stéttir búa við miklu betri kjör en almennt gerist. Jafnframt er svo leynt og ljóst barizt fyrir hærri álagningu og hærra vöruverði. Nú er ekki hirt um „hábjargræðistíma“ þjóðarinnar. Verkföllin eiga nú að vera „hábjargræðistími Sjálfstfl.“ til þess að koma á fullkominni ringulreið í fjármálakerfinu, koma fram hefndum og reyna að ná völdum til að skara eldi að sinni köku. En vill þjóðin borga herkostnað Sjálfstfl. með því að láta framleiðslu sinni blæða vegna verkfalla um hábjargræðistíma sinn til þess að gera hann að hábjargræðistíma verðbólgu- og valdabraskaranna í Sjálfstfl.? Ég hygg, að ýmsir þeir, sem áður hafa lagt Sjálfstfl. lið, muni nú hugsa sig um tvisvar, áður en þeir svara þessari spurningu játandi. — Góða nótt.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Á nokkrum áratugum hefur Íslendingum tekizt að byggja upp margs konar mannvirki og fjölbreyttar framkvæmdastofnanir í þágu lands og þjóðar. Til þess hefur þjóðin líka notið trausts erlendra þjóða, sem veitt hafa henni lánsfé til framkvæmdanna. Án þessarar aðstoðar frá erlendu fjármagni værum við nú skammt á veg komnir með uppbyggingu nútímaþjóðfélags, sem útlendingar undrast svo mjög og dást að. Með þessum hætti er til orðinn kaupskipafloti landsmanna, fiskiskipafloti, hafnarmannvirki, raforku-

ver, verksmiðjur og flugfloti, svo að nokkur dæmi séu nefnd.

Þetta er fyrst og fremst að þakka því lánstrausti, sem þjóðin hefur haft erlendis og jafnan verður eitt fyrsta skilyrði þess, að umbætur og framfarir í þjóðfélaginu haldi áfram.

Eins og bóndanum, sjómanninum og verkamanninum er nauðsynlegt að fá lánsfé til að byggja yfir sig, rækta landið, eignast skip, vélar og hvers konar framleiðslutæki, svo er þjóðfélaginu nauðsynlegt að fá erlent fjármagn til þess að koma upp stórvirkum fyrirtækjum, sem eiga að vera undirstaða að framförum og velgengni þjóðarinnar. Um þetta hafa ekki verið skiptar skoðanir.

En nú hafa þeir atburðir gerzt í íslenzkum stjórnmálum, að önnur vinnubrögð eru upp tekin á þessu sviði. Nú hefur stjórnarandstaðan, þeir hv. sjálfstæðismenn, talið sér henta að vega að ríkisstj. á erlendum vettvangi.

Þetta er gert með þeim hætti að senda svokölluð fréttaskeyti út um heim ríkisstj. til ófrægingar, skeyti, sem túlka á Morgunblaðsvísu stefnu stjórnarinnar, störf hennar og áform. En með því að skeytin eru send sem fréttaskeyti, eru þau birt í heimsblöðum, m. a. þeirra þjóða, sem við þurfum helzt að leita til um lánsfé til framkvæmda.

Með þessum hætti á að koma þeirri skoðun inn hjá öðrum þjóðum, að á Íslandi sé komin til valda ábyrgðarlaus ríkisstj., er lúti fyrirskipunum frá rússneskum valdhöfum, afneiti allri samstöðu Íslendinga með vestrænum þjóðum, en stofni sjálfstæði þjóðarinnar í bráðan voða. Það voru sannarlega miklar líkur til þess frá sjónarmiði þeirra manna, er þessa bardagaaðferð fundu upp, að erlendar þjóðir mundu skoða hug sinn tvisvar, áður en þær færu að lána fé þeirri þjóð, sem nota kynni svo lánsféð til tjóns fyrir lánveitendurna sjálfa. Ef herbragðið bæri árangur og ríkisstj. fengi ekkert lán erlendis, yrði hún í svo miklum vanda stödd með þær framkvæmdir, er hún hafði boðað, að það mundi ríða henni að fullu. Þá væri sigur þeirra hv. sjálfstæðismanna unninn. En það var ekki liðið nema fram á jólaföstu, þegar þann ugg setti að hv. sjálfstæðismönnum, að herbragðið kynni að mistakast.

Hv. 1. þm. Rang., Ingólfur Jónsson, orðaði þetta í ræðu hér á hv. Alþingi, eins og hæstv. forsrh. nefndi hér áðan, að það yrði að finna önnur ráð til að koma ríkisstj. frá völdum en þau ein, að hún fengi hvergi lán.

Svona var þá komið eftir skamma atlögu, að skeytin hittu ekki í mark. Fréttaskeytin svokölluðu voru að vísu birt í erlendum blöðum, og hv. sjálfstæðismenn strituðust við að þýða sín eigin skeyti og birta þau í Morgunblaðinu, eftir að þau voru búin að fara í hring. En eftirtekjan erlendis var minni en ætlazt var til og þó sýnu minni hér heima fyrir. Skollaleikurinn var með öllu afhjúpaður. Erlendir stjórnmála- og fjármálamenn sáu fljótt, að hér voru engin fréttaskeyti á ferðinni, heldur óvandaður leikur ráðþrota stjórnarandstöðu, svo ráðþrota, að hún auglýsti jafnvel eftir því, að nú þyrfti að finna upp ný ráð, betri ráð, skæðari ráð til þess að koma stjórninni frá völdum, af því að fyrstu ráðin, að stjórnin fengi hvergi lán, mundu sennilega mistakast.

Það duldist mönnum ekki, hvorki erlendis né innanlands, að ríkisstj. var ekki að efla hér rússneska áhrif, þó að nokkuð væri dregið úr áhrifum hv. sjálfstæðismanna á stjórnarfarið í landinu, að ríkisstj. var ekki að spilla fyrir íslenzkum atvinnuvegum, heldur var hún að undirbúa stórkostlega aukningu í sjávarútvegi og landbúnaði, að hún var ekki ábyrgðarlaus í efnahagsmálunum, heldur gerði hún gagngerðar ráðstafanir til að hefta verðbólguna í landinu, gagngerðari en nokkur ríkisstj. hafði áður gert. Það var vegna þessara staðreynda, stefnu og starfa ríkisstj. sjálfrar, sem skeyti hv. sjálfstæðismanna misstu marks. Það var þessu að þakka, að lánstrausti þjóðarinnar erlendis varð ekki hnekkt, og nú hafa hv. sjálfstæðismenn fengið að þreifa á staðreyndunum. Á skömmum tíma hefur ríkisstj. tekizt með atbeina Vilhjálms Þór bankastjóra að fá hagstæð lán í Ameríku, sem nema um 182 millj. kr. Þessum lánum verður varið til ræktunarsjóðs, fiskveiðasjóðs, sementsverksmiðju, rafvæðingar dreifbýlisins og nýrrar Sogsvirkjunar.

Bandarískur blaðamaður var hér á ferð í vetur. Hann skrifaði síðan grein í bandaríska blaðið Wall Street Journal þann 17. apríl og segist hafa rekizt á menn hér heima, sem væru gramir yfir því, að Bandaríkin séu að veita íslenzku ríkisstjórninni lán. Í fyrrnefndri blaðagrein segir hann m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Einn af leiðtogum íhaldsflokksins, sem missti völdin, er alveg jafngramur. Lán Bandaríkjanna, segir hann, borga aðgöngumiða kommúnista að valdastólunum.“

Þessi ummæli birti svo Morgunblaðið þann 28. apríl. Ekki voru þetta neinar nýjar fréttir fyrir Íslendinga um gremju íhaldsforingjanna út af því, að ríkisstj. skyldi takast að fá lánsfé í Bandaríkjunum. Hitt var aftur á móti nokkurs virði, að Morgunblaðið skyldi staðfesta þessa afstöðu foringja sinna. En hvers vegna hinn bandaríski blaðamaður er að birta það opinberlega, sem íhaldsforinginn segir honum eiuslega, það er bágt að vita. Það er eins og honum hafi verið ósárt um þetta og hann hafi vitað, að þessi sami íhaldsforingi beitti sér manna mest fyrir því 1944 að koma kommúnistum í ríkisstj. og greiddi þannig sjálfur aðgöngumiða þeirra að valdastólunum þá. Og alltaf getur sagan endurtekið sig. Ekki er vitað, hversu miklum áhyggjum það hefur valdið þeim Eisenhower og Dulles, þegar mesta stórveldi heimsins fékk svona áminningu frá gömlum íhaldsforingja, sem missti völdin úti á Íslandi. En eitt er víst, að ekki megnaði áminningin að hindra endanlega samninga um bandarískt lán til Sogsvirkjunarinnar.

Á fundi sjálfstæðismanna á Egilsstöðum 5. ágúst í fyrra, rétt eftir að hæstv. ríkisstj. tók við völdum, fórust einum hv. þm. Sjálfstfl. orð á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnarandstaða Sjálfstfl. verður hörð, en ábyrg og sanngjörn. Við munum standa á verði um alþjóðarhag, vera með hverju góðu máli, en berjast einhuga og djarflega gegn hvers konar rangsleitni, spillingu og valdníðslu.“

Þegar hv. sjálfstæðismenn tóku sér fyrir hendur að kynna hæstv. ríkisstj. fyrir erlendum þjóðum með fréttaskeytum, svo að þær freistuðust ekki til þess að veita Íslendingum lánsfé, vakti þetta óvenjulega eftirtekt um land allt. Þetta var þá flokkurinn, sem hét að sýna ábyrgð og sanngirni, standa á verði um alþjóðarhag og vera með hverju góðu máli. Reyndar hét hann einu í viðbót: að sýna hörku, mikla hörku. En flokkurinn var fljótur að gleyma dyggðunum, ábyrgðinni, sanngirninni, alþjóðarhag og góðu málunum. En ætli hann óski þess ekki nú, að hann hefði beitt sjálfan sig svolitlu af allri þessari hörku til að láta af tilræðinu gegn þjóðinni, sem nú hefur orðið flokknum til helzt til lítillar sæmdar?

En hugsum okkur, að þetta herbragð þeirra hv. sjálfstæðismanna hefði tekizt, að hæstv. ríkisstj. hefði ekkert lán fengið erlendis. Á hverjum hefði þetta bitnað? Auðvitað á þeim, sem áttu að njóta þeirra framkvæmda, sem lánin eru fengin til. Ræktunarsjóður hefði þá ekki fengið sinn hlut, og þess vegna hefðu bændur fengið þeim mun minni lán til að rækta og byggja fyrir. Fiskveiðasjóður hefði ekki fengið sitt og sjómenn og útgerðarmenn þess vegna þeim mun minni lán. Sementsverksmiðjan hefði stöðvazt fyrir fjárskort. Raforkuframkvæmdirnar úti um land hefðu stöðvazt af sömu ástæðum. Og síðast, en ekki sízt: Sogsvirkjunin nýja, sem nú fær um 117 millj. kr. af hinum nýfengnu lánum, hefði ekkert fengið, og þess vegna hefði ekki orðið byrjað á henni á þessu ári. Þetta átti hin harða stjórnarandstaða að kosta. Og þetta mátti hún kosta að dómi hv. sjálfstæðismanna, ef með því yrði unnt að koma hæstv. ríkisstj. í vanda. Bændur, útgerðarmenn, sjómenn, auk allra rafmagnsnotenda á orkusvæði Sogsvirkjunar, Mjólkárvirkjunar og Grímsárvirkjunar, áttu að færa þessa fórn, til þess að fullnægja ofstækisfullum örþrifaráðum hv. sjálfstæðismanna. Og Reykjavík var ekki undan skilin. Hér er yfirvofandi tilfinnanlegur rafmagnsskortur eftir 2—3 ár, ef ekki er unnt að byrja á hinni nýju Sogsvirkjun þegar á þessu ári. Þessa framkvæmd átti líka að stöðva.

„Það verður að finna önnur ráð.“ Sjálfstfl. hefur farið með yfirstjórn sjávarútvegsmála óslitið í hálft tíunda ár í fyrrv. ríkisstj. Enginn atvinnuvegur hefur átt við svo mikla erfiðleika að etja sem sjávarútvegurinn. Farnar hafa verið tvær leiðir til þess að bæta úr þessu ástandi, gengislækkunarleiðin og uppbótaleiðin, og báðar undir yfirstjórn Sjálfstfl. Í vetur er enn farin uppbótaleiðin, en samhliða henni eru nú gerðar í fyrsta skipti strangar ráðstafanir til að halda niðri verðbólgunni. Hver var nú afstaða hv. sjálfstæðismanna til frv. um þessar ráðstafanir? Þeir snerust gegn málinu, allir sem einn maður. Nýir skattar, nýjar álögur jólagjöf stjórnarinnar, hrópuðu þeir. Þeir hrópuðu þetta ekki á undanförnum árum, þegar þeir beittu sér sjálfir fyrir svipuðum ráðstöfunum.

Það er að vísu ekkert við því að segja, þótt hv. sjálfstæðismenn væru á móti till. ríkisstj. og vildu berjast fyrir sínum eigin till. í sjávarútvegsmálunum. Það er fullkomlega lýðræðislegt og réttmætt. En hvaða leiðir vildu þá hv. sjálfstæðismenn fara, svo að ekki þyrfti að leggja álögur á þjóðina? Hvernig ætluðu þeir að rétta við hag sjávarútvegsins, svo að komizt yrði hjá jólagjöfinni, sem þeir hafa svo oft nefnt? Hverjar voru þeirra till.? Því er fljótsvarað. Þær voru engar, ekki ein einasta till. Þeir höfðu ekki minnstu hugmynd um, hvað ætti að koma í stað þeirra till., sem þeir vildu fella. Þar var ekkert annað en eitt heljargat í stefnu þeirra í efnahagsmálum. Þó hafa þeir sennilega talið rétt, að aðrir hv. þm. gerðu sama og þeir, yrðu á móti till. hæstv. ríkisstj. En ef svo hefði farið, hvað hefði þá gerzt? Engin vetrarvertíð, allt hefði stöðvazt, 42 togarar, um 630 önnur fiskiskip, 5—6 þús. sjómenn farið í land, þúsundir og aftur þúsundir manna, sem vinna beint eða óbeint við sjávarútveg, hefðu ekkert haft að gera, og 6—7 hundruð millj. kr. útflutningsverðmæti voru úr sögunni.

Þetta er það, sem hefði gerzt, og er þó öllum afleiðingunum sleppt. Vildu hv. sjálfstæðismenn þetta? Var þetta jólagjöfin, sem þeir ætluðu þjóðinni? Nei, að sjálfsögðu hafa þeir ekki viljað þetta. En hvað vildu þeir þá? Þeir vildu hafa frelsi til að hrópa: Nýir skattar, nýjar álögur jólagjöf stjórnarinnar. Þetta var ráð nr. 2 „til að koma hæstv. ríkisstj. frá völdum,“ eins og hv. þm. Sjálfstfl. orðaði það.

Hafa þá hv. sjálfstæðismenn ekki fundið nein fleiri ráð til að koma hæstv. ríkisstj. frá völdum? Jú, þeir hafa fundið eitt enn. Það er vöxtur verðbólgunnar í landinu. Með hækkandi verðlagi og kaupgjaldi telja þeir, að koma mætti nokkru til leiðar. Að vísu er verðlagseftirlitið þröskuldur á veginum. En aftur á móti eiga þeir ítök í fáeinum stéttarfélögum. Þar hafa flokksmenn þeirra beitt sér mjög að undanförnu og krafizt kauphækkana, samningsuppsagna og verkfalla. Reyndar verða atvinnurekendur að borga brúsann, en um það er ekki spurt. Þetta er ráð nr. 3 og stendur nú sem hæst.

Ég hef nú nefnt þrjú helztu viðfangsefni hv. sjálfstæðismanna, sem öll miða að sama marki. Öll eru þau neikvæð. Öll eru þau til að rífa niður, en ekki til að byggja upp. Þetta er hin ábyrga stjórnarandstaða. Þetta heitir að standa vörð um alþjóðarhag. — Góða nótt.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Góðir útvarpshlustendur nær og fjær. Þessa dagana eru liðnir réttir 10 mánuðir, síðan Hermann Jónasson gekk á strandstað fyrrverandi ríkisstj. og afmunstraði strandkapteininn Ólaf Thors, hv. þm. G-K, og settist sjálfur undir stýri. Það er því tæpt á því, að þessar útvarpsumræður geti orðið ársuppgjör ríkisstj. og stjórnarandstöðu.

Hér er mikið talað um svik, og tel ég því bezt að vitna orðrétt í stjórnarsáttmálann, til þess að menn geti borið saman loforð og efndir.

Þegar stefnuyfirlýsing hinnar nýju ríkisstj. var birt þann 24. júlí í fyrrasumar, vöktu þessi atriði hennar einna mesta athygli:

Í fyrsta lagi, að ríkisstj. hét því, að taka upp samstarf við samtök verkalýðs, bænda, útgerðarmanna og annarra framleiðenda til þess að finna sem heppilegasta lausn á vandamálum at-

vinnuveganna með það fyrir augum að auka framleiðslu landsmanna og efla almennar framfarir í landinu. Því var lofað, að þá þegar yrði skipuð nefnd sérfróðra manna í samráði við stéttasamtökin til þess að rannsaka ástand efnahagsmálanna og undirbyggja þannig aðgerðir í þeim málum. Um þetta segir svo orðrétt í stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar: „Mun ríkisstj. leggja sérstaka áherzlu á að leysa efnahagsvandamálin í náinni samvinnu við stéttasamtökin.“ Er þar bæði átt við samtök launamanna og bænda. Þetta þótti nýstárlegt grundvallaratriði í stjórnarsamningi, en það var í fullu samræmi við það, sem Hermann Jónasson hafði látið í ljós fyrir rúmum 2 árum í áramótahugleiðingu, þegar hann sagði á þessa leið:

„Í minum huga er engin spurning um það, að samstarf milli bænda og verkamanna og annarra, er vinna þjóðfélaginu nauðsynleg störf, verður að koma og kemur. Spurningin er aðeins um það, með hverjum hætti þessu samstarfi verður fyrir komið og hvaða tíma það tekur að koma því á.“

Þessu samstarfi verkalýðs og bænda var svo hrundið í framkvæmd með stjórnarmynduninni þann 24. júlí í fyrrasumar.

Annað grundvallaratriði stefnuyfirlýsingar stjórnarinnar var þetta: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir að skipuleggja alhliða atvinnuuppbyggingu í landinu, einkum í þeim þremur landsfjórðungum, sem nú eru verst á vegi staddir í atvinnulegum efnum.“

Þá var orðið um það samkomulag milli stjórnarflokkanna, að leita skyldi samninga um smíði á 15 togurum, enda skyldi skipunum ráðstafað með sérstöku tilliti til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Þriðja stórmálið, sem þjóðin fagnaði sérstaklega í stefnuyfirlýsingu hinnar nýju ríkisstj., var loforð um framhaldsvirkjun Sogsins, sem ekkert hafði rekið eða gengið með mörg undanfarin ár. Þetta fyrirheit var þannig orðað í stefnuyfirlýsingunni: „Ríkisstjórnin heitir að beita sér fyrir því, að hafizt verði handa um framhaldsvirkjun Sogsins og lánsútvegun í því sambandi.“ Orðfleira var nú þetta loforð ekki.

Í framhaldi af þessu hét ríkisstj. því, að leita eftir erlendum lánum til framkvæmda í landbúnaði, iðnaði og hafnargerð, og hefur það verið efnt.

Þá kem ég að fjórða stórmálinu, sem stjórnin lofaði að helga krafta sína. Það er baráttan við eyðandi eld verðbólgunnar. Um það segir svo í stjórnaryfirlýsingunni: „Ríkisstj. lítur á stöðvun verðbólgunnar sem eitt höfuðverkefni sitt. Hún mun leggja sérstaka áherzlu á að koma í veg fyrir óeðlilegan gróða milliliða og beita sér fyrir, að fjármálastefna bankanna verði í samræmi við þarfir atvinnuveganna og uppbyggingar- og framfarastefnu ríkisstj. Í því sambandi mun ríkisstj. beita sér fyrir breytingum á bankalöggjöf landsins, m. a. með því, að seðlabankinn verði settur undir sérstaka stjórn.“

Þessu næst lofaði ríkisstj. því, að hún skyldi leggja áherzlu á lausn húsnæðisvandamálsins, og var henni þó vel ljóst, að þar var við erfitt vandamál að etja, eigi síður en verðbólguþróun og vaxandi dýrtíð undanfarinna ára.

Auk þeirra stórmála, sem nú hafa verið nefnd, hét stjórnin að hraða rafvæðingu landsins, leggja áherzlu á aukna ræktun í sveitum, stækkun friðunarsvæða við strendur landsins og fylgja í utanríkismálum fram þeirri stefnu, sem mörkuð var í ályktun Alþingis þann 28. marz 1956.

Þetta, sem nú hefur verið talið, er meginuppistaðan í þeirri stjórnarstefnu, sem núverandi ríkisstj. hefur skuldbundið sig til að reyna að framkvæma á þessu kjörtímabili. Og verkefnið í umr. sem þessum er að leggja réttlátt mat á, hvort vel eða illa hafi verið að þessum málum unnið á þeim 10 mánuðum, sem liðnir eru, síðan stjórnin tók við völdum. Er stjórninni meira en ljúft að eiga um þetta orðastað við hv. stjórnarandstöðu á málefnalegum grundvelli.

Stjórnin hafði aðeins setið skamma hríð að völdum, þegar skipuð var nefnd sérfróðra manna til þess að rannsaka ástand efnahagsmálanna, og jafnframt voru tilnefndir valdir fulltrúar verkalýðssamtaka og bændasamtaka til samstarfs við þá um þessa þýðingarmiklu undirstöðurannsókn. Enn fremur voru fengnir hingað til lands tveir erlendir hagfræðingar til að kynna sér ástandið í efnahagsmálum. Þessi rannsókn leiddi það í ljós, sem flestum var áður meira eða minna vitanlegt, að efnahagslífið var helsjúkt. Framleiðsluatvinnuvegirnir voru komnir fast að stöðvun, og verðbólguholskeflan gein yfir þjóðinni og ógnaði fjárhagslegu sjálfstæði hennar alvarlegar en nokkru sinni fyrr í sögu hennar. Þetta var raunar niðurstaða sérfræðinganna, sem hv. formaður Sjálfstfl. var að spyrja hér um áðan. Þegar þessari rannsókn var lokið, var öllum ljóst, að ekki varð með neinu móti umflúið annað tveggja að framkvæma stórfellda gengislækkun eða afla framleiðsluatvinnuvegunum fjár, svo að hundruðum milljóna króna skipti, með almennri skattlagningu. Engar aðrar leiðir töldust vera færar. Síðari leiðin var valin í nánu samstarfi við verkalýðssamtökin. Dapurleg reynsla af gengislækkunum Ólafs Thors er þjóðinni í svo fersku minni, að ég efast ekki um, að það er í samræmi við meirihlutavilja þjóðarinnar, að allar aðrar leiðir séu reyndar til þrautar til þess að komast hjá því, að gengi íslenzku krónunnar verði skorið niður enn þá einu sinni. Það var hins vegar öllum ljóst, að skattlagningarleiðin var heldur ekki líkleg til vinsælda. En enginn lifir í þessu landi, ef framleiðslustarfsemin stöðvast. Þess vegna urðu þessi dýru syndagjöld fyrrverandi stjórnarstefnu að greiðast, hvort sem mönnum líkaði það betur eða verr. En ef rétt er á málið litið, eiga menn auðvitað að lýsa sök á hendur Ólafs Thors og Sjálfstfl., þegar stjórnarandstaðan er að útmála þá miklu skattabyrði, sem á þjóðina varð að leggja um seinustu áramót. Þær skattaklyfjar voru að engu leyti afleiðing af stjórnaraðgerðum núverandi ríkisstjórnar. Það voru gamlar lummur af veizluborði Jensens-sona.

Það fyrsta, sem gert var í efnahagsmálunum í samráði við forustumenn verkalýðssamtaka og bændasamtaka, var að setja á algera verðlags- og kaupgjaldsstöðvun um fjögurra mánaða skeið, frá 1. sept. til áramóta, meðan afráðið yrði, til hvaða úrræða skyldi grípa í efnahagsmálunum.

Stjórnarandstaðan rak þegar í stað upp tryllingsöskur út af þessu og fullyrti, að með þessari ráðstöfun væri verið að stela 6 vísitölustigum af kaupi fátækra verkamanna. Reyndi Sjálfstfl. strax með öllu móti að æsa verkalýð landsins upp gegn þessari ráðstöfun, en árangurinn varð harla rýr, nánast enginn. Almenningsálitið í landinu kvað Mbl. og önnur málgögn íhaldsins strax í kútinn í þessu máli. Dýrtíðin hafði vaxið risaskrefum á árinu 1956. Vísitalan hafði hækkað um 13 stig á nokkrum mánuðum, áður en ríkisstj. Ólafs Thors veltist úr völdum. Stöðvunin var óumdeild þjóðarnauðsyn. Verkalýður landsins vildi ekki meira af svo góðu. Hann vissi vel, að hann átti að fá 6 vísitölustiga hækkun á kaup sitt þann 1. sept., en hann vissi jafnvel, að bændur áttu strax þann 15. sept., hálfum mánuði síðar, að fá hækkun á landbúnaðarafurðum, og var reiknað út, að strax þegar sú hækkun væri komin til framkvæmda, væru að engu orðin 5 stig af þessum 6. Það eina stig, sem þá var eftir, sáu menn að yrði ekki lengi að hverfa, ef fram næðu að ganga þær háværu kröfur um hvers konar verðhækkanir, sem þá voru uppi. Þannig varð mönnum ljóst, að það mundi á skömmum tíma leiða til nokkurra stiga kjaraskerðingar, ef engar ráðstafanir væru gerðar til verðstöðvunar. Það varð mönnum enn fremur ljóst, að hvaða ráðstafanir sem gerðar yrðu í efnahagsmálum, yrðu þau fortakslaust torleystari og erfiðari viðfangs, ef verðlag og kaupgjald fengju að taka eitt stökkið enn þá upp á við.

Um þetta þarf ekki að fjölyrða meira. Mbl. hefur engan hljómgrunn fengið fyrir upphrópunum sínum um, að 6 vísitölustigum hafi verið stolið af verkafólki, og hefur það þó allt fram til þess síðasta verið iðið við að boða þetta trúaratriði sitt, ásamt hinni nýju kenningu atvinnurekendaflokksins um lífsnauðsyn þess, að verkalýðsfélög segi nú upp samningum, beri fram kröfur um kauphækkanir og fari sem flest út í verkföll, því að það eitt sé líklegt til að fella ríkisstj. og leiða íhaldið aftur til valda og þá sé alltaf hægt að skila atvinnurekendum aftur því, sem þeir hafi orðið að láta í herkostnað í þessu máli.

Með þetta í huga geta hlustendur óefað skilið undrun mína, þegar ég að morgni þess 12. maí, fyrir hálfum mánuði eða svo, rakst á svo hljóðandi ummæli í grein um sjávarútvegsmálin og seinustu vertíð, en þar stóð þetta í Mbl.:

„Er nokkur von til þess, að sjávarútvegurinn geti tekið á sig nýjar og nýjar kauphækkanir? Stöðvun á kauphækkunum á s. l. hausti var sannarlega á elleftu stundu gerð og ákvörðun Dagsbrúnar um að halda óbreyttu kaupi áfram til áramóta er hin mikilvægasta fyrir allan sjávarútveg.“

Hvað var nú þetta? Var þetta virkilega Mbl., sem ég hélt á? Ég leit á forsíðuna tortrygginn. Jú, þar gat að líta hinn hálfgotneska Morgunblaðshaus. En hafði ég þá ekki misles'ið? Varla gat það verið. En samt þótti mér vissara að lesa þetta aftur, og þar stóð svo sannarlega: „Er nokkur von til þess, að sjávarútvegurinn geti tekið á sig nýjar og nýjar kauphækkanir?“ Og þó var framhaldið ekki trúlegra: „Stöðvun á kauphækkunum á s. l. hausti var sannarlega á elleftu stundu gerð.“ Þ. e. a. s. hún mátti ekki síðar koma. Hvað hafði hér gerzt? Hafði það slys orðið, að maður með fullu viti hefði sloppið inn á ritstjórnarskrifstofu Mbl., eða var sjálft Mbl. gengið af kauphækkunartrúnni nýju og farið að lofsyngja kaup- og verðstöðvunina á s. l. hausti, sem fram til þessa hafði þó heitið þjófnaður í dálkum þessa sama blaðs? Nú er bara eftir að vita, hversu haldgóð þessi sinnaskipti Mbl. verða.

Seinasta Alþýðusambandsþing kaus, svo sem kunnugt er, 19 manna efnahagsmálanefnd, skipaða mönnum hvaðanæva að af landinu, sem skyldi ásamt miðstjórn Alþýðusambands Íslands fylgjast með og taka þátt í samningum um aðgerðir í efnahagsmálunum til þess að tryggja rekstrargrundvöll atvinnuveganna og nauðsynlegar verklegar framkvæmdir. Þetta efnahagsmálaráð var einhuga samþykkt þeim leiðum, sem farnar voru, og gerði sér jafnframt ljósa þá staðreynd, að efnahagsmál þjóðarinnar voru komin í slíkt öngþveiti, þegar núverandi ríkisstj. tók við völdum, að fyrirsjáanleg var stöðvun framleiðsluatvinnuveganna um s. l. áramót, ef ekki yrði gripið til róttækra ráðstafana. Efnahagsráð verkalýðssamtakanna fékk tryggingu fyrir því, að skattlagningin skyldi aðallega koma á þær vörur, sem minna væru notaðar af almenningi, en daglegum neyzluvörum hlíft. Efnahagsráðið gekk einnig frá samkomulagi um, að auk fjáröflunarinnar til atvinnuveganna skyldu eftirtaldar aðgerðir jafnframt koma til framkvæmda:

Strangu verðlagseftirliti yrði komið á og álagning milliliða lækkuð verulega.

Lagður yrði á stóreignaskattur, sem a. m. k. næmi 80 millj. kr.

Byggingarsjóði verkamanna yrðu tryggðar á þessu ári a. m. k. 10 millj. kr. tekjur.

Afurðasölulöggjöfinni yrði breytt og einokunaraðstöðu einstakra aðila í útflutningsverzluninni aflétt.

Skipulagi bankanna yrði breytt með lögum.

Skattar lágtekjufólks yrðu lækkaðir verulega.

Skattfríðindi sjómanna aukin.

Og ný löggjöf skyldi sett, sem tryggði aukið fjármagn til úrbóta í húsnæðismálunum.

Niðurlag þeirra ályktunar, sem efnahagsmálaráð verkalýðssamtakanna samþykkti einróma að loknum fundum sínum og viðræðum við ríkisstj. í byrjun desember s. l., var á þessa leið:

„Í trausti þess, að vel takist með framkvæmd þessara ráðstafana, og með tilliti til þess höfuðmarkmiðs að tryggja næga atvinnu, telur miðstjórnin og efnahagsnefndin, að veita beri núverandi ríkisstj. starfsfrið, þar til úr því fæst skorið, hvernig framkvæmdin tekst.“

Þegar svo að því leið í vor, að verkalýðsfélögin ættu almennt að taka ákvörðun um, hvort þau vildu segja upp kaupgjaldssamningum eða ekki fyrir 1. maí, kom efnahagsmálaráð verkalýðssamtakanna aftur saman til fundar og átti viðræður við ríkisstj. Niðurstaða þeirrar ályktunar, sem þá var gerð, var sú, að það væri einróma álit miðstjórnar Alþýðusambandsins og efnahagsmálanefndar þess, að ekki væri tímabært að leggja til almennra samningauppsagna að svo stöddu,

og áherzla enn fremur lögð á þrjú meginatriði: að halda uppi fullri atvinnu í landinu, að stemma stigu við verðbólguþróuninni og gera allt, sem unnt væri, til að tryggja sem bezt kaupmátt launanna.

Í fullu samræmi við þessa niðurstöðu efnahagsmálanefndar og Alþýðusambandsstjórnar ákváðu langflest verkalýðsfélög landsins að segja ekki upp samningum fyrir 1. maí og framlengja þannig samninga sína fram á næsta haust. Þó eru nokkrar undantekningar frá þessu, eins og nú er kunnugt orðið. Sumar þessar uppsagnir eru aðeins til eðlilegra lagfæringa og til samræmis og þannig sjálfsagðar. En að öðru leyti vekur það athygli, að nú eru það sjálfstæðismenn, sem eggja ákafast til samningsuppsagna og verkfalla og eru skyndilega orðnir brennandi í *andanum fyrir því að bæta lífskjör verkalýðsins* með kauphækkunum. Svona geta tímarnir breytzt og mennirnir með.

Verkalýðshreyfingin hafði árum saman heitið á stjórnarvöld landsins að gera ákveðnar tilraunir til að stöðva dýrtíðina. Við þessu daufheyrðist ríkisstj. Ólafs Thors, og þá áttu verkalýðsfélögin aldrei neins annars úrkostar en að knýja upp kaupið með fórnfrekri verkfallsbaráttu. Viðnáms- og verðfestingarstefnan á óskiptu fylgi að fagna í verkalýðshreyfingunni og hefur lengi átt. Verðlagskapphlaupið þekkjum við af reynslunni, og við höfum tapað á því þrátt fyrir alla *okkar verkfallssigra á undanförnum árum*. Lagfæringar á launum hinna lægst launuðu telur ríkisstjórnin sjálfsagðar, og vonandi stendur ekki á Sjálfstfl. í því efni, t. d. að því er snertir kvennakaupið í landinu.

En stuðningur Sjálfstfl. nú við launakröfur hálaunamanna og verkfallaáhugi hans í því sambandi villir hvorki verkamenn né tryllir. Til þess er skottið á íhaldsrefnum of illa gyrt í brækur. Þeir sjá, að með öllum þessum tilburðum er einungis stefnt að því af Sjálfstfl. að reyna að ná því pólitíska marki að torvelda árangurinn af baráttunni gegn vaxandi dýrtíð. Það er *þessi óþjóðholla barátta sjálfstæðismanna*, sem einmitt gæti fyrr eða síðar leitt til stórfelldrar gengislækkunar. Og þá þætti mörgum verr að hafa stutt Sjálfstfl. til óheillaverksins.

Þessu næst vík ég þá að öðru höfuðatriði stjórnarsáttmálans, um ráðstafanir til atvinnuöryggis og aukins jafnvægis í **byggð landsins.** Eins og kunnugt er, hefur ríkisstj. fyrir nokkru aflað sér lagaheimildar til kaupa á 15 stórum nýtízku togurum, og er nú þegar lokið að mestu margþættum undirbúningi heima fyrir, til þess að samningar geti hafizt um smíði þeirra. Þá hefur verið ákveðið að láta smíða og kaupa fyrir Íslendinga 12 togskip af stærri gerð, 230—250 smálestir, og er smíði 6 þeirra þegar hafin. Enn er þess að geta, að 38 nýir vélbátar a. m. k. munu bætast í íslenzka fiskiskipaflotann á þessu ári.

Þessar aðgerðir stinga allar nokkuð í stúf við svefn og aðgerðaleysi fyrrverandi stjórnar undir forsæti Ólafs Thors, sem skildi eftir sig það afrek að hafa ekki keypt einn einasta togara til landsins í full 8 ár.

Þegar þess er enn fremur gætt, að á þessu ári verður varið 15 millj. kr. til framleiðslubóta úti um land, mestmegnis til aðstoðar við öflun nýrra atvinnutækja og til styrktar lífvænlegum atvinnurekstri sveitarfélaga og einstaklinga, að opinber vinna skv. ákvörðun fjárlaga verður *meiri en nokkru sinni fyrr*, að sementsverksmiðja og orkuver á Austfjörðum og Vestfjörðum eru í byggingu o. s. frv., þá geta menn í fyrsta lagi séð, hversu hol og hljómlaus brigzl Sjálfstfl. eru um svik í þessum málum, og í annan stað, hvílík öfugmæli það eru, þegar stjórnarandstaðan er að hræða fólk með ógnþrungnum spádómum um atvinnuleysi.

Þá kemur að Sogsvirkjuninni. Hefur ferill þessarar stjórnar nú verið sá sami og þeirrar fyrrverandi í því máli, en sá ferill var svefngöngumók, aðgerðarleysi og sífelld svik? Nei, því fer fjarri, því að lánsútvegun til þessa dýrasta mannvirkis, *sem Íslendingar hafa nokkru sinni ráðizt í*, hefur strax borið árangur á fyrsta ári stjórnarinnar. Samningar við verktaka eru gerðir, og verkið er hafið. Skal því lokið á næstu tveimur árum. Heimtar sú framkvæmd ein allmikið vinnuafl og undirstrikar ásamt mörgu öðru hraklega falsspádóma íhaldsins um atvinnuleysi.

Ríkisstj. lýsti því yfir í stefnuyfirlýsingu sinni, að hún liti á stöðvun verðbólgunnar sem sitt höfuðverkefni, og kvaðst hún mundu leggja sérstaka áherzlu á að koma í veg fyrir óeðlilegan gróða milliliða. Ríkisstj. hefur nú gert skyldu sína í þessum efnum. Í þessu máli er stjórnarandstaðan *sjálfri sér ósamkvæm*. Aðra stundina gerir hún sem allra mest úr öllum verðhækkunum og bregður stjórninni þá um slælega frammistöðu í verðlagsmálum, en hina stundina á Mbl. og verkfæri þess ekki til nógu sterk orð yfir það, sem þeir kalla fávitaleg verðlagsákvæði, þ. e. a. s. allt of ströng verðlagstakmörk, ofsóknaræði gegn kaupsýslustéttunum og að ætlunin sé að ganga af öllum heildsölum dauðum og þar fram eftir götunum.

Hvað er þá hið rétta í þessum málum? Stjórnin hefur staðið við það að draga úr óeðlilegum gróða milliliða. Í því skyni hefur álagning í *heildsölu verið lækkuð allverulega frá því, sem* heildsalarnir höfðu sjálfir ákveðið, meðan þeir höfðu sjálfdæmi í þeim málum.

Það skal raunar játað, að verðlagsákvæðin í heildsölunni eru í mörgum tilfellum nokkuð þröng, en þau eiga samt ekkert skylt við ofsóknir. Þeim er ekki einu sinni ætlað að granda einu einasta vel reknu heildsölufyrirtæki. Reynslan er þá líka sú, að þrátt fyrir öll æsiskrifin um verðlagsmálin hefur þess hvergi orðið vart, að verzlunarfyrirtæki hafi farið á hausinn upp á síðkastið eða stórlega hafi dregið úr verzlunarinnflutningi. Ætti þó hvort tveggja að vera farið að gera vart við sig, ef fávíslegum fantatökum og ofsóknarvinnubrögðum væri beitt, eins og haldið er fram af stjórnarandstöðunni.

Tiltölulega minni breytingar hafa orðið á verðlagsreglum smásala og iðnrekenda, en þó er þeim einnig ætlað að taka á sig nokkrar byrðar. Hafa þeir síðarnefndu, iðnrekendurnir, sannað það svo rækilega sem orðið getur með höfðinglegu tilboði sínu um hækkun kaups til verkafólks síns, að þeir voru ekki aðþrengdir af ákvæðum verðlagsyfirvalda. En hafi einhverjir vakið þeim von-

ir um það, að þessi rausn þeirra fengist fljótlega greidd í hækkuðu verðlagi, verður að hryggja þá með því, að það getur ekki orðið.

Annars ætti það að vera öllum auðskilið mál, að hagsmunir kaupmanna, iðnrekenda og verkafólks eiga í þessu efni að öllu leyti samleið. Þessar stéttir tapa allar á vaxandi dýrtíð og verðbólgu, og vissulega eiga bæði kaupmenn og iðnrekendur allt sitt atvinnuöryggi og alla sína gróðamöguleika undir góðri og almennri kaupgetu fjölmennustu stétta þjóðfélagsins, vinnustéttanna á sjó og landi. Óvild eða fjandskapur milli þessara stétta er því annaðhvort á skammsýni eða meinlegum misskilningi byggt, nema hvoru tveggja sé um að kenna, og væri þá mál, að því linnti.

Af hendi verðlagsstjórans þarf heldur engar ofsóknir að óttast. Hann hefur staðgóða þekkingu á starfi sínu, er réttsýnn maður og góðviljaður, en jafnframt fastur fyrir. Og hann er heill í þeim ásetningi að veita öflugt viðnám gegn ófarnaði verðbólgu og dýrtíðar. Í því starfi hans ættu allir góðir Íslendingar að styðja hann og samstarfsmenn hans til sigurs.

Það er líka skylt að taka fram, að ýmsir mætir menn í heildsalastétt hafa bæði í orði og verki viðurkennt réttmæti þeirrar stefnu stj. að stöðva vöxt dýrtíðarinnar. Hafa slíkir menn góðfúslega slegið af kröfum sínum og staðið vel við skyldur og skuldbindingar, sem á þá hafa verið lagðar. Er þetta því lofsamlegra, þegar stærsti stjórnmálaflokkur landsins sést ekki fyrir í óþjóðhollum áróðri sínum og leggur sig allan fram við að magna dýrtíðardrauginn á ný. Verður slík barátta þó áreiðanlega af fáum talin stuðla að auknu öryggi um fjárhagslegt sjálfstæði okkar unga lýðveldis. Það ætti Sjálfstæðisfl. að gera sér ljóst heldur fyrr en síðar.

Ræðumenn Sjálfstfl. tala um það hlakkandi, að stj. hafi ekki tekizt að stöðva verðlagið algerlega. Sízt ætti þetta að vera neinum fagnaðarefni, en hitt er satt, að dýrtíðin hefur hækkað um 4 stig á seinustu 10 mánuðum, og kemur sú vísitöluhækkun fram í kaupgjaldinu frá og með 1. júní að telja.

Það var strax sagt fyrir og engin fjöður yfir það dregin, að efnahagsmálaaðgerðirnar í haust mundu valda 2—3 stiga hækkun vísitölunnar. Þessi hækkun kom því engum á óvart. Þá hefur auðvitað engum dottið það í hug, að við gætum ráðið við erlendar verðhækkanir. Þannig hlaut það t. d. að fara með olíur og benzín vegna afleiðinga Súezstríðsins, verðið hlaut að hækka. Sykur hækkaði einnig verulega á erlendum markaði og nú seinast kaffið. Þá hækkaði sement einnig á tímabili vegna hækkaðra farmgjalda, en hefur nú lækkað aftur í verði. Kaffihækkunin kemur þó ekki öll fram í smásöluverðinu, þar sem heildsalinn sættir sig við að taka nokkurn hluta hennar á sig með helmingslækkun á álagningu. Sykur er nú aftur farinn að lækka í verði, og um verðlag á benzíni og olíum er það að segja, að miðað við óbreytt innkaupsverð og 65 shillinga fragt á tonn má gera ráð fyrir því, að verð á olíuvörum, þegar fram á sumarið kemur, fari niður undir það, sem það var fyrir Súezstríðið.

Útlitið er þannig ekki hið versta í verðlagsmálunum, og enn þá höfum við engan ósigur beðið í því stríði. En nú ríður líka á, að enginn ljái þeim öflum lið, sem aftur vilja koma verðlags- og kaupgjaldsskrúfunni af stað. Þar eru að verki þau öfl ein, sem alltaf hafa talið sig græða á gengisfalli, og enn þá er draumurinn sá sami. Gengislækkun einu sinni enn er það, sem þeir vilja knýja fram, hversu fagurlega sem þeir mæla.

Hitt eru vísvitandi ósannindi, sem stjórnarandstaðan ber nú blákalt fram, að ríkisstj. hafi samið um gengislækkun með haustinu. Ríkisstj. er þvert á móti staðráðin í að reyna allt, sem unnt er, til að skapa stöðugt verðlag og fast gengi. Gengislækkunar- og verkfallsbrask íhaldsins á ekkert annað skilið en dýpstu fyrirlitningu allra góðra manna.

Landinu hefur nú verið skipt niður í verðlagssvæði. Verkalýðsfélögin hafa flest kosið sér fulltrúa til samstarfs og aðstoðar við verðgæzlumennina. Þetta horfir í rétta átt. En það eitt er samt ekki nóg að mínu áliti. Ég heiti á alla, alveg sérstaklega á húsmæðurnar, að fylgjast vel og vandlega með verðlaginu og láta verðgæzluna strax vita, ef vart verður verðlagsbrota eða líkur bendi til, að um slík brot sé að ræða. Munu þá slík mál tafarlaust verða athuguð og réttur miskunnarlaust látinn ganga yfir þá, sem brotlegir reynast.

Það væri oss Íslendingum mikill sómi út á við og inn á við, ef samstarf hinna vinnandi stétta gæti ráðið niðurlögum hinnar sjúklegu verðbólguþróunar, sem þegar hefur valdið oss miklum álitshnekki og tjóni gagnvart viðskiptaþjóðum vorum. Situr vissulega sízt á flokki, sem kennir sig við sjálfstæði landsins, að svíkjast einmitt undan merkjum í einlægri baráttu hins vinnandi fólks fyrir stöðugu verðlagi og heilbrigðu efnahagslífi þjóðarinnar.

Í nánum tengslum við fyrirheit stj. um að berjast gegn dýrtíðinni lofaði hún að beita sér fyrir því, að fjármálastefna bankanna yrði í samræmi við þarfir atvinnuveganna og uppbyggingar- og framfarastefnu stjórnarinnar. M. a. var því heitið, að bankalöggjöfinni skyldi breytt á þá átt, að seðlabanki yrði settur undir sérstaka stjórn. Þessum fyrirheitum er nú verið að fullnægja með bankafrumvörpum þeim, sem nú eru í þann veginn að fá lögfestingu hér á hv. Alþ. Munu aðrir menn ræða þau mál nánar. En ekki hygg ég nú samt, að stjórnarandstaðan muni hafa hátt um svikabrigzl gegn stj. í bankamálunum. Þar langar hana heldur til, að eitthvað hefði undan dregið um efndir.

En hvað þá um loforð ríkisstj. um úrbætur í húsnæðismálunum? Er þar einungis um að ræða svikin loforð, eins og hv. þm. N-Ísf., Sigurður Bjarnason, var að fræða hlustendur á hér áðan. Í þeim málum stóðu sakir þannig við stjórnarskiptin, að hið almenna veðlánakerfi var peningalaust. Mun hafa verið talið nauðsynlegt að ráðstafa öllu því fé fyrir kosningar, sem til ráðstöfunar gat orðið fram til seinustu áramóta. Hins vegar biðu þá hátt á þriðja þúsund óafgreiddar lánabeiðnir, sem enga úrlausn höfðu fengið. Þá var leitað til bankanna, en það bar

engan árangur, peningar ekki til þar. Kostur var þó gefinn á að ræða málið síðar, þegar kæmi fram í júlímánuð í sumar. Þó tókst að útvega nokkurt bráðabirgðafé til útlána á seinasta fjórðungi ársins 1956 og á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Hefur hin nýja húsnæðismálastjórn alls úthlutað 790 lánum, að upphæð 28.6 millj. kr., þar af eftir seinustu áramót 19.3 millj., og svo segir hv. þm. N-Ísf., Sigurður Bjarnason, að ekkert hafi gerzt, síðan sjálfstæðismenn lögðu þar upp laupana. Til samanburðar má geta þess, að á 4 fyrstu mánuðum ársins 1956, meðan veðlánakerfið var enn í fullum gangi, var ekki úthlutað nema 17.1 millj. af A- og B-lánum samtals, eða 2.2 millj. kr. lægra en á fyrsta ársfjórðungi þessa árs og þeim síðasta á liðnu ári.

Á seinasta ári var aðeins varið tæpum 3 millj. kr. til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, en nú eru til þess verkefnis af hendi ríkissjóðs til um 8 millj. kr. á yfirstandandi ári, sem þýðir, að hægt er að verja allt að 16 millj. kr. til útrýmingar heilsuspillandi íbúða, ef bæjarfélög leggja fram jafna upphæð á móti, svo sem lög áskilja. Til verkamannabústaða hefur að undanförnu aðeins verið varið 2 millj. kr. í fjárl. Nú hefur sú upphæð verið tvöfölduð, og auk þess hefur ríkissjóður útvegað byggingarsjóði verkamanna 8 millj. kr. til viðbótar, svo að hann getur á þessu ári látið byggja verkamannabústaði fyrir 14—16 millj. kr. að meðtöldum framlögum sveitarfélaganna.

Það, sem mestu máli skiptir þó í húsnæðismálunum, er það, að nú hefur Alþ. afgreitt nýja húsnæðismálalöggjöf, sem marka mun tímamót í þessum efnum. Samkv. hinni nýju löggjöf verður stofnaður byggingarsjóður ríkisins með 118 millj. kr. stofnfé. Verða tekjur hans strax á næsta ári 23 millj. kr., en síðan munu þær fara vaxandi með hverju ári. Er talið, að árstekjur byggingarsjóðs ríkisins verði eftir 10 ár orðnar 32 millj. kr. á ári. Þá er ætlað, að eign sjóðsins eigi þrátt fyrir eðlilegar lánveitingar að vera orðin 293 millj. kr. eftir 10 ár, eða m. ö. o. í árslok 1966. Þá er áætlað, að önnur tekjuöflun byggingarsjóðs ríkisins nemi árlega 7—8 millj. Í þriðja lagi er svo gert ráð fyrir allt að 15 millj. kr. árstekjum til sjóðsins af skyldusparnaði ungs fólks frá 16 til 25 ára aldurs. Samtals geta allar árlegar tekjur byggingarsjóðs þannig orðið 40—45 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir í hinum nýju lögum, að hið almenna veðlánakerfi skuli starfa áfram við hlið byggingarsjóðs, og mun ríkisstj. sjá um, að húsnæðismálastjórn fái til úthlutunar á árinu 1957 eigi minni fjárhæð auk tekna byggingarsjóðs en 44 millj. kr. Þannig geta árlegar lánveitingar byggingarsjóðs og veðlánakerfis orðið milli 80 og 90 millj. kr. á ári, en á s. l. tveimur árum urðu lánveitingar húsnæðismálastjórnar aðeins 75 millj. kr. samtals, eða um 38 millj. kr. að meðaltali hvort árið um sig.

Af þessu má sjá, að með löggjöf þessari er mun meira fé en áður var ætlað til þess að bæta úr húsnæðisskortinum og málið leyst miklu meir til frambúðar en áður hefur verið gert. Fórust prófessor Ólafi Jóhannessyni, 1. hv. þm. Skagf., svo orð um þessa nýju húsnæðismálalöggjöf í Nd., að hún væri stærsta sporið, sem hingað til hefði verið stigið til varanlegrar úrlausnar á vanda húsnæðismálanna.

Stjórnarandstaðan geystist mjög á móti þessu frv. í fyrstu og beitti málþófi gegn framgangi þess. En þegar á leið, virtist draga allan mátt úr stjórnarandstæðingum til fjandskapar við málið, og svo fór að lokum, að frv. var samþ. í einu hljóði sem lög frá Alþ. Þeir lyftu ekki upp hendi á móti því.

Með skyldusparnaðinum, 6% af atvinnutekjum ungs fólks, sýnir löggjafinn fyrstu viðleitni til að hjálpa ungu fólki til að leysa þá annars torleystu þraut ungmenna, sem stofna heimili, að geta eignazt eigin íbúð. Það fé, sem safnast með skyldusparnaðinum, skal njóta þeirra forréttinda að vera útsvars- og tekjuskattsfrjálst, að vera vísitölutryggt, að njóta forgangsréttar til íbúðarlána að öðru jöfnu, og þessi lán mega vera allt að 25% hærri en almennt gerist, enda nemi upphæð sparifjárins að minnsta kosti 25 þús. kr. fyrir tímabilið. Svipaðra fríðinda nýtur samningsbundið sparifé til íbúðabygginga, nema hvað það er ekki vísitölutryggt. — Þetta vil ég aðallega segja um húsnæðismálin.

En ég fullyrði að lokum, að allt spjall stjórnarandstöðunnar um svik núverandi stjórnarflokka í húsnæðismálum er staðlausir stafir og fær í engu staðizt, eins og þær tölur sýna bezt, sem ég nú hef lesið. Það er sannast mála, að á þessu þingi hafa húsnæðismálunum verið gerð betri skil en menn þorðu í upphafi að vona, enda var þess mikil þörf, í slíkt ófremdarástand sem þau voru komin.

Ég hef hér gert grein fyrir fimm stórmálum, sem mynda gildan þátt í stjórnarsamstarfinu. Þessi mál eru: í fyrsta lagi hið grundvallandi samstarf milli ríkisvalds og stéttarsamtaka, í öðru lagi átökin í atvinnumálum með hinum miklu skipakaupum og stuðningi við byggingu fiskiðjuvera, í þriðja lagi hin nýja Sogsvirkjun, í fjórða lagi baráttan við verðbólguna og í fimmta lagi úrlausn húsnæðismálanna. Ég hef sýnt fram á, að allur svikasöngur hv. stjórnarandstöðu er falskur og á enga stoð í veruleikanum. En nú kann þó einhver að segja: Ríkisstj. hefur þó brugðizt einu af meiri háttar loforðum sínum. Samþykkt Alþ. frá 28. marz hefur ekki enn þá verið framkvæmd. — Og þetta er rétt. Vil ég nú víkja örfáum orðum að þessu máli.

Um þær mundir sem endurskoðun hernámssamningsins skyldi fara fram, í nóvember s. l., hafði alvarlega ófriðarbliku dregið á loft, og hefur verið upplýst síðar, að óvissa hafi þá ríkt um það um skeið, hvort friður héldist í heiminum eða styrjöld brytist út. Svo mikið er víst, að eins og sakirnar stóðu þá, var ekki hægt að koma samþykktinni um brottför hersins fram í ríkisstj. Íslands. Frestur um óákveðinn tíma varð niðurstaðan. Þá var spurningin aðeins þessi: Áttum við ráðh. Alþb. að ganga frá öllum öðrum stefnumálum ríkisstj. óleystum og vita þó vel, að kyrr var herinn í landinu engu að síður? Miðstjórn og þingflokkur Alþb. mátu aðstöðu og málavexti ágreiningslaust á þann veg, að engum væri greiði ger með brottför okkar úr ríkisstj. út af þessu máli, nema íhaldinu, sem vissulega hefði þá innilega fagnað þeim málalokum.

En afstaða Alþb. til herstöðvamálsins er sú sama í dag og þann 28. marz. Samþykktin er í fullu gildi, og hana ber að okkar áliti að framkvæma á þann hátt, sem um var samið í stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar.

Því miður er nú tími minn á þrotum. En að lokum vil ég aðeins fara örfáum orðum um stjórnarandstöðu Sjálfstfl.

Skömmu eftir að stjórnin settist að völdum, hét minn gamli vopnabróðir, hv. þm. N-Ísf., Sigurður Bjarnason, því undir heiðum síðsumarshimni austur í Hallormsstaðaskógi, að stjórnarandstaða Sjálfstfl. skyldi verða hörð, en ábyrg og sanngjörn, eins og hv. þm. Barð vitnaði einnig til áðan. Því miður hefur þó farið svo, að hún hefur ekkert af þessu orðið. Hörð hefur hún ekki verið, heldur ofsafengin og úthaldslaus, ekki ábyrg, heldur hið gagnstæða, ekki sanngjörn, heldur ómálefnaleg og mótsagnakennd, í fáum orðum sagt heldur vesöl og veigalítil stjórnarandstaða.

Geðvonzka og vanstilling formanns stjórnarandstöðunnar hefur hvað eftir annað vakið kátínu á Alþingi. Oftar en einu sinni hefur þm. Sjálfstfl. verið skipað að ganga af fundi, þegar á móti blés í þingsölum. Seinasta þingverkfallið átti sér þá orsök eina, að ræðumenn Sjálfstfl. mættu sjálfir of seint til fundar, og varð umr. því lokið, áður en þeir komu. Féllu þá niður málþófsmöguleikar hinnar hörðu stjórnarandstöðu í það sinn. Hitt er þó verra og alvarlegra, að stjórnarandstaðan hefur, eins og hæstv. forsrh. rakti hér rækilega áðan, lagt sig alla fram til að spilla áliti og lánstrausti Íslendinga erlendis. Sams konar öfgar til óþurftar eru verkfallsbrask íhaldsins innanlands og nú seinast gengislækkunarskröksagan. Þetta óþjóðholla framferði kemur harla illa heim við heilsíðufyrirsögnina stórletruðu, sem birt var í Morgunblaðinu í fyrrasumar, einmitt sama daginn og stjórn Hermanns Jónassonar tók við völdum, en sú fyrirsögn var á þessa leið í Morgunblaðinu: „Sjálfstæðismenn setja heill Íslands ofar öllu.“ En í framkvæmdinni virðist þessi hástemmda setning hafa orðið þannig: Þegar við sjálfstæðismenn erum í stjórnarandstöðu, varðar okkur ekkert um heill og heiður Íslands. — Slíkt er ófarsæl stjórnarandstaða, og hún er ósamboðin þúsundum þeirra manna, sem hingað til hafa kosið Sjálfstfl. í þeirri góðu trú, að hann væri þó a. m. k. ábyrgur og þjóðhollur stjórnmálaflokkur. En í því efni hafa þeir nú fengið öðru að kynnast. — Góða nótt.

Björn Jónsson: Herra forseti. Heiðruðu tilheyrendur. Í alþingiskosningunum á síðasta ári lét íslenzk alþýða til sjávar og sveita í ljós ótvíræðan vilja sinn um það, að mynduð yrði ríkisstj., sem setti sér það höfuðmarkmið að binda endi á það styrjaldarástand, sem ríkt hafði í nær tug ára af hálfu ríkisvaldsins gegn verkalýðshreyfingunni, gerði gangskör að stöðvun dýrtíðar, bætti lífskjör vinnustéttanna eftir megni og efldi atvinnulíf í landinu.

Vinstri flokkarnir fóru að ótvíræðum vilja almennings og mynduðu slíka ríkisstj. fyrir 10 mánuðum. Sá tími er ekki langur, en þó er óhætt að fullyrða, að á þessum mánuðum hefur orðið alger stefnubreyting í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar. Hvergi er þessi breyting augljósari en í störfum ríkisstj. og stuðningsflokka hennar í atvinnumálunum, sem í hinum mikilvægustu greinum hafa verið afrækt og vanrækt á mörgum síðari árum og þar með sú undirstaða, sem viðunanleg og bætt lífskjör verða að hvíla á, ef vel á að fara.

Á árunum 1949—56 lækkaði rúmlestatala íslenzka togaraflotans úr 28790 lestum í 28480, og fiskibáta yfir 100 lesta úr 8500 í 8270, en minni báta hækkaði um örfáar lestir. Þetta eru tölur, sem tala skýru máli um það, hvernig búið var að útveginum, undirstöðunni að afkomu þjóðarinnar, meðan Sjálfstfl. stýrði málefnum hans. Í 8 ár var enginn nýr togari keyptur til landsins, ekkert var sinnt því brýna verkefni að endurnýja þessi mikilvirkustu atvinnutæki þjóðarinnar. Svipuðu máli gegndi um bátaflotann og raunar allan skipastólinn í heild. Þannig lækkaði heildarrúmlestatala alls skipastólsins um 2000 á 4 síðustu valdaárum sjálfstæðismanna. Þannig varð hún í reynd, sú mikla framfarastefna, sem form. stjórnarandstöðunnar, Ólafur Thors, gumaði af hér í kvöld. Ef svo hefði haldið fram sem horfði, hlaut að því að koma, að þjóðin stæði uppi með úrelt og niðurgrotnuð þau atvinnutæki, sem eru hennar frumskilyrði til sjálfsbjargar og sjálfstæðis. Engu var skeytt um að auka þessi atvinnutæki, ekki einu sinni sem nam árlegri og eðlilegri fólksfjölgun í landinu, — enginn gaumur gefinn að því, að alls staðar, í öllum greinum atvinnulífsins er þörf framfara og endurbóta í samræmi við kröfur nýrra tíma um bætta tækni og aukna afkastagetu.

Þær tölur, sem ég nefndi, sanna, hvert stefndi í þessum efnum í stjórnartíð Sjálfstfl. Einhverjir kynnu nú að segja, að þrátt fyrir þetta hafi stjórnir þeirra ekki haft beina forustu um að spilla því, að t. d. hið marglofaða einstaklingsframtak leysti vandann. En því miður verður líka að segja þann sannleika. Valdi sínu yfir fjárfestingunni, bæði í ríkisstj. og algerum yfirráðum í lánastofnunum, beitti Sjálfstfl. einmitt alveg sérstaklega til þess að hlunnfara sjávarútveginn og gera hlut hans svo vesælan sem verða mátti. Þannig var fjárfesting í samanlögðum fiskveiðum og fiskiðnaði 30 millj. árið 1954, en það ár nam fjárfestingin samtals 853 millj. Aðalatvinnuvegurinn, sem stendur undir nær allri gjaldeyrisöfluninni, fékk þannig í sinn hlut aðeins 3½%. Nei, þetta er ekki misheyrn, 3½% fór til fjárfestingar í þeirri atvinnugreininni, sem skapar yfir 90% af gjaldeyristekjunum.

Þannig var viðhorfið, þegar stjórnarskiptin urðu á s. l. ári. Meðan gegndarlausum fjáraustri var haldið til óarðbærrar fjárfestingar og í sumum tilfellum beinlínis skaðlegrar, hlaut sjávarútvegurinn hreina smámuni í sinn hlut. Að öðru leyti var svo að kjörum hans búið, að ekki var fýsilegt fyrir neinn að leggja fé í útgerð og henni skyldan atvinnurekstur. Í fáum orðum sagt: það var stefnt að því, að öllum líkindum vitandi vits, að undirstöðuatvinnuvegurinn hryndi. Þeirri stefnu var haldið óbreyttri í þau 8 ár, sem form. núverandi stjornarandstöðu hélt

um stjórnvölinn. Búskaparregla hans var sú, að mjólkurkýrin skyldi seld, en geldneytin alin.

En þjóðinni blæddi fyrir þá stöðnun í atvinnulífinu, sem þessi stefna leiddi af sér. Í stað atvinnutækjanna fengu íbúar landsbyggðarinnar reisupassa í hernaðarvinnu eða enga úrlausn ella, og atvinnuleysi magnaðist víða um land, sem aftur leiddi af sér fólksflótta til suðvesturkjálka landsins, húsnæðisböls í höfuðborginni og nágrenni hennar og umturnun á öllu eðlilegu jafnvægi í efnahagsmálum landsmanna.

Þegar núverandi ríkisstj. var mynduð, var ljóst, að í þessum efnum yrði að gerbreyta um stefnu, ef nokkur von ætti að verða til þess að skapa almenningi í landinu afkomuöryggi og þjóðinni efnalegt sjálfstæði. Og það hafa nú þegar á hinu fyrsta þingi eftir stjórnarmyndunina verið stigin stærri skref til að ná þessu marki en nokkru sinni áður í sögu þjóðarinnar. Fyrirheit stjórnarsáttmálans um kaup 15 nýtízku togara hafa verið staðfest með löggjöf, og var það eitt af fyrstu verkum þingsins. Síðan hefur ósleitilega verið að því unnið að undirbúa framkvæmdir, og mun þess nú skammt að bíða, að samið verði um smíði þessara skipa.

En það hefur verið gert meira en að efna fyrirheitin um togarakaupin. — Strax og löggjöfin um þau var sett á Alþ., var jafnframt ákveðið, að smíðuð yrðu 6 nýtízku fiskiskip. Og nú fyrir fáum dögum voru enn samþ. ný heimildarlög um að fjölga þessum skipum í 12. Þegar hefur verið samið um smíði 6 þessara skipa, og um smíði hinna verður trúlega samið næstu vikurnar. Með þessum togara- og fiskiskipakaupum og þeim miklu möguleikum, sem fyrirgreiðsla Alþ. og ríkisstj. í formi hagstæðra lána veitir útgerðinni til þess að eignast þau og reka, er brotið blað í atvinnusögu þjóðarinnar. Tími stöðnunarinnar er liðinn og skeið framfara hafið að nýju.

Í sambandi við þessa grundvallarstefnubreytingu í málefnum útvegsins hefur glögglega komið í ljós, að trú manna á framtak í þessum efnum hefur vaknað að nýju. Þannig hefur komið á daginn, að drifið hefur að umsóknir um smátogarana frá útvegsmönnum víða um land, sem nú eygja að nýju tilgang í að leggja fé í kaup á fiskiskipum og hliðstæðum framleiðslutækjum.

Þrátt fyrir þá miklu fólksflutninga, sem átt hafa sér stað á síðari árum utan af landsbyggðinni, þreyja þar enn þorrann og góuna þúsundir manna, sem búa við algerlega ófullnægjandi atvinnuskilyrði og þar af leiðandi afkomu, sem í engu svarar þeim kröfum, sem þorri manna gerir nú til daglegs lífs. Hlutur margs þessa fólks í atvinnutekjunum er oft og tíðum slíkur, að manni hrýs hugur við, að nokkrir dugandi menn skuli nú þurfa að búa við slík kjör. Þegar meðaltekjur manna í heilum sýslufélögum komast niður í það að verða helmingur eða minna af meðaltekjum manna í öðrum byggðarlögum, er orðið næsta ljóst, í hvert óefni er komið og misrétti. En um þetta fjalla óljúgfróðar skýrslur.

Það heyrast stundum raddir í þá átt, að viðleitni til að rétta við atvinnu og afkomu í sjávarþorpum og kaupstöðum úti á landi sé eins konar bónbjargarstarfsemi, sem hvíli sem leið kvöð á ríkisstj., og því er ekki að neita, að aðgerðir stjórnarvalda hafa um of mótazt af slíkum viðhorfum. Hið rétta er, að allt þjóðfélagið líður óbætanlegt tjón við þá sóun á dýrmætu vinnuafli að láta þúsundir manna sitja auðum höndum langtímum saman og meina þeim að fá í hendur þau atvinnutæki, sem geta gert þá að fullgildum þátttakendum í framleiðsluatvinnuvegunum.

Núverandi ríkisstjórn og stuðningsflokkar hennar lýstu því yfir í stjórnarsáttmála sínum, að þeir mundu leggja höfuðáherzlu á atvinnulega uppbyggingu í þeim þrem landsfjórðungum, sem verst eru settir í atvinnulegum efnum. Ég hef þegar nefnt kaup togaranna og fiskiskipanna. Tilkoma þeirra á næstu 2—3 árum er stærsta sporið, sem nokkru sinni hefur verið stigið til atvinnulegrar viðreisnar landsbyggðarinnar, og mun víða í útgerðarstöðum landsins valda gerbreytingu um atvinnu og afkomu. Því fer þó fjarri, að þessi aukning skipastólsins sé hið eina, sem gert hefur verið og mun verða gert á næstu tímum í þessa átt.

Á því þingi, sem nú er að ljúka störfum, var ákveðið við afgreiðslu fjárlaga að verja 15 millj. kr. til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu. Er hér þefölduð sú upphæð, sem til hliðstæðra ráðstafana hefur verið veitt undanfarin ár. Þessi fjárveiting mun fyrst og fremst fara til þess, að unnt verði að koma í gagn fiskiðjuverum, hraðfrystihúsum og fiskvinnslustöðvum öðrum, sem ýmis bæjar- og sveitarfélög og einstaklingar hafa verið að reyna að koma upp af litlum efnum og við algerlega ófullnægjandi aðstoð hins opinbera. Þessar tiltölulega stóru fjárveitingar til þessara mála ásamt og samhliða annarri fyrirgreiðslu ríkisvaldsins munu vafalaust sjá verulegan stað þegar á þessu ári í meiri atvinnu og betri afkomu fólks í mörgum útgerðarbæjum landsins.

Við hlið aukinnar útgerðar og byggingar fiskvinnslustöðva eru hafnarmálin mál málanna fyrir velflesta útgerðarbæi landsins. Og víða er ástandið í þeim efnum þannig, að stórfelldar úrbætur eru algert skilyrði fyrir eðlilegri atvinnuþróun. Í þessum efnum eru geysileg verkefni, sem kosta mikla fjármuni, óleyst, m. a. vegna þess, hve fjárveitingar á liðnum árum hafa verið við nögl skornar. Fjárveitingar til hafnarmála hafa á fjárl. þessa árs verið auknar um milljónir króna frá því, sem áður var, en auk þess hefur ríkisstj. lýst því yfir, að leitað verði af hennar hendi eftir erlendum lánum til hafnarframkvæmda og þær auknar stórlega þegar á þessu ári.

Þá hefur fiskveiðasjóður mjög verið efldur. M. a. með sérstakri löggjöf er honum tryggð tekjuaukning, sem nemur um 4½ millj. kr., og auk þess hefur 10 millj. kr. lán, sem sjóðurinn fékk af greiðsluafgangi fyrri ára, verið breytt í óafturkræft framlag, sem að sjálfsögðu eykur eigið fé hans og rýmkar starfsmöguleika hans í þágu uppbyggingar útvegsins.

Ég hef hér í stuttu máli rakið fá atriði úr starfssögu þessa þings, sem varða miklu atvinnuuppbyggingu þá, sem okkur er nú meiri nauðsyn að framkvæma en nokkuð annað, sem snertir efnahagsmál þjóðarinnar. Stærsta framkvæmdin, sem ríkisstj. hefur hrint af stað, og

um leið mesta atvinnuframkvæmd, sem íslenzka þjóðin hefur nokkru sinni ráðizt í, Sogsvirkjunin nýja, er þó ótalin svo og fjöldi annarra framkvæmda, sem þing og stjórn hafa ákveðið að styðja beint og óbeint og margar hverjar hafa úrslitaþýðingu í atvinnulífi einstakra byggðarlaga.

Ég ætla þó, að þau dæmi, sem ég hef nefnt, séu næg sönnun þess, að alger straumhvörf hafa orðið í afstöðu Alþ. og ríkisstj. í atvinnumálunum frá því, sem áður var, meðan flokkur Reykjavíkurauðmanna hafði töglin og hagldirnar í þeim málum, og fyllilega hafi verið efnt fyrirheit stjórnarsáttmálans hvað þetta snertir, og fá svikabrigzl stjórnarandstöðunnar þar engu um þokað.

Það er stundum talað um varanlega lausn efnahagsmálanna, og stjórnarandstaðan hefur það uppi sem eitt helzta árásarefni á ríkisstj., að hún hafi ekki fundið þessa einu varanlegu lausn. Vitanlega sjá allir og fulltrúar stjórnarandstöðunnar ekkert síður en aðrir, að hér er um barnalegan orðaleik að ræða, ef skilja ber varanlega lausn á þann veg, að með henni sé allur vandi leystur um tíma og eilífð.

Hitt er jafnvíst, að vandi efnahagsmálanna verður ekki leystur, svo að til nokkurrar frambúðar dugi, nema því frumskilyrði sé fullnægt, að atvinnulífið sé eflt, allt vinnuafl fullnýtt til þarflegra starfa og framleiðslan aukin svo sem framast er unnt. Og til þeirrar áttar hafa nú á aðeins tíu mánaða starfstíma núverandi ríkisstj. verið stigin fyrstu skrefin, sem lofa miklu, ef sömu stefnu verður framvegis fylgt og alþýða landsins til sjávar og sveita ber gæfu til að standa saman um að veita þessari stefnu brautargengi og atfylgi.

Nú um langt skeið hefur hernámssinnað íhald unnið skipulega að því að gera þjóðina efnahagslega ósjálfbjarga að eigin atvinnu og framleiðslu með því að beina verulegum hluta af vinnuafli landsmanna að þjónsstörfum hjá erlendum her, en vanrækja atvinnuvegina. Það er þessi stefna öðru fremur, sem hefur orðið völd að því efnahagslega öngþveiti og gjaldþroti atvinnuveganna, sem núverandi ríkisstj. tók við úr hendi íhaldsins á miðju s. l. ári, og krefur nú hvern þegn þjóðfélagsins um gjald fyrir óstjórn þess. Engum getur verið ljósara en þeim, sem ábyrgðina bera á þessari stefnu og afleiðingum hennar, að að skuldadögunum var komið um síðustu áramót og þó heldur fyrr og óhjákvæmilegt var að leggja nokkrar byrðar á þjóðina. Samt hafa þeir brjóstheilindi til að þykjast komnir af fjöllum og hvergi hafa komið nærri. Þeim er líka vel ljóst, að þeim álögum, sem leggja varð á um síðustu áramót til greiðslu á syndagjöldum stjórnarstefnu þeirra, er nú jafnað á þjóðfélagsþegnana af meira réttlæti en áður hefur tíðkazt og með fullu samráði við launastéttirnar. Og það er þetta, sem þeim er mestur þyrnir í augum. Þeir vita, að það samstarf, sem tekizt hefur milli ríkisvaldsins og alþýðusamtakanna, sviptir þá möguleikanum til að koma afleiðingum misgerða sinna öllum yfir á bök launastéttanna. Þess vegna leggja þeir nú alla áherzlu á að spilla sambúðinni milli verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstj. En það er borin von, að það takist svo sem tilætlunin er. Til þess er svikamyllan of augljós, til þess fer gervi verkalýðsvináttu foringjum Sjálfstfl. of illa, og til þess hræða spor þeirra frá fyrri tímum of mikið.

Það er vissulega engin tilviljun, að í öllum þeim miklu umr., sem farið hafa fram utan þings og innan um stjórnmálin frá myndun þessarar ríkisstj., sem nú situr við völd, hefur stjórnarandstaðan aldrei fengizt til að orða það, hvaða úrræði hún hefur upp á að bjóða í efnahagsmálum. Engar áskoranir hafa megnað að losa um tungutak hennar um þetta meginatriði. Og þess er heldur varla þörf, því að enginn gengur þess dulinn, að hennar úrræði yrðu stórfelld gengisfelling og binding verkkaups, sem hefði í för með sér meiri lífskjaraskerðingu og eignarán en sögur fara af í okkar þjóðfélagi og mundi leiða til nýrrar stöðnunar í öllu atvinnulífi landsmanna.

Gegn þessari stefnu hefur mikill og áreiðanlega vaxandi meiri hluti þjóðarinnar sameinazt að baki núverandi stjórnarsamstarfi, sem reynast mun því traustara sem lengra líður og árangrarnir af viðreisnarstarfi þess í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar verða meiri og augljósari staðreyndir í daglegu lífi hinnar vinnandi þjóðar.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Um mörg undanfarin ár hafa allir Íslendingar átt kost nægrar atvinnu og ekki sjálfir getað annað þeim störfum öllum, sem leysa hefur þurft af hendi. Þær ríkisstj., sem hér hafa verið seinustu 16 árin, hafa því ekki átt við erfiðleika atvinnuleysisins að stríða. Hér hefur hins vegar verið stöðugt vaxandi verðbólga öll þessi ár, að vísu mismunandi ört vaxandi, en ætíð vaxandi, sífellt kapphlaup á milli verðlags og kaupgjalds. Síðan á styrjaldarárunum hefur engin ríkisstj. verið mynduð í landinu, án þess að meginverkefni hennar hafi verið að leitast við að stöðva verðbólguna og gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að framleiðslutæki þjóðarinnar stöðvuðust vegna ósamræmis á milli framleiðslukostnaðar og afurðaverðs. Til ýmissa aðgerða hefur verið gripið. Sumar hafa dregið úr vaxandi verðbólgu um skeið, aðrar hafa beinlínis aukið verðbólguna. En allar eiga þessar aðgerðir það sameiginlegt, að engin þeirra hafði megnað að koma á jafnvægi og stöðvun verðbólgunnar, þegar núv. ríkisstj. var mynduð.

Róttækustu ráðstafanirnar voru gerðar, er gengi krónunnar var fellt í ársbyrjun 1950. Glæfraleg fjármálastjórn og algert hirðuleysi um nauðsynlegar hliðarráðstafanir urðu hins vegar meðverkandi orsök þess, að gengislækkunin kallaði yfir þjóðina ægilegri verðbólgu en nokkru sinni fyrr. Þegar stjórn Ólafs Thors fór frá völdum í s. l. júlímánuði, var svo komið, að engum heilskyggnum manni duldist, að alger stöðvun framleiðsluatvinnuveganna var yfirvofandi og að þjóðarskútan sogaðist fram og aftur stjórnlaus í brimgarðinum. Seinustu 12 mánuðina sem Sjálfstfl. fór með stjórnarforustuna hafði vísitalan hækkað um 20 stig, og frá

því að Ólafur Thors gerði seinustu svokölluðu dýrtíðarráðstafanir sínar í ársbyrjun 1956 g þar til hann fór frá 6 mánuðum síðar jókst dýrtíðin um tæp 13 stig.

Fyrirsjáanlegt var, að ef ekkert væri að gert, mundi vísitalan komast yfir 200 stig við lok ársins 1956. Enginn þarf að efast um, hvað slík gífurleg hækkun vísitölunnar hefði þýtt. En við þessum arfi tók núverandi ríkisstj., er hún var mynduð í s. l. júlímánuði. Það hlaut að sjálfsögðu að verða fyrsta verkefni núv. ríkisstj. að koma í veg fyrir yfirvofandi stöðvun framleiðsluatvinnuveganna, og í stefnuyfirlýsingu sinni tók ríkisstj. fram, að hún liti á stöðvun verðbólgunnar sem eitt af höfuðverkefnum sínum.

En hvaða leiðir átti að fara til að ná þessu marki, og hvað bar að forðast? Hver var höfuðástæðan fyrir því, að jafnan hafði tekizt svo ógiftusamlega til, þegar Sjálfstfl. hafði farið með stjórnarforustu? Hver var t. d. ástæðan til þess, að Sjálfstfl. tókst að hækka vísitöluna um 89 stig á ½ ári, er hann fór einn með stjórn árið 1942, og innleiddi þar með verðbólguna í íslenzkt efnahagslíf? Hver var ástæðan fyrir því, að Sjálfstfl. tókst að hækka vísitöluna um 20 stig seinustu 12 mánuðina, áður en hann hrökklaðist frá völdum á s. l. ári?

Þessum spurningum er öllum auðsvarað. Stjórnarforusta Sjálfstfl. hafði vanrækt að leita eftir og koma á nauðsynlegu samstarfi ríkisvaldsins, launþegasamtakanna og framleiðenda. Stefna og aðgerðir Sjálfstfl. í efnahagsmálum hafa verið með þeim hætti, að launþegasamtökin hafa ekki getað sætt sig við þær. Afleiðingin hefur verið, að hvert verkfallið eftir annað hefur skollið á. Sama er að segja um framleiðendur. Útvegsmenn áttu í styrjöld við ríkið á stjórnarárum Sjálfstfl. og beinlínis stöðvuðu útflutningsframleiðsluna til stórkostlegs tjóns fyrir þjóðina. Er það nægilega alvarlegt fyrir þjóðfélagið, þegar til stórdeilna dregur á milli launþega og atvinnurekenda, þó að ekki bætist við, að báðir þessir aðilar eigi einnig í styrjöld við ríkisvaldið. Þegar svo er komið er vá fyrir dyrum.

Á þessu ástandi varð að verða breyting, ef ekki átti illa að fara. Minnugir ófara Sjálfstfl. og stefnu sinni trúir lýstu stjórnarflokkarnir því yfir, er núv. ríkisstj. hóf störf sín, að hún mundi taka upp samstarf við samtök verkalýðs og launþega, bænda og útgerðarmanna og annarra framleiðenda til að finna sem heppilegasta lausn á vandamálum atvinnuveganna. Ég hef engan sanngjarnan mann hitt, sem ekki skilur og viðurkennir, að hér er tekin upp sú eina stefna, sem gat verið þess megnug að leiða þjóðina út úr þeim ógöngum, sem í var komið. Spurningin er, hversu til hefur tekizt um framkvæmdina.

Eitt af fyrstu verkum ríkisstj. var að ná samkomulagi til bráðabirgða við verkalýðssamtökin um að falla frá þeirri vísitöluhækkun, sem launamenn áttu kröfu á, gegn því, að landbúnaðarvörur hækkuðu ekki, og ríkisstj. setti lög, sem bönnuðu verðhækkanir til áramóta. Afleiðingin af þessu varð sú, að vísitalan hélzt óbreytt í 184 stigum í stað þess að hækka upp í a. m. k. 200 stig. Næsta sporið var að hefja samninga að nýju við stéttasamtökin um, hvað gera skyldi, til þess að framleiðslan, sem öll var að stöðvast við sjávarsíðuna, gæti haldið áfram. Þær samningaumleitanir leiddu til þess, að bátagjaldeyriskerfið var lagt niður og millifærsluleiðin tekin upp. Ég ætla ekki að rekja hér þá löggjöf, sem sett var á þessum grundvelli, en legg áherzlu á, að það, sem þarna var gert, byggðist í einu og öllu á algeru samkomulagi við launþegasamtökin og framleiðendur. Þessir aðilar féllust á aðgerðir ríkisstj. í efnahagsmálunum og tóku upp samvinnu við hana um framkvæmd þeirra. Með þessu tókst ríkisstj. að ráða fram úr vandamálum framleiðsluatvinnuveganna í samstarfi við vinnustéttirnar og framleiðendur og tryggja sér samvinnu við þessa aðila um framkvæmd úrræðanna.

Allir þjóðhollir og sanngjarnir Íslendingar, hvar í flokki sem þeir stóðu, fögnuðu því, að nú hafði tekizt að ráða fram úr vandanum með samkomulagi við þessa aðila, og menn sáu fram á, að nú var að skapast sá grundvöllur, sem nauðsynlegur var til að koma jafnvægi á í efnahagslífinu og stöðva kapphlaupið milli verðlags og launahækkana.

En hvað hafði Sjálfstfl., stjórnarandstaðan, til þessara mála að leggja? Hverjar voru till. Sjálfstfl. til úrlausnar vandamála framleiðsluatvinnuveganna og efnahagsmálanna? Sjálfstfl. gerði sér það áreiðanlega ljóst, að aðgerða var þörf, til þess að atvinnurekstur landsmanna stöðvaðist ekki algerlega. Og það er vissulega rétt, sem segir einhvers staðar í Morgunblaðinu, að sumir af leiðtogum Sjálfstfl. hafa varið mörgum árum af ævi sinni til að vara við hættu verðbólgunnar. En hver voru úrræði flokksins? Það vakti athygli, að þegar till. ríkisstj. um lausn efnahagsmálanna voru til meðferðar í þinginu á s. l. hausti, hafði Sjálfstfl. ekkert til málanna að leggja. Þessi flokkur, sem sífellt gumar af því að vera stærsti flokkur þjóðarinnar, hafa á bak við sig 41% kjósenda, vissi ekkert, hvað hann vildi í efnahagsmálunum, kunni á engar leiðir að benda sem líklegar til að ráða fram úr þeim vanda, sem Sjálfstfl. þó hafði haft forustuna um að koma þjóðinni í. Sjálfstæðismenn færðu sér það til afsökunar, að þeir hefðu ekki átt þess kost að kynnast athugunum erlends hagfræðings, er hér dvaldi í nokkra daga á s. l. hausti, og því ekki getað gert neinar till. í efnahagsmálunum. Hafa menn heyrt aumari fyrirslátt? Flokkurinn, sem sífellt gumar af mikilhæfu forustuliði, djúptækri þekkingu á efnahagslífi þjóðarinnar, flokkurinn, sem telur sig öllum öðrum hæfari til forustu í þjóðmálum, veit ekkert hvað hann vill, veit engin úrræði í efnahagsmálunum, vegna þess að erlendur maður, sem hér dvelur í nokkra daga, leiðbeinir flokknum ekki í þessum efnum. Þetta er risið á forustu Sjálfstfl. eftir allt skrumið. En Sjálfstfl. gerði annað. Hann bar fram till. um þingrof og nýjar kosningar, væntanlega í þeim tilgangi, að þjóðin fengi honum ráðin í landinu. Till. var þó ekki rökstudd með því, að ríkisstj. réði ekki við vandamálin né að Sjálfstfl. kynni á þeim betri skil. Rökin voru þau og þau ein, að úrræði ríkisstj. væru eiginlega stolin frá Sjálfstfl. Ég efast um, að nokkru sinni hafi verið aumari og vesælli stjórnarandstaða á Íslandi. Fyrst lýsir Sjálfstfl. því yfir, að forustumenn

hans viti engin ráð í efnahagsmálunum, og síðar, þegar ríkisstj. er búin að leysa vandann, gerir flokkurinn sig að því víðundri að heimta þingrof og nýjar kosningar með þeim yfirlýstu rökum, að ríkisstj. hafi ekki gert annað en það, sem Sjálfstfl. vildi sjálfur gert hafa.

Ég þykist ekki þurfa að eyða að því orðum, hversu fjarri því fer, að úrræði ríkisstj. í efnahagsmálum eigi nokkuð skylt við úrræði Sjálfstfl. Það hefur aldrei verið stefna Sjálfstfl. að leysa vandamál efnahagslífsins í fullu samráði við stéttasamtökin, eins og núv. ríkisstj. gerir, ekki aðeins að því er varðar val leiða út úr erfiðleikunum, heldur einnig að því er varðar hliðarráðstafanir og sjálfa framkvæmd þess, sem gert er.

Það má segja, að fyrstu viðbrögð stjórnarandstöðunnar við till. ríkisstj. til lausnar efnahagsmálanna hafi verið meinlaus. Það kom ekki að sök, og þess var ekki einu sinni saknað, þó að Sjálfstfl. hefði engar till. að gera til lausnar efnahagsmálunum. Og flokkurinn gerði sig bara hlægilegan, þegar hann bar fram till. um þingrof. En hitt var alvarlegra, þegar Sjálfstfl., eftir að efnahagsráðstafanirnar komu til framkvæmda, neytti allra bragða til þess að grafa undan efnahagslífi þjóðarinnar og koma af stað nýrri verðbólgu. Það er að sjálfsögðu bæði réttur og skylda stjórnarandstöðunnar að gagnrýna það, sem hún telur miður fara hjá ríkisstjórninni. Sú stjórnarandstaða, sem ekki gerir það, er ekki vanda sínum vaxin. En þegar stjórnarandstaðan grípur til þess örþrifaráðs að leitast við að eyðileggja efnahagskerfi þjóðarinnar, þá er lengra gengið en svo, að þjóðin megi láta bjóða sér slíkt. En það er einmitt þetta, sem forusta Sjálfstfl. er nú að leitast við að gera.

Þegar ríkisstj. gerði samkomulagið við stéttarfélögin og framleiðendur landbúnaðarvara á s. l. sumri um, að vísitöluhækkun við greiðslu kaupgjalds og hækkun landbúnaðarvara skyldi ekki koma til framkvæmda, ráku blöð Sjálfstfl. upp óp mikið. Þessi blöð, sem alla tíð höfðu verið málsvarar andstæðinga verkalýðsins í öllum kaupdeilum og alltaf barizt á móti kjarabótum verkafólks, urðu nú skyndilega málsvarar verkamanna og töldu, að ríkisstj. væri að rýra kjör launþega og bænda með því að koma í veg fyrir, að verðlag og kaupgjald hækkaði á víxl. Með málflutningi sínum leituðust blöð Sjálfstfl. á allan hátt við að skapa óánægju hjá verkafólki og bændum með þetta samkomulag í því skyni að koma í veg fyrir áframhaldandi samstarf þessara aðila við ríkisstj. um efnahagsmálin. Létu forustumenn Sjálfstfl. sér ekki segjast, þó að mikill hluti óbreyttra flokksmanna þeirra varaði þá alvarlega við slíkum málflutningi. Ekki tók þó betra við, eftir að Alþ. hafði samþ. efnahagsráðstafanirnar í s. l. desembermánuði. Sjálfstfl. gerir sér það ljóst, að samstarfið við stéttasamtökin eru grundvöllurinn að góðum árangri aðgerða ríkisstj. í efnahagsmálum. Þess vegna gerir flokkurinn allt, sem í hans valdi stendur, til þess að eyðileggja þetta samstarf og koma af stað nýrri verðbólguöldu. Í verkalýðsfélögunum reyna forustumenn Sjálfstfl. að beita sér fyrir kröfum um hækkun launa, uppsögn samninga og vinnustöðvanir. Þær leiðréttingar, sem nokkur stéttarfélög hafa fengið á kaupi og kjarasamningum sínum við atvinnurekendur, eru blásnar út ogýktar, svo að undrun sætir, í þeim tilgangi einum að koma öðrum stéttarfélögum út í vinnudeilur. Sjálfstfl. minnist ekki svo á þessi mál, og það gerir hann oft, að hann haldi því ekki á lofti, að samstarf ríkisstj. við verkalýðsfélögin sé ekki traustara en svo, að stéttarfélagið Iðja í Reykjavík, sjómannafélagið í Grindavík, farmannadeild Sjómannafélags Reykjavíkur, blaðamenn og flugmenn hafa fengið launahækkun fyrir skömmu með samningum við atvinnurekendur.

Ég ætla ekki að fara að rekja þessi tilfelli hér, en vil aðeins benda á nokkur atriði, sem sýna, hvernig þessi málflutningur er.

Launahækkun sú, sem Sjálfstfl. er að þrástagast á hjá sjómönnum í Grindavík, er í reyndinni sú, að með samningum sjómanna og útgerðarmanna þar var hlutur lækkaður, en ekki hækkaður, en trygging sjómanna á bátum með undir lágmarksafla hækkuð. Kröfur Sjómannafélags Reykjavíkur um kjarabætur til farmanna eru til orðnar, áður en ríkisstj. var mynduð, og stjórn Sjómannafélags Reykjavíkur fór ekkert dult með það snemma á seinasta ári, að farmenn teldu óhjákvæmilegt að taka um næstu áramót upp baráttu fyrir vissum leiðréttingum á samningi sínum. Þetta var gert án þess, að til almennra grunnkaupshækkana kæmi hjá farmönnum. Iðjufélagarnir voru komnir svo langt aftur úr öðrum með launagreiðslur sínar, að iðnrekendur munu nokkuð almennt hafa greitt starfsfólki hærri laun en samningar sögðu fyrir um til þess að geta haldið starfsfólki sínu.

En hvað sem öllum áróðri Sjálfstfl. líður, verður ekki annað sagt en að stéttasamtökin hafi sýnt á því fullan skilning, að stöðvun verðbólgunnar og dýrtíðarinnar er fyrst og fremst hagsmunamál launþeganna í landinu og að farsælasta kjarabótin er að tryggja og leitast við að auka kaupmátt launanna. Hin miskunnarlausa barátta og áróður Sjálfstfl. fyrir því að eyðileggja tilraunir ríkisstj. til að stöðva verðbólguna, er því ósvífin og hatrömm árás á afkomu vinnandi fólks.

En barátta Sjálfstfl. gegn hagsmunum almennings hefur komið fram á fleiri sviðum en því einu að reyna að koma hér á stað nýrri verðbólgu. Í stefnuyfirlýsingu sinni hét ríkisstj. því að beita sér fyrir, að hafizt yrði handa um framhaldsvirkjun Sogsins, smíði 15 togara og að leita eftir erlendum lánum til framkvæmda í landbúnaði, iðnaði og hafnargerðum. Fráfarandi ríkisstj. hafði á árunum 1954—55 og fram til stjórnarskiptanna 1956 leitað eftir lánum erlendis án árangurs, nema hvað nokkurt lán fékkst til sementsverksmiðjunnar, en þó hvergi nærri fullnægjandi. Engin lán höfðu reynzt fáanleg til Sogsvirkjunarinnar, raforkuframkvæmda í dreifbýlinu, ræktunarsjóðs, fiskveiðasjóðs og annarra framkvæmda. Allar voru þessar framkvæmdir mjög aðkallandi og erlend lán til þeirra nauðsynleg.

Ríkisstj. gerði sér í upphafi ljósa þá erfiðleika, sem henni mundu mæta við útvegun þess-

ara lána erlendis, enda var síður en svo árennilegt að leita eftir lánum erlendis, eftir að fráfarandi ríkisstj. hafði fengið neitun á öllum hugsanlegum stöðum. Stjórnarandstaðan átti heldur ekki þá þjóðhollustu til að bera að vilja a. m. k. láta afskiptalaust á erlendum vettvangi, hvort ríkisstj. tækist að afla nauðsynlegra lána til framdráttar öðrum eins þjóðþrifamálum og rafvæðingu dreifbýlisins, Sogsvirkjuninni, ræktunarsjóði, fiskveiðasjóði og öðru líku.

Allir landsmenn þekkja nú, hvernig stjórnarandstæðingar símuðu látlausan róg og ósannindi um ríkisstjórnina til erlendra blaða og fréttastofnana þegar eftir myndun ríkisstjórnarinnar. Öll var þessi fréttastarfsemi rekin í þeim tilgangi að koma af stað tortryggni í garð Íslendinga hjá vinum þeirra erlendis, veikja álit okkar og traust, þar með lánstraust, og koma í veg fyrir, að okkur tækist að leysa mál okkar á erlendum vettvangi. Erlendur blaðamaður, sem hér var á ferð nýlega, hefur skýrt frá því í blaðagrein, að einn af forustumönnum stjórnarandstöðunnar hér hafi verið mjög þungorður í garð Bandaríkjamanna fyrir að ljá máls á því að veita ríkisstj. Íslands dollaralán. Svona framkoma gegn hagsmunum þjóðarinnar þekkist ekki í neinu landi. En stjórnarandstaðan hér lætur sér ekki allt fyrir brjósti brenna. Ef hún telur sig geta valdið stjórninni erfiðleikum, er ekki um það hirt, þó að þjóðinni í heild sé bakað með því tjón.

Sem betur fór, missti áróður stjórnarandstæðinga marks á erlendum vettvangi. Stjórnarandstæðingar gerðu með áróðri sínum erlendis sömu skyssuna og þeir gera hér heima í sambandi við efnahagsmálin. Þeir gengu of langt. Mönnum erlendis varð ljóst, að á bak við áróður stjórnarandstæðinga lágu annarlegar hvatir, en ekki þjóðhollusta, alveg á sama hátt og Íslendingum er ljóst, að á bak við aðgerðir stjórnarandstæðinga í efnahags- og launamálunum liggur ekki þjóðhollusta, heldur valdafíkn. Ríkisstj. hefur því tekizt að fá nokkur lán erlendis, m. a. til virkjunar Sogsins.

Á seinasta landsfundi Sjálfstfl., í apríl 1956, hélt Ólafur Thors mikla yfirlitsræðu. Þar komst hann svo að orði, er hann lýsti eðli og stefnu Sjálfstfl.:

„Við berjumst fyrir hagsmunum okkar sjálfra, flokks okkar og þjóðar."

Það vakti athygli, hversu hreinskilinn formaður Sjálfstfl. var að viðurkenna svo afdráttarlaust, að sjálfstæðismenn berðust fyrst og fremst fyrir einkahagsmunum, þar á eftir fyrir hagsmunum flokksins, en hagsmunir þjóðarinnar kæmu ekki fyrr en í þriðju og seinustu röð á eftir þessu hvoru tveggja. Í stjórnarandstöðunni hefur Sjálfstfl. sýnt það, að hann er þessu kjörorði formannsins trúr. Hann berst dyggilega fyrir einkahagsmunum og flokkshagsmunum, en til þessa er flokkurinn ekki komin að baráttunni fyrir þriðja atriðinu, þjóðarhagsmununum, nema síður sé.

Fyrir nokkrum árum lýsti þekktur kommúnisti því yfir, að sig varðaði ekkert um þjóðarhag. Að vonum vöktu þessi ummæli þjóðarhneyksli og voru talin glæpur. Í stjórnarandstöðunni virðist mér Sjálfstfl. hegða sér þannig, að ég sé ekki betur en hann sé búinn að stela glæpnum frá þessum gamla, þekkta kommúnista. — Góða nótt.

Friðjón Skarphéðinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Andstæðingar ríkisstj. hafa í allan vetur, bæði hér á Alþingi og í blaðakosti sínum, hamrað á því æ ofan í æ, að Alþingi það, sem nú situr, hafi verið með fádæmum aðgerðalítið og eftir það liggi fátt eitt. Meðal ýmissa annarra hluta hefur þetta verið árásarefni stjórnarandstæðinga á núv. ríkisstj. og flokka þá, er hana styðja.

Eins og flest annað, sem stjórnarandstaðan hefur uppi í málflutningi sínum gegn ríkisstj. og stjórnarflokkunum, er þetta úr lausu lofti gripið og gersamlega órökstuddar fullyrðingar.

Svo sem kunnugt er, var ríkisstj. sú, sem nú situr, mynduð í júlílok 1956, aðeins tveim mánuðum áður en Alþingi kom saman. Öll hin stærri mál ríkisstj., sem Alþingi hefur haft til meðferðar nú á þessu þingi, hafa þurft ærinn undirbúning, og hljóta allir að viðurkenna það, sem nokkurs meta sannleikann. Það voru því engin tök á því, að ríkisstj. gæti þegar í þingbyrjun lagt fram öll lagafrv. sín, enda mun slíkt aldrei hafa tíðkazt. Hins vegar hefur verið unnið að því sleitulaust af hálfu ríkisstj., og Alþingi hefur fengið málin til meðferðar, jafnótt og þau hafa verið tilbúin, og hefur það haft ærin verkefni að vinna við meðferð og afgreiðslu þeirra og ýmissa annarra.

Það er vissulega rétt, að Alþingi hefur setið lengi að þessu sinni. En það er ofur eðlilegt. Þetta er fyrsta þing eftir kosningar, og ríkisstj. og Alþ. hafa stefnt að því að koma þegar á fyrsta þingi í framkvæmd þeim stórmálum, sem marka stefnu ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar höfðu samið um, áður en ríkisstj. var mynduð.

Ég mun nú geta nokkurra hinna veigameiri mála, sem Alþingi hefur haft til meðferðar á þessu þingi og sýna það ljóslega og sanna, að Alþingi hefur ekki setið aðgerðalaust í vetur, eins og sjálfstæðismenn halda fram bæði í ræðu og riti.

Er þá fyrst að geta laganna um útflutningssjóð o. fl., sem afgreidd voru fyrir jól og eru hin þýðingarmestu, eins og alþjóð er kunnugt. Óþarft er fyrir mig að fara um þau mörgum orðum. Fyrir efni þeirra og tilgangi hefur verið gerð rækileg grein, bæði nú við þessa umræðu og áður, en lagasetning þessi er undirstaða þess, að atvinnutæki og framleiðslutæki landsmanna hafa verið starfrækt viðstöðulaust, í stað þess að annars hefðu þau stöðvazt með öllu um áramótin. Þessa lagasetningu hafa sjálfstæðismenn lagt sig fram um að ófrægja og tortryggja í augum landsmanna, vegna þess að hún hlaut óhjákvæmilega að hafa í för með sér nýja skatta og millifærslu á fé til atvinnuveganna, til þess að rekstur þeirra gæti haldið áfram óhindrað. Þeir hafa þó ekki bent á neina aðra lausn á málinu, — enga, alls enga. Þeir virðast engar skoðanir hafa um þetta aðrar en þær, að tekjuöflun væri nauðsynleg til atvinnuveganna. En þrátt fyrir það börðust þeir hatrammlega á

móti þessari sömu tekjuöflun af fullkomnu ábyrgðarleysi.

Þá nefni ég lög um heimild fyrir ríkisstj. til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útvegsmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Í lögum þessum felst það, að ríkisstj. er heimilt að kaupa og láta smíða 15 togara og 12 200—250 smálesta fiskiskip. Hér er einnig um að ræða mál, sem alþjóð varðar. Orðið er þegar tímabært að endurnýja togaraflotann, en flestir togararnir, sem landsmenn eiga, voru smíðaðir á næstu árum eftir stríðslok, og sumir eru jafnvel eldri.

Samhliða þessu er að sjálfsögðu nauðsynlegt að auka útflutningsframleiðsluna ár frá ári. Á því byggist afkoma þjóðarinnar fyrst og fremst. Togurum þessum og fiskibátum verður ráðstafað til þeirra staða, er mesta þörf hafa fyrir slíkan atvinnurekstur og jafnframt möguleika til slíks rekstrar. Er þetta einn liður og hann ekki óverulegur í viðleitni ríkisstj. og stuðningsflokka hennar til þess að hamla á móti hinum óeðlilegu og að mörgu leyti óæskilegu þjóðflutningum, sem átt hafa sér stað undanfarin ár til Suðvesturlands, þannig að við auðn hefur legið á ýmsum stöðum. Meðal annarra hluta felst í lögum þessum heimild fyrir ríkisstj. til þess að setja á stofn ríkisútgerð togara, sem legðu afla sinn á land til vinnslu þar, sem ekki eru fyrir hendi fjárhagslegir möguleikar til að kaupa og reka togara.

Þá hefur Alþingi haft til meðferðar og afgreitt sem lög frv. um sölu og útflutning sjávarafurða, sem felur í sér breytingu á því skipulagi, sem hingað til hefur gilt og er í aðalatriðum þannig, að allur útflutningur sjávarafurða verður undir eftirliti sérstakrar útflutningsnefndar, sem fylgist með starfsemi útflytjenda og hefur forgöngu um öflun markaða.

Í sambandi við sjávarútvegsmál má enn nefna breytingu á lögum um fiskveiðasjóð, um rýmkun á hámarksupphæðum lána úr sjóðnum og hámarksstærð skipa, sem sjóðurinn lánar út á, og enn fremur lög um tunnuverksmiðjur ríkisins, sem fela í sér heimild fyrir ríkisstj. til að endurbæta og fullkomna þær tvær verksmiðjur, sem til eru, og byggja þá þriðju á Austur- eða Norðausturlandi, ef nauðsyn þykir, og taka lán til þessara framkvæmda. Er hér stefnt að því, að allar tunnur, sem síldarframleiðslan þarfnast, verði smíðaðar hér á landi.

Þá hefur Alþ. haft til meðferðar þýðingarmikla lagabálka um landbúnaðarmál, og er þar helzt að nefna lög um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, en frv. var samið af n., sem endurskoðaði gildandi lagaákvæði um þessi efni. Miða lög þessi að því m. a. að fjölga nýbýlum og stækka tún á jörðum, þar sem ræktun er skemmst á veg komin.

Þá nefni ég frv. til laga um búfjárrækt, sem er mikill bálkur, og hafa hin eldri lög, sem um þetta efni hafa gilt, verið endurskoðuð í ljósi nýrrar reynslu.

Lögin um lax- og silungsveiði hafa verið endurskoðuð og Alþ. haft til meðferðar frv. þar um og unnið mikið og vandasamt verk í því sambandi.

Um landbúnaðarmál skal að lokum nefnt frv. til l. um eyðingu refa og minka, sem vonazt er eftir að geti orðið nýr grundvöllur að herferð gegn þessum meindýrum. Snertir þetta ekki aðeins vernd gegn kvikfénaði landsmanna, heldur og vernd fuglalífs og fiska í ám og vötnum.

Í félagsmálum hefur Alþ. haft ýmis mál til meðferðar. Ber þar hæst frv. um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins og sparnað til íbúðabygginga. Húsnæðismálakerfi fyrrv. ríkisstj. reyndist ekki þess megnugt, svo sem kunnugt er, að leysa húsnæðismálin til nokkurrar hlítar eða frambúðar. Samkv. hinum nýju lögum um þetta efni er stofnaður byggingarsjóður ríkisins og honum fengið ríflegt stofnfé. M. a. renna til hans ⅔ hlutar af væntanlegum stóreignaskatti, en Alþ. hefur nú fyrir skemmstu samþ. lög um skatt þennan. Þúsundir manna bíða nú eftir lánsfé í íbúðabyggingar, og var því óhjákvæmilegt að gera myndarlegt átak í þessum efnum, til þess að unnt verði að bæta úr sárri lánsþörf fjölda fólks. Í húsnæðismálalöggjöfinni er m. a. ákvæði um skyldusparnað einhleyps fólks á aldrinum 16—26 ára, sem ekki stundar skólanám. Fé þetta er varðveitt í innlánsdeild byggingarsjóðs ríkisins og er undanþegið tekjuskatti og útsvari. Fé greiðist síðan út með vöxtum og vísitöluuppbót og veitir forgangsrétt til lána til íbúðabygginga. Hér er um algert nýmæli að ræða, og þess ber að vænta, að það gefist vel og komi að tilætluðum notum í framkvæmd. Samsvarandi ákvæði gildir um þá menn utan kaupstaða og kauptúna, sem leggja á þennan hátt fé í veðdeild Búnaðarbankans.

Hér má geta þess, að á yfirstandandi ári greiðir ríkissjóður 12 millj. kr. framlag til byggingar verkamannabústaða, en á fjárlögum síðasta árs voru tæpar 2 millj. kr. í þessu skyni.

Ýmis fleiri félags- og heilbrigðismál hefur Alþ. fjallað um á þessu þingi, svo sem frv. til l. um vísitölu byggingarkostnaðar, sem afgr. hefur verið sem lög, breytingar á orlofslögum, bæði hinum almennu orlofslögum, orlofi opinberra starfsmanna og orlofi iðnnema. Er þessu breytt til samræmis við þá kjarasamninga, sem gerðir hafa verið um þessi efni fyrir tveim árum.

Þá hefur Alþ. haft til meðferðar frv. um heilsuvernd í skólum og frv. um breytingu á sjúkrahúsalögum, hvort tveggja mikilsverð mál.

Kirkju- og menningarmálum hefur Alþ. og ríkisstj. heldur ekki sýnt tómlæti. Frv. um kirkjuþing og kirkjuráð íslenzku þjóðkirkjunnar hefur verið afgreitt sem lög. Samkv. því verður kirkjuþing háð annað hvort ár, og eiga þar sæti fulltrúar presta og leikmanna.

Þá hafa verið samþ. á Alþ. ný lög um dýravernd, og hafa öll eldri ákvæði hér að lútandi verið endurskoðuð, en hin nýju lög eru öll betur úr garði gerð og yfirgripsmeiri.

Þá nefni ég frv. til l. um Háskóla Íslands, sem Alþ. hefur haft til meðferðar, þar sem gert er ráð fyrir, að sameinuð verði í einn lagabálk 17 eldri lög, sem öll snerta háskólann, auk þess sem þar eru mörg nýmæli, sem áður höfðu aðeins verið ákveðin í reglugerð eða óbundin með öllu. Þetta er þýðingarmikill lagabálkur um æðstu menntastofnun þjóðarinnar, og þess er

vænzt, að málið verði fullafgreitt, áður en þingið lýkur störfum.

Þá hefur Alþ. fjallað um breytingar á lögum um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, þar sem gert er ráð fyrir að tryggja félagsheimilasjóði stórum auknar tekjur frá því, sem verið hefur. Er til þess ætlazt, að helmingur skemmtanaskattsins renni hér eftir í félagsheimilasjóð, en hingað til hafa það aðeins verið 35%. Ýmsar fleiri mikilvægar breytingar eru í frv. þessu.

Enn nefni ég tvö mál í þessu sambandi. Eru það frv. um menningarsjóð og menntamálaráð og frv. um vísindasjóð. Lögin um menningarsjóð og menntamálaráð voru fyrst sett 1930 og voru stórmerk mál á sínum tíma. Tímarnir hafa breytzt, og þar því nauðsyn til að endurskoða þessi lagaákvæði og þá einkum að afla menningarsjóði aukinna tekna, til þess að honum yrði gert kleift að rækja hlutverk sitt. Undanfarið hafa tekjur sjóðsins numið um 500—600 þús. kr. á ári, en með hinu nýja frv. á að tryggja, að tekjur hans verða 2½ millj. kr. á ári. Af þeirri upphæð eru 800 þús. kr. lagðar árlega til vísindasjóðs, en hlutverk þess sjóðs er að efla íslenzkar vísindarannsóknir, bæði á sviði raunvísinda og hugvísinda.

Að lokum skulu nefnd þrjú frv. um breytingar á bankalöggjöfinni, sem ætlað er að fái fullnaðarafgreiðslu næstu daga. Breyting sú, sem mestu varðar í þeim efnum, er um seðladeild Landsbankans. Hingað til hefur það verið svo, að sama bankaráð og sama framkvæmdastjórn hefur haft með höndum stjórn seðlabankastarfseminnar og stærsta viðskiptabanka landsins, Landsbankans. Sú skoðun hefur verið uppi, að ég ætla í öllum stjórnmálaflokkum landsins, að þetta sé óheppilegt og óeðlilegt. Með hinu nýja frv. er stefnt að því, að sérstök stjórn og framkvæmdastjórn fari með seðlabankamálin, en önnur stjórn og framkvæmdastjórn annist hina almennu viðskiptabankastarfsemi Landsbankans. Það er að vísu skoðun mín og margra annarra, að réttara hefði verið að stofna sérstakan seðlabanka, er orðið hefði banki bankanna og ríkisins og ekki í tengslum við viðskiptabanka. En með hinni fyrirhuguðu breytingu er stefnt í rétta átt í þessum efnum með því að gera seðladeild Landsbankans að sem sjálfstæðastri stofnun. Þá er fyrirhugað, að Útvegsbankinn verði hreinn ríkisbanki, og virðist sú ráðstöfun ekki sæta andmælum stjórnarandstöðunnar. Samhliða þessu er gert ráð fyrir því, að Sjálfstfl. missi meirihlutavald sitt yfir stærstu bönkum landsins. Hann á enga réttmæta kröfu til slíks valds, þar sem hann hvorki hefur meiri hluta meðal þings né þjóðar. Slíkt vald eins flokks er óeðlilegt og óheppilegt og til þess fallið að vekja tortryggni, réttmæta eða óréttmæta eftir atvikum. Undan þessu kvartar stjórnarandstaðan sárlega, en til þess hefur hún enga réttmæta ástæðu. Hún fær sína hlutdeild í stjórn bankanna eins og vera ber, en hún fær ekki meirihlutavald.

Ég hef nú í örstuttu máli drepið á æði mörg og mikilvæg frv., sem Alþ. það, sem nú situr, hefur fjallað um og flest eru þegar orðin að lögum, en nokkur verða það væntanlega innan skamms. Auk þess hefur Alþ. fjallað um mikinn fjölda annarra mála, sem ógerningur er að gera grein fyrir á skammri stund. Með þessu vildi ég sýna fram á, að það er fullkomið öfugmæli, þegar því er haldið fram, að Alþ. hafi verið aðgerðalaust eða aðgerðalítið, svo sem talsmenn Sjálfstfl. og flokksblöð hans hafa viljað halda á lofti. Þvert á móti mun það mála sannast, að á fáum þingum hafi verið fjallað um jafnmörg og þýðingarmikil mál, og eftir Alþ. það, er nú situr, ætla ég að liggi jafnmikil störf og mest hefur áður þekkzt. — Góða nótt.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Stjórnarsamstarf það, sem nú ríkir, grundvallast á þeirri skoðun, að alþjóð muni sú ríkisstjórn hagfelldust, sem starfar í umboði framleiðslu- og atvinnustéttanna gegnum þá stjórnmálaflokka, er þær að meginhluta kjósa, slík ríkisstj. muni ráða málum hagkvæmast til lykta fyrir þorra landsmanna, enda framleiðslu- og vinnustéttirnar meginhluti þjóðarinnar. En þó að mikill hluti launþega og stórir hópar framleiðslustéttanna hafi í síðustu kosningum veitt núverandi stjórnarflokkum brautargengi, er hitt og vitað mál, að hluti beggja aðila fól Sjálfstfl., núverandi stjórnarandstöðu, umboð sitt á Alþingi. Skoðað í þessu ljósi er fróðlegt að virða lítillega fyrir sér annars vegar aðgerðir stjórnarliðsins til hagsbóta framleiðslu- og vinnustéttunum þann stutta tíma, er það hefur enn haft til valdaumráða, og hins vegar svo viðbrögð stjórnarandstöðunnar við úrræðunum eða hvað hún hefur haft til málanna að leggja. Með slíkri athugun má gera sér allglögga grein fyrir, hvor aðilinn, stjórnarlið eða stjórnarandstaða, ber meir hag framleiðslu- og vinnustéttanna fyrir brjósti, hvor aðilinn leggur meiri áherzlu á að bæta úr vandanum, sem yfir rís.

Eitt af fyrstu verkum núverandi ríkisstj. var að lögfesta um skeið verðlag og kaupgjald. Þessi stjórnaraðgerð var reist á þeirri skoðun, að atvinnuvegunum sé stöðugleiki í launagreiðslum nauðsynlegur öryggisgrunnur til að reisa á heilbrigðan rekstur, svo sem og launþegum sé haldgóður kaupmáttur launanna nauðsynlegt efnahagsöryggi. Jafnframt lá og að baki þessari stjórnarráðstöfun sú skoðun, að stöðvun verðlags og kaupgjalds og þar með framfærsluvísitölunnar væri nauðsynlegur forleikur þess að skera fyrir meinsemd verðbólgunnar í efnahagslífi þjóðarinnar.

Allur þorri almennings tók þessari ráðstöfun vel. Einu aðfinnslurnar voru þær, að ríkisstj. skyldi ekki gera þetta umsvifalaust, um leið og hún tók við völdum. Stjórnarandstaðan, Sjálfstfl., réðst hins vegar gegn þessari ráðstöfun. Það er verið að rýra laun ykkar, sagði hún við launþega. Þið eruð sviknir um réttmætar álagningartekjur, sagði hún við verzlunarstéttina. Síðan notaði stjórnarandstaðan verðhækkanirnar erlendis á innfluttri vöru til að reyna að vekja óánægju á báða bóga. Þannig taldi hún sig vinna bezt að hag framleiðslu- og vinnustéttanna í landinu. Vera má, að tannpínan hafi stafað af því, að ríkisstj. lækkaði stórlega álagningu heildsala, sem verið hafði ævintýraleg, en af þeim sársauka þótti ekki hyggilegt að æpa.

Á Alþ. því, er nú situr, hafa stjórnarflokkarnir m. a. bætt aðstöðu launþega með eftirfarandi: Lögfest hefur verið 18 daga orlof opinberra starfsmanna. Lögfest hefur verið 6% orlofsfé til launþega í stað 4% áður, eða sem svarar 18 daga orlofi í stað 12. Lögfest hefur verið 18 daga orlof iðnnema. Lækkaður hefur verið tekjuskattur af lágtekjum, svo að verulegu nemur. Aukinn hefur verið talsvert skattfrádráttur skipverja á fiskiskipum. Þá hafa verið samþykkt lög um aukið öryggi sjómanna með því að skylda öll þilfarsskip til að hafa gúmmíbjörgunarbáta auk venjulegra björgunartækja. En auk þessa hafa stjórnarflokkarnir hreyft ýmsum merkum nýmælum á þingi til hagsbóta vinnustéttunum, þótt ekki hafi hlotið enn fullnaðarafgreiðslu. Má þar nefna stofnun lífeyrissjóðs fyrir sjómenn eða launþega og framleiðendur almennt, sumarstörf fyrir ungmenni á fiskiskipum, svo að þau læri sjómennsku, fræðslustofnun til handa launþegum og vinnuheimili fyrir öryrkja, og fleira mætti nefna. Allt eru þetta merk mál og athyglisverð, þótt enn séu á athugunarstigi. Af aðgerðum stjórnarandstöðunnar á þessu sviði fara hins vegar engar sögur. Hún virðist þá fyrst halda fullri vöku, þegar rætt er um stóreignaskatt eða yfirráð hennar í bönkunum. Þá er ekki augunum lygnt.

Þetta var um mál launþeganna. En lítum svo á mál framleiðslustéttanna.

Fyrsta stórátak ríkisstj. á því sviði var að tryggja rekstrargrundvöll útgerðarinnar um s. l. áramót. Til þess valdi hún að athuguðu máli millifærsluleiðina svonefndu, þ. e. að afla með sköttum og gjöldum fjár til rekstrarstyrkja útgerðinni. Úrræðið var tvísýnt, því að það grundvallaðist að gagnsemd verulega á því, að verðlag og kaupgjald héldist lítt eða ekki breytt. Almenningur er og gagnrýninn á styrkjaleiðina, telur ekki nægilega vel um það búið, að rekstrarstyrkir séu ekki veittir að óþörfu. Hitt duldist engum þjóðhollum manni, að þegar leiðin hafði verið valin, bar að kappkosta, að forsendan héldi, óbreytt verðlag og kaupgjald, svo sem framast væri unnt. Það var og fagnaðarefni alþýðu manna jafnt sem útvegsmönnum og sjómönnum, að nú voru þessi mál þannig kljáð til lykta um áramótin, að til engrar vinnustöðvunar kom. Var slíkt nýlunda og gerólíkt yfirstjórn Sjálfstfl. fyrr á þeim málum.

Stjórnarandstaðan virðist hins vegar hafa sérstæða skoðun um það, hvernig vinna eigi um sinn að öryggi sjávarútvegsins og þar með afkomu umbjóðenda sinna meðal útvegsmanna og sjómanna, því að hún hefur einskis látið ófreistað að gera þessar umræddu efnahagsaðgerðir tortryggilegar og sérstaklega lagt kapp á að grafa undan forsendunni: óbreyttu verðlagi og kaupgjaldi. Útvegsmenn og sjómenn eiga ekki lítinn hauk í horni, þar sem stjórnarandstaðan er.

Á Alþingi hafa verið samþ. lög, sem heimila ríkisstj. að láta smíða og taka lán til kaupa á 12 150—200 tonna fiskiskipum. Einnig er í athugun lántaka til smíði 15 togara. Þá hefur fiskveiðasjóður verið efldur verulega. Allt eru þetta óumdeilanlega mál, sem horfa til hagsbóta atvinnulífi landsmanna.

Stjórnarandstaðan ypptir hins vegar öxlum: 15 nýir togarar. Hrein vitleysa, segir hún.

Á sviði landbúnaðarins er merkast að telja ný lög um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, þar sem stóraukið er fjárframlag hins opinbera til nýbýla og býla, sem hafa lítla ræktun. Í fyrsta sinn er og nú gert ráð fyrir stuðningi við garðyrkjubýli og smábýli.

Áhugi stjórnarandstöðunnar á þessum merku endurbótum til hagsældar bændastéttinni reyndist á Alþingi ekki meiri en svo, að hún reyndi með hjásetu við atkvæðagreiðslu að hindra afgreiðslu frv. milli nmr. í Nd. Þótt það tækist ekki, var gerðin söm. Enginn þarf þó að efa, að við næstu kosningar mun Sjálfstfl. þakka sér umbæturnar.

Varðandi iðnaðinn má geta þess, að núverandi iðnmrh., Gylfi Þ. Gíslason, fékk framlag til iðnlánasjóðs stórlega aukið í fjárl. í vetur frá tíð fyrrv. iðnmrh., Ingólfs Jónssonar. Þá liggja fyrir Alþingi ýmis frv. og till. um nýiðnað og iðnaðaraukningu ýmiss konar, þótt enn séu á athugunarstigi.

Það fer þannig ekki á milli mála, þegar á allt þetta er litið, að núverandi ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafa sýnt mikla viðleitni í þá átt að leysa vandamálin vel og skynsamlega fyrir umbjóðendur sína í framleiðslu- og vinnustéttum.

Hlutur stjórnarandstöðunnar er allur annar. Þeir virðast nánast skilja stjórnarandstöðuhlutverk sitt út frá því sjónarmiði einu að gera ríkisstj. allt til ills. Gildir einu, þótt það komi niður á þeim hluta framleiðslu- og vinnustéttanna, er fól Sjálfstfl. stjórnmálalegt umboð sitt við síðustu kosningar.

Þetta skýrist enn betur, ef þáttur stjórnarandstöðunnar er rakinn í bankamálum og varðandi tilraunir ríkisstj. til útvegunar erlends lánsfjár. Engum blandast hugur um, að fjármálalífinu er það nauðsynlegt, að ekki séu árekstrar milli bankanna og ríkisvaldsins um efnahagsaðgerðirnar, einnig að það sé óheppilegt, að einn sérstakur stjórnmálaflokkur leggi undir sig bankayfirráðin og noti þau síðan af hlutdrægni.

Engum blandast heldur hugur um, að þau erlendu lánin eru sjálfsögðust til að taka, sem verja á til uppbyggingar atvinnulífi landsmanna, svo að framleiðsla aukist, útflutningur verði meiri. En hvernig eru viðbrögð stjórnarandstöðunnar til slíkra stórmála? Hún liggur undir rökstuddum grun um að hafa gert tilraunir til að spilla fyrir lánstrausti þjóðarinnar erlendis, og hún er sönn að því að hafa sölsað undir sig meirihlutavald í höfuðbönkunum. Það hét ekki bitlingasýki, þegar hún var að sölsa undir sig bankastjórastöður og bankaráðsstöður, ekki hlutdrægni, þegar hún var að lyfta vissum ættarhagsmunum til vegs. Erfitt mun henni þó reynast að telja almenningi trú um, að öll sé vinnan unnin í óeigingjörnu skyni fyrir framleiðslustéttir og launastéttir þessa lands.

Hér verður ekki skilið svo við þennan samanburð á vinnubrögðum stjórnarflokkanna fyrir alþjóðarheill annars vegar og stjórnarandstöðunnar hins vegar, að ekki sé drepið á húsnæðismálin.

Fyrrv. ríkisstj. sýndi virðingarverða viðleitni til úrbóta á því sviði með stofnun hins svonefnda veðlánakerfis. Höfuðgallar úrræðanna voru hins vegar þeir, að þau voru sniðin við of skamman tíma, tvö ár, og þau voru notuð til stórfelldra blekkinga af hálfu Sjálfstfl., er beinlínis virtist hafa hugsað sér þau til fylgiskaupa. Það var básúnað út, að nú gæti hver sem byggði fengið 100 þús. kr. lán út á íbúð næstu tvö árin, og afleiðingin varð sú, að svo margir freistuðust út í byggingar, að allt lánsfé var úti, áður en tvö ár voru liðin. 2000 húsbyggjendur stóðu með hálfbyggð hús án þess að hafa fengið nokkra úrlausn, 1000 húsbyggjendur með 15—20 þús. kr. lánin ein og þó bundinn fyrsta veðrétt, en þeir, sem mest fengu, hlutu 70 þús. kr. í stað 100 þús. kr. á íbúð, nema hvað uppvíst hefur orðið nú, að til voru þeir Sjálfstæðisflokks-húsbyggjendur, sem fengu allt að 24 lán á eigið nafn eða barna sinna, svo að þeir gætu byggt íbúðir til að selja og græða á neyð náungans.

Núverandi stjórnarflokkar hafa sett ný lög um húsnæðismálin, þar sem freistað er að koma þeim á fastan grunn, miðað við 10 ára bil og öruggan árlegan útlánastofn. Til tekjuöflunar er m. a. lagður á stóreignaskattur og ungu fólki lagður á herðar sumpart skyldusparnaður, sumpart frjáls sparnaður gegn ákveðnum fríðindum. Enda þótt stjórnarandstaðan vildi telja, að þessi nýju lög væru að meginstofni byggð á fyrri löggjöf um veðlánakerfið, barðist hún með hnúum og hnefum gegn henni, sérstaklega megintekjustofnunum, stóreignaskattinum og skyldusparnaðinum. Það var framlag hennar til úrbóta á húsnæðisvandræðunum í dag. Þannig taldi hún sér bera að launa fylgið því fólki, er skorti húsnæði, en kaus hana sem forsvar sitt á löggjafarþingi þjóðarinnar.

Það er þannig sama, hvar sem niður er borið: Stjórnarandstaðan hefur algerlega brugðizt umbjóðendum sínum í framleiðslu- og vinnustéttunum. Stjórnarflokkarnir hafa hins vegar gert auðsæ og árangursrík átök til úrbóta.

Þess vegna segir íslenzk alþýða í dag við núverandi ríkisstj.: Sittu áfram, sittu sem fastast. — Það er svo annað mál og sýnir aðeins hollustu hennar við stjórnina, að íslenzk alþýða segir líka: Taktu enn fastar á. Lyftu enn stærri björgum. — Og henni er bókstaflega dillað, þegar stjórnarandstaðan heldur, að þessi brýning sé merki um bilandi fylgi. Óskhyggjan er sjaldan sjáandi góður.

Allir landsbúar þekkja þjóðsöguna af Gilitrutt, þetta leiftrandi dæmi um íslenzka hugkvæmni og íslenzka skáldskaparsnilld að færa almenn lífssannindi í táknrænan búning. Unga konan áhyggjulausa, sem ekki hirti um að vinna sjálf ullina sína til voðar, en fékk hana í hendur ókunnri konu, er ímynd andvaraleysisins varðandi eftirleikinn. Ungi maðurinn, sem var síeljandi við dagleg störf og að lokum barg konu sinni úr ráðleysisvandanum, er ímynd þess heilbrigða lífsviðhorfs, að sjálfs sé höndin hollust. Og Gilitrutt, tröllkvendið, sem hugðist fá ungu konuna að kaupi fyrir ullarvinnuna, er táknmynd yfirgangsins, sem byrjar leik sinn með flærð og byggst geta lokið honum með ofríki, látið lítið, en fengið allt, en tapar hins vegar öllu að leikslokum, af því að flærðin, ofríkið og tröllskapurinn ber óhjákvæmilega í sér ósigurinn.

Það er engin tilviljun, að þjóðsagan um ungu hjónin og Gilitrutt hefur reynzt svo lífseig með þjóðinni. Kynslóð eftir kynslóð hefur íslenzk alþýða kennt sjálfa sig í gervi ungu hjónanna: fyrirhyggjuleysi, kvíða og að lokum ótta annars vegar, hins vegar ráðdeild, dugnað og sigurþrótt gegn ofríkisöflum tilveru sinnar, ofríkisöflum, sem hafa æ ofan í æ reynt að taka lán hennar og lífsheill fyrir eina værðarvoð, eftir að hafa hvíslað að henni á andvaraleysisstund, að hún skyldi ekki vinna ullina sína sjálf, það væri allt of fyrirhafnarmikið.

En meiri hluti íslenzkrar alþýðu, aðgætnari hluti hennar, hefur alltaf skilið Gilitrutt niður í kjölinn, eins og þjóðsagan ber svo snilldarlega vott um. Tungulipur er kerling í fyrstu, en aðgangsýtin, meðan hún er að fá ullina, síðan stórkostleg og sigurhlakkandi við vefnaðinn, þegar hún heldur, að húsfreyja, hinir andvaralausu, sjái sig ekki, og þó má greina óttageig í öllum hávaðanum, loks tröllsleg og hemjulaus við að ganga eftir verkalaununum, að lokum buguð og brotin, minnimáttarkenndin holdtekin, þegar ósigurinn hefur verið beðinn, hið rétta nafn hefur verið nefnt. Jafnvel andvaraleysið hefur lært rétt skil á Gilitrutt.

En eins og fyrr segir, er Gilitruttar-sagan dæmisaga, og Gilitrutt þjóðsagnatímans hefur löngu breytt um gerð og útlit. Nú um skeið hefur hún gjarnast leitað á fund íslenzkrar alþýðu til að fá ullina hennar til úrvinnslu í gervi gláðklakkalegs „levemands“, mynduð í víðlesnasta blaði landsins á lafafrakka með úrkeðju þvert yfir magann og sólbros sjálfsánægjunnar glampandi í gleraugunum. Og vissulega hafa margir látið hana Gilitrutt fá ullina sína til úrvinnslu og eru nú farnir að kenna kvíðans um endurgjaldið.

En hér á Alþingi slær Gilitrutt vef sinn og heldur, að húsfreyja, hinn andvaraminni hluti alþýðunnar, sjái ekki til sín. Lág er hún og kubbsleg, en tröllsvipurinn leynir sér ekki fremur en í þjóðsögunni, þótt hún standi nú að starfi í bláum jakkafötum tíðast með hvítan vasaklút teygðan langt upp úr brjóstvasanum og hvítar línstúkurnar spannarlangt fram úr jakkaermunum. Hún hamast við vefinn og er síþusandi utan dagskrár sem innan. Enn er hún allsannfærð um, að þeir, sem hún hefur ginnt, verði að gjalda sér lausnargjaldið, en þó er kominn óttaskjálfti í röddina og ósigurfum í vefsláttinn. Ósagt skal látið, í hvaða mynd hún kemur að lokum fram fyrir þá, sem hún ginnti til að fela sér ullina sína. En um hitt þarf enginn að efast, að hún verður tröllsleg og hemjulaus við að ganga eftir verkalaununum.

Vel má þá svo fara, að margir stami fyrst í hræðslu sinni skakkt nafn, kannske nokkrir einnig í annað sinn, eins og húsfreyjan forðum, en í þriðja sinn munu þeir kunna rétta svarið, því að ofríkinu og yfirganginum er alltaf búið fall að lokum. Það er jafnvíst og heiftræknin og hefnigirnin eru skilgetin afkvæmi óttans og minnimáttarkenndarinnar.

Gilitrutt, í hvaða gervi sem hún býst, er dæmd til að tapa að lokum. Það er kenning þjóðsögunnar og sannreynd lífsins. — Góða nótt.

Umr frestað.

Á 62. fundi í Sþ., 28. maí, var almennum stjórnmálaumræðum (útvarpsumr.) fram haldið.

Forseti (GJóh): Í kvöld verður ræðutími hvers þingflokks 45 mín. og skiptist í 3 umferðir, 20, 15 og 10 mín. eða eftir ákvörðun hvers flokks jafn ræðutími í fyrstu tveim umferðum og 10 mín. í þriðju umferð. Ef einhver flokkur fer fram úr ákveðnum ræðutíma í 1. og 2. umferð, styttist að sama skapi ræðutími hans í 3. umferð. Hins vegar má flokkur ekki geyma sér til 3. umferðar ræðutíma, sem hann notar ekki að fullu í 1. og 2. umferð.

Röð flokkanna verður þessi: 1) Sjálfstfl., 2) Alþfl., 3) Framsfl., 4) Alþb.

Ræðumenn flokkanna verða sem hér segir: Fyrir Sjálfstfl., hv. 1. þm. Reykv., Bjarni Benediktsson, hv. 1. þm. Rang., Ingólfur Jónsson, og hv. 6. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen. Fyrir Alþfl. tala hæstv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, og hv. 5. landsk., Benedikt Gröndal. Fyrir Framsfl. tala hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, og hv. 1. þm. Árn., Ágúst Þorvaldsson. Fyrir Alþb. tala hv. 2. landsk. þm., Karl Guðjónsson, og hæstv. sjútvmrh., Lúðvík Jósefsson.

Þá hefjast umr. Hv. 1. þm. Reykv., Bjarni Benediktsson, tekur til máls og talar af hálfu Sjálfstfl.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það er viðtekin regla, að í eldhúsumræðum bera þm. fram aðfinningar sínar við gerðir stjórnarinnar, en hún svarar til saka. Nú stendur svo á, að til réttmætrar gagnrýni endast engan veginn þau tvö kvöld, sem ætluð eru til umræðnanna, og verður því að sleppa ýmsu, sem þörf væri á að telja upp, og engan veginn er færi til að ræða um annað, sem freistandi væri, svo sem samanburð á stjórnmálaflokkunum, stefnu þeirra og úrræðum. En með þessari eldhúsumr. gefst ekki tími til þess, þó að ýmislegt athyglisvert hafi nú þegar komið fram í þeim efnum, eins og yfirlýsing hæstv. félmrh., Hannibals Valdimarssonar, í gær um, að kaupmenn, iðnrekendur og verkalýður hefðu, þegar grandskoðað væri, sameiginlega hagsmuni. Einhvern tíma hefði slík yfirlýsing um fányti stéttabaráttunnar frá fulltrúum kommúnista þótt tíðindum sæta. Við, sem ætíð höfum haldið því fram, að stétt ætti að standa með stétt, höfum vissulega ástæðu til að fagna slíkri yfirlýsingu, ef um hugarfarsbreytingu væri að ræða, en ekki marklausan feluleik.

Þá var sú kenning Hannibals ekki síður íhugunarverð, að ef launþegar hefðu fengið 6 stiga uppbótina, sem þeir áttu rétt til á síðasta hausti, mundu þeir eftir örskamma stund hafa verið beint verr komnir um lífsafkomu sína en áður. En ef þetta er rétt, af hverju gildir þetta ekki alveg eins um allar vísitöluuppbætur? Af hverju hefur Hannibal þá ekki barizt á móti vísitöluuppbótum undanfarin ár? Og af hverju lét hann vísitöluskrúfuna í gang aftur um áramótin? Af hverju fagnaði hann beint 4 stiga hækkuninni, sem launþegar fá nú um næstu mánaðamót? Nei, auðvitað eru stigin 6, sem Hannibal svipti launþega, engrar sérstakrar náttúru. Um þau gilda alveg hið sama og aðrar hækkanir, sem hann sjálfur hefur manna skeleggast barizt fyrir.

Þá var býsna fróðlegt að heyra til Braga Sigurjónssonar, sem auðsjáanlega var betur að sér í þjóðsögum en þingmálum. Hann kannast því eflaust við söguna um hann Jón, sem settist á krossgötur um áramótin, hitti þar álfa og stóðst allar freistingar þeirra, þangað til að flotinu kom. Þá varð honum að orði: „Sjaldan hef ég flotinu neitað.“ Á sama veg fór fyrir þessum hv. þm., Braga Sigurjónssyni. Fyrst eftir að hann kom til þings, neitaði hann öllum gylligjöfum stjórnarliðsins og hélt meira að segja rösklega ræðu utan þings um, hversu margt hefði báglega til tekizt í stjórnarsamstarfinu. En þá buðu álfarnir honum flotið, áframhaldandi þingsetu, að vísu með hæpnum rétti og til að bola af þingi dr. Gunnlaugi Þórðarsyni, sem ekki hafði greitt atkv. eins og honum var sagt. Bragi stóðst ekki freistinguna og talaði í gær á allt annan veg en áður en hann þáði flotið. Nú hrósaði hann stjórninni á hvert reipi, en áður gagnrýndi hann hana. Þá viðurkenndi Bragi t. d., að ríkisstj. hafi ekki, eins og hann sagði, framfylgt yfirlýstri stefnu í varnarmálunum. Um svo augljósa staðreynd ætti að vera óþarfi að deila, enda er það versta engan veginn að hætta við að framfylgja yfirlýstri stefnu, þegar hún reynist röng. Slíkt er út af fyrir sig fremur vert lofs en lasts, þó að hæpið sé, að sá, sem hefur fengið völdin á svo fölskum forsendum, eigi að halda þeim eins og ekkert hafi í skorizt. Miklu verra er þó, að nú veit enginn, hvaða stefnu ríkisstj. hefur í þessum efnum, og ekki fræddust menn mikið um það í gær.

Hæstv. utanrrh. minntist ekki einu orði á utanríkismál í ræðu sinni í gærkvöld. Hann hafði raunar haldið ágæta ræðu um varnarmálin suður í Bonn, og hún fékkst lesin hér í útvarpið á einni kvöldstund. En það er ekki nóg að tala fagurlega suður í Þýzkalandi undir handarjaðri þeirra Adenauers og Dulles, allra sízt þegar það er gert í sömu svifum og stjórnarflokkarnir eru að ryðja kommúnistum braut inn í banka þjóðarinnar til að geta þaðan haldið áfram árás sinni á lýðfrelsi og sjálfstæði þjóðarinnar. Og ekkert stjórnarblaðið birti Bonn-ræðu utanrrh. né vék að henni einu orði lengi vel. Fyrst eftir heimkomu ráðh. skaut eitt stuðningsblaða hans því að honum, eins og blaðið sagði, að „hann virðist stundum með öllu gleyma, að hann situr ekki í ríkisstj. með íhaldsmönnum, heldur í stjórn, sem setti í stjórnarsamning sinn m. a. ákvæði um framkvæmd till. frá 28. marz 1956 um brottflutning bandarísks hers af Íslandi“.

Þetta voru ummæli stuðningsblaðs ráðh., og þau eru vissulega réttmæt.

Guðmundur Í. Guðmundsson greiddi að vísu atkv. með ályktuninni frá 28. marz og fól ríkisstj. til að framkvæma hana. Stundum virðist hæstv. ráðh. eindreginn í að koma í veg fyrir framkvæmd þeirrar till.

En hverja afleiðingu taka stjórnarliðar af þeirri staðreynd? Sýna þeir í framkvæmd, að þeir séu utanrrh. og íhaldsmönnum, sem þeir svo nefna, ósammála um nauðsyn dvalar erlends varnarliðs á Íslandi? Í því efni stoðar ekki, eins og gert hefur verið, að hóta ráðh. með því, að gera verði honum „skiljanlegt, áður en mjög langt um líður, að vinsældir hans meðal Morgunblaðsmanna eru í öfugu hlutfalli við vinsældir hans meðal fylgjenda núverandi ríkisstj.," eins og stjórnarblað sagði á dögunum. Sú hótun hefur raunar auðsjáanlega ýtt undir ráðh. til að tala eins og hann gerði í gær, enda er von, að hann vilji sýna, að hann sé ekki ætíð þjónn Bjarna Benediktssonar, eins og eitt stuðningsblað hans sakaði hann um. En það mátti ráðh. þó eiga, að ekkert öfugt orð sagði hann um varnarmálin í ræðu sinni í gær, vegna þess að hann minntist alls ekki á þau. En hér er ekki spurning um vinsældir, heldur framkvæmd ákveðinnar stjórnmálastefnu, stuðning við hana og ábyrgð á henni, og óumdeilanlega bera fylgjendur núverandi ríkisstj. ábyrgð á gerðum hennar, hvort sem þær eru vinsælar meðal þeirra eða ekki. Hinn raunverulegi stuðningur og ábyrgð verður aðeins gleggri við það, þegar safnað er áskorunum ýmissa aðila um, að þessari stefnu skuli breyta. Allur sá málatilbúnaður skapar að vísu fullkomna óvissu um, hvað verða muni í framtíðinni, ef þessir flokkar ráða, en haggar ekki hætishót ábyrgð þeirra á því, sem gerzt hefur og er að gerast.

Ríkisstj. hefur ekki látið sér nægja að framfylgja ekki yfirlýstri stefnu um þetta, heldur hefur hún tengt þá stefnubreytingu öðrum málum á ósæmilegan hátt. Við sjálfstæðismenn höfum ætíð haldið því fram, að varnarmálin verði að meta eftir nauðsyn þeirra sjálfra, verja verði Ísland, ef þess sé þörf vegna íslenzku þjóðarinnar, annars ekki. Stjórnarliðið hefur aftur á móti gert þetta mál að verzlunarvöru. 4 millj. dollara lánveiting Bandaríkjamanna í des. úr öryggissjóði þeirra var bein forsenda stjórnarliðsins fyrir varnarsamningnum við Bandaríkin rétt áður, þegar horfið var frá að framfylgja hinni yfirlýstu stefnu, enda var stjórninni þá lífsnauðsyn að fá þessa skildinga handa á milli, svo var þá illa fyrir henni komið.

Gegn þessum staðreyndum duga engar neitanir. Þær eru örugg sannindi, og ráðherrarnir gera einungis veg sinn enn minni með því að neita þeim. Þvílík synjun sannleikans stoðar þá ekki heldur um Sogslánið. Jafnvel Þjóðviljinn gat ekki orða bundizt í fyrstu um þá forsmán að tengja það góða og nytsama mál varnarsamningnum á þann veg, sem gert var. Hinn 8. des. sagði Þjóðviljinn: „Í sambandi við hernámssamningana hefur Bandaríkjastjórn boðið Íslendingum 160 millj. kr. lán til Sogsvirkjunarinnar." Og hinn 9. des. endurtók Þjóðviljinn, að lánstilboðið til Sogsvirkjunarinnar væri í „beinu framhaldi af nýju hernámssamningunum", og bætti við: „Og það liggur í augum uppi, að hér er náið samband milli þess, sem gerzt hefur í hernámsmálunum, og þessa óvænta lánstilboðs." Þetta sagði Þjóðviljinn þá, og þá taldi hann lánstilboðið enn iskyggilegra en hina nýju hernámssamninga, sem blaðið nefndi svo. Nú eru bágindi blaðsins slík, að það hælist um yfir, að ríkisstj. hafi tekizt að fá Sogslánið með þeim hætti, sem gert var.

Lánin í Bandaríkjunum urðu raunar minni en í fyrstu var ætlað. Þá birti Þjóðviljinn fregn um 30 millj. dollara efnahagsaðstoð að vestan og bætti við: „Alltaf eru silfurpeningarnir þrjátíu." Þrátt fyrir mikla eftirgangsmuni hafa milljónirnar ekki enn orðið nema ellefu. Þjóðviljinn er þeim mun lítilþægari en sá, sem tók á móti silfurpeningunum þrjátíu og hengdi sig síðan, að blaðið hælist um yfir þeim ellefu, sem ríkisstj. hefur nú hlotið. Ráðherrarnir Hermann og Hannibal brigzluðu í gær stjórn Ólafs Thors um, að henni hafi ekki heppnazt að fá Sogslán. Með þeirri ásökun er enginn fremur fyrir hittur en núverandi starfsbróðir þessara manna, Eysteinn Jónsson. Á honum hvíldi lögum samkv. forusta um lántökur þá eins og nú, og eiga því öll óvirðingarorð þeirra um þetta fyrst og fremst við Eystein. En Ólafur Thors fékk frá Þjóðverjum tilboð um 400 millj. kr. lán, og er óskiljanlegt, að núverandi ríkisstj. skuli ekki hafa fylgt því tilboði eftir, ef traust hennar út á við er jafngrunnmúrað og hún heldur fram.

Sogslán var vissulega einnig fáanlegt fyrir kosningar hjá Bandaríkjamönnum, og lá ákveðið tilboð fyrir um það, ef við þá voru gerðir margra ára samningar um orkusölu til Keflavíkurflugvallar. Það þótti þá ekki rétt.

Nú horfir öðruvísi við. Bragi Sigurjónsson hefur kveðið upp úr með það, sem hluti stjórnarliðsins er nú að brugga. Alþýðublaðið 16. maí hefur eftir honum: „Sjálfur kvaðst hann ekki leyna þeirri skoðun, að sér þættu ýmsir ófýsilegir agnúar á þeirri stefnu að láta herinn vera ýmist að koma eða fara eftir veðrum heimsmálanna. Verður erlendur her okkur ekki enn hættulegri bólguhnútur í efnahagslífinu með slíkum hætti og sem þjóðernislegt og þjóðfélagslegt vandamál heldur en stöðugri seta í smáum stíl og afmörkuð."

Þetta voru orð Braga Sigurjónssonar, og verður þá mælt mál ekki lengur skilið, ef ekki felst í þeim till. um varanlega, stöðuga hersetu í landinu. Er þá bilið orðið býsna mikið frá því, þegar hæstv. forsrh., Hermann Jónasson, sagði fyrir kosningar, að betra væri að vanta brauð en þola vist erlends varnarliðs í landinu.

Hermann Jónasson fáraðist í gær mjög yfir fréttaflutningi héðan til annarra landa. Ótrúlegur barnaskapur er, að sjálfstæðismenn ráði því, hvað um þjóðina er sagt erlendis. Sú staðreynd, sem hvarvetna þótti tíðindum sæta, en Hermann vildi umfram allt að þagað væri um, var sú, að hann myndaði ríkisstj. með kommúnistum í því skyni að gera landið varnarlaust. Hinar frjálsu lýðræðisþjóðir óttuðust að vonum þann fleyg, sem þannig átti að reka í varnarkerfið, og hafa því sjálfar sent fleiri fréttamenn til landsins síðasta árið en nokkru sinni áður.

Hermann sagði sjálfur í útvarpinu í fyrra fyrir kosningar, að þær færu fram í ásýnd alls heimsins. En hann varð manna fyrstur til að kveinka sér, þegar hann heyrði undirtektir umheimsins. Ef til vill hefur órói þeirra, sem yfir mestum

þeningunum ráða, nokkuð minnkað, eftir að þeir sáu, að hér var ekki um að ræða æruatriði hjá hæstv. ríkisstj., heldur peningaspursmál. Hvort álit okkar hefur aukizt að sama skapi, er annað mál, og öryggið er auðsjáanlega valt, því að ekki eru Rússar alveg peningalausir heldur.

Vegna frammistöðu forsrh. í þessu máli og öðru sagði greindur og gegn maður nýlega: Hermanni fer eins og barnakennaranum, sem réð ekkert við börnin, er lúta áttu stjórn hans. Eitt sinn, þegar allt ætlaði um koll að keyra í bekknum, sagði hann: „Þið megið láta eins og þið viljið, krakkar mínir, bara ef þið lofið mér að vera inni í stofunni hjá ykkur.“ Á sama veg fer um Hermann Jónasson. Hann skeytir engu um málefni né háarifrildi stuðningsmanna sinna, aðeins ef hann fær að sitja með inni í forsætisráðherraherberginu. — Þetta sagði lífsreyndur maður.

En málgagn forsrh., Tíminn, sem raunar hefur nýlega verið látinn á erlendum vettvangi afneita ábyrgð á skrifum ritstjóra síns, er alveg hissa á því, af hverju menn séu að deila um varnarmálin, þar sé galdur sá einn að hafa orðalagið slíkt, að það segi í rauninni ekki neitt, svo að hver geti túlkað það eins og honum sjálfum líkar. Vera kann, að þetta stefnuleysi haldi stjórninni saman við völd um sinn. En hvernig stjórnarsinnar sjálfir líta á þetta í raun og veru, sést af því, að þegar ferðalangur á dögunum sagði erlendis, að forsrh. okkar væri ákaflega vinsæll, prentaði málgagn stærsta stjórnarflokksins þá frásögn upp sem eins konar „kuriosum“ — skrýtilegt fyrirbæri — og hafði þann formála, að grein mannsins bæri þess „nokkur merki“, eins og blaðið sagði, að höfundur hefði haft lítinn tíma til annars en „veizluhalda með háttsettu fólki“, og hefði hann „þurft að eiga hér lengri dvöl til að kynnast íslenzkri alþýðu“. Þetta sagði stuðningsblað forsrh.

Þá varð forsrh. ekki síður lítið um það gefið í gær, að sagt væri frá staðreyndum efnahagslífsins. Þar er hann sammála Eysteini Jónssyni, sem raunar allt aðrar og meiri málefnakröfur verður að gera til en Hermanns Jónassonar. En að sögn Tímans spurði Eysteinn nýlega svo á Alþ.: En hvers vegna er Sjálfstfl. að telja upp þessar og fleiri kauphækkanir? — Örvæntingin í spurningunni, þar sem hún er prentuð í Tímanum, stafar af prentsvertunni, með sama hætti og hún hljómaði fyrir eyrum okkar, sem heyrðum hana á Alþ. Já, af hverju er verið að tala um hækkanir á kaupi og verðlagi og meiri skort á vinnufriði nú en oftast áður?

Ef ekkert af þessu væri fyrir hendi, eins og lesendum Tímans er ætlað að halda, því að þar er vandlega þagað um flesta þýðingarmestu atburðina í þessum efnum, mundum við sjálfstæðismenn þá ekki baka okkur sjálfum tjón með að segja frá slíkum ósannindum? Nei, það er einmitt vegna þess, að allt, sem við segjum um þetta, er satt, sem stjórnarliðið með Eystein Jónsson í broddi fylkingar bregzt svo við sem raun ber vitni um. Það er vegna þess, að Eysteinn Jónsson verður að viðurkenna sína eigin sök, að hann bregzt reiður við, þegar sagt er frá staðreyndunum. Hann þolir ekki að vera minntur á eigin misgerðir. Sannleikurinn verkar á hann eins og salt í opið sár.

Auðvitað veit Eysteinn Jónsson, að hann — hann sjálfur — opnaði verðhækkunar- og kauphækkunarflóðgáttina á ný með tvenns konar verknaði, sem hann öðrum fremur ber ábyrgð á og framinn var, meðan kaupbindingar- og verðfestingarlögin voru í gildi frá ágústlokum til áramóta.

Lúðvík Jósefsson og Hannibal Valdimarsson bera raunar fyrst og fremst hina formlegu ábyrgð á Hamrafellsokrinu, þegar teknar voru 15 millj. kr. af neytendum gersamlega að ástæðulausu. En það var Eysteinn Jónsson, sem með harðfylgi sínu neyddi Lúðvík til samninga um þá verðlagningu, sem verðlagsyfirvöldin höfðu einhliða ákvörðunarvald um. Ríkisstj. Íslands settist þarna á bekk með okrurunum og samdi við þá um hið geipilegasta okur, sem með einni ákvörðun hefur verið framið í Íslandssögu. Lúðvík Jósefsson var að vísu lítt stjórnvanur, þegar þetta gerðist, en hann hefði átt að kunna skil á viðsemjendum sínum.

Forráðamenn Olíufélagsins höfðu áður verið dæmdir af sjálfum hæstarétti þjóðarinnar fyrir fáheyrt okur, og voru þá nær 1200 þús. kr. af okurgróða þeirra gerðar upptækar til ríkissjóðs og hinn sekasti sakborninga var dæmdur í 100 þús. kr. sekt eða til vara í 9 mánaða varðhald. Fjmrh., Eysteinn Jónsson, launaði þessum okurherra með því að gera hann skömmu síðar að forstjóra Tóbakseinkasölu ríkisins. Þau spor áttu sannarlega að hræða skyni borna menn. En Lúðvík Jósefsson gekk í gildruna.

Vegna samninganna við Lúðvík verður því að þessu sinni ekki komið við að endurheimta okurálagninguna með dómi. En ofurþungi almenningsálitsins hefur nú þegar neytt þá kumpána til að skila aftur svipaðri upphæð og áður var af þeim dæmd. Nú er raunar sagt, að þeirri endurgreiðslu eigi að fylgja nýir forréttindasamningar Hamrafellinu til handa og það eigi að fá tryggð farmgjöld til áramóta langt yfir heimsmarkaðsverð.

En Eysteinn Jónsson lét ekki við þetta sitja. Á meðan launabindingarlögin voru í gildi, átti hann einnig hlut að því sem varaformaður Sambands ísl. samvinnufélaga, að fast starfsfólk þess fyrirtækis fékk launahækkun, sem nam 8% af grunnkaupi. Aðferðin átti að vera sú í fyrstu að halda þessari miklu kauphækkun leyndri. En upp koma svik um síðir, og nú hafa forustumenn S. Í. S. neyðzt til þess að játa þessa staðreynd, þ. á m. Eysteinn Jónsson hér á Alþ., þó að synd væri að segja, að hann hafi gert það með glöðu geði. Hann reyndi að færa þá afsökun fram, að aðrir hefðu löngu áður verið búnir að fá launahækkanir. Samanburðartilvitnunin í þessum efnum er engin nýlunda. Hún er einmitt hin sífellda afsökun allra kauphækkana. En hér játar sjálfur sökudólgurinn, að langt hafi liðið í milli, og það, sem úr sker: kaupbindingarlögin voru sett í millitíðinni og voru í fullu gildi, þegar Eysteinn framdi verknað sinn.

Að vísu var þess gætt að haga öllu svo, að beinn lagabókstafur væri ekki brotinn, svo að réttvísin getur ekki haft hendur í hári þessara

herra. En hvernig getur sá, sem svo fer að sem Eysteinn Jónsson í þessu, komið til annarra og sagt: Alger stöðvun á verðlagi og kaupgjaldi er óhjákvæmileg? Boðorðið gamla um að ætlast ekki til meira af öðrum en sjálfum sér er enn í fullu gildi. Svo greindur maður sem Eysteinn Jónsson finnur þetta glöggt, og þess vegna vill hann láta myrkrið, þögnina skýla sér. Þess vegna eiga það nú nánast að vera landráð að segja frá því, sem oftast ber við nú hér á landi, sem sé nýrri og nýrri hækkun á verðlagi, nýrri og nýrri kaupsamningauppsögn, nýrri og nýrri verkfallshótun og nýrri og nýrri kauphækkun, oftast fyrir forustu eða atbeina sjálfrar ríkisstj. Þá sögu yrði of langt upp að telja, enda bætast þar nýir kaflar við, allir á sömu leið, svo að segja hvern einasta dag.

Síðast í gær var fundur, þar sem þeir Eðvarð Sigurðsson og Guðmundur J. Guðmundsson, kommúnistar, mættu fyrir hönd aðstoðarbifreiðarstjóra og verkamanna í Dagsbrún, sem sagt höfðu upp samningum við Mjólkursamsöluna, og kröfðust 18—20% kauphækkana.

Vörn stjórnarliðsins er sú að kenna okkur sjálfstæðismönnum um þetta, af því að við þegjum ekki um það, sem er að gerast, og rauf Guðmundur Í. Guðmundsson þó töluvert skarð í þann varnarmúr í gær, þegar hann skýrði Iðjuhækkununa á allt annan veg en félagar hans, þeir Hermann og Hannibal, höfðu gert. En regla stjórnarliðsins er sú, að ekki á að vera aðfinningarvert að gera það, sem miður fer, heldur hitt að segja frá því.

Við sjálfstæðismenn munum ekki láta slíkt orðaskak hræða okkur af réttri braut. Undirstaða allra lækninga er að greina sjúkdóminn rétt, átta sig á staðreyndum, orsökum þeirra og afleiðingum.

Á undanförnum árum, þegar við sjálfir vorum við völd, hikuðum við ekki við að benda almenningi á, hverjar afleiðingarnar yrðu, ef kauphækkunar- og verðbólguskrúfunni yrði haldið áfram. Þessari viðleitni hverfum við ekki frá, þó að við séum ekki lengur í ríkisstj. og þó að það sé nú ríkisstj. sjálf, sem höfuðsökina ber, en þar eru raunar að verki hin sömu upplausnaröfl kommúnismans, sem áður báru höfuðsökina og nú hafa slegizt í fylgd með eigingirni, einsýni og ofstæki Framsóknar.

Ríkisstj. hælir sér af þeim framkvæmdum, sem hún hefur fyrirhugað. Allt, sem þar er af viti gert, er byggt á gömlum grunni. Flest af þeim frv., sem talin voru upp í gær og þinginu var hælt fyrir að afgreiða, voru undirbúin að tilhlutan fyrrv. stjórnar. En undir framkvæmdinni verður nú sem fyrr mest komið. Er þar sízt breytt til batnaðar, eins og þegar hæstv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, vill ekki skattleggja brennivínið til menningarmála, eins og nefnd, skipuð af fyrrv. ríkisstj., hafði lagt til, heldur vill hann níðast á kvikmyndahúsamiðum og hækka þannig verð heilbrigðustu almenningsskemmtunarinnar í þéttbýlinu. Hinu versta er hlíft, hitt er skattlagt. Slík er aðferðin, og er þá ekki von, að vel fari. Og broslegt var, þegar hinir nýkosnu þingmenn voru að hælast um yfir afrekum þessa langa og litilvirka þings. Það er svo sem þeir haldi, að ekkert hafi gerzt á Íslandi, þangað til þeirra atkvæði kom til. Svo var t. d. um skýrslu Björns Jónssonar um hrörnun sjávarútvegsins, en á síðasta ári lánaði þó t. d. fiskveiðasjóður til kaupa og smíða á nýjum skipum að smálestatölu í heild mjög svipað og nemur heildarmagni hinna nýju tólf 200 tonna skipa, sem mest er nú gumað af.

Lítill vandi er að gagnrýna gerðir annarra. Meiri vandi er að gera rétt sjálfur, þegar færi gefst til. Við sjálfstæðismenn óskum ekki að vera dæmdir eftir innantómum loforðum, heldur verkum okkar nú og fyrr. Auðvitað hefur okkur skjátlazt og missýnzt eins og öðrum, en við eigum meiri þátt en aðrir í mesta framfaratímabili íslenzku þjóðarinnar, af því að við erum málsvarar gróandans í þjóðlífinu, lífskraftarins, hagkvæmninnar, framkvæmdarinnar og frelsisins. — Góða nótt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þegar núverandi ríkisstj. tók við völdum á s. l. sumri, var hin sívaxandi verðbólga alvarlegasta vandamálið í efnahagsmálum þjóðarinnar. Síðustu 12 mánuðina, áður en ríkisstj. var mynduð, hafði vísitalan hækkað um 20 stig eða rúmlega 12%. Meiri hækkun var fyrirsjáanleg um haustið, ef ekki yrði að gert. Þess vegna varð þegar í stað að grípa til víðtækra ráðstafana til þess að stöðva óheillaþróunina, og það var gert.

Núverandi ríkisstj. tókst það, sem ríkisstj. þeim, sem setið höfðu á undan, aldrei tókst, að fá samkomulag við samtök launþega og bænda um festingu verðlags og kaupgjalds til áramóta. Síðan hefur það verið kjarni stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum að vinna gegn verðhækkunum. Hún hefur forðazt að bæta nýjum álögum á brýnustu nauðsynjavörur almennings, þótt fyrrv. ríkisstj. hafi skilið þannig við útflutningsatvinnuvegina, að afla varð mikilla tekna til þess að koma í veg fyrir stöðvun þeirra.

Ríkisstj. hefur með niðurgreiðslum komið í veg fyrir hækkun nokkurra helztu innlendra landbúnaðarafurða til ótvíræðra hagsbóta bæði fyrir neytendur og bændur. Hún hefur tekið upp strangt eftirlit með álagningu í því skyni að lækka vöruverð og draga úr gróða milliliða. Og síðast en ekki sízt hefur hún leitazt við að hafa sem nánust samráð við samtök vinnandi fólks og reynt að taka, svo sem kostur hefur verið, til greina óskir þeirra varðandi ráðstafanir í efnahagsmálum í því skyni að treysta vinnufriðinn.

Allt þetta hefur borið þann árangur, að vísitalan hefur á s. l. 9 mánuðum aðeins hækkað um rúmlega 2%, en verulegur hluti þeirrar hækkunar stafar af óviðráðanlegum erlendum verðbreytingum.

Enginn, sem skynbragð ber á þau vandamál, sem við er að etja í íslenzku efnahagslífi, og hugsar um þau af ábyrgðartilfinningu, mun draga það í efa, að vinna þurfi gegn áframhaldandi verðlags- og kaupgjaldsskrúfu. Ef verðlagið og krónutala kaupsins heldur áfram að hækka, verða þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til þess að tryggja rekstrargrundvöll útflutningsframleiðslunnar, fljótlega algerlega ófullnægj-

andi. En þannig hefur einmitt farið hvað eftir annað á *undanförnum árum*, að tilraunir til þess að rétta hag útvegsins hafa þegar í stað leitt til verðhækkana, sem á skammri stundu hafa étið upp mestan hluta þessara hagsbóta.

Þannig fór t. d. um ráðstafanir þær, sem ríkisstj. Ólafs Thors gerði með framleiðslusjóðsl. 1956. Í kjölfar þeirra sigldu þegar í stað verðhækkanir, er höfðu þær afleiðingar að auka varð styrki til útflutningsframleiðslunnar, er á árið leið, og var afkoma útvegsins þó alls óviðunandi.

Enn verr fór þó, þegar gengið var fellt 1950 og verðlag hækkaði um 50% á hálfu öðru ári, svo að grípa varð til enn annarra ráðstafana, til þess að verðlagshækkunin sligaði ekki útveginn.

Einn af ræðumönnum Sjálfstfl. í gærkvöld, hv. þm. N-Ísf., Sigurður Bjarnason, gerði tekjuöflun ríkisstj. til stuðnings útflutningsatvinnuvegunum um síðustu áramót að sérstöku umtalsefni. Hann taldi hana leggja þungar, allt að því *óbærilegar* byrðar á almenning. Tilgangur hv. þm. er án efa að vekja óánægju meðal almennings með þessar ráðstafanir. En þm. hefur sézt yfir það, að þegar hann gagnrýnir þessar ráðstafanir, er hann í raun og veru alls ekki að gagnrýna núverandi ríkisstj., heldur ríkisstjórn Ólafs Thors. Þessar ráðstafanir voru nefnilega alls ekki nauðsynlegar vegna nokkurra aðgerða núverandi ríkisstj., heldur vegna þess, hvernig fyrrv. ríkisstj. skildi við útflutningsatvinnuvegina. Hv. þm. var því í raun og veru að deila á foringja sinn, Ólaf Thors, fyrir að hafa haldið þannig á málum í stjórnartíð sinni, að slíkar ráðstafanir væru óhjákvæmilegar.

Annars var málflutningur hv. þm. um þessi efni með þeim hætti, að mjög vítavert verður að teljast. Hann beindi máli sínu til húsmæðra og fjölyrti um þau feiknarlegu gjöld, sem þeim hefði verið gert að greiða, og það tók hann sárt, að þessu skyldi vera bætt við öll þau ósköp, sem *ríkisstjórnir Sjálfstfl. hefðu lagt á herðar* þeirra. Hann beitti reikningslistinni óspart og komst að þeirri niðurstöðu, að hver fimm manna fjölskylda þyrfti nú að greiða 9400 kr. á þessu ári ofan á allt annað og það væri álíka og gert væri ráð fyrir í visitölugrundvellinum að hún notaði fyrir kjöti og kjötvörum og mjólkurvörum á heilu ári. Það var helzt á ræðumanni að heyra, að á þessu ári mundu fimm manna fjölskyldur varla geta keypt nokkurn kjötbita eða nokkurn mjólkursopa.

Þessi meðferð tölulegra staðreynda er svo furðuleg, hún er svo fáránleg, að menn hlýtur að reka í rogastanz. Annaðhvort er hér um að ræða algert skilningsleysi á undirstöðuatriðum þess efnahagskerfis, sem þjóðin hefur nú um langt skeið búið við, eða fullkomið skeytingarleysi um, að hann fari með rétt mál.

Í fyrsta lagi er það fjarstæða að jafna þessum svokölluðu álögum jafnt niður á allar fimm manna fjölskyldur. Allir, nema þá ef til vill einn af þm. Sjálfstfl., vita, að gjöldin voru einmitt ekki lögð hlutfallslega jafnt á allar innfluttar vörur, heldur var ýmsum nauðsynjavörum hlíft algerlega, en þeim mun hærri gjöld lögð á þær vörur, sem frekar mátti telja til óhófs. Þetta er þó ekki aðalatriðið. Þegar gjöldum þeim, sem aflað er til stuðnings útflutningsatvinnuvegunum, er jafnað niður á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu sem útgjaldaaukningu, sem byrði, eins og málsvarar og blöð Sjálfstfl. eru allajafna að leika sér að, þá er talað eins og þessar millj. verði að engu, eftir að þær hafa verið innheimtar. Vita þessir málsvarar Sjálfstfl. í raun og veru ekki, hvað við þær er gert? Þarf að segja þeim, að þær eru notaðar til þess að hækka fiskverð og kjötverð? Hverjir fá þessar uppbætur? Ef taka ætti orð þessara málsvara sjálfstæðismanna alvarlega, þá er engu líkara en þeir haldi, að fiskaflinn éti þetta fé eða þá ð lömbunum séu gefnir peningaseðlar og allar milljónirnar fari þess vegna forgörðum.

Hið vinnandi fólk til sjávar og sveita veit hins vegar betur. Það veit, að vegna þessara ráðstafana hækkar verðið, sem það fær fyrir fiskinn og kjötið. Þessar millj. lenda m. ö. o. fyrst og fremst í vasa þess. Það er tekjuauki fyrir sjómenn, útvegsmenn, bændur, verkamenn, iðnaðarmenn og alla þá, sem vinna við útflutningsframleiðsluna. En þessum tekjuauka sleppa sjálfstæðismenn úr dæminu, og þess vegna er útkoma þeirra alröng og algerlega út í bláinn. Einu raunverulegu byrðarnar fyrir þjóðarheildina, sem felast í slíkum ráðstöfunum sem þeim, sem gerðar voru um síðustu áramót, eru fólgnar í þeim hluta gjaldanna, sem notaður er til fjárfestingar. En svo skemmtilega vill til, að yfirleitt þau útgjöld vildi Sjálfstfl. auka.

Málflutningur sjálfstæðismanna er því svo botnlaus, að allan almenning hlýtur að reka í rogastanz. Og þegar tekið er tillit til þess, að ráðstafanir um síðustu áramót voru alls ekki nauðsynlegar vegna neinna stjórnarathafna núverandi ríkisstj., heldur eingöngu vegna þess taprekstrar, sem myndazt hafði í útflutningsatvinnuvegunum á valdaskeiði ríkisstj. Ólafs Thors, þegar tekið er tillit til þess, að hér var m. ö. o. um að ræða reikning, sem sú stjórn skildi eftir í stjórnarráðinu og núverandi ríkisstj. varð að greiða, þá verður allur bægslagangur Sjálfstfl. út af þessum ráðstöfunum beinlínis hlægilegur.

Ræðumenn Sjálfstfl. í gærkvöld fjölyrtu um, að allt hefði snúizt á verra veg í efnahagsmálum þjóðarinnar við valdatöku núverandi ríkisstj. Hér er sannleikanum algerlega snúið við. Ég skal nú nefna nokkrar staðreyndir um þróunina síðustu níu mánuði eða frá því er ríkisstj. tók við störfum og geta svo til samanburðar sams konar staðreynda frá síðasta hálfu öðru árinu, þegar ríkisstj. Ólafs Thors sat að völdum.

Á starfstíma núverandi ríkisstj. hefur verðlag aðeins hækkað um rúm 2%, en það hækkaði um 16% á síðustu 18 mánuðum þar á undan. Gjaldeyrisástandið er enn erfitt, en gjaldeyrisstaða bankanna hefur þó batnað um 40 millj. kr. síðan í júlílok í fyrra, en á síðasta hálfu öðru árinu þar á undan versnaði hún um hvorki meira né minna en 113 millj. kr. Einnig hefur dregið úr lánsfjárþenslunni, því að heildarútlán bankanna hafa aukizt um 76 millj. síðustu 9 mánuði, en á síðustu 18 mánuðum þar á undan jukust þau hvorki meira né minna en um 546 millj. kr.

Sömuleiðis má á það benda, að ríkissjóður og stofnanir hins opinbera hafa bætt stöðu sína gagnvart seðlabankanum um 38 millj. í tíð núverandi ríkisstj. Að síðustu má geta þess, að á síðustu 18 mánuðum í stjórnartíð Ólafs Thors jókst seðlaveltan um hvorki meira né minna en 58 millj. eða um 21%, og er þetta ótvírætt verðbólgueinkenni. Undanfarna 9 mánuði hefur seðlaveltan hins vegar lækkað um 20 millj., eða um 6%. Þetta er eitt af mörgum merkjum þess, að dregið hefur úr hinni óheilbrigðu verðbólguþenslu, sem þjáð hefur efnahagslíf Íslendinga mörg undanfarin ár.

Allar þessar staðreyndir hafa vakið óskipta athygli þeirra erlendu fjármálastofnana og samtaka, sem Íslendingar eru aðilar að, og lagt grundvöll að auknu lánstrausti Íslendinga erlendis. Erlendir fjármálasérfræðingar, sem fást við málefni Íslands í alþjóðlegum stofnunum, hafa látið þess getið, að ráðstafanir núverandi ríkisstj. í efnahagsmálum hafi verið mjög til bóta frá því, sem áður var. Hér innanlands viðurkenna þetta og allir nema hinir ábyrgðarlausu leiðtogar Sjálfstfl. og blindustu og ofstækisfyllstu fylgismenn þeirra.

S. l. ár hefur verið tími mikils mótlætis og mikilla rauna fyrir Sjálfstfl. Fyrstu vonbrigðin urðu þau, er Framsókn rauf stjórnarsamstarfið við hann á s. l. vori, af því að hann sá það alveg réttilega, að vandamál efnahagslífsins urðu alls ekki leyst í samvinnu við hann. Þá settist uggur að forustumönnum Sjálfstfl. Þess vegna spöruðu þeir hvorki fé né fyrirhöfn í kosningabardaganum. En kosningaúrslitin urðu ný vonbrigði. Sjálfstfl. tapaði þingsætum í Hafnarfirði, á Akureyri, á Siglufirði, á Seyðisfirði og í Barðastrandarsýslu. Hann vann hins vegar þingsæti í Reykjavík og fékk uppbótarsæti, en þingflokkurinn minnkaði um tvo þm. Samt urðu foringjar Sjálfstfl. ekki verulega hræddir. Þeir trúðu því ekki, að andstæðingarnir gætu komið sér saman. S. l. 2 áratugi höfðu sjálfstæðismenn verið aðilar að öllum ríkisstj. og unnið með öllum hinum flokkunum á víxl. Þó að þeir hafi allir verið mjög andvígir Sjálfstfl., höfðu þeir aldrei getað orðið á eitt sáttir um að vinna saman. Í skjóli þess hafði Sjálfstfl. fengið lykilaðstöðu í íslenzkum stjórnmálum og setið í öllum ríkisstj. Þrátt fyrir minnkandi þingflokk treystu foringjar Sjálfstfl. því, að enn mundi svo fara, að ógerningur væri að komast fram hjá sér við stjórnarmyndun. Þeir töldu sig enn ómissandi í ríkisstj. og þeir leyndu því ekki, að þeir vildu mikið til vinna að fá að halda völdum. Það var t. d. sérstaklega athyglisvert, að fyrst eftir kosningarnar sást tæpast styggðaryrði í Morgunblaðinu um Alþb. eða íslenzka kommúnista. En svo kom fregnin um, að Hermanni Jónassyni hefði tekizt að mynda ríkisstj., sem studd væri af andstæðingum Sjálfstfl. á Alþ. Hún kom eins og reiðarslag yfir leiðtoga Sjálfstfl. Var þetta mögulegt, að þeir, sem átt höfðu sæti í ríkisstj. í næstum tvo áratugi og voru búnir að telja sjálfum sér og fylgismönnum sínum trú um, að þeir væru ómissandi í stjórnarráðinu, væru nú allt í einu lentir utan garðs, orðnir áhrifalausir, einskis megnugir á löggjafarþingi þjóðarinnar? Jú, þetta var staðreynd, að vísu óþægileg, en staðreynd engu að síður.

Foringjar Sjálfstfl. reyndu samt að herða upp hugann og telja kjark í fylgismenn sína, sem höfðu treyst því, að til slíks kæmi aldrei. Þeir sögðu við sjálfa sig og aðra: Þetta getur ekki staðið lengi. Þessi ríkisstj. er svo ósamstæð, að hún springur eftir nokkrar vikur. Hún hlýtur að mæta svo mikilli andspyrnu hjá bandamönnum okkar í Atlantshafsbandalaginu, að hún hlýtur að segja af sér von bráðar.

Sjálfstfl. fór sér því hægt hér innanlands, en lét þjóna sína vera þeim mun athafnasamari erlendis. Tugir skeyta voru send út um allan heim og þó einkum til blaða meðal vestrænna vinaþjóða Íslendinga til þess að ófrægja ríkisstj. og gera henni sem erfiðast fyrir. En þetta bar engan árangur. Ríkisstj. tókst að ná vinsamlegu samstarfi við allar þjóðir, sem Íslendingar hafa haft samskipti við. Henni tókst jafnvel að fá erlend lán, sem ríkisstj. Ólafs Thors hafði árangurslaust leitað eftir árum saman. Þá fauk alvarlega í foringja Sjálfstfl., og þeir sneru reiði sinni ekki síður að erlendum ríkisstj. — og þá fyrst og fremst ríkisstj. Bandaríkjanna — en að íslenzku ríkisstj. Þeir töluðu jafnvel um, að bandaríska stjórnin hefði reynt að múta Íslendingum. En með slíku tali er hinni erlendu ríkisstj. auðvitað fyrst og fremst óvirðing gerð, en ekki þeirri íslenzku.

En þótt ekki tækist að spilla sambúð Íslands og helztu vinaþjóða Íslendinga, sögðu leiðtogar sjálfstæðismanna við sjálfa sig: Þetta stjórnarsamstarf verður engu að síður stutt. Þeir komast ekki einu sinni yfir þyrjunarörðugleikana í efnahagsmálunum. — Sjálfstæðismennirnir vissu nefnilega gerla, hvernig þeir skildu við. Erfiðleikarnir voru gífurlegir. Verðhækkun landbúnaðarafurða var yfirvofandi og kauphækkun þá sömuleiðis. Verðbólguhjólið var í fullum gangi. En hvað skeði? Skömmu eftir að núverandi ríkisstj. tók við störfum, tókst henni að koma á samkomulagi milli samtaka launþega og bænda um, að hvorki afurðaverð né kaup skyldi hækkað, enda skuldbatt ríkisstj. sig til þess að sjá svo um, að verðlag hækkaði ekki til áramóta, og efndi það loforð.

Nú fór að fara alvarlega um leiðtoga Sjálfstfl. Þeir höfðu gert það, sem þeir gátu, til þess að koma í veg fyrir þetta samkomulag. En allt hafði komið fyrir ekki. Vonbrigðin voru því mikil og sár. Er hugsanlegt, að þeir geti fundið lausn á efnahagsvandanum um áramótin? spurðu þeir sjálfa sig, fullir af áhyggjum og kvíða.

En þá gerðist allt í einu atburður, sem vakti nýja von í brjósti hinna aðþrengdu leiðtoga Sjálfstfl., að vísu hörmulegur atburður, en þó þess eðlis, að hann kynni að verða Sjálfstfl. gagnlegur í baráttunni gegn ríkisstj. Sovétríkin beittu hervaldi til þess að bæla niður frelsisbaráttu ungversku þjóðarinnar. Nú hlýtur þó að koma að því, andvörpuðu leiðtogar Sjálfstfl. Nú hlýtur ríkisstj. að springa. — En hvað skeði? Ríkisstj. samþ. einróma að harma og fordæma atburðina í Ungverjalandi, og forsrh. flutti þennan boðskap í útvarpið. Enn urðu foringjar Sjálfstfl. fyrir sárum vonbrigðum.

Eftir var þó endurskoðun varnarsamningsins. Nú settu þeir alla von sína á það, að ósamkomulag yrði um það mál í ríkisstj. En þeir fengu ekki að lifa lengi í þeirri von. Samkomulag náðist um lausn þess máls á skömmum tíma.

Nú vissu sjálfstæðismenn ekki, hvaðan á þá stóð veðrið. Nú fór að fara alvarlega um þá. Mánuðum saman höfðu þeir vænzt þess, að ríkisstj. sundraðist svo að segja þá og þegar. En allt kom fyrir ekki. Hún leysti með samkomulagi hvern þann vanda, sem að höndum bar, bæði innanlands og í utanríkismálum. Gat það verið, að þessi ríkisstj. ætlaði að reynast föst í sessi og Sjálfstfl. ætti að una valdaleysi og áhrifaleysi um langt skeið? Þetta var óhugnanleg tilhugsun fyrir foringja Sjálfstfl.

Enn var þó eftir ein von, kannske aðalvonin. Ríkisstj. átti eftir að leysa vandamál útflutningsatvinnuveganna um áramótin. Forustumenn Sjálfstfl., sem verið höfðu í ríkisstj., meðan það tap var að myndast, sem eftir var að jafna, vissu vel, við hvílíka erfiðleika hér var að etja. Og nú treystu þeir því, að þeir mundu reynast ríkisstj. ofjarl og hún sundrast. Allir vita, hvað gerðist. Um lausn málsins náðist ekki aðeins samkomulag milli stjórnarfl. Slíkt hefði heldur ekki verið nein nýlunda og raunar alls ekki fullnægjandi lausn. Það náðist einnig samkomulag við samtök bæði framleiðenda og launþega. Slíkt hafði aldrei tekizt undanfarin ár. Róðrar hófust á eðlilegum tíma, en ekki eftir langa deilu og mikið vinnu- og gjaldeyristap eins og í stjórnartíð Ólafs Thors.

Þetta munu hafa orðið stærstu vonbrigði leiðtoga Sjálfstfl. Nú þýddi ekki lengur að neita því, hvorki fyrir sjálfum sér né öðrum, að ríkisstj. væri samhent og stæði föstum fótum, að á milli hennar og samtaka launþega og framleiðenda væri náin samvinna, svo að það væri tálvon ein að vænta þess, að hún sundraðist. Í augum leiðtoga Sjálfstfl. er þetta auðvitað ægileg staðreynd. Það er skiljanlegt, að þeir menn, sem talið hafa sjálfum sér og öðrum trú um, að þeir hefðu þá aðstöðu í landinu, að þeir hljóti að fara með völd, vakni upp við vondan draum, þegar þeir sjá, að þeir hafa misst áhrif sín, þegar þeir finna það, að þeir ráða ekki lengur, heldur eru utangarðsmenn, þegar ákvarðanir eru teknar um málefni alþjóðar. En við þessa staðreynd verða þeir nú smám saman að sætta sig, hvort sem þeim líkar betur eða verr. Vinnandi fólk í landinu saknar þeirra ekki úr valdastólunum. Meðan þeir sátu þar, var ekki leitað samstarfs við samtök þess um lausn efnahagsmálanna. En núverandi ríkisstj. skoðar sem eina meginskyldu sína að hafa náið samstarf við samtök bæði launamanna og framleiðenda. Hún gerir sér ljóst, að án slíks samstarfs verða vandamál atvinnulífsins aldrei leyst farsællega. Þess vegna er hún staðráðin í því að halda áfram að starfa í nánu samráði við samtök hinna vinnandi stétta til sjávar og sveita, þótt vonbrigði Sjálfstfl. vegna árangurs þessa samstarfs verði æ sárari.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Það er um Bjarna Benediktsson þannig ástatt, að hann má ekki heyra Hamrafellið nefnt, af því að hann var neyddur til þess að samþ. leyfi fyrir skipið. En ætlun hans og sjálfstæðismanna var að koma í veg fyrir, að skipið kæmi til landsins. Í fragtmálinu gerðist það, að S. Í. S. samdi um að flytja olíu hingað fyrir lægri fragtir en gilda á frjálsum markaði. Það var því hægt að hafa lægra olíuverð, af því að Sambandið hafði eignazt skipið og samdi um lægri fragtir en þá var hægt að fá annars staðar. En ofstæki Bjarna Benediktssonar má bezt sjá á því, að hann sér svart yfir framförum, ef þær eru ekki á vegum íhaldsmanna. Það er ekki vænlegt einkenni á manni, sem vill vera leiðtogi.

Menn voru að tala um lántökur í gærkvöld og aftur nú. Þegar núverandi ríkisstj. tók við völdum, voru opinberar skuldir Íslands um 334 millj. Síðan ríkisstj. tók við í sumar sem leið, hafa samningar verið gerðir um opinberar lántökur, sem nema um 304 millj. Með opinberum lánum er átt við lán ríkisins, Framkvæmdabankans og lán með ríkisábyrgð. Á þremur æviárum þeirrar ríkisstj., sem næst á undan sat, námu opinberar lántökur samtals 151 millj. Einhvern tíma mundi það hafa verið talið allvel að verið að semja um 304 millj. kr. lántökur á 10 mán., eftir að hafa orðið að láta sér nægja 151 millj. á þremur árum og mikið af því til stutts tíma. En form. Sjálfstfl. finnst ekki mikið til um þetta. Það er rétt eins og hann sé því vanastur, að erlend lán séu gripin upp, eftir því, sem hver óskar. En menn brosa bara í kampinn að þessum mannalátum form. Sjálfstfl.

Svo fréttum við núna, að fyrrv. ríkisstj. hafi átt kost á láni í Sogið og ekki tekið það. Alltaf heyrir maður eitthvað nýtt, og langt er nú gengið. Eins og ég skýrði þjóðinni frá í útvarpsávarpi fyrir skömmu og hef greint frá áður, var reynt missirum saman að útvega lán í Sogið án þess að það tækist. Og Sogsstj. reyndi einnig árangurslaust. Það er því tilbúningur einn, að legið hafi fyrir ríkisstj. tilboð um lán í Sogið. Það má líka svo sem nærri geta, hvort legið hafi verið á því fyrir síðustu kosningar, ef tryggt hefði verið lánsfé til Sogsins.

Þá er það um þýzka tilboðið, sem sjálfstæðismenn hafa svo oft talað um, en ég hef ekki gert að umtalsefni fyrr. En ég ætla að gera það með örfáum orðum núna. Hingað kom einn af aðstoðarmönnum dr. Adenauers í orlofsferð, að ég hygg, s. l. vor. Utanrrh. og forsrh. hittu hann að máli. Þar barst í tal, að Ísland þyrfti á erlendum lánum að halda. Kvaðst hann mundu vekja athygli dr. Adenauers á því sérstaklega. Út af þessu kom síðar orðsending frá dr. Adenauer til forsrh. þáverandi, þar sem segir, að lánbeiðni frá Íslandi skyldi verða rannsökuð af vandvirkni og vinsemd, eins og það er þýtt af löggiltum skjalaþýðanda. Að sjálfsögðu var þessu fylgt eftir af núverandi ríkisstj., og hefur verið unnið í málinu síðan. En ég mun ekki á þessu stigi málanna gefa frekari skýrslu, þar eð það er ekki tímabært, eins og þau mál standa. Annars minna þessar sögur um það, hvernig lánatilboðin áttu að hafa drifið að úr öllum áttum, þegar Ólafur Thors var að fara eða jafnvel kom-

inn út úr dyrunum, helzt á sögu laxveiðimannanna um laxana sem þeir misstu. Þeir voru alltaf stærstir.

Tal þeirra sjálfstæðismanna um lánamálin er alveg ótrúlega ábyrgðarlaust um þessar mundir og síðan þeir fóru úr stjórninni. Þeir byggðu alla sína valdadrauma fyrst framan af í stjórnarandstöðunni á því, að ríkisstj. mundi hvergi geta fengið lán erlendis, og gerðu allt, sem þeir gátu með áróðri sínum, til þess að koma í veg fyrir það, að lán fengist, til þess að spilla fyrir Íslandi. Það er hart að þurfa að segja þetta, en það er ekki hægt að komast hjá því. Þetta átti að sýna m. a., að enginn vildi lána Íslandi, nema forkólfar sjálfstæðismanna væru við völdin, þeir hefðu einhverja töfralykla í höndunum, sem opnuðu fjárhirzlur annarra landa fyrir Íslendingum að vild. En ég er a. m. k. búinn að vera nógu lengi í stjórn með forkólfum sjálfstæðismanna til þess að vita, hvað hæft er í þessu.

Ég hygg það raunar hollast öllum oss, sem við þjóðmálastarfsemi fáumst á þessu landi, að falla ekki fyrir þeirri freistingu að þykjast eiga ráð á slíkum töfralyklum, láta alveg vera að reyna að telja fólki trú um, að þjóðin eigi fjáröflun sína utanlands undir því, að henni takist að þekkja gullhænuna í okkar hópi.

Okkur mun bezt að gera okkur grein fyrir því, að þegar til lengdar lætur, fer lánstraust landsins eftir því, hvernig þjóðarbúskapurinn tekst, og þá fyrst og fremst eftir því, hvort það tekst vel að halda uppi öflugri framleiðslustarfsemi og halda jafnvægi í efnahagsmálum og standa í fullum skilum út á við, og svo auðvitað eftir því, hvernig ástatt er um framboð á fé erlendis til lána í önnur lönd.

Bjarni Benediktsson segir það hér í umr. og hefur sagt það í blaði sínu, að lántökurnar fyrir vestan hafi verið bundnar við varnarsamninginn, það sé þýðingarlaust að mótmæla þessu. Þetta eru sams konar ósannindi og sögð voru um Bjarna Benediktsson og okkur hina, að við hefðum verzlað með varnarmálin fyrir gjafa- og lánsfé frá Bandaríkjunum. En svo djúpt sekkur nú Bjarni Benediktsson, að hann segir sams konar lygasögur um okkur og sagðar voru um hann og okkur, þegar við vorum saman í stjórn. Og svo segir þessi hv. þm. hér: Það þarf ekki frekar vitnanna við. — Og hvert er vitnið. Jú, það er Þjóðviljinn. Vitnið er Þjóðviljinn. Hann les þetta úr Þjóðviljanum, og þá þarf ekki frekar um það að efast. Er þetta viðurkenning þess, að það skuli nota Þjóðviljann sem heimildarrit um það, sem Íslandi og vestrænu þjóðunum hefur farið á milli, m. a. sem heimildarrit um framkomu Bjarna Benediktssonar í utanríkismálum? Er hægt að kaghýða sjálfan sig freklegar en Bjarni Benediktsson hefur gert með þessum málflutningi hér í kvöld?

Hv. þm. A-Húnv., Jón Pálmason, tileinkaði mér nokkurn kafla ræðu sinnar í gærkvöld. Hneykslaðist hann mjög á því, að ég skyldi geta verið í samsteypustjórn með Sjálfstfl. og síðan annarri með Alþb. Er ekki von, að maðurinn hneykslist? Hann er eins konar pólitískur herbergisþjónn hjá hv. þm. G-K., Ólafi Thors, sem hefur haft það helzt til þess að gorta af, að hann hafi staðið að stjórn með kommúnistum fyrstur manna hér á landi og þar á eftir annarri með framsóknarmönnum. Það er ekki að furða, þó að þessi hv. þm., þessi dyggi þjónn, sé hissa á því, að þetta skuli vera hægt.

Þá hellti þessi hv. þm. úr skálum reiði sinnar að mér út af þróun íslenzkra efnahagsmála síðasta áratuginn og sagði, að ég bæri ábyrgð á henni. Eitthvað skýtur þetta nú skökku við það, sem húsbóndi hans, hv. þm. G-K., segir. Hann segir nefnilega, að Sjálfstfl. hafi hér öllu ráðið að undanförnu og haft forustu um þróttmikla, farsæla umbótastefnu. Hverju á svo að trúa? Jóni Pálmasyni um, að ég hafi öllu ráðið og stefnt öllu norður og niður, eða Ólafi Thors, sem segist öllu hafa ráðið, enda allt á farsælli leið.

Áheyrendur munu finna, að á hvorugum þeirra ber að taka nokkurt mark. Á hinn bóginn er furðulegt, að menn skuli bjóða upp á svona fleipur svo að segja í sömu ræðunni eða a. m. k. í sama ræðutímanum.

Ég tel mig ætíð hafa reynt að vinna eftir málefnum og viljað vinna með þeim flokkum, sem á hverjum tíma hafa virzt vilja reyna að vinna að jafnvægi í efnahagsmálum og almennum framförum og taka á sig ábyrgð. Ég hef deilt á þá, sem á móti þessu hafa staðið, hvað sem þeir hafa nefnt sig. Ég tel, að í minni framkomu hafi ekkert ósamræmi verið. Ég hef aldrei viljað vinna það fyrir völd Framsfl. til handa að sleppa verðbólgunni lausri, og ég hef ekki í stjórnarandstöðu fallið fyrir þeirri freistingu, eins og forkólfar sjálfstæðismanna gera nú, að grafa undan atvinnulífinu og verðgildi peninganna.

Þá er ekki sérlega ósmekklegt eða hitt þó heldur, þegar hv. þm. A-Húnv. er að kenna hina miklu aukningu ríkisútgjaldanna við mig sérstaklega. Hér er svo rækilega snúið við sannleikanum, að höfuðstarf mitt í 7 ár hefur verið látlaus stórorusta við ráðh. Sjálfstfl. út af gífurlegum kröfum þeirra um stórfellt aukin ríkisútgjöld. Og í hópi sjálfstæðismanna eru þeir menn, sem ég af langri reynslu þekkti ófyrirleitnasta í því að setja upp ný störf og embætti og þenja út ríkisbáknið. Svo senda þessir menn Jón Pálmason út af örkinni til þess að tala um há ríkisútgjöld og kenna mér um þau.

Ég læt mér í léttu rúmi liggja fúkyrði þeirra sjálfstæðismanna. Þeir gera sig bara broslega með þessu. Allir vita, að ég hefði verið mjög merkur og gegn í þeirra augum, ef ég hefði lið máls á að halda stjórnarsamstarfi áfram með þeim.

Hv. þm. G-K., Ólafur Thors, var að tala hér í gærkvöld um dýrtíð og verðbólgu. Hann og hans menn áttu ekki nógu sterk orð til þess að lýsa því, hve dýrtíðin ylti ört áfram, að vísitalan hefði hækkað um 4 stig á 10 mánuðum. Það er ekki að furða, þótt þeir séu hissa, enda geta þeir djarft úr flokki talað með sína fortíð í þessum málum.

1942 brugðust þeir í samstarfi og efndu til pólitískra átaka, sem eingöngu voru miðuð við það að auka pólitísk völd sjálfstæðismanna. Í

þeim sviptingum ox dýrtíðin um 89 stig á einu sumri, á meðan þeir sátu við völdin. Þeir höfðu forustuna 1944—46, og þá ox dýrtíðin um 44 stig, samtals jókst því dýrtíðin um 133 vísitölustig í þessi tvö skipti, sem Ólafur Thors sat að völdum. Það er ekki að furða, þótt þeim þyki það tíðindi, að vísitala hækkar nú um 4 stig á nærri heilu ári.

Það er ekki langt síðan þeir Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson áttu sæti í ríkisstj. Íslands og það ekki allskamma hríð. Þeir töldu sig vilja vinna að jafnvægi í efnahagsmálum og voru ósjaldan að segja þjóðinni sína skoðun á því, hvað mætti ekki gera, ef vel ætti að fara. Eitt af því, sem þeir þreyttust aldrei á að taka fram, var það, að almennar kauphækkanir, sem ekki byggðust á því, að framleiðslan væri aflögufær, væru engum til gagns, en hlytu að leiða af sér verðbólgu, verðrýrnun peninga, framleiðslustöðvun og að lokum gengisfall.

Þeir létu blað sitt segja um þetta 30. apríl 1955: „Allir hugsandi menn vissu það fyrir fram, að kauphækkun, sem ekki er byggð á auknum möguleikum framleiðslunnar til þess að greiða hærra kaupgjald, getur aldrei leitt af sér kjarabót. Af því leiðir þvert á móti beina bölvun og erfiðleika fyrir launþega.“

Þeir voru ekki myrkir í máli um þessi efni. Þetta er aðeins örlítið sýnishorn, en það væri hægt að halda áfram að lesa svona í allt kvöld og alla nótt.

En svo skeði það, að þessir menn og flokkur þeirra lenti í minni hluta og missti völdin, en ekki ábyrgðina, því að ábyrgð fylgir því að stýra stjórnarandstöðu, ekki síður en að vera í stjórn. En hvernig hefur farið fyrir þessum mönnum í stjórnarandstöðunni? Þeir hafa fallið og fallið djúpt. Þeir hafa engin ráð til þess að halda uppi málefnalegri stjórnarandstöðu. Þeir hafa fallið í þá gröf, sem þeir einir lenda í, sem stefnulausir eru og hafa ekkert markmið annað en völdin. Í stað þess að byggja upp málefnalega stjórnarandstöðu, hafa þeir engin önnur úrræði séð en að reyna að grafa undan afkomu framleiðslunnar, ef með því mætti takast að skapa vandamál og umrót, sem kynni að geta skolað þeim til valda á ný.

Þau úrræði í efnahagsmálunum, sem núverandi stjórn beitti sér fyrir, voru byggð á samkomulagi við þýðingarmestu heildarsamtök stéttanna í landinu. Einn þáttur í þeirri stefnu, sem tekin var, var sá, að heildarsamtökin ákváðu að vinna gegn verðhækkunum og almennum kauphækkunum fyrst um sinn og reyna þannig að stöðva þá óheillaþróun í þessum efnum, sem við höfum búið við. Fullyrða má, að þjóðin fagnaði þessu samkomulagi. Þessi samtök urðu á hinn bóginn eins konar prófsteinn á forustu Sjálfstfl. Hér fengu sjálfstæðismenn stórfellt tækifæri til þess að sýna manndóm sinn og styðja þessa stefnu með ráðum og dáð og sýna það í verki, að þeir voru málefnalega trúir, þótt þeir væru ekki við völd.

Enginn hefði átt að fagna því meira en þeir skv. því, sem þeir höfðu áður haldið fram, að alþýðusamtökin voru ráðin í því að vinna gegn því, að ný verðbólguskriða færi af stað. En því miður hefur Ísland orðið fyrir því áfalli, að forusta Sjálfstfl. hefur gersamlega fallið á þessu prófi. Forusta flokksins hefur reynzt ábyrgðarlausari og ófyrirleitnari en verstu óvinir þeirra hafa haldið fram.

Það ótrúlega skeði, að forusta Sjálfstfl. hóf þegar í stað heiftarbaráttu gegn stöðvunarstefnunni. Þeir sneru svo gersamlega við blaðinu og ómerktu sig svo rækilega, að þeir hafa æ síðan núverandi ríkisstj. náði samkomulagi við forustu alþýðusamtakanna um stöðvunarstefnuna gert allt, sem í þeirra valdi hefur staðið, til þess að koma á skæruhernaði í kaupgjaldsmálum og koma á kauphækkunum, sem gætu orðið upphaf að almennum kauphækkunum í landinu. Þeir hafa látið alla þjóna flokksins vinna að þessu alls staðar, þar sem þeir hafa talið, að þeir gætu haft áhrif. Þeir hafa látið þá atvinnurekendur, sem þeir ráða yfir, bjóða fram kauphækkanir, til þess á þann hátt að reyna að sprengja stöðvunina í framkvæmd og til þess með því að reyna að gera þeim forustumönnum verkalýðsins, sem vilja vinna að stöðvunarstefnunni, óbærilegt að halda þeirri stefnu í framkvæmd. Eitt gleggsta dæmið er úr Iðju. Þeir hafa látið handlangara sína í verkalýðsfélögunum ráðast á þá menn í félögunum, sem staðið hafa gegn því að koma af stað nýrri hækkunaröldu. Þeir hafa í blöðum sínum storkað þessum leiðtogum og skorað á fólk að yfirgefa þá, þar sem þeir hafi svikizt um í kjarabaráttunni, því að nú heitir það á máli Mbl. og þessara pilta kjarabarátta, sem áður var sagt, að leiða hlyti bölvun yfir þjóðina og launamenn þó alveg sérstaklega.

Strax í sambandi við vísitölubindinguna s. l. sumar var byrjað á þessu. Þá sagði Mbl. t. d.: „Járnsmiðir, kjósið gegn vísitölubindingunni.“ 10. jan. lét Bjarni Benediktsson blað sitt hælast um yfir því, að ólíklegt hefði verið, að nokkru sinni hefði komið til samningauppsagnar á verzlunarflotanum, ef stjórnarsinnar hefðu haft úrslitaráð í félögunum. Menn áttu svo sem að skilja, að það var af því, að einhverjir aðrir vaskir menn réðu, að sagt var upp samningum sjómannafélaganna. Og sína menn létu þeir vinna að því, að ekki yrði samið, nema veruleg grunnkaupshækkun kæmi til, þótt þeir fengju því ekki ráðið.

Þegar Bjarni Benediktsson segir frá því í blaði sínu 28. apríl mjög fagnandi, að iðnrekendur hafi hækkað kaupið, gleymir hann ekki að minna mjög ýtarlega á, að skv. þessum nýja Iðjutaxta hafi karlmenn nú hærri laun en fastráðnir Dagsbrúnarmenn, til þess að minna á, að röðin sé nú komin að þeim. Þegar prentarar ákváðu að segja upp samningum, verzlunarmannafélagið og verkfræðingarnir, var sagt frá þessu öllu undir sigurfyrirsögnum í Morgunblaðinu, og um prentarafélagið er það sérstaklega tekið fram í sjáltri fyrirsögninni með stóru letri, að þeir hafi virt vilja Alþýðusambandsins að vettugi. En vilji Alþýðusambandsins var sá, að menn skyldu ekki stofna til almennra kauphækkana, heldur bíða og sjá, hvað setur.

Að sjálfsögðu þýðir þetta ekki, að engar lagfæringar á kjörum, sem væru í algeru ósamræmi við annað, gætu komið til mála. En það er einn

liður í moldvörpustarf Morgunblaðsmanna í launamálum að túlka slíkar leiðréttingar sem tilefni að almennum kauphækkunum. Þeim er sem sé ljóst, að almenn hækkun leiðir í strandið.

Einn liður í baráttu sjálfstæðismanna fyrir almennum kauphækkunum og nýrri verðbólgu er sá að halda því á loft, að fiskimenn hafi fengið kauphækkun nærri fyrstir manna á s. l. vetri, og svo er ályktunin þessi: Þarna sjáið þið. Fiskimenn fengu hækkun, og þá verða allir í landinu að sjálfsögðu að krefjast hækkunar.

Fiskverðið var hækkað í vetur, og auðvitað áttu hlutarmenn að fá þá um leið hækkun á fiskverðinu til sín. Allir vissu, að þetta var bara leiðrétting til fiskimanna eftir á út af kauphækkunum, sem urðu í fyrra. En þetta þykjast sjálfstæðismenn ekki sjá. Óheilindi þeirra sjást ef til vill ekki betur á neinu öðru en einmitt þessu og svo það, hvert þeir eru að fara. Þessi sjálfsagða leiðrétting á kjörum fiskimanna á sem sé að vera grundvöllur að nýjum kaupkröfum allra annarra manna í landinu.

Jafnframt eru svo þessir menn að tala um, að það þurfi að gera betur við fiskimenn, samanborið við aðra, en nú er gert. Er hægt að hugsa sér meiri tvöfeldni og flærð en fram kemur í þessu?

Þá hafa sjálfstæðismenn tuggið þau ósannindi, og hefur það einnig átt að vera liður í því að koma á stað nýrri kauphækkunaröldu og var eitt atriðið í ræðu Bjarna Benediktssonar áðan, að Sambandið hafi komið af stað nýrri kauphækkunarskriðu með því að hækka kaup starfsmanna sinna um 8%. Þó er það staðreynd, að hér var hreinlega um að ræða launabreytingu til samræmis við það, sem opinberir starfsmenn höfðu fengið, verzlunarmenn annars staðar og skrifstofufólk. Hvaða málstað er verið að þjóna með því að falsa svo gersamlega staðreyndir, með því að endurtaka slíkar blekkingar án afláts?

Allir vita, til hvers þessir refir eru skornir allir saman. Forusta sjálfstæðismanna hefur tekið ákvörðun um að efna til upplausnar, ef slíkt kynni að geta rofið samtök alþýðustéttanna. Nú þessa dagana er Sjálfstfl. að senda sérstaka menn út um land til þess að reyna að fá verkalýðsfélög úti á landi til þess að segja upp samningum og krefjast hækkana.

Og ofan á allar þessar ráðstafanir til þess að grafa undan afkomu framleiðslunnar og verðgildi peninganna, sem gerðar eru fyrir allra augum og ómögulegt væri að leyna, þótt þeir vildu, bættist svo sú óskammfeilni nú undanfarið að ætla sér að snúa öllum staðreyndum við beint fyrir augunum á mönnum og þykjast hvergi við koma, en til þess gera þeir nú tilraunir, sem heyra má hér í umr.

Fyrir utan tvöfeldnina, sem þetta sýnir, gefur það til kynna, að þeir eru orðnir hræddir, og mun það ekki ófyrirsynju, enda mætti það fyrr vera, ef þessi framkoma öll vekti ekki undrun og eyðilegði álit þeirra og traust.

Þótt leitað væri vandlega um alla Vestur-Evrópu, mundi þar enginn stjórnmálaforusta finnast, önnur en forusta Sjálfstfl. á Íslandi, sem léti sér sæma annað eins og menn hafa nú orðið áheyrendur og áhorfendur að síðustu mánuðina. Hver getur trúað eða treyst þessum mönnum, sem reynast málefnalega þannig og viðhafa slíkar starfsaðferðir?

Þessi framkoma flokksforustunnar er hnefahögg í andlit allra skyni borinna manna, sem fylgt hafa Sjálfstfl. að málum. Áratugum saman hafa sjálfstæðismenn bent á þá staðreynd ásamt öðrum, að almennar kauphækkanir koma að engu gagni, nema hagur framleiðslunnar leyfi slíkt. Þeir vita vel, að hagur framleiðslunnar er nú þannig, að almennar kauphækkanir geta ekki gert nokkurt gagn. Vertíðin, sem nú er nýlokið, hefur verið hin lélegasta um langa hríð og orðið stórkostlegt áfall meginþorra framleiðendanna við sjóinn.

Aldrei hefur Sjálfstfl. sýnt það betur en nú, að hann er ekki í neinum skilningi flokkur framleiðenda á Íslandi, því síður allra stétta, heldur flokkur milliliða og braskara fyrst og fremst, eins og við andstæðingar hans höfum haldið fram. Það eru þessir aðilar, sem hafa fitað sig á verðbólgunni á kostnað almennings og framleiðslunnar, sem hafa lifað á því margir hverjir að hafa aðgang að bönkum landsins og geta fengið þar lán, sem þeir þurftu svo í raun réttri ekki að borga til baka nema að sáralitlu leyti vegna verðbólguþróunarinnar. Það eru þessir aðilar, sem ráða þessum starfsaðferðum. Þeir telja sig ekki geta þrifizt nema eiga ítök í landsstjórninni og ráða miklu í bönkunum. Það eru þessi öfl, sem krefjast þess, að flokkurinn skirrist ekki við að grafa undan þjóðarbúskapnum og framleiðslunni til þess með því að reyna að skapa ástand, sem kynni að geta sundrað samtökum stjórnarflokkanna og orðið til þess, að Sjálfstfl. fengi ítök á ný. Það eru þessi öfl í Sjálfstfl., sem hafa krafizt þess af leiðtogum flokksins, að þeir gerðu sig ómerka að öllu því, sem þeir hafa sagt síðustu 10—20 árin. En getur nokkur maður, sem horfir upp á þetta, haldið áfram að treysta þessu liði, aðrir en þá þeir, sem standa fyrir þessum ósköpum, en það vitum við að er tiltölulega fámennur hópur, en óneitanlega sterkur af fjármagni og áróðurstækjum.

Ég hef rætt nokkuð, upp á hvað Sjálfstfl. hefur að bjóða um þessar mundir framleiðendum og almenningi í landinu. En það er fleira athyglisvert, sem nú kemur fram í fari Sjálfstfl., þ. á m. er barátta hans gegn stóreignaskattinum. Sjálfstfl. vílar ekki fyrir sér að leggja skatta og tolla á. Það þekkjum við. Hann hefur átt þátt í því án þess að taka nærri sér að lögfesta hundruð millj. kr. í sköttum og tollum í einum áfanga. En nú ætla forkólfarnir alveg að rifna út af stóreignaskattinum. Það er ekki hægt að áætla, hvað stóreignaskatturinn muni gefa í tekjur, en menn vonast til þess, að hann gefi um 88 millj., sem ber að greiða á 10 árum, eða 8 millj. á ári að viðbættum vöxtum. Sjálfstæðismenn segja, að þessi skattálagning muni draga saman atvinnurekstur í landinu, valda röskun í þjóðarbúskapnum og koma þungt niður á framleiðslunni.

Því miður hefur ekki orðið sá gróði á framleiðslunni undanfarið, að þar sé að leita stóreignanna. Verðbólgugróðinn hefur runnið í aðra átt. Enginn á að borga stóreignaskatt nema sá,

sem á meira en 1 millj., og eignamatið er svo varlega sett, að allar eignir eru metnar undir gangverði og það verulega. Skip og önnur framleiðslutæki verða sérstaklega metin. Þessi skattlagning þykir sjálfstæðismönnum hneyksli. Þeir hafa á hinn bóginn hækkað útsvörin í Reykjavík á undanförnum árum um tæpar 30 millj. að meðaltali á ári. Það þykir ágætt, enda er þar ekki fyrst og fremst um skatta á auðmenn að ræða. Sannleikurinn er sá, að sjálfstæðismönnum blöskrar engin skattálagning önnur en sú, sem kemur niður á þeim ríkustu.

Þá ráðast þeir heiftarlega á Framsfl. fyrir það, að skatturinn skuli lagður á allar eignir hvers einstaklings hjá honum sjálfum, en ekki á félög hvert fyrir sig. Allir vita, að helztu eignamenn landsins hafa dreift eignum sínum í mörg félög til þess að létta á sér skattabyrðinni. Sjálfstæðismenn heimta, að þessar björgunarráðstafanir skuli halda gildi sínu, einnig þegar um stóreignaskatt er að ræða. En framsóknarmenn hafa bæði 1950 og nú haldið fast á því, að eðlilegt væri, að allar eignir hvers um sig væru taldar hjá honum sjálfum, þegar stóreignaskattur er ákveðinn.

Það má mikið vera, ef nokkrum dylst, hvert verið er að fara, þegar athugaðar eru baráttuaðferðir forkólfa sjálfstæðismanna um þessar mundir í kaupgjaldsmálum, verðlagsmálum, gegn stóreignaskattinum og ofsi þeirra út af því, að þeir skuli ekki geta haldið áfram að hafa hreinan meiri hl. í báðum aðalviðskiptabönkum landsins.

Er nokkur vandi að sjá, hvað á spýtunni hangir? Hefur nokkur komið rækilegar upp um sig en Sjálfstfl. hefur gert nú síðustu 10 mánuðina?

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þá mánuði, sem núverandi ríkisstj. hefur farið með völd í landinu, hefur Sjálfstfl. í engu sparað ásakanir og áfellisdóma um stjórnarstefnuna né heldur hrakyrði um einstök atriði í framkvæmd hennar. Engum mun heldur hafa komið það á óvart, þótt sá flokkur léti í sér heyra í stjórnarandstöðu. Flokkur, sem gerþekkir stjórnarkerfi landsins af áratuga setu í ríkisstj., flokkur, sem á nær tvo tugi fulltrúa á Alþ., flokkur, sem ræður meiri blaðakosti en nokkur annar, gat auðvitað ekki dregið feld yfir höfuð sér og lagzt í dvala, þótt stjórnarstólar gengju undan honum, og hann átti að hafa möguleika til þess að benda á leiðir og rækja hlutverk stjórnarandstöðunnar með nokkrum sóma. Hitt hefur komið mönnum meira á óvart, hversu lágreist stjórnarandstaða hans er málefnalega og hvílíkt tómahljóð í hávaða hans, sem hér á þingi er helzt bundið við málefnalaus upphlaup hv. þm. Reykv., Bjarna Benediktssonar, utan dagskrár. En það, sem þó alveg sérstaklega og að vonum hefur lækkað mat hugsandi kjósenda Sjálfstfl. á ágæti stefnunnar og foringjanna, er það, hve óraunhæf og áberandi fölsk stjórnarandstaða flokksins er.

Í þessum umr. hefur raunar á þetta verið bent svo rækilega, að ekki verður um villzt, en fáein dæmi skulu þó nefnd til viðbótar.

Seint og snemma hefur Sjálfstfl. farið hamförum í áróðri gegn þeim efnahagsráðstöfunum, sem ríkisstj. gerði með setningu laganna um útflutningssjóð. Þar var um óbærilegar álögur á alþýðu landsmanna að ræða, segir íhaldið, og það er ekki laust við, að sumir ræðumanna þess, einkum þeir, sem mesta þjálfunina hafa í því að mæta jafnan verkalýðshreyfingunni og baráttu hennar á umliðnum árum eins og þar væru á ferðinni glæpamenn, sem færu með landráð, — það er ekki laust við, að ásjónur þeirra verði eins og á dýrlingum, þegar þeir minnast á hag alþýðunnar. Þó töldu þeir hinir sömu menn tekjurnar af álögum þeirrar löggjafar of litlar. Einnig mótmæltu þeir því algerlega, að réttur kaupmanna til álagningar yrði takmarkaður. Og í sömu andránni átöldu þeir stjórnina fyrir að gera allt of lítið til þess að halda dýrtíðinni í skefjum. Við afgreiðslu þessara mála, sem þeir snerust algerlega gegn, voru þeir að sjálfsögðu margspurðir um það, hver væru þeirra úrræði, en engin svör fengust. Þeirra úrræði voru ekki þess eðlis, að þeir kærðu sig um að sýna þau í dagsbirtu. Öðru hverju hefur Sjálfstfl. svo í ofanálag við allt þetta lýst því yfir, að sú leið, sem þarna var farin og þeir voru á móti, væri einmitt þeirra gamla góða leið. En um þetta grátbroslega fálm íhaldsins hefur áður verið rætt í útvarpi hér frá þinginu, og ef íhaldið hefði lagt sig fram um að læra eitthvað af þeim umr., þá hefðu þeir góðu menn átt að sjá, að betra samræmis var þörf í vinnubrögðum og að öllu samanlögðu mundi ekki miklu verra fyrir þá að segja bara það, sem þeir meintu. Með því var þó hægt að forðast ósamræmið, sem augljóst var í tilraunum til þess að ná fótfestu í lýðskruminu. En það spáir engu góðu um afstöðu hv. Sjálfstfl. til hinna raunhæfu viðfangsefna þings og stjórnar, að flokkurinn skuli enn í þessum umr. kjósa það hlutskipti, sem áður hafði þó illa reynzt honum, að svífa í kringum málefnin afstöðulaust með nuddi og narti, fremjandi í sífellu sömu flónskupörin og hamast gegn öllum stjórnaraðgerðum án tillits til þess, hvort nokkur rök voru fyrir mótmælunum eða ekki.

Þegar Súezstríðið hófst í vetur, hafði það í för með sér allmikla röskun á verðlagi margs konar varnings í ýmsum viðskiptalöndum okkar og einnig mikla hækkun farmgjalda. Bylgja úr þessu umróti hlaut að koma fram í íslenzku verðlagi, þótt af hálfu stjórnarvaldanna hér væri af fremsta megni reynt að láta það sem minnstri röskun valda. Þær verðbreytingar, sem af þessu urðu, reyndi Sjálfstfl. af fullkomnu purkunarleysi að skrá á syndalista íslenzku ríkisstj., enda þótt hann vissi ofur vel, að með engri sanngirni er hægt að krefjast þess af neinni ríkisstj., að hún verndi íslenzkt verðlag að fullu frá áhrifum stórátaka úti í heimi, sem teppa alþjóðlegar siglingaleiðir, enda lætur Sjálfstfl. nú ríkisstj. algerlega óþakkað, þótt verðlag sé tekið að síga aftur til eðlilegra horfs. Þvert á móti ganga enn ásakanirnar fjöllunum hærra um það, að stjórnin espi dýrtíðina upp úr öllum veðrum. Og í þessu sambandi rifjast það upp, að hv. þm. N-Ísf., Sigurður Bjarnason, þuldi hér í gær raunatölur úr fjölskyldubúreikningum og bar sig hið aumkunarlegasta yfir vaxandi dýrtíð. Það mun hvort

um sig, að sá hv. þm. mun hafa skamma reynslu af slíkum plöggum, enda minnist ég þess ekki, að hann hafi haft neinar áhyggjur af því á sinni tíð, hver áhrif álögur fyrri ríkisstj. hlytu að hafa á búreikninga manna, og ekki þætti mér ólíklegt eftir tölum hans að dæma, að hluti af hernaðarkostnaði brezka íhaldsins hefði slæðzt saman við grautarreikninginn hjá Sigurði mínum Bjarnasyni og að honum hafi láðst að færa bókhaldið með þeirri nákvæmni, að hann geti glöggvað sig á því, hvort hann á sökóttara við Anthony Eden eða íslenzk stjórnarvöld.

En hvað hefði Sjálfstfl. gert, ef hann hefði haft aðstöðu til þess að láta sínar hugmyndir ráða í dýrtíðar- og efnahagsmálunum? Hefði hann ráðið niðurlögum dýrtíðarinnar? Eða hver voru hans töfrabrögð? Það er augljóst mál, þótt ekki segi hann frá þeim beint: Hann hefði lækkað gengið, og að því vinnur hann eftir megni. Þeir geta að sjálfsögðu trúað því, sem það þykir trúlegt, að slíkar ráðstafanir hefðu unnið bug á dýrtíðinni. Talsmenn íhaldsins hér á þingi segja gjarnan með mesta sakleysissvip, svip, sem nálgast uppgerðina í andlitsdráttunum, þegar þeir tala um kúgun alþýðunnar, að það sé erfitt að ræða um gengisfellingu, slíkt geti haft hin alvarlegustu áhrif, og samtímis birta þeir svo með stærsta letrinu, sem þeir eiga til, þvert yfir forsíðuna í málgagni sínu rakalausar getgátur um, að stjórnin hafi ákveðið gengisfellingu. Er þetta raunar ekki í fyrsta sinn, sem Sjálfstfl. fer þannig að. Á s. l. hausti, þegar efnahagsráðstafanirnar voru í undirbúningi, hafði íhaldið stöðugt uppi skraf um það í blöðum sínum, að gengisfelling væri fyrirhuguð. Það væri svo sem í samræmi við önnur heilindi og þjóðhollustu Sjálfstfl., að hann teldi nauðsynlegt að spá þjóðinni að staðaldri svo sem tvisvar á ári stórkostlegri gengisfellingu í blöðum sínum til þess að auka sparifjármyndunina og til þess að tryggja verðgildi peninga.

Sagt er, að mönnum sé gjarnast til þess að spá því helzt, sem þeir óska sér, og þótt Sjálfstfl. neiti því vafalaust í orði, að hann óski gengisfellingar, þá er hreint ekki laust við, að við, sem Sjálfstfl. hefur að undanförnu talið koma fram í ábyrgðarlausara lagi gagnvart þjóðfélaginu, höfum grun um, að ef hlutverkin horfðu nú öfugt við því, sem raun er á, þannig að Sjálfstfl. færi með stjórn landsins, en við hinir hefðum beitt áhrifum okkar til þess að fá ýmsar af hæst launuðu stéttum landsins, t. d. stéttir, sem hafa á annað hundrað þús. kr. í árskaup á einstakling, til að boða verkföll og krefjast kjarabóta, og ef það værum við, en ekki þeir, sem neituðu að taka hið minnsta tillit til árferðis hjá þjóðarbúinu, svo sem aflabrests og annarra slíkra hluta, þá á ég þess síður von, að okkar framkoma yrði í þeirra túlkun talin miða að því að tryggja gengi krónunnar. Hið rétta um gengismálið er það, að stjórnin miðar að því að forðast gengisfellingu, og þótt það komi augsýnilega þvert á vilja og viðleitni íhaldsins, þá eru, sem betur fer, mestar vonir til þess, að þetta megi samt takast.

Þá fataðist íhaldinu ekki í endemum sínum, þegar frv. um stóreignaskattinn var hér til umr. á þinginu. Sá skattur leggst, sem kunnugt er, eingöngu á þá aðila, sem eiga meira en 1 millj. kr. umfram skuldir, og á að renna til útlánastarfsemi í húsbyggingar og búnaðarframkvæmdir. Íhaldið gerði þar þrennt í senn. Það taldi skattinn koma harðast niður á fátækum verkamönnum, það taldi skattinn vera of lítinn, og í framhaldi af því minnti það á, að þörfin til byggingarlána og lána til jarðræktar væri svo mikil, að skatturinn hossaði harla stuttu þar upp í, og þess vegna lögðu þeir til, að frv. yrði fellt.

Ég get vel skilið, að menn, sem ekki hlýða sjálfir á svona málflutning, eigi erfitt með að trúa, að hér sé rétt frá hermt. En allt þetta og raunar ýmislegt fleira skrýtilegt kom fram í einni og sömu ræðunni um milljóneraskattinn hjá einum aðaltalsmanni Sjálfstfl. fyrir fáum dögum hér á þingi. Þótti víst fleirum en mér órökvísi þessa mæta manns gegna nokkurri furðu og ólíklegt í meira lagi, að ályktanir hans væru dregnar eftir nákvæma íhugun, þar sem virðingin fyrir sannleikanum skipaði öndvegi. Síðar varð ég þess var, að einmitt þessi sami þm. hafði flutt erindi um þetta mál á Varðarfundi um svipað leyti og að því er blöð Sjálfstfl. hermdu við góðar undirtektir. Það er því næsta líklegt, að í málþrasi því, sem Sjálfstfl. hefur lagt nokkra áherzlu á að halda hér uppi á síðkvöldum og nóttum að undanförnu, hafi yfir okkur hér verið dengt einum húslestri íhaldsins, upphaflega ætluðum hinum sauðtryggu einum saman, og verður þá allt skiljanlegra, þótt rökrænt samhengi skorti, enda ekkert óskiljanlegt við það, þótt flokkur, sem leiðzt hefur út í það að verða einkafyrirtæki fárra auðmannafjölskyldna í Reykjavík og miðar gerðir sínar og afstöðu til mála við hag eigendanna, víki sér undan því að segja það eitt, sem er rétt og satt, þegar mæla þarf eigendur fyrirtækisins, sem ber nafnið Sjálfstfl., undan skyldu við þjóðfélagið.

Þó finnst mér Sjálfstfl. ná hæst í hræsni sinni, þegar hann tekur til að álasa okkur Alþb.-mönnum fyrir svik í hernámsmálunum, vegna þess að við höfum enn ekki komið hernum burt úr landinu. En eins og alþjóð veit, hafa á okkur dunið skammir og brigzl einmitt frá íhaldinu fyrir að hafa ekki sagt slitið stjórnarsamstarfinu í haust, þegar frestað var að krefjast brottfarar hersins, eins og ráðgert hafði verið. Rétt er það, að okkur eru það vonbrigði að hafa enn ekki náð því marki, að Ísland verði með öllu frjálst land og laust við hersetu. En hvaða tilgangi hefði það þjónað að slíta stjórnarsamvinnunni vegna þess ágreinings, sem var og er milli stjórnarflokkanna um það, hvenær skuli óskað eftir brottför Bandaríkjahers af Íslandi? Þá hefði Sjálfstfl. náð því þráða marki sínu að komast inn í ríkisstj. Trúi því hver sem vill, að með því hefði þjóðin færzt nær stefnumiði Alþb. að hreinsa landið af erlendri hersetu. Og það hefði fleira skeð en það eitt, að samið hefði verið um langa hersetu. Auðmannastéttinni hefði verið forðað frá stóreignaskattinum, verzlunarbröskurunum hefði verið forðað frá því að þurfa að hafa hóf á verðlagi söluvarnings síns, einokunarhringum íhaldsforkólfanna í útflutningsfram-

leiðslunni hefði verið forðað frá því að þurfa að óttast samkeppni um að skila góðu verði til framleiðenda, bankarnir hefðu áfram fengið að búa við alræðisstjórn Sjálfstfl. eða útvalinnar fjölskyldu úr þeim flokki, en auðvitað hefðu launþegar landsins orðið að borga það, sem íhaldið sparaði þannig gæðingum sínum.

Það er hverju orði sannara, að viðskilnaður fyrrv. ríkisstj. í atvinnumálum og efnahagsmálum var slíkur, að núverandi ríkisstj. hefur neyðzt til þess að leggja nokkrar byrðar á bak alþýðunnar af þeim sökum. Hitt er alrangt, að það hafi nú verið gert með gömlu íhaldsaðferðinni. Þar er tvennt frábrugðið og raunar það tvennt, sem öllu máli skiptir. Er þá fyrst þar til að nefna, að ráðstafanir núverandi ríkisstj. koma útgerðinni að raunhæfu haldi, þar sem þær hækka afurðaverðið, en hækka ekki verðlag á helztu útgerðarnauðsynjum. En hið síðar nefnda gerðu ráðstafanir fyrrv. stjórnar í svo stórum mæli, að gildi þeirra varð næsta lítið, enda reyndust þær svo haldlausar, að þær bægðu stöðvun frá fiskiflotanum ekki lengur en um eins ársfjórðungs skeið. Þær voru samþ. í febrúarmánuði, en í júní hrukku þær ekki lengur til. Strax fyrir kosningarnar s. l. vor var útgerðin farin að ganga fyrir stjórnartékkum, sem engin innstæða var til fyrir og núverandi ríkisstj. varð að sjá um innlausn á.

En hitt er ekki síður ólíkt íhaldsráðstöfununum, að nú var þunga leiðréttinganna ekki hlaðið á bak launþegastéttanna einna eins og áður. Nú var málum hagað svo, að hinir ríkustu skyldu borga mest. Kaupmenn og aðrir verðleggjendur fengu ekki að hella sínum hluta byrðanna á verðlag vöru sinnar takmarkalaust, eins og áður hafði tíðkazt, heldur urðu þeir að taka á sig sinn hlut.

Í brölti sínu við að koma af stað kjaradeilum hefur meginsókn íhaldsins líka strandað á þeirri ábyrgðartilfinningu, sem jafnan hefur verið ríkur eiginleiki íslenzkrar alþýðu, að skorast ekki undan því að taka á sínar herðar sinn hlut af þjóðfélagsskyldunni, ef með sanngirni var niður deilt byrðunum. Hinu hefur vinnandi fólk og samtök þess, verkalýðshreyfingin, jafnan mótmælt og barizt af eldmóði gegn, að auðmannastéttin léki lausum hala, óbundin af öllum samfélagsskyldum, á meðan kreppt var að kjörum þess fólks, sem bar hitann og þungann af sköpun verðmætanna í þjóðfélaginu.

Þótt tekizt hafi vonum betur að sneiða hjá stóráföllum, er það rétt, að óstjórn liðinna ára hefur bitnað á Íslendingum og ásamt atburðum úti í heimi torveldað framsókn þjóðarinnar til vaxandi hagsældar um skeið. Hitt er jafnaugljóst, að ef um stjórnartaumana hefði haldið sama íhaldsklóin síðustu 10 mánuðina og það gerði áður, þá hefði alþýðu landsins sett stórlega ofan í lífskjörum. Sá bylgjudalur, sem stjórnarvöldin hefðu þá hrundið okkur ofan í, hefði sízt orðið grynnri en sá, sem okkur var búinn 1950 með gengisfellingarlögunum, sem þa voru framkvæmd einhliða á kostnað launþega og sparifjáreigenda og mörkuðu eitt stærsta skrefið, sem stigið hefur verið aftur á bak í þjóðlífi Íslendinga á síðari árum.

Það, sem öllu frekast gerði fyrrv. ríkisstj. óalandi og óferjandi, var sinnuleysi hennar gagnvart sjávarútveginum og óvildin í garð sjómannastéttarinnar, enda tókst íhaldsstjórninni að fæla svo stóran hóp landsmanna burt úr þeirri starfsgrein, að sökum fámennis í sjómannastétt síðan er vá fyrir dyrum þjóðarinnar. En það virðist Sjálfstfl. raunar enn ekki sjá nema í annarlegu ljósi, þegar hann er að reyna að breiða yfir fjandskap sinn við sjómannastéttina með því nú að flytja skrumtillögur hér á þingi til yfirboðs á umsömdum skattfríðindum sjómanna. En í samræmi við annað í vinnubrögðum sínum heyrðu menn ræðumenn Sjálfstfl. segja hér frá því í gærkvöld sem einu af afglöpum og ávirðingum núverandi ríkisstj., að hún hefði bætt kjör sjómanna að mun með stjórnarráðstöfunum í vetur.

Sjónarmið hermangara og braskara var svo algert hjá íhaldinu í fyrri ríkisstj., að undirstaða efnahagslífsins sjálfs og hagsældar á Íslandi hvarf þeim sjónum með öllu. Sem dæmi má nefna, að fiskiskipaflotinn þurfti á stundum að liggja bundinn svo sem mánaðartíma, til þess að forsvarsmenn hans fengju að komast í kallfæri við útvegsmálaráðherra íhaldsins, ef ekki voru kosningar á næsta leiti. Skip, sem ríkið raunverulega átti, urðu að liggja í landi svo sem eitt eða tvö ár, á meðan ráðuneytið var að skipta um nafn á skuldareigandanum í bókhaldi sínu, og má nefna togarana Vilborgu Herjólfsdóttur og Keflvíking í þessu sambandi. Þeir heita nú raunar Norðlendingur og Vöttur. Ætla má eftir aflabrögðum annarra togara á þeim tíma, sem Ólafur Thors lét skip þessi bíða eftir bókun, að seinlæti rn. í málum þessara tveggja skipa hafi kostað þjóðina milli 20 og 30 millj. kr. í töpuðum gjaldeyrismöguleikum. En jafnframt því sem þessu líkt framferði er í senn átakanlegt dæmi um það, hvernig ríkisstj. má ekki haga sér, og að sínu leyti skýring á því, í hvert fen efnahagslífinu var sökkt af fyrrverandi valdhöfum, er það einnig talandi tákn um umskipti þau, sem orðið hafa í samstarfi útvegsmanna og stjórnarvaldanna við stjórnarskiptin, enda er það nú öllum ljóst, að með allt öðrum og betri hætti er snúizt við vandamálum útvegsins af ráðuneytisins hálfu en áður var. Hefur útvegur landsmanna til þessa engan dag stöðvazt í tíð núverandi stjórnar vegna samskipta sinna við rn., og eigendaskipti togara hafa ekki tafið skip frá veiðum svo mikið sem eina dagstund.

Einn af ræðumönnum Sjálfstfl. í þessum umr. taldi heimskulegt þingrof hafa sprottið af því í fyrra, að samstarfsflokkur íhaldsins gefst upp á þeim endemis stjórnarháttum, sem þá ríktu undir þess forustu. Þingrof var samt höfuðtillaga íhaldsins á þessu þingi. Íhaldið vildi sem sagt láta kosningar koma í staðinn fyrir útgerð í vetur. En til þessa hefur nú vafizt fyrir því að sýna fram á, að slíkt hefði verið gáfulegt þingrof. Þingrofsáhugi íhaldsins stafar af því gamalkunna fyrirbrigði eingöngu, að þegar menn heyra óvæntar fréttir, láta þeir gjarnan segja sér tíðindin tvisvar, áður en þeir trúa þeim. Og íhaldið, sem svo lengi hafði ráðið og ríkt, vill enn ekki trúa því, að vinstri öflin í land-

inu hafi náð samstarfi. Það vill ekki trúa því, að alræðistímabili þess í bönkunum sé lokið. Það vill ekki trúa því, að meinbugir geti orðið á því að nota andvirði íslenzka saltfisksins til þess að byggja áróðurshallir yfir Mbl. í stað þess að gera eigendunum skil á því. Það vill ekki trúa því, að hernámsaðstaðan sé þverrandi. Það vill ekki trúa því, að braskarar megi ekki selja vörur á hvaða verði sem þeim sýnist. Það vill ekki trúa því, að réttur og sléttur almenningur í verkalýðsfélögum og bændasamtökum eigi einhverju um það að ráða, hvernig ríkisstj. hagi störfum sínum. Og það vill ekki trúa því, að eignir milljónera geti verið skattstofn. Það vill láta segja sér þetta tvisvar, og þjóðin mun segja íhaldinu þetta tvisvar og þrisvar, ef það vill. Hún mun segja því það svo oft sem þurfa þykir, að á meðan það hagar sér af sömu fólsku og það nú gerir, á það ekki afturkvæmt til valda.

En til þess að veita þessi svör, er engin þörf á neinu þingrofi. Þótt þjóðin verði að sjálfsögðu þráspurð um álit sitt, mun ekki skorta svör af hennar hálfu. En hún á sér reglur um það í stjórnarskrá sinni að veita slík svör á fjögurra ára fresti, en þess á milli hefur hún enga skyldu til þess að anza hverjum angurgapa, sem hváir af skilningsleysi utan dagskrár. — Góða nótt.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hv. landsk. þm., Karl Guðjónsson, sagði það hér áðan, að ríkisstj. miðaði starfsemi sína við það að komast hjá gengisfellingu. Hæstv. ráðh., Eysteinn Jónsson, hrósaði sér af því, að visitalan væri vel fölsuð, með því að hún hefði ekki hækkað um nema 4 stig þrátt fyrir hinar miklu hækkanir, sem orðið hafa á öllu. Og hæstv. menntmrh. sannaði menntun sína í hagfræði með því að halda því fram, að Sjálfstfl. hafi tapað í síðustu kosningum, þegar hann bætti við sig fylgi úr 37% í 42.4%. Það má segja, að þessir hv. ræðumenn stjórnarflokkanna hafi verið fyndnir í þessum ræðum, sem þeir héldu hér áðan.

Stjórnarflokkarnir halda því fram í þessum umr., að við sjálfstæðismenn höfum reynt að spilla lánstrausti þjóðarinnar í því skyni að koma í veg fyrir, að ríkisstj. takist að fá lán erlendis til Sogsvirkjunarinnar og annarra framkvæmda. Þeir halda því einnig fram, að við sjálfstæðismenn spillum vinnufriðnum og ölum á kaupkröfum og ýtum undir verkföll. Þessi málflutningur stjórnarflokkanna er léleg tilraun til þess að leiða athygli frá úrræðaleysi ríkisstj., svikum hennar og vanefndum í öllu, sem máli skiptir og hún hafði lofað að framkvæma, um leið og hún settist að völdum.

Forsrh. vitnaði í ummæli mín á Alþingi til stuðnings þeirri fullyrðingu, að sjálfstæðismenn vildu koma í veg fyrir, að ríkisstj. tækist að fá lán erlendis. Til þess að fá allt aðra meiningu í það, sem ég sagði, er klipið framan af og aftan af málsgreininni. Vegna þess að Tíminn hefur hvað eftir annað staglazt á þessu, þykir mér vænt um, að forsrh. gefur mér tilefni til að lesa hér upp í áheyrn alþjóðar það, sem ég sagði í áminnztum umræðum. Með leyfi hæstv. forseta, sagði ég þetta, orðrétt:

„Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) var að tala um það hér áðan, að ég hefði hælzt um það, að litlar líkur væru til, að lán fengjust til þess að kaupa togarana. Þetta er reginmisskilningur hjá hv. þm. Ég vitanlega vildi óska þess, að það væri hægt að halda uppbyggingu atvinnuveganna og öllum framkvæmdum hér áfram, þrátt fyrir það þótt við höfum lélega stjórn í landinu um sinn. Allir hv. þm. hljóta að skilja, að ef framkvæmdirnar stöðvast og ef atvinnuleysið heldur innreið sína hjá okkur, þá líða allir við það. Það verður að finna önnur ráð til þess að koma hæstv. ríkisstj. frá völdum heldur en þau ein, að hún fái hvergi lán. Hæstv. ríkisstj. fellur á sínum eigin verkum og sínu eigin úrræðaleysi.“

Þetta eru hin tilvitnuðu ummæli. Tíminn og Framsókn dregur úr aðeins eina eða tvær línur og leggur svo út af því eins og henta þykir. Ég veit, að áheyrendur um allt land skilja, að með þessum ummælum mínum lýsi ég því beinlínis yfir, að það sé nauðsynlegt að halda áfram framkvæmdum og uppbyggingu í atvinnulífinu, m. a. með erlendum lánum. Við sjálfstæðismenn viljum ekki hindra erlendar lántökur. Það getur bitnað á þjóðinni allri. Og þótt fjmrh. lýsti því hér áðan, að við værum slæmir menn og vildum vinna gegn hagsmunum Íslands, fær slík staðhæfing ekki staðizt og hún mun hitta fjmrh. sjálfan.

Stjórnarflokkarnir sjá, að verk ríkisstj. eru slæm, að stefnt er út í ófæru og að þjóðarskútan er að strandi komin. Ríkisstj. hagar sér eins og óknyttastrákar, sem unnið hafa vont verk og reyna að koma sökinni á aðra í stað þess að viðurkenna, að það, sem þeir lofuðu þjóðinni fyrir kosningar, hefur ekki tekizt að efna. Ríkisstj. ætti að hafa manndóm til að viðurkenna, að hún hefur ekki komið efnahagsmálunum í það horf, sem hún lofaði með miklu yfirlæti fyrir kosningar. Hún ætti að viðurkenna, að dýrtíðarskrúfan hefur aldrei snúizt eins hratt og síðustu mánuðina eftir ráðstafanir ríkisstj. við síðustu áramót. Ríkisstj. ætti að viðurkenna, að í stað þess að skapa jafnvægi og öryggi í atvinnulífinu hefur hún komið á jafnvægisleysi, öryggisleysi og gert lífskjörin verri hjá öllum almenningi í landinu.

Ekkert af þessu hefur ríkisstj. manndóm til þess að viðurkenna, heldur er blekkingastarfseminni enn haldið áfram og því haldið fram, að þrátt fyrir hina gífurlegu skatta og tolla, sem á voru lagðir um síðustu áramót, hafi verðlag á innfluttum vörum lítið eða ekkert hækkað, vegna þess að álagningin hafi verið lækkuð hjá milliliðunum.

Í útvarpsumræðunum, sem fram fóru eftir síðustu áramót, tóku ýmsir mark á fullyrðingum stjórnarflokkanna um þessi atriði, að vöruverð mundi ekki hækka neitt verulega. En nú lætur fólk ekki lengur blekkjast af fagurgala eða fullyrðingum, því að nú eru staðreyndirnar komnar í ljós og fólkið sjálft með því að fara í búðir og kaupa varninginn þreifar á því, hversu verðhækkanirnar eru tilfinnanlegar.

Það er ekki tími til að taka mörg dæmi, sem sýna hinar miklu verðhækkanir, enda gerist þess naumast þörf. 300 millj. kr. nýir skattar á inn-

fluttar vörur hljóta að koma fram í vöruverðinu. Sköttunum er ætlað að ná til a. m. k. ⅔ hluta af öllum innflutningi til landsins, og svarar það til, að skatturinn verði í framkvæmdinni frá 8 og allt upp í 100% á þann hluta innflutningsins.

Ef aðeins eru örfá dæmi nefnd um hinar gífurlegu hækkanir, má geta þess, að ekki ónauðsynlegri vara en ullarefni hefur hækkað um 85%. Sama máli gegnir um varahluti til heimilisvéla, svo sem þvottavéla og annarra heimilisvéla, 85% hækkun. Reiðhjól 45% hækkun, saumavélar 63% hækkun, þakpappi 13% hækkun, gólfdúkur 16% hækkun, raflagningarefni 28% hækkun, heimiltæki, s. s. hraðsuðukatlar og fleira, 53% hækkun, varahlutir í dieselvélar 21% hækkun, efni í málningu 18% hækkun, efni í vinnuföt 14—20% hækkun. Þannig mætti telja í allt kvöld. — En álagningin hefur verið lækkuð, segja stjórnarflokkarnir, og það er þó nokkuð til að hrósa sér af, því að það heldur dýrtíðinni niðri.

Ég vil sýna fram á, að þótt verzlunarálagning hafi í vissum tilfellum verið nokkuð lækkuð, þá hefur það lítil áhrif til lækkunar á vöruverðið, eftir að varan hefur verið skattlögð eins og raun ber vitni. Stjórnarflokkarnir hæla sér af því að hafa lækkað heildsöluálagningu frá 10—20% og stundum meira. En hvað gerir sú lækkun í verðlaginu? Tökum dæmi: Vara kostaði í innkaupi fyrir skatthækkunina 100 kr. Heildsöluálagning á þessari vöru var 15%, verð frá heildsala verður því 115 kr. Eftir skatthækkunina kostar sama vara í innkaupi 140 kr. Lækkun á heildsöluálagningu var 30%. Heildsöluálagning eftir lækkunina verður kr. 14.70. Verð vörunnar frá heildsala verður því kr. 154.70. Heildsöluálagning var fyrir skatthækkun 15 kr., eftir skatthækkunina 14.70. Lækkun á heildsölunni verður því 30 aurar á þessari vöru. Varan hefur hækkað um 39 kr. og 70 aura, eða 34%.

Í þessu dæmi er talað um 15% heildsöluálagningu og 30% lækkun á álagningunni. Hafi heildsöluálagningin verið minni, sem oftast var, og lækkunin á álagningunni aðeins 10 eða 20%, sem einnig er algengast, verður dæmið enn óhagstæðara fyrir þá, sem ætla að réttlæta álögurnar með því einu, að álagningin hafi verið lækkuð.

Álögurnar við síðustu áramót komu mjög þungt niður á allan almenning, en ekki sízt bændastétt landsins. En samkvæmt viðtali, sem lýst er í Mbl. í dag, við framsóknarbónda í Húnavatnssýslu, telur þessi bóndi, að nýju álögurnar auki útgjöld búsins um 10—15 þús. kr. á ári, án þess að nokkuð komi á móti. Það er vitað, að núverandi stjórnarflokkar hafa alls ekki staðið við það að láta bændur fá það verð fyrir afurðirnar, sem þeim ber samkvæmt verðgrundvellinum, og því er ekki við að búast, að bændur fái bætur fyrir hina nýju skatta. Þetta er ekki vitnisburður sjálfstæðismanna, heldur framsóknarbónda, sem hefur fram að þessu trúað því, að Framsfl. vildi vinna fyrir bændur.

Ég ætla ekki að eyða fleiri orðum um verðlagið og dýrtíðina, sem nú er öllum augljós. Jón Árnason fyrrverandi bankastjóri sagði nýlega í ræðu, að ráðstafanir ríkisstj. við síðustu áramót jafngiltu 60% gengislækkun. Framsóknarmenn leyna nú því, sem þessi mæti maður segir, og víst er það, að ekki kom þessi ræða í Tímanum, eins og ritsmíðar Jóns Árnasonar hafa oft áður gert. Jón Árnason lýsti líka stjórnarfarinu, stjórnarstefnunni, og það mátti ekki koma í Tímanum.

Bragi Sigurjónsson, varaþm. Alþfl., hefur fullyrt í ræðu, að almenningur í landinu hafi orðið fyrir vonbrigðum með núverandi ríkisstj. Og Áki Jakobsson, þm. Siglf., fullyrðir, að vegna ráðstafananna, sem gerðar voru í vetur, sé gengislækkun óhjákvæmileg. Það eru ekki við sjálfstæðismenn einir, sem gagnrýna núverandi ríkisstj. eða segja berum orðum, hvað hefur gerzt undanfarna mánuði í verðlagsmálunum.

Afleiðing af því, sem gerzt hefur í verðlagsmálunum, er ólgan í öllum stéttum þjóðfélagsins og auknar kröfur um hækkað kaup vegna hins háa vöruverðs, sem aðgerðir ríkisstj. leiða af sér. Það þarf mikla dirfsku til að halda því fram, að við sjálfstæðismenn höfum átt þátt í þeim vinnudeilum, sem orðið hafa undanfarið og nú eru í uppsiglingu. En verkföll og vinnudeilur eru nú daglegt brauð, síðan núverandi ríkisstj. tók við.

Við sjálfstæðismenn höfum varað við kaupskrúfunni og þeirri hættu, sem stafar af kapphlaupinu milli kaupgjalds og verðlags. Við fluttum till. veturinn 1956 til niðurgreiðslu á verðlagi, sem kostaði ríkissjóð mjög lítið, miðað við þau hundruð milljóna, sem kastað hefur verið á glæ vegna vandræðastefnu núverandi ríkisstj. En framsóknarmenn hlupu frá ábyrgðinni út í það ævintýri, sem hafa mun örlagaríkar afleiðingar fyrir þjóðfélagið. Framsóknarmenn munu ekki komast hjá því að gera þjóðinni, þótt síðar verði, reikningsskil fyrir það ábyrgðarleysi, sem þeir hafa sýnt í þeirri ævintýrapólitík, sem þeir nú reka.

Víst er um það, að flestir kjósendur Framsfl. hafa treyst því, að framsóknarmenn á þingi vildu sýna ábyrgð og taka vandamálin raunhæfum tökum. Þannig talaði Eysteinn Jónsson fjmrh. oft, meðan hann var í samstarfi við sjálfstæðismenn. Þá virtist hann gera sér grein fyrir því, hver væri höfuðorsök meinsemdanna, verðbólgunnar og erfiðleika atvinnuveganna. Nú hefur þessi ráðh. snúið við blaðinu og hreinlega gefizt upp við að halda því fram, sem er raunhæft og rétt. Eysteinn Jónsson ráðherra heldur, að almenningur taki það sem góða og gilda vöru, að hann snúi nú alveg við blaðinu og telji allt rangt, sem hann sagði fyrir rúmu ári um orsakir og afleiðingar þeirra meinsemda, sem í þjóðfélaginu eru. Hermanni Jónassyni hefur tekizt að buga viðnámsþrótt fjmrh. og fengið hann út á götu ævintýramennskunnar ásamt öðrum þm. Framsfl. Er leitt til þess að vita, þar sem sumir af þessum mönnum eru ágætismenn og ættu skilið betra hlutverk en það, sem þeim er nú ætlað að leika.

Framsóknarmenn hafa talað um það í þessum umr., að við sjálfstæðismenn vildum finna ráð til þess að koma núverandi ríkisstj. frá. Við lítum svo á, að það sé nauðsynlegt fyrir íslenzku þjóðina að fá aðra stjórnarstefnu, að fá betri stjórn. Ráðin til þess að koma ríkisstj. frá eru

einföld, aðeins það, að fólkið í landinu fái að fylgjast með því, sem ríkisstj. gerir, og það er það, sem við sjálfstæðismenn viljum. Við munum segja frá staðreyndum. Það er ekki okkar sök, þótt verk stjórnarinnar séu þannig, að það magni andúð gegn ríkisstjórninni, ef sagt er frá þeim. Og þegar stjórnarflokkarnir tala um, að sjálfstæðismenn beri ábyrgð á verkföllum og kaupháekkunum, þá gæta þeir ekki þess, að fólkið í landinu, hvort sem það er í Sjálfstfl. eða öðrum flokkum, hefur fengið vaxandi vantrú á stjórnarstefnunni og mun með sívaxandi þunga gera stjórnarherrunum ljóst, að þeir hafi ekki tiltrú eða fylgi fólksins og verði að hætta að tala um það með yfirlæti, eins og þeir hafa gert oft áður, að þeir séu fulltrúar vinnandi fólks.

Það er svo ágætt út af fyrir sig, að fulltrúar stjórnarflokkanna sjái ekkert nema sjálfstæðismenn á vegi sínum, hvar sem þeir fara, og er það vottur þess, að Sjálfstfl. er vaxandi flokkur, þróttmikill flokkur, sem tekur upp baráttu fyrir bættum stjórnarháttum, atvinnuöryggi og bættum lífskjörum. Auðvitað er stjórnarflokkunum nú orðið ljóst, að Sjálfstfl. er ekki flokkur braskara og fámennrar klíku, eins og þeir segja, heldur flokkur þjóðarinnar, flokkur þeirrar hugsjónar að skapa þjóðinni öryggi og farsæld.

Stjórnarflokkarnir hafa í þessum umr. stært sig af því að hafa fengið lán erlendis til Sogsvirkjunarinnar og fleiri framkvæmda. Forsrh. lýsti því yfir í útvarpinu í gærkvöld, hvernig ástandið var, „þegar ríkisstjórnin tók við", eins og hann orðaði það. Það vantaði fjármagn til framkvæmdanna, sagði ráðh. Fyrrv. ríkisstj. hélt uppi meiri framkvæmdum en nokkurn tíma hefur áður gerzt í þjóðarsögunni með innlendu fjármagni. Auðvitað er það heilladrýgra að nota innlent fjármagn og vinna að því, að fjármagnið myndist í landinu, eins og fyrrverandi ríkisstj. gerði, heldur en stöðva alla fjármagnsmyndun í landinu, eins og núverandi ríkisstj. hefur gert, og reyna svo að fleyta þjóðarskútunni áfram með betli og erlendum lántökum, sem fást eftir mikla eftirgangssemi.

Fyrrverandi ríkisstj. vann að fjármagnsmyndun, eins og sjá má af því, að sparifjáraukningin, sem er hin eðlilega undirstaða framkvæmdanna, varð mjög mikil í tíð fyrrverandi ríkisstj. Á þeim tæpum þrem árum, sem fyrrv. ríkisstj. sat að völdum, var aukning sparifjárins samtals 650 millj. kr. Það var vegna þess, að almenningur treysti ríkisstj. og stefnu hennar. Þá voru bankarnir ekki tómir. Þá var uppbyggingunni haldið áfram með innlendu fjármagni, án þess að nokkurt teljandi lán væri tekið erlendis. Þegar núverandi stjórn tók við völdum, snerist þetta við og sparifjármyndunin hvarf, lánsfjárkreppan kom, fjármagn vantaði til flestra hluta, eina vonin var að fá erlend lán. Það tókst við síðustu áramót að fá 65 millj. kr. lán í dollurum. Síðan hafa fengizt 117 millj. kr. að láni til virkjunar Sogsins. En ætlunin er að láta varnarliðið á Keflavíkurflugvelli njóta góðs af virkjuninni.

Það eru slagorð hjá stjórnarliðum, þegar þeir segja, að fyrrv. ríkisstj. hafi ekki átt kost á erlendum lánum. Fyrrv. ríkisstj. gat fengið lán til Sogsins með því að tryggja varnarliðinu raforku fram í tímann. Það þótti ekki viðeigandi þá, þótt það þyki gott nú. Forsrh. og fleiri stjórnarliðar hafa rengt það, að fyrrv. stjórn hafi átt kost á láni til Sogsins. En það er erfitt, þótt fjmrh. hafi rengt það áðan, að neita því, að fyrrv. forsrh., Ólafur Thors, átti öruggt tilboð um 400 millj. kr. lán frá Vestur-Þýzkalandi. Fyrrv. ríkisstj. hafði nóg ráð, ef hún hefði setið að völdum, til þess að útvega fjármagn til hinna ýmsu framkvæmda.

Fyrir síðustu kosningar töluðu stjórnarsinnar mikið um gjaldeyrisástandið. Hæstv. menntmrh. talaði um það hér áðan, að gjaldeyrisástandið hefði ekki versnað. Hver er sannleikurinn í þessu? Við s. l. áramót var gjaldeyrisstaðan þannig, að hinn frjálsi gjaldeyrir hefur versnað um 75 millj. kr. frá því á sama tíma 1956. Ríkisstj. tók 65 millj. kr. dollaralán um s. l. áramót. Þetta lán hefur ekki verið notað til kaupa á framkvæmdavörum, heldur til þess að borga með venjulegan innflutning, og hæstv. menntmrh. verður að reikna með þessum peningum, þegar hann talar um batnandi eða versnandi gjaldeyrisástand.

Ég hef drepið á nokkur atriði í störfum og athöfnum ríkisstj. og stjórnarflokkanna. Við sjálfstæðismenn teljum skyldu okkar að vara við því, sem nú er að gerast í þjóðmálum Íslendinga. Þjóðin þarf að fylgjast með og má ekki láta blekkja sig. Þjóðin er það vel upplýst, að hún mun ekki láta blekkingarnar villa sér sýn. Þjóðin verður að gera sér grein fyrir því, að stefnubreyting verður að koma í þjóðlífinu. Við Íslendingar erum fámennir, en búum í stóru landi, sem hefur mikla möguleika. Framtíð lands og þjóðar er undir því komin, að hver einstaklingur geri kröfur til sjálfs sín, vilji leggja krafta sína fram í þágu atvinnulífsins og til þjóðfélagsins, sem verið er að byggja upp. Því verður ekki neitað, að þjóðin hefur oft lifað um efni fram, og það er ekki heilbrigt og ekki heldur mögulegt til lengdar. Þjóðin verður að afla þeirra verðmæta, sem notuð eru. Þjóðin verður að taka á ný upp þá stjórnarstefnu, sem gilti undir forustu Sjálfstfl. á undanförnum árum og færði þjóðinni meiri farsæld og velgengni en áður hefur þekkzt. — Góða nótt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það er gömul saga í stjórnmálaumr., að menn ásaki hverjir aðra um svikin kosningaloforð, og hefur vissulega ekki skort á slík brigzlyrði í þessum umr. Ég ætla að hefja mál mitt með ofur lítilli tilbreytingu að þessu leyti.

Sjálfstæðismenn eru í umr. allaðþrengdir, bæði hvað snertir tíma og röksemdir, svo að það mætti ef til vill verða þeim örlítið til hjálpar, ef minnzt væri á eitt þýðingarmikið kosningaloforð, sem þeir hafa ekki svikið, heldur staðið dyggilega við. Þetta ósvikna kosningaloforð sjálfstæðismanna gaf hv. formaður flokks þeirra í hinni miklu landsfundarræðu sinni fyrir rösklega ári, er hann sagði þá eftirminnilegu setningu: „Við berjumst fyrir hagsmunum okkar sjálfra, flokks okkar og þjóðar."

Þetta kosningaloforð hafa sjálfstæðismenn gert

að leiðarstjörnu sinni, og eftir þessari meginreglu hafa þeir hagað stjórnarandstöðu sinni á hv. Alþingi. Sést þetta svo glöggt, að ekki verður um villzt, þegar athugað er, hvenær hv. stjórnarandstæðingar hafa barizt af mestu kappi og hvenær baráttuhugur þeirra hefur verið minni. Haldið þið hv. hlustendur, að sjálfstæðismenn á þingi hafi haft mestan áhuga á kaupum 15 nýrra togara, — eða frumvörpunum um búfjárrækt, nýbýli og önnur framfaramál sveitanna, — eða að sjálfstæðismenn hafi logað af áhuga á margþættum menningar- og félagsmálum, sem legið hafa fyrir Alþ.? Nei, því fer víðs fjarri, enda snerta þessi mál ekki beinlínis eigin hag eða flokkshag þeirra. Aðaláhugamál sjálfstæðismanna á þessu þingi hafa verið mál eins og útflutningsmálin, þar sem beinlínis var komið við saltfiskhringinn, en þar er vissulega eigin hagur þeirra í veði.

Fleiri stórmál komu fyrir þingið, þar sem reyndi á eigin hag sjálfstæðismanna, og þeir brugðust ekki, heldur börðust kappsamlega. Voru það t. d. bankafrv., sem Alþ. afgr. sem lög í gær. Það er hverjum manni ljóst, að bankarnir eru hjarta fjármálakerfisins, sem dælir fjármagni út um allan þjóðarlíkamann. Í bönkunum hvílir meira vald yfir fjármála- og efnahagslífi landsmanna en hjá nokkrum öðrum aðila, og er því illmögulegt fyrir ríkisstj. að stjórna landinu eða koma fram stefnu sinni, ekki sízt varðandi atvinnumál og fjárfestingu, ef ekki ríkir gagnkvæmur skilningur og traust milli hennar og bankanna.

Þær breytingar, sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir á bankakerfinu, eru tvenns konar. Í fyrsta lagi eru mikilvægar skipulagsbreytingar, þar sem seðlabankinn er í fyrsta sinn settur undir sérstaka stjórn og skilinn frá viðskiptabanka Landsbankans, en Útvegsbankinn er gerður að ríkisbanka. Hefur hann verið hlutafélag, enda þótt ríkið eigi um 95% hlutafjárins. Þessum skipulagsbreytingum á bönkunum virðast sjálfstæðismenn í meginatriðum vera sammála.

Í öðru lagi munu þessar skipulagsbreytingar á bönkunum hafa þær afleiðingar, að Alþ. verður að kjósa ný bankaráð og fleiri breytingar verða á forustuliði bankanna. Hlýtur svo að fara, að sjálfstæðismenn missi nú þann meiri hl., sem þeir hafa í bankaráðum Landsbankans og Útvegsbankans, svo og að þeir missi meiri hl. meðal bankastjóranna við þessa sömu banka. Þessu berjast sjálfstæðismenn að sjálfsögðu á móti af oddi og egg. Hér gerist hið sama sem í svo mörgum öðrum málum. Sjálfstæðismenn láta sig litlu skipta mikilvægar skipulagsbreytingar og eru þeim jafnvel sammála, en leggja alla áherzlu á að verja völd sín og yfirráð yfir peningakerfi landsins. Þeir eru enn sem fyrr fyrst og fremst að berjast fyrir eigin hag og flokks síns.

Þegar rætt er um bankamál hér á landi, verða menn að hafa í huga, að það er ekki nýtt, að pólitískir flokkar hafi bein og óbein áhrif á stjórn bankanna. Ég hygg, að allir geti verið sammála um, að æskilegra væri, að stjórn bankanna stæði utan við stjórnmálabaráttuna. Þetta hefur því miður aldrei tekizt hér á landi, heldur hafa flokkarnir reynt að koma sínum mönnum að bönkunum. Úr því að þessi skipan ríkir, er sjálfsagt, að stjórn bankanna skiptist í svipuðum hlutföllum og þjóðin skiptir sér, þannig að enginn flokkur hafi þar meiri völd en réttlátt er, miðað við fylgi hans með þjóðinni. Var svo um langt skeið, en nú á síðustu árum hefur sjálfstæðismönnum tekizt að sölsa undir sig meiri hl. í tveimur aðalbönkunum og notfæra sér þá aðstöðu sína til hins ítrasta. Það er sérstaklega athyglisvert, að þrír bankastjórar íhaldsmanna, sem settir hafa verið í stöður sínar á síðustu árum, eru allir ýmist náskyldir, nátengdir eða á annan hátt nákomnir bæði formanni og varaformanni Sjálfstfl. Þetta er engin tilviljun. Þetta sýnir betur en nokkuð annað, hversu mikils virði sjálfstæðismenn telja það flokkslega að hafa þessi yfirráð í bönkunum.

Hv. þm. N-Ísf., Sigurður Bjarnason, fullyrti í ræðu sinni í gærkvöld, að stjórnarsinnar hefðu ekki nefnt eitt einasta dæmi um hlutdrægni sjálfstæðismanna í stjórn bankanna, og hneykslaðist mjög af því. Þarna fór hann með hrein öfugmæli, því að slík dæmi voru nefnd í umr. um málið í hv. Nd., og spunnust um þau allmiklar umr. Dæmið, sem nefnt var, er í stuttu máli á þessa leið: Þrír aðalbankar þjóðarinnar hafa lánað til sveitarfélaga 112.6 millj. kr. Eru þetta eingöngu lán til venjulegra sveitar- eða bæjarframkvæmda, en ekki meðtalin lán til útgerðar og fiskvinnslu, svo sem byggingar frystihúsa. Af þessum 112.6 millj. til sveitarstjórnarmála hefur þriðja stærsta sveitarfélag landsins, Hafnarfjörður, þar sem sjálfstæðismenn hafa ekki farið með bæjarstjórn, aðeins fengið 0.3 millj. að láni, þótt mikið væri eftir leitað. Því fá Hafnfirðingar aðeins 0.3 millj. af 112, sem lánað er til sveitarfélaga? Þetta er það, sem hv. formaður Sjálfstfl., Ólafur Thors, kallar að þjóna hlutdrægnislaust fólkinu.

Það væri hægt að nefna mörg fleiri dæmi. Mér kemur til hugar annað sveitarfélag, sem fékk myndarlegt lán til hafnarframkvæmda í Landsbankanum, meðan sjálfstæðismenn fóru með stjórn í þessu sveitarfélagi, en ekki grænan eyri síðan sjálfstæðismenn misstu þar meiri hl. Hér er aftur á ferðinni hlutdrægnislaus þjónusta sjálfstæðisbankastjóranna. Slík dæmi sem þessi þekkja þeir menn um land allt, sem standa í athafnalífinu, og það er gersamlega tilgangslaust fyrir sjálfstæðismenn að setja upp sakleysissvip og segja, að þeir hafi sölsað undir sig meirihlutaráð stærstu bankanna til þess að þjóna hlutdrægnislaust. Því fer víðs fjarri. Með því að sölsa undir sig yfirráð bankanna og misnota þau meira eða minna hafa sjálfstæðismenn kallað yfir sig þá breytingu, sem nú hlýtur að verða. Það er ekki ætlun stjórnarflokkanna að ofsækja nokkurn mann, og það er ekki ætlunin að bola sjálfstæðismönnum burt úr bönkunum. Það þarf aðeins að koma heilbrigðu jafnvægi á stjórn bankanna. Sjálfstæðismenn munu þar hafa sín áhrif, eins og réttlátt er, en ekki meirihlutavald, sem þeir eiga engan rétt á.

Mörg af þeim málum, sem mest hefur verið deilt um, síðan núv. ríkisstj. komst til valda, kaupgjald, verðlag, skattar, bankar og fleira slíkt,

eru mál, sem fyrst og fremst varða skiptingu þess fjár, sem þjóðin aflar, og meðferð þess. En sagan sýnir okkur, að það eru önnur mál, sem lifa lengur í hugum fólksins. Það eru framkvæmdirnar, sem auka framleiðslu og tekjur þjóðarinnar, sem efla vellíðan og velmegun landsfólksins. Það er mjög líklegt, að eftir 10, 20 eða 30 ár verði munað eftir því tímabili, sem nú er að líða, fyrst og fremst fyrir þær framkvæmdir, sem lagt er í, bæði af einstaklingum, bæjarfélögum og hinu opinbera. Ég hygg, að hin skelegga barátta sjálfstæðismanna fyrir eigin hag og flokkshag sínum muni fljótlega gleymast. Hins vegar munu ekki gleymast raforkuverin, sem eru að rísa, ekki sízt Sogsvirkjunin. Fólkið mun ekki gleyma 15 togurum og 12 minni togurum. Það mun ekki gleyma sementsverksmiðju og fiskiverum, nýjum skipum og þrýstiloftsfarþegaflugvélum. Fólkið gleymir furðu fljótt dægurþrasinu. En það gleymir ekki þeim nýju atvinnutækjum, sem þjóðin fær í hendur í lífsbaráttu sinni. Þess vegna skulum við nú þegar beina meiri athygli að þeim framkvæmdum, sem ýmist voru komnar í strand í tíð fyrrv. stjórnar og núverandi ríkisstj. hefur kippt á flot eða voru algerlega vanræktar á síðustu árum.

Það er furðulegt, þegar til þess er hugsað, að enginn nýr togari skuli hafa verið keyptur til landsins í 8 ár og því skuli þurfa að kaupa 15 í einu til þess að sjá fyrir eðlilegri endurnýjun og þróun flotans.

Núverandi ríkisstj. hefur átt við mikla örðugleika að etja, sérstaklega varðandi dýrtíðarmálin. En hún er í eðli sínu bjartsýn og stórhuga stjórn. Hún lætur ekki erfiðleika líðandi stundar drepa kjark sinn og setur markið hátt á því sviði, sem mestu máli skiptir, að þjóðin haldi áfram að afla sér fleiri og betri atvinnutækja, haldi áfram að auka svo framleiðslu sína, að smám saman skapist það jafnvægi í atvinnu- og fjármálalífi landsins, sem allir þrá.

Það er furðulegt að heyra önuga stjórnarandstæðinga segja: Hvað ætlið þið að gera við 15 nýja togara, þegar ekki eru til menn á þá 42, sem fyrir eru? Við svörum þessum bölsýnismönnum með annarri spurningu: Á hverju ætlið þið að láta þjóðina lifa, ef hún hættir að endurnýja fiskiskipaflota sinn? Eigum við að leggja árar í bát, þótt móti blási örlítið um sinn fyrir útgerðinni? Nei, við eigum að takast á við slík vandamál sem þetta af bjartsýni og trú á þjóðina. Ef ungir menn fást ekki til að stunda sjómennsku nú, þá verðum við að skapa sjómönnum þau lífskjör, að ungu mennirnir sæki sjóinn eins og forfeður þeirra hafa gert mann fram af manni. Ríkisstj. hefur þegar gert nokkrar ráðstafanir í þá átt að veita sjómönnum veruleg skattfríðindi, og það verður að halda áfram að leita allra ráða til að gera sjómennskuna eftirsóknarverða. Og hverjir eiga frekar skilið bættan hag en þeir menn, sem framleiða 95% af útflutningsverðmæti þjóðarinnar? Við skulum gera allt nema gefast upp, eins og fyrrverandi sjútvmrh., Ólafur Thors, sem keypti engan nýjan togara í 8 ár.

Við verðum að halda áfram að byggja upp iðnaðinn í landinu. Við megum ekki láta hugfallast, þó að eitt fyrirtæki — eins og glerverksmiðjan — gangi verr en vonir stóðu til. Við verðum að koma upp fleiri iðjuverum eins og áburðarverksmiðjunni, þar sem rúmlega hundrað iðnverkamenn framleiddu s. l. ár verðmæti fyrir 37 millj. kr., verðmæti, sem ella hefði þurft að flytja inn. Við verðum að leggja höfuðáherzlu á að ljúka við sementsverksmiðjuna og halda síðan áfram að leita nýrra möguleika, finna hinar hagnýtustu iðngreinar fyrir okkar aðstæður og auka sem mest afköst hvers einstaklings. Á þann hátt fást raunhæfustu kjarabæturnar. Á þann hátt batna lífskjör þjóðarinnar örast.

Ríkisstj. tekur ekki undir kreppusöng hv. þm. A-Húnv., Jóns Pálmasonar, um landbúnaðinn. Þvert á móti hefur hún gengizt fyrir stórmerkum lagabálkum, sem sýna trú á mikla framtíð sveitanna, trú á gróðurmátt íslenzkrar moldar og ótæmandi framtíðarmöguleika þróttmikillar bændastéttar. Ríkisstj. hefur undirbúið og tryggt fé til stórfelldrar sóknar til þess að stækka minnstu býlin um land allt, veita þeim drengilega aðstoð til hverra þeirra framkvæmda, sem geta gert þau lífvænlegri og tekjuhærri.

Ég vil ljúka máli mínu með þeirri áskorun til vinnandi manna um land allt, í sveit og við sjó, að láta ekki moldviðri stjórnarandstöðunnar blinda sig, heldur styðja þá bjartsýnu uppbyggingarstefnu, sem er höfuðeinkenni núverandi stjórnar. Ríkisstj. hefur á þessu þingi markað stefnuna fram á við fyrir allar atvinnugreinar þjóðarinnar. Hún treystir því, að þjóðin muni velja uppbyggingu og framfarastefnu stjórnarinnar, en hafna bölsýni og krepputali stjórnarandstöðunnar. — Góða nótt.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Háttvirtir tilheyrendur. Ég mun aðallega nota þann tíma, sem ég hef hér til umráða, til þess að ræða þróun þá, sem orðið hefur í landbúnaðarmálum fyrir tilstilli löggjafarvaldsins á síðustu 12—13 árum.

Þegar Sjálfstfl. hafði forustu í ríkisstj. á árunum 1944—47 og hrifsaði landbúnaðarmálin í sínar hendur, gerðust þáttaskil um stund í afstöðu ríkisvaldsins til bænda og landbúnaðarins í heild. Áður hafði verið markvisst að því stefnt af Framsfl, sem með þessi mál hafði farið, að auka gengi bændastéttarinnar og hefja hana til þess vegs og gengis og framfara, sem þjóðinni allri er nauðsynlegt að þessi þáttur þjóðlífs og atvinnulífs skipi.

En þá voru helztu málin, sem Framsfl. barðist fyrir á Alþingi vegna sveitanna, ýmist drepin eða látin daga uppi. Landbúnaðurinn var vanræktur og lítilsvirtur af stjórninni.

Stéttarsamtök bænda, sem þá voru að fæðast, voru ofsótt, og með búnaðarráðslögunum var bændum lögskipuð forusta. Þessi skipan var gerð til höfuðs stéttarsamtökum bændanna.

Búnaðarmálasjóður, sem átti að notast til styrktar stéttarsamtökunum, var tekinn í annað til þess að svelta samtökin fjárhagslega, jafnhliða því sem búnaðarráð var sett þeim til höfuðs.

Af öllu því gífurlega fjármagni, sem ráðstafað

var, fór svo að segja ekki neitt til landbúnaðarins.

Innflutningur vélakosts var sáralítill. Af þeim 50 millj., sem látið var í veðri vaka að ættu að fara í landbúnaðinn af gjaldeyrisforðanum, var aðeins lítill hluti, sem þangað fór, og var búið að ráðstafa meginhlutanum í annað, þegar leyfi voru loks gefin út, eftir að framsóknarmenn komu í ríkisstj.

Áburðarverksmiðjumálið var saltað þennan tíma og farið hinum háðulegustu orðum um áætlunina um áburðarverksmiðju.

Ég ætla ekki að nefna fleira, en af meiru er að taka.

Þannig fór Sjálfstfl. úr hendi forustan í landbúnaðarmálum, sem hann hafði hrifsað til sín. Það eina mál, sem Framsfl. gat barið í gegn, var frv. um ræktunar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og í l. um landnám og nýbyggðir var tekið tillit til frv. flokksins um breytingar á l. um byggingar- og landnámssjóð og raunar byggt á eldri löggjöf, sem Framsfl. setti á sínum tíma.

Þannig varð það fyrir áhrif frá Framsfl., að sett voru þó tvenn lög á þessum tíma, sem mörkuðu spor í rétta átt til handa landbúnaðinum.

Framsfl. tók þátt í ríkisstj. þeirri, sem mynduð var 1947, og hefur síðan átt sæti í ríkisstj. þeim, sem setið hafa að völdum, og alltaf farið með landbúnaðarmálin. Hann tók þegar til við að fá afnumin verstu rangindin, sem landbúnaðarforusta Sjálfstfl., ef forustu skyldi kalla, hafði framið gegn bændastéttinni. Lögin um búnaðarráð voru afnumin, en bændum ætlað sjálfum að kjósa sína menn í verðlagsráð. Bændasamtökin í landinu fengu búnaðarmálasjóðinn til eigin ráðstöfunar. Síðan hefur Framsfl. alltaf haft forustu landbúnaðinum til framdráttar og þannig unnið bændastéttinni og þjóðinni í heild stórmikið gagn.

Íslenzka þjóðin er í heild mjög framsækin og áköf í framkvæmdir og umbætur. Á fyrstu áratugum þessarar aldar voru umbætur og framkvæmdir nær eingöngu utan sveitanna. Það fjármagn, sem þjóðin hafði eða gat fengið að láni, var að mestu notað þar, en sveitirnar urðu útundan. Framsóknarmenn hafa unnið að því að jafna þessi met.

Ég ætla með nokkrum tölum að sýna mismun þeirrar þróunar, sem hefur verið í lánamálum eða lánveitingum til landbúnaðarins tvenn stjórnartímabil. Ég tek fyrst tímabilið, sem Sjálfstfl. hafði forustu landbúnaðarmála, árin 1944—46, alls 3 ár. Þá voru veittar samtals öll árin 394 þús. kr. að láni úr ræktunarsjóði og 765 þús. úr byggingarsjóði. Þetta eru að meðaltali á ári 386 þús. kr. Ég tek svo fyrir næstu stjórnartímabil, þegar Framsfl. fór með landbúnaðarmálin og hafði fjármálastjórn ríkisins með höndum, árin 1947—55, alls 9 ár. Þá voru veittar að láni úr ræktunarsjóði 116 millj. kr. og úr byggingarsjóði 71 millj. kr. Þetta er 21 millj. kr. að meðaltali á ári. Og ef tekin eru meðaltöl af lánveitingum þessara sjóða síðustu 2 árin, 1954 og 1955, kemur í ljós, að lánveitingar hafa verið þau ár að meðaltali 38½ millj. kr.

Hér er svo gífurlegur munur á forustu í framkvæmda- og lánamálum landbúnaðarins þrátt fyrir verðgildismun peninga, að furðu hlýtur að vekja hjá þeim, sem ekki hafa veitt þessu athygli. En hér er um staðreyndir að ræða, sem ekki verða hraktar. Þessar staðreyndir sýna, að Sjálfstfl. er viljalaus og tómlátur um framfarir landbúnaðarins og hann beitir ekki orku sinni að uppbyggingu landbúnaðarins, þegar hann hefur tækifæri til þess og getur ráðið þróun málanna. Hins vegar er það Framsfl., sem rekur landbúnaðarpólitík, sem er að valda hinum stórkostlegustu þáttaskilum í búnaðarháttum og búnaðarframförum landsins, því að þetta fé hefur farið í umbætur í sveitunum og mun skila þjóðinni og næstu kynslóðum betra landi og þægilegra lífi.

Það hefur verið og er hlutverk Framsfl. í íslenzkri pólitík m. a. að vinna að alhliða umbótum og uppbyggingu í sveitum landsins. Í því starfi hefur hann oft átt í höggi við Sjálfstfl., sem er fyrst og fremst málsvari og hlífiskjöldur gróðamanna í bæjunum, eins og bezt hefur komið í ljós nú nýlega við setningu laga um skatt á stóreignir.

En þótt Framsfl. hafi beitt sér fyrir alhliða umbótum í sveitunum, fer þó fjarri, að hann hafi látið forustu sína í landbúnaðarmálum draga úr starfi sínu í nauðsynjamálum þeirra, sem við sjóinn búa. Þvert á móti hefur flokkurinn jafnframt haft forustu um mörg hin þýðingarmestu málefni í þágu sjávarútvegsins og alþýðustéttanna í kauptúnum og kaupstöðum. Mætti þar margt nefna, en hér skal aðeins drepið á forgöngu framsóknarmanna í íbúðalánamálum kaupstaða og kauptúna og stuðning þeirra við uppbyggingu sjávarútvegsins í fiskiðnaði víðs vegar um landið.

Nú á þessu þingi hefur Framsfl. beitt sér fyrir nýju átaki til þess að hefja landbúnaðinn á hærra stig. Þar er miðað að auknu átaki í ræktunarframkvæmdum. Hefur Alþ. samþ. að verja stórum fjárhæðum á næstu 5 árum til þess að koma áfram ræktun á þeim jörðum, sem aftur úr hafa dregizt, og til þess að auka stuðning við þá, sem stofna nýbýli. Framlög til landnáms ríkisins voru nú á þessu þingi aukin um 2½ millj. kr. og eru nú 5 millj. kr. á ári. Framlög til ræktunar á jörðum, sem hafa minna tún en 10 ha., eiga að verða 25 millj. kr. á næstu 5 árum, og framlög til íbúðabygginga á nýbýlum eru ákveðin 25 þús. kr. á býli.

Hv. þm. A-Húnv. var hér í gærkvöld með vangaveltur um það, að einhverjir vondir menn úr stjórnarliðinu hefðu í vetur stórspillt frv. milliþn., sem samdi frv. til breyt. á l. um landnám og byggingar í sveitum. Hvað var það, sem milliþn. lagði til? Hún lagði til, að frumbýlingum væri tryggt 25 þús. kr. framlag til húsbygginganna, en skv. lögunum fá þeir 25 þús. kr., hver svo sem tala þeirra verður. Milliþn. lagði til, að gert væri ráð fyrir 25 millj. kr. framlagi til þeirra býla, sem hafa dregizt aftur úr með ræktun, en það eru 24 millj. skv. lögunum. Það er öll breytingin, sem hv. þm. býsnaðist mest út af. Milliþn. lagði til, að framlagið til byggingarsjóðs yrði aukið um 2½ millj. kr. á ári í næstu 10 ár. Byggingarsjóði er tryggt með l. um húsnæðismálastofnun fé til íbúðarhúsabygginga í

sveitum. Það var því óþarft að ætla honum aukið fjárframlag skv. hinum nýju l. um landnám og nýbyggðir. Þetta veit hv. þm. Milliþn. lagði til, að veðdeildin fengi 5 millj. kr. á ári. Það fé fær hún nú í ár og framvegis í gegnum skyldusparnaðinn og stóreignaskattinn, sem sjálfstæðismenn lögðust gegn. Sjálfstæðismenn í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs greiddu atkv. á móti láni til veðdeildar Búnaðarbankans. Og hér á Alþ. vildu þeir afnema skyldusparnaðarákvæðið og útiloka þannig veðdeild Búnaðarbankans alveg frá þátttöku í sparnaðinum og voru á móti stóreignaskattinum, en ⅓ hans á að renna til veðdeildarinnar. Það væri því ekkert fé væntanlegt í veðdeildina, ef sjálfstæðismenn hefðu ráðið. Þá var við afgreiðslu fjárl. á þessu þingi skv. till. fjmrh. breytt í óafturkræft framlag til stofnlánadeilda Búnaðarbankans lánum ríkissjóðs til þeirra af tekjuafgangi fyrri ára, 42½ millj. krónum.

Hér hefur því verið stigið stærra skref en nokkru sinni áður til eflingar landbúnaði Íslendinga. Þetta má vera fagnaðarefni bændum landsins. Þeir, sem höfðu trú á því, að samstarf vinnandi stétta til sjávar og sveita þyrfti að takast og gæti leitt margt gott af sér, geta nú þegar hrósað miklum árangri. En ég hef hér lýst að nokkru því, sem sérstaklega snýr að landbúnaði. En hitt, sem áunnizt hefur á öðrum sviðum og snýr að uppbyggingu atvinnulífs og umbóta í kaupstöðum og smærri bæjum landsins, er ekki minna virði fyrir það fólk, sem þar býr, og hag þjóðarinnar allrar.

Ég hef hér með fáum orðum dregið fram nokkra þætti í þróun landbúnaðarmála á tilteknu tímabili, sem sýna mismunandi útkomu eftir því, hvorir hafa farið með þau mál, framsóknarmenn eða sjálfstæðismenn, og ég hygg, að eitt af því, sem mesta athygli vekur af þeim mörgu málum, sem það þing, er nú er að ljúka störfum, hefur haft til meðferðar, verði einmitt afskipti þess af landbúnaðarmálum.

Nokkuð hefur borið á því, að verðlagsmál landbúnaðarins hafi verið gerð að umtalsefni nú um skeið, bæði innan þings og utan, og um þau efni hafi verið hafðar fullyrðingar, sem ekki standast. Verðlagning landbúnaðarvara fór fram á s. l. hausti á sama hátt og undanfarin ár, þannig að fulltrúar bænda og neytenda semja um verðlagsgrundvöll sín á milli og framleiðsluráð landbúnaðarins ákveður svo heildsölu- og smásöluverð varanna með hliðsjón af þeim grundvelli. Ríkisstj. á engan fulltrúa í verðlagsgrundvallarnefnd né framleiðsluráði og getur því ekki haft nein áhrif á verðlagninguna. Þetta ættu allir að vita. Hið svonefnda verðlagsgrundvallarverð er verð, sem framfærsluráðið ætlast til að bændur geti fengið undir eðlilegum kringumstæðum, ef sala búvaranna gengur eins og reiknað er með í byrjun verðlagsársins og ef tekizt hefur að meta rétt þann kostnað, sem fellur á vörurnar í heildsölu og smásölu. Verðlagsgrundvallarverðið er því ekkert ábyrgðarverð, er ríkisstj. tryggir bændum frekar nú en áður. Verðlagsgrundvöllurinn s. l. haust sýndi hækkun á vöruverði um 8.2%. Framleiðsluráðið verðlagði hins vegar þannig, að hækkunin var öll sett á mjólk og mjólkurvörur, kindakjöt og garðávexti. Hins vegar var ekkert af hækkuninni sett á nautakjöt vegna þess, hversu miklar birgðir voru til af því í landinu. Gærur og ull seljast að mestu leyti úr landi, og var því ekki hægt að hækka verð þeirra. Mjólkin hækkaði um 28 aura lítrinn, en það er nærri 9% af fyrra grundvallarverði. Ostur hækkaði um kr. 2.35 kg, sem er rösklega 9.4%. Smjör um kr. 5.07 kg, sem er 9.2% hækkun frá haustinu 1955. Dilkakjötið hækkaði í grundvellinum úr kr. 17.25 í kr. 19.05, sem er kr. 1.80 hækkun á kg, eða um 10.4%. Hvort grundvallarverðið næst fyrir verðlagsárið 1956—57, er ómögulegt að segja um, þar sem enn eru eftir af verðlagsárinu um 3 mánuðir, og eru því allar fullyrðingar um þau efni fleipur eitt.

Mér þykir rétt að víkja lítils háttar að orðrómi, sem heyrzt hefur úr herbúðum stjórnarandstöðunnar um það, að hækkun á áburði sé vegna ráðstafana ríkisstj. Hið sanna í því máli er, að hækkun sú, sem varð á innfluttum áburði, er af tvennum ástæðum: í fyrsta lagi, að verð á honum hækkaði erlendis, og í öðru lagi, að Eimskipafélag Íslands, sem annaðist flutninginn til landsins, hækkaði farmgjöldin m. a. vegna farmannaverkfallsins, sem sjálfstæðismenn stóðu að. Verð á íslenzka áburðinum frá áburðarverksmiðjunni í Gufunesi er hið sama og það var í fyrra.

Ég vil taka það fram, að þótt ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar á Alþ. hafi nú komið fram mörgum merkum málum, sem ætlazt er til að verði atvinnulífi og efnahag almennings í landinu að lyftistöng, þá er það undir þjóðinni sjálfri komið, hvernig hún hagnýtir þann stuðning, sem henni er í hendur fenginn af hálfu löggjafarvaldsins. Leggi þegnarnir fram krafta sína í störfum sínum og gæti hófs um eyðslu og kröfur, þá mun vel fara með þeim grundvelli, sem nú hefur verið lagður. Hitt er ljóst, að engar ráðstafanir duga, nema fólkið í landinu standi einhuga að því að treysta grundvöll framleiðslunnar til lands og sjávar og vinnufriður verði. Eins og flestum er víst ljóst fyrir alllöngu, er fjárhagskerfið veikt og mun illa þola nýja spennu. Ef það er spennt enn meira, þá getur svo farið, að möguleikar til áframhaldandi velmegunar bresti úr hendi þeirra, sem spenna bogann um of.

Það er illt til þess að vita, að sá stjórnmálaflokkur í landinu, sem hefur talið sig vera eins konar vörð þjóðarinnar um sjálfstæði hennar og valið hefur sér nafn til þess að tákna þetta hlutverk, skuli nú ala á nýrri baráttu í kaupgjaldsmálum, sem hlýtur að leiða af sér vandræði fyrir þjóðina, ef út í slíkt fen verður ætt. Enginn vegur er vísari til þess, að þjóðin tapi fjárhagslegu sjálfstæði sínu, en ef hér verða verkföll og nýjar kaup- og verðhækkanir.

Ég hygg, að þeir menn í landinu, sem barizt hafa við það að undanförnu að framleiða og nú höfðu orðið von um vegna aðgerða hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokka hennar, að rofa færi til fyrir atvinnuvegunum, séu stjórnarandstöðunni ekki þakklátir fyrir það dæmalausa tiltæki að hvetja til kauphækkana. Og ég hygg, að launþegarnir eigi ekki minna í hættu, ef slík verður

þróun málanna, að nýtt stríð verður milli kaupgjalds og verðlags.

Ég hóf mál mitt með því að gera samanburð á þróun landbúnaðarmálanna annars vegar í höndum sjálfstæðismanna og hins vegar í höndum framsóknarmanna, og ég hef látið staðreyndir tala í því máli. Af þeim er augljóst, að sjálfstæðismenn hafa hugann fremur við eitthvað annað en framfarir í landbúnaðarmálum, þegar þeir fara með þau mál, en hins vegar forusta Framsfl. reynzt landbúnaðinum heillavænleg. Ég vil ljúka þessari ræðu minni með því að segja, að sundrungarstarf stjórnarandstöðunnar, þ. e. Sjálfstfl., í því að spilla vinnufriði í landinu með því að hvetja til nýrrar kaupgjaldsbaráttu og nýs kapphlaups milli kaupgjalds og verðlags er hið versta tilræði við bændastéttina ekki síður en aðrar framleiðslustéttir landsins.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hv. 1. þm. Reykv., Bjarni Benediktsson, vék hér nokkuð að olíumálunum, og það var Hamrafellsleigan, sem fór í taugarnar á honum. Mér er kærkomið að ræða þau mál.

Hvað var það, sem gerðist með leigu Hamrafellsins? Þegar fragtir á frjálsum markaði voru almennt orðnar 220—240 sh. á tonnið í vetur, var samningur gerður við Hamrafellið um flutningana fyrir 160 sh. tonnið. Það er rétt að geta þess, að þegar Hamrafellið var leigt, reyndist nær ómögulegt að fá skip til flutninga með olíu frá Svartahafi vegna stríðshættunnar, sem stafaði frá Súez-átökunum. Vetrarvertíðin var fram undan og beinn voði fyrir dyrum, ef ekki tækist að fá skip til olíuflutninganna. Hamrafellið var leigt í fjóra túra, og reynslan hefur nú sýnt, að leiga þess var mun hagstæðari en verð það, sem leigja varð á skip á frjálsum markaði.

En hvað er það þá, sem Bjarni Benediktsson finnur athugavert við leiguna á Hamrafellinu? Jú, það er það, að skipið skyldi ekki eitt allra íslenzkra skipa, sem flytur heila farma, vera sett undir verðlagsákvæði og skyldað til þess að taka að sér flutningana í þessu tilfelli á kostnaðarverði.

Á undanförnum árum hafa öll íslenzk skip, sem flutt hafa heila farma, eins og sement, timbur, kol, salt o. fl., verið fyrir utan allar verðlagsreglur, en fylgt hinum frjálsa fragtmarkaði. Íhaldið, sem prédikar hina frjálsu verðmyndun og frjálst athafnafrelsi, hafði enga ástæðu fundið á undanförnum árum til breytinga á þessu, ekki fyrr en leigan á Hamrafellinu var ákveðin. Hamrafellið flytur enn olíu á heimsmarkaðsverði, sem mun nú vera alllangt undir því kostnaðarverði, sem eigendur skipsins telja að skipið þyrfti þó að fá.

En leigan á Hamrafellinu leiðir hugann að olíumálum almennt. Á undanförnum árum hafa íhaldsgæðingarnir makað krókinn af leigðum erlendum olíuskipum. Þeir eru nú óánægðir að vera út úr þessu spili. Þeir eru líka sérlega reiðir við mig og Hannibal Valdimarsson fyrir verðlagninguna á olíunni. Þeir hafa ekki gleymt því, að í tíð íhaldsins fengu þeir óáreittir að ráða olíuverðinu, en nú hefur verðið verið bundið fast um langan tíma og síðan var verðlagning þeirra skorin niður, sem nam hvorki meira né minna en 30 millj. kr., miðað við eins árs sölu á olíu. Þar af stafar reiði þeirra í olíumálunum og reiði Bjarna Benediktssonar.

Um þessar mundir leggur stjórnarandstaðan, Sjálfstfl., höfuðkapp á þrennt í þeim tilgangi að brjóta niður stefnu stjórnarinnar. Hið fyrsta og þýðingarmesta er að koma af stað verkföllum og knýja fram kauphækkanir, einkum hinna hæst launuðu, svo að verðstöðvunarstefna stjórnarinnar fari út um þúfur. Þá er tilraunin til þess að skapa gengislækkunarpólitík, svo að ómögulegt verði að koma á jafnvægi í fjárhagsmálum þjóðarinnar. Og loks er svo áróðurinn um, að sparifé sé rifið út úr bönkunum, og þannig á að koma í veg fyrir, að fé safnist þar fyrir til nauðsynlegra útlána í sambandi við framkvæmdir í landinu.

Verkfallapólitík íhaldsins er eitt sérkennilegasta fyrirbrigði íslenzkra stjórnmála. Auðvitað dettur engum manni í hug, að foringjar íhaldsins hafi kjarabaráttu launþega í huga með þessu brölti sínu. Íhaldið hefur alltaf ætlað af göflunum að ganga, þegar verkamenn hafa bætt kjör sín. Það hefur blygðunarlaust haldið því fram, að allir erfiðleikar atvinnuveganna stöfuðu af of háu kaupi hinna lægst launuðu. Bjarni Benediktsson kallaði síðasta verkfall verkamanna hér í Reykjavík heræfingu í ofbeldisáformum. Þá hét 11% kauphækkun á máli íhaldsins tilræði við þjóðfélagið og glæpur gagnvart atvinnuvegunum. Þá voru verkamenn þó að leiðrétta kjör sín, sem höfðu verið skert með dýrtíðarráðstöfunum, sem gerðar voru í andstöðu við verkalýðshreyfinguna í landinu. En nú, þegar dýrtíðarráðstafanir eru gerðar í samráði við verkafólk, kemur íhaldið og heimtar verkföll og þykist berjast fyrir hag almennings.

Það er margt furðulegt við stjórnarandstöðu íhaldsins. Hver hefði trúað því, að skrautbúnir forstjóra-kadiljakkar æddu um bæinn til þess að smala fólki á fundi í ýmsum verkalýðsfélögum í þeim tilgangi að heimta verkfall og hærra kaup? Hver hefði trúað því, að Bjarni Benediktsson ætti eftir að vaða jörðina upp að hnjám í verkfallabrölti? Það hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar, að iðnrekendur og aðrir vinnuveitendur byðu fram óbeðið launahækkanir til starfsfólks síns. Það er margt skrýtið í kýrhausnum, eins og þar stendur, og það er margt skrýtið í vinnubrögðum íhaldsins um þessar mundir. Samhliða verkfallsbröltinu læðir íhaldið út þeim áróðri, að ákveðið sé að fella gengi krónunnar á næsta hausti. Íhaldið veit, að hér er um staðlausan tilbúning þess sjálfs að ræða. Því er fullkunnugt um, að stjórnin miðar alla stefnu sína við, að komizt verði hjá gengislækkun, en af því að það veit einnig, að almennur ótti um verðbreytingu peninganna getur skapað glundroða, grípur það til þessa gengislækkunarslúðurs.

Íhaldið heldur því fram, að ráðstafanir ríkisstj. um áramótin til stuðnings framleiðslunni hafi þegar leitt af sér óbærilega dýrtíð, sem hljóti að enda með gengisfellingu. Hér er ranglega skýrt frá staðreyndum, eins og við mátti búast. Vísitalan hefur að vísu hækkað um 4 stig,

og veldur það nokkrum vanda. En hvernig eru þessi 4 stig í vísitölunni til komin? Það er rétt að gera sér fulla grein fyrir því. 2½ stig af 4 stigum eru gersamlega óviðkomandi aðgerðum núverandi ríkisstj. Þar er um að ræða 0.61 stig vegna hækkunar á fiski í bæjarsölu, sem varð í tíð fyrrverandi ríkisstj. gegn öllum lögum og reglum, en verðlagseftirlit íhaldsins hirti ekki um að koma í veg fyrir og hirti ekki um einu sinni að reikna inn í vísitöluna og það var fyrst að gerast nú. Þá hefur vísitalan hækkað um 1.39 stig vegna erlendrar verðhækkunar á sykri, og standa vonir nú til, að lækkun geti orðið á þessum lið aftur. Þá nemur erlend verðhækkun á olíu 0.31 stigi, og fyrirsjáanlegt er nú, að sú hækkun hverfur á næstunni með verðlækkun á olíunni. Þá er næst að geta 0.23 stiga hækkunar á vísitölunni vegna verðhækkunar á rafmagni, sem bæjarstjórnarmeirihlutinn í Reykjavík smeygði inn í vísitöluna nú við síðasta aflestur á rafmagnsreikningunum hér í Reykjavík. Þá hækkun framkvæmdi íhaldið án samráðs við verðlagsyfirvöldin í landinu, og sú hækkun var með öllu óleyfileg. Þessa hækkun ætti aðvitað að endurkalla hið fyrsta. Þannig eru 2½ stig af 4 ýmist leifar af verðhækkunum íhaldsins eða óviðráðanlegar verðbreytingar erlendis frá.

Áróður íhaldsins um verðhækkanir þær, sem Ingólfur Jónsson flutti hér áðan, er býsna einkennilegur. Hv. þm. *nefndi* ekki dæmi um verðhækkanir á almennu útsöluverði á neinni vöru. Hann treysti sér ekki til þess, heldur nefndi hann nokkur dæmi um hækkun á innflutningsverði tiltekinna vara. Auðvitað voru þessi dæmi alröng og fjarri öllum sannleika. Þau voru af nákvæmlega sama toga spunnin og fyrri yfirlýsingar íhaldsins um það, að nælon-sokkarnir frægu ættu að hækka í verði um 70%, en reynslan varð sú, að þeir hækkuðu í verði um 3—5%. Það er rangt hjá íhaldinu, þegar það heldur því fram, að vöruverð hafi almennt stórhækkað. Hið sanna er, að stórlækkuð álagning og strangt verðeftirlit hefur haldið verðlaginu mjög í skefjum. Verðstöðvunarpólitík ríkisstj. hefur borið árangur og það svo, að vonir standa nú til, að engar nýjar ráðstafanir þurfi að gera til stuðnings framleiðslunni um næstu áramót, verði engin veruleg óhöpp á síðari hluta ársins. Spár íhaldsins um *óhjákvæmilega gengislækkun* og samninga í því sambandi eru því úr lausu lofti gripnar.

Þá er sagan um sparifé, sagan, sem Ingólfur Jónsson, hv. 1. þm. Rang., endurtók hér einu sinni enn. Íhaldspressan segir: Fólkið rífur út sparifé. Síðan ríkisstj. tók við, hefur ekkert sparifé safnazt. — Allt er þetta tilhæfulaus ósannindi, sögð í þeim tilgangi að skapa ókyrrð í fjármálum og trufla framkvæmdir. Sparifjármyndunin var nærri því sú sama árið 1956 eins og hún var 1955. Eins og venjulega var sparnaðurinn minni síðari hluta ársins bæði árin. Að undanförnu hefur sparifé vaxið nokkuð jafnt. Séu t. d. teknir fjórir fyrstu mánuðir yfirstandandi árs og bornir saman við fjóra fyrstu mánuði ársins 1956, kemur í ljós, að sparifjár- og hlaupareikningsinnlög í bönkunum uxu um 38 millj. kr. árið 1956, í tíð íhaldsins, en um 86 millj. á þessu ári. Þessar tölur sýna haldleysi íhaldsáróðursins um, að sparifé sé fremur rifið út nú en áður. Þannig er stjórnarandstaða íhaldsins öll miðuð við það eitt að koma á öngþveiti. Verkfallabröltið er liður í þeirri baráttu, gengislækkunaráróðurinn er liður í sömu baráttu og sparifjársannindin eru af sama toga spunnin.

Frá því að ríkisstj. var mynduð, hefur það verið eitt af aðalverkefnum hennar að tryggja óslitinn rekstur framleiðslunnar. Þannig lagði stjórnin höfuðáherzlu á að ljúka samningum við sjómenn og útgerðarmenn um rekstur fiskiflotans fyrir síðustu áramót. Það tókst, eins og kunnugt er, og með því heppnaðist að bjarga tugum millj., sem glatazt hefðu í framleiðslustöðvun. Með samningunum um áramótin tókst að auka útgerðarþátttökuna allverulega. Sú aukning og lengdur útgerðartími hefur að verulegu leyti komið upp á móti lélegum afla á vertíðinni, og af þessum ástæðum er munurinn á heildaraflanum nú og í fyrra minni en búast hefði mátt við.

Nú í vor hófst í fyrsta skipti í mörg ár vorsíldveiði hér í Faxaflóa, því að nú var í tíma samið um rekstrargrundvöll fyrir þær veiðar. Enginn vafi leikur á, að hægt er að veiða óhemjumagn af síld hér á hverju vori, og aðstaðan til hagnýtingar er öll fyrir hendi, þar sem frystihúsin *eru til og nægur* verksmiðjukostur. Nú hefur bátunum verið tryggður rekstrargrundvöllur við þessar veiðar fram að norðurlandssíldartímanum.

Þá hefur þegar verið samið við útvegsmenn um sumarsíldveiðarnar. Ákveðið er, að síldarmálið til bræðslu verði 95 kr. í stað 80 kr. í fyrra og saltsíldarverðið hækki úr 120 kr. hver uppmæld tunna í 130 kr. Hér er um allverulega hækkun að ræða, sem óefað mun ýta undir aukna þátttöku í síldveiðunum í sumar. Í þessum efnum hefur enn sem fyrr verið lögð höfuðáherzla á að ná fullu samkomulagi, að ná samningum í tæka tíð og örva framleiðsluna svo sem hægt er. Það er von mín, að framleiðslan þurfi ekki að stöðvast einn einasta dag á þessu ári vegna ósamkomulags við stjórnarvöldin, eins og tíðast var þó í valdatíð sjálfstæðismanna.

Það er í samræmi við þá höfuðáherslu, sem *stjórnin leggur á aukna framleiðslu og gernýtingu* allra framleiðslutækja, að hún hefur þegar gert meiri og stærri fyrirframsamninga á aðalútflutningsvörum okkar en dæmi eru til um áður. Og það er í samræmi við þessa stefnu, að stjórnin vinnur að stóraukningu í fiskiflota landsmanna með togarakaupum, kaupum fiskibáta og fiskibátasmíði innanlands. Það er líka í samræmi við þessa stefnu um aukna framleiðslu, að stjórnin hefur jafnan samið við framleiðendur um að bæta kjör fiskimanna jafnhliða betri kjörum útgerðinni sjálfri til handa. Hækkað síldarverð í sumar þýðir hækkað kaup sjómanna, og hækkað fiskverð í ársbyrjun þýddi hækkuð laun sjómanna. Engum getur blandazt hugur um, að þörf er á því, að fleiri landsmenn fáist að framleiðslustörfunum. Það er því alveg furðulegt, að stjórnarandstaðan skuli ganga svo langt í fjandskap sínum við ríkisstj. að reyna

æ ofan í æ að nota launabætur sjómanna til réttlætingar á launakröfubrölti vegna hálaunamanna í landi.

Í þessu efni hefur Sjálfstfl. blásið út jafnvel hinar smávægilegustu launabreytingar sjómanna, allt í þeim tilgangi að kalla fram launakröfur annarra. Þannig nefndi Ólafur Thors hér í umr. í gær sem dæmi um almennar kauphækkanir, sem stjórnin hefði staðið fyrir, kauphækkun sjómanna á Akranesi í vetur. Hið rétta er, að þar varð engin breyting á kaupi nema til samræmis við aðrar verstöðvar. Þá nefndi Ólafur launahækkanir sjómanna í Grindavík. Hið rétta er, að sjómenn sögðu þar alls ekki upp samningum, heldur voru það útgerðarmenn, enda var þar um nokkra lækkun á kaupi að ræða frá þeim kjarasamningum, sem þar höfðu verið í gildi. Og síðast nefndi svo Ólafur Thors, að togarayfirmenn hefðu fengið allt upp í 40% launahækkun á saltfiskveiðum. Hér er um algerlega ranga túlkun á samningum að ræða. Launabreytingin var smávægileg, aðeins miðuð við að samræma saltfisksverð við aðra fiskverðshækkun, sem í gildi var komin.

En svona er málflutningur Sjálfstfl. allur miðaður við það að skapa glundroða og vinna ríkisstj. skaða.

Stjórnarandstaða Sjálfstfl. er ekki óeðlileg, ef betur er að gáð, þó að hún sé alleinkennileg svona á köflum. Það eru ástæður til alls og einnig þess, að gripið er til slíkra örþrifaráða sem Sjálfstfl. hefur nú gert. Íhaldinu er ekki rótt í stjórnarandstöðunni. Það finnur vel, hvað að er. Allir vita um þann auma blett á íhaldinu, sem kenndur er við heildsalana. Nú hefur verið stigið ofan á þann blett. Það skal engan undra, þó að rekið sé upp óp. Heildsalarnir, meginstoðir Sjálfstfl., eru nú látnir borga, ekki í flokkssjóðinn eins og áður, heldur í uppbótarsjóð framleiðslunnar í landinu. Stóreignamenn, þeir sem eiga yfir eina milljón í skuldlausri eign, verða nú að greiða nokkurn skatt í því skyni, að í framtíðinni verði hægt að lækka húsaleiguna. Völdin í bönkunum eru í voða, og fisksölumálin eru dregin úr höndum Thorsaranna.

Þegar þessar staðreyndir eru hafðar í huga, er skiljanlegt, þó að nokkurt fum sé á forustuliði Sjálfstfl. hér í þingsölunum þessa síðustu daga.

En það fær engu breytt. Stefna stjórnarinnar er ákveðin. Hún verður framkvæmd þrátt fyrir kveinstafi íhaldsforingjanna. Nú er kominn tími til þess, að þeir skili aftur rangfengnum gróða sínum og að honum verði varið til uppbyggingarstarfa í landinu, til þess að styrkja framleiðsluna, honum verði varið til almennra hagsbóta fyrir alþýðu landsins.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Góðir hlustendur. Um þessar mundir ganga margir unglingar á Íslandi undir landspróf. Sumum gengur vel og öðrum miður. Í dag og í gær er íslenzka ríkisstj. að ganga undir sitt landspróf, og mun marga fýsa að vita, hvort hún hefur staðið sig vel eða svo illa, að hún falli á prófi. Vitanlega eru það margar greinar, sem hver ríkisstj. hefur með höndum. Ég skal nú rekja nokkrar þeirra, og svo skuluð þið, góðir hlustendur, vera prófdómendur, íhuga frammistöðuna og meta úrlausnirnar.

Þess er fyrst að geta, að ein frumskylda hverrar ríkisstj. er að gæta álits og sæmdar Íslands út á við. Íslenzku þjóðinni hafði tekizt á undanförnum árum að afla sér vináttu og trausts meðal vestrænna þjóða, sem við eigum mesta samleið með um lýðfrelsi og mannréttindi. Ályktun Alþingis frá 28. marz í fyrra um brottflutning varnarliðsins, ályktun, sem er undirstaðan að núv. stjórnarsamstarfi, varð strax til að valda Íslandi álitshnekki. Öll meðferð málsins, m. a. það að gera slíka ályktun án nokkurs samráðs við Atlantshafsbandalagið, eins og til var skilið í samningum, veikti traust þessara vinaþjóða á Íslandi.

En hálfu meira álitstjón varð þó sjálf stjórnarmyndunin í júlí s. l., þegar Framsóknar- og Alþýðuflokkurinn tóku kommúnista með sér í ríkisstj. Atlantshafsbandalagið er stofnað sem varnarbandalag, fyrst og fremst gegn ofbeldi og kúgun kommúnismans. Ísland varð fyrsta og eina ríkið innan bandalagsins til þess að taka kommúnista inn í ríkisstj. Lýðræðissinnar á Vesturlöndum töldu þetta tiltæki reginhneyksli. Þegar kommúnisminn opnaði augu fjölda manna um víða veröld fyrir hinu sanna eðli sínu með aðförunum í Ungverjalandi á s. l. vetri, höfðu þessir tveir flokkar þó átt að sjá sóma sinn í því að varpa kommúnistum fyrir borð. Ekki gátu þeir þó sýnt þann manndóm, sem þó hefði að nokkru létt af þeim þeirri ábyrgð, sem þeir höfðu tekizt á hendur. Þegar svo ríkisstj. ákvað að hætta við brottflutning varnarliðsins og ganga þannig frá aðalkosningaloforði sínu, var í því máli teflt svo smekklega af íslenzkum stjórnarvöldum, að út á við munu flestir hafa talið vera beint samband milli samninganna um varnarliðið og fjárhagsaðstoðar frá Bandríkjunum.

Nú segir hæstv. ríkisstj.: Hvernig má það vera, að traust Íslands út á við hafi minnkað, þegar núv. ríkisstj. hefur tekizt að afla lána til framkvæmda eins og Sogsvirkjunarinnar?

Vissulega er það mikið fagnaðarefni, að framkvæmdir við Sogsvirkjunina geti nú hafizt. En málgagn stærsta stjórnarflokksins virðist ekki líta svo á, að lánsféð sé fengið fyrir fjármáladugnað ríkisstj. eða aukið lánstraust, því að í forustugrein blaðsins í desember s. l. segir svo:

„Nú hefur það gerzt í beinu framhaldi af nýju hernámssamningunum, að Bandaríkin hafa allt í einu lýst sig fús til að hlaupa undir bagga með lán til Sogsvirkjunarinnar. Það liggur í augum uppi, að hér er náið samband milli þess, sem gerzt hefur í hernámsmálunum, og þessa óvænta lánstilboðs.“

Þessi eru orð eins aðalstjórnarblaðsins, og þau eru vitnisburður um það, hvernig a. m. k. nokkur hluti sjálfs stjórnarliðsins lítur á málið. Og allur hefur þessi málatilbúnaður orðið okkur til lítillar sæmdar.

Í þeirri grein að tryggja virðingu, sæmd og álit íslenzku þjóðarinnar út á við getur núv. ríkisstj. ekki fengið góða einkunn.

Önnur frumskylda hverrar stjórnar er að

beita sér fyrir stöðugri og nægri atvinnu. Hvernig er umhorfs í atvinnulífi Íslendinga nú? S. l. sex ár hefur að vísu verið skortur á atvinnu í sumum byggðarlögum á vissum árstímum, en á Suðvesturlandi hefur verið full atvinna fyrir alla þá, sem sæmilega heilsu hafa. Nú er svo komið síðustu mánuði, að aftur er farið að bera á atvinnuleysi í höfuðborginni og nágrenni hennar. Á ýmsum sviðum atvinnulífsins er um greinilegan samdrátt að ræða. Form. félags verksmiðjufólks í Reykjavík segir í yfirlýsingu, sem hann birti í morgun, að fyrir efnahagsaðgerðir ríkisstj. fari nú fram stórfelldar uppsagnir í verksmiðjum og mörgum verksmiðjum er sumpart búið eða verið að loka.

Örvun atvinnulífsins á öllum sviðum og aukning framleiðslunnar er aðalráðið til að bæta lífskjör fólksins. En til þess að svo megi verða, þarf að ríkja bjartsýni í athafnalífinu og traust á ríkisstj. Nú skortir mjög á slíkt traust og bjartsýni á Íslandi. Þvert á móti er svartsýni og uggur í mönnum og óvissa um, hverjar byrðar verða næst á þjóðina lagðar, nýjar álögur, tollar, ný höft og hömlur, sem lama atvinnulífið.

Þriðja stóra viðfangsefni ríkisstj. og náskylt því, er ég nú nefndi, er nauðsyn þess að tryggja jafnvægi í efnahagslífinu. Tilraunir hæstv. ríkisstj. í þeim efnum hafa mjög farið í handaskolum, og nú hefur vísitölunni verið sleppt lausri, vísitöluskrúfan sett í gang að nýju. Í stað þess að fyrir kosningar var lofað nýjum úrræðum til varanlegrar viðreisnar í efnahagsmálum, er það aðeins hið gamalkunna úrræði, sem stjórnarflokkarnir hafa gripið til, að hækka skatta og tolla á öllum almenningi og á atvinnurekstrinum sjálfum, sem verður að greiða stórhækkuð gjöld til að styrkja sjálfan sig.

Hæstv. sjútvmrh. talaði um það hér áðan af vandlætingu, að rafmagnsverð í Reykjavík hefði verið hækkað um 6% og valdi það nokkurri hækkun vísitölu. Hér er mjög málum blandað. Um þetta hefur bæjarstjórn Reykjavíkur enga ályktun gert, heldur leiðir þessi hækkun beinlínis samkvæmt löggiltri gjaldskrá sjálfkrafa af hækkun vísitölunnar, og það er rétt að geta þess, að jólagjafir ríkisstj. hafa stórhækkað allan tilkostnað rafmagnsveitunnar við framkvæmdir og raflagnir í bænum.

Í þessu sambandi vil ég einnig minnast á, að hæstv. fjmrh. hneykslaðist mjög á því, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefði hækkað útsvörin á s. l. ári, eða að meðaltali síðustu ár um 30 millj. á ári. Það er eðlilegt, að hæstv. fjmrh. hneykslist á slíku, því að á einu ári hefur honum tekizt að hækka gjöldin í ríkissjóð og útflutningssjóð um 400 millj. kr.

Hinar góðkunnu jólagjafir ríkisstj. voru vandlega útreiknaðar þannig, að sem bezt yrði laumazt fram hjá vísitölunni, og hafi nokkru sinni verið ástæða til að tala um rangfærslu vísitölunnar, þá er það nú. En stórfelldar hækkanir verða samt á margs konar nauðsynjum. Það er einnig bersýnilegt, að mörg atvinnu- og þjónustufyrirtæki almennings horfa fram á hallarekstur og hann verulegan á þessu ári. Í efnahags- og atvinnuprófínu hefur frammistaða stjórnarinnar því verið ákaflega vesæl.

Fjórða prófraun ríkisstj. er sú, hvernig henni hefur tekizt að halda vinnufriði í landinu, því að eitt meginatriðið í núv. stjórnarsamstarfi átti að vera samvinna verkalýðssamtaka og ríkisvalds um að tryggja vinufriðinn. Í þessum umræðum hefur hv. þm. G-K. greint ýtarlega frá því, hvílíkur misbrestur hér hefur orðið á, þar sem hver vinnustöðvunin og kauphækkunin hefur rekið aðra. Og nú í dag standa sakir svo, að margar stéttir eiga í vinnudeilum og alveg óvíst, nema yfir dynji margvíslegar vinnustöðvanir nú á næstu vikum. Meðal þeirra stétta, sem nú eiga í kaupdeilum, eru prentarar, verkfræðingar, verzlunar- og skrifstofufólk, nokkrir starfsmannahópar á siglingaflotanum, starfsstúlkur á barnaheimilum, mjólkurfræðingar o. fl. Þetta er þá allur vinnufriðurinn, sem mest hefur verið gumað af. Ekki getur prófseinkunn ríkisstj. orðið há í þessari grein.

Í fimmta lagi eru gjaldeyrismálin eitt af viðfangsefnum hverrar ríkisstj. Og í skemmstu máli er frá því að segja, að nú eftir 10 mánaða stjórn núv. ríkisstj. er gjaldeyrisskorturinn orðinn slíkur, að gjaldeyrir fæst ekki til þess að festa kaup á tækjum í bráðnauðsynleg og gjaldeyrissparandi mannvirki, sem allir virðast þó sammála um að eigi að hafa forgangsrétt. Því miður virðast gjaldeyrisvandræðin ekki vera stundarfyrirbæri, heldur litlar horfur á, að úr rætist á næstu mánuðum.

Sjötta prófraun ríkisstj. er lausn húsnæðismálanna. Frv. ríkisstj. um þau mál hefur valdið miklum vonbrigðum. Mest er gumað af hinum mikla byggingarsjóði og hve stórkostlegt fé hann fái til útlána. Byggingarsjóðurinn er aðallega nafnbreyting á varasjóði veðlánakerfisins, en ekki nýmæli, og langmesta fé sjóðsins er þegar fast í skuldabréfum og kemur því ekki til útlána á næstu árum nema að litlu leyti. Ríkisstj. Ólafs Thors beitti sér fyrir lagasetningu til lausnar á lánum til húsbygginga. Á þeim 9 mánuðum, sem veðlánakerfið starfaði í tíð þeirrar stjórnar, var lánað að meðaltali 8½ millj. kr. á mánuði. Síðan núv. ríkisstj. tók við, hefur á 10 mánuðum verið lánað um 3.8 millj. kr. á mánuði. Eftir að veðlánakerfið hafði verið lögfest, var auðvitað til þess ætlazt, að ríkisstj. á hverjum tíma ynni að því að tryggja áframhaldandi fjármagn til þessa kerfis. En þegar núv. stjórn tók við, hélt hún að sér höndum lengi vel og ætlaðist til, að allt gengi af sjálfu sér.

En ríkisstj. hefur afrekað annað. Hún hefur valdið því, að síðan í desembermánuði hefur byggingarkostnaður hækkað í landinu um 10—15%. Þetta er vissulega vel af sér vikið á stuttum tíma og góðar gjafir til þeirra þúsunda efnalítilla manna, sem eru að reyna að koma þaki yfir höfuð sér, að fá þannig beina hækkun á byggingarkostnaði á hálfu ári um 25—35 þús. kr. á meðalíbúð.

Í sjöunda lagi vil ég nefna einn af hornsteinum lýðræðisins, sem er orðheldni og áreiðanleiki stjórnmálaflokka og stjórnmálamanna. Ef út af því bregður, er sjálfur grunnur lýðræðisins í hættu.

Ég veit enga ríkisstj. á Íslandi, sem hefur verið svo stórvirk sem þessi í því að ganga á

bak orða sinna, þeirra er hún gaf fyrir kosningar. Má þar nefna framkomu Alþýðu- og Framsóknarflokksins í varnarmálunum, stjórnarmyndun þessara flokka með kommúnistum þvert ofan í gefin loforð, úrræðaleysið í efnahagsmálum, hringsnúning kommúnista varðandi uppbótarsæti Alþfl., svo að dæmi séu nefnd. Ekkert grefur eins undan lýðræði og þingræði og ekkert veikir eins traust almennings á Alþingi eins og það, þegar almenningur sér, að orðum stjórnmálaleiðtoganna er að engu leyti að treysta og þau eru að engu höfð.

Góðir hlustendur. Ég hef látið ríkisstj. ganga hér undir landspróf í 7 greinum. Ég þarf ekki að fella neinn dóm, því að ég veit, að þið, hlustendur góðir, eruð einfærir um að gefa ríkisstj. einkunnina í þessum greinum. Ég veit það líka, að sú einkunnagjöf mun hjá miklum þorra Íslendinga verða á þá leið, að ríkisstj. hafi fallið á prófinu.

Nú er það að vísu svo með unglinga, sem ekki gengur vel á prófi fyrir óheppni eða aðrar sakir, að oftar eru líkur til, að þeir bæti sig og nái sér á strik í næsta skipti. En því miður verð ég að viðurkenna, að ég hef litla sem enga von um, að hæstv. ríkisstj. bæti ráð sitt. Ég er fremur hræddur um, að hún versni með aldrinum. En hvað á þá að gera? Vitanlega er ekki til nema eitt ráð. Það er, að kjósendur landsins noti fyrsta tækifæri til að gefa ríkisstj. og ráðherrum hennar lausn í náð, svo að þeir geti snúið sér að öðrum verkefnum, sem þeir kunna að vera hæfir til að sinna, en séu ekki lengur að föndra við stjórn landsins, sem reynslan hefur sýnt að er þeim algerlega um megn. — Góða nótt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Einn af ræðumönnunum í gærkvöld hóf ræðu sína á því, að nú væri vor í lofti, en svo hélt hann áfram og sagði, að samt blasi dimm og drungaleg ský við sjónum sínum. Hann sá ekki til sólar. Þetta var einn af ræðumönnum Sjálfstfl. Hvað veldur því, að foringjar Sjálfstfl. virðast nú hættir að sjá sólina? Hvað hefur gerzt? Það, sem hefur gerzt, er, að Sjálfstfl. er ekki lengur í ríkisstj. Þá finnst leiðtogum hans himininn formyrkvast.

Í s. l. tæp 20 ár hefur Sjálfstfl. átt fulltrúa í öllum ríkisstj. Þessi völd sín hefur hann notað til þess að hlúa sem bezt að helztu máttarstólpum sínum. Hann hefur tryggt þeim geysimikilvæga aðstöðu og gróðamöguleika í útflutningsverzluninni og innflutningsverzluninni. Hann hefur tryggt þeim hreinan meiri hluta í bankaráðum og bankastjórnum tveggja aðalbankanna. Hann hefur staðið á verði um hagsmuni þeirra í atvinnu- og fjármálalífinu og séð þeim fyrir áhrifum á öllum sviðum þjóðfélagsins, en nú er þessi flokkur allt í einu orðinn valdalaus og áhrifalaus á Alþingi. Þá hættir hann að sjá sólina.

Þið hafið nú, hlustendur góðir, heyrt málsvara ríkisstj. skýra stefnu hennar og stjórnarandstöðuna gagnrýna hana. Hver er kjarninn í stefnu ríkisstj.? Hann er sá að leysa efnahagsvandamálin í sem nánustu samstarfi við samtök launþega og vinnandi framleiðenda, leysa þau þannig, að vinnandi fólk til sjávar og sveita geti talið hagsmunum sínum sem bezt borgið. Hann er sá að vinna gegn öllum verðhækkunum, efla vinnufrið og stuðla ekki að öðrum kauphækkunum en þeim, sem geta fært launþeganum raunverulegar kjarabætur, en knýja ekki verðbólguhjólið af stað öllum til tjóns.

Hvernig snýst Sjálfstfl. við þessari grundvallarstefnu ríkisstj.? Styður hann hana, eins og öllum þjóðhollum öflum að sjálfsögðu ber að gera? Nei, það gerir hann ekki. Ræðumenn hans í gærkvöld og í kvöld hafa að vísu ekki sagt, að þeir séu á móti því, að dýrtíðarhjólið sé stöðvað. Það væri í allt of augljósri mótsögn við allt það, sem flokkurinn hefur sagt undanfarin ár, meðan hann var í ríkisstj.

En hvað gerir Sjálfstfl.? Hann gerir allt, sem hann getur, til þess að koma aftur af stað því kapphlaupi milli verðlags og kaupgjalds, sem hann sér að ríkisstj. hefur verið að stöðva. Hann reynir af alefli að snúa verðbólguhjólinu, sem hann veit að var að nema staðar vegna samstarfs stéttasamtakanna og ríkisstj.

Aðferð Sjálfstfl. er sú að reyna að ala á ónægju með hverja þá ráðstöfun, sem gerð er til þess að lækna meinsemdir efnahagslífsins. Hann hvetur til uppsagnar samninga í hverju einasta stéttarfélagi, þar sem hann hefur nokkur áhrif. Hann er nú að senda þrjá erindreka út um land til þess að róa í verkalýðsfélögunum og hvetja þau til þess að segja upp samningum. Blöð hans auglýsa hverja einustu kauphækkun eða kjarabót, sem einstakar stéttir fá til leiðréttingar eða vegna eðlilegrar samræmingar við aðrar stéttir, og reyna að ýta undir það, að allar stéttir krefjist einhverrar kauphækkunar. Hann beinlínis hlakkar yfir sérhverri vinnustöðvun, sem verður. Þannig er nú komið fyrir flokknum, sem þeir Jón Magnússon og Jón Þorlákssson stofnuðu og stýrðu í upphafi.

Nú langar mig til þess að spyrja ykkur og þó einkum og sér í lagi hina eldri meðal hlustenda: Haldið þið, að það hefði getað komið fyrir, að þessir menn, þeir Jón Magnússon og Jón Þorlákssson, hefðu hvatt til almennra kauphækkana án alls tillits til afkomu atvinnuveganna? Haldið þið, að það hefði getað gerzt, að þessir menn hefðu nokkurn tíma kynt undir verkföllum?

Nei, ég veit, hverju þið svarið: Slíkt hefði verið óhugsandi. Þessir menn voru að vísu íhaldssamir í stjórnmálaskoðunum, en þeir voru ábyrgir og heiðarlegir stjórnmálamenn. Þeir hefðu aldrei getað borið slíkan óvildarhug til ríkisstj., að þeir breyttu gegn því, sem þeir vissu að var rétt, til þess eins að reyna að gera henni óleik. Þeir hefðu enn síður nokkurn tíma gert það, sem þeir vissu að væri þjóðarheildinni til tjóns, aðeins til þess að reyna að skapa ríkisstj., sem þeir væru í andstöðu við, erfiðleika.

En þetta hvort tveggja gera núverandi leiðtogar Sjálfstfl. Flokkurinn, sem þeir stýra, á ekkert skylt lengur við heiðarlega borgaraflokka, eins og þeir gerast í nágrannalöndum. Hann er orðinn baráttutæki í höndum tækifærissinnaðs og ábyrgðarlauss hóps peningamanna og valdabraskara.

Þjóðin verður að gera sér þess skýra grein, hvaða aðferðum Sjálfstfl. beitir í stjórnarandstöðu sinni. Barátta hans gegn ríkisstj. fer ekki fyrst og fremst fram hér á Alþingi. Í störfum þingsins hefur stjórnarandstaða Sjálfstfl. reynzt næstum ótrúlega lítið málefnaleg og máttlaus. Í aðalmáli þessa þings, efnahagsráðstöfununum um síðustu áramót, bar stjórnarandstaðan ekki fram neinar heildartillögur. Hún vissi ekki, hvort hún vildi millifærslu tekna eða gengisbreytingu. Hún vissi ekki, hvort tekjuöflunin var of mikil eða of lítil. *Hún gat yfirleitt ekkert til mála lagt* nema nöldur.

En þetta verður skiljanlegt, þegar þess er gætt, að stjórnarandstaðan í þingsölunum á hinum lýðræðislega vettvangi er Sjálfstfl. aukaatriði. Aðalþungi stjórnarandstöðunnar er á vinnumarkaðnum. Þar telur Sjálfstfl. sig geta gert ríkisstj. mestan óleik. Með því að ýta undir verkföll og kaupkröfur telur hann sig geta komið verðbólguhjólinu aftur á stað, en ný verðbólgualda mundi gera hvort tveggja: torvelda ríkisstj. uppbyggingarstarf hennar og skara eld að köku auðmanna. Verðbólgan er versti fjandi launamanna, en hún er bjargvættur braskaranna.

Vonin um aukna verðbólgu er nú helzti bandamaður Sjálfstfl. í andstöðunni við ríkisstj. Venjulega afneita foringjar Sjálfstfl. verðbólgunni í ræðum sínum. Það hafa ræðumenn flokksins gert í ræðum sínum hér í kvöld. En fulltrúar Sjálfstfl. í fjhn. Nd. voru þó óvenju hreinskilnir, er þeir skiluðu nál. um stóreignaskattinn um daginn. Þar sögðu þeir m. a.:

„Við viljum einnig á það benda, að hinir auknu skuldafjötrar atvinnurekstrarins, sem leiða mundi af samþykkt slíkrar skattálagningar, gera áframhaldandi verðbólguþróun að hagsmunamáli atvinnurekenda í miklu ríkara mæli en nú er.“

Hvað þýðir þetta? Hér eru fulltrúar sjálfstæðismanna í þingnefnd að játa, að atvinnurekendur og þó auðvitað fyrst og fremst stóratvinnurekendur og braskarar hafi hag, hafi beinan hag af áframhaldandi verðbólguþróun og að líklegt sé, að áhugi þeirra á henni fari vaxandi, ef stóreignaskatturinn verði samþykktur. Þurfa menn nú frekari vitna við um það, hverjir mundu græða á áframhaldandi verðbólguþróun?

Þjóðin verður að átta sig á þeim ljóta leik, sem foringjar Sjálfstfl. leika nú í íslenzkum þjóðmálum. Hér á Alþingi halda þeir ræður og segjast nú eins og fyrr og ævinlega vera andvígir verðbólgu og vilja styðja alla góða baráttu gegn henni. Þeir gera að vísu engar till. í helztu vandamálum þjóðarinnar. Þeir láta sér nægja orðin hér. Þetta er sá þáttur stjórnarandstöðunnar, sem leikinn er á Alþingi.

En hvað gera þeir svo utan Alþingis? Þar standa þeir á bak við heildsala og alla atvinnurekendur, sem krefjast hækkaðrar álagningar og hækkaðs vöruverðs, og þar espa þeir til verkfalla og kaupkrafna, þar sem þeir mega. Þetta er einn ljótasti leikur, sem leikinn hefur verið í íslenzkum stjórnmálum, sérstaklega þegar þess er gætt, að það er hægri sinnaður flokkur, að það er flokkur, sem hefur mikinn meiri hluta íslenzkra atvinnurekenda innan vébanda sinna, sem þannig hagar sér. Óvildin til ríkisstj. er svo mögnuð, að flokkurinn hikar ekki við að beita sér fyrir verkföllum og almennum kauphækkunum, þótt það sé beinlínis andstætt hagsmunum helztu umbjóðenda hans. Hann hikar ekki við að beita sér fyrir aukinni verðbólgu, þótt það sé augljóslega andstætt beinum hagsmunum þjóðarheildarinnar.

Ég gat þess í upphafi, að einn af ræðumönnum Sjálfstfl. hefði látið svo um mælt, að honum *fyndist dimmt umhverfis sig.* Það er meiri sannleiki í þessum orðum en ræðumaður hefur líklega gert sér grein fyrir. Það eru nefnilega sannkölluð myrkraverk, sem Sjálfstfl. er nú að vinna. En þeim mun nauðsynlegra er að bregða skærri birtu á háttalag hans. Það hefur verið gert í þessum umr., og það hefur afhjúpað Sjálfstfl. sem ábyrgðarlausan lýðskrumsflokk, sem hljóta mun þá einu uppskeru myrkraverka sinna að framlengja valdaleysi sitt og áhrifaleysi. En tími sá, sem ríkisstj. mun gefast til þjóðhollra starfa, til þess að vinna að allsherjarumbótum og framförum, mun verða þeim mun lengri. — Verið þið sæl.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Bjarni Benediktsson sagði hér í kvöld, að það yrði að sleppa mörgu, t. d. væri ekki hægt að gera samanburð á úrræðum flokkanna. Einhverjum hefði nú máske fundizt, að sjálfstæðismenn hefðu átt að segja ögn færri slúðursögur, en reyna heldur að gera samanburð á úrræðum flokkanna, ef þeir þá hefðu einhver úrræði. En það er nú lóðið. Þessar umr. hafa orðið að hinni stærstu þrotabúsyfirlýsingu fyrir þá, einmitt vegna þess, að þeir hafa ekki komið fram með sín úrræði.

Hv. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, sagði, að það væri álitshnekkir að taka kommúnista í ríkisstjórn. Allir vita, að sjálfstæðismenn vildu endilega mynda stjórn með Alþb. eftir síðustu kosningar.

Hv. sami þm. viðurkenndi, að útsvörin í Reykjavík hefðu hækkað um 30 millj. kr. að meðaltali á ári síðustu 3 árin. Það var allt í lagi. En 8 millj. kr. skattur á milljónamæringana, hann á að setja þjóðlífið úr skorðum eftir málflutningi sjálfstæðismanna hér undanfarna daga.

Eitt það furðulegasta, sem komið hefur fram í þessum umr., er þjóðsagan um lánstilboð í Sogið, sem ekki hafi verið notað. Á að trúa því, að Ólafur Thors eða einhver annar ráðherra í ríkisstj. hafi haft tilboð um lán, sem hann hafi haldið leyndu fyrir ríkisstj.? Á að trúa því, að form. Sogsstjórnarinnar, Gunnar Thoroddsen, hafi verið látinn senda menn sína úr einu landi í annað árangurslaust, ef fyrir lá nothæft lánstilboð til Sogsvirkjunarinnar? Á að trúa því, að borgarstjórinn í Reykjavík og hans félagar hafi verið látnir búa við þá martröð, að alltaf nálgaðist síðustu forvöð í Sogsmálinu, en fé vantaði, ef lánstilboð lá fyrir? Nei, ég held það sé ofvaxið að telja mönnum trú um annað eins og þetta.

Hv. 1. þm. Rang., Ingólfur Jónsson, sagði, að það væri rangt, að sjálfstæðismenn hefðu reynt að spilla fyrir erlendum lántökum. Við hvað hefur þá sá málflutningur sjálfstæðismanna verið

miðaður, að með lánum til Íslands væri verið að borga aðgöngumiðana fyrir kommúnistana að stjórnarráðinu á Íslandi, eða sá málflutningur, að Ísland hafi alls ekki getað fengið nokkurt lán, ekki einu sinni 4 millj. dollara, nema með því að verzla með varnarmálin? Og í hvaða skyni var þessi þokkalegi boðskapur sendur látlaust í önnur lönd eftir öllum þeim leiðum, sem Sjálfstfl. hafði yfir að ráða.

Hv. 1. þm. Rang. sagði, að það þyrfti mikla dirfsku til þess að halda því fram, að Sjálfstfl. ætti þátt í því að vekja nú hækkunarkröfur í landinu. Ég segi: það þarf mikla fyrirlitningu fyrir sannleikanum til þess að segja þetta, og það er hraustlega gert að segja þetta upp í opið geðið á allri þjóðinni, sem er áhorfandi og áheyrandi svo að segja daglega að ósvífinni niðurrifsbaráttu sjálfstæðismanna, sem einmitt gengur í þessa átt. Ég skora á menn úti um landið að fylgjast með starfi þeirra sendiboða, sem Sjálfstfl. hefur nú sent út af örkinni til þess að reyna að koma af stað hækkunarkröfum.

Menn segja hér, að það hafi verið ósamræmi í framkomu ríkisstj. í varnarmálunum. Þetta er með öllu rangt. Það hefur verið fullt samræmi í afstöðu ríkisstj. í varnarmálunum. Það hefur aðeins verið tekið tillit til þess, hvernig ástæður hafa breytzt í heimsmálunum, eins og vitanlega hver skyni borinn maður hlaut að gera. Á hinn bóginn hefur það komið skýrt fram hjá Sjálfstfl. í þeim umr., sem fram hafa farið undanfarið um varnarmálin, að þeir ætla sér ekki að standa á þeirri stefnu, sem mörkuð var, þegar Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið.

Stjórnarandstæðingar hafa talað hér um sparnað, og því hefur verið svarað, en ég vil aðeins bæta því við, að aðeins einu sinni hefur það komið fyrir í sögu landsins, svo að mér sé kunnugt, eða a. m. k. í sögu síðustu áratuga, að meira hafi verið tekið út úr sparisjóðum árlangt og bönkum en inn í þá var lagt, og það var árið 1946, enda hafði form. Sjálfstfl., hv. þm. G-K., þá leikið verðbólgulistir sínar ósleitilega, eins og ég lýsti hér áður í kvöld, og lagt rækilega grundvöllinn að því „trausti“ (í gæsalöppum), sem í þessu speglaðist.

Þá hefur verið rætt hér nokkuð um bankamálin. Sannleikurinn er sá, að það hefur helzt orðið ráðið af málflutningi stjórnarandstæðinga á hv. Alþingi, að þeir séu í sjálfu sér samþykkir hvoru tveggja því, sem gera á í bankamálunum, sem sé því að skapa seðlabankanum meiri sérstöðu og sjálfstæðari aðstöðu og að gera Útvegsbankann að ríkisbanka. En samt sem áður hafa þeir hamazt gegn þessum frv. Ástæðan er blátt áfram sú og engin önnur en sú, að af þessum skipulagsbreytingum leiðir, að sú meirihlutaaðstaða, sem Sjálfstfl. hefur skapað sér í tveimur aðalviðskiptabönkum landsins, hverfur úr sögunni. Þetta kalla þeir pólitíska ofsókn og að hér sé gefið óheppilegt fordæmi. Samkvæmt þessari kenningu ætti aldrei að mega gera skipulagsbreytingar á bönkunum, sem hefðu í för með sér nokkra röskun á mannaskipun í yfirstjórn þessara stofnana. Munu flestir sjá fánýti þessarar röksemdafærslu, enda er hún eingöngu af því sprottin, að sjálfstæðismenn vilja ekki missa þá aðstöðu, sem þeir hafa fengið í þessum stofnunum. En hvernig er sú aðstaða fengin? Þar hafa víst ekki legið til grundvallar pólitískar ástæður eða hið pólitíska vald verið notað eða hitt þó heldur. Allir vita, að sjálfstæðismenn hafa skefjalaust notfært sér þá pólitísku aðstöðu, sem þeir hafa haft á undanförnum árum, til þess að sölsa undir sig yfirráð í þessum tveimur aðalbönkum landsins.

Ég held, að það sé alveg vonlaust verk að telja mönnum trú um, að þessar skipulagsbreytingar á bönkunum séu óeðlilegar og að í þeim felist nokkur ofsókn, þó að þær verði til þess, að enginn einn flokkur hafi hreinan meiri hluta í báðum aðalviðskiptabönkum landsins.

Stjórnarandstöðu er skylt að hafa með höndum leiðbeinandi gagnrýni. Stjórnarandstæðingum á Alþingi er skylt að segja, hvað þeim finnst réttara að gera en það, sem stjórnin gerir, ef þeir aðhyllast það ekki. En hvernig hefur núv. stjórnarandstöðu tekizt að uppfylla skyldur sínar í þessu efni? Þeir hafa gersamlega brugðizt kjósendum sínum, landi sínu og þjóð. Þeir hafa engar till. gert um höfuðmálefni landsins. Það er engin heil brú í þeirra afstöðu samanborið við það, sem þeir hafa áður haldið fram. Stefna sjálfstæðismanna í stjórnarandstöðunni er neikvæð niðurrifsstefna utan lands og innan.

En menn skulu ekki halda, að það sé einhver tilviljun, að forusta Sjálfstfl. hefur svo gersamlega brugðizt. Menn ættu að minnast þess, á hvern hátt farið hefur í hvert skipti, sem Sjálfstfl. hefur haft aðstöðu til þess að taka forustuna í stjórn landsins, eins og rækilega hefur verið rakið í þessum umr.

Innsti kjarni Sjálfstfl. hefur aldrei verið trúr í því að koma hér á jafnvægi í efnahagsmálum eða viljað í raun og veru nokkuð á sig leggja til þess. Innst inni hefur þeim öflum, sem þar ráða mestu, verið alveg ósárt um, þótt verðbólguhjólið héldi áfram að snúast. Þeir hafa fundið, hvílíka gróðamöguleika það gaf fyrir þá, sem hefðu aðstöðu til þess að notfæra sér það. Þessi öfl hafa líka fyrir löngu sannfært sig um það, að þeirra gróða þarf ekki að stafa hætta af kauphækkunum, ef þeir hafa bara völdin.

Það eru þessi öfl, sem nú standa fyrir þeirri baráttu, sem háð er í landinu til þess að koma af stað nýrri verðbólguöldu og verðrýrnun peninga. Það á að vinna tvennt í senn, að útvatna skuldir braskaranna, sem undanfarið hafa lifað á því að hafa aðgang að bönkunum, og svo komast til valda.

Ríkisstj. og flokkar þeir, sem hana styðja, hafa átt við ýmsa erfiðleika að etja. Samt sem áður hafa verið stigin stór skref til bóta og fram á við. Miklar tilraunir hafa verið gerðar til þess að stöðva verðbólguna í samvinnu við stéttasamtökin í landinu. Hefur þar verið reynt að byggja upp vígstöðvar gegn niðurrifsöflum, sem þar að sækja, og stendur sú orusta yfir.

Kjör sjávarútvegsins hafa verið bætt, bæði þeirra, sem reka útveginn, og fiskimanna. Verið er að efna til kaupa á nýjum, glæsilegum fiskiskipum og nokkur þegar keypt. Aðstaða landbúnaðarins til útflutnings á landbúnaðarafurðum hefur verið stórlega bætt, stórmerk ný löggjöf sett til þess að auka stuðning við nýbýla-

myndun og ræktun á þeim býlum, sem skemmra eru á veg komin í ræktunarmálum, og veðdeild Búnaðarbankans séð fyrir nokkru lánsfé árlega á næstu árum. Tvöfaldað hefur verið ríkisframlag til raforkumála dreifbýlisins. Fiskveiðasjóður hefur verið efldur. Atvinnuaukningarfé hefur verið aukið, og kemur það einkum til góða atvinnulífi kauptúna og kaupstaða úti um land.

Útvegað hefur verið lánsfé til Sogsvirkjunar og þar með bjargað stórkostlegu áfalli á elleftu stundu. Sett ný löggjöf um íbúðalán, sem á að byggja upp til frambúðar mikinn lánasjóð, og er þar byggt á grunni, sem lagður var að forustu framsóknarmanna, þegar þeir fóru með félagsmálin. Sett ný löggjöf um bankamálin, sem tryggir seðlabankanum óháðari aðstöðu en verið hefur til þess að hafa heilbrigð áhrif á peningamálin og jafnframt kemur í veg fyrir, að einn flokkur geti ráðið yfir tveimur aðalviðskiptabönkum landsins. Lögfestur stóreignaskattur, sem á að renna til þess að styðja íbúðalánasjóð og veðdeild Búnaðarbankans. Stórmerk löggjöf sett til stuðnings menntun og vísindum. Innleiddur skyldusparnaður ungs fólks til heimilamyndunar. Hika ég ekki við að fullyrða, að þar er á ferðinni eitt hið merkasta nýmæli, sem núv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir.

Þetta og fleira hefur verið aðhafzt, þó að ríkisstj. hafi ekki enn þá starfað í heilt ár. Það er ástæðulaust að leyna því, að við mikla erfiðleika er að etja. Aflabresturinn á vetrarvertíðinni verður ekki aðeins þeim útgerðarmönnum og fiskimönnum, sem hlut eiga að máli, þungur í skauti, heldur þjóðinni allri.

Þetta áfall er þegar farið að segja til sín í gjaldeyristekjum þjóðarinnar og veldur miklum erfiðleikum, eins og nærri má geta. Þýðir ekki annað en horfast í augu við, að þetta áfall getur orðið til þess, að erfitt verði að koma ýmsu í framkvæmd, sem menn annars hefðu gjarnan viljað gera.

Þá er allri þjóðinni ljóst, að miklir erfiðleikar eru á útvegun fjármagns til þess að halda áfram með fullum hraða sumum af þeim framkvæmdum, sem búið var að efna til, án þess að séð væri fyrir fullnægjandi fjármagni til þeirra. Verður ef til vill að draga úr sumum af þeim framkvæmdum og fresta þeim nokkuð. En það þýðir á engan hátt, að frá þeim verði horfið. Vandamálin verða leyst, ef stjórnin fær starfsfrið, en það tekur vitaskuld sinn tíma að ráða fram úr þeim. Þau verða ekki leyst öll í senn á einum degi.

Öll þjóðin þekkir þá barátttu, sem sjálfstæðismenn halda uppi til þess að reyna að ná völdum aftur. Henni hefur verið rækilega lýst hér í þessum umræðum, og mun fátt ofsagt í þeim fræðum. Það er víst óhætt að fullyrða, að mikill meiri hluti þjóðarinnar álítur sízt af öllu ástæðu til, að sjálfstæðismenn fái þau laun frammistöðu sinnar, að þeir verði leiddir til valda á næstunni. Það er víst enginn snefill af vafa um það, að fjölmargir af þeim, sem af einhverjum ástæðum undanfarið hafa lið sjálfstæðismönnum brautargengi, munu ekki gera það framar, eftir að sjálfstæðismenn hafa nú sýnt svo rækilega í stjórnarandstöðunni, hvert þeir eru að fara.

En menn verða þá að gera sér það ljóst, að til þess að áætlun sjálfstæðismanna misheppnist, verða núv. stjórnarflokkar að vinna saman áfram og ekki víla fyrir sér að gera þær ráðstafanir, sem þarf að gera, til þess að hægt sé að halda þjóðarbúskapnum í góðu horfi. Takist sjálfstæðismönnum að brjóta skarð í víglínurnar og skemma árangur þeira ráðstafana, sem stjórnarflokkarnir hafa komið sér saman um og framkvæmt, verður að mæta því með nýjum ráðstöfunum, en ekki með því að leggja upp laupana. Þeim mun ferlegri fjarstæður sem íhaldið finnur upp á í valdabaráttu sinni, þeim mun fastar verða vinnandi framleiðendur og önnur alþýða landsins að þjappa sér í samstarfinu til þess að tryggja kraftmikinn umbótabúskap. Og þótt sumt verði úr skorðum fært, þá er að gera nauðsynlegar ráðstafanir á móti.

Vanda getur að höndum borið og svo farið, að hrint verði út í, að fleira verði að gera en gott þykir. En allt verður að skoðast í því ljósi, að bezt er, að samtök hins vinnandi fólks til sjávar og sveita geri það, sem gera þarf, veri það létt eða erfitt, og hiki ekki við að sjá málefnum landsins borgið og taka á sig þá ábyrgð, sem til þess þarf, enda með því móti bezt tryggt, að svo vel verði fyrir öllu séð sem verða má. — Góða nótt.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Í þessum umr. hefur allmjög verið rætt um skyndilegan áhuga íhaldsins fyrir launamálum ýmissa launþegasamtaka nú hér í bænum. Óþarft er að taka það fram, að þessi áhugi íhaldsins á ekkert skylt við raunverulegan áhuga fyrir bættum launakjörum verkafólks. Það er nauðsynlegt, að þau stéttarfélög, sem nú eiga uppsagða samninga, geri sér þetta fyllilega ljóst.

Því fer fjarri, að ríkisstj. telji, að allar launabreytingar stéttarfélaga séu nú fordæmanlegar. Hún veit, að vissulega getur verið þörf á leiðréttingu í launagreiðslum í ýmsum tilfellum, og hún mun ekki setja sig upp á móti slíkum launaleiðréttingum. En það ber eigi að síður að vara sterklega við tilgangi íhaldsins með vinnustöðvunum og kauphækkunum, svo augljóslega sem það reynir að stefna þessum ráðstöfunum gegn verðstöðvunarstefnu ríkisstj.

Hv. 6. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, borgarstjórinn í Reykjavík, reyndi hér að afneita rafmagnshækkuninni, þeirri sem laumað var inn í vísitöluna nú um síðustu mánaðamót. Hann taldi verðhækkunina hafa orðið af sjálfu sér. Helzt var á honum að skilja, að hann kærði sig lítið um þessa verðhækkun, og er sjálfsagt að taka það til nánari athugunar. Hv. þm. getur nú ekki hlaupizt hér undan ábyrgð. Það var hann og flokksmeirihluti hans í bæjarstjórn Reykjavíkur, sem tók ákvörðunina um þessa verðhækkun og ber alla ábyrgð þar á.

Hv. 6. þm. Reykv., borgarstjórinn í Reykjavík, minntist hér á landspróf skólabarna. Hann taldi fremur ólíklegt, að ríkisstj. stæðist sitt landspróf með hliðsjón af stefnu sinni í landsmálunum. Sínum augum lítur hver á silfrið, eins og stendur þar, og ekki er nú víst, að þjóðin líti eins á prófmálin og þeir íhaldsmenn gera í þessu

tilfelli. Segja mætti mér það, að þjóðin vildi ekki sleppa þeim flokki í gegnum landspróf, sem neitar því, að stóreignamenn eigi fremur að borga styrki til framleiðslunnar í landinu en alþýða manna, — sem neita því, að lækka megi álagningu heildsala, — sem neita því, að afnema megi einokunina í útflutningsmálunum, — sem neita því, að rétt sé að skapa framtíðarsjóð til lausnar á húsnæðisvandamálunum. Ætli sé ekki nokkur hætta á því, að þjóðin felli þann flokk á landsprófinu, sem neitað hefur nú á þessu þingi öllum þessum málum? Skyldi það ekki verða ihaldið, sem fellur á landsprófinu?

Þessum umr. er nú að verða lokið. Þær hafa ótvírætt leitt í ljós, að stjórnarandstaða Sjálfstfl. er án málefna og algerlega ábyrgðarlaus.

Þar sem ég er síðasti ræðumaður hér í kvöld og mikið er þegar að gert, sé ég enga ástæðu til þess að eyða frekari höggum á stjórnarandstöðuna, svo gersamlega liggur hún afvelta eftir þessar umr.

Stefna ríkisstj. liggur ljóst fyrir. Hún vinnur markvisst að öflun nýrra framleiðslutækja. Hún viðurkennir sérstaka þörf þeirra landshluta, sem dregizt hafa aftur úr í atvinnulegum efnum á undanförnum árum. Hún leggur áherzlu á gernýtingu framleiðslutækjanna og vill samstarf við framleiðendur og hefur sýnt það í verki. Hún leggur óhikað byrðarnar af nauðsynlegri aðstoð við framleiðsluna á herðar heildsölum, á herðar milliliðum og stóreignamönnum fremur en alþýðu landsins. Hún krefst þess, að bankapólitík landsins sé í samræmi við uppbyggingar- og atvinnumálastefnu stjórnarinnar. Hún krefst þess, að afurðasalan sé rekin með þjóðarhag fyrir augum og að aflétt sé allri einokun í þeim efnum. Hún telur rétt og nauðsynlegt að bæta kjör fiskimanna og lyfta þannig undir aukna framleiðslu landsmanna. Hún berst fyrir stöðugu verðlagi og sanngjarnri verðlagningu, þó að slíkt kunni að bitna á nokkrum gæðingum stjórnarandstöðunnar. Og hún hefur sýnt með tillögum sínum í húsnæðismálunum, að hún vill leysa þau mál, svo að til frambúðar megi verða. — Þetta eru nokkur aðalatriðin í stefnu stjórnarinnar. Afstaða almennings til stjórnarinnar á að fara eftir viðhorfum manna til þessara mála.

Ríkisstj. kvíðir ekki að taka við dómi almennings, þegar þessi mál eru lögð til grundvallar og störf hennar í þessum efnum. En segja mætti mér, að Sjálfstfl. óttaðist dóm kjósenda, ef hann stæði fyrir framan þá eftir þá frammistöðu, sem hann hefur sýnt til þessara og annarra höfuðmálefna, sem íslenzka þjóðin á við að glíma nú. — Góða nótt.

II. Endurskoðun varnarsamningsins.

Á 15. fundi í Sþ., 6. des., var tekin á dagskrá:
Skýrsla utanrrh. um samningaviðræður um endurskoðun varnarsamningsins.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Dagana 20.—24. f. m. fóru fram viðræður í Reykjavík af hálfu ríkisstjórna Bandaríkjanna og Íslands um endurskoðun varnarsamningsins frá 1951 á grundvelli 7. gr. samningsins og í framhaldi af ályktun Alþingis frá 28. marz s. l.

Viðræður þessar fóru fram með vinsemd og hreinskilni af beggja hálfu og leiddu til þess, að algert samkomulag náðist á milli þeirra aðila, sem þar ræddust við.

Af hálfu Bandaríkjamanna fylgdi þó sá fyrirvari, sem jafnan hefur fylgt, þegar þeir hafa við okkur rætt um þessi mál, að þeirra samþykki væri háð staðfestingu ríkisstjórnar Bandaríkjanna.

Samningamenn Bandaríkjanna héldu vestur um haf 25. f. m., og hefur samkomulagsuppkastið verið í athugun hjá Bandaríkjastjórn síðan, þar til í gær, að staðfesting barst á því hingað, að Bandaríkjastjórn hefði samþykkt samkomulagið í öllum atriðum, eins og frá því var gengið hér heima.

Samkomulagið var svo formlega staðfest með nótuskiptum í morgun.

Í upphafi viðræðnanna varð það að samkomulagi á milli þeirra, sem um málið fjölluðu, að heppilegast væri til farsællar úrlausnar á því að gefa ekki út neinar upplýsingar eða tilkynningar um viðræðurnar eða efni þeirra, þar til séð væri fyrir endalok málsins. Þess vegna hefur ekki verið skýrt opinberlega frá þessum viðræðum fyrr en nú. En nú er samtímis skýrt frá þeim hér á hv. Alþingi og í Washington.

Í upphafi samningaviðræðnanna var af Íslands hálfu á það minnzt, að áskilnaður sá, sem Íslendingar gerðu 1949, þegar þeir gengu í Atlantshafsbandalagið, væri enn í fullu gildi. Í þessum áskilnaði var m. a. tekið fram, að Íslendingar vildu ekki hafa erlent varnarlið í landi sínu á friðartímum og að þeir vildu sjálfir ráða því, hvort, hvenær og með hverjum hætti þeir leyfðu hersetu í landi sínu, ef til kæmi.

Af Bandaríkja hálfu var staðfest, að þeir hefðu á sínum tíma á þennan áskilnað Íslendinga fallizt og að þeir viðurkenndu, að þessi fyrirvari væri enn í fullu gildi.

Ég tek þetta ekki fram hér vegna þess, að í mínum huga leynist nokkur efi um það, að Bandaríkjamenn væru reiðubúnir að standa við sínar fyrri yfirlýsingar um það, að þeir mundu hverfa með herinn úr landi, þegar Íslendingar óskuðu þess samkv. ákvæðum varnarsamningsins. Við höfum þegar átt það mikil viðskipti við bandarísku stjórnina og Bandaríkjamenn, að við vitum, að við megum treysta orðum þeirra og yfirlýsingum, enda er það traust sá grundvöllur, sem varnarsamningurinn frá 1951 hvílir á. Í þeim viðræðum, sem nú hafa farið fram við Bandaríkjamenn í sambandi við þessa endurskoðun, hefur þetta traust, sem þegar var til staðar, verið tryggt enn betur en áður, ef hægt er.

Ástæðan fyrir því, að ég hef minnzt á þetta hér nú, er sú, að ég vil, að Íslendingar viti, í hvaða anda og á hvaða grundvelli þær viðræður, sem við höfum átt við Bandaríkjamenn um þessi mál, fóru fram, jafnframt því sem ég vil nota tækifærið til þess að minna landa mína á, hvílíkur munur er á þeim nágrönnum, sem við Íslendingar eigum og þurfum að hafa samskipti

við, og nágrönnum sumra annarra þjóða, sem þessa daga úthella blóði sona sinna og dætra til þess að öðlast frumstæðustu mannréttindi, án þess þó að hljóta þau. Þetta eru staðreyndir, sem við Íslendingar gjarnan mættum hafa í huga, þegar við fyllumst samúð með þeim, sem nú berjast fyrir frelsi sínu.

Hinn 18. marz árið 1949 fóru fram útvarpsumræður hér á Alþingi um vantraust, sem borið hafði verið fram á þáverandi ríkisstj. Í þessum útvarpsumræðum var nokkuð rætt um fyrirhugaða þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu. Þáverandi utanrrh. skýrði frá því, að hann hefði þá nýlega átt tal við sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi um það mál. Utanrrh. Íslands hefði þá komizt svo að orði, að sú skoðun væri ákaflega rík bæði hjá fylgjendum þáverandi ríkisstj. og stjórninni sjálfri, að það væri of dýru verði keypt að láta hermenn dveljast hér á friðartímum fyrir það öryggi, sem við slíkt fengist. Sami ráðh. skýrði einnig frá því í þessum útvarpsumræðum, að hann ásamt tveim öðrum ráðh. úr ríkisstj. hefði tjáð utanrrh. Bandaríkjanna í marzmánuði 1949, að ekki kæmi til mála, að útlendur her fengi að hafa aðsetur á Íslandi á friðartímum né yrðu þar leyfðar erlendar herstöðvar.

Á þessi sjónarmið Íslands var fallizt. En þessi orð sýna, hversu ríkt það var í hugum Íslendinga, að það mætti ekki koma fyrir, að erlendur her yrði hér á landi á friðartímum. Var jafnvel efazt um það, að öryggið, sem fyrir slíkt fengist, væri þess virði, að það væri slíku verði keypt. Eftir að fallizt hefði verið á þennan áskilnað, gerðust Íslendingar aðilar að Atlantshafsbandalaginu.

En þó að Íslendingar hafi þegar við stofnun Atlantshafsbandalagsins lagt á það ríka áherzlu, að hér væri ekki varnarlið á friðartímum, voru þeir engu að síður raunsæir. Þegar svo var litið á, að öryggi landsins kynni að vera í hættu, ef hér væri ekki varnarlið, þó að stríð væri ekki skollið á, voru þeir fúsir sjálfra sín vegna að taka þessi fyrri ummæli sín til endurskoðunar.

Varla var liðið meira en rúmt ár frá því, að höfð voru ummæli þau, sem ég vitnaði til, þegar ástandið í heimsmálunum var orðið þannig, að menn gátu búizt við því, að heimsstyrjöld kynni að brjótast út þá og þegar. Styrjöld hafði skollið á í Kóreu, Berlín var einangruð, voldugur her var kominn að landamærum Júgóslavíu, og óeirðir voru víða í Asíu. Þá var öllum ljóst, að lítið þyrfti út af að bera til viðbótar til þess, að heimsstyrjöld kynni að brjótast út.

Þrátt fyrir ákveðnar yfirlýsingar rúmu ári áður en þetta gerðist tóku Íslendingar afstöðu sína til yfirvegunar á ný og komust þá að þeirri niðurstöðu, að þótt það væri neyðarráðstöfun að taka varnarlið hér í landið, samrýmdist það ekki hagsmunum þjóðarinnar og öryggi landsins að hafna slíku. Þess vegna var varnarsamningurinn gerður 1951.

Ég segi þetta ekki hér til þess á neinn hátt að deila á þá, sem að þessu stóðu og þarna tóku sínar fyrri yfirlýsingar til endurskoðunar. Ég *álít, að þetta hafi verið rétt og sjálfsagt og að* hagsmunir lands og þjóðar hafi krafizt þess. Sjálfur tók ég og minn flokkur þátt í þessum aðgerðum. Þetta er gott og glöggt dæmi þess, hvernig okkur ber að hegða okkar aðgerðum eftir því, hvernig ástæður eru í heiminum á hverjum tíma og hverjar þarfir lands og þjóðar eru.

Um leið og varnarsamningurinn var gerður 1951, var því lýst yfir og þjóðinni heitið því, að varnarliðið skyldi hverfa úr landi, strax og friðarhorfur og ástand í heimsmálunum leyfðu slíkt.

Á s. l. ári gerðust ýmsir þeir atburðir, sem vöktu þá von í brjóstum manna, að kalda stríðinu væri að linna og friðartímabil væri að renna upp. Við Íslendingar fögnuðum þessu að sjálfsögðu, og við sannfærðumst um, að nú væri friðsamlegra í heiminum en um langt skeið áður.

Við vorum ekki einir um þetta. Meðal annars í Bandaríkjunum var þessi skoðun mjög ríkjandi og mjög haldið á lofti. Og hún var eitt megininntakið í kosningabaráttu þeirri, sem háð var þar á þessu ári í sambandi við forsetakjör og fleiri kosningar.

Þegar svo var komið, að Íslendingar voru orðnir sannfærðir um, að friðvænlegra væri í heiminum nú en jafnvel á árunum eftir stríðið, þegar menn gerðu sér beztar vonir, þá töldu margir landsmenn, að nú væri tími til kominn að standa við það fyrirheit, sem þjóðinni var gefið, þegar varnarsamningurinn var gerður árið 1951. Þess vegna var það, að Alþfl. og Framsfl. áttu í félagi frumkvæði að því, að samþykkt var á Alþingi hinn 28. marz s. l. ályktun þess efnis, að varnarsamningurinn skyldi endurskoðaður í því skyni, að varnarliðið hyrfi úr landi, en Íslendingar tækju sjálfir að sér rekstur varnarstöðvanna.

Ég vil leggja á það ríka áherzlu, að þótt það hafi verið tilgangurinn, að varnarliðið hyrfi úr landi og væri hér ekki lengur, fylgdi því ekki sú hugsun, að varnarstöðvarnar skyldu lagðar niður. Þvert á móti: það var tilætlunin, að Íslendingar tækju við þeim og önnuðust rekstur þeirra, þannig að varnarstöðvarnar væru þess ávallt og án fyrirvara umkomnar að taka við varnarliði og fullnægja tilgangi sínum, ef svo kynni að fara í framtíðinni, að friðarhorfur breyttust þannig, að öryggi og þarfir landsins krefðust þess, að hér kæmi varnarlið á ný.

Í útvarpsræðu, sem ég flutti nokkrum dögum *fyrir alþingiskosningarnar í sumar, tók ég þetta* fram. Ég gat þess þar, að okkur bæri að fenginni reynslu að hafa fulla varúð í sambandi við ákvörðun um brottflutning varnarliðsins úr landi. Við ættum að mæta réttmætri tortryggni í garð einræðis- og ofbeldisafla með því að hafa varnarstöðvarnar jafnan viðbúnar til þess að gegna hlutverki sínu.

Í framhaldi af þessu var hafinn undirbúningur að endurskoðun varnarsamningsins í því skyni, sem ég hef þegar minnzt á.

Á seinustu vikum hafa orðið snögg umskipti í heiminum, sem ekki var hægt að sjá fyrir 28. marz að mundu verða nú, frekar en hægt var 1949, þegar við gengum í Atlantshafsbandalagið og yfirlýsing var gefin um, að hér skyldi aldrei vera varnarlið á friðartímum, að sjá fyrir, að hér mundi eftir rúmt ár þörf á varnarliði þrátt

fyrir gefnar yfirlýsingar. Það var heldur ekki hægt að sjá það fyrir í vor eða sumar, þegar var verið að undirbúa endurskoðun varnarsamningsins, að málum mundi skipast sem orðið er nú.

Ástand það, sem nú ríkir í alþjóðamálum, er svo alvarlegt, að ég tel það ekki á nokkurs manns færi að spá fyrir um í dag, til hvers það kann að leiða.

Í Ungverjalandi standa enn yfir mjög alvarleg átök. Alvarlegra þó álít ég að ástandið sé fyrir botni Miðjarðarhafs. Í Ungverjalandi er barizt í landinu sjálfu. Það hefur enn ekki farið svo, að ungversku átökin hafi breiðzt út fyrir landamæri Ungverjalands. Vonandi verður það ekki, en um það skal ekkert fullyrt að þessu sinni. En fari svo, að þau átök, sem þar eru nú, ættu eftir að breiðast til nágrannalanda Ungverjalands, að ég tali nú ekki um, ef þau ættu eftir að breiðast út til Austur-Þýzkalands, þá er víst, að mikil alvara er á ferðum, alvara, sem getur leitt til þess báls í Evrópu og jafnvel öllum heiminum, sem ekki verður fljótlega slökkt.

Um Miðjarðarhafið vonum við að vísu, að Sameinuðu þjóðunum takist að ráða fram úr þeim málum, en á því er meira en lítill vafi. Það er mjög erfitt að átta sig á, hvað þar er í raun og veru að gerast, hvað það er, sem þar er í undirbúningi, og hvers við megum vænta í framtíðinni.

Að mínu mati er ástandið í heimsmálunum nú alvarlegra en það var 1951, þegar varnarlið var kvatt til Íslands, og ég tel, að nú séu ekki tímar til þess að ræða um það að senda varnarliðið úr landi, eins og á stendur. Slíkt væri að mínu viti til þess bæði að stofna öryggi landsins í hættu og ekki síður að bjóða hættunni heim, bæði til okkar sjálfra og þeirra annarra ríkja, sem við erum í samstarfi við í Atlantshafsbandalaginu.

Menn kunna að vísu að segja: Það tekur yfir ár, frá því að ákveðið er, að varnarliðið skuli á ákveðnum tíma vera horfið úr landi, þangað til sá dagur kemur, er það á að vera farið. — Þetta er að vísu rétt. En það er mikið starf og kallar á mikinn undirbúning að flytja varnarliðið úr landi og búa svo um varnarstöðvarnar sem með þarf eftir brottflutning þess. Slíkur undirbúningur verður ekki hafinn án þess, að byrjað sé snemma og þegar í upphafi frestsins. Sú byrjun hlýtur að hafa það í för með sér, að varnirnar taka að veikjast og smáveikjast, þangað til varnarliðið er alveg horfið. Það er að mínum dómi hvorki rétt né skynsamlegt fyrir Íslendinga, eins og nú stendur á, að stofna til slíks. Réttara er að bíða og sjá, hverju fram vindur, meðan slík óvissa ríkir sem nú er.

Af þessum ástæðum er það megininntak þess samkomulags, sem nú hefur verið gert um varnarmálin, að ekki skuli haldið áfram viðræðum um brottför varnarliðsins frá Íslandi og frestir þeir, sem ákveðnir eru í 7. gr. varnarsamningsins, skuli ekki fara að líða, fyrr en önnur hvor ríkisstjórnin tilkynnir þar um.

Jafnframt þessu er undirstrikað: Það er markmið Íslendinga, að hér sé ekki varnarlið á friðartímum. Að því skal unnið og undirbúningur að því hafinn þegar í stað, að þessu marki verði náð svo fljótt sem friðarhorfur í heiminum leyfa slíkt.

En um leið og rætt hefur verið um þetta meginatriði í varnarmálunum, hefur einnig verið á það minnzt, að á sjálfum varnarsamningnum eru ýmsir annmarkar, sem nauðsynlegt er að ráða bót á, jafnvel þótt að því sé stefnt, að varnarliðið hverfi héðan svo fljótt sem frekast eru tök á. Um þessa annmarka hefur verið rætt og gert samkomulag annars vegar í því skyni að ráða bót á þeim og hins vegar í því skyni að undirbúa þá frambúðarstefnu, sem hér skuli fylgt í þessum málum: að varnarlið sé hér ekki, þegar ófriðarástand í heiminum krefst ekki slíks.

Það, sem fyrst verður fyrir í þessum efnum, er, að ákveðið var, þegar varnarsamningurinn var gerður í upphafi, að hér skyldi verða ákveðinn fjöldi varnarliðsmanna. Þessi fjöldi var ákveðinn miðað við ástandið eins og það var þá. Talan var lausleg ágizkunartala, enda erfitt að byggja undir hana fastan grundvöll. Síðan þessi tala var ákveðin, hafa ýmsar breytingar orðið á ástandinu í alþjóðamálum. Það hefur m. a. runnið upp tímabil, þegar menn töldu friðarhorfur góðar, svo góðar, að þær hefðu ekki í annan tíma um langt skeið verið betri. Á þessum tíma voru engar ráðstafanir gerðar til þess að fækka þessu liði eða draga úr vörnunum í samræmi við breytt ástand. Mér er næst að halda, að ef þannig hefði verið frá málum gengið í upphafi, að komið hefði verið á sérstöku samstarfi á milli ríkisstj. Íslands og Bandaríkjanna, sem miðaði að því, að ríkisstjórnirnar væru á verði um að draga úr varnaraðgerðum, eftir því sem ástæður frekast leyfðu, þá hefðu á því tímabili, sem liðið er, síðan varnarsamningurinn var gerður, verið búið að draga það mikið úr fjölda þeirra varnarliðsmanna, sem á Íslandi dveljast, að við hefðum um langt skeið undanfarið naumast vitað af því, að hér væri nokkur varnarliðsmaður.

Það hefði líka verið nauðsynlegt að gera, um leið og varnarsamningurinn var gerður, ráðstafanir til þess að þjálfa og undirbúa Íslendinga til þess að taka sjálfir rekstur varnarmannvirkjanna algerlega í sínar hendur, eftir því sem tímar leyfðu. Í varnarsamningnum eru ekki gerðar neinar ráðstafanir, sem gera ráð fyrir því, að Íslendingar skuli taka þetta að sér. Þó liggur það í augum uppi, að þar er um svo fjölbreytt störf að ræða, ólík þeim störfum, sem Íslendingar hafa vanizt, að talsvert mikinn og langan undirbúning þarf til þess, að Íslendingar geti þar allt í sínar hendur tekið.

Þess vegna hafa, jafnhliða því sem samið hefur verið um, að ekki skuli eins og sakir standa haldið áfram viðræðunum um brottför varnarliðsins, verið gerðar ráðstafanir til þess, að komið verði upp sérstakri samstarfsnefnd með ábyrgum aðilum frá ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Bandaríkjanna. Hefur nefndin það hlutverk með höndum að fylgjast með ófriðarhorfum í heiminum og gera tillögur til ríkisstjórna beggja landa um það, hverjar þarfir séu hér fyrir varnir, og undirbúa Íslendinga undir að taka í eigin hendur allan þann rekstur, sem nauðsynlegur

er í varnarstöðvunum á þeim tímum, sem varnarliðs er ekki þörf.

Þetta er megininntak þess samkomulags, sem gert hefur verið. Eins og menn heyra, miðar það annars vegar að því, að umr. um brottför varnarliðsins verði ekki haldið áfram, eins og ástatt er, og hins vegar, að Íslendingar verði búnir undir það að taka málið í sínar hendur, strax og ástæður leyfa.

Samkomulag það, sem gert hefur verið, er því fólgið í tveim erindum, sem utanrrn. Íslands og ambassador Bandaríkjanna hér hafa skipzt á í dag.

Fyrra samkomulagið er orðrétt svo hljóðandi:

„Viðræður hafa farið fram milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna um endurskoðun varnarsamningsins og brottflutning varnarliðsins. Í viðræðum þessum hafa verið höfð í huga hin hefðbundnu sjónarmið varðandi dvöl varnarliðs á Íslandi, sem lýst var yfir af hálfu ríkisstj. Íslands, er það gerðist aðili að Norður-Atlantshafsbandalaginu. Jafnframt hefur verið haft í huga, að úrslitaákvörðun um, hvort varnarlið dvelji í landinu, er hjá ríkisstjórn Íslands.

Viðræðurnar hafa leitt til samkomulags um, að vegna ástands þess, sem skapazt hefur í alþjóðamálum undanfarið, og áframhaldandi hættu, sem steðjar að öryggi Íslands og Norður-Atlantshafsríkjanna, sé þörf varnarliðs á Íslandi samkvæmt ákvæðum varnarsamningsins.

Hafa ríkisstj. Íslands og Bandaríkjanna því ákveðið:

1. að viðræðum um endurskoðun varnarsamningsins að því er varðar brottflutning varnarliðsins verði ekki haldið áfram, þangað til tilkynning er gefin samkvæmt 2. tölulið hér á eftir;

2) að 6 mánaða frestur sá, sem um ræðir í 7. gr. varnarsamningsins, hefjist, þegar önnur ríkisstj. tilkynnir hinni þar um;

3) að fastanefnd kynni sér varnarþarfir með hliðsjón af ástandi í alþjóðamálum og geri till. til ríkisstj. um, hverjar ráðstafanir skuli gera í þessum efnum."

Lengra er fyrra samkomulagið ekki. — Hið síðara hljóðar orðrétt þannig:

„Komið verði á fót fastanefnd í varnarmálum Íslands, er skipuð sé ekki fleiri en þrem ábyrgum fulltrúum frá hvorri ríkisstj. um sig og sé hlutverk nefndarinnar:

1) að ráðgast við og við um varnarþarfir Íslands og Norður-Atlantshafssvæðisins, að athuga hverjar ráðstafanir gera þurfi vegna þeirra og að gera till. til ríkisstjórnanna beggja í þeim efnum með hliðsjón af hernaðarlegu og stjórnmálalegu viðhorfi á hverjum tíma;

2) að undirbúa, að svo miklu leyti sem hernaðarlegur viðbúnaður leyfir, að Íslendingar taki í ríkari mæli en áður að sér störf, er varða varnir landsins, á meðan völ er á hæfum mönnum til slíkra starfa, svo og að tryggja, að menn séu æfðir í þessu skyni;

3) að vinna að lausn mála, er varða stefnuna í almennum meginatriðum í samskiptum Íslendinga og varnarliðsins."

Lengra er síðara samkomulagið ekki.

Sérstaklega vil ég taka fram, að aðrir samningar en þeir, sem hér hafa verið tilgreindir, hafa ekki verið gerðir.

Því hefur verið varpað fram, að vísu í ágizkunarformi af aðilum, sem reynt hafa að kynna sér þetta mál, á meðan á samningunum hefur staðið, að Íslendingar væru með þessu að fjarlægjast Norður-Atlantshafsbandalagið og samtök þess.

Ég vil nota tækifærið til þess að mótmæla algerlega slíkum fréttaflutningi sem þessum. Ekkert hefur verið gert og ekkert felst í þessu samkomulagi, sem á nokkurn hátt fjarlægir okkur Atlantshafsbandalaginu. Það er okkur Íslendingum ekki síður ljóst en öðrum þeim þjóðum, sem að Atlantshafsbandalaginu standa, að okkur er nú á því mikil nauðsyn að hafa sem bezt og nánast samstarf innan Atlantshafsbandalagsins og að þjóðir þess séu vel á verði um samtök sín. Að veikja þessi samtök, eins og ástandið er í heimsmálunum, væri áreiðanlega að auka hættuna fyrir þjóðir þær, sem að Atlantshafsbandalaginu standa.

Við Íslendingar mundum þess vegna ekki aðeins bregðast samstarfsþjóðum okkar í Atlantshafsbandalaginu, heldur einnig okkur sjálfum og okkar öryggi, ef við nú á þessum tímum gerðum ráðstafanir til þess að veikja þessi samtök. Því fer víðs fjarri, að þessu samkomulagi sé á nokkurn hátt ætlað að gera slíkt.

Ég vil sérstaklega benda á það, að samkvæmt 7. gr. varnarsamningsins er gert ráð fyrir því, að endurskoðun á varnarsamningnum með það fyrir augum að slíta honum byrjar á því, að leita ber umsagnar Atlantshafsbandalagsins. Eins og þetta er sett upp í samningnum, er það í rauninni meira form en efni, vegna þess að hér er aðeins gert ráð fyrir bréfaskiptum, en ekki viðræðum. Það samkomulag, sem hér er gert, breytir að vísu engu í ákvæðum 7. gr. varnarsamningsins. En sú samstarfsnefnd, sem stofnuð verður samkvæmt þessu samkomulagi og á að fylgjast með ástandinu í heimsmálum og gera till. til ríkisstj. beggja landanna um, hvað gera skuli, mun að sjálfsögðu hafa samráð og samstarf við Atlantshafsbandalagið í sínu starfi, eftir því sem nauðsynlegt þykir og tilefni kann að gefast til. Ég vil því alveg sérstaklega nota tækifærið til þess að mótmæla þeim fréttum, sem bornar hafa verið héðan í erlendum blöðum, að við Íslendingar séum nú að gera ráðstafanir til að fjarlægjast Atlantshafsbandalagið, því að slíkt er með öllu rangt og tilefnislaust.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég vil í framhaldi af skýrslu hæstv. utanrrh. og út af orðsendingum þeim, sem nú hafa farið fram milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna, aðeins taka eftirfarandi fram fyrir hönd okkar ráðherra Alþýðubandalagsins í ríkisstjórninni:

Við eigum engan þátt í orðalagi eða framsetningu þeirra orðsendinga, sem milli ríkisstjórnanna hafa farið um frestun á endurskoðun herverndarsamningsins samkv. ályktun Alþingis 28. marz s. l. Við erum einnig andvígir þeim forsendum frestunar, sem þar eru greindar, en töldum aðstæður ekki heppilegar nú til þess að

tryggja samninga um brottför hersins. En við vorum samþykkir því, að frestað yrði um nokkra mánuði samningum þeim, sem ráðgert var að hefjast skyldu 15. f. m. um þessi mál.

Skipun fastanefndar þeirrar, sem um getur í orðsendingunum, erum við hins vegar andvígir og teljum hana þarflausa með öllu, þar sem hér er aðeins um bráðabirgðafrestun að ræða, enda teljum við, að ekki komi til mála, að frestur þessi verði notaður til nokkurra nýrra hernaðarframkvæmda.

Við munum samkvæmt þessu vinna að því, að fljótlega verði hafin endurskoðun varnarsamningsins samkv. ályktun Alþingis frá 28. marz 1956 með það fyrir augum, að herinn fari af landi burt. Hitt er til bóta, að það er skýrt fram tekið í orðsendingum ríkisstj., að það sé á valdi ríkisstj. Íslands einnar að taka ákvörðun um, hvort ameríkur her skuli vera á Íslandi, og einnig að ákveða, hvenær samningar um brottför hans samkv. ályktun Alþingis og stefnuyfirlýsingu ríkisstj. skuli teknir upp að nýju.

Á þessu stigi málsins sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, en tel, að þessi yfirlýsing okkar skýri afstöðu okkar í einstökum atriðum til þeirra orðsendinga, sem hér hafa verið birtar Alþingi.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Út af ummælum hæstv. félmrh., þeim síðustu, vil ég aðeins taka það fram, að það er engin nýjung í því samkomulagi, sem nú hefur verið gert, samkv. því sem hæstv. utanrrh. las upp, að það sé á valdi íslenzku ríkisstj. einnar að kveða á um það, hvort erlent herlið skuli vera hér eða ekki. Fyrirmæli varnarsamningsins um það, samningsins frá 1951, eru alveg ótvíræð, enda kom ekkert fram hjá hæstv. utanrrh., sem benti til þess, að hann teldi hér vera um nýjung að ræða. Og eins er það síður en svo nýjung, að íslenzka ríkisstj. geti ákveðið, hvenær uppsagnarfrestirnir eigi að hefjast. Það vald hefur hún haft. Og fljótt á litið virðist sú ein breyting vera nú á samningnum frá því, sem verið hefur, að leita á samráðs við Bandaríkin ein um það, hvenær þessir samningar skuli hefjast, í stað þess að áður átti að hafa samráð við öll Atlantshafsríkin. Hvort það er svo styrkur Íslandi eða ekki, skal ég ekki segja. Í þessu efni eru mörg vafamál.

Þó vil ég taka það skýrt fram, að varðandi meginefni málsins er ég hæstv. utanrrh. þakklátur. Hann hefur varðandi það, sem mestu máli skiptir, fylgt eftir þeirri till. til þál., sem við sjálfstæðismenn bárum fram nú fyrir tæpum mánuði, og komið í veg fyrir það, að varnarliðið yrði flutt burt frá landinu, og í verki gert að engu samþykkt Alþingis frá 28. marz. Þetta virðist vera ljóst, jafnvel við fljóta athugun, og fyrir það þakka ég hæstv. utanrrh. og tel, að hann eigi alþjóðar lof skilið fyrir, enda er vitað, að það var bein krafa meginþorra landsmanna, að þannig yrði farið að, eins og við sjálfstæðismenn lögðum til í till. okkar. Þó að stjórnarliðið hefði þá ekki geð í sér til að samþ. till., heldur reyndi að eyða henni, ber að meta hitt meira, að í framkvæmd hafa þeir um þetta farið eftir okkar ábendingum, og er það þeim sagt til verðugs heiðurs.

Það verður svo auðvitað að fyrirgefast, ef svo má segja, þó að reynt sé að gera þá nokkuð beisku pillu, sem þetta hefur verið fyrir suma, eilítið sætari með nokkrum umbúðum. Við þekkjum það, þegar á að fá niður í sjúkan maga eða óþekkan krakka holl læknislyf, þá er sett utan á það súkkulaði eða eitthvað annað, til þess að þetta gangi betur niður. Og mér virtist, að margt í þeim umbúðum, sem hæstv. utanrrh. hér var að gera okkur grein fyrir, væri þess eðlis, að það væri til þess að gera sumum, — ég skal ekki nafngreina þá, það er óþarft, — léttara að kingja því, sem þeir nú þurfa að kingja. Að svo miklu leyti sem það nær ekki lengra, er það meinlaust. Það er engin ánægja fyrir okkur að sjá þessa menn kúgast meira en þeir þurfa, og þess vegna er það gott og lýsir stjórnvizku hæstv. utanrrh., ef honum hefur tekizt að friða sitt lið með þessum umbúðum.

En hins vegar verð ég að segja, að ég get ekki áttað mig til hlítar á því, hvort umbúðirnar eru að öllu leyti úr skaðlausu efni. Til þess þarf að efnagreina þær betur. Það þarf að gefast kostur á því að skoða nánar, hvað hér hefur verið gert, heldur en við eigum kost á með því að heyra nokkuð skjótlega upplesna tilkynningu í lok hinnar nokkuð löngu ræðu hæstv. utanrrh. Ég tel, að í því sambandi komi ýmis vafaatriði upp og athuga þurfi nánar, hvort allt það stenzt, sem hann um það sagði.

Nú er það kunnugt, að allir þm. nema sjálfstæðisþingmenn hafa átt þess kost að kynna sér þetta samkomulag, sumir nokkuð lengi, aðrir eitthvað skemur. Enginn okkar hefur hins vegar heyrt þetta. Þó að við höfum heyrt margt á skotspónum, höfum við hvorki leynt né ljóst tekið þátt í þessum umr., verið þar til kvaddir né fylgzt með því, sem gerzt hefur. Þess vegna tel ég það sanngjarnt, að áður en þessum umr. verði haldið áfram og áður en farið verður að telja ræðutíma minn eða annarra þeim til reiknings varðandi áframhaldandi umr., verði þessum fundi frestað eða meðferð málsins frestað.

Ég vildi óska þess, að umr. yrði frestað til morguns, okkur yrði gefið færi á því að ræða þetta mál á venjulegum þingtíma á morgun og hæstv. utanrrh. léti okkur til athugunar í té tilkynningu þá, sem hann nú hefur lesið, til þess að við mættum skoða hana og íhuga, hvað í henni felst.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Út af þeim ummælum hv. 1. þm. Reykv. (BBen), að hann og hans flokkur fái til athugunar erindi þau og samkomulag, sem ég las hér upp áðan, þá er það auðvitað sjálfsagður hlutur, og ég skal sjá um, að hann fái það mjög fljótlega. Hinu vil ég vekja athygli á hjá honum, að það er ekki rétt, að þetta samningsuppkast hafi verið til athugunar hjá þingmönnum yfirleitt nú um lengri eða skemmri tíma. Málið var í höndum þeirra, sem um þetta fjölluðu í samningunum, og samningsuppkastið hefur ekki verið öðrum afhent utan ríkisstj., fyrr en nú í dag og

í sambandi við þessar umræður. Hins vegar er sjálfsagt að gera ráðstafanir til þess, að hv. 1. þm. Reykv. og hans flokkur fái tækifæri til þess að athuga þetta uppkast.

En að því er varðar tilmæli hans um, að þessum umr. sé frestað þangað til á morgun og að þá verði þeim haldið áfram og ég verði þá við þær, vil ég aðeins taka það fram, að þetta er mér næstum óviðráðanlegt. Ég er á förum burt úr landi á ráðherrafund NATO, sem á að fara að hefjast í París, og þarf að koma þar aðeins fyrir fundinn til undirbúnings í sambandi við okkar mál þar, þannig að það er útilokað fyrir mig að taka þátt í umr. um þetta mál hér á hv. Alþingi á morgun, enda er það ekki svo, að hér liggi fyrir nein till. í málinu eða neitt slíkt. Það er aðeins skýrsla, sem ég hef verið að flytja hér. En ef eftir því er óskað af hv. stjórnarandstöðu, þá er ég að sjálfsögðu reiðubúinn, strax og ég kem til baka aftur, að taka upp frekari umr. um málið hér á hv. Alþingi. En á morgun er mér það því miður ekki unnt.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég óska þá, að það verði gefið fundarhlé og hæstv. utanrrh. láti Sjálfstfl. í té þau gögn, sem hér er um að ræða, og við fáum fundarhlé fram yfir matartíma til íhugunar málsins og að skoða þau plögg, sem fyrir hendi eru.

Að öðru leyti vil ég taka það fram, að ég efast ekki um, að það sé rétt hjá hæstv. utanrrh., að skjöl málsins hafi ekki gengið á milli annarra þingflokka. Hitt veit ég, að aðrir þm. hafa átt kost á því að kynna sér meginefni málsins, og ég er út af fyrir sig ekki að setja neitt út á það. Það er eðlilegt, að stjórnin þreifi fyrir sér hjá sínum mönnum um það, hvað hún er að semja. En það bara sýnir, að það er mismunur, eðlilegur mismunur á þeirra þingmannaaðstöðu og okkar, sem í stjórnarandstöðu erum. Jafnframt er það sjálfsagt, úr því að málið er tekið til umr. á annað borð á Alþingi, þá sé okkur gefinn kostur á því að lesa yfir það, sem umr. hljóta að byggjast á, ef þær eiga að halda áfram. Og ef hér áttu ekki að verða umr., var ástæðulaust að boða til fundarins, heldur var hægt að gefa tilkynninguna með öðru móti. — [Fundarhlé].

Herra forseti. Það er skiljanlegt, að á svo skömmum tíma sem við höfum haft til athugunar þeirra samninga, sem hér eru til umr., er ekki hægt að átta sig á þeim til hlítar. Það er eðlilegt. Gerð þeirra tók tímann frá 20.—24. nóv., og síðan er komið í ljós, að annar aðilinn hefur þurft 12 daga, að því er mér skilst, til þess að átta sig á þeim af sinni hálfu, og er því ekki nema von, að ekki sé til hlítar hægt að sjá, hvað hér er um að ræða, á einum tveimur klukkustundum, eins og við höfum hér fengið til umráða, eða 2—3 klukkustundum.

Ég vil þó að undangenginni þessari litlu athugun endurtaka þakklæti mitt til hæstv. utanrrh. fyrir það að hafa náð þeim megintilgangi, sem við sjálfstæðismenn stefndum að með tillögum okkar fyrir nokkrum vikum í þá átt að tryggja varnir landsins. Í þessu samkomulagi, sem nú liggur fyrir, er skýrt tekið fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Viðræðurnar hafa leitt til samkomulags um, að vegna ástands þess, er skapazt hefur í alþjóðamálum undanfarið, og áframhaldandi hættu, sem steðjar að öryggi Íslands og Norður-Atlantshafsríkjanna, sé þörf varnarliðs á Íslandi samkv. ákvæðum varnarsamningsins.“

Þetta orðalag eitt út af fyrir sig er ómögulegt að skilja á annan veg en þann, að viðurkennt sé af hæstv. ríkisstj., að úr gildi sé fallin ályktun Alþingis frá 28. marz 1956, enda er ljóst, að forsendur hennar og það, sem átti að ná með henni, er ómerkt með þeim orðum, sem ég áðan las, en síðari hluti þál. frá 28. marz hljóðar svo:

„Með hliðsjón af breyttum viðhorfum, síðan varnarsamningurinn frá 1951 var gerður, og með tilliti til yfirlýsinga um, að eigi skuli vera erlendur her á Íslandi á friðartímum, verði þegar hafin endurskoðun á þeirri skipan, sem þá var tekin upp, með það fyrir augum, að Íslendingar annist sjálfir gæzlu og viðhald varnarmannvirkja, þó ekki hernaðarstörf, og að herinn hverfi úr landi. Fáist ekki samkomulag um þessa breyt., verði málinu fylgt eftir með uppsögn samkv. 7. gr. samningsins.“

Nú er viðurkennt, að þörf sé varnarliðs á Íslandi samkv. ákvæðum varnarsamningsins, og þar með er þá orðið ljóst, að sú fyrirætlan að láta varnarliðið hverfa á brott og hvað þá að fylgja því eftir með uppsögn samningsins er niður fallin.

Þetta er mjög mikilsverð staðreynd, og ég játa, að þó að ég sé núv. stjórn andstæður, þá tel ég, að hæstv. utanrrh. eigi þakkir alþjóðar fyrir það að hafa fengið þessu framgengt.

Hitt er svo annað mál, að þó að meginatriðið hafi náðst og það sé mest um vert, þá er engu að síður nauðsynlegt að athuga önnur atriði í þessu sambandi, bæði gera sjálfum sér og öðrum ljóst, um hvað er verið að semja, og íhuga, hvort öll atriði þess samnings, sem gerður hefur verið, eru Íslendingum til hags eða ekki.

Utanrrh. sagði, að umr. við Bandaríkjamenn hefðu farið fram í vinsemd og af hreinskilni. Þessu trúi ég mjög vel. Mín reynsla af skiptum við Bandaríkjamenn þann tíma, sem ég fór með utanríkismál Íslands, er mjög í samræmi við þetta. Það var einmitt vegna þess, að Bandaríkin, þessi voldugu ríki, hafa ætíð samið við okkur Íslendinga, sem erum veikastir af öllum ríkjum, að þau hafa engu að síður samið við okkur sem jafningja, það er sú staðreynd, sem hefur gert það að verkum, að ég hef talið fært að hafa við þau jafnnáið samstarf og orðið hefur og sannarlega hefur leitt til góðs fyrir Íslendinga, eins og ég trúi að það hafi orðið til gagns og styrktar fyrir heimsfriðinn. Og ég tek því vissulega undir öll lofsyrði hæstv. utanrrh. um Bandaríkin og játa það með honum, að það er eðlilegt, að við minnumst sambúðar þeirra við okkur einmitt á þeim tímum, þegar okkur eru ríkt í huga hin ömurlegu örlög Ungverjalands, og þökkum guði fyrir að eiga ekki slíkan nágranna sem sú hetjuþjóð hefur orðið svo ógæfusöm að yfir hennar land hefur komizt.

Hreinskilnin gagnar okkur bezt, ekki aðeins í skiptum okkar við Bandaríkin, heldur við allar

þjóðir og einnig í innbyrðis skiptum okkar Íslendinga, og þá verð ég að játa, að svo mikils sem ég met og viðurkenni þann meginárangur, sem hæstv. utanrrh. frá sjónarmiði Íslendinga hefur náð með samningsgerð sinni, verður að segjast eins og er, að samningarnir eru ekki að öllu leyti nógu ljósir. Samkv. orðum hæstv. utanrrh. og ég veit líka samkv. eðli hans sjálfs, kemur það ekki af skorti á hreinskilni, heldur af einhverjum öðrum ástæðum, og efast ég því ekki um, að hann verði fúslega við óskum mínum og annarra um að upplýsa nú þegar öll vafaatriði, sem strax eru komin í ljós, og önnur, eftir því sem efni gefst til.

Vegna umr. áðan verð ég þó nú þegar að taka fram, að það er auðvitað alger misskilningur, að atburðir síðustu vikna séu orsakir þess hættuástands, sem allir viðurkenna að nú sé í heiminum. Atburðirnir eru ekki orsakir hættunnar, heldur er það hættuástandið, sem er orsök þessara atburða. Atburðirnir eru aðeins merki um viðvarandi og áframhaldandi hættuástand, — hættuástand, sem því miður hefur staðið — það er óhætt að segja án þess að ýkja — allt frá lokum síðustu heimsstyrjaldar, þó að það hafi orðið mönnum mismunandi ljóst á mismunandi tímum, en hættuástand, sem engan veginn var úr sögunni í vor, jafnvel þó að menn þá hefðu nokkra von um þíðu í kalda stríðinu. En nú er komið á daginn, og það er breytingin, sem orðin er, að jafnvel þeir, sem af einhverjum ástæðum vildu vera bjartsýnir, treysta sér ekki til þess nú lengur. Þeir gera sér grein fyrir, að það var ekki um raunverulega þíðu eða hugarfarsbreytingu að ræða, heldur aðeins kalt hræsnisglott þess, sem undirbjó sig undir nýja árás á þá, sem næstir yrðu fyrir ógnarhramminum.

Við sjálfstæðismenn bentum á þessa hættu strax í vor og við allar umr., sem síðan hafa orðið um þetta mál, og Atlantshafsráðið tók einmitt skýrlega fram í umsögn sinni, að þrátt fyrir það, þótt sumt virtist betra en áður, þá væri hið raunverulega hættuástand enn fyrir hendi.

Ég verð að segja svipað og ég sagði við umr. um varnarmálatill. okkar sjálfstæðismanna á dögunum, að því miður reyndumst við, sem töldum, að fara bæri varlega, hafa rétt að mæla. Við hefðum áreiðanlega allir miklu fremur kosið, að þeir bjartsýnu hefðu haft að þessu sinni rétt fyrir sér. Á þetta verður nú að benda, ekki til að hælast um, heldur til þess, að við öll, hvert um sig, hér á Alþingi og með íslenzku þjóðinni, hugleiðum þetta mál af alvöru og lærum af reynslunni og skiljum hið rétta orsakanna samhengi.

Ég hjó í það, að hæstv. utanrrh. taldi hættuna nú stafa mest frá botni Miðjarðarhafsins, en síður og þó að vísu nokkra frá þeim atburðum, sem undanfarið hafa gerzt í Ungverjalandi.

Í einu af stuðningsblöðum hæstv. ráðh. hér í Rvík, því, sem stærsti stjórnarflokkurinn gefur út, sá ég nýlega, að mjög harðlega var deilt á grein um þetta efni í Alþýðublaðinu, þar sem haldið var fram, gagnstætt við það, sem hæstv. utanríkisráðh. vildi nú telja, að það væri meiri hætta og aðalhættan frá atburðunum í Ungverjalandi, en síður og þó einnig nokkur frá því, sem skeð hefur í Egyptalandi eða við botn Miðjarðarhafsins. Þetta stjórnarstuðningsblað lét svo sterklega um mælt, að það taldi skoðanir Alþýðublaðsins vera brjálæðisstefnu, og sagði, að því yrði ekki eða vart trúað, að sá væri með öllum mjalla, sem þessu héldi fram. Ég get um þetta hér vegna þess, að þetta stjórnarstuðningsblað gat þess jafnframt, að það væri hæstv. utanrrh. sjálfur, sem þetta hefði skrifað, og því verður ekki hjá því komizt að spyrja hæstv. ráðh.: Er hann þá ósammála þeim skoðunum, sem Alþýðublaðið hélt fram, ég hygg s. l. sunnudag, og almennt voru túlkaðar sem rökstuðningur við þá samþykkt, sem skömmu áður hafði verið gerð á flokksþingi Alþýðuflokksins? Er hann ósammála þeim skoðunum og þá nú orðið sammála því, að meginhættan stafi frá atburðunum við austanvert Miðjarðarhaf? Og ef svo er, að hann sé um þetta sammála því, sem að vísu hæstv. forsrh. hélt hér fram á dögunum, en vildi nú raunar eftir á skýra sem meira og minna mismæli af sinni hálfu, en alveg sérstaklega Þjóðviljinn og þess blaðs skoðanabræður hafa haldið fram, að meginhættan kæmi frá botni Miðjarðarhafs, — ef hæstv. ráðh. er þessu sammála, er hann þá einnig sammála félmrh. í þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. félmrh. gaf hér áðan, um það, að hann og hans flokksbróðir í stjórninni hefðu einungis fallizt á að fresta uppsögninni í nokkra mánuði? Er þetta aðeins sérskoðun þessara tveggja ráðh., að í þessum samningum sé aðeins um að ræða frestun í nokkra mánuði, eða er þetta sameiginleg skoðun allrar hæstv. ríkisstj.?

Þetta er mjög nauðsynlegt að menn fái vitneskju um nú þegar, því að það er rétt, sem hæstv. félmrh. heldur fram, að ef hér er einungis um að ræða frestun uppsagnar í nokkra mánuði, getur ekki komið til mála, a. m. k. ekki af hálfu Íslendinga, að leyft verði, og naumast heldur af hálfu Bandaríkjamanna, að þeir sæki um að ráðast í ný varnarmannvirki, hvorki á Keflavíkurflugvelli né annars staðar. Þess vegna verðum við að óska vitneskju um það frá hæstv. ríkisstj. í heild: Er hún sammála hæstv. félmrh., þegar hann segir, að ekki komi til greina, að slík mannvirkjagerð verði leyfð?

Þetta eru ekki aðeins fróðleiksatriði, heldur er ljóst af fyrri reynslu, að fyrir utan víðtækari áhrif, sem þetta hefur um varnir landsins, hlýtur það, hvort búast má við miklum framkvæmdum á þessum slóðum, aukinni atvinnu og öðru slíku, að hafa mjög mikil áhrif á þær ráðstafanir, sem gera á varðandi atvinnumál og atvinnuaukningu nú á næstunni. Þess vegna á Alþingi og almenningur kröfu á því, að úr þessu sé skýrt skorið og menn viti, hvað fyrir hæstv. ríkisstj. raunverulega vakir um þessi efni.

Þá verð ég einnig að óska alveg skýrra svara frá hæstv. utanrrh. um það, sem ég raunar drap á áðan og hæstv. félmrh. hélt fram, að það væri nýjung, að Íslendingar einir ættu að hafa úrslitaráðin um það, hvort hér dveldi erlendur her eða ekki og hvenær uppsagnarfrestir hæfust. Ég sagði skýlaust, sem líka tvímælalaust er rétt, að þetta er engin nýjung. Varnarsamningurinn frá 1951 segir alveg ótvírætt, að Íslend-

ingar einir hafi um þetta hvort tveggja úrslitaráðin. En til skýringar á þeim samningi, sem nú liggur fyrir, og eins og nánar mun koma í ljós af því, sem ég síðar segi, er alveg nauðsynlegt, að menn viti, hvaða hugmyndir ríkisstj. í heild hefur um þetta, hvort hér sé nokkur breyting á orðin eða aðeins um kurteislegt orðalag að ræða, súkkulaðiumbúðir, eins og ég sagði áðan, til þess að ópekku krakkarnir láti ögn lítið betur, meðan þeir eru að taka meðalið.

Ákvæði 7. gr. um uppsögnina eru alveg ótvíræð. Ég vil leyfa mér, með samþykki hæstv. forseta, að lesa upp hluta greinarinnar. 7. gr. hefst svo:

„Hvor ríkisstjórnin getur hvenær sem er að undanförnu tilkynningu til hinnar ríkisstjórnarinnar farið þess á leit við ráð Norður-Atlantshafsbandalagsins, að það endurskoði, hvort lengur þurfi á að halda framangreindri aðstöðu, og geri tillögur til beggja ríkisstjórna um það, hvort samningur þessi skuli gilda áfram. Ef slík málaleitan um endurskoðun leiðir ekki til þess, að ríkisstjórnirnar verði ásáttar innan sex mánaða frá því, að málaleitunin var borin fram, getur hvor ríkisstjórnin hvenær sem er eftir það sagt samningnum upp, og skal hann þá falla úr gildi 12 mánuðum síðar.“

Það er eins og efni þessa alveg ótvíræða og skýra ákvæðis hafi þvælzt fyrir sumum þeim, sem um þetta mál hafa orðið einna fjölorðastir. Hér er alveg tvímælalaust kveðið á um það, að sex mánaða fresturinn, — sem er skilyrði þess, að 12 mánaða frestur síðar geti hafizt, — að sex mánaða fresturinn byrjar að líða, um leið og farið er fram á það við hinn samningsaðilann, að leitað verði til Norður-Atlantshafsráðsins um þessa umsögn, þannig að tíminn, sem fer til þess að leita umsagnar Norður-Atlantshafsráðsins, er innan þessa sex mánaða frests.

Fyrrverandi hæstv. utanrrh. fór af einhverjum mér ókunnum ástæðum öðruvísi að um þetta. Hann byrjaði með því að leita sjálfstætt umsagnar Norður-Atlantshafsráðsins og fór fyrst á síðara stigi, en þó, hygg ég, áður en sú umsögn var fengin, fram á það við Bandaríkin, að sex mánaða fresturinn skyldi byrja að líða.

Ég skildi þetta sannast sagt þannig, að hæstv. þáv. utanrrh. vildi draga málið á langinn og sæi ekki ástæðu til þess að hraða því. Það mátti líka segja sem var, að eðlilegt væri, að ný ríkisstj. eftir kosningar tæki um þetta endanlega ákvörðun. Ég skal því ekki og allra síst nú eftir á deila á hæstv. fyrrv. utanrrh. fyrir að hafa farið svona að. En ég bendi á, að ef ætlunin var sú að hafa ítrasta hraða á uppsögninni samkv. 7. gr., þá var sú aðferðin ekki höfð í sumar, og aðferðin samkv. 7. gr. er sú, sem ég hef lýst og bezt verður skilin lýsingarlaust með því að lesa gr. og athuga í næði, hvað í henni felst.

En af öllum þessum ástæðum, yfirlýsingum hæstv. félmrh. og mjög óljósu orðalagi samningsins í 1. og 2. tölulið fyrri liðs samningsins, verð ég að spyrja hæstv. utanrrh. og óska ótvíræðra svara hans um það: Er 7. gr. samningsins breytt með þessum ákvæðum?

Hann svarar ef til vill því, að ráðuneytið hafi þegar tekið fram í fréttatilkynningu sinni, að samningum þessum er ekki ætlað að breyta neinu í sambandi við uppsagnarákvæði 7. gr. varnarsamningsins frá 1951. En ef það er rétt, sem í þessari tilkynningu stendur, þá er eftir sem áður, þrátt fyrir þá samningsgerð, sem hér liggur fyrir, skyldugt að leita til Atlantshafsráðsins á þessu sex mánaða tímabili. Það er skylda, að það sé gert. Það er ekki aðeins hagkvæmis- og skynsemisástæða, eins og hæstv. utanrrh. hélt fram áðan, heldur er það lagaleg og samningsleg skylda Íslendinga að fara þannig að.

En ef ekki er skylt að leita til Norður-Atlantshafsráðsins á þessum tíma, þá er það ótvírætt breyting á 7. gr. Fram hjá því verður ekki komizt. Og það rekst ekki aðeins á niðurlagið í fréttatilkynningu hæstv. utanrrh., heldur verður einnig að draga mjög í efa, að slíka efnisbreytingu á samningnum sé heimilt að gera nema með lagaboði, og ef svo er, þá er þessi samningur ekki gildur, fyrr en hann hefur hlotið formlegt samþykki Alþingis samkv. skýlausu fyrirmæli bæði í fyrirsögn og 1. gr. laga nr. 110 frá 1951.

Það er mjög nauðsynlegt, að úr þessu fáist skorið alveg ótvírætt, og í því sambandi dugir ekki að segja eins og hæstv. ráðh. áðan, að það sé eðlilegt og skynsamlegt og muni sjálfsagt verða gert að leita til Norður-Atlantshafsráðsins.

Spurningin er sú: Er það áfram lagaskylda og samningsskylda íslenzkrar ríkisstj. að leita til Norður-Atlantshafsráðsins eða ekki? — Þetta er spurningin. Og ef það er ekki lengur skylda, skil ég að vísu, að það er gert til þess að gera ýmsum þægilegra að gleypa pilluna, þá beisku. En ég vil segja, að þá er komið í umbúðirnar efni, sem er okkur Íslendingum áreiðanlega ekki óhættulegt, okkur sjálfum. Það er áreiðanlega af öllum ástæðum miklu hollara fyrir Íslendinga að þurfa ekki að leita eingöngu til þessarar nýju stofnunar, tvíhliða milli Bandaríkjanna og Íslands, heldur að viðurkenna, að það sé eðlilegra, að við fáum ráðleggingar okkar og upplýsingar um þessi efni frá öllu Norður-Atlantshafsráðinu. Og ég fullyrði hiklaust, að þó að umsögn Norður-Atlantshafsráðsins hafi verið vefengd af sumum í sumar, þá muni þeir vera fáir nú orðið, sem játa ekki, að í þeirri umsögn lýsti sér meira raunsæi, meiri þekking og betri skilningur á því, sem þá var að gerast og er að gerast í heiminum, heldur en fram kom hjá sumum valdamönnum á Íslandi.

Jafnframt tek ég fram, að það er algerlega rangt, sem sumir hafa viljað telja mönnum trú um, að með þessu, að við ættum að fá umsögn Norður-Atlantshafsráðsins, værum við að afsala okkur nokkrum sjálfsákvörðunarrétti. Íslendingar halda öllum sínum sjálfsákvörðunarrétti, þó að til Atlantshafsráðsins sé leitað, og það tekur ekki degi lengri tíma að losna við varnarliðið frá Íslandi, ef Íslendingar í raun og veru vilja, þó að því sé haldið, að til Norður-Atlantshafsráðsins sé leitað, heldur en sú skipun sé tekin upp, sem hér er ráðgerð, ef hún felur það í sér, að ekki sé lengur skylt að leita til ráðsins.

Frá sjónarmiði sjálfrar íslenzku þjóðarinnar er áreiðanlega vinningur að því að eiga við Atlantshafsráðið í heild og fá þess umsögn, en ekki Bandaríkin ein. Þó að þau séu góð þjóð,

þá eru þau, eins og aðrar þjóðir, þjóð, sem hugsar fyrst og fremst um sjálfa sig og sinn eigin hag. Það er lofsvert, eins og ég sagði, að þau hafa samið við okkur sem jafningja. En við þurfum að gæta okkar hagsmuna gagnvart þeim eins og öðrum. En einmitt í Atlantshafsráðinu eru smáveldi, sem um margt hafa svipaða aðstöðu gagnvart Bandaríkjunum eins og við, smáveldi, sem standa okkur næst að frændsemi og menningu, svo sem Noregur og Danmörk. Jafnvel land eins og Luxemburg, sem er lítið eitt mannfleira en við, getur í mörgum tilfellum orðið okkur þar hjálplegt og túlkandi málstaðar okkar. Það er þess vegna ekki vinningur fyrir Ísland að fjarlægjast Norður-Atlantshafsráðið, þó að það sé gert á ekki meir áberandi hátt en hér er gert, ef sá misskilningur er réttur, sem ég nú er að tala um, heldur hlýtur það eingöngu að vera gert í því skyni, að það sé auðveldara að gera samninginn tortryggilegan, auðveldara að halda áfram innan fárra mánaða, eins og hæstv. félmrh. sagði, með þá uppsögn, sem hann óskar eftir.

Nú skal ég fúslega játa, að litlu verður Vöggur feginn. Og ég sá á hæstv. félmrh., að hann var allrogginn, þegar ég var að segja, að þetta mundi vera fyrir hann gert. Og ég játa, að svo mikið sem hann hefur orðið á sig að taka í þessu máli, þá er að vissu leyti ekki nema von, að utanrrh. varpi í hann þessu litla mörsiðra, vegna þess að meira er það nú ekki. Þetta sker sem sagt engan veginn úr um málið. Það gerir það ekki. Þetta er til ills, ef þetta á að skilja á þann veg. Það er til ills, eins og öll undanlátssemi við kommúnista, hvar sem er.

En þá kem ég að öðru, sem ég veit ekki heldur hvernig á að skilja og veit ekki hvort er undanlátssemi við kommúnista eða eitthvað annað. Það stendur hér í upphafi annars hluta samningsins, með leyfi hæstv. forseta:

„Komið verði á fót fastanefnd í varnarmálum Íslands, er skipuð sé ekki fleirum en þremur ábyrgum fulltrúum frá hvorri ríkisstjórn um sig.“

Nú spyr ég hæstv. utanrrh.: Hvað felst í þessu orði: ábyrgur fulltrúi?

Það sagði mér einhver, að þetta væri dálítið vafasöm þýðing og þetta héti á enskunni: high level representatives. — Það merkir fulltrúi í góðri stöðu, og þá var það skýrt, sem sagt: Alþýðuflokksmaður.

Ég veit ekki, hvernig þetta á að skilja, en vildi óska nánari skýringar á því, og hún gæti t. d. fengizt í því, að okkur væri svarað, hver á að skipa þessa nefnd. Það stendur sem sagt hér, að það sé ríkisstj. Og ef það er ríkisstj. öll, eins og stundum er skilið með slíkum ákvæðum, væri það mjög eðlilegt, að það væri einn frá hverjum stjórnarflokki, — og hvað er þá orðið eftir af merkingunni í orðinu ábyrgur?

Þá verð ég einnig að spyrja hæstv. utanrrh. að því, við hvað sé átt með 2. tölulið 2. hluta samningsins. Þar stendur:

„Að undirbúa, að svo miklu leyti sem hernaðarlegur viðbúnaður leyfir, að Íslendingar taki í ríkara mæli en áður að sér störf, er varða varnir landsins, á meðan völ er á hæfum mönnum til slíkra starfa, svo og að tryggja, að menn séu æfðir í þessu skyni.“

Sem sagt, Íslendingar eiga þarna að taka að sér störf, er varða varnir landsins. Það er ekki tekið fram, eins og var í ályktuninni frá 28. marz: þó ekki hernaðarstörf. — Sú takmörkun er alls ekki tekin fram þarna.

Er þá hægt að skilja þetta á annan veg en þann, að ætlunin sé sú, að nú eigi að fara að æfa Íslendinga til hernaðarstarfa og láta þá síðan taka við þeim, þ. e. a. s., að Íslendingar eigi sjálfir að taka að sér varnirnar? Það er því ríkari ástæða til þess að spyrja um þetta, þar sem stuðningsblað hæstv. ráðh., Þjóðviljinn, gat þess fyrir fáum dögum, að hann væri nú orðinn sammála mér um það, að við ættum að koma upp íslenzkum her. Hann bara gleymdi að telja þriðja stórmennið með okkur, sjálfan hæstv. forsrh., af því að enginn hefur skýrar en hann tekið það fram, að frambúðarlausn þessara mála væri sú, að Íslendingar sjálfir kæmu sér upp sínu eigin varnarliði.

Nú er ekki hægt að ræða það hér í kvöld til hlítar, hvort það sé skynsamlegt, að Íslendingar komi upp sínu eigin varnarliði. Ég segi það hiklaust sem mína skoðun, að án þess að Íslendingar hafi hug og dug til þess að koma sér upp svipuðu liði eins og heimavarnarlið er t. d. í Noregi, jafnvel í Færeyjum á stundum, þá verði þetta mál ætíð lítt leysanlegt.

Það hefur verið ráðizt á mig fyrir það, að ég hafi sagt, að ef varnarliðið ætti að fara burt, þá yrði að styrkja íslenzkt ríkisvald. Hvað er sannara en þetta? Er það ekki einmitt vegna þess, að íslenzkt ríkisvald er of veikt, sem við verðum að hafa varnarliðið? Ef íslenzkt ríkisvald væri styrkt með einhverju svipuðu heimavarnarliði, einhverju svipuðu og maður helzt verður að telja að felist í því, sem hér segir, sem ég var að lesa upp úr greininni og ég sízt átel, — ef eitthvað slíkt væri gert, þá yrði allt þetta mál miklu auðveldara viðureignar en ella, því að þeir friðartímar koma seint, enda er það játað af hæstv. utanrrh., að hægt sé að láta Ísland með öllu vera óvarið.

Hann vitnaði hér áðan í það, að við — ég og fleiri — hefðum lýst því yfir 1949, að á friðartímum vildum við Íslendingar frekar taka á okkur áhættuna af því að hafa landið óvarið heldur en að hafa hér erlent herlið og erlendar herstöðvar. Þetta endurtek ég enn í dag. Þetta er óhagganleg sannfæring mín. Á friðartímum er það vissulega betra að eiga áhættuna yfir sér heldur en ætla að sætta sig við það, að hér verði um alla framtíð erlent herlið og erlend herbækistöð. En hæstv. utanrrh. og skoðanabræður hans í þessu máli, svo að ég sleppi nú blinda farþeganum í því sambandi, tala um það, að þeir haldi fast í stefnuna frá 1949, sem við sjálfstæðismenn höfum yfirgefið, vegna þess að við vildum ekki samþykkja tillöguna í vor.

Nú er það út af fyrir sig svo, að komið hefur í ljós, að tímarnir frá því 28. marz hafa síður en svo verið nokkrir friðartímar. Á þeim fáu mánuðum, sem síðan eru liðnir, hefur sjaldan verið meiri og víðar hætta á stórstyrjöld um langt árabil. En látum það eiga sig. Það, sem

þessir menn, sem alltaf eru að vitna í stefnuna frá 1949, tala um nú, er einungis, að þeir vilja ekki hafa erlent herlið hér á landi. En þeir vilja hafa erlenda herstöð hér á landi, jafnvel mannaða að miklu leyti, ef til vill mestu, af útlendingum, aðeins ef þeir eru ekki í erlendum einkennisbúningi.

Ég segi aftur á móti, að ef eiginleg herstöð, varnarstöð, á að vera hér, þá færir hún stórkostlega hættu yfir landið, ef hún á að vera varnarliðslaus, í staðinn fyrir að vera landinu til öryggis og varnar. Slíkt er sama og að láta skammbyssu liggja á borðinu, þar sem vitað er, að morðingjar séu í næsta nágrenni, til þess að þeir geti gripið skammbyssuna og eigi með fullri vissu í fullu tré við húsbóndann, sem þeir ætla að ráðast á.

Það má deila um það, hvort skynsamlegt hafi verið að koma upp þessum miklu varnarstöðvum hér á landi. En við skulum þá líka viðurkenna, að þær voru að miklu leyti settar án okkar óska, getum við a. m. k. sagt, allt frá árinu 1940, þegar byrjað var að byggja flugvöllinn hér í Reykjavík, og með öllum þeim mannvirkjum, sem síðan hafa verið gerð. En eftir að þessi mannvirki eru komin og eru þess eðlis, sem þau eru, komumst við Íslendingar ekki hjá því, á meðan ekki eru raunverulegri friðartímar en nú og verið hafa undanfarin ár, að eitthvert varnarlið verður að vera á stöðvunum til þess að tryggja, að þær verði ekki eins og vopn, annaðhvort í óvita- eða morðingjahöndum. Og einmitt þess vegna fagna ég því, ef hæstv. ríkisstj. er nú að stefna að því að koma á sams konar liði og ég og hæstv. forsrh. höfum áður fyrri vakið athygli á að Íslandi væri brýn nauðsyn á. Mér kemur þetta auðvitað síður en svo á óvart um svo stefnufastan mann eins og hæstv. forsrh., sem vitanlega heldur því sama fram, þegar hann er í ríkisstj. eins og utan. Þjóðviljinn hefur nú skýrt frá því, að hann hafi ásamt utanrrh. tekið þátt í þessum samningum. Ég geri ráð fyrir því, að það hafi ekki aðallega verið þáttur forsrh. að ómerkja ályktunina frá 28. marz og viðurkenna berum orðum, að þörf sé á varnarliði hér á Íslandi. Ég geri ráð fyrir, að fyrir þá hreinskilnislegu játningu eigum við frekar hæstv. utanrrh. að þakka. En þá sjáum við líka, að hæstv. forsrh. hefur ekki verið þarna alveg iðjulaus, ef hann hefur komið því inn, að nú eigi í alvöru að fara að efna til íslenzks varnarliðs, eins og hann áður fyrri, þá í ríkisstj. einnig að vísu, stakk upp á, þó að hann væri þar þá með íhaldinu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér datt í hug áðan, þegar hv. 1. þm. Reykv. (BBen) var fyrst að færa fram þakkir til hæstv. utanrrh. og síðan nú, um leið og hann kom upp aftur og hafði athugað málið enn þá betur, var að endurtaka þakkir sínar til hæstv. utanrrh., að það væri máske gott fyrir þá, sem slíkt lof hljóta, að minnast þess spakmælis, sem stundum hefur verið sagt við ýmsa vinstri menn, að þegar íhaldið fari að hæla þeim, þá sé hætta á ferðum.

Ég held, að það sé alveg óhætt fyrir okkur að athuga, þegar það í fyrsta skipti kemur nú fyrir hér í þinginu, að íhaldið allt í einu fer að hæla einhverju, sem hæstv. ríkisstj. gerir, hvort sé verið að gera rétt. Og ég held, að það sé ekki hægt að fá öllu betri áminningu fyrir alla þá, sem vilja vinna að því að losna við hernámið, heldur en það, að íhaldið virðist nú gleðjast.

Ég er hræddur um, að það séu rangar hugmyndir, sem hæstv. utanrrh. hefur gert sér um ástandið í veröldinni. Ég held, að það sé ekki rétt metið hjá honum, það sem hann hér lagði höfuðáherzlu á, að það væri svo alvarlegt ástand í veröldinni, svo mikil stríðshætta, að þess vegna væri rétt að breyta um frá því, sem ákveðið var í vor, og fresta af þeim orsökum framkvæmd á samþykkt Alþingis frá 28. marz. Ég er hræddur um, að hvernig sem menn annars líta á það, sem gerzt hefur í veröldinni á hinum síðustu mánuðum, þá muni vart nokkur maður verða til þess að álíta, að t. d. Varsjárbandalagið sé sterkara í dag eða færara til árása, ef menn ætluðu í árásir, heldur en það hafi verið 28. marz. Ég er hræddur um, að flestir muni líta svo á, að það muni vera veikara. Og ef við ætlum að athuga hins vegar Atlantshafsbandalagið, sem við erum í, þá held ég, ef við ættum að spyrja okkar nágrannaþjóðir, Breta og Frakka og þeirra ríkisstj., ráða, þá á ég a. m. k. bágt með að skilja það, að brezka ríkisstj. og franska ríkisstj. hafi álitið, þegar þær réðust á Egyptaland, að það væri yfirvofandi hætta á árás á Vestur-Evrópu að austan. Ég á þess vegna bágt með að trúa því, að þeir menn, sem þarna fjalla fyrst og fremst um og ættu að hafa þarna, a. m. k. af hálfu þeirra, sem stjórna í Atlantshafsbandalaginu, einna mest vit á, gangi út frá því nú, að það sé yfirleitt meiri hætta, þó að kaldar blási í heiminum, heldur en í vor. Og ég veit ekki betur en meira að segja sjálfur yfirhershöfðingi Atlantshafsbandalagsins, Lauritz Norstadt, hafi fyrir eitthvað þrem, fjórum dögum látið hafa það eftir sér, að hann teldi, að það væri lítil hætta á, að til styrjaldar kæmi, og utanrrh. Bandaríkjanna hafi lýst því yfir, þegar hann kom af fundi Eisenhowers forseta, að friðarhorfur væru nú góðar.

Þannig held ég, að ef við viljum reyna að líta til einhverra annarra og fá stuðning einhverra annarra um okkar mál heldur en okkar eigin skynsemi, þá megi til tína álit ýmissa manna, sem þeir, sem hlynntir eru Atlantshafsbandalaginu, telja mæta, um það, að þó að heimurinn sé yfirleitt vondur og máske yfirleitt hættuástand í honum, eins og hv. 1. þm. Reykv. kom inn á, þá sé ekki meira hættuástand í veröldinni nú en það, að ef við ættum að taka það gilt til að fresta framkvæmd ályktunarinnar frá 28. marz, þá muni lengi mega leita að ástæðum til að fresta. Var ekki stríð í Algier í vor, þegar Alþ. ákvað, að það væru góðar friðarhorfur í heiminum? Meira að segja eitt Atlantshafsríki átti í stríði.

Það voru fleiri ríki en við, sem tóku svipaðar ákvarðanir í vor að reyna að losa sig við herstöðvar. Annað eyríki alllangt frá okkur, en þó held ég nær þeim hluta jarðar, sem hæstv. utanrrh. taldi hættuna mesta, sem sé nær Súezskurðinum, Ceylon, sagði líka upp samningum í vor og vildi losa sig við brezkar herstöðvar. Og ég veit ekki betur en forsrh. Ceylons sitji nú þessa

dagana á fundi í London til þess að ganga frá samningum við Bretastjórn um að losna við herstöðvar og að það sé talið öruggt, að þeir Ceylonbúar samkv. ályktun síns þjóðþings og sinnar ríkisstj. losni við herstöðvar þar. (Gripið fram í.) Ja, ég skal skjóta því inn í, fyrst hv. þm. G-K. vill fá upplýsingar um, hvað forsrh. Ceylons álítur, að ég hef heyrt, að þessi forsrh. Ceylons sé að vísu reiðubúinn til þess að lofa brezkum skipum að koma þar í höfn til þess að taka kol og annað slíkt á friðartímum, en á ófriðartímum vilja þeir ekki láta þau koma nokkurs staðar nærri. — Ég er þess vegna hræddur um, að þær hugmyndir, sem hæstv. utanrrh. hér gerir að sínum forsendum fyrir því, að hann álítur rétt að fresta framkvæmd ályktunarinnar frá í vor, séu rangar.

Hins vegar vil ég taka það fram, og þar veit ég að við erum á alveg andstæðri skoðun, en ég vil aðeins minna á það, að það er skoðun, sem ég hef oftar látið hér í ljós, að þó að striðshættа væri meiri í ár í veröldinni heldur en hún hafi verið í vor, þá álít ég einnig rangt að hafa hér her eða herstöðvar. Og ég vil, að það sé munað í öllum þeim umr., sem fram fara um þessa hluti, að svo illt sem það er að hafa her og herstöðvar á Íslandi á friðartímum, þá er það enn verra á striðstímum. Það er hætta af þeim herstöðvum, sem hér starfa, margs konar hætta fyrir okkar þjóðerni og okkar efnahag og annað slíkt á friðartímum, en það er tortímingarhætta fyrir þjóðina af þeim á styrjaldartímum.

Við skulum alveg gera okkur það ljóst, og það heyrði ég á hv. 1. þm. Reykv. að hann gerði sér líka, að þjóðir eins og Bandaríkin fara ekki fram á herstöðvar hér á Íslandi vegna okkar Íslendinga, heldur vegna sjálfra sín. Herstöðvar hér á Íslandi eru aðeins útvörður fyrir Bandaríkin, en ekki varnarstöð fyrir Ísland. Herstöðvar og her á Íslandi er ekki til þess að verja Ísland, heldur til þess, að Bandaríkin og þeirra þjóð geti orðið fyrr viðbúin, ef á er ráðizt.

Yfir Íslandi vofir tortímingarhætta af þeim herstöðvum, sem hér eru, slæm á friðartímum, verri á striðstímum. Og við skulum alveg gera okkur það ljóst, að við erum eins og hver annar skjöldur, sem brugðið er fyrir Bandaríkin og þess vegna tekur fyrst og fremst á móti því höggi, sem greitt yrði.

Það var alveg rétt, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði í því sambandi um herstöðvarnar, en ályktanirnar, sem við ættum að draga út frá því, væru þær, að þessar herstöðvar ættu ekki að vera til hér. Ég hef sagt það hér áður, og ég skal segja það enn, að það álít ég beztu varnarráðstöfun okkar, ef til styrjaldar væri að koma, að sprengja þær allar saman upp, þannig að okkar land væri sem minnst eftirsóknarvert fyrir nokkra styrjaldarþjóð, — og helzt, að það væri hvergi hægt að lenda hér flugvélum. En það er ekki út frá umhyggju um það, hver eða hverjir mundu sigra í því striði, sem væri, heldur út frá því, að það yrði þá reynt að forða einhverjum Íslendingum lifandi, ef til slíkrar styrjaldar kæmi. Og ég held, að það sé nóg verkefni íslenzkra stjórnmálamanna á hverjum tíma, þegar hætta vofir yfir, að til styrjaldar komi í heiminum, að hugsa um, að eitthvert fólk verði eftir lifandi í þessu landi, þegar því striði væri lokið, heldur en hitt, að vera að leggja fram sinn skerf til þess, hvor muni standa betur að vígi í slíkum hildarleik.

Við skulum horfast í augu við þá hluti af alvöru þeirra, sem þekkja það, hvað það er að *standa í striði og standa og lifa í borgum, sem* loftárásir eru gerðar á, en ekki þeirra, sem hvergi koma nærri nema kannske til að græða á því.

Ég held, að það hefði meira að segja, eins og nú standa sakir, verið full ástæða til fyrir hæstv. utanrrh. að bæta því við ályktunina frá í vor, að það mætti jafnvel endurskoða Atlantshafssamninginn. Ég veit, að þeir hv. þm., sem samþykktu þann samning, muna nokkurn veginn, hvernig hann byrjar. 1. gr. hans hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðilar takast á hendur, svo sem segir í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, að leysa hvers konar milliríkjadeilumál, sem þeir kunna að lenda í, á friðsamlegan hátt, þannig að alþjóðafriði, öryggi og réttlæti sé ekki stofnað í hættu, og að beita ekki hótunum né valdi í milliríkjaviðskiptum á nokkurn þann hátt, sem ósamrýmanlegur er markmiðum Sameinuðu þjóðanna."

Þetta var fyrsta og höfuðgreinin í Atlantshafssáttmálanum, og það var víst þessi grein, sem tvö af forvígisríkjum Atlantshafssamningsins voru að framkvæma, þegar þau réðust á Egyptaland.

Ég held, að það hefði verið ástæða til þess að taka þennan samning til endurskoðunar, þegar það var sýnt, hvað á bak við bjó, eftir allar þær fullyrðingar, sem hér hafa verið buldar yfir okkur um það, að Atlantshafsbandalagið væri ekki árásarbandalag.

Hins vegar ætla ég ekki að fara út í þessa sálma. Við höfum svo oft deilt um það, að þess er ekki þörf og ekki bein ástæða í sambandi við það, *sem hér liggur fyrir.* Hitt vil ég aðeins taka fram út frá því, sem ég hóf mál mitt með, að að mínu áliti eru það rangar hugmyndir, sem hæstv. utanrrh. hefur gert sér um ástandið í veröldinni sem stendur og liggja til grundvallar frestuninni sem forsenda frá hans hálfu. Hins vegar er það rétt, þegar slíkar hugmyndir sem þessar eru ekki aðeins hjá honum, heldur einnig, býst ég við, hjá hæstv. ráðherrum Framsfl., að það væri óheppilegur tími að ætla að knýja fram endurskoðun á samningnum, og þess vegna álít ég það hafa verið algerlega rétt af ráðh. Alþb. að vera inn á því að fresta um nokkra mánuði því, að endurskoðun hæfist, einmitt með tilliti til þessara ytri aðstæðna, með tilliti til þessa huglæga ástands hjá meiri hl. ríkisstj. Ég þykist að vísu vita, að stjórnarandstaðan hefði gjarnan kosið, að við slíkar aðstæður færi endurskoðun fram. Slíkt hefði ekki aðeins verið að mínu áliti óheppilegt, heldur beinlínis háskalegt. Það gat þýtt, að ýmislegt hefði máske tapazt af því, sem nú þó vinnst. M. ö. o., ég er fyllilega sammála því, að það er rétt um nokkra mánuði með tilliti til þessara innri aðstæðna að fresta því að hefja endurskoðunina. En hins vegar viðurkenni ég heldur ekki

þær forsendur, sem hæstv. utanrrh. færði fram af sinni hálfu fyrir þeirri frestun.

Þá — og það er næst á eftir þessu spursmáli um forsendurnar höfuðatriði í þessum orðsendingum, sem hér hafa verið kynntar okkur — er spurningin um fastanefndina, sem hér er tilkynnt. Hæstv. félmrh. hefur lýst því yfir f. h. ráðh. Alþýðubandalagsins og Alþýðubandalagsins í heild, að þeir væru þessari fastanefnd og öllum ákvæðum um hana andvígir, og það er þess vegna ekkert undarlegt, þó að það komi kannske fram einhverjar fyrirspurnir frá okkar hálfu um skilning á verkefni þessarar fastanefndar.

Ég verð að segja það, að mér finnst eiginlega sumt í þessari fastanefnd lykta nokkuð undarlega — af eins konar herforingjaráði. Mér finnst það eiginlega alveg nýtt, ef við eigum hér á Íslandi að fara að fjalla um það, hvernig sé með horfurnar í heiminum, víst herfræðilegar og pólitískar, og ég vildi óska þess, að hæstv. utanrrh. gæfi slíkar skýringar á þessu, að allur slíkur ótti hjá manni hyrfi.

Ég tók eftir, að hv. 1. þm. Reykv. vildi leggja það út á þann veg, að nú væri loksins hans langþráði draumur að rætast um íslenzkan her. En ég verð að lýsa því yfir, að svo gott traust ber ég til hæstv. utanrrh., þó að ég kunni að deila á hann um ýmislegt, að ég býst ekki við, að neitt slíkt sé þarna á ferðinni. En gjarnan hefði þetta orðalag þá mátt vera skýrara og betra. Hins vegar munu hans yfirlýsingar um slíkt auðvitað taka af öll tvímæli.

Þá vildi ég enn fremur segja það, að ég álít það, sem sagt er um að vinna að sambúðinni milli hersins og Íslendinga þarna, vera bæði óþarft og hvimleitt að taka slíkt upp í samninga.

Svo vil ég að síðustu, líka út frá því, sem hv. 1. þm. Reykv. var að minnast hér á, minnast á orðið „ábyrgur“ í þessu sambandi. Ég held nú, eftir því sem ég var að kíkja í plöggin hjá hv. þm. G-K., að á enskunni heiti þetta „senior“. Og þó að ég sé ekki neinn verulegur sérfræðingur í ensku, er ég þó a. m. k. vanur því, að það þýði annaðhvort svona eldri maður eða þá í yfirfærðri merkingu háttsettur maður. Og mér liggur við að spyrja: Hvers konar vinnubrögð eru það í utanrrn. í þýðingum, ef orð, sem á ensku eða amerísku heitir „senior“, er þýtt með „ábyrgur“ á íslenzkunni? — án þess að við förum út í hugleiðingar um allt það, sem venjulega er skilið við „ábyrgur“ í sambandi við íslenzk stjórnmál og sérstaklega þeir, sem eru í stjórnarandstöðu á hverjum tíma, hafa oft fengið að heyra um, að þeir væru harla óábyrgir gerða sinna. En þetta vona ég nú líka að skýrist.

Þá sagði hæstv. utanrrh. enn fremur í sambandi við þessi mál og tók það sérstaklega fram, og það var haft eftir honum í útvarpinu, að aðrir samningar hefðu ekki verið gerðir í sambandi við þessi mál. Það er gott, ef svo er og ef ekki hafa verið lögð drög að neinum samningum í sambandi við þetta. Og það vildi ég leyfa mér að óska eftir að hæstv. utanrrh. tæki fram, að það hefði heldur ekki verið rætt um neina aðra hluti, t. d. lán eða annað slíkt, í sambandi við þessar orðsendingar.

Ég hef nú deilt nokkuð á það, sem mér fannst þurfa að deila á í sambandi við þessar orðsendingar, og sett fram spurningar um ýmislegt, sem mér fannst í þeim óljóst. En hitt vil ég taka fram og taka þar undir með yfirlýsingum hæstv. utanrrh., að þrátt fyrir þessar orðsendingar stendur ekki aðeins óhaggaður allur réttur okkar Íslendinga til þess að knýja fram endurskoðun og uppsögn á þessum samning, heldur líka samþykkt Alþingis frá í vor, samþykkt Alþingis frá 28. marz og ákvæðin í stjórnarsamningnum um, að þeim samningi skuli framfylgja, þeim samningi um brottför hersins. Og það vil ég leggja alveg sérstaka áherzlu á, að þrátt fyrir þær orðsendingar, sem nú hafa farið fram, stendur bæði þetta ákvæði í stjórnarsamningnum og í þál. frá 28. marz. Það eina, sem frestað hefur verið, er tíminn, hvenær endurskoðunarákvæðin byrja að ganga í gildi, hvenær 6 mánaða tíminn og þar af leiðandi 18 mánaða tíminn byrja að líða.

Ég vil taka undir þá yfirlýsingu, sem hæstv. félmrh. hér flutti, að við munum berjast fyrir því, að það verði sem fyrst hægt að taka upp þessa samninga um endurskoðun samningsins *með brottflutning hersins fyrir augum, eins og* ákveðið var í vor. Ég vil í því sambandi segja, að ég hef fyrir mitt leyti ekkert efazt um það, að þótt til þess þyrfti að koma, að við næðum ekki samkomulagi við Bandaríkin og segðum samningnum upp, þá mundu Bandaríkin fara héðan burtu með sinn her. En það segi ég, þó að ég fyllilega muni eftir þeirri aðstöðu, — standandi sjálfir í sömu aðstöðu og nú er — að vera stuðningsmaður ríkisstj. þá með samning íslenzka ríkisins við Bandaríkin í höndunum, sem Bandaríkin stóðu ekki við.

Ég man fyllilega eftir því, þegar Bandaríkjastjórn lýsti því yfir út frá samningnum 1941, þegar þau áttu að fara burt með sinn her hér í stríðslok, að þau skildu samninginn öðruvísi og mundu ekki fara. Ég man eftir því, þegar þau fóru fram á að fá hér herstöðvar til 99 ára. Út frá því, sem hér hefur borizt í tal, sérstaklega frá hálfu hv. 1. þm. Reykv., vil ég minna á, að sú hætta er enn yfirvofandi, að sú krafa Bandaríkjanna eða einhver svipuð kunni að koma upp. Ég hef skilið þetta 10 ára tímabil eða 11 ára nú, sem liðið er síðan krafan um herstöðvar til 99 ára var flutt hér af hálfu Bandaríkjastjórnar, — ég hef skilið það tímabil þannig, að Bandaríkin hafi verið að reyna að koma ár sinni þannig hér fyrir borð, að þau gætu haft hér herstöðvar marga áratugi. Ég tók eftir því, að hv. 1. þm. Reykv. orðaði það svo hér áðan í ræðu sinni, að hann sagði: Hættuástandið hefur staðið allt frá lokum síðustu heimsstyrjaldar. — Það er að vísu ofur lítið teygjanlegt orð, þetta hættuástand, sem hv. 1. þm. Reykv. notaði í því sambandi. En ég er hræddur um, að Bandaríkjastjórn hafi a. m. k. litið svo á eins og hann, þessi síðustu 10 eða 11 ár, að það hafi alltaf verið hættuástand, eins og hann virðist líta á. Ég er hræddur um það.

Við Íslendingar höfum litið öðruvísi á þessi mál. Við litum þannig á þau 1946, að Alþingi lýsti því yfir, þegar það gekk í Sameinuðu þjóðirnar, að við mundum ekki einu sinni ljá Sam-

einuðu þjóðunum herstöðvar hér, þó að þær gripu til styrjaldarráðstafana út frá sínum lögum. Og ef það hefur verið álit hv. 1. þm. Reykv., — eins og hann virtist álíta hér áðan eða skauzt hér upp úr honum, — að það hafi verið hættuástand allan þennan tíma, og Bandaríkjastjórn líklega líka litið þannig á, eins og hún sýndi með kröfu sinni um herstöðvar hér til 99 ára 1945, er ég hræddur um, að þá hafi jafnvel yfirlýsingin, sem gefin var, þegar Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið, um, að hér yrðu ekki herstöðvar á friðartímum, frá sumra hálfu verið meint þannig, að það væri bara tímaspursmál, hvenær hægt væri að fá Íslendinga til þess að taka hér upp herstöðvar.

Hv. 1. þm. Reykv. talaði um undanlátssemi við kommúnista, eins og hann orðaði það, í sambandi við ýmislegt í þeim orðsendingum, sem hér liggja fyrir. Kannske það hafi líka bara verið undanlátssemi við kommúnista, að því var neitað 1945 að gera herstöðvasamning við Bandaríkin til 99 ára. Það er a. m. k. talað þannig nú af hálfu forustumanna stjórnarandstöðunnar, að manni gæti dottið slíkt í hug. M. ö. o.: við stöndum frammi fyrir því, að forustumenn stjórnarandstöðunnar hér virðast líta svo á, að það hafi verið síðustu 11 árin sífellt hættuástand í heiminum, verði það líka lengst af, hér séu hvort sem er komnar herstöðvar og það verði þá líklega, liggur manni við að draga ályktanir þar af, lengst af að vera her hér á Íslandi. Við sjáum sem sé, frammi fyrir hverju við stöndum, svo framarlega sem ástandið væri þannig í dag, að Sjálfstfl. hefði áhrif á ríkisstj. þessa lands. Það mundi víst þá ekki vanta á, að það yrði tekið lipurlegar í það að semja, jafnvel þó að það væri til allmargra áratuga, um herstöðvar á Íslandi og engin undanlátssemi við kommúnista sýnd, svo að ég noti orðatiltæki hv. 1. þm. Reykv.

Það er vissulega ekkert ánægjulegt, — og þar skildi hv. 1. þm. Reykv. mjög vel okkar afstöðu, — það er ekkert ánægjulegt, þó að við álítum það rétt í augnablikinu út frá öðrum forsendum en okkar samherjar að fresta um nokkra mánuði framkvæmd þeirrar samþykktar, sem Alþingi gerði í vor. En við gerum það til þess að tryggja okkar þjóð réttinn til þess áfram að knýja þessa endurskoðun fram, knýja það fram, að samþykktin frá 28. marz verði sett að fullu í gildi og 18 mánaða tíminn, sem samningurinn frá 1951 ákveður um, hefjist. Það er á valdi þjóðarinnar og allra þeirra samtaka hjá henni, sem áhuga hafa fyrir þessum málum, að knýja þetta fram. Alþýðusambandsþing hefur þegar samþykkt fyrir sitt leyti ákveðna og djarfa áskorun í því efni, og ég efast ekki um, að Alþingi muni á sínum tíma standa, þ. e. a. s. meiri hluti þess, einhuga um að framfylgja þeirri ályktun, þó að frestur sé á henni gerður nú. Hitt skulum við svo jafnan hafa í huga, og þær ræður, sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar, fulltrúar Sjálfstfl., flytja hér, sýna okkur, hver hætta er á ferðum. Það blakkar bókstaflega í Sjálfstfl., ef hann heldur, að það sé hægt að framlengja hernámið á Íslandi. Það er eins og honum finnist alveg sérstök ánægja að því. Og ég efast ekki um, að öllum áróðri hans mikla blaðakosts muni verða beitt að því að reyna að skapa það álit hjá þjóðinni, að hernáms sé þörf.

Á móti þessu þarf þjóðin að vinna. Við þurfum að halda áfram á þeirri braut, sem Alþ. fór inn á 28. marz. Og þótt ég hafi deilt á ýmislegt í þessum orðsendingum, gleður það mig, að það er hvergi hopað frá þeim og að engu leyti ógiltar þær ákvarðanir, sem þar voru teknar. Ég hef þá trú á þeirri þjóð, sem komið hefur í veg fyrir það, að við stæðum nú með herstöðvar hér til 99 ára, að hún muni líka bera gæfu til þess að losa okkur við þessar herstöðvar, sem við burðumst hér með.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Það hafa nú þegar farið hér fram nokkuð ýtarlegar umræður um það mál, sem er til umr., og hafa þeir hv. 1. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Reykv. komið hér fram með sínar hugleiðingar og athugasemdir við málið. Ég sé ekki ástæðu til að fara að ræða einstök atriði úr ræðum þeirra hér umfram það, sem til mín hefur verið beint sérstökum fyrirspurnum. En þeim fyrirspurnum, sem hér hafa verið bornar fram og ekki hafa farið fram hjá mér, skal ég leitast við að svara, eftir því sem ég frekast get.

Hv. 3. þm. Reykv. vildi fá um það skýr svör, hvort ekki hefðu verið gerðir aðrir samningar við Bandaríkjamenn en þeir tveir, sem ég las hér upp í kvöld, hvort ekki hefðu verið gerð drög að öðrum samningum eða hvort við hefðum ekki rætt við þá sérstaklega um einhverjar lántökur. Þessu get ég svarað alveg afdráttarlaust. Það hafa engir samningar verið gerðir við Bandaríkjamenn aðrir en þeir tveir, sem ég las hér upp. Við gerðum ekki drög að neinum öðrum samningum við þá, og ég ræddi ekki við þá um neinar lántökur. Ég vænti, að þessi svör séu nógu skýr og ákveðin af minni hálfu.

Þá ræddi hv. 3. þm. Reykv. nokkuð um ástæðuna fyrir því, að viðræðum um endurskoðun varnarsamningsins í því skyni, að varnarliðið fari úr landi, skuli ekki haldið áfram nú. Í því samkomulagi, sem hér liggur fyrir, er það greinilega fram tekið, að ástæðan fyrir því, að umræðunum er ekki haldið áfram, er sú styrjaldarhætta, sem talin er nú ríkja í heiminum, sérstaklega í Evrópu.

Hv. 3. þm. Reykv. vildi ekki fallast á, að rétt hefði verið að fresta viðræðunum eða láta hætta viðræðunum vegna stríðshættunnar. En hann taldi þó, að það hefði átt að láta þær falla niður, vegna þess að okkar samningsaðstaða væri óhagstæð í tilefni af því, að Alþfl. og Framsfl. teldu, að um stríðshættu væri að ræða.

Út af þessu vil ég aðeins segja það, að okkar samningsaðstaða var hvorki hentugri né óhentugri en það, að Bandaríkjamenn hófu viðræðurnar við okkur með því að taka það fram, að þeir væru reiðubúnir til að fara með varnarliðið úr landi samkvæmt ákvæðum varnarsamningsins sjálfs, ef við óskuðum þess. Þetta lá alveg greinilega fyrir.

Þá ræddu hv. 3. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Reykv. nokkuð um styrjaldarhættuna. Hv. 3. þm.

Reykv. taldi, að nú væri ekki um stríðshættu að ræða, og hv. 1. þm. Reykv. vildi fá að vita, hvort ég teldi, að friðnum í heiminum stafaði meiri hætta frá Ungverjalandi eða frá botni Miðjarðarhafsins. Ég ætla ekki að fara að deila um þetta atriði við hv. 3. þm. Reykv. Hann sér enga ófriðarhættu í heiminum í dag. Um þetta verð ég bara að segja það, að það þarf mjög lituð gleraugu til þess að geta ekki komið auga á það, sem er að gerast og hefur verið að gerast. Það þarf svo lituð gleraugu til þess, að ég held, að þau fáist varla og verði ekki komizt af með minna en að loka augunum og vilja alls ekki sjá það, sem um er að ræða.

Að því er varðar hv. 1. þm. Reykv. og spurninguna um það, hvort meiri hætta stafi nú frá Ungverjalandi eða frá botni Miðjarðarhafs, þá hygg ég, að það hafi litla þýðingu fyrir úrlausn þessa máls, að hvaða niðurstöðu við kæmumst í þeim efnum. Það er staðreynd, sem allur þorri manna er á einu máli um, að frá báðum þessum stöðum er mjög alvarleg hætta.

Ég sagði í ræðu minni hér fyrr í dag, að á meðan átökin í Ungverjalandi væru innan marka þess lands, væri ófriðarhættan kannske ekki svo alvarleg sem hún yrði, ef þetta ætti að breiðast út fyrir mörk landsins. Og sérstaklega benti ég á það, hvílíkur voði væri fyrir dyrum, ef þau átök, sem undanfarið hafa verið í Ungverjalandi, ættu eftir að breiðast út til Austur-Þýzkalands.

Mér er það fullkomlega ljóst, að á báðum þessum stöðum er mjög alvarleg ófriðarhætta, þó að hún nái ekki hámarki sínu að því er Ungverjaland varðar, nema ef til þess skyldi koma, að átökin, sem þar hafa farið fram nú að undanförnu, ættu eftir að breiðast út fyrir mörk þess lands. Maður vonar, að svo fari ekki, en eins og ég sagði í kvöld eða í dag: ég reyni ekki að spá neinu um það.

Þá spurði hv. 1. þm. Reykv., hvort ég væri sammála því, sem fram kom í yfirlýsingu hæstv. félmrh., að sú stöðvun, sem hér hefði orðið á viðræðunum við Bandaríkjamenn um endurskoðun varnarsamningsins, ætti aðeins að vera bundin við tvo, þrjá mánuði, og hvort meiningin væri að fara á stað með þessar viðræður aftur og láta frestina líða eftir tvo, þrjá mánuði. Hann spurði enn fremur, þessi hv. þm., hvað væri fyrirhugað um framkvæmdir á varnarstöðvunum og hvort maður gæti búizt við því, að Bandaríkjamenn réðust í framkvæmdir, ef um stuttan, takmarkaðan frest væri að ræða.

Mér finnst af þeim spurningum, sem hv. 1. þm. Reykv. hefur lagt fyrir mig, að hann hafi misskilið mjög eðli málsins, eftir því sem ég reyndi að útskýra það í ræðu minni hér í dag og eftir því sem ætlazt er til að fram komi í því samkomulagi, sem gert hefur verið. Ég tók það skýrt fram í dag, og það á að koma fram og kemur fram í samkomulaginu sjálfu, að það, sem hér er að gerast, er ekkert annað en það, að við viðurkennum, að í dag sé það mikið ófriðarástand í heiminum, að ekki sé forsvaranlegt að gera ráðstafanir til brottfarar varnarliðsins úr landinu. Við gerum jafnframt ráðstafanir til þess, að sett sé upp sérstök n., skipuð fulltrúum Bandaríkjamanna og Íslendinga, til þess að fylgjast með ástandinu í þessum málum og gera tillögur til ríkisstjórnanna, eftir því sem ástæða þykir til, um það, hvenær hægt sé að hefjast handa í sambandi við brottför varnarliðsins úr landinu. Það fer algerlega eftir ástandinu, friðarhorfunum í heiminum, hvenær fært verður að hefjast handa um þessa hluti. Þetta verður ekki mælt í dögum, vikum eða mánuðum. Það verður eingöngu mælt eftir því, hvernig ástandið er og hvað hægt verður að gera samkv. því.

Þá ræddi hv. 1. þm. Reykv. nokkuð 2. tölulið annars samkomulagsins, sem hér hefur verið til umræðu, og spurðist fyrir um það, hvort meiningin með þessum tölulið væri sú, að Íslendingar ættu nú að fara að taka vopn í hönd og taka þátt í vörnum landsins á þann hátt. Var þessi hv. þm. með talsvert miklar hugleiðingar um þetta og minnti m. a. á sínar fyrri kenningar í sambandi við þetta atriði.

Út af þessu vil ég taka fram, að það hefur ekki komið til mála, það hefur ekki verið minnzt á það og engum, sem um þessi mál hefur fjallað, hefur komið til hugar, að Íslendingar ættu sjálfir að taka þátt í vörnum landsins með vopn í hönd eða sem hermenn. Á slíkt hefur ekki verið minnzt, og þessi grein, sem hér er rætt um, gefur ekki minnsta tilefni til að skilja hana á þann veg.

Því var yfir lýst, áður en Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu, m. a., að Íslendingar hefðu ekki her og ætluðu sér ekki að stofna neinn her eða vopna landsfólkið. Þessu var lýst yfir, áður en við gerðumst aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Þessi yfirlýsing kom einnig fram, þegar varnarsamningurinn var gerður 1951, og hún er enn í fullu gildi. Grein sú, sem hér hefur verið gerð að umtalsefni, er einmitt orðuð með hliðsjón af þessari staðreynd, og í henni segir berum orðum, að Íslendingar vilji taka í ríkara mæli þátt í störfum við varnir landsins, með þeirri takmörkun þó, að hernaðarlegur viðbúnaður leyfi. Það er þessi takmörkun, sem segir það skýrt og greinilega, að það er hernaðarlegur viðbúnaður, sem takmarkar þátttöku Íslendinga í vörnunum, vegna þess að í hernaðinum sjálfum og slíkum störfum taka þeir ekki þátt.

Þá hefur það einnig verið gert að umtalsefni hér, hvað væri átt við með orðunum „ábyrgum fulltrúum“ í upphafsorðum annars samkomulagsins.

Þessi orð voru dálitið erfið í þýðingunni, vegna þess að við höfum ekki í okkar máli, að því er við gátum fundið, hugtak, sem nákvæmlega tekur til þess, sem orðað hafði verið í upphaflega enska textanum. Það, sem átt er við með enska heitinu, er það, að þessi nefnd á að vera skipuð mönnum, sem í fremstu röð taka þátt í og bera ábyrgð á vörnum landsins og framkvæmd þeirra. Það eru menn, sem í fremstu röð bera ábyrgð á þeim hlutum, sem þar er um að ræða. Og það, sem verið er að reyna að ná með þessari íslenzku þýðingu, er það, að í þessari n. eigi að taka sæti þeir menn, sem fyrst og fremst bera ábyrgð á framkvæmd og umsjón varnanna.

Það var spurt um það, hver mundi skipa þessa nefnd og undir hvern hún heyrði. Ég vil aðeins

taka það fram, að skv. úrskurði um skiptingu starfa á milli ráðherra og ráðuneyta heyra varnarmálin í einu og öllu undir utanríkisráðuneytið, og það er það að sjálfsögðu, sem fjallar um þetta atriði.

Þá ræddi hv. 1. þm. Reykv. nokkuð um það, hvort samkomulag það, sem hér hefur verið gert, ætti að breyta nokkru, sem fælist í 7. gr. varnarsamningsins frá 1951. Hann ræddi um það, hvort við ættum að leita umsagnar hjá NATO aftur, áður en áfram væri haldið á síðara stigi viðræðum um endurskoðun varnarsamningsins, og hann taldi, að óheppilegra væri fyrir okkur, ef við ættum um þessa hluti við Bandaríkjamenn eina, heldur en ef við ræddum þetta við Atlantshafsbandalagið í heild, þar sem smáríkin ættu einnig fulltrúa.

Ég tók það greinilega fram í ræðu minni hér í dag, og það er tekið fram í þeirri fréttatilkynningu, sem utanrrn. hefur þegar gefið út, að engu í því samkomulagi, sem gert hefur verið, er ætlað að breyta neinu, sem felst í 7. gr. varnarsamningsins. Það, sem er verið að gera með þessu samkomulagi, er að leitast við að sjá svo um, að það, sem reyndist vera að langsamlega mestu leyti formið eitt við framkvæmd endurskoðunar varnarsamningsins, verði nú annað meira. Samkv. varnarsamningnum og ákvæðum hans var á sínum tíma skrifað til NATO. NATO lét okkur í té sína umsögn, og svo skeði ekkert meira með þá umsögn. Það fóru ekki fram áður og var ekki ráð fyrir því gert í 7. gr. varnarsamningsins, að áður færu fram neinar viðræður eða neinn undirbúningur undir það, að þessi umsögn yrði til.

Það, sem verið er að gera nú með skipun fastanefndarinnar, er ekkert annað en það, að af hálfu ríkisstjórnanna beggja sé fylgzt gaumgæfilega með málinu og reynt að gera sér ljóst, hvernig ástandið er og hverjar okkar þarfir eru fyrir varnir. Það er sjálfsagður hlutur, að þegar þessi nefnd fer að starfa og kynna sér ástandið, þá er það Atlantshafsbandalagið, sem er fyrsti aðilinn, sem þessi nefnd hlýtur að hafa samstarf við. Með slíku fyrirkomulagi sem þessu er það tryggt, að málið sé athugað gaumgæfilega og af aðilum og með þeim hætti, sem íslenzka þjóðin getur treyst og fest trúnað á hvað segja.

Ég held, að þetta ákvæði, sem hér hefur verið tekið upp, sé til mikilla bóta og mikillar tryggingar fyrir okkur Íslendinga og sé sízt af öllu til þess að fjarlægja okkur samstarfi við Norður-Atlantshafsbandalagið, því að eins og ég tók fram greinilega í minni ræðu í dag, ætti ekkert að vera fjær okkur á þessari stundu en gera nokkrar ráðstafanir, sem gætu hnigið í þá átt, að ráðir Atlantshafsbandalagsríkjanna riðluðust eða þess aðstaða veiktist með einu eða öðru móti. Ástandið í heiminum er einmitt þannig nú, að vestrænar þjóðir þurfa á þessum samtökum að halda, og þær setja nú sitt traust meira á þessi samtök en e. t. v. nokkuð annað í sambandi við framtíðina.

Ég held, að ég hafi nú talið fram allar þær spurningar, sem fyrir mig voru lagðar, og gefið við þeim þau svör, að ég vænti þess, að fyrirspyrjendur telji sér fullnægt með svörunum.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég tel að vísu, að ég eigi rétt á því að halda hér fullkomna ræðu, vegna þess að fyrr í kvöld talaði ég eingöngu um þingsköp, um það, hvort ástæða væri til þess og rétt að hefja þessar umræður algerlega undirbúningslaust og án þess að stjórnarandstaðan fengi í hendurnar og til athugunar þau gögn, sem allar umræður hljóta að hvíla á. En auðvitað hlíti ég úrskurði forseta og mun ekki troða illsakir við hann af þeim sökum. Ef hann vill varna mér máls, hefur hann vald til þess, og raunar gæti hann eins sagt, að við töluðum hér allir af hans miskunn, því að þetta eru ekki reglulegar umræður, heldur utan dagskrár og efasamt, hvort þær eru heimilar í fyrsta lagi, og þá í öðru lagi, hvort nokkur má tala annar en ráðherrann, sá sem gefur skýrsluna. En látum það eiga sig.

Ég vildi bara taka það skýrt fram strax, að því fer mjög fjarri, að svör hæstv. ráðh. við þeim fyrirspurnum, sem ég bar upp, væru fullnægjandi. Hann yfirleitt leiddi hjá sér, þó að hann talaði fagurlega og skynsamlega um málið, eins og hans var von og vísa, að svara þeim einföldu spurningum, sem fyrir hann voru bornar.

Ég skal ekki fara að rekja þær allar nú, en aðeins minna á það, að hann skýrði ekki, svaraði ekki því, hvort stj. öll er sammála hæstv. félmrh. og hæstv. viðskmrh. um það, að koma eigi í veg fyrir, að varnarframkvæmdir verði hafnar hér að nýju. Þetta er mjög mikilvægt mál, bæði vegna þess, að það sýnir, hvort hér sé eingöngu um að ræða bráðabirgðasamkomulag eða samkomulag til lengri tíma, og eins hitt, að mjög erfitt er að gera sér grein fyrir atvinnuástandinu í landinu á næstu mánuðum eða árum, nema við vitum, hvað er fyrirhugað í þessum efnum. Og ég trúi því ekki, að stj. hafi ekki gert sér grein fyrir þessu.

Hann svaraði því líka mjög óljóst, hvort þessi samningur ætti að standa aðeins nokkra mánuði, eins og hæstv. félmrh. sagði, eða lengur. Hann sagði, að það yrði ekki talið í dögum, ekki vikum og ekki mánuðum. Það minnir mig á orðin: „einn dagur sem þúsund ár og þúsund ár dagur, ei meir.“ Það sýnist vera, að hér sé síður en svo tjaldað til einnar nætur, það er helzt að líkja við eilífðina eftir þeirri upptalningu, sem hæstv. ráðh. gaf, og er þá þess líka að minnast, sem var sagt í Þjóðviljanum á fyrstu síðu í dag: Er dauði til eftir þetta líf? — Er ekki ætlunin, að jafnvel þó að samningnum verði sagt upp æ ofan í æ, verði hann alltaf endurnýjaður, þegar þar að kemur?

Það var einhver þm., sem skaut því hér fram, þegar hæstv. utanrrh. sagði, að Bandaríkjamenn hefðu byrjað samningana með því að segja, að auðvitað færu þeir burt með liðið á tilteknum tíma, ef Íslendingar krefðust þess, að þá hefði nú fyrst farið að fara um stj., þegar þeir heyrðu, að Bandaríkjamenn ætluðu að fylgja gerðum samningum og taka liðið á brott.

Sannleikurinn er sá, að það er mjög gott að vera hreinskilinn í viðskiptum sínum við aðrar þjóðir, en það er líka nauðsynlegt, að það sé hreinskilnislega hér sagt, um hvað er verið að semja.

Hæstv. ráðh. gat þess, — það var ekki út af minni fyrirspurn, heldur fsp. hv. 3. þm. Reykv. (EOl), — að hann hefði ekki tekið þátt í neinum samningum um lán. En ég spyr þá alveg hiklaust: Voru aðrir, sem tóku þátt í samningum um lán? Og ég skal spyrja aftur, til þess að það sé alveg ljóst, hvað ég á við: Hvað var Vilhjálmur Þór bankastjóri að gera mánuðum saman eða a. m. k. vikum í Bandaríkjunum í haust, og hver voru erindislok hans þá, og er nú ráðgert, að eftir að þessum samningum er lokið, fari Vilhjálmur Þór aftur vestur? Það er kannske ekki að búast við svari, en við skulum bara bíða og láta verkin tala.

Þá talaði hæstv. ráðh. um 7. gr. En hann fékkst ekki til þess að svara þeirri mjög einföldu spurningu: Er 7. gr. samningsins breytt, eða er henni ekki breytt? Hann segir, að það eigi að gera breytingu á framkvæmdinni, og hann segir, að breytingin sé til bóta, en þó segir hann í öðru orðinu, að það sé engin breyting. Er eða ekki er — það þriðja er ekki til. Annaðhvort er 7. gr. óbreytt, og þá erum við skyldugir til að leita til NATO. Ef búið er að breyta henni á þann veg, sem ég gerði hér grein fyrir áðan, þá er að segja það hreinskilnislega, og þá höfum við fjarlægzt NATO, og þá er það gert til þess að gera ekki aðeins kommúnistunum, heldur líka hæstv. forsrh. ögn minna bumbult við það, sem hann á að kingja.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Það voru rétt nokkur orð út af þeim viðbótarfyrirspurnum, sem hv. 1. þm. Reykv. kom með í ræðu sinni hér áðan.

Hann talaði um það, hvort ríkisstj. ætlaði að koma í veg fyrir, að haldið væri áfram með varnarframkvæmdirnar á Keflavíkurflugvelli og í varnarstöðvunum, hvort þessar varnarframkvæmdir yrðu leyfðar eða ekki. Um þetta atriði vil ég aðeins segja það, að fyrrv. hæstv. ríkisstj. gaf varnarliðinu leyfi til þó nokkurra framkvæmda á Keflavíkurflugvelli, sem ekki er ráðizt í enn þá. Í þeim viðræðum, sem fram fóru við Bandaríkjamenn nú í sambandi við endurskoðunina, var ekkert um þetta mál rætt. Um þetta atriði liggur því ekki neitt fyrir á þessari stundu málsins.

Þá fannst hv. 1. þm. Reykv., að mitt svar við því, hversu langt yrði þangað til aftur yrðu teknar upp viðræður um endurskoðun varnarsamningsins, væri nokkuð óljóst og óglöggt. Hann sagði, að ég hefði ekki getað sagt, hvernig það yrði mælt, í vikum, mánuðum eða tíma (**Gripið fram í:** Eða eilífð.) — eða eilífð. Ég sagði í minni ræðu, að þetta færi eftir ástandinu í heimsmálunum. Ég spyr nú hv. 1. þm. Reykv., og ég vildi gjarnan, að hv. þm. G-K. hjálpaði honum til að svara, því að ég býst við, að það veiti ekki af tveimur til þess að ráða fram úr því: Geta þeir sagt okkur í dag, hvenær slík breyting verður á því ástandi, sem nú ríkir í heimsmálunum, að við getum verið nokkuð öruggir um það, að friðvænlegar horfi í heiminum? Geta þeir sagt okkur fyrir um það nú, hvenær sú breyting verður á því ástandi, sem nú ríkir, að við þurfum ekki að óttast það, að styrjöld sé yfirvofandi? Ég get ekki svarað þessu. (**BBen:** Vill hæstv. ráðh. hlutast til um, að ég fái að svara þessu? Þá skal ég reyna að svara einn.) Ég tilnefndi með hv. 1. þm. Reykv. ágætan aðstoðarmann, sem ég veit að hjálpar honum. Annars hef ég fyrir mitt leyti ekkert á móti því, að þessi hv. þm. tali eins oft og forseti vill leyfa honum það. Það er að sjálfsögðu í hendi forseta. En ég segi: Ég get ekki á þessu augnabliki spáð neinu um það, hvenær það ástand, sem nú er ríkjandi í heiminum, verður svo breytt, að talið verður fært að taka viðræðurnar upp aftur. En eftir ástandinu í heimsmálunum hlýtur það að fara að minu viti.

Þá spurði hv. 1. þm. Reykv. enn um það, hvort ég teldi, að 7. gr. varnarsamningsins hefði verið breytt eða ekki breytt. Ég segi það enn, og ég segi það aftur: Greinin er óbreytt. Henni hefur ekki verið breytt. Hún er í fullu gildi. En það eru í hinu nýja samkomulagi nánari ákvæði, sem styðja það, sem staðið hefur í 7. gr., án þess að þar á sé gerð breyting.

Ég hélt, að hv. 1. þm. Reykv. þekkti svona fyrirbæri það vel úr löggjöf, að hann þyrfti ekki að vera að togast um það fram og aftur hér, hvort greininni væri breytt eða ekki breytt, því að hann hlýtur að sjá það og skilja það sjálfur, þó að hann kannske vilji ekki skilja það, að greinin er enn í fullu gildi, óbreytt, eins og hún hefur alltaf verið.

Ólafur Thors: Herra forseti. Það er nú eins og fyrr um þessi varnarmál, að ég hafði ekki ætlað mér að kveðja hljóðs, en vegna þess að þingsköp takmarka ræðutíma einstakra ræðumanna og hæstv. forseti hefur úrskurðað, að frsm. Sjálfstfl. í þessum málum geti ekki talað oftar, ætla ég að leyfa mér að segja örfá orð.

Hæstv. utanrrh. endaði á því að staðhæfa, að 7. gr. varnarsamningsins væri í fullu gildi og óbreytt, en þó væri nú á henni breyting, og mig langar þá að spyrja, hver hún er.

Ég vil leyfa mér að spyrja: Er það enn í gildi, að ríkisstj. Íslands beri, eins og nú er samkvæmt 7. gr. varnarsamningsins, að hefja undirbúninginn að brottför hersins með þeim hætti að leita umsagnar NATO? Ég endurtek: Er þetta enn þá samnings- og lagaskylda, eða er það ekki? Hafi tilgangurinn verið sá að breyta 7. gr., tel ég að til þess þurfi lögboð.

Hæstv. utanrrh. svaraði hv. 3. þm. Reykv. að gefnu tilefni frá honum því, að engin önnur mál hefðu verið rædd í sambandi við þessa samninga en þau skjöl bera með sér, sem við höfum fengið aðstöðu til að heyra og augum að líta.

Hv. 3. þm. Reykv. spurði þá: Hefur þá ekkert verið minnzt á lán í sambandi við þetta mál? Hv. 1. þm. Reykv. áréttaði þessa spurningu. Hæstv. utanrrh. sagði: Ég hef ekki minnzt á lán við Bandaríkjamenn. Ég spyr nú: Er það satt, eða er það ósatt, að menn í umboði íslenzku ríkisstj. hafi verið að ræða lántöku fyrir hönd Íslands í Bandaríkjunum í beinu sambandi við þá varnarsamninga, sem hér hafa verið til umræðu? Alþingi Íslendinga á skilyrðislausa og skýlausa kröfu á að fá að vita það, hvort því

er nú bætt ofan á auðmýkt okkar í þessu máli, að ríkisstj. Íslands sé tekin að verzla með réttinn til að verja Ísland.

Hæstv. utanrrh. segir: Ekki hef ég selt þennan rétt. — En ég spyr: Hefur nokkur annar gert það í umboði ríkisstj.? Ríkisstj. Íslands verður að svara því hér á Alþ.: Hafa lántökubeiðnir fyrir hönd Íslands verið til umræðu þessa dagana, sem varnarsamningarnir voru til umræðu, og hafa þau tvö mál verið tengd saman eða hafa þau ekki verið tengd saman? Það þýðir ekkert að neita því, að það gengur þrálátur og hávær orðrómur um, að þetta sé. Ég veit ekki sönnur á honum, en þetta er rætt manna á meðal, og hér á Alþ. ber ríkisstj. að svara þessu: Hún má ekki ætla sér að komast undan í flæmingi. Þetta er svo alvarlegt mál, að við eigum kröfu á að vita hið sanna í því.

Hv. 3. þm. Reykv. var að reyna að afsaka hringsnúning sinn í þessu máli, og ég skal virða honum það til vorkunnar. Ég hef sjaldan heyrt hann tala eins vesællega og hann gerði áðan og þegar hann sagði: Það er þó sannarlega mikil gæfa í þessu máli, að með því að gefa frestinn höfum við hindrað það, að gerður væri langur samningur við Bandaríkin, þá segir hæstv. utanrrh. við sinn góða stuðningsmann: Þetta er allt tómt rugl. Bandaríkin buðu að flytja herinn strax úr landi, svo sem samningar standa til, ef stjórn Íslands óskar þess. — Er þá fokið í öll skjól fyrir kommúnistum.

En svo að við víkjum að hinum alvarlegustu hliðum þessa máls, þá beini ég athygli hv. alþm. og annarra, sem mál mitt heyra, að því, að hér *stendur stjórn landsins alveg tvísaga, og að hún* er ekki meira en tvísaga, er sennilega vegna þess, að það hafa bara tveir ráðh. talað. Og þeir eru ekki tvísaga í neinum smávægilegum atriðum. Þeir eru tvísaga um sjálfan kjarna málsins. Hæstv. félmrh. segir: Það er aðeins gefinn frestur í 3—4 mánuði, og þá tökum við þetta allt upp aftur og rekum herinn í burtu. — Aðspurður um það, hvort hæstv. félmrh. hafi þarna lög að mæla, segir utanrrh.: Það er nú eitthvað annað. Þetta fer allt eftir kringumstæðunum í heiminum, hvað langur tími líður þangað til við tökum upp samninga. Það getur orðið dagur, það geta orðið vikur, og það geta orðið mánuðir eða ár. — Og svo endar hann á því að segja: Ég veit ekkert, hvað það verður lengi, fyrr en Bjarni Benediktsson eða Ólafur Thors segja mér, hvenær verður kominn friður á í heiminum.

Finnst mönnum boðlegt, að hér komi fram tveir ráðh. í jafnveigamiklu máli sem þessu og annar segir þinginu: Það er aftalað á milli okkar, sem stöndum að ríkisstj., að fresturinn gildi í fáa mánuði, — hinn segir: Þetta er tóm vitleysa, sem félmrh. er að segja. Enginn veit, hvort fresturinn verður lengri eða skemmri? — Sættir Alþ. sig við þetta? Sætta stjórnmálaflokkarnir sig við svona frammistöðu?

Ég spyr sem Íslendingur, sem vil, að landið sé varið á hættutímum, ég spyr ríkisstj. Íslands: Er ykkar meining að verja landið, eða er það ekki? Hæstv. utanrrh. segir: Ég vil verja landið og hafa það varið, meðan ég tel hættu á ferðinni. — Annar ráðh. segir aftur á móti: Þetta er ekki rétt, því að ríkisstj. hefur ákveðið, að eftir fáa mánuði skuli uppsögnin aftur ganga í gildi. — Verða slík svör tekin gild í svo mikilsverðu máli?

Aðspurður um það, hvort leyft muni verða að hefja mannvirkjagerð að nýju, sagði hæstv. utanrrh.: Ég veit ekkert um það, á þetta var alls ekki minnzt. — Er sennilegt, að það hafi alls ekki verið minnzt á það, þegar samið var um að hætta við að standa við yfirlýsingu Alþingis frá 28. marz? Er þá sennilegt, að það hafi ekkert verið getið um það, hvort þá mannvirkjagerð, sem stöðvaðist, mætti hefja að nýju eða ekki? Ég segi það alveg eins og er, að ég trúi þessu ekki. Hefði ég verið umboðsmaður Bandaríkjanna, hefði ég spurt um þetta. Og ef ég hefði verið umboðsmaður Íslands, þá hefði ég líka viljað hafa þetta á því hreina. Það hefur eitthvað undarlegt verið hér á seyði, ef þetta hefur ekki borið á góma. Þessi loðnu og óhreinu svör utanrrh. um mál, sem í jafnríkum mæli snerta hagsmuni kjósenda hans, en auk þess öryggi lands og þjóðar, eru vítaverð og hrein óvirðing við Alþingi.

Hv. 1. þm. Reykv. spurðist fyrir um það, hvað væri átt við með því, að Íslendingar tækju í ríkari mæli en áður að sér störf, er varða varnir landsins, á meðan völ er á hæfum mönnum til slíkra starfa, svo og að tryggja, að menn séu æfðir í þessu skyni. Hv. 1. þm. Reykv. leiddi athygli að því, að hér er beinlínis vikið við orðalagi þáltill. frá 28. marz s. l., því að þar stendur beint: „þó ekki hernaðarstarfa.“ Hér er sú setning látin niður falla. Hvað liggur nær en álykta, að með þessu sé verið að tala um að koma upp því varnarliði, sem sé fært um að verja herstöðvarnar, þegar erlendur her er farinn? Ég vildi mælast til þess, að hæstv. utanrrh. gæfi á því skýringar sérstaklega, hvers vegna niður er fellt eða breytt því orðalagi, sem var látið gilda um þáltill. frá 28. marz.

Ég vil aðeins, áður en ég skil við hæstv. utanrrh., leyfa mér enn að minna á það, að hann er sérstaklega spurður um það, hvort því megi treysta, að það sé hreinn ómerkingur, sem áðan stóð upp úr ráðherrastól til þess að lýsa því yfir, að ríkisstj. hefði ákveðið, að innan mjög fárra mánaða skyldi uppsagnarákvæðið ganga í gildi. Í fyrsta lagi er um þetta spurt. Í öðru lagi er um það spurt af mörgum, hv. 1. þm. Reykv. (BBen), hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) og mér: Hefur verið rætt um lántökur í sambandi við þetta mál af einhverjum í umboði ríkisstj., hvort sem það er hæstv. utanrrh. sjálfur, sem hefur gengið að því verki, eða ekki? Í þriðja lagi er um það spurt, hvort lagaskylda sé að spyrja NATO að nýju, áður en herinn fer úr landi.

Á hv. 3. þm. Reykv. (EOl) var lagður sá kross að flytja hér áðan ræðu, sem ég hygg að muni geymast í minni þeirra, sem hana heyrðu, betur en sumar aðrar ræður hans. Hann sagðist vera algerlega andvígur því, sem nú hefði verið gert. Hann taldi forsendur þær, sem stjórnin færir fyrir frestinum á brottför hersins, allar rangar, þ. e. a. s. að stjórnin sé að svíkja þingviljann frá 28. marz. En afleiðingarnar, sem hann tekur af þessu, eru svo þær, að hann lýsir yfir stuðn-

ingi við þessa hæstv. stjórn. Hann lýsir því líka yfir samtímis í sömu ræðu, að það hafi verið ágætt, að endurskoðunin fór ekki fram, þ. e. a. s. að þessi svik voru framin, með því hafi verið forðað því, sem verra var, þ. e. a. s. langri hersetu. Allt þetta segir þessi stuðningsmaður stjórnarinnar, enda þótt hann hafi fengið að heyra, að hæstv. utanrrh. skýrði frá því, að Bandaríkin hafi tjáð sig fús að fara með herinn tafarlaust, bara ef utanrrh. hefði fengizt til að samþykkja það.

Nú vil ég biðja þennan hv. þm., sem er nú létt um málið, að gera þetta dæmi upp fyrir mig, svo að ég skilji það betur. Hann segir: Ég er algerlega andvígur því, sem hér hefur farið fram, í fyrsta lagi. Í öðru lagi tel ég forsendur hæstv. utanrrh. allar skakkar. Af þessu leiðir að sjálfsögðu, að utanrrh. er að svíkja bæði mig og aðra stuðningsmenn sína. Samt sem áður lýsi ég stuðningi við hann og fagna svikum hans.

Hv. þm. lauk máli sínu með því að þvo hendur sínar og segja: Þótt þetta sé allt bágt og bölvað, þótt það séu svik og þótt ég sé andvígur því öllu, eins og það leggur sig, og þótt ég þrátt fyrir það styðji ríkisstj., þá hef ég þó, guði sé lof, það að hugga mig við, að enn stendur í gildi þál. frá 28. marz s. l. og enn stendur loforð stjórnarinnar í gildi, og það eina, sem hefur gerzt, er það, að ekkert af þessu er framkvæmt. — Bókstafurinn er þarna. Framkvæmdin fór hina leiðina. Litlu verður Vöggur feginn.

Það hefur verið mjög mikið talað núna undanfarið um kokviddina hjá kommúnistum og það kannske ekki að ástæðulausu. Það er talsverð lyst að geta rennt niður öllum sínum fyrri staðhæfingum um kaupbindingar og gengi og bátagjaldeyri og þingmannarán og hvað það nú heitir allt. Enn þá er það þó meiri lyst, að vera nú orðnir eins konar mannætur. Þeir eru byrjaðir að renna niður hermönnum líka og það í heilu lagi og 6 þúsund stykkjum í einu. Og þó finnst mér það einna aumast, þegar maður í leiðinni étur sjálfan sig, eins og mér fannst þessi hv. þm. gera áðan.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þessar umræður um skýrslu hæstv. utanrrh. höfðu alvarlegan blæ, eins og vera ber, lengi kvölds, allt þangað til þingstrákur nr. 1, fyrrverandi forsrh., Ólafur Thors, tók til máls. Þingstrákur nr. 1 hefur aldrei getað setið á sér hér undir þessum umræðum, gripið fram í hvers manns mál og talað svo alveg hreint eins og þingstrákur nr. 1, þegar hann er kominn hér í ræðustólinn, og það er hann, sem hefur sett sérstakan strákssvip á þessar umræður, og hefði öðrum sómt, en ekki honum.

Hann sagðist spyrja eins og Íslendingur, — sem Íslendingur. Ja, að heyra slíkt. Var ekki ort hér af Jóni Ólafssyni heitnum, að menn þekktu ekki djöfullegra dáðlaust þing en danskan Íslending. **(BBen:** Hver var á móti lýðveldisstofnuninni?) Þetta er alveg nægileg tilvitnun, enda gat nú þingstrákur nr. 1 þagað. Það var þingstrákur nr. 2, sem varð að hlaupa í skarðið. **(SB:** Það er líka sómakært talað úr ræðustóli.) Ja, sómakærara en hv. þm. N-Ísf.

Það er eitt af því, sem hv. þm. G-K. vék að hér áðan, að tveir ráðherrar hefðu hér talað og verið tvísaga, — ef þeir hefðu talað sex, þá mundu þeir hafa orðið sexsaga. Þetta er gersamlega tilhæfulaust fleipur, því að hér hafa engir ráðherrar orðið tvísaga. Hæstv. utanrrh. hefur ekki vikið að því einu orði, að neitt hafi borið á milli um okkar málflutning viðvíkjandi þessu, og ég hef heldur ekki neitt það að herma upp á hann og hans ræðu hér í kvöld, að hægt sé að segja, að okkur hafi ekki borið saman.

Það liggur nú fyrir hér prentað, það sem ég flutti hér í upphafi þessa máls í kvöld. Viðvíkjandi því, hvað við hæstv. viðskmrh. hefðum viljað um frestunina, stendur hér skráð, að við vorum því samþykkir, að frestað yrði um nokkra mánuði samningum þeim, sem ráðgert var að hefjast skyldu þann 15. f. m. Hv. þm. G-K. gerði úr þessu tvo mánuði eða þrjá mánuði. Það stendur ekkert um tvo eða þrjá mánuði, heldur er sagt hér, að við höfum viljað, að málinu yrði frestað um nokkra mánuði. Hvað stendur svo um það, hvað varð? Það stendur í öðrum efnislið orðsendingarinnar, að ríkisstjórn Íslands geti tilkynnt ríkisstjórn Bandaríkjanna um það, þegar henni þóknast, hvenær samningar hefjist að nýju. Orðrétt er þetta svona. Það er samið um það, að sex mánaða frestur sá, sem um ræðir í 7. gr. varnarsamningsins, skuli hefjast, þegar önnur hvor ríkisstjórnin tilkynnir hinni þar um.

Ég verð þess var, að hv. þingmönnum Sjálfstfl. líkar það ekki, að þarna er enginn ákveðinn tími tiltekinn. Og hæstv. utanrrh. hefur sagt: Þessi tími getur orðið stuttur, mjög stuttur, ef heimsástandið batnar, — og vék spurningu að hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. G-K. um það, hvort þeir vissu, hvort það væru margir eða fáir mánuðir, þangað til heimsástandið yrði betra. Og þeir þögðu auðvitað, þeir vissu það ekki.

Það er nú synd að víkja að hv. 1. þm. Reykv. (BBen), því að hann er dauður, hann er búinn að tala sig dauðan, og mun ég því hlífast við því. Þó er ekki hægt að komast hjá að rifja það upp, að hann spurði mjög um það, hvort það fælist í orðsendingu nr. 2, að það ætti að æfa Íslendinga til hernaðarstarfa. Mér duldist það ekki, að það gladdi hann mjög, glaðnaði mikið yfir honum, þegar hann hélt, að nú hillti undir hans gömlu draumsýn um það, að komið yrði á fót íslenzkum her, og var þá að hlakka yfir því, að það væri ekkert ólíklegt, að þetta væri nú að koma, þar sem þetta hefði líka verið áhugamál núverandi hæstv. forsrh. — Ja, það má vel vera, að hv. 1. þm. Reykv. hafi á þessari stundu gert sér vonir um að komast í þennan íslenzka her, því að hann er víst á herskyldualdri. En þegar hæstv. utanrrh. upplýsti: Enginn íslenzkur her fram undan, — þá var það, sem sjálfstæðismennirnir hér í þingsalnum fóru að ókyrrast og voru sýnilega óánægðir með það, sem hefði gerzt, — hillti ekki einu sinni undir íslenzkan her, ekki von um neitt pláss í neinu herforingjaráði, ekkert pláss fyrir neinn herforingja, og Bjarni Benediktsson er þó sannarlega herforingjalega vaxinn, það verður ekki annað sagt. Þá var það, sem fór að fara „pólitúrinn“ af þeim gagnvart hæstv. utanrrh., einmitt þegar hann var

búinn að svara því alveg hreinskilnislega, að hér hillti ekki undir neinn íslenzkan her. Ég skil þetta ósköp vel. Það hefur verið draumsýn Sjálfstfl. að fá íslenzkan her. Og þeir hafa stofninn í hann. Það vitum við, það vita Íslendingar.

Það er alveg greinilegt, að ef Sjálfstfl. hefði nú verið í ríkisstj., hefði hann samið nú um hersetu á Íslandi til langs tíma. Ég sannfærðist um það einmitt í kvöld við að heyra ræðu hv. þingmanna Sjálfstfl., sem tekið hafa þátt í þessum umræðum. Þeir voru argir yfir því, að hér skyldi vera um framlengingu að ræða til skamms tíma, kannske bara örfárra mánaða, ja, kannske ekki nema nokkurra daga, eins og þeir voru að taka í mál. Meðan þeir voru að velta því fyrir sér, voru þeir ókyrrir. Ef þeir hefðu fengið þau svör, að hér væri slegið föstu, að þessu væri öllu slegið á frest til langs tíma, hefðu þeir áreiðanlega orðið kyrrari undir umræðunum núna síðari hluta kvöldsins. Og það var einmitt þegar þeir höfðu ekki fengið neitt út úr svörum hæstv. utanrrh. um það, að hér væri um frestun til langs tíma að ræða, sem „pólitúrinn“ fór að fara af þeim. Þá stóð þeim ekki á sama.

Annað atriði er það líka, sem hefur komið alveg greinilega fram í þessum umræðum, og það er það, að þeim lízt ekki á það, ef það væri nú svo, að Ísland þyrfti eftir þetta samkomulag engan að spyrja, ekki að ganga fyrir öll riki Atlantshafsbandalagsins og spyrja um möguleika til uppsagnar, heldur gæti ríkisstj. Íslands haft lokaorð um það ein, hvort ameríkur her skyldi vera á Íslandi eða hvenær hann skyldi víkja þaðan. Og ég veit, að það er einmitt þetta atriði samkomulagsins, sem þeim er bölvanlegast við. Það stendur hér í orðsendingunni: „Jafnframt hefur verið haft í huga, að úrslitaákvörðun um, hvort varnarlið dvelji í landinu, er hjá ríkisstjórn Íslands.“ — Þarf ekkert að spyrja Atlantshafsbandalagið? hafa þeir verið að spyrja í allt kvöld. Eftir orðsendingunni sjálfri virðist það vera alveg auðsætt mál, að það er ríkisstj. Íslands ein, sem getur nú ákveðið um það, hvort varnarliðið skuli dvelja hér í landinu, og er það mjög í samræmi við það, sem hæstv. utanrrh. sagði að umræðurnar hefðu byrjað á: Ef þið óskið, þá skal ameríski herinn fara.

Ríkisstjórn Íslands hefur skv. þessu úrslitaákvörðun um það, hvort varnarlið skuli dvelja í landinu. Og ókyrrðin hjá sjálfstæðismönnum hér í þingsalnum í kvöld hefur einmitt staðið í sambandi við það, hvort í raun og veru þyrfti nú ekki að ganga fyrir hvers manns dyr innan Atlantshafsbandalagsins til þess að spyrja um það, hvort allar þær þjóðir séu því samþykkar, að hér sé ekki ameríkst herlið. Ég var alveg viss um, að þetta yrði það, sem kæmi mest við kaun sjálfstæðismanna, þeirra sem vildu hafa her í landinu, og það hefur sýnt sig. Það var einmitt þetta. Við þetta er þeim verst.

Hv. 1. þm. Reykv. fór að inna að því, hvort það mætti ekki treysta því, að það væri runnið upp einhvers konar þúsund ára ríki með von í ameríkum her hér á landi það tímabil. Og það var einmitt eftir að hæstv. utanrrh. hafði gert þær vonir að engu, sem hann umhverfðist og sá, sem við tók af honum að honum dauðum, hv. þm. G-K.

Eitt af því, sem hv. þingmönnum Sjálfstfl. kom illa að heyra, var það, þegar spurt hafði verið um, hvort koma eigi í veg fyrir, að varnarframkvæmdir hefjist að nýju, — og hæstv. utanrrh. sagði: Það var ekki samið um neinar nýjar hernaðarframkvæmdir. Það var ekki á þær minnzt. — Um það er ekki til nema það, sem fyrrverandi ríkisstj. samdi um. Og það færi betur, að hún hefði ekki samið um neinar hernaðarframkvæmdir. Það færi betur. Því miður er sjálfsagt ekki hægt að ógilda hennar gerðir í þessu efni. En hitt er þó ljós punktur, að það skuli ekki hafa verið gefin nein vilyrði um það í samningunum, að hernaðarframkvæmdir hér á landi skyldu hefjast að nýju. Neitandi svar við þessu kom sjálfstæðismönnunum greinilega afskaplega illa, og það skilja allir. þegar menn heyra það, að þeir tala sem Íslendingar, sem vilji að það sé herlið í landinu.

Það, sem gerzt hefur hér fyrst og fremst, er, að það hefur verið frestað þeim samningum, sem fram eiga að fara skv. þál. frá 28. marz s. l., um óákveðinn tíma. Þetta er vitanlega meginefnið, og þessar umræður byrjuðu á því, að hv. 1. þm. Reykv. sagði, að utanrrh. ætti alþjóðar þökk — var það ekki rétt — alþjóðar þökk fyrir, að meginatriði málsins hafi náðst. Hann vildi sem sé frestun, og hann sagði, að utanrrh. ætti alþjóðar þökk fyrir að hafa staðið að frestun núna á þessu stigi málsins. Og út af hverju er þá verið að óskapast? (Gripið fram í.) Já, það er alveg óskiljanlegt. Maður gat ekki látið sér detta í hug, að það yrði svo grunnt ofan á stráksskapinn hjá hv. þm. G-K., að hann fengi tækifæri til þess að koma upp á yfirborðið, þegar allt hafði fallið í ljúfa löð. Það hafði fengizt sá frestur, sem öll þjóðin, eins og þeir segja, óskaði eftir. Nei, það var eitthvað, sem angraði þá samt blessaða, og það var þetta, að þúsund ára ríki setu erlends hers á Íslandi var ekki runnið upp. Það var það, sem þeir hörmuðu.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það eru nokkur atriði í sambandi við efni málsins, sem mig langar til að víkja að. Þó vil ég, áður en ég byrja á því, láta í ljós, að það er með nokkuð undarlegum hætti, sem fram koma tveir hæstv. ráðh. ríkisstj. í þesssu máli. Annar þeirra, hæstv. utanrrh., hefur vafið sig í mikilli þoku skynsamlegra hugleiðinga, og það er erfitt að komast að kjarna málsins, en svo kemur aftur hinn hæstv. ráðh., félmrh., og gloprar út úr sér hverri vitleysunni á fætur annarri í þessu máli. Ef þetta héldi nú dálítið áfram og hann fengi að tala nokkrum sinnum enn, færi þetta mál kannske dálítið að skýrast betur fyrir þingmönnum.

Það er eitt atriði, sem er nokkuð verulegt og hv. 1. þm. Reykv. spurði hæstv. utanrrh. að að gefnu tilefni, en utanrrh. leiddi hjá sér að svara, og það var það, að hann spurði: Er það nýjung, að Íslendingar einir ákveði, hvenær herinn skuli fara hér úr landi? Er það nýjung, eða er það ekkert annað en það, sem alltaf hefur verið í varnarsamningnum frá 1951? En félmrh., hefur haldið því hér fram í fyrstu ræðu sinni og enn

þá miklu oftar og skýrar í síðustu ræðu sinni, að það væri eiginlega það eina, sem verulegu máli skipti í þessari samningagerð, ef samningagerð á að kalla, að nú væru það Íslendingar einir, sem réðu, hvenær herinn ætti að fara, og vitnaði í ákvæði um það. En þessi ákvæði í þessum svokallaða samningi hæstv. ríkisstj. nú við Bandaríkin eru bara nákvæmlega orði til orðs þau sömu sem eru í 7. gr. varnarsamningsins frá 1951. Menn verða að átta sig á því, að það er ekki hægt að slá þeirri blekkingu fram, hvorki hér í þinginu né í augu almennings, að hér hafi eitthvað nýtt átt sér stað, að hér eftir séu Íslendingar sjálfir, — en hafi hins vegar ekki haft aðstöðu til þess áður, — sem ákveði, hvenær herinn skuli fara, því að það var eitt af veigamestu atriðunum, sem fyrst og fremst var komið inn í varnarsamninginn 1951 fyrir forustu og atbeina þáv. utanrrh., Bjarna Benediktssonar, að þetta var í höndum Íslendinga einna og íslenzku ríkisstj. Í 7. gr. segir, að hvor ríkisstj. geti hvenær sem er að undanfarinni tilkynningu til hinnar ríkisstj. farið þess á leit við ráð Norður-Atlantshafsbandalagsins, að það endurskoði, hvort lengur þurfi á að halda framangreindri aðstöðu, og geri till. til beggja ríkisstj. um það, hvort samningur þessi skuli gilda áfram. Hvenær sem er getur hvor ríkisstj. gert þetta. Og svo heldur áfram, með leyfi hæstv. forseta: „Ef slík málaleitun um endurskoðun leiðir ekki til þess, að ríkisstjórnirnar verði ásáttar innan 6 mánaða“ — eins og segir í þessum nýja samningi — „frá því að málaleitunin var borin fram, getur hvor ríkisstjórnin hvenær sem er eftir það sagt samningnum upp, og skal hann þá falla úr gildi 12 mánuðum síðar.“

Þetta hefur verið í gildi, og þetta er enn í gildi og — eftir því sem hæstv. utanrrh. lýsti hér yfir áðan — algerlega óbreytt í gildi. Þetta er ákvæði 7. gr. Henni hefur ekki verið breytt, eftir því sem hann segir. En hæstv félmrh. segir, að það sé aðalatriðið við þessa samninga nú, að nú getur ríkisstj. Íslands sjálf ákveðið, hvenær herinn skuli fara. Og er svo hægt að koma og segja: Tveir hæstv. ráðh. hafa ekki verið tvísaga? Annar segir það svart, sem hinn segir hvítt.

Hæstv. félmrh. sagði: Ég er alveg sannfærður um það, og ég hef sannfærzt um það af þeim umræðum, sem hér hafa farið fram í kvöld, að ef sjálfstæðismenn hefðu haft áhrif í stj. landsins nú, þá hefði verið samið til langs tíma við Bandaríkin. — Mig langar til að spyrja: Hverjir höfðu forustu um samningana 1951, og til hvað langs tíma var samið við Banadríkin? Það var samið ekki lengur en íslenzkri ríkisstj. þóknaðist sjálfri að hafa herinn í landinu, eins og nú er gert.

Það er þess vegna hjákátlegt, þegar hæstv. félmrh. er að tala um, að sjálfstæðismönnum sé bölvanlegast við þetta ákvæði núna, að Íslendingar geti sjálfir ákveðið, hvenær herinn skuli fara, — ákvæði, sem hefur alltaf staðið og hefur engu verið breytt um í því samkomulagi, sem nú hefur verið gert.

Þá vil ég vikja að einu atriði í sambandi við fastanefndina, sem hefur vakið nokkra kátínu manna, að á að vera skipuð „fínum“ mönnum eða „ábyrgum“ fulltrúum eða hvað á að kalla þá. Mér skilst helzt á hæstv. utanrrh., að í raun og veru sé þetta heldur engin breyting á því, sem áður hafi verið, annað en það, að það sé verið að gera form um þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu að raunhæfara atriði með því að skipa þessa n. og menn geti við og við — eins og þar stendur — rætzt við. En má ég vekja athygli á því: Höfum við Íslendingar ekki alltaf haft fastafulltrúa hjá Atlantshafsbandalaginu? Höfum við ekki fastan ambassador hjá ráði Atlantshafsbandalagsins? Og er ekki einmitt hæstv. utanrrh. nú eins og fyrirrennarar hans fyrr og síðar að fara á fund Atlantshafsráðsins? Og þar með höfum við að sjálfsögðu alls ekki verið að framfylgja neinu formi. Þvert á móti höfum við Íslendingar haft frá upphafi vega fullkomlega efnislega aðstöðu og ástæðu til að geta fjallað um málefni okkar innan Atlantshafsbandalagsins og alls ekki á formlegan hátt.

Út af fyrir sig má hins vegar segja, að það spilli ekkert þessu máli, þó að einhverjir 3 menn héðan og 3 frá Bandaríkjunum komi til viðbótar sem svokölluð fastanefnd til þess að vinna að þessu. En ég vil vekja athygli á því, að það er algerlega röng túlkun á þátttöku okkar og aðstöðu í Atlantshafsbandalaginu, ef því er haldið fram hér, eins og hæstv. utanrrh. vill vera láta, að í raun og veru hafi þátttaka okkar verið meira form en efni.

Nokkuð hefur það borið á góma hér, þar sem talað er í þessu nýja samkomulagi um aðstöðu okkar Íslendinga til þess að taka sjálfir störf á hendur, er varða varnir landsins. Og þegar nú einn af stjórnarsinnunum kemur hér, hv. 3. þm. Reykv. (EOl), og talar um, að það sé beinlínis háskalegt, sem fram er tekið um þátttöku Íslands í störfum, er snerta varnir landsins, er ekki að furða, þó að aðrir, sem ekki tilheyra stjórnarliðinu, vilji gera þetta nokkuð að umræðuefni. Ég þarf ekki að fara mikið út í það umfram það, sem þegar hefur verið gert, en ég vek athygli á því, að þegar þetta atriði er þannig orðað nú, að það á að undirbúa, að svo miklu leyti sem hernaðarlegur viðbúnaður leyfir, að Íslendingar taki í ríkara mæli en áður að sér störf, er varða varnir landsins, á meðan völ er á hæfum mönnum til slíkra starfa, þá er ekki nema von, að menn eigi nokkuð erfitt með að átta sig á, hvað raunverulega er með þessu meint.

Hæstv. utanrrh. segir: Það hefur alls ekki verið minnzt á neina þátttöku Íslendinga í hernaðarstörfum. — En þeir eiga þó að taka að sér í ríkara mæli en áður störf, er varða varnir landsins. Og ég vek athygli á því, að þetta atriði var þannig orðað í Alþingissamþykktinni frá 28. marz, að Íslendingar áttu að taka að sér gæzlu og viðhald varnarmannvirkja, þó ekki hernaðarstörf. Munurinn liggur ekki aðeins í því, að þá var beinlínis tekið fram, að Íslendingar ættu ekki að taka að sér hernaðarstörf, heldur var orðalagið þannig, að það átti að stefna að því, að Íslendingar gætu tekið að sér gæzlu og viðhald varnarmannvirkjanna. En nú verða þeir að taka að sér störf, er varða varnir landsins, og er auðvitað miklu ótilteknara orðalag.

Um einstök atriði þessa máls skal ég svo ekki fjölyrða miklu meira. Ég vil þó segja það, að hv. 3. þm. Reykv. gladdist nú í lok ræðu sinnar yfir því, að þrátt fyrir þessa samninga stæði þó allt saman enn þá óbreytt. Alþingissamþykktin frá 28. marz um, að herinn skuli fara, stendur alveg óbreytt, stjórnarsamningarnir um, að herinn skuli fara, standa óbreyttir, og hv. þm. komst þannig að orði, að hann og hans flokksmenn eiginlega féllust nú á þetta, þessa samninga, að herinn skyldi áfram vera í landinu, til þess að samþykktin, eins og hann orðaði það, frá 28. marz verði sett í gildi. Þess vegna föllumst við á þetta. — Til þess að samþykktin frá 28. marz verði sett í gildi, m. ö. o.: til þess að herinn fari úr landi, fallast þessir menn á það, að hann skuli vera í landi.

Mönnum liggur við að spyrja almennt, þegar þetta mál er lagt hér fyrir þingið, og það er í raun og veru atriði, sem bæði hv. þm. og almenningur eiga að gera sér grein fyrir: Hvað er það, sem hér hefur gerzt? Því hefur af hálfu okkar sjálfstæðismanna verið fagnað, að hæstv. utanrrh. hefur haft forustu um það, að stjórnarliðið hefur snúið frá villu síns vegar og stefnt þessum málefnum okkar Íslendinga inn í þann farveg, sem við sjálfstæðismenn töldum að heillavænlegastur væri í marz s. l., eða m. ö. o. fyrir alþingiskosningar og eftir alþingiskosningar, því að sá er munur á stjórnarliði hér á þingi og stjórnarandstöðu, að við höfum í þessu máli sem öðru sömu skoðun og við höfðum fyrir alþingiskosningarnar, en stjórnarsinnar virðast þeim mun öfugri í málum eftir kosningarnar sem málin eru alvarlegri og viðurhlutameiri.

Ég spurði áðan: Hvað er það, sem hefur gerzt? Ja, það er sagt, að það hafi verið gerður samningur, Bandaríkjamenn einhverjir hafi komið hér, verið hér 20.—24. nóv. En um hvað hefur verið samið? Hæstv. utanrrh. sagði: Það var ekki minnzt á varnir landsins, ekki minnzt á varnarframkvæmdir. — Svo kom náttúrlega hæstv. félmrh. og sagði, að það hefði ekki þurft, því að það hefði ekki verið hægt að hnekkja því, sem fyrrv. stjórn hefði verið búin að semja um í þessu sambandi. En var þá minnzt á það? Nei, það hefur, eftir því sem sagt er, ekki verið minnzt á varnir, ekki minnzt á varnarframkvæmdir. Það er beinlínis spurt: Er einhverjum bókstaf varnarsamningsins frá 1951 breytt — og sérstaklega er spurt: Er 7. gr. breytt? Verður að leita til Atlantshafsbandalagsins og fá umsögn þess, áður en 12 mánaða fresturinn líður, eins og þar segir, eða á að ganga fram hjá því? Hæstv. utanrrh. segir: Henni er ekki breytt: Og þó, í sama orðinu er nú látið að því liggja, að eitthvað sé þetta öðruvísi en það var. En það var látið fylgja yfirlýsingunni eða fréttatilkynningunni til íslenzku þjóðarinnar, að aðrir samningar en hér eru tilgreindir hafi ekki verið gerðir og að samningum þessum sé ekki ætlað að breyta neinu í sambandi við uppsagnarákvæði 7. gr. varnarsamningsins frá 1951.

Nú bið ég hv. þm. að athuga: Ef þessar höfuðkempur, sem hér sitja nú í stjórnarliði, hefðu ekki verið eins skeleggar og þær voru fyrir kosningar og ekki gert sig eins mannalegar framan í kjósendur og lýst því yfir þá, að þær ætluðu að sjá um, að herinn færi úr landi, og engin alþingissamþykkt verið gerð 28. marz, engin samþykkt, og ef svo þessir sömu herrar hefðu gengið fram hjá því, þegar núverandi hæstv. ríkisstj. var mynduð, að minnast á varnarmálin í stjórnarsamningnum, m. ö. o. ekki sagt: Við ætlum að sjá um það, að herinn skuli fara þegar úr landi, — ef ekkert af þessu hefði verið gert og í ofanálag hefði svo ekki verið gerður þessi svokallaði samningur, sem hér er, stæðum við þá í öðrum sporum en við stóðum 27. marz s. l.? Að engu öðru en því leyti, að valdið hefur stórkostlegri truflun í efnahags- og atvinnulífi okkar Íslendinga þessi sýndarmennska, sem núverandi hæstv. stjórnarherrar hafa haft í frammi með því að nota þetta alvarlegasta mál þjóðarinnar sem bitbein í alþingiskosningunum og renna því svo niður öllu aftur til þess að geta myndað stjórn og taka í ríkisstjórnina jafnvel kommúnista, sem þessir sömu menn voru búnir að lýsa yfir fyrir kosningarnar að undir engum kringumstæðum væri hægt að vinna með. Ég segi: Það þurfti enga samninga. Þessir menn hefðu bara ekki þurft að gefa allar þær mörgu yfirlýsingar, sem þeir hafa verið að keppast við að éta ofan í sig undanfarið. Og það þurfti ekki meira en að þeir hefðu komið sér saman um það í stjórnarráðinu að senda skeyti til Washington, sem hljóðaði eitthvað á þessa leið: Stjórnarflokkarnir eru búnir að koma sér saman um að éta ofan í sig allar yfirlýsingarnar í varnarmálunum eins og öðrum málum, sem þeir hafa gefið yfirlýsingar um. — Það þurfti þetta ekki meira, og þá stóðu þeir í sömu sporum og áður.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég hef nú ekki séð ástæðu til að taka þátt í þessum umræðum, því að utanrrh. hefur svarað þeim fsp., sem til hans hefur verið beint, og gert það þannig, að það hefur engu þar þurft við að bæta. En ég vildi, um leið og þessum umræðum lýkur, og að nokkru leyti í tilefni af ræðu síðasta hv. þm. bæta við þetta nokkrum orðum.

Hann segir, að stjórnarflokkarnir hafi skipt um skoðun í þessu máli. Skoðanir á Alþ. um hervarnarmálin og meðal þjóðarinnar munu vera þrenns konar, eins og kom fram við atkvgr. hér á hv. Alþ., eins og kom fram í útvarpsumræðum og eins og var greinilega lýst í blöðum fyrir kosningarnar. Sumir hugsa þessi mál þannig, að hér eigi að vera her, ef nokkur hætta er, og eins kom raunar fram frá hv. 1. þm. Reykv., að vegna þess að hér væru komnar svo miklar varnarstöðvar, sem komið hefðu eftir 1940, þegar Bretar komu hingað og byrjuðu að gera hér flugvelli, þá þyrfti raunverulega alltaf varnarstöðvar, vegna þess að stöðvarnar sjálfar fælu í sér hættu. Þetta sjónarmið kom greinilega fram í ræðu þessa hv. þm. hér í kvöld. Annað sjónarmið er það, að hér eigi aldrei að vera her, hvernig sem á stendur. Og þriðja skoðunin, sem við stöndum að, framsóknarmenn og Alþýðuflokksmenn, er sú, að það eigi að nota fyrsta tækifæri, sem býðst, til þess að losna við herinn

og Íslendingar eigi að taka við varnarstöðvunum og gæta þeirra á friðartímum og — eins og var lýst yfir af okkur fyrir kosningar og eftir kosningar í yfirlýsingu utanrrh. — hafa þær tilbúnar til þess, að hér komi inn her aftur eins og 1950, ef hans telst þörf að áliti okkar vegna yfirvofandi ófriðarhættu.

Í greinum, sem um þetta voru skrifaðar fyrir kosningar, kom þetta greinilega fram, og í þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. utanrrh. gaf rétt eftir að stj. var mynduð, var þessi skoðun greinilega mörkuð.

Það, sem hefur breytzt, er ekki, eins og hér hefur verið sagt, skoðun okkar á þessu máli. Hún stendur óhögguð. Það, sem hefur breytzt og gerbreytzt, er ástandið í heiminum.

Ég efast um, að nokkur af hv. þm. telji sig þess umkominn að hafa getað spáð því fyrir, að þeir atburðir, sem eru að gerast í Ungverjalandi, og þeir atburðir, sem gerðust fyrir botni Miðjarðarhafs, mundu gerast á þessum mánuðum. Ég hugsa, að hver einasti hv. þm. verði að játa, að enginn sá þá fyrir. Ég hygg, að þeir, sem meira vita en við um atburðina í veröldinni, verði jafnframt að játa, að þeir sáu þá ekki fyrir, gerðu ekki ráð fyrir, að þeir kæmu fyrir, og gerðu ráð fyrir, að upp væri að renna nú á undanförnum mánuðum friðarástand, sem mundi fara stöðugt batnandi.

Þegar þessir atburðir hafa gerzt, sem nú hafa gerzt í veröldinni, getur það vitanlega ekki dulizt neinum manni, að það var ekki hægt að gera annað undir þessum kringumstæðum, sem fyrir lágu, heldur en ríkisstj. hefur gert. Og ekkert annað væri í samræmi við yfirlýsingu ríkisstj. fyrir og eftir kosningar. Ef við álítum, að aðstaðan í veröldinni sé þannig, — um það skal ég ekki dæma, ég býst við, að það verði erfitt að meta það, — en ef við álítum, að það sé eitthvað svipað því, sem það var 1951, — sumir álíta, að það sé meira hættuástand en var 1951, aðrir álita, að það sé minna, — en ef við álítum, að það sé eitthvað svipað, hvernig í ósköpunum geta þeir, sem greiddu atkv. með því, að hér þyrfti að vera her 1951, sezt niður við samningaborð og sagt, þegar eins stendur á núna á þessum tíma: Nei, nú eigið þið að fara burt? — Það væri alls ekki innan ramma þeirrar yfirlýsingar, sem þessir flokkar gáfu fyrir kosningar og eftir kosningar: her ætti að fara í burtu, þegar friðvænlega horfir, en hér ætti að koma inn her, þegar ófriðarhætta væri yfirvofandi. Þess vegna er það augljóst, og það gat hver maður sagt sér sjálfur, að ef við ætluðum að standa við þær yfirlýsingar, sem við gáfum fyrir kosningar, og þegar þetta ástand vofði yfir, var ekki hægt að gera annað en gert var.

Það er mikið rætt um það, að frestað hafi verið um óákveðinn tíma og hvað frestur sá sé langur. Því getur vitanlega enginn svarað annar en sá, sem getur sagt okkur, hvenær það ófriðarástand, sem nú er, breytist.

Það hefur verið enn fremur mikið talað um það, sem eru að vísu smærri atriði, að við höfum þann rétt skv. hervarnarsamningnum að geta sagt honum upp og herinn fari héðan og þess vegna sé ekkert nýtt í þeim nótuskiptum, sem farið hafa fram á milli ríkisstj. bandarísku og íslenzku ríkisstjórnarinnar. Ég vil nú vekja athygli á því, að það er ekki vitnað til samningsins frá 1951, heldur yfirlýsingar okkar, þegar við gengum í NATO 1949, yfirlýsingar, sem þá var staðfest að vísu með fréttatilkynningu frá utanríkisráðherra Bandaríkjanna og þáverandi utanrrh. Íslands. Það eru nótuskipti um þessa yfirlýsingu, sem liggja fyrir í samningunum. Hitt er vitanlega alveg augljóst, að uppsagnarákvæði samningsins frá 1951 eru til staðar og hafa verið til staðar.

En svo er eitt atriði, sem hér er gerður mikill matur úr, og það er það, að ríkisstj. skuli ekki öll vera sammála um orðalag þeirrar yfirlýsingar, sem gefin hefur verið. Ég ræddi það nú nokkuð eða í eins stuttu máli og ég gat, enda gerist þess ekki þörf að rekja það í löngu máli, því að það er öllum vitað, hver hefur verið skoðun þeirra flokka, sem að ríkisstj. standa, um varnarmálin. Og það hefur ekki verið farið dult með það á undanförnum mánuðum og var ekki farið dult með það, þegar atkv. voru greidd um yfirlýsinguna frá 28. marz. En það er nú einu sinni svo í þessu landi, að þar sem fleiri flokkar standa að ríkisstj., skeður það líklega nokkuð sjaldan, að menn séu sammála, flokkarnir séu algerlega sammála um afgreiðslu þeirra mála, sem afgreidd kunna að vera, eins og kom greinilegast fram í sambræðslustjórn Framsfl. og Sjálfstfl., svo að þess sé nú minnzt, sem síðast var. Þá var framkvæmd hv. 1. þm. Reykv., sem þá var utanrrh., þannig í þessum varnarmálum, að það kom fram, sem eftirminnilegt er, vantraust á flokksþingi framsóknarmanna út af því, sem við vorum ósammála um í framkvæmdinni. Og okkur var úthúðað allan tímann af stjórnarandstöðunni þá, alveg eins og stjórnarandstaðan notar það nú í þessu tilfelli, ef við erum ekki allir sammála. Það var notað allan tímann, allt kjörtímabilið, á Framsfl., að við sætum í ríkisstj. þrátt fyrir það, þó að við værum ósammála utanrrh. í framkvæmd varnarmálanna, — allan tímann. Og ég nenni því nú ekki, enda mundi það taka of langan tíma, ef ég ætlaði að telja upp allar þær ráðstafanir, sem gerðar voru í ríkisstj., en aðrir ráðherrar voru ósammála um. Hef ég þó af ýmsu að taka. Það gengur þannig og mun ganga þannig í þeirri ríkisstj. eins og í öðrum ríkisstjórnum og hefur gengið alla tíð, síðan sambræðslustjórnir tóku við völdum á Íslandi, að ýmsir í ríkisstj. verða að beygja sig fyrir framkvæmdum hinna, þó að þeir séu ekki alls kostar ánægðir með það. Ef það væri ekki þannig í sambræðslustjórnum, þá væri yfirleitt ekki hægt, þá mundi reynast næsta erfitt að koma fram málum.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja um þetta frekar. Það hefur verið spurt hér um eitt mál, hvort það hafi verið rætt um lántökur í sambandi við þessa samninga. Það er búið að svara því. Það er spurt um það, hvort það hafi ekki verið menn erlendis til þess að leita fyrir sér með lán. Ég vil spyrja aftur: Hvenær leið svo missiri hjá fyrrv. ríkisstj. í þrjú ár, að það væru ekki menn á ferðalagi erlendis til þess að

leita fyrir sér með lán í Evrópu og í Bandaríkjunum?

Það er ekkert launungarmál, að vitanlega leitar ríkisstj. fyrir sér með lán í Bandaríkjunum og í Evrópu og heldur þeim sama sið og var hjá fyrrv. stjórn. Hvort það verður árangur meiri eða minni af því, það er allt annað mál, því að um það hefur alls ekkert verið samið.

Ég held, að það hafi svo ekki verið fleira, sem gefur mér neina ástæðu til þess að vera að lengja þessar umræður.

Ólafur Thors: Herra forseti. Hæstv. félmrh. var nú í dálitlum vandræðum með sjálfan sig og hann hefur verið það fyrr. Það er ekkert skrýtið. Hann hugsaði sér nú að svara ákveðnum fsp. og ákveðinni ádeilu með því að segja: Þetta kom frá þingstrák nr. 1, og þess vegna þarf ég ekki að svara því. — Og hann sagði, að ég hefði sett óvirðulegan blæ á þessar umræður. „Öðrum sæmdi, en honum ekki", bætti hann við. Það er ekki von, að það sæmi þingstrák nr. 1 að vera óvirðulegur. Það er ekki von. En er það óvirðulegt, þó að ég segi, að þetta sé hugsanagrautur, herra forseti? Ég spyr nú bara.

Þessi hæstv. ráðh. sagði, að það væri hreinn uppspuni, að ráðherrarnir hefðu orðið tvísaga. Ég hafði nefnt um það ýmis dæmi og það fyrst og fremst, að hann hefur sjálfur lýst yfir hér, að frestur hafi verið gefinn í nokkra mánuði í málinu, en hæstv. utanrrh. hefur sagt um það allt annað, nefnilega það, að það sé ótímabundið og ekki miðað við nokkra mánuði frekar en nokkur ár, það fari eftir allt öðrum atvikum. Þetta er að verða ósammála um sjálft höfuðatriðið.

Ég vil svo ekki elta ólar við þennan hæstv. ráðherra. Hann varð fyrir því óhappi í þessari stuttu ræðu sinni að lýsa hyldýpi fávizku um það aðalmál, sem hann er að tala um. Hann vildi hér bregða þeim skildi fyrir sig í þessari ofaníátsveizlu, sem hann nú er búinn að sitja í nokkuð lengi, þar sem hann er nú með aðalkrásina núna, varnarmálin, að það hefði þó unnizt í þessu máli, að nú réði ríkisstj. Íslands ein, hún gæti ráðið því ein, að herinn færi. Ég nenni ekki að vera að lesa upp aftur greinina, sem sá hv. þm., flokksbróðir minn, sem talaði hér á undan mér, las upp, hv. 5. þm. Reykv., en hún ber það auðvitað með sér, sem allir vænta nlega vita nema þessi hæstv. ráðherra, að frá því að varnarsamningurinn var gerður hefur þessi réttur fyrir frumkvæði og forustu hæstv. þáverandi utanrrh., Bjarna Benediktssonar, hv. 1. þm. Reykv., verið einhliða okkar, og það hefur aldrei staðið til, að honum yrði afsalað. En hæstv. félmrh. veit þetta ekki. Látið ykkur ekki detta í hug, að þessi maður sé svo óráðvandur, að hann ætli að koma hér og skrökva þessu. Hann segir í einfeldni sinni það bezta, sem hann veit, en hann veit bara svona lítið. Og svona er það á öllum sviðum. En hann veit það þá núna. Hann veit það þá núna, að ríkisstj. Íslands hefur ráðið þessu og hún ræður því enn þá, þó að hann ráði engu í þeirri ríkisstjórn.

Hæstv. forsrh. hefur ekki verið í nærri því eins mikilli veizlu undanfarið og kommúnistarnir eða Alþýðubandalagsmennirnir, en hann var nú að fá sér svolitinn ábæti samt eftir kræsingarnar, og skal ég nú ekki fara langt út í það. Hann hugðist geta komið vörnum fyrir vini sína með því að segja frá því, að stjórnin væri oft ósammála, þ. e. a. s. einstakir ráðherrar væru ekki alltaf á sama máli. Ég verð nú að segja honum það eftir sjö eða átta ára veru með honum í stjórn, að honum lánaðist hér um bil aldrei að vera á móti mér. Þetta er alveg satt, svo lygilegt sem menn halda það. Hann er nú ekki verri en þetta. Okkur kom nefnilega bara prýðilega saman og því betur sem við vorum lengur saman, þó að hann hafi versnað, eftir að ég sleppti af honum hendinni. En náttúrlega er það rétt, að innan ríkisstj., sem er skipuð mismunandi flokkum, er oft ágreiningur.

Nú spyr ég hæstv. forsrh.: Man hann ekkert eftir smáágreiningi, sem varð 1949 í stjórn Stefáns Jóhanns. Það var ekki ágreiningur um varnarmál landsins. Það var ekki ágreiningur um það, hvort hann mætti binda kaup. Það var ekki ágreiningur um það, sem þeir voru búnir að bölva og bannfæra, gengið. Það var ekki ágreiningur um það, hvort þeir, sem hafa bölvað og bannfært bátagjaldeyri, ættu að hafa bátagjaldeyri í auknum mæli, bara ef væri fundið nýtt form. Það var ágreiningur um minni háttar mál. Hvað gerði Framsfl. þá? Hann rauf stjórnina. Má ég minna kommúnistana á það, svo að þeir læri eitthvað af Framsókn? Hann rauf stjórnina.

Hvað kom fyrir 1953? Var ekki einhver smávegis ágreiningur þá? Hvað gerði Framsókn? Hún rauf stjórnarsamvinnuna.

Hvað kom fyrir 1956? Var ekki einhver lítils háttar ágreiningur þá? En það var allt lítils háttar ágreiningur samanborið við það, sem nú er að ske. Hvað gerði Framsókn þá undir hans forustu? Rauf stjórnina.

Þannig hefur þessi virðulegi hæstv. forsrh. kennt kommúnistum það, að þeir mega kingja og kingja og kingja, en áður en þeir kingja seinasta dropanum eða síðustu tuggunni af heiðarleika, eiga þeir að fara úr stjórninni. Það er það, sem hann hefur verið að kenna þeim. **(BBen:** Já, en þeir hafa engan heiðarleika.) Nei, ég fullyrði ekkert um það. Hér eru menn, sem alltaf vilja her, hér eru menn, sem aldrei vilja her, og hér eru menn, sem vilja hafa her, ef hætta er á ferðum.

Ég hygg, að eftir að hin hörmulegu tíðindi síðustu vikna voru orðin lýðum ljós, hafi hæstv. forsrh. haldið því fram, að það væri a. m. k. mikið álitamál, hver ófriðarhættan væri í heiminum. Og ég held, að ég muni það rétt, að við umræðurnar um varnarmálatillögu okkar sjálfstæðismanna hér nýverið á þingi hafi hann litið nokkuð öðrum augum á þessi mál en hann gerir nú.

Hæstv. ráðh. sagði: Það gat enginn spáð þeim atburðum fyrir nokkrum mánuðum, sem komnir eru fram í dag. Að engum hvarflaði, að rússneski björninn mundi reyna að kreista lífið úr hinni ungversku hetjuþjóð. Engan grunaði, að það ástand, sem nú ríkir fyrir botni Miðjarðarhafs, mundi verða ríkjandi.

Ég veit þetta ekki. Ég veit, að hann telur sig sjálfan vita svo miklu meira en ég tel mig vita í þessum efnum, að hann taldi ekki samboðið virðingu sinni í marzmánuði s. l. að spyrja samstarfsþjóðir okkar í NATO um þetta álit, áður en hann ákvæði, að herinn skyldi fara burt af Íslandi. Það veit ég. Svona miklu meira veit hann en ég í þessum efnum. En ég hefði talið, að það væru til menn í heiminum, sem vissu meira en hann og ég til samans, og það hefði verið ástæða fyrir okkur að spyrja þá ráða. Ég segi nú eins og Hrólfur sterki sagði við syni sína, þegar þeir lágu fjötraðir á Bessastöðum og hann sleit af þeim vopnlaus viðjar: Ykkur var nær að láta minna. — Ég segi það nú við kappann Hermann Jónasson: Ykkur var nær að láta minna. — Fyrir 28. marz þóttuzt þið geta sagt það umheiminum öllum, að nú væri ekki lengur neitt ófriðarbál né nein ófriðarhætta í veröldinni. En þá logaði eldurinn alls staðar undir og hefur nú gosið upp svo áberandi á þessum tveimur stöðum og raunar svo ótrúlega mörgum öðrum í heiminum, að það ætti nú ekki að þurfa mjög mikla spekinga til að skilja, að því fer fjarri, að hættan væri þá liðin hjá. Því fór svo fjarri, að allir viti bornir menn hlutu að skilja, að það var ekki. Og ég staðhæfi, að utanrrh. Íslands hafi þá skilið eins vel og í dag, að hættan var ekki liðin hjá. Ég staðhæfi, að hæstv. forsrh. hafi líka skilið það. Og ég staðhæfi, að allt, sem skeði í þessum málum, var gert til þess að undirbúa, að hæstv. núverandi forsrh. gæti myndað stjórn með þátttöku kommúnista. Það staðhæfi ég nú. Hann er of séður maður, þessi hæstv. forsrh. og þessir hæstv. ráðh. báðir, þeir eru of séðir menn til þess, að þeim hafi skotizt yfir þá staðreynd, að eldurinn logaði alls staðar undir. Og það er engin hending, að hann hefur brotizt út. Það er kannske hending, að hann brauzt út í Ungverjalandi, það er kannske hending, að hann brauzt út fyrir botni Miðjarðarhafsins, en það er ekki hending, að hann brauzt út. Og það væri undarleg hending, ef hann hefði hvergi brotizt út.

Hæstv. forsrh. sagði, og það langar mig að minna hér talsmenn Alþb. á: Ekkert annað en það, sem við höfum gert, ekkert annað en það, sem ríkisstjórn Íslands hefur gert, þ. e. a. s. að óska þess, að herinn verði áfram, ekkert annað, sagði hæstv. forsrh., er í samræmi við yfirlýsingar og vilja ríkisstjórnar Íslands fyrir og eftir kosningar.

Hvað er ríkisstjórn Íslands? Er það bara hann og hans góðu flokksbræður? Er það bara hæstv. utanrrh. og hans kæru flokksbræður? Eða er það kannske líka garmurinn hann Ketill? (Utanrrh.: Á þingmaðurinn við sjálfan sig?) Ónei, ég er ólíkur Katli eins og Guðmundur Í. Guðmundsson Skugga-Sveini. Til þess vantar hann bæði manndóm og annað, en ekki þó gæruna, sem Skugga-Sveinn var í, þegar hann var hengdur. — Já, ég spyr enn, hvað er ríkisstjórn Íslands? Er ríkisstjórn Íslands aðeins tveir flokkar, eða eru það þrír flokkar? Þeir eru óróir, kommúnistarnir, þegar verið er að spyrja um, hvað er ríkisstjórn Íslands. Forsrh. stjórnarinnar hefur lýst yfir, að ekkert annað en það að hafa herinn kyrran sé í samræmi við vilja ríkisstjórnarinnar. Ekkert annað. Og þessu mega þeir nú kingja ofan á allt annað, allar aðrar þrautir, sem þeir hafa orðið að þola.

Hæstv. forsrh. sagði, og ég er honum alveg sammála um það, að það sé einmitt ófriðarhættan og ófriðarhorfur, sem eiga að skera úr um, hvenær varnarlið er í landinu. Og ég get vel verið honum sammála um það, að glögga menn geti nokkuð greint á um, hvenær ófriðarhorfurnar séu meiri eða minni, þó að ég viðurkenni með engu móti, að það hafi verið ástæða til þess í vor í marzmánuði að telja, að ófriðarhorfur væru þá svo hverfandi, að óhætt væri að stefna vörnum burt frá Íslandi án þess að hafa um það samráð við okkar starfsbræður. En nú segi ég: Ef það eru ófriðarhorfurnar einar, sem eiga að ráða þessu, þá spyr ég: Er þá hæstv. félmrh. og sá flokksbróðir hans, sem er svo skynsamur að láta ekki sjá sig hér í dag, hæstv. viðskmrh., eru þeir þá sammála um það, að herinn eigi að vera hér, meðan ófriðarhorfurnar eru eins og þær eru að dómi hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh.? Eru þeir sammála um það? Og ef þeir eru sammála um það, að herinn eigi að vera hér, meðan ófriðarhorfurnar eru slíkar, af hverju eru þeir þá að flagga með, að þetta eigi að vera aðeins í nokkra mánuði? Það er auðvitað rétt, sem hæstv. félmrh. sagði, svo að hann hafi einhvern tíma rétt fyrir sér: það getur enginn dæmt um, hvenær ófriðarhorfurnar batna svo, að það sé óhætt að staðhæfa, að landið megi vera varnarlaust.

Ég vildi óska eftir, að hæstv. forsrh. svari því: Hvað er ríkisstjórn Íslands? — minnugur þess, að hann hefur lýst yfir hér á Alþingi, að ríkisstjórn Íslands hefði í raun og veru svikið stefnu sína, vilja, sál og samvizku, ef hún hefði gert nokkuð annað en að biðja herinn um að vera kyrran. Er það bara hv. Framsfl. og hv. Alþfl., sem eru í ríkisstjórn? Eða ef Alþb. er talið með í ríkisstj., spyr ég: Taka þeir undir þessa yfirlýsingu forsrh.? Og ég spyr í öðru lagi, ef það eru ófriðarhorfurnar, sem eiga að ráða: Er þá hæstv. félmrh. sammála því, að þær eigi að ráða um dvöl hersins hérna? — og ef hann er sammála því: hvers vegna er hann þá að gefa í skyn, að þeir hafi aðeins gefið frest í nokkra mánuði?

Ég vil svo að öðru leyti taka undir það, sem hv. flokksbræður mínir hafa sagt hér, að varðandi sjálft efni málsins, að landið er varið áfram, megum við fagna því, að þessir andstæðingar okkar í stjórnmálum hafa í verki fallizt á okkar rök. Að þeir leiti svo einhverra tylliraka fyrir því að hafa slegizt í fylgd með okkur, það fyrirgef ég þeim alveg, því að meðan þeir fást til að þjóna réttu máli, þá legg ég minna upp úr hinu, þó að þeir skammist sín fyrir að gera það eða séu að koma með einhverjar tylliástæður fyrir því, að þeir hafi gert það.

III. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir.

Á 49. fundi í Sþ., 3. apríl, utan dagskrár, mælti

Magnús Jónsson: Herra forseti. Þegar fjárlög fyrir árið 1957 voru endanlega afgreidd hér á Alþingi, lágu ekki fyrir upplýsingar um afkomu ríkissjóðs 1956, og af hálfu hæstv. fjmrh. var það tekið fram, að á því stigi málsins væri ekki hægt að gefa þær upplýsingar.

Svo sem hv. alþm. er kunnugt, hefur undanfarin ár verið allverulegur greiðsluafgangur hjá ríkissjóði sum árin, og hefur þeim greiðsluafgangi jafnan verið ráðstafað af Alþingi. Á síðasta ári var þannig við samþykkt fjárlaga fyrir árið 1956 ráðstafað allverulegum fjárhæðum af greiðsluafgangi ársins 1955. Var þá talið fært að gera þær ráðstafanir, enda þótt fjárlög væru þá afgreidd í janúarlok, enda þótt svo hafi verið í þetta sinn, að hæstv. fjmrh. taldi ekki í lok febrúarmánaðar hægt að gera sér grein fyrir afkomu ríkissjóðs, a. m. k. ekki þannig, að á því væri hægt að byggja.

Um þetta er ekkert að fást. En ég vildi leyfa mér, þar sem mjög er orðið áliðið þings, að beina þeirri fsp. til hæstv. fjmrh., hvort hann hefði hugsað sér að gefa Alþ. upplýsingar um niðurstöðutölur varðandi afkomu ríkissjóðs á árinu 1956, og þá jafnframt, hvaða horfur eru með greiðsluafgang á því ári, og ef hann er einhver, hvort það er þá ekki ætlunin, að þeirri reglu verði fylgt sem undanfarin ár, að honum verði ráðstafað í samráði við Alþingi.

Ég þori ekki að fullyrða, — ég hef ekki kynnt mér það, — hvort það hefur undir öllum kringumstæðum verið venja, að fjmrh. gæfi Alþ. yfirlitsskýrslu um afkomu ríkissjóðs, fyrr en þá við aðalumræðu fjárlaga, svo sem venja er, fyrir næsta ár, í byrjun þings hvers árs. En ég hygg þó, að a. m. k. nokkrum sinnum á undanförnum árum hafi fjmrh. gefið þinginu slíkar upplýsingar, þó að þær hafi ekki verið eins vandlega sundurliðaðar og síðan er gert í fjárlagaræðunni.

Ég vildi sem sagt nota þetta tækifæri til að beina þeirri fsp. til hæstv. fjmrh., — þó að það sé ekki gert í hinu venjulega fyrirspurnaformi, vænti ég samt, að hann sjái sér fært að svara því, þar sem hér er um mjög einfalt mál að ræða, — hvort hann hefði hugsað sér að gefa slíka greinargerð hér á Alþ., t. d. áður en því verður frestað nú fyrir páska, ef því þá verður ekki lokið fyrir þann tíma, sem mér er ekki kunnugt um.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er unnið að bráðabirgðauppgjöri fyrir árið 1956, og verði því bráðabirgðauppgjöri lokið, áður en þingi lýkur, sem ég vona fastlega að verði, mun ég gefa hv. Alþ. upplýsingar um það, þegar það liggur fyrir. Á hinn bóginn er nú þegar augljóst af öllum sólarmerkjum, að greiðsluafgangur verður enginn slíkur, að til umráða komi nokkurt fé til ráðstöfunar í því sambandi. Það er nokkurn veginn augljóst. Það sjáum við á þeim upplýsingum, sem við höfum um greiðslur og annað þess konar. En sem sagt, ég mun leggja áherzlu á að gefa hv. Alþ. yfirlit um afkomuna, áður en því lýkur.

Magnús Jónsson: Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessar upplýsingar og sé ekki ástæðu til að orðlengja um málið að öðru leyti en því, að mér þykir, að þetta uppgjör á hag ríkissjóðs nú í ár gangi nokkuð seint, miðað við það, sem verið hefur undanfarin ár, af hvaða ástæðum sem það er.

En miðað við þær miklu umframtekjur, sem orðnar voru í nóvemberlok, en það er í síðustu grg., sem fyrir fjvn. lá um afkomu ríkissjóðs, var sýnilegt, að tekjur ríkissjóðs á s. l. ári mundu fara mjög fram úr áætlun. Það er því ljóst, að ef enginn greiðsluafgangur er hjá ríkissjóði, hljóta gjöld ríkissjóðs einnig að hafa farið mjög fram úr áætlun. Um þetta þýðir ekki að ræða á þessu stigi málsins, enda ekki til þess tími hér, en ég sem sagt vildi mega vænta þess, að Alþingi fengi mjög innan tíðar að fá að kynnast þessum niðurstöðutölum.

Á 86. fundi í Nd., 12. apríl, utan dagskrár, mælti

Ólafur Thors: Herra forseti. Vegna fregna, sem hingað hafa borizt og skýrt hefur verið frá hæði í útvarpinu, ríkisútvarpinu nú um hádegið, og einnig í dagblaðinu Vísi, þar sem greint er frá því, að í einu af stjórnarblöðunum í Moskva hafi fallið orð um það, að stjórn Sovétríkjanna teldi nauðsynlegt fyrir Íslendinga, að varnarherinn hyrfi úr landi, og þannig hafið sams konar afskipti, svo langt sem það enn þá nær, af málefnum okkar eins og áður hefur orðið af þeirra hendi um málefni annarra norrænna þjóða, Noregs og Danmerkur, þá vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh., hvort honum hafa borizt nokkur frekari skilaboð um þetta, á svipaðan hátt eins og forsætisráðherrar Danmerkur og Noregs hafa fengið bréf frá æðstu mönnum Sovétríkjanna um þessi mál.

Í öðru lagi vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh. um það, hvort — ef slík skilaboð hafa ekki enn þá borizt honum — hann þá muni, ef þau berast, gera ráðstafanir til þess að tilkynna þau opinberlega.

Og loks vil ég í þriðja lagi spyrja um það, hvort hann telji ekki, ef slík boð berast frekar en orðið er, rétt, að hæstv. ríkisstj. hafi um það samráð við stjórnarandstöðuna allt frá öndverðu, hvernig á þeim málum verði tekið.

Þessum þremur fsp. leyfi ég mér að beina til hæstv. forsrh. með ósk um, að hann skýri Alþingi frá því, sem hann hefur um það að segja. Mér er að sönnu tjáð, að hæstv. forsrh. hafi látið hafa þau ummæli eftir sér í útvarpsfregninni, að honum hafi ekki þá borizt slík boð, en hvort tveggja er, að þau gætu hafa komið síðar, sem og hitt, að ég tel, að það sé eðlilegt, að þessu máli sé nú þegar hreyft á Alþingi Íslendinga.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Út af þessum fsp. vil ég taka þetta fram:

Það er í fyrsta lagi, að það hefur ekki borizt neitt bréf, skeyti eða skilaboð til íslenzku ríkis-

stj. út af þessu máli. Við höfum aðeins eins og aðrir heyrt um þetta í útvarpi, og ég veit ekki, hvernig þessi grein er í hinu rússneska stjórnarblaði.

Enn fremur er spurt um það af hv. þm. G-K., hvort skilaboðin muni verða tilkynnt, ef þau berast hingað. Ég tel óhætt að segja það strax, að að sjálfsögðu verður það gert.

Í þriðja lagi spyrst hv. þm. fyrir um það, hvort samráð verði haft við stjórnarandstöðuna. Það mál hefur ekki enn þá verið rætt í ríkisstj. af eðlilegum ástæðum, þar sem þetta er aðeins útvarpsfrétt, sem borizt hefur í dag. Það mál hefur ekki enn þá verið rætt af ríkisstj., enda er utanrrh. fjarverandi. En ef þessi skilaboð berast, mun það að sjálfsögðu verða rætt í ríkisstj., undireins og utanrrh. kemur heim, en hann kemur til landsins næsta miðvikudag.

IV. Afgreiðsla mála úr nefndum o. fl.

Á 7. fundi í Sþ., 12. nóv., utan dagskrár, mælti

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Sjálfstæðisþingmenn báru í síðustu viku fram tvær þáltill. um varnarmálin. Ég vildi beina því til hæstv. forseta, að hann ákvæði efnisumr. um þessar till. svo tímanlega, að þeir samningar, sem standa fyrir dyrum um endurskoðun varnarsamningsins, væru ekki hafnir, áður en till. fá efnismeðferð á Alþingi. Í þessu sambandi óska ég ekki eftir tilteknum degi, heldur eftir því, að hæstv. forseti hafi samráð við hæstv. utanrrh. um það, að till. verði teknar svo snemma fyrir, að samningarnir séu ekki hafnir áður.

Forseti (EmJ): Ég skal gjarnan lýsa því yfir, að ég mun hafa samráð við hæstv. utanrrh. um meðferð þessa máls og freista þess, að það verði tekið á dagskrá svo fljótt sem kostur er.

Á 14. fundi í Ed., 19. nóv., mælti

forseti (BSt): Ég vildi mega mælast til þess, að nefndir færu að skila álitum um þau mál, sem hægt er að skila áliti um. Það mætti segja, að ég gæti beint þessum tilmælum til sjálfs mín fyrst og fremst sem formanns fjhn., þar sem nokkur frv. liggja þar og hafa legið um alllangan tíma, en ástæðan er sú, að hæstv. ríkisstj. óskaði eftir, að þau mál, sem öll snerta fjárhag ríkissjóðs, verði ekki afgreidd að sinni, fyrr en meira er afráðið um heildarafgreiðslu fjármálanna. Mun ekki standa á þeirri nefnd. En það eru nokkur mál, sem hefur verið vísað til n. hér fyrir nokkru, en ekki virðist standa eins á um. Það er fyrirsjáanlegt, að þegar líður að jólum, mun verða hér svo mikið annríki í deildinni, er málin koma frá Nd., að það veitir ekki af, þótt búið væri þá að afgreiða frá d. þau mál, sem lítill eða enginn ágreiningur er um.

Á 25. fundi í Nd., 3. des., utan dagskrár, mælti

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég er meðflm. með hv. 2. þm. Eyf. að tveimur málum á þskj. 20 og 34. Það er frv. til l. um breyt. á iðnlánasjóði, annað málið, og hitt er að efni til að afla þessum sjóði meiri tekna en verið hefur. Þessum málum var vísað, fyrra málinu 12. nóv. og síðara málinu 15. nóv., til hv. iðnn. Ég vildi nú gera fsp. um það og óska eftir því, af því að það hefur ekkert heyrzt af þessum málum, að hv. iðnn. tæki þessi mál til meðferðar og maður mætti vænta, af því að nú er verulega liðið á þing, að við færum að fá afgreiðslu á þessum málum frá nefndinni.

Forseti (EOl): Ég vil að gefnu tilefni mælast til þess við hv. nefndir þingsins, að þær starfi að því að skila áliti um þau mál, sem til þeirra hafa verið send, og afgreiða þau.

Á 44. fundi í Ed., 24. jan., utan dagskrár, mælti

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. forseti hefur nú sjálfur tæpt á því máli, sem ég vildi vekja athygli á hér, að nokkru leyti.

Þann 15. nóv. s. l. var vísað til samgmn. þessarar hv. d. frv. um breyt. á vegalögunum. Þetta mál hefur aldrei verið tekið fyrir í n. og enginn fundur haldinn í hv. n. og að því er ég fæ séð af málaskrám engu öðru máli vísað til hv. n., þannig að varla verður borið við annríki vegna starfa að öðrum málum.

Í þessu sambandi vil ég einnig vekja athygli hæstv. forseta á því, að enginn fundur hefur enn þá verið haldinn í samvinnunefnd samgöngumála, sem hefur það hlutverk, eins og kunnugt er, að undirbúa úthlutun og till. um skiptingu flóabátastyrkja, en sú n. er vön að halda mjög marga fundi um það mál. Nú mun hins vegar ekki vera nema rúmur mánuður, þar til fjárlagaafgreiðslu á að hafa verið lokið.

Ég vil spyrja hæstv. forseta að því, hvort hann telji ekki ástæðu til þess að átelja slík vinnubrögð hjá þingnefndum. Og þó að sú n. eigi að skila störfum til Sþ., þá snertir það einnig þessa hv. d., þar sem samgmn. beggja d. starfa saman að þessu verkefni.

Mér finnst þetta alveg fáheyrð vinnubrögð og ástæðulaust annað en kvörtun komi fram yfir þeim.

Þá vildi ég biðja hæstv. forseta að hlutast til um það við hv. samgmn. eða hv. formann hennar, að hann kalli nefndina saman og að það eina mál, sem til n. hefur verið vísað, verði afgreitt þaðan, þannig að það fái þinglega afgreiðslu.

Ég hef hér fyrir framan mig málaskrá hv. fjhn., sem forseti þessarar hv. d. er form. í. Allmörgum málum hefur verið vísað til þessarar n., en aðeins tveggja þeirra er getið í málaskrá.

Það mál, sem ég vildi spyrjast fyrir um afgreiðslu á og óska afgreiðslu á, er frv. til l. um breyt. á lögum nr. 90 1954, um tollskrá o. fl. Það er eitt þeirra mála, sem einna fyrst munu hafa komið til n., en það er í málaskránni einna

seinast fært inn. Hins vegar eru þar mál, sem liggja fyrir sameinuðu Alþingi. Mér virðist allt vera á eina bókina lært um þessar mundir hér á hv. Alþingi. Nefndir halda ekki fundi og málaskrár nefnda eru færðar vitlaust eða ekki færðar.

Mér þykir þetta ákaflega einkennilegt í n., þar sem forseti þessarar hv. deildar, sem er einn af þingvönustu mönnum þingsins og kunnur reglumaður, er formaður, að þingmenn skuli ekki einu sinni geta litið í málaskrár nefnda til þess að fá þar þær upplýsingar, sem þeir eiga rétt á að fá. Ég hafði ætlað mér að óska þess við hæstv. forseta, að þetta mál, sem ég nefndi, yrði afgr. úr n. og fengi þinglega afgreiðslu, og ég vil leyfa mér að bera þá ósk fram. Ég vil einnig leyfa mér að óska þess við hæstv. forseta, að hann sjái um það, að málaskrár þingnefnda d. verði færðar þannig, að þingmenn geti fengið þar þær upplýsingar, sem þeir þurfa að fá.

Að lokum vildi ég svo aðeins ítreka fsp. mína til hæstv. forseta um það, hvort hann telji þau vinnubrögð, sem ég hef hér átalið, sæmileg og hvort ekki sé ástæða til þess að ýta við þeim nefndarformönnum, sem þannig haga vinnubrögðum sínum.

Forseti (BSt): Út af því, sem hv. þm. N-Ísf. sagði, liggur það í því, sem ég sagði í upphafi fundarins, að ég vil óska þess yfirleitt, að mál séu afgreidd úr nefndum. En hvað snertir þá málaskrá, sem hann nefndi, þá er hún ekki örugg heimild um það, hvaða mál hafa verið afgreidd úr nefndum og hver ekki. Þessi málaskrá er haldin af konunum, sem eru á lestrarsalnum, og ég skal játa það, að ég hef ekki litið eftir því, að hvert mál væri þar fært inn.

Hvað snertir þá nefnd, sem ég er form. í, fjhn. d., vil ég upplýsa það, að 14 málum hefur samtals verið til hennar vísað. Af þeim hefur hún beinlínis afgreitt 10 og það ellefta sama sem, því að n. samþykkti á sínum tíma að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. út af því máli. Sú var afgreiðsla nefndarinnar. Hún bar nú að vísu aldrei þessa fsp. fram, en út af umr. um annað mál var fsp. borin fram til hæstv. menntmrh. út af þessu máli og henni svarað hér í hv. deild, svo að það eru aðeins þrjú mál af 14, sem nefndin hefur ekki afgreitt. Ég held nú, að tvö af þessum málum séu óbeinlínis afgreidd með öðrum málum, a. m. k. tvö þeirra, ef ekki öll.

Form. fjhn. þessarar hv. deildar heldur nefnilega sjálfur málaskrá yfir þau mál, sem til nefndarinnar er vísað, og það hélt ég satt að segja að nefndarformenn gerðu.

Hvað snertir frv. hv. þm. um breytingar á tollskrá, þá tel ég það óbeinlínis afgreitt. En þó mun form. fjhn. lofa því að taka það til nokkurrar afgreiðslu í nefndinni.

Gjarnan vildi ég, að frv. um breyt. á vegalögum yrði afgreitt, þar sem ég hef sjálfur sem þm. borið fram brtt. við það, og vil ég beina því til form. þeirrar hv. n. að afgreiða það. En aftur á móti lít ég svo á hvað snertir samvinnunefnd samgöngumála, að um það ætti hv. þm. að snúa sér til forseta sameinaðs þings, en ekki til deildarforseta, því að samvinnunefnd samgöngumála leggur till. sínar fyrir sameinað Alþingi, a m. k. í því máli, sem hv. þm. sérstaklega nefndi.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir undirtektir hans undir það að stuðla að því, að mál fái afgreiðslu í nefndum. Ég hélt því aldrei fram hér, að hans nefnd væri sérstaklega sek í þessum efnum. Mér er þvert á móti kunnugt um það, að hún hefur skilað frá sér flestum þeim málum, sem til hennar hefur verið vísað, enda þótt það mál, sem ég nefndi hér, frv. til l. um breyt. á tollskrá, sé eitt þeirra fyrstu mála, sem til n. var vísað. Ég endurtek það, sem ég hef áður sagt hér í hv. þd., að ég álít það vera versta ósið, og ég veit, að hæstv. forseti er mér sammála um það, þó að nefndir ætli sér ekki að mæla með einhverju máli eða meiri hluti þeirra, að þá beri n. að leggjast á það, hindra afgreiðslu á því, þannig að það komi ekki í ljós, hver afstaða þingmanna og þingflokka er til málanna.

Ég veit, að hæstv. forseti er mér alveg sammála um þetta, og þess vegna finnst mér sízt sitja á hans heiðvirðu og ágætu nefnd að leggjast á það mál, sem ég hef hér gert að umtalsefni.

Enn fremur vænti ég þess, að fundur verði haldinn í samgmn. og það eina mál, sem til hennar hefur verið vísað, fái þinglega meðferð. Og ég treysti því, að hæstv. forseti stuðli að því, eins og hans er von og vísa sem skörulegs og þingvans forseta, að nefndir þessarar hv. d. skili þeim málum frá sér, sem til þeirra er vísað.

Forseti (BSt): Ég var einmitt í fundarbyrjun að óska þess, að nefndir skiluðu áliti um þau mál, sem til þeirra var vísað fyrir þinghléið.

Á 44. fundi í Nd., 24. jan., utan dagskrár, mælti

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Þau mál, sem eru hér á dagskrá, eru bæði með þeim hætti, að það þarf afbrigði til umr. þeirra.

Fyrra frv. er frv. til laga um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl. Þessu frv. er nú fyrst verið að útbýta, og a. m. k. sjálfstæðismenn hafa ekki átt þess kost að lesa frv., og ég tel mjög óviðeigandi og gegn réttum þingsköpum að taka slík mál til meðferðar, án þess að þm. hafi gefizt kostur á svo mikið sem lesa frv., hvað þá heldur meira. Mér skilst af þessu frv., að það sé um eitt af helztu deilu- og vandamálum íslenzku þjóðarinnar. Mér er ómögulegt að átta mig á, hvort frv. er til góðs eða ills, hve miklar breytingar eru í því fólgnar, en mér virðist þó alveg augljóst, að málið geti ekki verið þess eðlis, að það sé nokkur frambærileg ástæða til þess að flýta meðferð þess á þann veg, að ekki sé leyfilegt fyrir þm. að athuga það eftir réttum þingsköpum. Ég vil því fara þess á leit, að málið verði ekki tekið á dagskrá nú, og mun ekki treysta mér til þess að greiða atkv. með afbrigðum, heldur mun sjálfur greiða atkv. á móti þeim, ef reynt verður að þvinga málið fram.

Ég vil geta þess, að ég hef ekki getað borið mig saman við þingflokk Sjálfstfl. um þetta mál, vegna þess að enginn okkar hafði séð málið, fyrr en á þennan fund kom, eða vissi um það, fyrr en við fengum dagskrá, sumir nú rétt þegar við vorum að fara niður á þingið, að málið ætti að vera hér til umr. Ég vil minna á það, að þegar jólagjöfin svokallaða var til meðferðar fyrir jólahátíðina, var leitað samkomulags við stjórnarandstöðuna um veitingu afbrigða, og við höfðum ekki á móti þeim út af fyrir sig, þó að við værum málinu andsnúnir, vegna þess að við viðurkenndum, að það var viss þörf á því að afgreiða það mál skjótlega, hver sem lok málsins yrðu. Slíkt liggur ekki fyrir um þetta mál. Það er ekkert í því, sem bindur það, að það þurfi t. d. að afgreiða í þessari viku eða nú á nokkrum dögum, heldur er hér um að ræða efni, sem fullur tími er til að íhuga og síðan taki hver afstöðu til eftir sinni sannfæringu.

Varðandi seinna málið, sem hæstv. forseti ætlaði einnig að leita afbrigða um samtímis og ég vil því minnast á, þá stendur svo á, að ætlunin var að knýja það fram fyrir jól, og var auðvitað þingstyrkur til þess. Fyrir mín tilmæli sýndi hæstv. forseti og hæstv. félmrh. þá tilhliðrunarsemi að láta málið bíða.

Ég vil skýra frá því, að sú n., sem um málið fjallar, er ekki enn fullskipuð af hálfu sjálfstæðismanna, þar sem annar nefndarmaður, Kjartan J. Jóhannsson, hefur ekki getað komið til þings vegna hins illa veðurfars, sem undanfarna daga hefur verið og öllum er kunnugt um hvílíka óvissu hefur skapað um samgöngur. Nefndin er að vísu prýðilega skipuð af okkar hálfu með þeim fulltrúa, sem þar er, en hann er einn og málið er þess eðlis, að Kjartan Jóhannsson hefur öðrum fremur þekkingu á því, þar sem hann er í þeirri stofnun, sem hér á að breyta um yfirstjórn á. Ég tel því ekki til mikils mælzt, þó að meðferð þess máls — 2. umr. — yrði frestað, þangað til Kjartan J. Jóhannsson væri kominn, — það hlýtur að verða nú strax og úr samgöngum greiðist, — þannig að hann geti tekið þátt í þinglegri meðferð málsins. Mér dettur ekki í hug að tefja málið á nokkurn óeðlilegan veg. En ég held, að það greiði ekki fyrir vinnubrögðum að ætla að taka upp fljótræðislegri afgreiðslu þingmála en þingsköp segja til um í því tilfelli, þar sem enginn málefnisleg nauðsyn er til þess, vegna þess að vitanlega hefur stjórnarandstaðan mörg ráð til að tefja fyrir málum, ef hún vill leggja sig fram um það. En við höfum ekki sýnt neinn vilja til þess á þessu þingi.

Forseti (EOl): Út af ræðu hv. 1. þm. Reykv. skal ég geta þess, að frv. um atvinnuleysistryggingar, sem á að vera til 2. umr., mun verða tekið út af dagskrá og verður til umr. á morgun. Þá mun væntanlega Kjartan J. Jóhannsson einnig vera kominn.

Viðvíkjandi fyrra málinu var fyrirhugað, að á þessum fundi flytti hæstv. sjútvmrh. sína framsöguræðu um þetta mál og síðan yrði umr. frestað. Ég ætla, að það sé háttur, sem einnig hv. stjórnarandstaða geti fellt sig við, því að það gerði ekki annað en skýra málið betur til umr., og ég vil leyfa mér að óska eftir því, að samkomulag geti orðið um það, því að yfirleitt er það tilgangurinn að reyna að halda góðum friði í þinginu, en flýta þó málum svo sem hægt er án þess að beita nokkurn órétti.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég þakka það, að taka eigi síðara málið út af dagskrá. Mér finnst hins vegar fullsnemmt að kveða á um það nú, að það eigi að koma til 2. umr. á morgun. Ég er ekki svo viss um það, að Kjartan J. Jóhannsson komi hingað til bæjarins í dag, auk þess jafnvel þó að hann kæmi, þá verður honum að gefast einhver tími til þess að bera sig saman við sína nefndarmenn og fleiri og semja nál. Mér finnst það því óþarfur hraði af hæstv. forseta eftir allt, sem á undan er gengið, ef þarf að fara þannig að.

Varðandi hitt málið, þá held ég, að vinnubrögðin yrðu miklu betri með því, að okkur væri gefinn kostur á að lesa þetta frv. í dag og athuga það og hlusta síðan á skýringar hæstv. ráðh. Ég segi fyrir mitt leyti, a. m. k. er mér svo hagað og mínum skilningi, að ég á ólíkt betra með að skilja skýringar, ef ég er nokkuð kunnugur málinu áður, heldur en ef ég kem að því alveg ókunnugur. Og úr því að hvort eð er eiga ekki að vera frekari umr. í dag, þá sé ég ekki, að það yrði nein töf að því, þó að málin yrðu nú látin bíða. Það er búið að útbýta þeim, það þarf ekki nein afbrigði á morgun, og enginn okkar mundi heldur hafa neitt við það að athuga, þó að við ættum að greiða atkv. um afbrigði með því á morgun, að þá yrði haldin framsöguræða í málinu, eftir að við hefðum fengið að lesa málið; það er hvort eð er ekki nema nokkrar greinar og sjálfsagt hægt að átta sig á því á þeim hluta dagsins, sem við enn höfum til umráða. Ég vildi því halda fast við það, að þessum málum yrði frestað og fundur svo haldinn með venjulegum hætti á morgun. Sætti ég mig fyllilega við, að sjávarútvegsmálin verði þá tekin til efnislegrar meðferðar, en vildi enn beina því til hæstv. forseta, sem ég treysti til fullrar sanngirni í því, að láta hitt málið bíða, þangað til séð verður, hvort Kjartan J. Jóhannsson a. m. k. kemur ekki fyrir helgi. Ef það dregst, að hann komi, þá skil ég, að við getum ekki farið fram á að málið sé lengur dregið hans vegna eða okkar.

Forseti (EOl): Það verður orðið við þeirri ósk að taka fyrra dagskrármálið ekki fyrir fyrr en á morgun, og þá verða þessi mál bæði tvö í dag tekin út af dagskrá.

Á 47. fundi í Nd., 29. jan., utan dagskrár, mælti

Magnús Jónsson: Herra forseti. Á dagskrá þessa fundar í dag er aðeins eitt mál, og það hefur æði oft verið svo, að fundir þingsins hafa verið það stuttir, að það hefur verið rétt, að þm. hafa getað setzt í sæti sín, ef þeir þá hafa setzt þar. Það mætti halda eftir þessu, að það væri kannske ekki mikið, sem lægi fyrir þing-

inu af málum. En ég vildi einmitt af þessu tilefni leyfa mér hér að benda á, að í nefndum þessarar hv. d. munu, eftir því sem mér telst til, vera óafgreidd sjö stjórnarfrumvörp og 24 þingmannafrumvörp, þannig að það sýnist svo sem það væru næg verkefni fyrir hv. d., ef nefndir d. skiluðu áliti um þessi mál, sem tvímælalaust hlýtur að vera til ætlazt að þær geri, þegar málunum er til þeirra vísað.

Ég vil alveg sérstaklega í þessu sambandi gera aths. varðandi nokkur mál, sem ég hef flutt hér í d. ásamt ýmsum öðrum hv. þm. Það er fyrst og fremst frv. um fiskveiðasjóð Íslands, sem vísað var til nefndar, sjútvn., 9. nóv. s. l. Það er frv. um aðstoð við holræsagerð, sem vísað var til fjhn. 12. nóv. Það er frv. um breyt. á l. um iðnlánasjóð, sem vísað var til iðnn. 12. nóv. Það er frv. um jafnvægi í byggð landsins, sem vísað var til fjhn. 12. nóv., og frv. um gjald af innlendum tollvörutegundum, sem vísað var til fjhn. 15. nóv.

Það virðist, þar sem nú eru komin lok janúarmánaðar, svo sem nægur umhugsunartími hefði átt að vera fyrir þessar hv. nefndir til þess að athuga þessi mál og skila um þau áliti, og hefði þá verið ólíkt meira verkefni hér fyrir hv. d. en raun ber vitni um nú.

Það eru nú vinsamleg tilmæli mín til hæstv. forseta, sem ég treysti vel til þess að hafa áhuga á, að mál verði raunverulega afgreidd hér í deildinni, ekki sízt þar sem hann áður oft hefur bent á það við önnur tækifæri, að það væri mjög óviðeigandi, hversu nefndir lægju á málum og afgreiddu þau ekki, hvort sem þær ætla sér að mæla með þeim eða ekki, — það er auðvitað þeirra mál, — og ég vildi þess vegna beina til hans þeim eindregnu tilmælum, að hann hvetti nefndir d. til þess að skila áliti um þessi sérstöku mál, sem ég hef hér nefnt, og raunar önnur þau mál, sem til nefndanna hefur verið vísað og hlýtur að vera ætlazt til að þær skili áliti um svo fljótt sem þær eiga kost á, eftir að þær hafa athugað þau svo sem eðlilegt er og efni standa til.

Forseti (EOl): Ég vil að gefnu tilefni beina þeim tilmælum til hv. nefnda deildarinnar, að þær sinni þeim störfum, sem þeim hafa verið falin, með því, að málum hefur verið vísað til þeirra. Það er ekki vansalaust, hve seint gengur að fá mál frá nefndum. Og ég vil eindregið mælast til þess, að hv. nefndir fari að vinna að því að skila álitum um þau mál, sem hjá þeim eru.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hæstv. forseta, að það er ekki vansalaust, að nefndir skuli ekki skila málum. En hér er við ramman reip að draga fyrir suma nm.

Ég vil skýra frá því, að í iðnn., sem hefur sumt af þeim málum, sem hér var drepið á, var haldinn fundur nokkru fyrir jól eftir beinum tilmælum mínum og fleiri nm. Þegar á fundinn kom, kom fram till. um að leita álits hæstv. ríkisstj. um þau málefni, sem fyrir lágu. Síðan er töluverður tími liðinn, og hefur ekki verið haldinn í n. fundur, væntanlega vegna þess, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki gefið sér tíma til þess að sinna því að gefa það álit, sem um var beðið, svo að það er ekki einhlítt að beina áskorun til nefndanna. Henni verður fyrst og fremst að beina til nefndarformanna — og til hæstv. ríkisstj. í þeim tilfellum, þar sem hennar umsagnar hefur verið óskað.

Eins var það varðandi hv. allshn., sem hafði til meðferðar breytingu á bifreiðalögunum, sem hv. þm. V-Húnv. hafði flutt, að nm. voru sammála um, að ekki væri tímabært að afgreiða það mál, fyrr en sýnt væri, hvort ríkisstj. ætlaði að leggja fram frv. til l. um umferðarmál, sem vitað er að hefur legið marga mánuði í dómsmrn. Mér vitanlega hefur ekki fengizt upplýst til hlítar enn þá, hvað hæstv. ríkisstj. ætlar sér að gera í þessum efnum, en að sjálfsögðu er afgreiðsla frv. hv. þm. V-Húnv. undir því komin, hvað verður um þann mikla lagabálk, sem einnig grípur yfir það efni, sem hans frv. fjallar um.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Þann 7. des. s. l. var afgreitt til 3. umr. frv. til l. um embættisbústaði héraðsdýralækna. Þetta mál á eftir eina umr. hér í þessari hv. d. og hafði áður farið í gegnum hv. Ed. og ekki hlotið nein sérstök andmæli í umræðum. Ég vildi mega vænta þess, að hæstv. forseti tæki þetta mál fljótlega á dagskrá, svo að afgreiðslu þess geti lokið innan tíðar.

Emil Jónsson: Herra forseti. Það var einungis út af því, að hv. 1. þm. Reykv. kvartaði undan því, að iðnn. hefði ekki afgreitt eitt mál, sem hjá henni liggur. Það er að vísu alveg rétt, eins og hér hefur komið fram, að það er illt, að nefndin skuli ekki geta lokið afgreiðslu mála. En það eru ýmsar ástæður sem liggja til þess. Málin eru í athugun á ýmsu stigi, og þeirri athugun er sjálfsagt víða ekki lokið. Þannig er um þetta mál, sem hv. 1. þm. Reykv. minntist á og er í iðnn., um iðnlánasjóð, og raunar hv. 2. þm. Eyf. minntist á líka, að það hefur verið rætt um, hvernig sú afgreiðsla gæti orðið, við hæstv. ríkisstj., og þeim viðræðum er enn ekki lokið. Ég vænti þess, að n. muni afgreiða málið, strax og þær upplýsingar eru fengnar, sem nefndina skortir enn. Og þannig hygg ég að sé um flest þau mál, sem hér hefur verið kvartað undan að ekki hefðu enn þá hlotið afgreiðslu hjá nefndum.

Það er ekki í fyrsta sinn nú, að mál hafa ekki gengið hindrunarlaust í gegnum nefndir. Þau eru mörg þannig gerð, að þau þurfa athugunar við, og sum þeirra þurfa langrar athugunar við. Ég hef enga ástæðu til þess að ætla, að nefndirnar sitji á þeim aðeins til þess að tefja þau, heldur sé það eingöngu vegna þess, að upplýsingar skortir enn, til þess að afgreiðsla geti fengizt.

Á 75. fundi í Ed., 22. marz, mælti

forseti (BSt): Ég vil fara fram á það, að nefndir hraði því að skila álitum, og sérstaklega

það, að nefndarhlutar skili álitum um þau mál, sem nefndir eru búnar fyrir sitt leyti að afgreiða.

Á 65. fundi í Sþ., 31. maí, utan dagskrár, mælti

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Áður en gengið er til dagskrár og áður en þingi er slitið, vildi ég spyrjast fyrir um það, hvort ætlunin væri sú, að þingslit yrðu, áður en utanrmn. kysi þá undirnefnd til ráðgjafar við ríkisstj. í utanríkismálum, sem lögboðin er. Ef hæstv. ríkisstj. telur sig ekki þurfa á þessari aðstoð að halda, sýnist mér réttara, að lagaákvæðið sé numið úr lögum og um það verði teknar upp umræður hér á Alþingi, hvort svo skuli fara að. En ég vil benda á, að enn þá er ákvæðið í lögum og þess vegna skilst mér, að það sé ekki fært að slíta þingi, án þess að nefndin sé kosin.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Mér skilst, að þessari fyrirspurn hafi að nokkru leyti verið beint til forseta. En sökum þess að segja má, að ég sé með nokkrum hætti við málið riðinn, vil ég segja örfá orð.

Það er svo, að formaður í utanrmn. mun vera forveri minn hér í þinginu, hv. 1. þm. Skagf. (StgrSt), og samkvæmt þingvenju mun það vera svo, að þegar varamaður hefur komið inn, hefur hann eigi aðeins tekið sæti í þeim n., sem aðalmaður hefur setið í, heldur mun hann og hafa tekið við formannsstörfum í þeim n., sem aðalmaðurinn hefur gegnt, enda þótt þetta muni ekki vera ótvírætt samkvæmt þingsköpum. Þess vegna má segja, að mér hefði borið að kalla saman utanrmn., ef til þess hefði gefizt tilefni á þeim tíma, sem ég hef setið hér á Alþingi. En ég vil lýsa því skýrt og skorinort, að á þeim tíma hefur alls ekkert tilefni gefizt til þess að kveðja utanrmn. saman, hvorki hefur verið vísað til hennar neinu málefni né heldur hefur nokkur nm. mér vitanlega óskað eftir fundi í n. Hins vegar skal það játað, að ég hef ekki átt frumkvæði að því, að n. væri kölluð saman, og má það kannske reiknast mér til vanrækslu að hafa ekki kannað það, hvort þessi undirnefnd, sem kjósa skal samkvæmt þingsköpum, væri þegar kosin. En ég vil segja, að hér er þó sú bót í máli, að úr þessu er auðvelt að bæta, sökum þess að utanrmn. getur starfað og á að starfa á milli þinga og getur þess vegna vafalaust komið saman, eftir að þingslit hafa farið fram, og kosið þessa undirnefnd sína, ef þess verður óskað og ef það er álitið rétt.

Ég vildi aðeins skýra þetta frá mínu sjónarmiði og tel ég mig í raun og veru með þessu hafa gert hreint fyrir mínum dyrum. Aðalatriðið er, að það hefur ekkert tilefni gefizt til þess, að n. væri kvödd saman, og enginn hefur óskað eftir því.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég játa, að mér er ekki ljóst, hvort hv. 1. þm. Skagf. var kominn hér á þing, sá sem nú er, eða hinn eiginlegi þm. var hér, þegar ég hreyfði því fyrir nokkru í Sþ., að þessi undirnefnd hefði ekki verið kosin. En þá gafst fyllilega tilefni til þess, hver sem formaðurinn er, að nefndin yrði kölluð saman. Það er nokkuð einkennandi um störf þessa þings, að manni er ekki ljóst einu sinni, hver er formaður í utanrmn., það virðist vera nokkur óvissa um það. Nefndin hefur aðeins einu sinni komið saman, og það var til þess að kjósa formann. Þá var það látið undan fallast, sem er hennar skylda, — það fer ekki eftir neinni hentisemi, það er skylda að kjósa þessa undirnefnd, og það er ekki hægt að slíta þingi, án þess að vakin sé athygli á því, að nefndin hefur ekki einu sinni lokið því starfi, hvað þá heldur að hún hafi gert annað. Það er ekki á ábyrgð okkar í stjórnarandstöðunni, að þetta hefur verið látið undan fallast, heldur er það þeirra, sem hafa hér meiri hlutann. En ég vildi láta það koma alveg skýrt fram, að einnig þetta hefur verið vanrækt, að kjósa undirnefndina.

V. Athugasemdir um fundarhöld.

Á 9. fundi í Ed., 5. nóv., mælti

forseti BSt): Mér hefur borizt tilkynning um það frá hæstv. ríkisstj., að hún þurfi að halda áríðandi fund, og hún mælist til, að þessi fundur verði ekki haldinn lengri. Er því dagskrármálið tekið út af dagskrá. — Hv. þm. Vestm. tekur til máls utan dagskrár.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Þeir atburðir, sem nú hafa gerzt í umheiminum, hljóta að vekja djúpan harm allra frelsisunnandi manna. Ég leyfi mér í nafni Sjálfstfl. að mælast til þess, að Alþingi felli niður fundi í dag og votti með því ungversku þjóðinni einlæga samúð sína.

Forseti (BSt): Eins og ég áður sagði, verður það gert hér í þessari deild að fella niður frekari fundarhöld.

Á 28. fundi í Sþ., 11. febr., utan dagskrár, mælti

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það mun hafa verið haldinn fundur hér í Sþ. á laugardaginn var. Ég hlustaði á þingfréttir útvarpsins þá um kvöldið, og þingfréttamaður sagði frá því, sem hér hefði gerzt, skilmerkilega að vanda. Hann sagði frá því, hvernig atkv. hefðu fallið um mál þar, hverjir hefðu tekið þátt í atkvgr., nafngreindi þá, og síðan las hann upp nöfn 24 þingmanna, sem hafði vantað á fundinn.

Vel get ég búizt við því, að einhverjum hlustanda hefði þótt þetta bera vott um, að þingmenn sinntu ekki svo störfum sem skyldi. Ég var einn af þessum 24, og ástæðan til fjarveru minnar var sú, að ég vissi ekki um þennan fund, fyrr en hann var afstaðinn. Að vísu var dagskrá borin út, og sá, sem flutti hana til mín, mun hafa látið hana í bréfakassa í anddyri hússins, þar sem ég bý, eins og hann er vanur, en gerði ekkert vart við sig.

Ég tel, að þetta sé alls ekki fullnægjandi fundarboðun, þegar fundur er boðaður á óvenjulegum tíma. Vil ég af því tilefni benda á það, að þegar slíkt kemur fyrir, að fundi á að halda á óvenjulegum tíma, þarf að vanda betur til fundarboðunar en venjulegt er og hlutast til um það, að þm. fái örugglega um slíka fundi að vita. Vil ég einnig óska þess, að í næsta þingfréttatíma útvarpsins verði frá því sagt, að mistök við fundarboðun hafi valdið því, að svo marga menn vantaði á laugardagsfundinn.

Forseti (EmJ): Þessum tilmælum hv. þm. V-Húnv. mun verða komið rétta boðleið, þangað sem þeim er ætlað að komast.

Á 100. fundi í Ed., 16. maí, mælti

forseti (BSt): Ég vil nú þegar aðvara menn um það, að héðan af, þar sem sýnist vera tími til þess kominn, að Alþingi geti farið að ljúka störfum, má búast við því, að fundir verði á laugardögum eins og aðra daga, enda eru engin lög fyrir því, að svo sé ekki, og laugardagar eru alls ekki neinir helgidagar á Íslandi eða hjá þjóðkirkjumönnum, sem flestir þm. munu vera. Næsti fundur deildarinnar verður án efa á morgun. Að öðru leyti verður hann boðaður með dagskrá.

Á 99. fundi í Nd., 17. maí, utan dagskrár, mælti

Bjarni Benediktsson: Ég bið afsökunar á því, herra forseti, að ég kom aðeins of seint, ég tafðist hér fyrir utan. En mér er sagt, að tilkynnt hafi verið, að það ætti að vera fundur hér á morgun á venjulegum tíma. Nú vil ég sízt draga úr fundarhöldum hér í deildinni eða starfsemi. En þannig er mál með vexti, að ég og ýmsir fleiri a. m. k. af mínum flokksbræðrum höfðum ekki hugmynd um það, að hér ætti að verða fundur á morgun, fyrr en við heyrum það nú, og ég og annar þm. til höfum ákveðið að fara til Akureyrar um helgina, búnir að auglýsa það. Fleiri þm. ætluðu að fara til sinna heimkynna. Við getum auðvitað ekkert haft á móti því, að fundir séu haldnir á laugardögum, ef menn vita það með nægum fyrirvara, en ég vil mjög alvarlega mælast undan því, að það sé gert alveg fyrirvaralaust og eftir að menn í góðri trú eru búnir að efna til mannfunda, sem eru því annaðhvort lítt eða ekki samrýmanlegir, að hér séu haldnir fundir, því að ef tala á um einhver af þeim stærri málum, sem hér liggja fyrir, þá veit ég, að ég og ýmsir aðrir af þeim, sem höfum ráðið brottför okkar, ætluðum að taka til máls.

Nú hygg ég, að viðurkenna verði, að við í stjórnarandstöðunni höfum ekki með óþörfum málalengingum tafið þetta þing. Þó að við höfum stundum talað, hefur það ekki verið þannig, að afgreiðsla mála hafi af þeim sökum tafizt. Og eins og þetta þing er orðið langt, þá sé ég ekki, að það geti á miklu oltið, hvort fundur verður einn laugardag eða ekki. Því eru það tilmæli mín, að þessi fundur verði látinn falla niður, af því að menn höfðu í góðri trú ráðstafað deginum á annan veg.

Forseti (EOl): Út af ummælum hv. 1. þm. Reykv. (BBen) vil ég taka það fram, að eins og honum er kunnugt, er það mjög títt, þegar á líður þing, að þingfundir séu haldnir á laugardögum. Þingmönnum hefur ekki á þessu þingi verið íþyngt svo með fundarhöldum, að þegar komið er eins langt fram á sumar og nú er og þing eins langt og þetta þing er orðið, þá verður ekki talið, að það sé neitt verið að íþyngja þingmönnum með því að halda fundi á laugardögum. Og mörgum laugardagsfundum man ég eftir á þingi, þegar ekki hefur verið tilkynnt áður um, að þeir yrðu haldnir, heldur beinlínis bara boðaðir sem hverjir aðrir fundir. Ég verð þess vegna að halda fast við þessa tilkynningu, þó að ég annars hafi mjög miklar tilhneigingar til þess að taka tillit til þeirra óska, sem fram koma frá hv. stjórnarandstöðu.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Beiðni stjórnarandstöðunnar varðandi fyrirkomulag þingstarfa hefur nú ekki verið ákaflega margbrotin á þessu þingi eða oft þurft á það að reyna, hvort eftir henni væri farið eða ekki. Hins vegar minnist ég þess, að þegar afgreiða þurfti í skyndi að áliti stjórnarflokkanna mál fyrir jólin, beinlínis lögðum við okkur fram, þrátt fyrir andstöðu við málið, til þess að greiða fyrir, að svo mætti verða.

Það má auðvitað öllum vera ljóst, að jafnvel þó að þannig standi á nú, að allmargir þm. Sjálfstfl. séu burtu um þessa helgi, þá eigum við þess fullan kost, ef við viljum, að tefja þingstörf, nema forseti beiti þá því valdi, sem hann hefur og meiri hl. til þess að skera niður umr. Ég veit ekki, hvort það bætir nokkuð starfshætti eða greiðir fyrir, að menn leggi á þá braut, enda segi ég ekki, að það verði gert, að við svörum því ofbeldi, sem hér á að fremja, með því. En þegar það er fyrst tilkynnt, að hér skuli halda fund á laugardegi, sem ekki hefur verið gert á þessu þingi yfirleitt, eftir að búið er að auglýsa, að ég eigi að fara norður til Akureyrar — og er þó sem stendur aðaltalsmaður míns flokks í þessari d. — og hv. 2. þm. Eyf. (MJ) með mér, eftir að vitað er, að aðrir þm. þurfa nauðsynjar vegna að fara úr bænum og höfðu bundið sig þar, þá tel ég það fullkomna misbeitingu á forsetavaldi, ef ekki er orðið við þeirri ósk okkar, að fundur falli niður, þannig að við eigum þess kost að taka þátt í umr. um þau mál, sem hér verða væntanlega til umr.

Ég hef út af fyrir sig ekki á móti því, að einhver af þeim málum, sem stjórnmáladeilur standa ekki um, verði hér til umr. og á þann veg greitt fyrir þingstörfum. En ég tel það mjög miður farið, ef eftir það, sem á undan er farið með þingstörf, að búið er að halda mönnum hér verklitlum eða verklausum mánuðum saman á kostnað alþjóðar og þinginu og stj. til skammar, á að knýja svo fast á, að fyrirvaralaust verði teknar upp umr. um mikil deilumál á þeim tíma, þegar talsmenn stjórnarandstöðunnar eru þegar opinberlega búnir að binda sig annars staðar. Og ég vil enn beina því til forseta með allri virðingu og vinsemd, en í fullri alvöru, að hann taki þetta á ný til athugunar.

Forseti (EOl): Út af ummælum hv. 1. þm. Reykv. vil ég taka það fram, að sú stjórnarandstaða, sem hingað til hefur verið á Alþ., hefur orðið að sætta sig við það, að umræður væru teknar upp, án þess að nokkur fyrirvari væri gefinn, 2. umr. látin fara fram 1 eða 2 mínútum eftir að fyrri umr. hefur verið lokið og ekki verið tekið tillit til, þó að mælzt hafi verið til, að frestað væri.

Ég held, að það sé óþarft að kvarta yfir, að ofbeldi hafi verið beitt í sambandi við fundarsköp hér, og nú er hafður sá óvenjulegi háttur á að tilkynna degi áður, þegar þingfundur er að hefjast, að þingfundur muni verða á laugardegi, sem oft hefur tíðkazt áður. Þar er aðeins fyrirhuguð m. a. 1. umr. um stórmál, og ég veit, að svo stór flokkur sem Sjálfstfl. hefur næga málsvara, þótt þm. hans sumir þurfi að gegna störfum annars staðar.

Ég get því ekki orðið við þeim tilmælum að fella niður fund á morgun. En hitt mun ekki þurfa að óttast, að menn fái ekki að nota sinn fulla rétt til þess að tala.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég vil benda forseta á, að þannig stendur á, að af talsmönnum flokksins í þeim málum, sem hér liggja fyrir, eru Björn Ólafsson og Ólafur Thors hvorugur staddur í bænum um þessa helgi, að ég og Magnús Jónsson höfðum auglýst fundarhöld á Akureyri, að Ingólfur Jónsson hafði bundið sig í sínu héraði á morgun, að Pétur Ottesen hafði átt tal um það fyrir nokkrum dögum við forseta, að hann þyrfti að hverfa á braut um helgina. Segja má, að það sé ef til vill nokkur léttúð af þm. að fara svona að. En þegar búið er að halda mönnum hér starfslausum mörgum mánuðum saman, þá geta menn auðvitað ekki sett öll störf til hliðar um helgar í þeirri óvissu — ég veit ekki, hvort maður á að segja trú eða von, að loksins fari að bóla á málefnum stjórnarinnar.

Ég veit það, að hæstv. forseti muni ekki svipta okkur neinum formlegum rétti; ég gruna hann ekki um það, enda veit ég ekki, hvor aflmeiri yrði, ef hendur væru látnar skipta á annað borð, þannig að utan réttar ætti að leysa málin. En ég er ekki að tala um það. Ég veit, að hann hefur réttinn og valdið í sínum höndum. Ég vildi beina því til hans að beita því sem mildum höfðingja. En ef hann vill ekki þann veg að fara, heldur fara eftir því, sem hann hingað til hefur talið verst í stjórnarfarinu, þá hann um það að velja sér það fordæmi. En ég hélt nú sannast sagt, að hæstv. forseti hefði fengið nóg af því að beita valdi sínu með hæpnum hætti snemma á þinginu og ætlaði ekki að fara að endurtaka það.

Það má vel vera, að einhverjir okkar getum hagað þannig störfum og háttum, að við getum verið við upphaf þessarar umr. á morgun, ég get ekki um það dæmt á þessu stigi. En það rekst á þær fyrirætlanir, sem við höfum haft fram að þessu. Ég hygg sannast sagt, að þær séu ekki margar óskirnar, sem ég í nafni stjórnarandstöðunnar hef borið fram við hæstv. forseta á þessu þingi, og stj. hafi oftar leitað til okkar um fyrirgreiðslu en við til hennar. Ég minnist þess, að fyrir jólin leitaði ég fyrirgreiðslu hæstv. félmrh. um frestun á einu tilteknu máli. Hann varð ljúflega við þeirri ósk, og hæstv. forseti má vel gera sér það til sæmdar að verða enn þá lakari en sá ráðh.

VI. Bifreiðastæði alþingismanna.

Á 56. fundi í Sþ., 9. maí, utan dagskrár, mælti

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það er vegna fregnar, sem ég sé hér í blaði í morgun, sem ég vildi hreyfa málefni við hæstv. forseta. Þar er sagt:

„Á síðasta fundi bæjarráðs, er haldinn var á þriðjudaginn, voru lagðar fram tvær tillögur frá umferðarnefndinni varðandi bílaumferð í miðbæ Reykjavíkur. Önnur tillagan er á þá leið, að nú verði bannaðar bifreiðastöður í Templarasundi að austanverðu, en sú gata liggur milli dómkirkjunnar og alþingishússins út að Vonarstræti, og er þar mikil bílaumferð, m. a. í sambandi við útfarir frá dómkirkjunni."

Svona hljóðar þessi fregn.

Út af fyrir sig er ekkert við það að athuga og ekki nema til góðs frá umferðarsjónarmiði, að þarna séu bönnuð bílastæði. En ég geri ráð fyrir því, að fyrir ýmsa þingmenn muni þetta koma sér mjög illa, ef ekki verða gerðar ráðstafanir — einhverjar aðrar — til úrbóta fyrir þingmenn.

Ég vil því skjóta því til hæstv. forseta, að forsetar ásamt skrifstofustjóra Alþingis athugi, hvaða ráð séu hér tiltækileg. Hugsanlegt væri að semja um það við bæjaryfirvöldin, að þingmönnum yrði, meðan Alþingi stendur, ætlaður forgangsréttur að bílastæðum á torginu bak við dómkirkjuna. Hugsanlegt er að taka eitthvað af lóðinni hér vestanvert við alþingishúsið og nota í þessu skyni, og er þó þar, eins og sakir standa, á meðan Listamannaskálinn stendur, ekki um mikið rúm að ræða. En það er greinilegt, að ef á að banna bifreiðastöður á þeim slóðum, sem ég gat um, þá skapast gersamlega óviðunandi ástand fyrir þingmenn, nema því aðeins að ráðstafanir séu gerðar einhverjar aðrar. Og þar sem mér skilst, að við liggi, að þessi samþykkt verði gerð og henni verði þá framfylgt, tel ég, að hér sé ekki um mjög mikinn tíma til stefnu að ræða. Ég tel málið naumast þess eðlis, að þörf sé á að flytja um það þáltill., en hins vegar slíkt, að ekki sé hægt að láta það afskiptalaust, og vona, að þessi ábending nægi til þess, að hæstv. forsetar taki það til athugunar og þeirrar fyrirgreiðslu, sem þörf er á.

Ég skal taka fram, að sjálfan mig varðar málið ekki mikið, vegna þess að ég hef yfirleitt bíl ekki standandi hér. En mér er ljóst af því að sjá, hvernig bílum er skipað fyrir utan húsið og hversu fjölmargir þm. eiga hér hlut að máli, að fullkomið öngþveiti mundi skapast, ef ekki verður við gert í tíma.

Forseti (GJóh): Það mun verða orðið við þessari ábendingu hv. 1. þm. Reykv., og mun málið verða athugað.

VII. Minning látinna fyrrverandi alþingismanna.

Á 13. fundi í Sþ., 23. nóv., mælti

forseti (EmJ): Síðdegis í gær varð Pálmi Hannesson rektor og fyrrv. alþingismaður bráðkvaddur í menntaskólahúsinu hér í bænum, 58 ára að aldri.

Pálmi Hannesson var kominn af skagfirzkum bændaættum, fæddur á Skíðastöðum í Lýtingsstaðahreppi 3. jan. 1898, sonur Hannesar bónda þar Péturssonar bónda í Valadal Pálmasonar og konu hans, Ingibjargar Jónsdóttur ráðsmanns í Haganesi í Fljótum Eiríkssonar.

Hann brautskráðist úr menntaskólanum í Reykjavík 1918, stundaði síðan nám í náttúrufræði við Kaupmannahafnarháskóla, valdi sér dýrafræði að sérgrein og lauk meistaraprófi 1926. Á árunum 1926—1929 var hann kennari við gagnfræðaskólann á Akureyri, en varð rektor menntaskólans í Reykjavík haustið 1929 og gegndi því embætti til æviloka. Jafnframt forstöðu menntaskólans og kennslu þar voru honum falin fjölmörg trúnaðarstörf, og skulu hér talin nokkur þau helztu. Ráðunautur Búnaðarfélags Íslands um veiðimál var hann 1927—1929, sat 1930—1932 í mþn., sem undirbjó lög um lax- og silungsveiði, var formaður veiðimálanefndar frá 1933 til æviloka og formaður nefndar, sem vann 1954—1955 að endurskoðun laga um lax- og silungsveiði. Í rannsóknaráði ríkisins átti hann sæti frá stofnun þess 1940. Hann var í útvarpsráði 1935—1946, fyrst kosinn af útvarpsnotendum, síðar af Alþingi, og í menntamálaráði átti hann sæti 1934—1943 og frá 1946 þar til hann andaðist og vann síðustu störf sín í þágu þess. 1952 var hann skipaður í orðunefnd. Þingmaður Skagfirðinga var hann 1937—1942, sat á níu þingum alls. Í bæjarstjórn Reykjavíkur átti hann sæti 1946—1950. Hann átti einnig mikinn og góðan þátt í ýmiss konar félagsstarfsemi, var m. a. forseti Hins íslenzka þjóðvinafélags 1935—1939, fyrsti forseti Bandalags íslenzkra farfugla, sat í stjórn Ferðafélags Íslands og Hins íslenzka náttúrufræðifélags um langt skeið.

Það var ekki hending, að Pálmi Hannesson gerðist náttúrufræðingur. Hann ólst upp í fögru héraði, hafði yndi af ferðalögum um byggðir landsins og öræfi og leitaði jafnan úr fjölbýli, þegar kostur gafst. Á námsárum sínum tók hann þátt í könnunarferðum um óbyggðir Íslands, og jarðfræði varð síðan helzta viðfangsefni hans á sviði náttúruvísinda. Ýmislegt hefur hann birt um þau efni, þótt minna sé en skyldi vegna tímafrekra skyldustarfa á öðrum vettvangi, en dagbækur frá ferðalögum hans munu geyma mikinn og traustan fróðleik.

Pálmi Hannesson tók við ábyrgðarmiklu og vandasömu starfi, er hann varð ungur að árum rektor menntaskólans í Reykjavík. En hann stóðst vel þá raun sökum persónuleika síns, skapstyrks og frábærs hæfileika til að gerast leiðtogi og félagi ungra manna. Stjórn skólans fór honum jafnan vel úr hendi, og kennsla hans í náttúrufræði þótti með ágætum.

Pálmi Hannesson var höfðinglegur álitum, ágætlega gáfaður og menntaður. Hann var drengur góður í hvívetna, unni vel landi sínu og vildi veg þjóðarinnar sem mestan. Á Alþingi voru honum hugstæðust þau mál, er vörðuðu menningu og menntun þjóðarinnar og hagnýtar rannsóknir á náttúru landsins. Á ræðu hans var jafnan gott að hlýða. Hann flutti mál sitt af þrótti og karlmennsku á fagurri íslenzku.

Við fráfall Pálma Hannessonar á þjóðin á bak að sjá mikilhæfum drengskaparmanni og einlægum unnanda íslenzkrar náttúru og íslenzkrar tungu. Ég vil biðja hv. alþingismenn að votta minningu hans virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Á 19. fundi í Sþ., 21. jan., mælti

forseti (EmJ): Áður en horfið er að afgreiðslu þingmála, vil ég minnast nokkrum orðum fyrrverandi alþingismanns, Steingríms Jónssonar fyrrum sýslumanns og bæjarfógeta, sem andaðist að heimili sínu á Akureyri 29. des. s. l., 89 ára að aldri.

Steingrímur Jónsson fæddist á Gautlöndum í Mývatnssveit 27. des. 1867, sonur Jóns bónda þar og alþingismanns Sigurðssonar og konu hans, Sólveigar Jónsdóttur prests í Reykjahlíð og síðar í Kirkjubæ í Hróarstungu Þorsteinssonar.

Hann brautskráðist úr lærða skólanum í Reykjavík vorið 1888, lauk embættisprófi í lögfræði við Kaupmannahafnarháskóla 1894 og gerðist sama ár aðstoðarmaður í íslenzku stjórnardeildinni í Kaupmannahöfn. Árið 1897 varð hann sýslumaður í Þingeyjarsýslu og hafði það starf á hendi í 23 ár, til ársins 1920, er hann var skipaður sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Akureyri. Gegndi hann því embætti til ársins 1934, er honum var veitt lausn sakir aldurs, en heimili átti hann á Akureyri til dauðadags.

Jafnframt umsvifamiklum embættisstörfum voru Steingrími Jónssyni falin ýmis trúnaðarstörf önnur í þágu þeirra héraða, þar sem hann bjó, og landsins alls. Árið 1906 var hann skipaður konungkjörinn alþingismaður, átti sæti á sjö þingum alls á árunum 1907—1915 og féll frá síðastur þeirra alþingismanna, sem voru konungkjörnir. Meðan hann sat í Húsavík, var hann lengst af í stjórn Kaupfélags Þingeyinga og Sparisjóðs Húsavíkur. Hann var bæjarfulltrúi á Akureyri á árunum 1923—1929 og jafnframt forseti bæjarstjórnar. Þar átti hann einnig sæti í yfirskattanefnd og stjórn Sjúkrasamlags Akureyrar. Héraðsdómslögmaður gerðist hann árið 1942.

Steingrímur Jónsson var kominn af traustum ættstofni. Hann ólst upp og hugarfar hans mótaðist á þeim slóðum, þar sem þjóðmálahreyfingar og menningarstraumar áttu sér einna greið-

astan farveg hér á landi á síðustu áratugum nítjándu aldar. Faðir hans var forustumaður í héraðsmálum og þjóðmálum, og ekki mun það hending, að þrír synir Jóns á Gautlöndum áttu samtímis sæti á Alþingi. Steingrímur tók jafnan allmikinn þátt í umræðum, meðan hann sat á þingi. Á fyrsta þinginu, sem hann sat, 1907, var hann kosinn í millilandanefndina svokölluðu, sem ætlað var að semja við Dani um samband Íslands og Danmerkur. Samvinnuhreyfingin átti jafnan eindreginn stuðningsmann, þar sem hann var. Hann var formaður Sambands kaupfélaganna á árunum 1905—1910, átti löngum sæti á aðalfundum Sambands íslenzkra samvinnufélaga og var kjörinn heiðursfélagi þess árið 1952. Eitt af hugðarmálum hans var stofnun og starf menntaskóla á Akureyri. Lét hann sér jafnan annt um skólann, var frá 1928 til 1950 prófdómari þar í sögu við stúdentspróf, enda fór orð af áhuga hans á sagnfræði og þekkingu í þeirri grein.

Steingrímur Jónsson var glæsimenni, virðulegur og skyldurækinn embættismaður og réttsýnn í dómum. Hann var greindur og langminnugur, mælskur vel og vandaði jafnan málfar sitt. Félagslyndur var hann og ljúfmenni í kynningu, undi sér ætíð vel í hópi ungra manna, þótt aldur færðist yfir, og reyndist í hvívetna drengur góður.

Ég vil biðja hv. alþingismenn að votta minningu þessa látna heiðursmanns virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum].

Á 52. fundi í Sþ., 24. apríl, mælti

forseti (EmJ): Ari Arnalds fyrrum sýslumaður og bæjarfógeti andaðist á heimili sínu hér í bæ 14. apríl s. l., 84 ára að aldri. Verður hans minnzt hér með nokkrum orðum, áður en gengið verður til dagskrár.

Ari Jónsson, er síðar tók sér ættarnafnið Arnalds, fæddist á Hjöllum í Gufudalshreppi í Barðastrandarsýslu 7. júní 1872. Foreldrar hans voru Jón bóndi þar Finnsson og kona hans, Sigríður Jónssonar bónda á Galtará í Gufudalshreppi Guðnasonar.

Hann brautskráðist úr lærða skólanum í Reykjavík árið 1898 og lauk lögfræðiprófi við Kaupmannahafnarháskóla árið 1905. Blaðamaður við dagblaðið Verdens Gang í Kristjaníu var hann um skeið á árinu 1905, settur sýslumaður í Norður-Múlasýslu og bæjarfógeti á Seyðisfirði sumarið 1906 og ritstjóri Dagfara á Eskifirði 1906. Árin 1907—1909 var hann meðritstjóri blaðsins Ingólfs í Reykjavík, málaflutningsmaður við yfirréttinn 1908—1914, aðstoðarmaður í fjármáladeild stjórnarráðsins 1909—1914 og starfaði í veðdeild Landsbanka Íslands 1910—1914. Á árinu 1914 var hann skipaður sýslumaður í Húnavatnssýslu og gegndi því embætti til ársins 1918, er hann var skipaður sýslumaður í Norður-Múlasýslu og bæjarfógeti á Seyðisfirði, en lausn frá þeim störfum fékk hann árið 1937. 1938—1941 var hann lögfræðilegur ráðunautur útibús Útvegsbanka Íslands á Seyðisfirði og Síldarbræðslunnar þar og gegndi enn fremur á þeim árum umboðsstörfum þar eystra fyrir Búnaðarbanka Íslands og eftirlitsmann sveitarstjórnarmálefna. Árið 1941 fluttist hann til Reykjavíkur og gerðist starfsmaður í endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins. Á árinu 1947 lét hann af því starfi, en vann síðan talsvert að ritstörfum. Hann var kosinn þingmaður Strandamanna í alþingiskosningunum 1908, og sat hann á þeim tveim þingum, sem háð voru á því kjörtímabili. Sæti átti hann í bankaráði Íslandsbanka 1909—1915.

Ari Arnalds var vel gefinn og mikill námsmaður, en gat ekki hafið skólagöngu fyrr en um tvítugsaldur, svo sem títt var um fátæka sveitapilta á þeim tímum, og við heilsuleysi átti hann að stríða á háskólaárum sínum. Hann var kominn nokkuð á fertugsaldur, þegar hann lauk lagaprófi. Á næstu árum vann hann allmikið að þjóðmálum. Hann var blaðamaður í Noregi, þegar Norðmenn sögðu skilið við Svíþjóð og stofnuðu sjálfstætt konungsríki, hvarf bráðlega heim til Íslands, tók sér stöðu framarlega í flokki þeirra manna, sem stærstar kröfur gerðu í sjálfstæðismálum Íslendinga, og vann frækilegan sigur í hinum sögulegu alþingiskosningum sumarið 1908. Jafnan síðan lét hann sig miklu varða sjálfstæðismál íslenzku þjóðarinnar. Hann gegndi um langt árabil sýslumannsstörfum og hlaut miklar vinsældir hjá alþýðu manna, var réttlátur og glöggskygn dómari, og öll embættisfærsla hans einkenndist af frábærri nákvæmni og vandvirkni.

Ari Arnalds var höfðinglegur á velli og fágaður í framkomu, ræðumaður góður og ritfær í bezta lagi. Þær þrjár bækur, sem hann lét frá sér fara á síðasta áratug ævinnar, hlutu miklar vinsældir, og á útvarpserindi hans þótti mönnum gott að hlýða.

Ég vil biðja háttvirta alþingismenn að votta minningu þessa mæta embættismanns og rithöfundar virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

VIII. Minning Paasikivis Finnlandsforseta.

Á 29. fundi í Ed., 14. des., mælti

forseti (BSt): Eins og hv. þingmönnum í deildinni mun þegar kunnugt, andaðist nú í morgun fyrrverandi forseti Finnlands, Paasikivi. Við vitum allir, að þetta var hinn merkasti maður, forustumaður þjóðar sinnar lengi og það á mjög erfiðum tímum, og vinur Íslands, það er mér óhætt að fullyrða, því þótt ekki væri mikið, þá hafði ég persónulega ofur lítil kynni af honum. Mér þykir vel til fallið, án þess að orðlengja þetta frekar, að hv. þingmenn í deildinni votti þessum látna fyrrverandi þjóðhöfðinja á einu af Norðurlöndunum virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Á 32. fundi í Nd., s. d., mælti

forseti (EOl): Áður en gengið er til dagskrár, vil ég biðja hv. þdm. að votta okkar finnsku bræðraþjóð hluttekningu sína í tilefni af því, að fyrrverandi forseti hennar, Paasikivi, hefur látizt í dag og frétt um það nú borizt hingað. Ég vil biðja hv. þm. að rísa á fætur og sýna á þann hátt sína hluttekningu. — [Dm. risu úr sætum.]

IX. Varamenn taka þingsæti.

Á 7. fundi í Sþ., 12. nóv., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (EmJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Magnúsi Jónssyni, 2. þm. Eyf., f. h. þingflokks Sjálfstæðisflokksins:

„Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv., verður um skeið erlendis í opinberum erindum. Eftir ósk hans er þess hér með beiðzt, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Ásgeir Sigurðsson, taki á meðan sæti hans á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Einar Olgeirsson,
forseti neðri deildar."

Kjörbréfið mun hafa verið til athugunar hjá kjörbréfanefnd, og frsm. n., hv. 1. þm. Reykv., tekur til máls.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Svo sem hæstv. forseti gat um, hefur kjörbréfanefnd þegar haldið fund af þessu tilefni, þar sem kunnugt var, af hverju fundurinn var boðaður, og kjörbréf Ásgeirs Sigurðssonar, sem er 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Rvík, var þar til athugunar. Var n. öll sammála um að leggja til, að kjörbréfið yrði tekið gilt, þ. e. a. s. einn þm., hv. 11. landsk. þm., Friðjón Þórðarson, var fjarstaddur, en allir hinir voru sammála um að leggja til, að bréfið yrði tekið gilt, og er það till. nefndarinnar.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 33 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Ásgeir Sigurðsson, undirritaði síðan drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 25. fundi í Sþ., 6. febr., var tekin á dagskrá rannsókn kjörbréfs varaþingmanns.

Forseti (EmJ): Frá forseta Ed. hefur mér borizt svo hljóðandi bréf:

„Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Finnboga R. Valdimarssyni, 4. landsk. þingmanni:

„Með því að ég hef í dag verið skipaður af forseta Íslands til að vera í sendinefnd Íslands á 11. allsherjarþingi Hinna sameinuðu þjóða, sem gert er ráð fyrir að standi enn um 2—3 vikna skeið, leyfi ég mér hér með að tilkynna yður, herra forseti, forföll mín frá þingstörfum um tíma og jafnframt að óska þess, að varamaður taki sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns."

Ég vil leyfa mér að fara þess á leit við hv. kjörbréfanefnd, að hún taki þetta kjörbréf til athugunar, og enn fremur vil ég geta þess, að henni hefur óformlega verið afhent tilsvarandi bréf, sem borizt hafði vegna fjarveru Haralds Guðmundssonar, og vildi ég leyfa mér að óska eftir því, að n. tæki hvort tveggja þessi kjörgögn til athugunar fyrir næsta fund í sameinuðu Alþingi.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Vegna þess að hæstv. forseti vitnaði til venju, þá held ég, að það sé alveg óhikað venja, að kjörbréf er tekið til meðferðar á sama fundi og það berst og fundi frestað, til þess að n. gefist kostur á að skoða það. Nú segir hæstv. forseti, að ekkert muni við þetta kjörbréf að athuga, og þá spyr ég: Hví í ósköpunum eru menn ekki beðnir að ganga hér fram fyrir og líta á þetta kjörbréf og leyfa þessum heiðursmanni að sitja hér með löglegum hætti, en ekki sem óvirkum áhorfanda, á þingbekk þó? Ég hygg, að það sé algert einsdæmi að fara ekki svo að.

Forseti (EmJ): Ég held, að það skipti í sjálfu sér ekki miklu máli, hvort þetta kjörbréf verður afgreitt á þessum fundi eða hvort það verður afgreitt á hinum næsta, sem væntanlega verður þá haldinn á morgun, eins og ég óskaði eftir við hv. nefnd.

Meðferð málsins frestað.

Á 26. fundi í Sþ., 7. febr., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs og kosningar varaþingmanns.

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Nefndin hefur haft til meðferðar tvö mál nú um hálfs mánaðar skeið, mál varamanns fyrir Harald Guðmundsson, hv. 4. þm. Reykv., en Haraldur sendi bréf, dags. 22. jan. 1957, til Alþingis um það, að hann mundi víkja sæti, og óskaði eftir, að varamaður yrði settur í hans stað Eggert Þorsteinsson, — og svo bréf Finnboga R. Valdimarssonar um það, að varamaður verði látinn taka sæti í hans stað.

Út af varamannssæti Eggerts Þorsteinssonar er það að segja, að yfirkjörstjórnin í Reykjavík hefur ekki gefið út formlegt kjörbréf, en hún hefur í bréfi, dags. 23. jan. 1957, til Alþingis gert grein fyrir þessu máli, lýst kosningu hvað snertir A-listann í Reykjavík og atkvæðatölu hvers einstaks manns, sem á þeim lista var. Hún skýrði enn fremur frá því, að þann 9. júlí eða áður en kjörstjórn sneri sér að því að ganga frá kjörbréfum til varamanna af listanum í Reykjavík,

hafi frk. Rannveig Þorsteinsdóttir, sem var 3. manneskja á A-listanum í Reykjavík, sent svo hljóðandi bréf, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég undirrituð afsala mér hér með sæti sem varaþingmaður Reykvíkinga af A-listanum og fer fram á, að næsta manni þess lista við nýafstaðnar alþingiskosningar verði í minn stað veitt kjörbréf sem varaþingmanni Reykvíkinga.“

Enn fremur hafði 10. s. m. Alþfl. sent yfirkjörstjórninni í Reykjavík svo hljóðandi bréf:

„Þar sem frk. Rannveig Þorsteinsdóttir hefur afsalað sér varaþingmannssæti A-listans í Reykjavík, óskar Alþýðuflokkurinn þess, að næsta manni listans, Eggert Þorsteinssyni, verði afhent kjörbréf sem varaþingmanni flokksins í Reykjavík.“

Eftir miklar bollaleggingar í kjörstjórn mun það hafa orðið niðurstaða, að þeir vildu ekki gefa út kjörbréf með venjulegum hætti a. m. k., og segja svo í niðurlagi bréfs síns, með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirkjörstjórnin taldi ekki fært, með hliðsjón af 31. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 117. gr. kosningalaganna, að gefa út formlegt kjörbréf til Eggerts G. Þorsteinssonar, og tilkynnti hún þá flokksforustu Alþýðuflokksins þessa niðurstöðu. En þar sem kjörinn þingmaður flokksins hér í Reykjavík, Haraldur Guðmundsson, er í þann veginn að hverfa af landi burt, en enginn varamaður fyrir hann, þá telur yfirkjörstjórnin rétt, svo sem mál þetta horfir nú við og með hliðsjón af 46. gr. stjórnarskrárinnar, að senda málið til hins háa Alþingis, að það taki ákvarðanir um það, hvort Eggert G. Þorsteinsson geti talizt löglega kosinn varaþingmaður fyrir Alþýðuflokkinn fyrir yfirstandandi kjörtímabil.“

Þannig sem sagt afgreiðir kjörstjórnin það. Hún hvorki samþykkir að gefa út kjörbréf né heldur neitar að gefa út kjörbréf, en hún telur vafasama heimildina til þess og leggur málið fullafgreitt frá sinni hendi í hendur Alþingis og vísar til þeirrar gr. stjórnarskrárinnar, sem fjallar um úrslitavald Alþingis um kosningar þm.

Það er vísað í þessu bréfi til 31. gr. stjórnarskrárinnar og 117. gr. kosningalaganna. 31. gr. stjórnarskrárinnar segir um kosningar í Reykjavík: Það skulu kosnir 8 þm. í Reykjavík. „Kosning þeirra er hlutbundin. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt.“ Mér skilst, að það sé þetta orðalag, sem yfirkjörstjórnin telur gera það vafasamt, að hægt sé að veita Eggert G. Þorsteinssyni varamannskjörbréf á lista Alþfl., með því að þeir telja, að þegar kosning hafi farið fram, hafi frk. Rannveig Þorsteinsdóttir verið í þriðja sæti, en ekki Eggert Þorsteinsson.

Þetta finnst mér ákaflega hæpinn orðhengilsháttur, að leggja svo stífan skilning í þetta orðalag, enda kemur í ljós, að kjörstjórnin þorir ekki að fullyrða þetta og vísar því til Alþingis til úrskurðar.

Það er nú svo bæði með stjórnarskrá og lög, að hversu nákvæm sem þau lög eru, verður lífið alltaf miklu fjölbreyttara, og hvað nákvæmlega sem talin eru upp ýmis tilvik, sem fyrir geta komið í lögum, verður lífið þó alltaf fjölbreyttara og kemur með ný tilvik, sem ekki hefur verið reiknað með áður. Og þannig stendur það í þessu máli, að þriðji maður listans, frk. Rannveig Þorsteinsdóttir, segir sig af listanum, afsalar sér varaþingmannssætinu, áður en búið er að úrskurða um varaþingmennina og gefa þeim kjörbréf, og tel ég, að það hefði verið eðlilegt og sjálfsagt, að þá hefði verið tekinn listinn eins og hann var, þegar kjörstjórnin snýr sér að því að úrskurða um varamennina og gefa þeim kjörbréf.

Eggert Þorsteinsson er, eins og vitað er, fjórði maðurinn á listanum. Að svo miklu leyti sem það yrði talið, að þarna væri verið að blekkja kjósendur, hefur Eggert á sinn hátt haft áhrif á kosningu, að svo miklu leyti sem yfirleitt menn á listum hafa áhrif á það, hverjir kjósa listana, og er í fjórða sæti við kosningarnar. Og þegar slík forföll koma eins og þau, að frk. Rannveig Þorsteinsdóttir segir sig af listanum, þá er eðlilegt að taka tillit til þess, þegar úthlutað er, hvernig listinn er þá.

Þetta hefur hins vegar kjörbréfanefnd þingsins ekki getað orðið sammála um. Við Gísli Guðmundsson, hv. þm. N-Þ., erum á þeirri skoðun, að það beri að taka kosningu Eggerts Þorsteinssonar gilda. Hv. 1. þm. Reykv. (BBen) og hv. 11. landsk. þm. (FÞ) voru á móti því og töldu það ekki geta samræmzt og gera vafalaust grein fyrir sinni skoðun, en hv. 1. landsk. þm. (AG) greiddi ekki atkvæði í n. og gerir sennilega grein fyrir sinni afstöðu hér við umr.

Eins og ég hef áður lýst, liggur ekki fyrir hér kjörbréf í þess orðs merkingu eða a. m. k. ekki venjulegt kjörbréf fyrir Eggert Þorsteinsson. En það segir sig sjálft, þegar athuguð eru ákvæði 46. gr. stjórnarskrárinnar, en hún segir svo: „Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmenn hafi misst kjörgengi.“ Þegar þetta ákvæði er athugað, er auðséð, að það atriði, hvort kjörstjórn hefur gefið út kjörbréf, getur ekki á neinn hátt skert þennan stjórnskipulega rétt Alþingis til þess að hafa úrslitavald. Það getur verið af ýmsum ástæðum, að kjörbréf eru ekki gefin út, mismunandi skilningur á lögum o. s. frv., eins og hér á sér stað. Og það væri vitanlega fásinna að telja, að það, að kjörstjórn gefur ekki út kjörbréf, útiloki það, að Alþingi geti hagnýtt sér sinn stjórnskipulega rétt til þess að hafa úrslitavald um kosningu þingmanna. Þá væri kjörstjórnin í raun og veru komin þar með aðstöðu, sem væri hærra sett og hefði meira vald í vissum skilningi en sjálft þingið. Einmitt á þessu ákvæði byggjum við það, að Alþingi beri ekki að binda sig við það, þó að kjörstjórn Reykjavíkur hafi ekki séð sér fært að láta Eggert Þorsteinssyni í té löglegt kjörbréf.

Ég vil benda á það, að í stjórnarskránni eru engin þau ákvæði, sem banna þá lausn þessa máls, sem við hv. þm. N-Þ. leggjum til. Það eru engin ákvæði í stjórnarskránni, sem beinlínis banna það, heldur eru þessar efasemdir, sem koma fram í bréfi kjörstjórnarinnar, dregnar óbeinlínis eða beinlínis að nokkru leyti út frá þessu orðalagi, sem ég las áðan, um það, að jafnmargir varamenn skuli kosnir samtímis og

á sama hátt. Það er náttúrlega augljóst mál, að ef svo hefði verið, að það hefðu verið skýlaus fyrirmæli um, að það gætu engir komið til mála sem varamenn aðrir en þeir, sem hefðu haft rétt til þess á kjördegi, eins og listinn var skipaður á kjördegi, — ef slíkt skýlaust ákvæði hefði verið, þá hefði ekki þessi deila orðið til. En engin slík ákvæði eru til í stjórnarskránni, sem banna þetta. Það virðist hins vegar eðli málsins samkvæmt eðlilegra í alla staði, að málið sé tekið með þeim hætti, sem við hv. þm. N-Þ. höfum talið.

Þegar svo atvikast, að atvikin í lífinu verða fjölbreyttari en löggjöfin gerir beinlínis ráð fyrir, þá verður á svipaðan hátt hér eins og þegar dómari hefur slík mál til úrslita að taka tillit til þess, hvað löggjafinn hafi ætlazt til og hvað sé eðlilegast í lausn hvers máls, án þess þó að halla nokkru þeim hætti, sem fyrir er. Og ef öll þessi atvik eru tekin til athugunar, býst ég við því, að það renni nýjum stoðum undir skoðun okkar í þessu máli.

Við teljum rétt að þetta mál eigi að leysast einmitt á þann hátt, sem er eðlilegastur, og það er, að listi Alþfl. í Reykjavík hafi varamann eins og aðrir listar hér í Reykjavík. Hann fékk kosinn löglega einn mann, og það hefur aldrei orkað tvímælis, að Alþfl. hefði undir öllum kringumstæðum getað fengið kosinn mann í Reykjavík og átti þá rétt á varamanni fyrir hann. Þess vegna er í alla staði eðlilegast, að hann fái að halda þeim rétti, þegar líka tillit er tekið til þess, að þetta raskar á engan hátt samsetningu Alþ., þetta veldur ekki misrétti gagnvart nokkrum aðila. Það er enginn aðili í landinu, hvorki flokkar né einstaklingar, sem geta kvartað yfir því, að á rétt þeirra sé gengið eða á einhvern hátt sé sniðgenginn vilji kjósenda.

Þegar allt þetta er tekið til athugunar, tel ég það vera alveg vafalaust rétt af þinginu og ég tel raunar hrein glöp af þinginu, ef það ekki tekur kjör Eggerts Þorsteinssonar gilt sem varamanns af lista Alþfl. í Reykjavík.

Ég vil benda á það atriði fyrir þá menn, sem vilja byggja á orðanna hljóðan, að ef svo færi, að Alþ. liti svo á, að ekki sé réttmætt, að Eggert Þorsteinsson verði talinn varamaður af lista Alþfl. í Reykjavík, þá er, þegar hv. 4. þm. Reykv. tekur við því starfi, sem vitað er að hann mun taka við, eitt af átta þingsætum Reykjavíkur autt. Þá eru þm. Reykjavíkur ekki nema sjö, og náttúrlega hefur það tilsvarandi áhrif á styrkleikahlutföll flokkanna í þinginu.

Nú segja menn sumir, að þetta sé löglegt. Og hvað á þá að gera, ef það eru aðeins sjö þm. í Reykjavík? Stjórnarskráin gerir ráð fyrir því, að á Alþ. eigi sæti allt að 52 þjóðkjörnir menn, og eins og kosningatölur komu út við síðustu kosningar, var úthlutað öllum uppbótarsætunum, ellefu að tölu. Þess vegna eiga nú samkvæmt stjórnarskránni að sitja 52 þm. á þingi. Það eru skýlaus fyrirmæli í stjórnarskránni. Þeir eru þá ekki orðnir nema 51, þegar Alþfl. hefur misst sinn varamann og misst sæti hér í þinginu. Þá mundu kannske sumir segja: Ja, það á að kjósa upp í Reykjavík. — Ef við tökum nú á sama hátt fullkominn orðhengilshátt, þá stendur hér í 31. gr. stjórnarskrárinnar eitt ákvæði um endurkosningar, og það er svona: „Deyi þm. kosinn í einmenningskjördæmi eða fari frá á kjörtímanum, skal kjósa þm. í hans stað fyrir það, sem eftir er af kjörtímanum.“ Það eru engin ákvæði um uppkosningu í Reykjavík. Það eru engin ákvæði um uppkosningu nema í einmenningskjördæmunum. Það þarf þá að brjóta stjórnarskrána til þess að láta kjósa upp í Reykjavík.

Ef maður ætlar að taka hlutina svona algerlega sem orðhengilshátt, en ekki taka þetta á þann sama hátt og hver einasti dómstóll verður að gera, að hann verður vitanlega að láta skynsemi ráða og taka tillit til allra aðstæðna og gera sér fyllilega ljóst, í hvaða skyni þessi löggjöf og stjórnarskrá er sett, þá erum við komnir sem sagt í algera sjálfheldu í þessu efni.

Ég vil aðeins benda á þetta til frekari skýringar á því, hvað það er hæpið að taka málin svo einstrengingslega.

Ég vil svo með tilliti til þess, sem ég hef hér sagt, bera fram þá till. af hálfu okkar hv. þm. N-Þ.: Sameinað Alþ. samþykkir að taka Eggert G. Þorsteinsson gildan sem réttkjörinn varamann af lista Alþfl. í Reykjavík.

Ég leyfi mér að leggja þessa till. fyrir hæstv. forseta.

Þá er það kjörbréf varamanns í staðinn fyrir hv. 4. landsk. þm., Finnboga R. Valdimarsson. Nefndin fjallaði um það kjörbréf. Það hefur verið lagt hér fram kjörbréf frá landskjörstjórninni til handa Geir Gunnarssyni framkvæmdastjóra í Hafnarfirði, og með því að 1. landsk. varaþm. af hálfu Alþb., Jónas Árnason í Neskaupstað, hefur með símskeyti tilkynnt, að hann geti vegna samgönguörðugleika og annarra forfalla ekki mætt til þingsins, taldi nefndin eðlilegt venju samkvæmt að taka þetta bréf til athugunar og hafði ekkert við það að athuga og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég tel, að eins og þetta mál var afgreitt í kjörbréfanefnd, hefði verið eðlilegra að afgreiða fyrst og sérstaklega kjörbréf Geirs Gunnarssonar. Öll nefndin var sammála um það, það mál var tekið í n. fyrir á undan hinu málinu og hv. þm. Siglf. var kosinn frsm. allrar n. fyrir því máli, en aðeins eins nefndarhluta fyrir máli Eggerts Þorsteinssonar, sem var afgreitt í n. á eftir og er þar mjög umdeilt, svo að ég tel málið hér ranglega lagt fyrir af nefndarinnar hálfu að þessu leyti.

En úr því að forseti lætur ræða bæði málin samtímis, þá er rétt, að ég lýsi afstöðu minni til kjörbréfs Eggerts Þorsteinssonar og óskil mér þó rétt til þess að gera gleggri grein fyrir því í nál., sem mér hefur ekki enn þá unnizt tími til að semja vegna þess, hve bráðan ber nú að um fyrirtekt málsins hér. Skal ég ekki hafa á móti því, að það sé afgreitt í dag, svo lengi sem það hefur frestazt, því að það var mánud. 28. jan. s. l., að haldinn var fundur í kjörbréfanefnd, og er hér bókað um þann fund.

„Fundarefni: Haraldur Guðmundsson óskar

þess bréflega, að Eggert Þorsteinsson taki sæti hans á Alþ. í fjarveru hans.

Lagt fram afrit af bréfi Haralds. Enn fremur lagt fram eftirrit af bréfi yfirkjörstjórnar, þar sem hún vísar málinu varðandi kosningu Eggerts Þorsteinssonar til Alþingis.

Tillaga frá Áka Jakobssyni: Nefndin samþykkir að leggja fyrir þingið, að Eggert Þorsteinsson verði tekinn gildur sem rétt kjörinn varaþingmaður af lista Alþýðuflokksins.

A. G. leggur til, að ofangreindri tillögu verði frestað til næsta fundar.

Formaður fellst á frestun málsins og heitir að kalla saman fund hið fyrsta. Fundi slitið.

Gísli Guðmundsson. Alfreð Gíslason."

Hér vantar raunar í, að bæði ég og hv. 11. landsk. lýstum okkur reiðubúna til að taka afstöðu til þessa máls þegar í stað á fundinum 28. jan. En þrátt fyrir það taldi form. rétt að fresta fundinum, og þrátt fyrir loforð um að kalla n. saman hið fyrsta hefur honum ekki unnizt tími til þess fyrr en í morgun, hinn 7. febr., og veit ég þó ekki til þess, að þingmenn hafi verið mjög störfum hlaðnir þann tíma, sem síðan er liðinn. En það var fyrir sérstakan atbeina hæstv. forseta, að málið var nú tekið fyrir á fundinum í morgun. Og var þá bókað um þetta:

„Tekið fyrir mál frá síðasta fundi: Um varamann 4. þm. Reykv.

Formaður skýrði frá, að forsrh. hafi tjáð sér, að ríkisstjórnin mundi leggja fyrir Alþingi, sennilega í dag, frv. um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, sem m. a. snerti þetta mál, og mundi, að því er formanni skildist, ef að lögum verður, fela í sér úrskurð Alþingis um það.

A. G. leggur fram svo hljóðandi tillögu: Kjörbréfanefnd telur það utan verksviðs síns (sbr. 4. gr. þingskapa) að fjalla um þetta mál, eins og það er fyrir hana lagt, og skilar því ekki áliti á þessu stigi.

Þessi tillaga var borin upp og felld með 2 atkvæðum gegn 1. Tveir greiða ekki atkvæði.

Bjarni Benediktsson óskar bókað: Hann hefur óskað upplýst, hvort fordæmi væru fyrir því, að þingið tæki til meðferðar þingsetu kjörbréfalauss þingmanns, og þar eð hann hefði ekki fengið þær upplýsingar enn, sæti hann hjá við ofangreinda atkvæðagreiðslu.

Tillaga Áka Jakobssonar frá síðasta fundi var borin upp. Tveir greiða henni atkvæði (Gísli Guðmundsson og Áki Jakobsson). Tveir á móti (Bjarni Benediktsson og Friðjón Þórðarson). Einn greiðir ekki atkvæði (Alfreð Gíslason) og gerir grein fyrir því með tilvísun til tillögu sinnar.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið."

Þetta er það, sem bókað hefur verið af því, sem gerðist í kjörbréfanefnd, og hefur þar raunar ýmislegt fleira á góma borið, sem ég skal ekki rekja hér.

Ég vil fyrst taka fram út af því, sem hv. nefndarformaður, þm. N-Þ., hefur eftir hæstv. forsrh., að það eigi í dag að leggja fram frv. um breytingar á lögum um kosningar til Alþ., sem m. a. snerti þetta mál, og mundi, að því er formanni skildist, ef að lögum verður, fela í sér úrskurð Alþ. um það, að ég óskaði eftir því í morgun, að n. fengi að sjá þetta frv., en þeirri beiðni var ekki sinnt. Ég játa hins vegar, að ég gekk ekki mjög ríkt eftir því, vegna þess að það er mikil nýlunda og fáheyrt, ef lagafrumvarp sett nú ætti að geta skorið úr um það, hver var löglega kosinn til Alþ. við kosningar, sem fóru fram í júní s. l. Þá fer sannast sagt skörin að færast upp í bekkinn, ef Alþ. 1957 ætlar að fara að setja lög um það, hverjir eru rétt kjörnir við kosningar, sem fóru fram fyrir nær ári. Og er þetta þó, svo fjarlægt sem það er, lítið óskynsamlegra en að halda, að það geti komið til greina eða álita, að kjörstjórn hafi heimild til þess að taka til álita eða afskipta breytingar á listum, sem gerðar eru eftir kjördag. Vitanlega eru það kjósendur, sem skera úr um það, hver er kosinn til Alþingis. Það, sem yfirkjörstjórn á að gera, er einungis að staðreyna dóm kjósendanna, eins og hann var felldur á kjördegi. Og þá verður að miða við frambjóðendur og lista, eins og þeir voru á kjördegi, en ekki neinar breytingar, sem gerðar eru á listunum eftir kjördag, enda gefur það auga leið og þarf ekki um það að ræða, að það verður auðvitað til þess að breyta mjög útliti listans í Reykjavík og þar með væntanlegri afstöðu fjölda kjósenda, ef ungfrú Rannveig Þorsteinsdóttir hefði ekki átt sæti á listanum. Ég þori að fullyrða, að slíkt hefur aldrei fyrr komið til álita, að það geti skipt máli, þó að eitthvað hafi gerzt í þessu eftir á, enda sjáum við nú þegar af þeirri tilkynningu, sem hv. þm. N-Þ. las upp fyrir hönd forsrh. í morgun, í hvílíkar öfgar og ógöngur menn komast, ef þessi háttur er á hafður, að nú er ætlunin, að með löggjöf, sem í fyrsta lagi er sett í febr. 1957, eigi að fara að skera úr um það, hverjir séu löglega kosnir á þing 1956.

Ég skal ekki blanda öðrum málum inn í þetta. En er ekki alveg óþarft héðan í frá að vera að hafa alþingiskosningar? Getur ekki þingið úrskurðað, að allt aðrir menn séu kosnir en aumingja kjósendurnir voru að burðast við, úrskurðað hvern þann kosinn, sem því lízt; ef það þorir ekki að gera það eftir lögunum, eins og þau voru, þegar menn gengu til kosninga, þá bara breyta lögunum einu eða tveimur árum síðar og segja: En það átti allt annar maður að vera kosinn eftir þeim nýju lögum heldur en kosinn var, — við rekum þann fyrri heim og tökum þann nýja inn?

Ýmislegt geta menn nú gert, en í svona fjarstæður hélt ég sannast sagt að menn í lýðræðisþjóðfélagi mundu aldrei leggja. Og ég segi þessum hv. þingmönnum og hæstv. ríkisstjórn, sem slíkt hefur í huga, að þeir herrar eru nú þegar búnir að níðast nóg á réttlæti og sanngirni til þess, að þeir ættu að hugsa sig vandlega um, áður en þeir gengju lengra á þá braut en þeir eru búnir að gera. En ósárt er mér um það, að þeir opinberi enn betur en orðið er rangsleitni sína og fullkomna valdhyggju.

Ákvæðin í núgildandi stjórnarskrá um varamenn fyrir suma þingmenn, en ekki alla, eiga rætur sínar að rekja til stjórnskipunarlaga nr. 12 19. júní 1915. Í 8. gr. þeirra sagði:

„Óhlutbundnum kosningum í sérstökum kjördæmum skulu kosnir 34 alþingismenn, en sex hlutbundnum kosningum um landið allt í einu lagi.“

Og í síðustu mgr. 9. gr. þessara stjórnskipunarlaga sagði:

„Deyi þingmaður kosinn óhlutbundinni kosningu, meðan á kjörtímanum stendur, eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í stað hans fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á, en varamenn skulu vera jafnmargir og þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum, enda kosnir á sama hátt og samtímis.“

Með stjórnarskránni nr. 9 18. maí 1920 verður á þessu sú *meginbreyting, að heimilað er*, að með lögum megi ákveða, að þingmenn Reykjavíkur skuli kosnir hlutbundnum kosningum, og segir um þetta í 3. og 4. mgr. 26. gr. stjórnarskrárinnar frá 1920 svo:

„Óhlutbundnum kosningum í sérstökum kjördæmum skulu kosnir 34 þingmenn, en 6 hlutbundnum kosningum um land allt í einu lagi. Með lögum má ákveða, að þingmenn Reykjavíkurkaupstaðar skuli kosnir hlutbundnum kosningum, *og gilda þá um kjörgengi og kosningarrétt* sömu reglur sem við óhlutbundnar kosningar.“

Í 28. gr. sömu stjórnarskrár segir því næst:

„Deyi þingmaður, kosinn í sérstöku kjördæmi, á kjörtímanum, eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu um land allt, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á, en varamenn skulu kosnir jafnmargir og þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum um land allt, enda kosnir á sama hátt og samtímis. Sama er og, ef þingmaður, kosinn hlutbundinni kosningu um land allt, forfallast svo, að hann getur ekki setið á einhverju þingi, hvort er reglulegt þing eða aukaþing, eða það sem eftir er af því þingi.“

Þessi ákvæði giltu svo til 1934. Þá voru sett stjórnskipunarlög nr. 22 24. marz, og þau gera í 3. gr. þá meginbreytingu, að 28. gr. stjórnarskrárinnar er alveg felld niður og þau ákvæði hennar, sem þörf þótti á að væru í sjálfri stjórnarskránni, felld inn í 26. gr. hennar. Samkv. 1. gr. stjórnskipunarlaga 1934 skal 26. gr. stjórnarskrárinnar hljóða svo:

„Á Alþingi eiga sæti allt að 49 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af

a) 32 í einmennings- og tvímenningskjördæmum þeim, sem nú eru. Kosning þeirra er óhlutbundin. Skipta má tvímenningskjördæmum með lögum. Deyi þingmaður, kosinn í þessum kjördæmum, á kjörtímanum, eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

b) 6 í Reykjavík. Kosning þeirra er hlutbundin. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt.

c) Allt að 11 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka“ — svo sleppi ég úr ákvæðum, sem ekki skipta máli, en segir að lokum: „Jafnmargir varamenn skulu kosnir jöfnunarþingsætum, samtímis og á sama hátt.“ Síðasta setningin skiptir ekki máli, að kjörtímabilið skuli vera fjögur ár.

Þessu er svo enn breytt með stjórnskipunarlögum nr. 78 1. sept. 1942, en þar segir í 1. gr.:

„26. gr. stjórnarskrárinnar hljóði þannig“ — og þau ákvæði eru enn þá orðrétt í gildi:

„Á Alþingi eiga sæti allt að 52 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af

a) 8 þingmenn í Reykjavík. Kosning þeirra er hlutbundin. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt.

b) 6 þingmenn í þessum kaupstöðum, einn fyrir hvern kaupstað: Hafnarfirði, Ísafirði, Siglufirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum.

c) 27 þingmenn í þeim einmennings- og tvímenningskjördæmum, sem nú eru, öðrum en kaupstöðum. Skal kosning vera hlutbundin í tvímenningskjördæmum og jafnmargir varamenn kosnir samtímis og á sama hátt. Deyi þingmaður, kosinn í einmenningskjördæmi, eða fari frá á kjörtímanum, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

d) Allt að 11 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka“ — og svo felli ég úr atriði, sem ekki skipta máli. — „Jafnmargir varamenn skulu kosnir jöfnunarþingsætum, samtímis og á sama hátt.“ — Felli *einnig* úr ákvæði varðandi fjögurra ára kjörtímabil.

Eins og ég sagði, eru þessi ákvæði tekin orðrétt upp í lýðveldisstjórnarskrána frá 1944 og eru þess vegna enn í gildi.

Af þessu yfirliti er ótvírætt, að ákvæðin um tölu varamanna eru alveg ótvíræð. Þeir hafa frá upphafi átt að vera jafnmargir og aðalmenn. Þegar af þeirri ástæðu skiptir engu máli að rekja reglur kosningalaganna um þessi efni, því að alviðurkennt er, að kosningalög geta ekki breytt ótvíræðum ákvæðum stjórnarskrárinnar. Hitt er svo annað mál, að það er ekkert ósamræmi á milli kosningalaganna og stjórnarskrárinnar, einungis hitt, að það er óþarfi að rekja það, vegna þess að stjórnarskráin sker skýrt úr, og þá verður hennar ákvæði að standa. En það er sérstaklega athyglisvert í þessu sambandi, að þó að Reykjavík fengi þm. kosna hlutbundnum kosningum strax 1921 samkv. heimildinni, sem gefin var í stjórnarskránni frá 1920, var það ekki fyrr en með stjórnarskrárbreytingunni 1934, að hún fengi varamenn, og þess vegna þurfti a. m. k. tvisvar að kjósa upp, svo að ég muni. 1926, þegar tveir þm. Reykv., Jón Þorlákssson og Jón Baldvinsson, voru kosnir landskjöri, þurfti að kjósa upp í Rvík um haustið, og voru þá kosnir þeir Jón Ólafsson og Héðinn Valdimarsson. Og eins var kosið upp 1932, þegar Einar Arnórsson gerðist hæstaréttardómari, og var þá í fyrsta skipti kosinn þm. Reykv. Pétur heitinn Halldórsson. Engir varamenn voru hér fyrir hendi, og það datt engum í hug, að leyfilegt væri að fara neðar á listana og taka þá, sem þar stóðu. Vel var hugsanlegt, t. d. við kosningarnar 1926, að hlutföll í Reykjavík yrðu slík, að t. d. Íhaldsflokkurinn, sem þá var, fengi báða mennina kosna, en skylda var til þess að kjósa, og það fór á þann veg, að það var kosinn sinn frá hvorum höfuðflokki.

Eins var 1932. Það var enginn, sem gat sagt

fyrir, að frambjóðandi Sjálfstfl. yrði kosinn. Það hefði mátt segja, að eftir sanngirni hefði frambjóðandi Sjálfstfl. átt af sjálfu sér að koma inn í staðinn fyrir Einar Arnórsson og ekki hætta á það, að kosið yrði. Slíkt datt engum í hug. Varamenn voru ekki til fyrir Rvík, og þá varð að kjósa upp.

En við höfum fordæmi, sem er enn þá skýrara í þessu efni, og það er einnig frá 1926. Þá stóð þannig á, að landskjörinn þm. einn var Jón Magnússon, þáv. forsrh., og hafði verið kosinn á lista við framboð 1922. Hann var kosinn sem aðalmaður. Varamaður hans var Sigurður heitinn Sigurðsson búfræðingur, fyrrv. þm. Árn. Jón er aðalmaðurinn, Sigurður varamaður. Þriðji maður á listanum var Sveinn Benediktsson hreppstjóri á Fáskrúðsfirði, hygg ég vera. Jón Magnússon verður bráðkvaddur um mitt sumar 1926. Sigurður Sigurðsson er dáinn nokkrum mánuðum áður. Íhaldið fór með völd, og um svipað leyti fóru fram almennar kosningar til landskjörs, þar sem ég hygg að ég muni það rétt, að andstöðuflokkar Íhaldsflokksins höfðu samanlagt meira fylgi en Íhaldsflokkurinn. Það var því viss áhætta fyrir Íhaldsflokkinn að leggja út í kosningar og hefði getað verið viss freisting að segja: Ja, við tökum bara þriðja manninn á listanum inn, Svein Benediktsson; hann er lifandi og á að koma þarna inn af sjálfu sér. — Slíkt datt engum í hug. Það stóð í lögum: „Varamenn þingmanna eru jafnmargir aðalþingmönnum.“ Og það var boðað til kosninga, og þær fóru fram um haustið. Að vísu enduðu þær, eins og menn muna, eldri menn, á þann veg, að Jónas Kristjánsson læknir var kosinn, en samfylking Alþýðuflokks og Framsfl. fékk færri atkv.

Nú mætti segja: Hvað líður þá lögskýringu þeirri, sem hv. þm. Siglf. var með hér áðan, að vegna þess að það segir einungis um þá þm., sem engan varaþingmann hafa, að það eigi að kjósa, ef þeir deyja eða fara frá, var þá heimilt að fara þannig að, eins og gert var 1926? En ákvæðin varðandi þetta atriði eru nákvæmlega eins í dag og þau voru þá.

Engum kom annað til hugar en úr því að þessi eini varamaður var einnig dáinn, úr sögunni, þá yrði að viðhafa þá aðferð að kjósa upp aftur. Og kom engum til hugar sú mjög frumlega lögskýring, að af þeim sökum yrði að hafa þann hátt á að láta engan þm. koma inn. Um þetta liggur fyrir alveg ótvírætt fordæmi, sem ómögulegt er að komast fram hjá. Og ég segi það til afsökunar þeim þm., sem nú hafa verið með ráðagerðir um annað, að ég er sannfærður um, að þeir hafa ekki athugað nógu vel þau lagaákvæði, sem hér eru fyrir hendi, né þau fordæmi, enda kom það glögglega fram á kjörbréfanefndarfundinum í morgun, að þeir höfðu ekki gert það. Og þrátt fyrir mjög takmarkað traust til þeirra margra, ber ég samt það traust til þeirra, að þeir eftir skoðun málsins verði hikandi í að taka þessa ákvörðun, og ég spyr: Er nokkrum gert rangt með því að fara svona að?

Í fyrsta lagi hefur Haraldur Guðmundsson enn þá ekki sagt af sér, þannig að Alþfl. er ekki sviptur neinum þm., þó að Haraldur Guðmundsson verði af þessum sökum að halda áfram þeirri þingmennsku, sem hann var kosinn til á s. l. sumri og sannarlega átti ekki lítinn þátt í því, að fylgi Alþfl. varð þó ekki minna en það reyndist hér í bænum, þannig að Haraldur Guðmundsson og Alþfl. hafa það í hendi sér að halda þessum að mörgu leyti mjög prýðilega manni áfram sem þingmanni. En ef þeir kjósa ekki þann kost, sem þeir kjósa, þá geta þeir engum öðrum en sjálfum sér um kennt. Ég trúi því ekki, að afsögn ungfrú Rannveigar Þorsteinsdóttur hafi komið þeim á óvart eða verið gerð án þeirra samþykkis. Og þeim bar vitanlega skylda til þess að kynna sér afleiðingar þeirrar afsagnar að réttum lögum, áður en þeir gerðust hvatamenn eða samþykkjendur hennar. Hafi hún gert það aftur á móti gegn þeirra vilja og óskum, þá er þeim mátulegt, — ég vil ekki segja ljótt orð, — þá kemur þeim rétt í koll að kjósa svo lítið traustverðuga fulltrúa til þingsins. En ég er ekki með þessu að færa að þessum fyrrv. varaþm. Reykv., vegna þess að ég er sannfærður um það, að hér hafi verið um samantekin ráð að ræða.

Látum vera, að ekkert af þessu verði, þá höfum við eitt fyrirtaks ráð enn þá, og það er: Nú var fellt hér í gær að láta fara fram þingrof og almennar kosningar á næsta sumri þrátt fyrir það, þótt stjórnarliðið segði: Ja, við munum stórlega vinna á og íhaldið stórkostlega tapa fylgi, — og hæstv. fjmrh. sagði: Ja, íhaldinu væri það mátulegt að láta nú kjósa, vegna þess að þá fengi það þá réttu útreið. En við gætum ekki tekið þátt í þeim skrípaleik að fara að láta rjúfa allt þingið. — Nú skulum við bara láta taka eitt dæmi, fara eftir réttum lögum og láta kjósa einn þm. hér í Rvík og sjá, hvernig reynist um dóm Reykvíkinga, höfuðstaðarbúanna, um hina hæstv. ríkisstj.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég vil í fáum orðum gera grein fyrir afstöðu minni á fundi kjörbréfanefndar í morgun. Ég bar þar fram dagskrártillögu, svo hljóðandi:

„Kjörbréfanefnd telur það utan verksviðs síns, sbr. 4. gr. þingskapa, að fjalla um þetta mál, eins og það er fyrir hana lagt, og skilar því ekki áliti á þessu stigi.“

Í 4. gr. þingskapa Alþingis er tiltekið, hvert sé hlutverk kjörbréfanefndar. Samkv. þeirri gr. er hlutverk nefndarinnar þríþætt. Í fyrsta lagi á hún að prófa kjörbréf, er síðar koma fram en svo, að þau verði prófuð eftir 1. gr., þ. e. a. s. í þingbyrjun. Í öðru lagi á hún að rannsaka kosningar og kjörgengi, er þingið hefur frestað að taka gilt. Og í þriðja lagi á hún að rannsaka kærur yfir kosningum eða kjörgengi, er þegar eru teknar gildar.

Undir ekkert af þessu kemst þetta mál, sem lagt var þó fyrir kjörbréfanefnd, og af þeim sökum fannst mér mjög vafasamt, að málið kæmi fyrir n. á því stigi, sem það var á. Í samræmi við þessa afstöðu mína á nefndarfundinum sat ég hjá við atkvgr., sem fól í sér afgreiðslu á málinu, og af þeim sökum einum sat ég hjá, er till., sem þar var samþykkt, var afgreidd.

Ég vil taka það fram skýrt, að með þessari afstöðu á fundinum lýsi ég ekki afstöðu minni

til málsins sjálfs og áskil ég mér þar með allan rétt til að greiða atkv. í því eftir því, sem ég tel sannast og réttast, þegar þar að kemur.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi í fyrsta lagi leyfa mér að bera fram þau tilmæli til hæstv. forseta í sambandi við þennan dagskrárlið, þar sem þar eru tvö mál óskyld, að það mál, sem snertir rannsókn kjörbréfs, sem kjörbréfanefnd öll hefur skilað samróma áliti um og lagt til, að kjörbréf Geirs Gunnarssonar verði tekið gilt, að það mál verði afgreitt nú við atkvgr. í þinginu. Um hitt málið, sem auðsjáanlega er ekki í neinu sambandi við þetta og kjörbréfanefnd er margklofin í og líklegt er að muni verða nokkurt deilumál hér í þinginu og jafnvel langt, sé umr. síðan annaðhvort haldið áfram eða frestað, eftir því sem hæstv. forseta eða þingheimi finnst rétt, en það mál, sem snertir rannsókn kjörbréfs, sé nú borið upp á eftir, þar sem ekki er að neinu leyti verið að ræða það og allir hv. kjörbréfanefndarmenn sammála um till. sína í því efni.

Svo er það mál, sem hér liggur fyrir og tveir hv. þm. úr kjörbréfanefnd þegar hafa gert till. um, þeir þm. Siglf. og N-Þ. Það er alveg rétt fyrir okkur, þegar við ræðum þessi mál, að gera okkur ljóst, að það er ekkert undarlegt, þó að oft sé nokkur vandi á ferðum í sambandi við þessi mál. Stjórnarskráin og kosningalögin hafa verið að taka stórfelldum breytingum á þessum síðustu áratugum, án þess að þess hafi alltaf verið gætt, að fullt samræmi væri á milli annars vegar anda og bókstafs stjórnarskrárinnar og ákvæða kosningalaganna. Við höfum rekið okkur á það, og við erum að reka okkur á það núna, og við eigum vafalaust eftir að reka okkur á það, að þarna komi fram vandræðamál, sem við verðum að reyna að útkljá í hvert skipti, eftir því sem okkur finnst vera í réttustu samræmi við stjórnarskrána og hennar tilgang, og gæta þess þó ætíð um leið að brjóta ekki lög.

Tilefni til þess, að það mál, sem hér er um rætt viðvíkjandi varaþingmennsku í Reykjavík, er komið hér fyrir, er bréf yfirkjörstjórnar í Reykjavík, sem þegar hefur verið lesið, þar sem farið er fram á, að hið háa Alþ. taki ákvarðanir um það, hvort Eggert G. Þorsteinsson geti talizt löglega kosinn varaþingmaður fyrir Alþfl. fyrir yfirstandandi kjörtímabil.

Ég álít, að ákvarðanir um, hvort einn þm. sé löglega kosinn, þegar ekki er um að ræða mann, sem hefur kjörbréf frá yfirkjörstjórn, geti Alþ. aðeins tekið með lögum, svo fremi sem slík log séu í samræmi við anda og tilgang stjórnarskrár.

Það er engum efa bundið, að það mundi stangast við kosningalög að gefa út kjörbréf til manns, sem ekki er varaþingmaður, eins og yfirkjörstjórn þá lítur á. Og hún getur ekki gefið út kjörbréf til manns, nema því aðeins að hún styðjist þar við lög. Og það er Alþingis að setja lög um öll slík efni.

Nú skulum við hins vegar aðgæta, hvernig fyrirmæli stjórnarskrárinnar eru í þessum efnum.

Það er skýrt ákveðið í stjórnarskránni, að flokkar skuli hafa varamenn jafnmarga og þeir hafa þingmenn. Ég álít fyrir mitt leyti, að lög, sem svipta flokk rétti til þess að hafa jafnmarga varamenn og þingmenn, séu í mótsetningu við anda og bókstaf stjórnarskrárinnar, sem fyrirskipa, að flokkarnir skuli hafa jafnmarga þingmenn; hins vegar séu ákvæði, sem nú eru í kosningalögunum um þetta, eftir a. m. k. þeirri túlkun, sem er til á þeim, í andstöðu við bókstaf stjórnarskrárinnar og anda.

Hv. 1. þm. Reykv. rakti hér mjög ýtarlega þau dæmi, sem hafa verið viðvíkjandi uppkosningum, og nefndi allmörg dæmi frá því fyrir 1934. Ég dreg sízt í efa, að það sé alveg rétt skilið, það sem hann þar flutti fram, sem sé um uppkosningu í því kjördæmi og í landskjörinu, sem hann þar nefndi.

En í þessu sambandi er eitt, sem verður að athuga. Hann nefnir öll sín dæmi frá því fyrir 1934. Þó að margt í orðalagi stjórnarskrárinnar í einstökum atriðum sé svipað, gerist ein höfuðbreyting við stjórnarskrárbreytinguna 1934. Það er sú breyting, að flokkum er veittur miklu meiri réttur en þeir áður höfðu í stjórnarskránni, þannig að það verður viss meginbreyting á stjórnarskránni í sambandi við stjórnarskrána, sem sett er 1934. Flokkum er gert hærra undir höfði en áður var, a. m. k. í vissum kjördæmum, þar sem kosið er hlutfallskosningum, eða í sambandi við landskjör. Þeim er gert hærra undir höfði. Það er dregið úr þeirri meginreglu, sem upphaflega var fyrst og fremst byggt á, um einmenningskjördæmi.

Í 31. gr. stjórnarskrárinnar segir:

„Deyi þm., kosinn í einmenningskjördæmi, eða fari frá á kjörtímanum, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans."

Það er ekki annað ákvæði um þetta, hvernig fara skuli, þegar þm. deyr eða fer frá, ekki önnur ákvörðun í stjórnarskránni en viðvíkjandi einmenningskjördæmunum.

Í kosningalögunum, í 135. gr., er gert ráð fyrir þrenns konar möguleikum til uppkosninga: Í fyrsta lagi þeim möguleika, að frambjóðandi í einmennings- eða tvímenningskjördæmi deyi innan viku fyrir kjördag. Í öðru lagi, að uppkosning verði nauðsynleg fyrir það, að kosning er úrskurðuð ógild. Eða í þriðja lagi, að þingmannssæti verður af öðrum ástæðum autt, áður en kjörtímabilið er á enda.

Þetta þriðja ákvæði í 135. gr. sýnist mér þannig, að það megi skilja það á tvennan hátt; það megi annars vegar túlka það, — og það skilst mér hv. 1. þm. Reykv. miða við, — það megi túlka það þannig, að þingmannssæti, einnig í hlutfallskosningakjördæmi, ef autt verður, þannig að einn þingmaður og einn varamaður falli frá, þá beri að kjósa upp um það eina sæti. En þetta þriðja atriði í 135. gr. sýnist mér líka mega túlka á þann hátt í sambandi við stjórnarskrána, 31. gr., að kjósa skuli í einmenningskjördæmum og ekki talað um annað en þetta skuli aðeins gilda í einmenningskjördæmunum. M. ö. o.: hér stöndum við frammi fyrir lagagrein, sem ég geng út frá að lögspekingar þingsins geti tvímælalaust túlkað mismunandi og haft mismunandi skoðanir á eftir því, að hve miklu leyti þeir álíta að höfuðregla stjórnarskrárinnar

hafi breytzt og hennar andi við stjórnarskrársetninguna 1934. Úr þessu, þegar slíkur ágreiningur getur verið um tilgang stjórnarskrár og um kosningalög, álít ég einvörðungu hægt að skera með einu móti, og það er með lagasetningu Alþingis, svo fremi slík lagasetning brjóti ekki í bága við stjórnarskrána.

Í stjórnarskránni segir, í 31. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Að öðru leyti fer um skipun jöfnunarþingsæta eftir kosningalögum.“

Og enn fremur segir í 33. gr.:

„Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.“

Meira að segja í sjálfri stjórnarskránni er vísað til þess við ákveðin fyrirmæli, að kjördæmi skuli vera eins og nú eru í kosningalögum. Mér sýnist því ótvírætt, að það sé Alþingis undir slíkum kringumstæðum að útkljá með kosningalögum, ef þau brjóta ekki í bága við stjórnarskrá og menn greinir á um, hvernig skilja beri. Ég álít það alveg gersamlega óhugsandi að ætla t. d. að útkljá eitthvað þess háttar með einhverri yfirlýsingu á Alþingi.

Ég vil taka dæmi. Þetta mál er ekki spursmál endilega aðeins í sambandi við það sérstaka mál, sem hér liggur fyrir, heldur almennt spursmál. Við skulum taka það sem dæmi: Við höfðum t. d. flokk á síðasta þingi, eins og Þjóðvarnarflokkinn, þar sem var einn kjördæmakjörinn þingmaður, einn varamaður hans, einn landskjörinn þm. flokksins, og — eftir þeim skilningi, sem hingað til hefur ríkt á lögunum — einn varamaður hans. Nú skulum við bara segja, sem alltaf gæti komið fyrir í einhverjum tilfellum, að jafnvel fjórir menn forfallist, þrír til fjórir menn. Mundi það vera í samræmi við anda stjórnarskrár, að slíkur flokkur þá raunverulega félli út úr þinginu, hafandi verið kosinn í almennum kosningum og fengið sinn rétt samkv. því? Mundi það vera í samræmi við tilgang stjórnarskrárinnar, eins og hún hefur verið frá 1934, með þeim breytingum, sem síðan hafa verið gerðar? Ég álít ekki. Og ég álít, að þegar við ræðum þessi mál, verðum við að ræða þetta almennt, hvað rétt sé, vegna þess að það, sem við viljum gera í svona máli hér á Alþ., er ekki spurning um eitt einstakt atriði og hvernig það skuli afgreiða, heldur um, hvað skuli vera lög í landinu.

Þá er viðvíkjandi yfirkjörstjórn og hennar ábyrgð og hennar sjálfstæði og hennar valdi. Yfirkjörstjórn og kjörstjórnir, eins og landskjörstjórnin líka, hafa mjög mikið vald eftir kosningalögunum. Og það er þeirra verkefni að gefa út kjörbréf. Kjörstjórnir einar geta gefið út kjörbréf. Það hefur aldrei komið fyrir, að Alþingi hafi svo að segja ákveðið að gefa út kjörbréf eða taka mann inn á Alþingi, án þess að hann hafi kjörbréf. Ég álít, að Alþingi geti ekki gert slíkt, megi ekki gera slíkt og geti alls ekki fyrirskipað neinni kjörstjórn, yfirkjörstjórn né landskjörstjórn, hvað hún skuli gera í slíkum efnum. Slíkt væri að mínu áliti alger valdbeiting af hálfu Alþingis.

Ég álít þess vegna algerlega óhugsandi og algert brot að ætla að samþ. till. eins og þá, sem þeir hv. þm. Siglf. og hv. þm. N-Þ. hafa flutt hér.

Það, sem Alþingi ber að gera í sambandi við, hvort þm. séu löglega kosnir, stendur í 46. gr. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hefur misst kjörgengi.“

Það er þetta tvennt, sem heyrir undir okkar úrskurð, og það er hvorugt af því, sem hér liggur fyrir.

Ef Alþingi vill sinna þeim tilmælum, sem yfirkjörstjórn Rvíkur hefur til þess beint, álít ég, að það sé aðeins ein leið til þess og það er lagasetning, svo fremi Alþingi áliti hana ekki brjóta í bága við stjórnarskrá. Og þegar slík lög eru samþykkt, getur auðvitað hver kjörstjórn og í þessu tilfelli yfirkjörstjórn Rvíkur gefið út kjörbréf samkv. lögum í landinu.

Ef lög eru óskýr, getur Alþingi sett skýr lög. Ef það er gat í lög, getur Alþingi bætt úr því. Það er löggjafinn, sem ekki þarf að halda á neinum einstökum skýringum í einstökum atriðum. Það verður aðeins að gæta að því, að þess lög séu ekki í andstöðu við stjórnarskrána. Stjórnarskráin tekur það mjög greinilega fram, að það skuli ákveðast nánar um þetta í kosningalögum, en ekki með neinum yfirlýsingum, einstökum samþykktum eða neinu öðru slíku.

Viðvíkjandi því sérstaka tilfelli, sem hér liggur fyrir, verð ég að segja, að mér finnst þetta tilfelli bera allundarlega og leiðinlega að. Hér hefur — þess hefur verið minnzt nú nýlega í sambandi við 50 ára afmæli Kvenréttindafélags Íslands — verið mikill áhugi fyrir því af hálfu kvenna að fá fulltrúa á Alþingi, og sá varaþm. Alþfl., sem hér afsalar sér þingmennsku og áður hefur setið hér á þingi, hefur staðið framarlega í þeirri baráttu. Og ég á satt að segja ákaflega bágt með að skilja það gagnvart kvenþjóðinni, hvernig á því stendur, að hún skuli afsala sér þingmennsku.

Hins vegar má kannske segja, að þetta sé mál, sem ekki kemur okkur við. En það verð ég að segja, að hálfilla kann ég við það orðalag, sem haft er á því bréfi, sem frk. Rannveig Þorsteinsdóttir skrifaði yfirkjörstjórn Rvíkur. Hún segist afsala sér sæti sem varaþingmaður Reykv. Þegar þm. segja af sér, þá segja þeir af sér þingmennsku. Þegar varaþingmenn segja af sér, þá segja þeir af sér varaþingmennsku. Mér finnst þetta: að „afsala sér sæti“ — minna nokkuð mikið á fasteignasölu í sambandi við þetta og engu líkara en það ætti að vera eins konar þinglýsing á slíku, sem hér færi fram, og í slíku vil ég ekki taka þátt. Og mér finnst það undarlegt þekkingarleysi á lögum og praksís, sem þarna hefur legið fyrir, þegar þetta hefur verið gert.

Ég verð þess vegna að segja, að ef hér á að reyna að tryggja þann rétt, sem mér virðist eftir anda stjórnarskrárinnar að flokkum sé veittur í svo miklu ríkara mæli eftir 1934 en áður, þá sé hægt að gera það með lögum, svo fremi sem þau ekki álítist brjóta í bága við stjórnarskrá, en ekki með öðru móti.

Ég vil taka það fram, að ég er leikmaður í þessum efnum, og mín skoðun á þessu byggist á því, hvernig ég hef skilið stjórnarskrána og hennar anda og þær breytingar, sem á henni hafa verið gerðar.

Ég álít þess vegna algerlega ómögulegt fyrir Alþingi að samþ. þá till., sem hér liggur fyrir frá þeim hv. þm. Siglf. og N-Þ., og væri alveg óþolandi fordæmi, ef slíkt væri gefið; sé hægt að leysa þetta mál, verði það ekki leyst nema með lögum, sem séu í samræmi við anda og tilgang stjórnarskrárinnar. Það er á valdi Alþingis að setja slík lög. Ég vil svo endurtaka tilmæli mín til hæstv. forseta, að afgr. sé nú till. kjörbréfanefndar, samróma till. hennar um kjörbréf Geirs Gunnarssonar, og síðan haldið áfram umr. um þetta mál, sem auðséð er að getur orðið nokkurt deiluatriði.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Geirs Gunnarssonar samþ. með 45 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Geir Gunnarsson, undirritaði síðan drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (EmJ): Frá minni hluta kjörbréfanefndar liggur fyrir till., sem er svo hljóðandi:

„Sameinað Alþingi samþykkir að taka Eggert Þorsteinsson gildan sem réttkjörinn varamann af lista Alþýðuflokksins í Reykjavík."

Það er óskað nafnakalls um till., og verður það viðhaft.

ATKVGR.

Till. minni hl. kjörbréfanefndar (ÁkJ, GíslG) felld með 24:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, KK, PZ, PÞ, PP, SE, SkG, StgrSt, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, BSt, BjörgJ, EirÞ, EystJ, FS, GíslG, GÍG, GÞG, HÁ, HS, EmJ.

nei: IngJ, JóhH, JJós, JK, JS, KJJ, LJós, MJ, ÓB, ÓTh, PO, RH, SÁ, SB, SÓÓ, AG, BBen, BjörnJ, BÓ, EOl, GeirG, FÞ, GTh, HV.

5 þm. (HG, JPálm, KGuðj, SvbH, GJóh) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Eins og till. þessi er orðuð, er gert ráð fyrir því, að Alþingi samþ. að taka gilda kosningu Eggerts Þorsteinssonar. Ég tel, að hér sé mjög óvenjulega að farið, það sé ekki hægt fyrir Alþingi að samþ. á þann hátt að taka gilda kosningu alþm., án þess að fyrir liggi kjörbréf. Hins vegar er ég á þeirri skoðun, að kjörstjórninni í Reykjavík beri skylda til að gefa út kjörbréf, og ég tel, eins og mál þetta ber að, að það sé eðlilegt, að gildandi lögum sé fullnægt á þann hátt, að Alþfl. fái varamann, og að það sé eðlilegt í þessu tilfelli að gefa út kjörbréf handa fjórða manni á lista flokksins, Eggert Þorsteinssyni. Mín afstaða mundi miðast þannig við kjörbréfið, þegar það lægi hér fyrir, en ég segi nei við þessari till., eins og hún liggur hér fyrir.

Páll Zóphóníasson: Með því að ég ætla, að það sé fordæmi fyrir því úr þingsögunni, að tekinn hafi verið gildur maður, sem ekki hafði kjörbréf, þá segi ég já.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég tel Alþingi ekki geta samþ. till. um að taka gilda kosningu ákveðins manns, án þess að kjörbréf hans liggi fyrir til afgreiðslu hér í þinginu, en er hins vegar þeirrar skoðunar, að Alþingi mundi hafa getað látið í ljós vilja sinn um rétt flokka almennt undir sams konar kringumstæðum og hér liggja fyrir, og segi nei um till.

Á 29. fundi í Sþ., 12. febr., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (KK): Þá verður gengið til dagskrár og tekið fyrir það eina mál, sem er á dagskrá, rannsókn kjörbréfs. Í því sambandi er þess fyrst að geta, að mér hefur borizt bréf svo hljóðandi:

„Reykjavík, 12. febr. 1957.

Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá Einari Olgeirssyni, 3. þm. Reykv.:

„Með því að ég fer á morgun utan til að sitja 5. þing Norðurlandaráðs og mun verða fjarverandi næstu 3—4 vikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 3. málsgr. 144. gr. laga nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, að óska eftir því, að varamaður, Eðvarð Sigurðsson, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Halldór Ásgrímsson,
forseti neðri deildar."

Til þess að spara tíma og komast hjá því, að það þyrfti að hafa fundarhlé, þá hefur kjörbréfanefnd verið beðin að athuga þetta kjörbréf, og vænti ég þess, að hún hafi lokið störfum, og vil ég þá hér með gefa frsm. hennar, hv. þm. Siglf., orðið.

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman á fund, og þar lá fyrir kjörbréf Eðvarðs Sigurðssonar sem 1. varaþingmanns af hálfu Alþýðubandalagsins í Reykjavík. Hún hefur athugað þetta kjörbréf og komizt að þeirri niðurstöðu samhljóða, að það sé rétt, og leggur því til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 35 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Eðvarð Sigurðsson, undirritaði því næst drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Á 53. fundi í Nd., 12. febr., mælti

forseti (HÁ): Forseta hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Hér með leyfi ég mér að tilkynna yður, herra forseti, að 1. þm. Reykv., Bjarni Benediktsson, sem er einn af fulltrúum Íslands á þingi Norð-

urlandaráðsins, muni verða fjarverandi um tveggja vikna skeið. Er það ósk hans, að fyrsti varaþingmaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Ásgeir Sigurðsson, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Virðingarfyllst,

Magnús Jónsson.

Til forseta neðri deildar."

Ásgeir Sigurðsson, 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavík, hefur tekið sæti hér. Hann hefur áður undirritað þingmannseið sinn, og þarf því ekki frekari athugunar við í því sambandi. Býð ég hann velkominn hér til starfa.

Á 32. fundi í Sþ., 15. febr., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs varaþingmanns.

Frsm. meiri hl. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Þá er mál þetta enn komið á dagskrá eða kjörbréf varaþingmanns Alþýðuflokksins í Reykjavík, Eggerts Þorsteinssonar.

Ég ætla ekki að fara að rekja gang málsins fram að þessu, en vil aðeins hér lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, úr gerðabók yfirkjörstjórnar í Reykjavík fundargerðir yfir fundi, sem haldnir voru, eftir að samþykkt var á mánudaginn var sérstök þingsályktun í máli þessu, og hún hljóðar svo:

„Ár 1957, þriðjudaginn 12. febrúar, kom yfirkjörstjórnin saman á fund á skrifstofu formanns.

Á fundi yfirkjörstjórnar 27. okt. s. l. ákvað yfirkjörstjórnin að fresta að taka ákvörðun um varaþingmannssæti Alþýðuflokksins í Reykjavík. Ráðgerður fundur 30. s. m. var ekki haldinn. Aftur á móti kom yfirkjörstjórnin saman á fund og varð sammála um það að gefa ekki Eggert Þorsteinssyni kjörbréf sem varaþingmanni fyrir Alþýðuflokkinn, þar sem hún taldi skorta lagaheimild til þess. Tjáði formaður yfirkjörstjórnarinnar formanni Alþýðuflokksins þessa niðurstöðu. Þann 22. jan. s. l. átti skrifstofustjóri Alþ. tal við formann yfirkjörstjórnar og spurðist fyrir um afgreiðslu þessa máls. Næsta dag, 23. s. m., ritaði yfirkjörstjórnin því næst Alþ. svo hljóðandi bréf." — Ég ætla ekki að lesa það upp, af því að það bréf hefur legið fyrir þingmönnum og lá hér fyrir, þegar málið var upphaflega rætt í Sþ.

„Þann 12. febr. 1957 barst yfirkjörstjórninni svo hljóðandi bréf frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu ásamt neðanskráðri þingsályktun, er samþykkt var á Alþ. 11. þ. m.:

„Ráðuneytið framsendir yfirkjörstjórn Reykjavíkur hér með þingsályktun um kjörbréf varaþingmanns. Þál. var samþykkt á Alþ. 11. febr. 1957. Óskar ráðuneytið þess, að yfirkjörstjórnin gefi út kjörbréf til handa Eggert G. Þorsteinssyni sem varaþingmanni A-listans í Reykjavík."

Umrædd þál. fylgdi með bréfinu, og er hún svo hljóðandi." — Mun ég sleppa henni.

„Yfirkjörstjórnin ræddi málið og ákvað að fresta afgreiðslu þess til síðari hluta næsta dags.

Fundi slitið.

Kristján Kristjánsson, Steinþór Guðmundsson, Hörður Þórðarson."

Miðvikudaginn 13. febr. kom yfirkjörstjórnin aftur saman á fund kl. 5 síðdegis í skrifstofu formanns. Var þá bókað eftirfarandi í sambandi við útgáfu kjörbréfs til Eggerts Þorsteinssonar:

„Yfirkjörstjórnin lítur svo á, að Alþ. hafi með framangreindri ályktun tekið Eggert Þorsteinsson gildan sem varaþingmann fyrir Alþýðuflokkinn í Reykjavík fyrir þetta kjörtímabil og að þingseta hans hljóti nú að byggjast á þeirri ályktun.

Með bréfi til Alþ., dags. 23. jan. s. l., taldi yfirkjörstjórnin afskiptum sínum af máli þessu lokið, en Alþ. hefur með fyrrgreindri þál. einnig lagt fyrir yfirkjörstjórnina að gefa Eggert Þorsteinssyni kjörbréf, og dómsmálaráðuneytið hefur með bréfi, dags. 12. þ. m., óskað eftir, að svo væri gert.

Hörður Þórðarson biður bókað: Yfirkjörstjórnin hefur synjað beiðni um útgáfu kjörbréfs til Eggerts Þorsteinssonar sem varaþingmanns Alþýðuflokksins í Reykjavík, af því að hún taldi til þess skorta heimild í lögum. Ég álít, að við þessa ákvörðun sína eigi yfirkjörstjórnin enn að standa og synja beri því enn um útgáfu kjörbréfsins, og mun ég því ekki undirrita það.

Meiri hluti yfirkjörstjórnar, Kristján Kristjánsson og Steinþór Guðmundsson, lýsa því yfir, að þeir vilji virða ályktun Alþingis, og gefa út til handa Eggerti Þorsteinssyni svofellda yfirlýsingu:

Undirrituð yfirkjörstjórn í Reykjavíkurkjördæmi gerir kunnugt: Með vísun til þál., samþykktrar á Alþingi 11. febr. 1957, um kjör varaþingmanns, veitum vér hér með Eggert G. Þorsteinssyni múrarameistara, Bústaðavegi 71, Reykjavík, kjörbréf þetta sem varaþingmanni Alþýðuflokksins í Reykjavík fyrir yfirstandandi kjörtímabil.

Síðan var gengið frá kjörbréfi og orðað eins og að framan greinir. En þar sem Hörður Þórðarson neitaði að undirrita það, var það aðeins undirritað af tveimur yfirkjörstjórnarmönnum.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

Kristján Kristjánsson, Steinþór Guðmundsson, Hörður Þórðarson.

Rétt endurrit staðfestir

Yfirkjörstjórnin í Reykjavík, 14. febr. 1957.

Kristján Kristjánsson."

Hér liggur sem sagt fyrir gerðabók yfirkjörstjórnarinnar í þessu máli, eftir að þingið var búið að gera sína samþykkt.

Það hafa að vísu spunnizt nokkuð langar umr. um þetta mál hér í þinginu, en ég býst við því, að þeir af þingmönnum, sem hafa nennt að hlusta á þær allar, muni vera mér sammála um það — og það úr hvaða flokki sem þeir eru, að þessar umr. hafa alls ekki snúizt um varaþingmann Alþfl. í Reykjavík, — alls ekki snúizt um það. Þær hafa snúizt um allt annað, og stjórnarandstaðan hefur reynt að gera þessar umr. að nokkurs konar eldhúsi yfir ríkisstj. og hefur sérstaklega reynt að nota sér það, að hún hefur orðið vör við, að það hefur skort eindrægni meðal stjórnarflokkanna í sambandi við þetta mál.

Ég ætla að sjálfsögðu ekki að fara að taka þátt í slíku eldhúsi. Það er nýlega búið að hafa

slíkt eldhús hér í útvarpinu, og ég held, að stjórnarandstaðan þurfi ekki að vera neitt sérstaklega kát og ánægð yfir frammistöðu sinni þar. Hún getur sennilega við hvaða mál sem er fengið útvarpsumr., ef hún óskar eftir því, til þess að tala almennt um stefnu stjórnarinnar og lausnir hennar á hinum ýmsu málum, sem að kalla. Þess vegna er gersamlega ástæðulaust og út í hött að vera að reyna að draga inn í umr. um þetta mál, sem er hreint lögfræðilegt atriði, sem þm. þurfa að úrskurða um, almennar umr. um stjórnmálaviðhorfið.

Eins og ég benti á í ræðu minni, þegar þetta mál lá hér fyrst fyrir, snýst þessi deila um það, hvernig beri að skilja 3 eða 4 orð í stjórnarskránni, í 31. gr. Þar stendur: „Jafnmargir varamenn skulu kosnir, samtímis og á sama hátt.“ Deilan snýst um það, hvernig beri að skoða þessi orð, og ekki um neitt annað. Allt annað, sem hefur verið dregið inn í þessar umr., er hreint pex, sem skiptir engu máli, og þetta eru einu ákvæðin, sem til eru um ákvörðun varamanna af listum í Reykjavík, — þessi eina setning: „Jafnmargir varamenn skulu kosnir, samtímis og á sama hátt.“

Nú er það svo, að þessi setning segir ekki það mikið, að hún skýri til fulls hvert einasta tilvik, sem fyrir getur komið, og þar á meðal það tilvik, sem hér liggur fyrir, að af lista Alþfl., sem fær einn mann kosinn, er 1. varamaðurinn, sá varamaður, sem hefði átt að vera varamaður samkvæmt orðalagi þessarar greinar, fallinn út af listanum, vegna þess að hann er orðinn landskjörinn þm., Gylfi Þ. Gíslason. 3. maður á listanum, sem ætti þá að vera 2. varamaður, hefur sagt sig af listanum, Rannveig Þorsteinsdóttir. Og þá liggur fyrir næsti maður á eftir á listanum. Það er Eggert Þorsteinsson, sem liggur fyrir að afhenda varamannskjörbréf, af því að þannig var listinn skipaður, þegar yfirkjörstjórn tók til starfa.

Það er alveg augljóst mál, að hver listi, sem fær kosinn mann, á rétt á einum varamanni, og það er engin heimild til þess að neita nokkrum lista um slíkt. *Ég vil bara benda á ákvæði um* það, að fyrstu varamennirnir af listum í Reykjavík, listunum þremur, lista sjálfstæðismanna, lista Alþb. og lista Alþfl., voru teknir út af listunum sem landsk. þm. og komu ekki til greina sem varaþingmenn fyrir Reykjavík. En það er ekkert ákvæði í stjórnarskrá um það, að þessir *menn eigi að vera annað en varaþingmenn.* Það er ekkert ákvæði, sem heimilar það, að þá sé gripið til annarra manna sem varaþingmanna. Þetta skiptir kannske ekki höfuðmáli fyrir Sjálfstfl., sem er með 5 menn kjörna. En samkvæmt þessu, ef við ætluðum að leggja sama skilning í þetta orðalag eins og Bjarni Benediktsson hefði viljað vera láta, ætti Sjálfstfl. að fá 4 varamenn, en ekki 5, af því að einn varamannanna er tekinn út af listanum sem landsk. þm. Á sama hátt ætti Alþb. að fá einn varamann, en ekki tvo, af því að annar varamaðurinn er tekinn út af sem landsk. þm. Og á þennan sama hátt ætti þá Alþfl. af þessari sök ekki að fá neinn varamann, af því að Gylfi Þ. Gíslason átti að vera varamaður samkvæmt stjórnarskránni, ef hún er skilin á þann hátt, sem Bjarni Benediktsson vill vera láta og vill setja sinn fræðimannsheiður að veði við. Þá ætti heldur ekki að úthluta neinum varamanni til þessa lista og ekki einu sinni Rannveigu Þorsteinsdóttur.

Það er engin heimild í stjórnarskránni til að ganga þannig fram hjá fyrsta varamanninum. En það hefur þó verið gert. Og það hefur enginn flokkur mótmælt því, vegna þess að það er heilbrigð skynsemi, sem mælir með því að leggja þann skilning í það. Það er á nákvæmlega sama hátt heilbrigð skynsemi, sem mælir með því að skilja þessa setningu, sem ég hef lesið hér áður, á þann hátt, að Eggert Þorsteinsson eigi að fá varamannskjörbréf fyrir Alþfl. í Reykjavík.

Það er verið að tala um, að það sé verið að ganga fram hjá kjósendum, það sé verið að blekkja kjósendur o. s. frv. Það eru til ákvæði í kosningalögunum, sem beinlínis gefa flokkunum vald til þess að skipa menn á lista. Ef einhvern flokk vantar nógu marga menn á landslista til þess að geta notað þau uppbótarsæti, sem hann hefur eignazt í kosningunum, þá má miðstjórn flokksins skipa menn á lista, menn, sem alls ekki hafa verið í kjöri, — en þarna er maður, sem hefur verið í 4. sæti á listanum. Það er vitanlega svo mikil fásinna að halda slíku fram, að það er alveg furðulegt, enda hafa umr. alls ekki snúizt um þetta mál, heldur um allt mögulegt annað pex, sem þm. hafa talið sér sæma að draga inn í þessar umr.

Þess vegna er allt tal um skilninginn á þessari setningu stjórnarinnar: „Jafnmargir varamenn skulu kosnir, samtímis og á sama hátt“ — vísvitandi útúrsnúningur, og allt þetta stapp verður út af því, að kjörstjórn Reykjavíkur hefur brugðizt þeirri sjálfsögðu skyldu sinni að horfa á málið af raunsæi, en láta ekki pólitík hlaupa í það, láta ekki afstöðu sína til pólitískra flokka blinda sér, hvað rétt er og hvað er rangt. Hefði kjörstjórnin gegnt hlutverki sínu eins og henni bar, hefði sennilega engum meira að *segja hugkvæmzt* að gera þetta að rifrildismáli hér á Alþ. En það hefur ekki orðið, og þess vegna hefur farið sem fór, og stjórnarandstaðan hefur talið sér alveg sérstaklega kærkomið tækifæri að hefja stórárásir á Alþfl. í sambandi við þetta mál og Eggert Þorsteinsson persónulega, sem er vitanlega hin mesta fásinna og Alþfl. *mun vitanlega vísa algerlega á bug,* vegna þess að hann stendur hér á þeim rétti, sem er sjálfsagður, þeim rétti, sem er svo óhjákvæmilegur, því að ef ekki væri farið eftir þessu, væri stofnað til meiri mistúlkunar og raunar ofbeldis í sambandi við skilning á kosningalögum og ákvæðum stjórnarskrárinnar um kosningar heldur en *dæmi eru til áður. Lýðræðisreglur í þjóð*félaginu eru í háska, þegar þm. láta það henda sig að láta pólitískt ofstæki sitt blinda sig í máli eins og þessu. En það er það, sem Sjálfstfl. hefur gert. Hann hefur látið pólitískt ofstæki blinda sig og ekki getað séð, hvað rétt er og rangt, vegna þess að hann hafði hag af því *að reyna að skaða pólitískan andstæðing. Og* það er einmitt þetta, sem er mjög háskalegt,

vegna þess að hættulegustu brestirnir, sem geta orðið í lýðræðisskipulagi, eru einmitt þeir, þegar mönnum missést vegna ofstækis, vegna flokkslegra sjónarmiða.

Það hafa allir flokkar hag af því, að fylgt sé reglum. Og þó að þetta hitti Alþfl. í dag, skuluð þið muna, að það getur hitt Sjálfstfl. á morgun. Þess vegna er það skynsamlegast og hyggilegast, að það sé fylgt réttum reglum, en menn séu ekki að túlka á víxl ýmis orð stjórnarskrár og kosningalaga, eftir því sem passar þeim í hina pólitísku leiki, sem þeir eru að leika á hverri stundu. Og það er sérstaklega illt til þess að vita, að fyrrv. eða jafnvel núverandi fræðimenn á þessu sviði, menn, sem hafa verið kennarar í háskóla okkar í þessari grein, skuli leyfa sér að taka þátt í svona ljótum leik.

Ég leyfi mér svo að leggja fyrir kjörbréfið, og að till. um samþykkt kjörbréfsins stöndum við, ég og hv. þm. N-Þ. (GíslG) og hv. 1. landsk. þm. (AG). Ég ætla að lesa þá upp aftur kjörbréfið:

„Undirrituð kjörstjórn í Reykjavíkurkjördæmi gerir kunnugt:

Með vísun til þingsályktunar, samþykktrar á Alþ. 11. febrúar 1957, um kjörbréf varaþingmanns, veitum vér hér með Eggert G. Þorsteinssyni múrarameistara, Bústaðavegi 71, Reykjavík, kjörbréf þetta sem varaþingmanni Alþfl. í Reykjavík fyrir yfirstandandi kjörtímabil.

Í yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis, 13. febrúar 1957.

Kristján Kristjánsson. Steinþór Guðmundsson."

Frsm. minni hl. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil byrja með því að gleðja hv. frsm. meiri hl. kjörbréfanefndar, hv. þm. Siglf., með því, að ég mun ekki ræða um þetta mál frá pólitísku sjónarmiði, heldur eingöngu lagahlið þess. En ég vil þó aðeins vegna ummæla í hans ræðu um, að þm. Sjálfstfl., sem hér hafa rætt áður um þetta mál, hafi ráðizt að Eggert Þorsteinssyni, taka það fram, að þessi ummæli hv. þm. eru alveg staðlausir stafir. Þeir þm. Sjálfstfl., sem talað hafa í þessum umr., hafa einmitt tekið það skýrt fram, að sá maður, sem hér er um að ræða, Eggert Þorsteinsson, sé í alla staði hinn mætasti maður, enda snýst málið ekki um hans persónu, heldur eingöngu um lagahlið málsins.

Kjörbréfanefnd gat ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þessa máls, og leggur minni hl., sem er hv. 11. landsk. þm. og ég, til, að kjörbréfið sé fellt.

Ég skal nú rekja þær ástæður, sem þessi afstaða er á byggð.

Í 31. gr. stjórnarskrárinnar segir, með leyfi hæstv. forseta, að kosnir skulu 8 þm. í Reykjavík. Kosning þeirra er hlutbundin. Jafnmargir varamenn skulu kosnir, samtímis og á sama hátt.

Varamenn voru lengi vel engir til fyrir þingmenn, og það var fyrst með stjórnarskrárbreytingunni 1915, sem ákveðið er að lögfesta varamenn. Þá var ákveðið, að sex þm. skyldu kosnir með hlutbundnum kosningum um land allt, svokallaðir landskjörnir þingmenn, sem komu í stað hinna konungkjörnu. Þá var ákveðið, að jafnframt, samtímis og á sama hátt skyldu kosnir sex varamenn.

Síðan hefur stjórnarskránni nokkrum sinnum verið breytt, og nú er svo komið, að varamenn eru samkv. stjórnarskránni bæði fyrir landsk. þingmenn, þ. e. a. s. uppbótarþingmennina, sem eru allt að 11, einnig fyrir þingmenn Reykjavíkurkaupstaðar og í þriðja lagi fyrir þingmenn í tvímenningskjördæmunum. En um alla þessa varamenn er notað sama orðalag og í upphafi. Í stjórnskipunarlögunum frá 1915, stjórnarskránni 1920, 1934, 1942 og 1944 er alls staðar notað þetta sama orðalag um varamennina, að þeir skuli kosnir jafnmargir, samtímis og á sama hátt.

Nú hefur þetta ákvæði stjórnarskrárinnar, sem svo er nánar skýrt í kosningalögum, að sjálfsögðu oft verið rætt og um það ritað. Á prenti er ekki um margar skýringar á þessu ákvæði að ræða, en Einar Arnórsson hæstaréttardómari, sem lengi var prófessor í lögum við háskólann, skrifar um þetta í Réttarsögu Alþingis. Þar skýrir hann ákvæðin um varaþingsæti landskjörinna þingmanna, en eins og ég gat um, gildir nákvæmlega það sama um varaþingmenn Reykvíkinga. Þar segir hann m. a., í Réttarsögu Alþingis, á bls. 500:

„Varaþingmenn landskjörnir verða þeir menn á lista hverjum, sem fá næsta atkvæðatölu þeirra, sem kosnir verða aðalþingmenn. Ef listi t. d. fær tvo aðalþingmenn landskjörna, a og b, þá eru það c og d, sem næsta fá atkvæðatölu, varamenn. En ef sæti bæði aðalmanns og varamanns losnar og enginn af þeim varamönnum, sem listinn fékk, er til, þá verður að fara fram kosning bæði aðalmanns og varamanns. Slík kosning fór fram haustið 1926, er aðalþingmaður eins listans og varamaður hans voru báðir látnir."

Síðan ræðir Einar Arnórsson um, hvort þetta sé heppilegt skipulag, og telur æskilegt að breyta því, en segir:

„Orð stjórnarskrárinnar eru svo ótvíræð um þetta atriði, að eigi verður um villzt."

Hér eru tekin af öll tvímæli um það, að skilja beri stjórnarskrána svo, að af hverjum lista séu aðeins kosnir jafnmargir varamenn, samtímis og á sama hátt, eins og listinn fær aðalmenn kjörna. Það þýðir í því tilfelli, sem hér er um að ræða, að A-listinn, sem fékk einn aðalmann kosinn, Harald Guðmundsson, á aðeins rétt til eins varamanns, og ef bæði aðalmaður og varamaður falla frá eða forfallast, þá er óheimilt og stjórnarskrárbrot að fara neðar á listann eftir varamönnum.

Ég ætla, að það sé rétt, að þeir lagakennarar við háskólann, sem kennt hafa stjórnlagafræði, alla stund frá því að þetta kom til, eða í rúma fjóra áratugi, — ég ætla að það sé rétt, að þeir hafi allir haldið fram eindregið þessum skilningi, sem Einar Arnórsson lýsir í Réttarsögu sinni, og hafi aldrei í þessi rúm 40 ár verið dregið í efa, að þessi skilningur væri réttur. Í framkvæmdinni hefur þetta aðeins einu sinni komið til, og það var árið 1926, þegar

landskjörinn þm., Jón Magnússon forsrh., féll frá. Við landskjörið 1922 var hann kosinn einn af þeim lista, sem hann var á, og næsti maður var að sjálfsögðu varaþingmaður hans. Þegar Jón Magnússon féll frá var varamaður hans einnig dáinn, þá nýlega. Á þessum lista, sem Jón Magnússon var kjörinn af 1922, voru sex menn. Það voru sex menn á þeim lista. Enginn stakk upp á því þá, og ég held, að það hafi í rauninni ekki hvarflað að nokkrum manni, að heimilt væri að taka þriðja mann á listanum og setja hann inn sem varamann á Alþingi.

Í tilkynningu ríkisstj. um aukakosningu í stað aðalmanns og varamanns segir svo, með leyfi hæstv. forseta, — það er í Stjórnartíðindum frá 1926, B-deild, bls. 85:

„Með því að landsk. alþm. Jón Magnússon og varaþingmaðurinn með honum, Sigurður Sigurðsson, eru báðir látnir“ o. s. frv., þá verði að efna til nýrra kosninga á aðalmanni og varamanni.

Það kom því ekki til greina þá og enginn hreyfði þeim skilningi, að taka mætti þriðja mann á listanum og gera hann að varamanni. Þannig er það, að í þessa rúma fjóra áratugi, sem slík ákvæði hafa verið í stjórnarskrá um varamenn, hefur bæði í kenningu og í framkvæmd, bæði í teori og praksís, verið óvefengt, að ekki mætti fara neðar á lista og grípa þannig til varamanna, þó að aðalmaður og varamaður féllu frá eða forfölluðust. Þessi skilningur, sem ég hér hef lýst, hefur sem sé verið óvefengdur þangað til nú í sambandi við varamann fyrir Harald Guðmundsson.

Yfirkjörstjórnin í Rvík, sem nú hefur, eða meiri hluti hennar, talið sig til neydda að gefa út kjörbréf, er hins vegar á einu máli um það, að lagaheimild skorti til þess að gefa út slíkt kjörbréf. Eins og hv. frsm. meiri hluta n. las hér upp, er bókað í áliti yfirkjörstjórnar frá því í október s. l.:

„Yfirkjörstjórnin varð sammála um það að gefa ekki Eggert Þorsteinssyni kjörbréf sem varaþingmanni fyrir Alþfl., þar sem hún taldi skorta lagaheimild til þess.“

Auk þeirra kenninga, sem haldið hefur verið fram alla stund í Háskóla Íslands, og þess, sem ég vitnaði til í Réttarsögu Alþingis eftir Einar Arnórsson, og framkvæmdarinnar 1926, bætist við samhljóða skilningur allra þriggja yfirkjörstjórnarmanna Reykjavíkur.

Eftir að Alþ. gerði nú nýlega ályktun um varamannssætið, hefur orðið ágreiningur í yfirkjörstjórninni, þar sem einn yfirkjörstjórnarmanna, Hörður Þórðarson, segir:

„Yfirkjörstjórnin hefur synjað beiðni um útgáfu kjörbréfs til Eggerts Þorsteinssonar sem varaþingmanns Alþýðuflokksins í Reykjavík, af því að hún taldi til þess skorta heimild í lögum. Ég álít, að við þessa ákvörðun sína eigi yfirkjörstjórn enn að standa og synja beri því enn um útgáfu kjörbréfs, og mun ég því ekki undirrita það.“

Hinir tveir í yfirkjörstjórninni lýsa því yfir, að þeir vilji virða ályktun Alþingis, og gefa út handa Eggert Þorsteinssyni svofellda yfirlýsingu:

„Með vísun til þingsályktunar, samþykktrar á Alþingi 11. febr. 1957, um kjörbréf varaþingmanns, veitum vér hér með Eggert G. Þorsteinssyni kjörbréf þetta sem varaþingmanni Alþýðuflokksins.“

En jafnframt er bókað af þessum meiri hluta, að yfirkjörstjórnin líti svo á, að Alþingi hafi með framangreindri ályktun tekið Eggert Þorsteinsson gildan sem varaþingmann og að þingseta hans hljóti nú að byggjast á þeirri ályktun, þ. e. ályktun Alþingis. M. ö. o.: afstaða allra þriggja yfirkjörstjórnarmanna er sú sama í okt. s. l. og nú, að hún telur ekki lagalegan grundvöll fyrir þingsetu hans sem varamanns.

Það er enn fleira, sem styður þessa skoðun, sem ég nú hef lýst.

Fram til 1942 var svo ákveðið um sveitarstjórnarkosningar, að varamenn skyldu kosnir fyrir aðalmenn, en á sömu lund og er um alþm., að af hverjum lista skyldu kosnir samtímis og á sama hátt aðeins jafnmargir og aðalmenn voru.

Þetta olli ýmsum erfiðleikum, og þess vegna var það, að ríkisstj. 1942 hlutaðist til um, að flutt væri frv. til breytinga á þessu. Og í grg. þess frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta, — það eru Alþingistíðindi 1942, A, bls. 147—148:

„Þeirri reglu hefur verið fylgt, að framboðslisti, sem hlotið hefur bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn, skuli hafa rétt til jafnmargra varamanna. Þegar framboðslisti hefur aðeins fengið kosna einn eða tvo aðalmenn, þá kemur það fyrir, að varamenn eru ekki fyrir hendi til að taka sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd í stað forfallaðs aðalmanns, og getur þá svo farið, að bæjarstjórn eða hreppsnefnd verði óstarfhæf.“

M. ö. o.: hér kemur það skýrt fram, að það var ekki talið heimilt í bæjarstjórnum eða hreppsnefndum að fara neðar á lista, heldur aðeins taka varamenn úr hópi þeirra, sem voru jafnmargir og aðalmenn. Til þess að fá heimild til þess að breyta þessu og fara neðar á listann, taldi ríkisstj. nauðsynlegt að fá lagabreytingu. Hún lagði málið þannig fyrir þingið, að hver listi, þó að hann fengi ekki nema einn mann kosinn, skyldi eiga rétt til ekki færri en þriggja varamanna, þ. e. a. s. listar í bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningum skyldu fá jafnmarga varamenn og aðalmenn, en þó aldrei færri en þrjá. Í meðförum þingsins var þessu breytt á þá lund, að að lokum var ákveðið, og það eru gildandi lög í dag, að hver framboðslisti, sem hlotið hefur bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn, kosna hlutbundnum kosningum, hefur rétt til varamanna, og skulu frambjóðendur á lista, þeir sem ekki ná kosningu, vera varamenn.

Þetta þýðir t. d. í Reykjavík, þar sem eru yfirleitt 30 menn á lista, 15 aðalmenn og 15 varamenn, að ef listinn fær einn mann kosinn, þá eru allir 29 á listanum varamenn, sem grípa má til eftir röð.

Nú er það svo, að í stað þess að áður giltu sömu reglur um sveitarstjórnir í þessu efni og um alþm., hefur varðandi sveitarstjórnarmenn verið beinlínis gerð lagabreyting til að breyta þessu. Það var ekki talið heimilt að lögum að

fara neðar á lista um sveitarstjórnarmenn, nema gerð væri sérstök lagabreyting í þá átt, eins og gert var árið 1942. Á sama hátt þarf ekki lagabreytingu, heldur stjórnarskrárbreytingu, til þess að um alþingismenn megi fara neðar á lista eftir varamönnum en lýst hefur verið.

Nú vil ég taka það skýrt fram, að frá mínu sjónarmiði er það æskilegt, að stjórnarskránni verði breytt. Ég tel það æskilegt, að henni verði breytt þannig í fyrsta lagi, að varamenn verði fyrir alla þingmenn. Nú eru skv. stjórnarskránni engir varamenn til fyrir þingmenn í einmenningskjördæmum, þannig að þó að þeir forfallist eða séu frá þingmennsku um hríð, þá er þeirra sæti autt. Ég tel í fyrsta lagi æskilegt, að stjórnarskránni verði breytt þannig, að varamenn séu einnig kosnir fyrir þingmenn í einmenningskjördæmunum. En í öðru lagi tel ég æskilegt, að breytt verði ákvæðum stjórnarskrár um varamenn fyrir uppbótarþingmenn og fyrir aðra þá, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum, á þá lund, að fara megi neðar á lista, ef aðalmaður og varamaður eru ekki fyrir hendi, svipað og gert er við sveitarstjórnarkosningar. Ég tel æskilegt, að stjórnarskránni verði breytt á þá lund t. d., að listi í Reykjavík, sem fær einn mann kosinn, eins og Alþfl. fékk síðast, geti fengið varamenn úr þriðja eða fjórða sæti eða jafnvel neðar, ef hinir falla frá eða forfallast. En það er tvennt ólíkt, hvað er réttur og ótvíræður skilningur á stjórnarskrá og lögum eða hvað er æskilegt skipulag í framtíðinni. Og það má ekki rugla réttan skilning á gildandi lögum með óskhyggju um það, hvernig þetta og þetta ætti að vera í framtíðinni og að æskilegt væri, að málum væri þannig skipað.

Ég ætla nú, að þau rök, sem ég hér hef talið, ættu að vera nægilega þung á metunum. En það má til frekari skilningsauka, sérstaklega fyrir þingmenn eins stjórnarflokksins, þess sem er fjölmennastur í landinu, minnast á ummæli, sem lögfræðilegur ráðunautur Alþýðubandalagsins viðhefur í Þjóðviljanum 9. febr., þar sem hann vitnar í ákvæði stjórnarskrárinnar og segir síðan:

„Þetta tekur af öll tvímæli. Rannveig Þorsteinsdóttir var samkv. stjórnarskránni rétt kjörinn varamaður Haralds Guðmundssonar. Hún ein var sá varamaður, sem Alþfl. fékk kosinn samtímis og á sama hátt og Harald. Fram hjá þeirri staðreynd verður ekki komizt með neinum brögðum."

Það er stundum um það rætt í lögfræðinni, að neyðarréttur geti veitt heimild til þess að víkja frá lögum, og eru vissar almennar reglur og sjónarmið um það, hvenær neyðarrétti megi beita. Spurningin er þá, hvort hér sé um svo brýna nauðsyn að ræða, að neyðarréttarreglurnar komi til greina. Maður gæti hugsað sér, að ef bæði aðalmaður og varamaður væru fallnir frá, væru látnir, þá væru að vissu leyti vissar málsbætur og mætti orða þann möguleika, að þessar óviðráðanlegu ástæður, þetta neyðarástand réttlætti að fara neðar á listann og taka varamann þaðan. En jafnvel þótt svo væri, þó að bæði aðalmaður og varamaður væru látnir, mundi samt sem áður óheimilt skv. skýlausum ákvæðum stjórnarskrárinnar að fara neðar á listann eftir varamanni. — En hér er, sem betur fer, ekki svo farið, því að svo vel vill til, að báðir hlutaðeigendur — eða bæði — eru við beztu heilsu. Haraldur Guðmundsson er, sem betur fer, í fullu fjöri og hans starfskraftar óskertir, og hefur ekki verið upplýst hér, hver nauður rekur til, að hann fari af þingi. En ef svo á að verða, þá er það aðeins viljaákvörðun hans sjálfs og hans flokks, sem m. a. ræður yfir því og skipar í það embætti, sem um hefur verið rætt að Haraldur Guðmundsson flytjist til.

Varðandi varaþingmann, hinn eina réttkjörna varaþingmann Haralds Guðmundssonar, Rannveigu Þorsteinsdóttur, veit ég ekki og hefur ekki verið upplýst hér fyrir Alþingi um nein forföll, sem hamli henni að taka varasætið. Þar sem hér er því aðeins um eigin vilja eða eigin óskir, en engin lögmæt forföll að ræða hjá hvorugum, að því er virðist, þá fer því fjarri, að nokkur neyðarréttarsjónarmið komi hér til greina að mínu áliti.

Í þessum umr. hefur það borið við, að því hefur verið blandað saman: Ja, fyrst það er réttlátt og sanngjarnt og æskilegt í framtíðinni, að varamenn megi taka neðar á lista, og fyrst þessu var nú breytt með lögum 1942 varðandi sveitarstjórnamenn, hvers vegna má þetta þá ekki ganga í gegn nú? — En hv. alþm. verða að vera þess vel minnugir, að stjórnarskráin er töluvert annað en almenn löggjöf. Stjórnarskráin er hyrningarsteinn lýðræðis og mannréttinda, hornsteinn okkar þjóðskipulags, og hún er varin á allt annan veg en hin almenna löggjöf. Til þess að setja almenn lög eða breyta lögum er nægilegt, að frv. gangi í gegn og séu samþykkt í báðum deildum og hljóti síðan staðfestingu forseta. En til þess að stjórnarskránni verði breytt, þarf samþykki tveggja þinga með þingrofi og nýjum kosningum á milli. Svo vel er um hnútana búið, til þess að ekki sé raskað að ófyrirsynju eða án þess að borið sé undir kjósendur landsins þessum hyrningarsteinum, sem í stjórnarskránni felast. Og svo mikla áherzlu leggur þjóðfélagið á það, að alþingismenn virði stjórnarskrána, að hver nýr alþm. verður að vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni og heita því að halda hana í öllum greinum.

Ég verð því að segja, að það er töluverður ábyrgðarhluti, ef hv. alþm. tefla svo á tæpasta vað um túlkun á stjórnarskránni og ekki aðeins það, heldur jafnvel gera samþykktir, sem að dómi allra þeirra, sem fram til síðustu vikna hafa um þetta fjallað, eru skýlaust brot á stjórnarskránni.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. En af þeim ástæðum, sem ég hér hef greint, leggur minni hl. kjörbréfanefndar til, að kjörbréfið sé fellt.

Frsm. meiri hl. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Af því að hv. 6. þm. Reykv. lauk máli sínu með því að skírskota til þess eiðstafs, sem alþm. undirrituðu um að halda stjórnarskrána, vil ég einmitt sérstaklega undirstrika það, að einmitt sá eiðstafur leggur okkur þungar skyldur á herðar að fara samvizkusamlega með það, sem

við teljum vera skilning okkar á stjórnarskránni, á beinum lagabókstafnum í stjórnarskránni og lögum. Og það er einmitt það, sem hv. þm. og hans flokksmenn hér á þingi hafa gert sig seka um, að þeir hafa látið flokkssjónarmið og flokkshagsmuni, stundarhagsmuni, ráða um afstöðu sína til málanna.

Það er háskalegt að standa hér upp og gera hróp að mönnum fyrir það að reyna að skýra þau lagafyrirmæli og stjórnarskrárfyrirmæli, sem við þurfum að starfa eftir, á þann skynsamlegasta og hyggilegasta hátt og á þann hátt, sem er í mestu samræmi við þann skilning, sem lagður hefur verið í þessi orð að undanförnu, og hrópa að mönnum, að þeir séu að brjóta stjórnarskrána með þessu. Það er svo háskalegt að vera með slík brigzl út af jafnsjálfsögðum og eðlilegum hlut eins og hér er um að ræða, að það er kannske einmitt í þessu atviki fólgin mesta hættan á því, að stjórnarskrá og lög verði troðin undir fótum, þegar þannig eru á algerlega villandi og rangan hátt bornar fram sakir um stjórnarskrárbrot og lagabrot.

Hv. þm. ræddi ekki um það atriði, þegar hann talaði um skoðanir fræðimanna og las þær upp eftir Einari Arnórssyni, þeim mæta manni, *sem ég ætla ekki að kasta neinni rýrð á*, en mönnum getur nú skotizt, þótt skýrir séu, og það hefur líka sannazt um Einar Arnórsson, að honum skjátlaðist mjög hrapallega í því að meta það, hvað væri stjórnarskrárbrot og hvað væri ekki stjórnarskrárbrot, í sambandi við þingrofið 1931, svo að hans skoðun ein út af fyrir sig er ekki neinn endanlegur úrskurður og leysir ekki Alþingi undan því að meta sjálft, hvað sé réttur skilningur á stjórnarskrá og lögum, sem Alþingi er bundið við. En það, sem hv. 1. þm. las upp úr ritum Einars Arnórssonar, verður ekki stuðningur fyrir þennan skilning, sem Sjálfstfl. hefur gert að sérmáli sínu að leggja í þessa setningu í stjórnarskránni. Hann er að ræða þar um varamenn uppbótarmannanna, og það er vert að taka það fram, að hann er að ræða um varamenn uppbótarþingmannanna, og hann heldur því fram, að þegar aðalmaður og varamaður hafa forfallazt endanlega, sé ekki hægt að kveðja til annan. En hann fer algerlega fram hjá hinu atriðinu, sem er einmitt það atriði, sem við erum að snúast um: Hvað á að gera, þegar búið er að taka varamanninn af Reykjavíkurlistanum og setja hann á landslista og gera hann að landsk. þingmanni? Hvað á þá að gera? Það eru engin ákvæði í stjórnarskránni um, hvað þá eigi að gera.

Hv. þm. tekur það fram. Hann segir, að skilningurinn á þessu: „Jafnmargir varamenn skulu kosnir, samtímis og á sama hátt“ — þýði það, að ef kosinn er einn þm. á einum lista, þá sé frambjóðandinn í öðru sætinu varamaður, nema náttúrlega breytingar hafi átt sér stað í kosningum með útstrikun. Þetta segir hv. þm., að sé skilningur á þessari setningu.

Nú er það með lista Alþfl. í Rvík. Hann hefur fyrsta manninn, Harald Guðmundsson, kosinn, og annar maðurinn, Gylfi Þ. Gíslason, er þá varamaður samkv. þessum skilningi á stjórnarskránni. Hann er varamaður og enginn annar. Nú atvikast það svo, að Gylfi hverfur út af Reykjavíkurlistanum vegna kosningareglunnar og verður landsk. þm. Þá á Alþfl. engan varamann, af því að hann fékk bara einn mann kosinn. Þetta er skilningurinn, sem þessi hv. þm. er að leggja í þessi orð.

Nú hefur Alþingi alls ekki viljað binda sig við svona einstrengingslegan skilning, heldur sagt: næsti maður er varamaður. Og greinin, sem hann las upp eftir kollega sinn, Þorvald Þórarinsson, var einmitt um það, að varamaðurinn væri 3. maðurinn á listanum, og hann virtist taka undir það, að það væri réttur skilningur; var þó skömmu áður búinn að segja, að varamaðurinn væri í öðru sæti listans, þegar einn væri kjörinn.

Það sjá allir, hvaða ósamræmi er hér í. Þetta er ekki annað en það, sem við rekum okkur á, að ef við eigum ekki sjálfir að brjóta niður okkar stjórnarskrá, þá þurfum við að gera okkur ljóst, hvenær lífið sýnir meiri fjölbreytni en stjórnarskrárgjafinn og löggjafinn hefur getað látið sér detta í hug, þegar viðkomandi stjórnarskrá eða lög voru sett.

Maður sér bezt, hvað sjálfstæðismenn eru komnir í mikil rökþrot með þetta pex sitt um skilninginn á þessari grein, þessari setningu í stjórnarskránni, þegar því er haldið fram, að ef Haraldur Guðmundsson forfallast endanlega, eigi Alþfl. ekki að hafa neinn varamann, fyrst Rannveig Þorsteinsdóttir hefur sagt sig af listanum. En það var helzt að skilja á hv. þm., sem síðast talaði, að þá ætti eiginlega með valdi og gegn hennar vilja að neyða hana til þess að taka þingsæti. En það er alveg undirskilið, að hver einasti frambjóðandi verður að taka það fram sérstaklega, skriflega, að hann sé boðinn fram með sínum vilja. En þeir eru komnir í svo mikil þrot með þetta, að þeir telja, að þetta sæti eigi að vera óskipað, það eigi þá sem sagt að vera sjö þm. fyrir Rvík. Það er líka brot á stjórnarskránni að hafa ekki fulla tölu þingmanna. Hvað á þá að gera? Jú, það á að kjósa upp aftur. Og þá á að kjósa upp einn mann í Rvík. Vill nú nokkur maður, sem spyr samvizku sína í góðu tómi og lætur ekki bara flokkssjónarmið og þann orustuhita, sem stjórnmálamönnum er stundum gjarnt að ala með sér, ráða skoðunum sínum, — vill nú nokkur maður, sem heiðarlega gerir málið upp við sjálfan sig, halda því fram, að það sé í anda kosningalaga og stjórnarskrár að láta kjósa upp um einn mann í Reykjavík? Það er alveg augljóst mál, að það mundi verða önnur útkoma en löggjafinn ætlaðist til, önnur útkoma en kosningalög okkar og stjórnarskrá gera ráð fyrir að ætti að koma. Sem sagt, það mundi raska þeim flokkahlutföllum, sem eiga sér stað í landinu, og þar með skoðunum kjósendanna. Það væri það alvarlegasta brot, sem hægt væri að fremja. En þetta eru einu útgöngudyrnar, sem hv. sjálfstæðisþingmenn virðast sjá út úr þessu máli.

Ef það ætti að kjósa upp aftur, þá vitanlega á að kjósa upp í kjördæminu, í Reykjavíkurkjördæmi öllu. Það er óhjákvæmilegt. Þá kæmi fram vilji kjósendanna. Þá væri ekki verið að

raska kraftahlutföllum á Alþingi þannig að færa það til ósamræmis við það hlutfall, sem hér á að vera samkvæmt þjóðarviljanum, vilja kjósendanna, í samræmi við þau kosningalög og stjórnarskrá, sem við búum við.

Það er alveg augljóst mál, að það verður ekki dreginn neinn samjöfnuður til stuðnings þeim málstað, sem sjálfstæðismenn hafa gert að sínum í þessum umr., frá kosningunum 1926. Það verður ekki dreginn neinn samjöfnuður þaðan, og þess vegna er alveg hægt að sleppa því. Það eru orðnar svo allt aðrar aðstæður, sem við búum við núna, og vil ég þó benda á eitt atriði, sem virðist hafa ruglazt í huga hv. síðasta ræðumanns, 6. þm. Reykv., og það er það, að hann gerir ekki greinarmun á því annars vegar, hvort kjörstjórn á að taka fjórða sæti listans, sem er eina varamannssætið, sem Alþfl. á, þegar hún úthlutar varamannskjörbréfi, hvort hún á þá að taka það sæti til greina og úthluta varamannskjörbréfi á það sæti, eða hitt, eftir að búið hefur verið að úthluta varamannskjörbréfi og sá varamaður forfallast og aðalmaður hefur forfallazt áður, hvort þá á að gefa út nýtt varamannskjörbréf. Þetta er tvennt, sem hér er um að ræða. Og annað, það seinna, hvort á að gefa út nýtt kjörbréf, þegar varamaður hefur forfallazt og aðalmaður hefur forfallazt líka áður, það er atriði, sem frv. það, sem hæstv. forsrh. hefur lagt fram, fjallar um. En hitt atriðið er aðeins hinn eðlilegi skilningur á orðalagi 31. gr., að úthluta Alþfl. einu varamannssæti, fyrst hann fékk einn mann kjörinn. Þarna er verið að rugla saman alveg tvennu.

Nú er það svo, að ég tel það vera hæpnara að vísu, að það sé hægt að gefa út nýtt kjörbréf, þegar hefur áður verið gefið út kjörbréf, en sá maður forfallast. Það tel ég vera hæpnara og vafasamara en þetta, sem mér finnst vera sjálfsagt og eðlilegt og eini rétti skilningurinn á þessari setningu, sem ég hef marglesið úr stjórnarskránni. En ég tel, að það hafi ýmsum þeim atriðum verið skipað með lögum í sambandi við kosningar, sem geri það heimilt að skapa slíkar reglur um varamenn með lögum, og þar vil ég sérstaklega benda á þetta, sem ég hef bent á áður, að Alþ. hefur leyft sér að leggja þann skilning í það, að þegar flokkur hefur fengið einn mann kjörinn og annar maður listans verður landsk. þm., þá megi taka þriðja manninn sem varamann. Þannig hefur Alþ. sem sagt gert ýmislegt til þess að rýmka skilninginn á þessu, en alltaf gætt þess í öllum þessum atriðum að raska ekki því, sem er höfuðatriði stjórnskipunarlaganna og kosningalaganna, að raska því ekki, að það sé vilji kjósendanna, sem ráði um skipun þingsins.

Það, sem sérstaklega þarf að gæta, þegar verið er að meta það, hvað stjórnarskráin segir, er að leggja ekki þann skilning í það, að kraftahlutföll flokkanna raskist. En það er einmitt sá skilningur, sem Sjálfstfl. vill leggja í þetta mál. Honum finnst það vera réttur skilningur — réttur skilningur á orðum og anda stjórnarskrár og kosningalaga — að raska kraftahlutföllum flokkanna á þinginu, án þess að kjósendurnir séu spurðir. Það er með því að láta kjósa upp einn mann í Reykjavík. En við viljum ekki gera það. Við höfum stjórnarskrána meira í heiðri en þessir hv. sjálfstæðismenn, sem núna forblindast í sinni stjórnarandstöðu, og viljum þess vegna leggja þann skynsamlegasta og eðlilegasta skilning í þessi orð stjórnarskrárinnar og leysa það á þann hátt, að Alþfl. fái þann sjálfsagða rétt, að hann fái einn varamann fyrir einn kjörinn mann úr Reykjavík og það verði sá maður, sem er á listanum, þegar kjörstjórn úthlutar varamannskjörbréfi.

Breytingarnar á bæjarstjórnarmönnunum og varamönnum bæjarstjórnanna skipta engu máli í þessu sambandi, og ég sé enga ástæðu til þess að fara að ræða um það hér. Þær snerta ekkert þetta mál.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta frekar, en treysti á það, að hv. alþingismenn láti ráða meira, hvað eðlilegt er og beinasti skilningur á þessum orðum og hvað hyggilegast er fyrir þjóðfélagið og hvað er í mestu samræmi við anda stjórnarskrárinnar og orð hennar, en alls ekki öðru eins — ja, mér liggur við að segja þexi eins og því, sem hér hefur verið haldið fram í þessu máli.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti Í þeim umræðum, sem farið hafa fram hér á Alþ. um varamannssæti í Reykjavík, sem nú er hér til umr., hafa aðallega tekið þátt löglærðir menn. Ég hlýt því sem leikmaður í lögfræðinni að finna til nokkurs vanmáttar til þess að ræða málið og mun naumast geta gert það á þann hátt, sem hinir sérfróðu menn hafa gert, sökum þess að mig skortir þekkingu á fræðunum. En hitt er svo það, að lögfræðingarnir hafa ekki verið sammála í þessu máli og um þær skýringar, sem á því séu, og þess vegna má þeim, sem ekki eru lögfróðir, frekar finnast rétt að leggja einnig orð í belg. Ég skal taka það fram, að ég mun ekki beinlínis blanda mér inn í þær umræður, sem hér hafa farið fram, eða svör við því, sem fram hefur komið og ég er ekki sammála, enda hefur hv. frsm. meiri hluta kjörbréfanefndar annazt þann þátt.

Um það hefur verið ágreiningur hér á Alþ., hversu með skuli fara, ef varamaður þingmanns, kjörins hlutbundinni kosningu, deyr eða missir kjörgengi eða segir af sér, eins og í því tilfelli, sem hér er um að ræða. Er því nú haldið fram af ýmsum, að þá eigi þingsætið, sem um er að ræða, að verða autt, því að stjórnarskráin gerði ráð fyrir því, að varamenn af lista séu jafnmargir þingmönnum, sem kjörnir eru, þ. e. a. s. í þessu tilfelli aðeins einn, og geri hins vegar ekki ráð fyrir því, að kosning fari fram í kjördæminu.

Í 31. gr. stjórnarskrárinnar, sem oft hefur verið vitnað til, segir svo um kjör átta þingmanna í Reykjavík:

„Kosning þeirra er hlutbundin. Jafnmargir varamenn skulu kosnir, samtímis og á sama hátt.“

Tilsvarandi ákvæði gilda um kosningu í tvímenningskjördæmum.

Það, sem í þessari gr. felst um kosningu í Reykjavík, er, að þm. Reykjavíkur skuli vera

átta, kosnir hlutbundinni kosningu; enn fremur að varamenn þeirra skuli vera jafnmargir, þ. e. a. s. átta, og þeir skuli einnig kosnir hlutbundinni kosningu eins og þingmennirnir. Nánar sé ég ekki að um það sé rætt, t. d. ekki, hvort aðalmenn og varamenn skuli kosnir á sama lista eða hvort rétt sé að bera fram sérstakan varamannalista. Virðist ekkert beinlínis því til fyrirstöðu í stjórnarskránni, að svo sé gert, ef það samrýmist almennum lögum.

Þá felst það í þessum ákvæðum í 31. gr., að varamennirnir skuli kosnir samtímis aðalmönnunum.

Samkv. reglum hlutbundinna kosninga og ákvæðum kosningalaga er sá varamaður fyrst úrskurðaður rétt kjörinn, sem fær hæsta atkvæðatölu næst kjörnum þingmönnum eða þingmanni, ef um einn lista er að ræða, eða hæsta atkvæðatölu á sérstökum varamannalista, sem raunar er ekki gert ráð fyrir í kosningalögunum, og síðan sá, sem næsthæsta atkvæðatölu fær, o. s. frv. eftir nánari reglum um útreikning kosningaúrslita í hlutbundinni kosningu. Í hlutfallskosningu er hægt að kjósa eins marga varamenn á lista og frambjóðendur eru á listanum, að frádreginni tölu þeirra, sem kosningu hljóta sem þingmenn, ef fyrirmæli stjórnarskrár eða kosningalaga eru því ekki til fyrirstöðu.

Nú er því haldið fram, að 31. gr. stjórnarskrárinnar banni að kjósa fleiri varamenn í Reykjavík en þingmenn, af því að hún mælir ekki fyrir um kosningu fleiri varamanna en þingmanna. Á sama hátt má segja og er sagt af sumum, að hún banni að láta fara fram aukakosningu þingmanns í Reykjavík, af því að hún mælir heldur ekki fyrir um, að slík aukakosning fari fram, ef þingsæti verður autt. Hins vegar segir stjórnarskráin í margumræddri 31. gr., að á Alþingi eigi sæti, eins og það er orðað: átta þingmenn, kosnir í Reykjavík. En ef sæti þingmanns verður autt og ef talið er, að ekki sé varamaður, sem megi fylla sæti hans, ef enn fremur er talið óheimilt að láta aukakosningu fara fram, hvernig á þá að fullnægja því ákvæði stjórnarskrárinnar, að átta þingmenn kosnir í Reykjavík eigi sæti á Alþingi?

Í kosningalögunum er sýnilega, að mér virðist, gert ráð fyrir því, að þessu ákvæði sé fullnægt, þ. e. a. s. ákvæði sjórnarskrárinnar um, að átta þm. í Reykjavík eigi sæti á Alþingi, því að þar stendur í 117. gr., að framboðslisti hafi „rétt til“ jafnmargra varaþingmanna og kjörinna þm. En hvað verður um þennan „rétt“ listans til jafnmargra varaþingmanna og kjörinna þm., ef frá fall, afsal eða missir kjörgengis varaþingmanns á að hafa það í för með sér, að listinn teljist engan varamann hafa, ef þm. hans forfallast? Það virðist hins vegar hafa gleymzt í kosningalögunum að tryggja berum orðum þennan rétt, sem þau sjálf ákveða, og megi ekki túlka ákvæði kosningalaganna til tryggingar þessum rétti, sýnist ekki vera hægt að halda þetta ákvæði í heiðri.

En ég vil þá snúa mér aftur að stjórnarskránni, sem talið er að hér skipti mestu máli. Hún segir, að á Alþ. eigi sæti 8 þm. kosnir í Reykjavík. Hins vegar vilja sumir skilja önnur ákvæði hennar svo, að þegar sérstaklega stendur á, sé ekki hægt að fullnægja þessu ákvæði, stjórnarskráin sjálf komi í veg fyrir, að hennar eigin ákvæðum verði fullnægt. Ég er, eins og ég tók fram í upphafi, ekki löglærður maður, en þegar svona stendur á, finnst mér eins og fleirum, að þörf sé á því, sem sérfróðir menn kalla lögskýringu á stjórnarskránni, og þá með sérstöku tilliti til þess, að stjórnarskráin er, eins og allir vita, eins konar umgerð um hina almennu löggjöf og ákvæði hennar fela yfirleitt ekki í sér nákvæma lýsingu á framkvæmd þess, sem þar er mælt fyrir um. Sú lýsing kemur fram í hinni almennu löggjöf.

Ég get heldur ekki betur séð en að í ummælum hér á Alþ. nýlega hafi komið fram a. m. k. tvö mjög skýr dæmi um það, að Alþingi eða stjórnarvöld landsins hafi leyft sér að túlka ákvæði stjórnarskrárinnar einmitt í sambandi við varamenn þingmanna og þar með mæla fyrir um framkvæmdir, sem ekki er mælt fyrir um í stjórnarskránni.

Það dæmi, sem ég nefndi fyrr og fram hefur komið í umr. á Alþ., er í sambandi við úthlutun uppbótarsæta. Um úthlutun uppbótarsæta er ekki nákvæmlega fyrir mælt í stjórnarskránni. Þótt að vísu sé sagt, að úthluta skuli allt að 11 þingsætum til jöfnunar milli þingflokka, eins og það er orðað, er ekki að öðru leyti nákvæmlega fyrir mælt um það í stjórnarskránni, hvernig þeim skuli úthlutað, en aftur á móti er það gert í kosningalögum, eins og líka nauðsyn ber til.

Nú hefur Alþ. með kosningalögum 1933 og síðan fyrirskipað þá aðferð við úthlutun uppbótarsæta, sem hefur það í för með sér, að kjörnir varamenn í Reykjavík og tvímenningskjördæmunum geta orðið landskjörnir þm. og verða það alltaf einhverjir í Reykjavík, eins og nú standa sakir.

Þegar úthlutað er uppbótarsætum, liggja ávallt fyrir úrslit í Reykjavík og þá um leið, hve margir og hverjir hafa verið kosnir varamenn af hverjum lista þar. Um fleiri varamenn ætti þá ekki að geta verið að ræða samkvæmt því, sem sumir segja nú um bann stjórnarskrárinnar við slíku. En Alþingi hefur talið sér heimilt að ákveða annað, því að kosningalög segja svo, að um leið og varamaður í Reykjavík fær kjörbréf sem landskjörinn þm., skuli bætt við nýjum varamanni neðar af þeim lista, sem hinn landskjörni þm. *átti sæti á. Þetta segja kosningalögin.*

Ég heyrði hv. þm. löglærðan halda því fram á dögunum, að þetta væri sérstaklega heimilað með d-lið 31. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem kveðið er á um, að úthlutun uppbótarsæta skuli fara fram.

Ég get ekki séð, að hægt sé að finna þeim ummælum stað. Í þessum d-lið 31. gr. eru sem sé engin fyrirmæli um það, að varamenn af listum í kjördæmi, t. d. í Reykjavík, skuli verða uppbótarþm.

Alþingi gat því ákveðið aðra aðferð við úthlutun uppbótarsæta, t. d. að boðnir skyldu fram sérstakir landskjörslistar eða þá að kjörnir varamenn kæmu ekki til greina við úthlutun uppbótarsæta. Þetta gerði þingið ekki, heldur gerði einmitt ráð fyrir að taka uppbótarmanninn úr hópi kjörinna varamanna og lét sér þá ekki fyrir

brjósti brenna að mæla fyrir um nýja varamenn þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar.

Enginn hefur mótmælt þessu eða haft orð á því, svo að ég viti, að þessi ákvæði kosningalaganna fari í bága við stjórnarskrána. Þar með sýnist mér löngu viðurkennt, að hið rétta í þessu máli sé, að varamenn eigi á hverjum tíma að vera jafnmargir og aðalmenn og ef varamaður fer frá á einhvern hátt, þá sé rétt, að næsti maður listans fái kjörbréf í hans stað. Þetta held ég líka að allur þorri almennings í landinu telji eðlilegt og sanngjarnt og hafi jafnvel gengið út frá, að svo væri óumdeilanlega.

Hitt dæmið, sem ég vildi nefna um túlkun eða skýringu stjórnarskrárinnar, kom fram í umr. nýlega hjá hv. 1. þm. Reykv. (BBen), og hefur aftur verið minnzt á það í umr. nú í dag. Það er aukalandskjörið 1926, sem raunar hefur verið notað til þess að reyna að sýna fram á annað í þessu sambandi.

Ákvæði stjórnarskrár um landskjör voru þá mjög hliðstæð núverandi stjórnarskrárákvæðum um kjör þm. við hlutbundnar kosningar, t. d. í Reykjavík. Landsk. þm. féll frá. Varamaður hans, sá er kjörbréf fékk, var einnig fallinn frá. Í stjórnarskránni voru engin ákvæði fremur en nú, sem mæltu fyrir um, hversu með skyldi fara. Stjórnarskráin mælti ekki fyrir um aukakosningu, að ég ætla, en stjórnarvöld landsins ákváðu, eins og hér hefur verið skýrt frá, að aukalandskjör skyldi fara fram, og það fór fram.

Þarna sýnist mér hafa verið á ferðinni lögskýringarviðbót við stjórnarskrána, gerð til þess að framfylgja öðrum ákvæðum í stjórnarskránni, sem sé þeim, að á Alþingi ættu sæti 42 þm., eins og þá var ákveðið. Því ákvæði varð að fullnægja á einhvern hátt, og stjórnarvöldin völdu þá aukakosningarleiðina. Sú leið mundi ekki nú veita þeim lista, sem hlut á að máli í Reykjavík, þann rétt, sem honum ber, ef framboðum væri hagað á sama hátt og síðast, þótt hún gerði það 1926 í landskjörinu.

Á það hefur líka verið réttilega bent í umr. hér á Alþingi, að stjórnarskráin 1933 hafi veitt flokkum og þar með listum sérstaka viðurkenningu, sem ekki var til staðar 1926. Það virðist líka öllu eðlilegra, þegar á þetta er litið frá almennu sjónarmiði, að þingsæti, sem skipað er í stað þm., sem forfallast, sé skipað samkvæmt vilja kjósenda í almennum kosningum, þ. e. a. s. varamanni, ef hann getur verið til staðar, eins og þingið er að öðru leyti skipað samkvæmt vilja kjósenda í þeim hinum sömu almennu kosningum, heldur en leitað sé um það atkvæða kjósenda, að sömu leyti annarra og á öðrum tíma.

En um bæði þessi dæmi, hið fyrra um það atriði kosninganna að láta kjörinn varamann hljóta uppbótarþingsæti og mæla fyrir um nýjan varamann og hið síðara um að láta aukakosningu fara fram við landskjör 1926, virðist mér það sameiginlegt, að þau sýni, að ekki hefur verið litið svo á, að stjórnarskráin væri slík hindrun á því að fylla autt sæti þm. kjörins hlutbundinni kosningu sem sumir vilja nú vera láta.

Af því að ég hef sem nm. verið nokkuð riðinn við tillögur um varamannssæti það, sem hér er til umr., hef ég viljað láta þessar hugleiðingar mínar koma fram, áður en þessari umræðu lýkur.

Kjörbréf Eggerts Þorsteinssonar sem varamanns í Reykjavík liggur nú fyrir frá yfirkjörstjórn Reykjavíkur, og er þar með fullnægt óskum þeirra, sem kunna að vera þeirrar skoðunar, að kjörbréf verði að liggja fyrir eða vottorð um tilveru kjörbréfs, til þess að Alþ. geti tekið kosningu gilda. Ég hef að vísu ekki sannfærzt um það enn, að svo þurfi að vera, en ræði það ekki frekar.

Fyrir Alþingi liggur nú frv. til breytinga á kosningalögunum, þar sem lagt er til, að sett verði í eitt skipti fyrir öll ákvæði um það, hversu með skuli fara, ef sæti varamanna eða varamanns, sem rétt átti til kjörbréfs, að lokinni kosningu verður laust. Er rétt og eðlilegt að nota tækifærið til að setja slík lög nú, þegar atvik mála af þessu tagi rifjast upp fyrir mönnum, jafnframt því sem meðferð þessa frv. og samþykkt væri í sjálfu sér eins konar úrskurður Alþ. í þessu máli, þar sem ekki er heimilt að taka til afgreiðslu frv., sem fara í bága við stjórnarskrá.

Þetta frv. hefur enn ekki verið tekið fyrir og er ekki á dagskrá, en ég vona, að hæstv. forseti taki það ekki illa upp, þó að ég hafi á það minnzt að gefnu tilefni hér á Alþingi.

Ég vil svo aðeins benda á það, þótt vera megi að það verði ekki talið hafa mikla þýðingu fyrir afgreiðslu þessa máls, að mér virðist vera hentugur tími til þess nú fyrir Alþingi að slá því föstu, hversu með skuli fara, þegar mál koma fyrir af því tagi, sem hér er um að ræða, og með sérstöku tilliti til þess, að nú er við völd í landinu ríkisstj., sem hefur mikinn þingmeirihluta að baki sér. Af þeirri ástæðu fer því nú fjarri, að eitt þingsæti sé líklegt til að hafa áhrif á það, hvernig Alþ. skipar ríkisstj. eða á meginstefnu í afgreiðslu þingmála. Þess er þá líka fremur að vænta, að þm. geti litið með jafnaðargeði á þetta mál, enda er þess að vænta, að sú sé reyndin, þótt nokkurt kapp hafi hlaupið í umr. í sambandi við það, eins og stundum vill verða umfram það, sem efni standa til.

Skal ég svo ekki hafa fleiri orð um þetta mál, nema sérstakt tilefni gefist til.

Frsm. minni hl. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég hef fáu við að bæta fyrri ræðu mína, en vil þó aðeins svara örfáum atriðum úr ræðum hv. þm. Siglf. (ÁkJ) og hv. þm. N-Þ. (GíslG).

Hér skaut upp hjá hv. þm. Siglf. sama misskilningi og kom fram hér um daginn í umr. varðandi landskjörna þm. af listum. Hv. þm. segir: Ef þessi skilningur er réttur, að listi, sem fær einn þm. kosinn, fái aðeins einn varamann, ætti það í þessu tilfelli að vera annar maður á lista Alþfl., hæstv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason. — Telur hann, að með þessu stangist á það, sem við höfum haldið fram um þetta. Hér er um mikinn misskilning að ræða hjá hv. þm., sem stafar af því, að hann hefur ekki lesið 31. gr. stjórnarskrárinnar til enda.

Í 31. gr. stjórnarskrárinnar er nefnilega í d-lið rætt um 11 þm. til jöfnunar og um landslista

flokka, og þar segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Frambjóðendur þess flokks, sem landslista hefur í kjöri og nær jöfnunarþingsæti, taka sæti eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að lokinni kosningu.“

Nú er það svo um landslista Alþfl. síðast, að að lokinni kosningu var Gylfi Þ. Gíslason efstur á landslista samkv. útreikningi, sem kosningalögin ákveða. Af þeirri ástæðu kemur hann samkv. d-lið stjórnarskrárinnar af sjálfu sér inn sem uppbótarmaður, og næsti maður á listanum kemur þá að sjálfsögðu sem varamaður. Hér er því um að ræða misskilning hjá hv. þm.

Þá ræddi hann um það og enn fremur hv. þm. N-Þ., að eftir kenningu okkar virtust aðeins eiga að vera sjö þm. fyrir Reykjavík, það sem eftir væri kjörtímabilsins, en stjórnarskráin ákvæði, að 8 þm. skyldu vera fyrir Reykjavík, hér stangaðist því á annað ákvæði stjórnarskrárinnar.

Hér er einnig um misskilning að ræða, því að ef þm. Alþfl. í Reykjavík og varaþingmaður hans vilja hvorugt taka sæti fyrir Alþfl. á þingi, þá ber samkv. kosningalögunum að kjósa að nýju um þetta auða sæti.

Ég vil taka það fram til skilningsauka, að í stjórnarskránni sjálfri eru engin ákvæði um uppkosningu eða aukakosningar. Það er látið kosningalögunum eða almenna löggjafanum á vald, hvernig fara skuli, þegar þingsæti verða auð. Í 135. gr. kosningalaganna eru svo ákvæði um þetta, og ég held, að aldrei hafi verið dregið í efa, að almannalöggjafinn hafi haft heimild til að setja slík ákvæði. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, — það byrjar á því, hvernig fara skuli, ef frambjóðandi deyr innan viku fyrir kjördag, og síðan segir: „eða þingmannssæti verður af öðrum ástæðum autt, áður en kjörtímabil er á enda, og skal þá dómsmrn. með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu kveðja til nýrra kosninga og ákveða kjördag, svo fljótt sem því verður við komið og eigi síðar en innan mánaðar.“ Hér er alveg skýlaust ákvæði um það, hvernig fara skuli, ef þingsæti Alþfl. fyrir Reykjavík verður autt. Hér er því ekki um það að ræða, að við heimtum, að Alþfl. hafi engan þm. eða séu aðeins sjö þm. fyrir Reykjavík. Það á að kjósa að nýju í þetta auða sæti.

Nú hafa hv. þm. haft orð á því, að það sé fjarstæða samkv. hlutfallskosningunum, að það ætti að kjósa einn mann í stað þessa. En við höfum í fyrsta lagi fordæmi fyrir því. Þegar Jón Magnússon og hans varamaður féllu frá 1926, stóðu þannig sakir, að landskjör hafði farið fram um sumarið, í júlímánuði 1926. Síðan er efnt til kosninga í hið auða sæti Jóns Magnússonar um haustið 1926. Nú höfðu kosningar fallið þannig í hinu almenna landskjöri, að Íhaldsflokkurinn, sem Jón Magnússon var fyrir, fékk að vísu flest atkvæði einn flokka, en miklu færri atkv. en aðrir flokkar eða frambjóðendur samtals. Þess vegna var vissulega töluverð áhætta fyrir þann flokk að ganga til kosninga á einum manni, og hefði vissulega verið handhægara að grípa til þeirrar túlkunar, sem nú virðist vera ofan á hjá Alþingi, að fara bara neðar á listann og taka þriðja mann þar. Það taldi enginn maður heimilt þá. Kosningar fóru síðan fram, og andstöðuflokkar Íhaldsflokksins báru fram einn sameiginlegan lista.

Ef nú ætti að fara fram kosning á einum manni hér í Rvík í stað Haralds Guðmundssonar og Rannveigar Þorsteinsdóttur, yrði í fyrsta lagi vel hægt að hugsa sér og líklega ekki fráleitt, að stjórnarflokkarnir þrír gangi sameiginlega til þeirra kosninga, og munu þá væntanlega, eins og þeir telja ríkisstj. hafa staðið sig vel, vera nokkurn veginn öruggir um sigur. Hins vegar skal ég láta í ljós mína skoðun, að ég tel, þegar slík aukakosning þarf að fara fram í hlutfallskjördæmi, að þá sé vafalaust mjög sanngjarnt sem almenn regla, að aðrir flokkar bjóði ekki fram á móti, og a. m. k. teldi ég það sjálfsagða reglu, ef Alþingi væri rétt mynd af þjóðarviljanum. Því miður er því ekki að heilsa nú, þar sem tveir flokkar hafa með bandalagi sínu á s. l. sumri gersamlega brenglað þá réttu mynd af þjóðarviljanum, með því að þessir tveir flokkar hafa langtum fleiri þingsæti en þeir eiga rétt á samkv. kjósendatölu.

Ég hef ekki fengið svör við því, hvaða nauðsyn ber til þess, að aðalmaður Alþfl. hverfi af þingi í byrjun kjörtímabils, jafnvel maður, sem er kosinn á Alþingi sem form. þessa flokks, og vafalaust hafa margir kjósendur greitt flokknum atkvæði í trausti þess, að sá ágæti maður mundi veita flokknum forstöðu á þessu kjörtímabili. Í öðru lagi hef ég engar skýringar fengið á því, hvaða nauðsyn ber til þess, að hinn réttkjörni varaþingmaður Alþfl., Rannveig Þorsteinsdóttir, tekur ekki sæti á Alþingi. Hv. þm. Siglf. orðaði það þannig, að við sjálfstæðismenn vildum láta draga hana nauðuga inn í þingið. Ja, ég verð að segja það, að það er ákaflega hörmulega fyrir Alþfl. komið, ef hver frambjóðandinn, hver réttkjörinn þm. eftir annan neitar að sitja fyrir hann á Alþingi. Mér virðist, að nú séu tvær manneskjur, karl og kona, sem bæði þverneita þingsetu fyrir Alþfl. En þar sem hér er ekki um að ræða nein forföll, ekki frávall eða forföll, þá er vissulega ekki hægt að segja, að á nokkurn hátt sé verið að neita Alþfl. um nokkurn rétt, þegar hann hefur þarna tvær manneskjur í fullu fjöri, sem hann gæti látið fylla þetta sæti.

Hv. þm. Siglf. talar nú með mjög mikilli hneykslun um bókstafsskilninginn og telur þær skýringar, sem ég hef gefið hér á þessu ákvæði stjórnarskrárinnar um varamennina, skýringar, sem allir hafa verið á einu máli um, þangað til núna síðustu vikurnar, — hann kallar þetta bókstafsskilning, sem hann talar um með mikilli hneykslun, — og hvað það sé fjarri öllu lagi að binda sig við bókstafinn í stað þess að dæma eftir anda laganna.

Nú er það, að stuðningsblað hans og ríkisstj. hafði í haust eða sumar þessi orð, sem mættu, án þess að ég vilji gera þau að mínum, þó vera nokkurt svar til hv. þm. Siglf., en stjórnarblaðið Tíminn sagði svo orðrétt í fyrrasumar:

„Hvar væru menn yfirleitt staddir, ef dómararnir hættu að hirða nokkuð um lagabókstafinn, heldur færu eftir því, sem þeir þættust kalla

anda hans. Það þýddi það, að lögin væru raunverulega numin úr gildi. Menn gætu ekki lengur treyst ákvæðum þeirra, hve skýlaus sem þau væru, því að dómararnir hefðu vald til að túlka „anda“ þeirra eins og þeim sýndist. Það þýddi það, að ekki væri lengur búið í réttarríki.“

Þessi voru orð stjórnarblaðsins Tímans. Vil ég svo láta hv. þm. Siglf. glíma nokkuð við þessi ummæli fyrst um sinn, án þess, eins og ég tók fram, að ég geri þessa lagatúlkun Tímans að minum orðum.

Ég ætla, að það séu ekki fleiri atriði, er fram komu hjá þessum tveimur hv. þm., sem máli skipta eða ástæða er til að svara.

Friðjón Skarphéðinsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. mikið og lofa að vera stuttorður, en vil aðeins í örfáum dráttum rekja efni þess máls, sem hér er á dagskrá, frá minu sjónarmiði.

Forsendur málsins eru í fáum orðum þessar:

1) Fyrsti maður á lista Alþfl.. í Reykjavík við síðustu kosningar til Alþingis, hv. 4. þm. Reykv., var kjörinn þingmaður.

2) Annar maður á listanum hlaut kosningu sem landsk. þm.

3) Þriðji maður á listanum, frk. Rannveig Þorsteinsdóttir, hefur skriflega sagt af sér varaþingmennsku, og ekki var gefið út kjörbréf til hennar af þeim sökum.

4) Hv. 4. þm. Reykv., Haraldur Guðmundsson, hefur óskað eftir því, að varaþingmaður taki sæti sitt um 6—8 vikna skeið, meðan hann er fjarvistum.

5) Yfirkjörstjórn skaut því til úrskurðar hins háa Alþingis, samkv. heimild í 46. gr. stjórnarskrárinnar, hvort 4. maður á listanum, Eggert Þorsteinsson, skyldi taka sæti á Alþingi sem varamaður.

6) Alþingi hefur samþykkt ályktun um, að það telji rétt, að kjörbréf sé gefið út til handa Eggert Þorsteinssyni sem varaþm. af lista Alþfl., og yfirkjörstjórn hefur samkv. því gefið þetta kjörbréf út, og liggur nú hér fyrir til umr. till. meiri hl. hv. kjörbréfanefndar um það, að kjörbréfið verði samþykkt.

Mál þetta hefur þegar verið rætt mikið hér á Alþingi, bæði í sambandi við áður fram komna till. frá minni hluta kjörbréfanefndar og í sambandi við þáltill. hæstv. forsrh., sem samþ. var fyrir fáum dögum.

Afstaða hv. þm. Sjálfstfl. er sú, að hér sé verið að fremja gróft brot á stjórnarskránni, ef kjörbréfið verði tekið gilt, enginn varamaður sé til fyrir hv. 4. þm. Rvíkur og enginn eigi að taka sæti hans, meðan hann er fjarvistum. Færi hins vegar svo, sem haft hefur verið á orði, að hann segði af sér þingmennsku, eigi að kjósa upp aftur í Reykjavík, ekki alla þm., heldur aðeins einn og væntanlega einn til vara. Þetta telja hv. þm. Sjálfstfl. að sé í fullu samræmi við lög og stjórnarskrá. Þetta hefur að vísu verið hrakið rækilega með augljósum rökum í umr. hér á Alþingi, en ég mun aðeins lauslega rekja þessi rök með fáum orðum til glöggvunar og yfirlits og bæta þar nokkru við.

Það skal að sjálfsögðu viðurkennt, að hvergi er að finna í stjórnarskrá, kosningalögum né öðrum lögum bein fyrirmæli um það, hvernig með skuli fara, þegar svo á sér stað sem nú hefur við borið, að varaþingmaður gengur úr skaftinu. En vitanlega verður að leysa þetta mál sem önnur, þótt engin slík bein fyrirmæli sé við að styðjast. Annaðhvort er að samþykkja kjörbréf Eggerts Þorsteinssonar eða hafna því. En áður en það er gert, verður að sjálfsögðu að rannsaka ákvæði kosningalaga og stjórnarskrár um varaþingmenn og öll þau atriði, sem máli skipta um þetta efni, svo og hvert sé eðli málsins og almenn lagarök.

Um einn hlut í máli þessu virðist mér allir vera á einu máli, enda munu fræðimenn vera sammála um það, en það er, að þingmaður — og þá líka varaþingmaður — hafi fullar heimildir til að segja af sér. Hér er því ekki um þann möguleika að ræða að gefa út kjörbréf til þriðja manns á lista Alþfl., sem sagt hefur af sér varaþingmennsku.

Þá er um þrjár leiðir að ræða í málinu aðeins, og fleiri munu ekki til, en þessar þrjár leiðir eru:

1) Að enginn varamaður komi í stað hv. 4. þm. Reykv. og ekki heldur, þótt hann segði af sér.

2) Að uppkosning fari fram í Reykjavík.

3) Að fjórði maður á lista Alþfl. taki sæti á Alþingi sem varamaður, eins og meiri hluti hv. kjörbréfanefndar leggur til.

Ef maður athugar hverja af þessum leiðum fyrir sig, er fyrst fyrir hendi sú leið, að enginn taki sæti hv. 4. þm. Reykv. Samkvæmt 31. gr. stjórnarskrár, sem oft hefur verið vitnað til, eiga sæti á Alþingi allt að 52 þjóðkjörnir þingmenn. Af öðrum ákvæðum stjórnarskrárinnar verður ráðið með augljósum rökum, að því aðeins geta þeir eða mega vera færri en 52, að uppbótarþingmenn séu færri en 11, en slíkt getur átt sér stað, ef viss skilyrði eru fyrir hendi. Af þessum 52 þingmönnum skulu 8 kosnir í Reykjavík.

Ákvæði kosningalaga eru í fullu samræmi við þetta og óþarfi að rekja þau. Þm. skulu vera 52, þar af 8 í Reykjavík.

Það væri því bersýnilegt stjórnarskrárbrot, ef út af þessu væri brugðið, ef þm. væru aðeins 51, þar af 7 í Reykjavík. Sú leið kemur því ekki til greina, enda vænti ég þess, að allir geti verið sammála um það, og mér hefur raunar skilizt, að þeir, sem hér hafa tekið þátt í umr., muni vera á einu máli um það.

Þá kemur til álita önnur leiðin í málinu. Það er uppkosning í Reykjavík.

Í fljótu bragði gæti maður hugsað sér, að slíkt gæti orðið með tvennum hætti: 1) að kosnir yrðu allir 8 þm. Reykjavíkur og 8 varamenn, og 2) að kosinn yrði aðeins einn þm. í Reykjavík og einn varamaður, ef gert væri ráð fyrir því, að hv. 4. þm. Reykv. segði af sér, eða aðeins einn varamaður, ef svo yrði ekki.

Að sjálfsögðu tel ég, að ekki komi til greina að kjósa upp í Reykjavík að nýju að öllu leyti. Engin heimild er til að svipta löglega kjörna þm. Reykjavíkur, sem kosnir eru til fjögurra ára, þingmennskuumboði nema með þingrofi, og um slíkt er ekki að ræða hér.

Þá er hin leiðin, að kjósa einn mann aðeins í Reykjavík. Það er sú leið, sem hv. þm. Sjálfstfl. virðast helzt hallast að og telja þá einu réttu. Vitanlega sjá þeir fram á, að ef svo yrði gert, þá eru allar líkur til, að þeim bættist einn maður við þingflokk sinn og einum Alþfl.-manni yrði færra á þingi. Þeir halda því mjög á loft, að fordæmi sé fyrir uppkosningum slíkum sem þessum. Hv. 1. þm. Reykv. nefndi í þessu tilfelli þrjú dæmi: tvö frá 1926 og eitt frá 1932. Annað dæmið frá 1926 og dæmið frá 1932 eru um uppkosningar í Reykjavík. En á þessum árum voru engir varaþm. í Reykjavík. Ákvæði um varaþm. í Reykjavík komu ekki í stjórnarskrána fyrr en 1934, eins og kunnugt er, og er því alveg út í hött að nefna þessi dæmi í sambandi við það tilfelli, sem hér er um að ræða. Hitt dæmið frá 1926, sem nefnt hefur verið í þessu sambandi, er um uppkosningu landskjörins þm. Í fljótu bragði gæti virzt sem líkt hefði staðið á þá og nú. Svo er þó ekki, þegar nánar er aðgætt. Það liggur í því, að með stjórnarskrárbreytingunni 1934 voru tekin upp ákvæði í stjórnarskrána, sem viðurkenndu í ríkara mæli en áður hafði verið rétt flokkanna til áhrifa á Alþingi í nokkru hlutfalli við kjósendafjölda í landinu. Sú grundvallarregla yrði þverbrotin, ef kjósa ætti einn mann í Reykjavík í stað hv. 4. þm. Reykv., og þess vegna tel ég, að ekki sé hægt að líkja dæminu frá 1926 við það, sem nú er fjallað um.

Um þetta eru því engin fordæmi til. En jafnvel þótt hv. þingmenn Sjálfstfl. vilji enn halda því fram, að svo sé, þá eru önnur stjórnarskrárá væði en það, sem ég þegar hef nefnt, sem beinlínis og óbeinlínis banna slíka uppkosningu.

Ég veitti því athygli áðan, að hv 6. þm. Reykv. sagði það í ræðu sinni, að engin ákvæði væru um uppkosningar í stjórnarskránni. En þetta er misskilningur eða gáleysi hjá honum, því að í 2. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Deyi þingmaður, kosinn í einmenningskjördæmi, eða fari frá á kjörtímanum, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.“

Stjórnarskráin gerir ekki ráð fyrir uppkosningum í öðrum tilfellum. Þetta er eini staðurinn í stjórnarskránni, þar sem um uppkosningar er fjallað. Í tvímenningskjördæmum og í Reykjavík eru fyrirmæli um varamenn, og einnig skulu vera varamenn fyrir landskjörna þingmenn. Það verður því ekki komizt hjá gagnályktun frá 2. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar, að uppkosningar skuli ekki fara fram í öðrum tilfellum en þar greinir. En jafnvel þótt hv. þingmenn Sjálfstfl. telji ekki öruggt, að slík gagnályktun eigi hér við, og bendi í því sambandi, eins og hv. síðasti ræðumaður, 6. þm. Reykv., á 135. gr. stjórnarskrárinnar, sem fjallar um uppkosningar í einmennings- eða tvímenningskjördæmum, ef frambjóðandi deyr eða þingmannssæti verður af öðrum ástæðum autt, áður en kjörtímabil er á enda, jafnvel þótt þeir vilji enn bera það fyrir sig, sem mér virðist þó vera að fara beint í bága við þetta ákvæði 31. gr. stjórnarskrárinnar, þá er enn eitt ákvæði í stjórnarskránni, sem tekur af öll tvímæli um þetta og eitt út af fyrir sig nægði til þess, að uppkosning eins manns í Reykjavík gæti ekki átt sér stað. Og þetta ákvæði er einnig í 31. gr. stjórnarskrárinnar. Í þeirri gr. segir nefnilega í a-lið, að í Reykjavík skuli kjósa átta þingmenn og kosning þeirra sé hlutbundin. Það væri í algeru ósamræmi við þetta ákvæði, ef aðeins sjö þingmenn væru kosnir hlutbundinni kosningu, en einn kosinn með sama hætti og í einmenningskjördæmum, svo sem hv. þingmenn Sjálfstfl. láta í veðri vaka að þeir vilji. Þeir skulu allir átta vera kosnir hlutbundinni kosningu, eins og segir í þessari grein.

Þetta ákvæði kosningalaganna sýnist mér því kollvarpa með öllu þeirri kenningu, sem hinn ágæti fræðimaður Einar Arnórsson virðist hallast að í bók sinni um réttarsögu Alþingis. Það virðist alveg kollvarpa þeirri kenningu, að þegar svo stendur á sem nú, skuli einn maður kosinn í Reykjavík, því að sá maður væri ekki kosinn hlutbundinni kosningu. Og það væri brýnt brot á þessu stjórnarskrárákvæði, auk þeirra sem ég áður nefndi, og fram hjá því verður ekki komizt.

En þá er komið að þriðju leiðinni, sem ég nefndi í upphafi og meiri hl. kjörbréfanefndar leggur til, að farin verði, að fjórði maður á lista Alþfl. taki sæti á Alþingi sem varamaður hv. 4. þm. Reykv.

Stjórnarskrárákvæði eru ekki fyrir hendi um þetta. En mér virðist 117. gr. kosningalaganna skera hér úr. Þar segir, að framboðslisti í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, sem hlotið hefur þingmann eða þingmenn kjörna, hafi rétt til jafnmargra varaþingmanna. Og í sömu gr. segir, að ef varaþingmaður, kosinn hlutbundinni kosningu, hljóti uppbótarþingsæti, skuli yfirkjörstjórn sú, sem í hlut á, gefa næsta frambjóðanda af þeim lista, ef til er, kjörbréf varaþingmanns.

Nú vil ég spyrja: Liggur ekki beint við að ályktа, að ef varaþingmaður fellur frá eða segir af sér, þá skuli sama regla gilda? Er það ekki beinlínis undirskilið, að þegar varamenn hafa sagt af sér, látizt o. s. frv., þá skuli þeir taka við, sem næstir eru í röðinni á listanum? Mér virðist hér vera um vafalausa lögjöfnunarheimild að ræða. Þetta fer engan veginn í bága við nein stjórnarskrárákvæði frekar en bein ákvæði 117. gr. um, að gefa skuli út kjörbréf varaþingmanns þeim, sem næstur er, ef varaþingmaður hefur hlotið uppbótarþingsæti.

Það liggur líka í augum uppi, að önnur ályktun mundi leiða til ranglátrar niðurstöðu og beinlínis gegn ákvæðum stjórnarskrár um tölu þingmanna eða gegn ákvæðum stjórnarskrár, sem óheimila uppkosningar í Reykjavík.

Nú er því haldið fram af hv. þingmönnum Sjálfstfl. og nú síðast af hv. 6. þm. Reykv., að slíkir varamenn væru ekki kosnir samtímis og á sama hátt. Einnig þetta virðist mér rangt. Þar sem talað er um í 31. gr. stjórnarskrárinnar, að þeir skuli kosnir samtímis og á sama hátt, er verið að undirstrika það, að þetta skuli gerast í sömu kosningum. Þessir menn eru einmitt kosnir á framboðslistunum samtímis og á sama hátt, og nákvæmlega hið sama sýnist mér gilda

um landskjörna þm. samkv. 129. gr. kosningalaganna.

Hér ber því allt að sama brunni. Leið sú, sem hv. sjálfstæðismenn benda á, er ólýðræðisleg og brýnt brot á stjórnarskránni. Hins vegar styðst leið sú, sem meiri hluti hv. kjörbréfanefndar leggur til, við augljós lagarök. Með því er haft í heiðri það ákvæði stjórnarskrár, að rétt tala þingmanna er á þingi og rétt þingmannatala í Reykjavík, allir kosnir hlutbundnum kosningum, samtímis og á sama hátt. Varamenn yrðu á hverjum tíma jafnmargir kjörnum alþingismönnum og þannig í heiðri hafður réttur flokkanna, sem þeim er áskilinn í 117. gr. kosningalaganna, og sömuleiðis réttur þingmanna til þess að láta varamenn taka sæti sitt í forföllum sínum, sem þeim er áskilinn í 3. mgr. 144. gr. kosningalaganna. Till. hv. meiri hl. kjörbréfanefndar er auk þess fullkomlega lýðræðisleg, og hún ein leiðir til réttlátrar og eðlilegrar niðurstöðu.

Frsm. meiri hl. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. hrasaði nú í seinni ræðu sinni nokkuð illilega af braut hinna hreinu lögskýringa og tók málið upp á pólitískum grundvelli um það, að samsetning Alþingis væri ekki í samræmi við þjóðarviljann og að Alþfl. hefði miklar sigurvonir, ef það yrði kosning um einn mann í Reykjavík.

Þarna er einmitt kominn kjarni málsins frá hendi þeirra sjálfstæðismanna. Þetta er það, sem hefur ráðið gerðum þeirra og lagaskýringum í málinu. Þeir telja, að nú standi þeir vel að vígi að fara út í kosningar um einn mann í Reykjavík, og þess vegna er þyrlað upp þessu moldviðri um svo sjálfsagða lausn sem hér hefur verið lögð til af meiri hl. kjörbréfanefndar.

Það er ekki margt, sem ég þarf að svara í ræðu hv. 6. þm. Reykv. En ég vil þó aðeins benda á, að sú setning, sem hann vísar til í seinni hluta 31. gr. stjórnarskrárinnar, á ekki við um þetta atriði, og hún kemur ekki í neinn bága við það, sem ég var búinn að halda hér fram áður. Þar stendur:

„Frambjóðendur þess flokks, sem landslista hefur í kjöri og nær jöfnunarþingsæti, taka sæti eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að lokinni kosningu.“

Þetta er landslisti, sem á þarna við. Það er ekki Reykjavíkurlisti. Það er landslistinn, sem þarna er verið að tala um. Og það breytir einmitt ekki þeirri staðreynd, að það, að þeir taka röð á landslistanum eftir kosninguna eins og þeir voru kosnir, eins og þeir eru á listanum að lokinni kosningu, gerir það að verkum, að þeir falla út af Reykjavíkurlistanum, þeir af þm. Reykjavíkurlistanna, sem ná kjöri sem uppbótarþingmenn. Og þá stendur eftir sú blákalda staðreynd, eftir skýringu sjálfstæðismannanna sjálfra, að listi, sem hefur aðeins fengið einn mann kjörinn í Reykjavík, á engan varamann eftir einmitt þeirra eigin skilningi.

Á landslista er frambjóðendum raðað — ja, mig minnir, að þeim sé raðað fyrir kosningarnar eftir stafrófsröð, en síðan breytist það eftir því, sem kosningaúrslitin gefa tilefni til, og þar nánar tilteknum reglum um það, hvernig þeir taka sæti sem uppbótarþingmenn hinna ýmsu flokka á þingi. En þetta er bara til þess að undirstrika það, að það er ekki sú röðun, sem á að ráða um uppbótarþingmennina, ekki sú röðun, hvar þeir eru í stafrófsröð, heldur hitt, hvernig atkv. hafa fallið í kosningunum. Þetta er sem sagt á engan hátt í ósamræmi við það, sem ég hef hér haldið fram.

Það, hvort Alþingi sé skipað í samræmi við þjóðarviljann, hefur vitanlega verið stöðugt deilumál á Íslandi. Það vita allir. Þetta hefur verið eitt af mestu deilumálum eiginlega við allar kosningar. Og ég býst við því, að það verði aldrei svo, að þingmannafjöldi verði algerlega í samræmi við atkvæðafjölda flokkanna. Og ákvæðið um 11 uppbótarþingmenn var einmitt hugsað til þess að leiðrétta það misræmi, sem þá var orðið, þegar þau lög voru sett og gerðu mikla bót á því, þó að það fyrirkomulag sé að mörgu leyti mörgum annmörkum bundið. En við verðum líka ekki einasta að taka tillit til þess, hvernig hlutföllin ættu að vera í samræmi við kjósendurna. Við höfum líka sett um þetta ákveðnar reglur. Og við vitum það ósköp vel, að jafnvel þótt settar væru í dag reglur um það, sem tryggðu, að þingmannafjöldi væri algerlega í samræmi við atkvæðatölur flokkanna, þá er ekki víst, að það haldist við næstu kosningar, — það veit hver maður, — og sérstaklega í þeim miklu þjóðflutningum, sem átt hafa sér stað í okkar þjóðfélagi, þar sem verulegur hluti landsbúanna hefur á síðustu tveimur áratugum fært sig úr stað og hér í Reykjavík hefur vaxið upp stórborg og ýmsar stórborgir og þétt byggð hér á Suðvesturlandinu. Það mál er ekki til umræðu núna. Það er aðeins hitt, hvað eru fyrirmæli stjórnarskrár og kosningalaga um rétta þingskipun, eins og nú er. Öðru verður ekki breytt nema með sérstakri stjórnarskrárbreytingu.

Miðað við gildandi stjórnarskrá og gildandi kosningalög er þingmannafjöldinn, eins og hann er núna, áður en Haraldur Guðmundsson, hv. 4. þm. Reykv., víkur af þingi, þannig, að Alþfl. er ætluð átta þingsæti, og hann á rétt á því skv. kosningalögum og stjórnarskrá og á að halda þeim rétti. Hér er ekki verið að ræða um forföll. Hv. 4. þm. Reykv., Haraldur Guðmundsson, er enn þá þingmaður, hefur ekki sagt af sér þingmennsku, og hvað sem líður því starfi, sem í ráði er að hann taki við sem sendiherra erlendis, þá breytir það ekki því, að hann gæti verið í sjálfu sér þm. áfram. Það er engin lagaskylda að segja af sér, og hversu lengi hann gegnir því starfi og annað slíkt, er allt í óvissu, og það skiptir engu máli í þessu sambandi. Hér er aðeins verið að ræða um varaþingmanninn af lista Alþfl. í Reykjavík. Og þá koma fram þessi skýlausu ákvæði stjórnarskrárinnar um, að varamenn skuli vera jafnmargir og aðalmenn, sem er nánar skýrt í 117. gr. kosningalaganna, eins og hv. þm. Ak. hefur rækilega skýrt hér í ræðu sinni áðan. Það er ekkert um það að tala, hvort Haraldur Guðmundsson hefur lögleg forföll eða hvort Rannveig Þorsteinsdóttir hefur lögleg forföll. Haraldur Guðmundsson er ekki staddur á þingi núna, og Alþfl. á heimt-

ingu á því að fá sinn varaþingmann inn. Rannveig Þorsteinsdóttir hefur sagt sig af listanum og kemur þess vegna ekki til tals, enda hefði þá sennilega kjörstjórnin, ef hún hefði verið á þeirri skoðun, sem hv. 6. þm. Reykv. vildi leggja í bókanir hennar, veitt henni kjörbréf, þrátt fyrir það að hún segði af sér. En það hefur hún ekki treyststst til að gera, vegna þess að það á enga stoð í lögum.

Ég vil svo undirstrika það, að ég er ekki hér að neita því, að það sé æskilegt að halda sér sem mest við einmitt orðanna hljóðan. Ég er ekki að fordæma bókstafsskilning, ef hægt er að koma honum við. Og ég tel það einmitt vera bókstafsskilning þessarar marglesnu setningar hérna um, að jafnmargir varamenn skuli kosnir samtímis og á sama hátt, það er einmitt bókstafsskilningur og um leið skilningur á anda þessa ákvæðis með tilliti til stjórnskipunarinnar yfirleitt og kosningalaganna, að Alþfl. fái sinn varamann. Það er ekki neinn bókstafsskilningur, sem Sjálfstfl. berst fyrir í þessu máli. Það er bara útúrsnúningur og ekkert annað, — útúrsnúningur, sem hann gerir sér von um að geti gefið honum tækifæri til þess að koma fleyg inn í stjórnarsamstarfið í fyrsta lagi og í öðru lagi til þess að reyna að fá kosningu á einum manni hér í Reykjavík, sem allir vita og allir hljóta að viðurkenna að er í fullkomnu ósamræmi við bæði bókstaf og anda stjórnarskrár og kosningalaga.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara frekar út í þetta, en undirstrika þá till., sem ég hef borið hér fram.

Frsm. minni hl. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. þm. Siglf. lauk ræðu sinni með því, að sjálfstæðismenn héldu fram þessum skilningi ekki með rökum, heldur væru þetta útúrsnúningar í þeim tilgangi einum að koma fleyg inn í stjórnarsamstarfið.

Mér fannst fróðlegt að heyra þessi orð úr munni hv. þm. Siglf., því að ég veit ekki betur en hann hafi sjálfur borið fram till. um það að sprengja stjórnarsamstarfið, sem sagt að reka kommúnistana úr stjórninni. Þetta hefur hann flutt í sínum flokki og er opinbert mál. En sleppum því.

Þau ummæli hans, að þetta séu útúrsnúningar einir, pólitískar brellur og þar fram eftir götunum, er náttúrlega ekki svaravert, þar sem þessi hv. þm. eins og allir aðrir veit, að sá skilningur á stjórnarskránni, sem hér hefur verið haldið fram, er í samræmi við óvefengdan skilning allra í yfir 40 ár á þessum varamannsákvæðum. Slík ummæli sem þessi eru því í rauninni ekki svaraverð frá hv. þingmanni.

Það voru tvö eða þrjú atriði í ræðu hv. þm. Ak., sem mér þykir rétt að minnast á. Hann segir: Ef ætti að fara fram kosning á einum manni í Reykjavík, þá væri það stjórnarskrárbrot, vegna þess að stjórnarskráin segir, að í Reykjavík skuli kosnir átta þm. hlutbundinni kosningu.

Nú er það svo, að þegar aukakosningin fór fram við landskjör haustið 1926, var kosinn einn landskjörinn þingmaður. Stjórnarskráin, sem þá var í gildi frá 1920, sagði, að á þingi skyldu eiga sæti sex þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum um land allt.

Það leiðir auðvitað af eðli málsins, að ef einhver þessara landskjörnu þm. eða í þessu tilfelli einhver þingmanna Reykjavíkur fellur frá eða segir af sér og varamaður er ekki fyrir hendi, þá verður að kjósa í staðinn. Og það er auðvitað misskilningur hjá hv. þm., að það komi í bága við þetta stjórnarskrárákvæði, enda höfum við þetta óvefengda fordæmi frá 1926 fyrir hendi.

Hv. þm. segir, að mér hafi orðið sú vangá á að segja, að í stjórnarskránni væri ekkert ákvæði um aukakosningar eða uppkosningar, ef þm. fellur frá eða sæti hans verður laust. Það má vera, að ég hafi ekki orðað þetta nákvæmlega. En það, sem ég átti við, var auðvitað, að í stjórnarskránni væru engin ákvæði um aukakosningar varðandi þá þm., sem kosnir eru hlutbundnum kosningum, þ. e. a. s. í Reykjavík eða tvímenningskjördæmunum. Í 31. gr. stjórnarskrárinnar segir í c-lið sérstaklega, að deyi þm., kosinn í einmenningskjördæmi, eða fari frá á kjörtímanum, skuli kjósa þm. í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Þetta er sérákvæði um kosningarnar í einmenningskjördæmunum, af því að þar eru engin varasæti til. Um hina þingmennina eru engin ákvæði í stjórnarskránni, og þess vegna hefur almenni löggjafinn sett það, eins og ég gat um, í 135. gr. kosningalaganna.

Ég ætla, að í rauninni sé það alveg óvefengt, að þangað til þessi spurning vaknaði nú fyrir skemmstu um varasæti Haralds Guðmundssonar, hafi allir verið sammála um, að skilja bæri stjórnarskrána eins og ég hef hér lýst, að af hverjum lista gætu ekki komið til greina fleiri varamenn en aðalmenn eru kosnir af þeim lista. Það eru stjórnarflokkarnir háttvirtir, sem nú vilja brjóta í bága við þann viðurkennda skilning, sem eins og ég gat um hefur verið óvefengdur bæði í kenningu og framkvæmd. Ef frá þessum augljósa og ótvíræða skilningi er vikið, eins og hér er lagt til af meiri hl. kjörbréfanefndar, er vissulega farið þar út á hálan ís og hættulega braut. Það má vel vera, að það komi einhvern tíma í kjölfarið, að menn segi sem svo: Ja, það er sjálfsagt að skilja og túlka stjórnarskrána þannig, að það megi taka inn varamenn, t. d. fyrir þm. í einmenningskjördæmum. — Og vissulega má færa viss rök fyrir því. Það má segja: Ja, fyrst það eru varamenn fyrir uppbótarþm., fyrst eru varamenn fyrir Reykjavíkurþingmennina og fyrst eru varamenn fyrir þm. í tvímenningskjördæmum, þá er lögjöfnun sjálfsögð og heimil um það, að megi taka inn varamenn fyrir þingmenn í einmenningskjördæmum. — Og eftir þeim skilningi ætti þá Alþingi væntanlega að vera í sjálfsvald sett, annaðhvort með þál. eða atkvgr. eins og um kjörbréfið nú eða með lögum að ákveða, hverja skyldi taka inn sem varamenn.

Vitanlega blandast engum hugur um það, að slíkt væri tvímælalaust stjórnarskrárbrot, alveg eins og það er stjórnarskrárbrot að túlka stjórnarskrána hér eins og meiri hl. kjörbréfanefndar leyfir sér að gera. Og út af því kjörbréfi, sem

meiri hl. yfirkjörstjórnar Reykjavíkur hefur gefið út, þá kemur það skýrt fram, eins og ég hef lesið hér áður, að allir þrír yfirkjörstjórnarmenn eru á einu máli um, að það skorti lagastoð til þess að taka þm. gildan, og meiri hl. yfirkjörstjórnar réttlætir aðeins þessa formlegu athöfn sína, útgáfu kjörbréfsins, með því, að *Alþingi hafi fyrirskipað og það beri ábyrgð á* þessu máli.

Hv. þm. Ak. gekk svo langt í sínum málflutningi, að hann vildi ekki aðeins halda því fram um þann skilning, sem meiri hl. kjörbréfanefndar heldur fram, að taka 4. mann á lista Alþfl. gildan sem varamann, að það væri löglegt, heldur gekk hann svo langt, að afstaða mín og okkar, sem höldum fram sömu skoðun, leiddi til skýlauss stjórnarskrárbrots. Svo er nú skörin farin að færast upp í bekkinn, að sá skilningur, *sem í fjóra áratugi hefur verið óvefengdur og* ríkjandi, sem hefur verið kenndur án nokkurs ágreinings í Háskóla Íslands í rúma fjóra áratugi, sá sem er staðfestur í Réttarsögu Alþingis eftir einn merkasta lögfræðing, sem þjóðin hefur átt, sem er staðfestur í framkvæmd með landskjörinu 1926, sem er staðfestur af yfirkjörstjórn Reykjavíkur allri óskiptri, — þessi skilningur á að vera hreint stjórnarskrárbrot eftir túlkun hv. þm. Ak. Ég veit í rauninni ekki, hvort á að eyða orðum að slíku. En vissulega var það kannske í nokkru samræmi við þetta og raunar málsvörn þessa hv. þm. hér í haust varðandi uppbótarsætin, að hann segir, að till. meiri hl. kjörbréfanefndar leiði einar til réttlátrar niðurstöðu. Þetta minnir ónotalega á það, þegar þessi hv. þm. tók að sér í haust að halda uppi aðalmálsvörn fyrir kosningabrellur Alþfl. og Framsfl. til þess að ná fleiri landskjörnum þm. í uppbótarsætum heldur en reglur og réttur stóðu til og til þess að gera Alþingi ranga mynd af þjóðarviljanum. Þá var það líka niðurstaðan hjá þessum hv. þm. eins og nú, að afstaða Framsfl. og Alþfl. og aðferð þeirra leiði ein til réttlátrar og sanngjarnrar niðurstöðu.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Hv. stjórnarandstæðingar hafa rekið sig á það í þessu máli, *að ein syndin býður annarri heim. Þeir hafa nú* þurft að glíma við afleiðingarnar í þessu máli eins og öðrum málum hér fyrr á þinginu við kosningasvikin frá því í sumar. Allt þeirra framferði nú gerir eiginlega kosningasvikin þá öllu ljósari og ógeðfelldari, því að reykvískir kjósendur mega vita það nú, að þegar Alþfl. stillti upp lista og hafði á honum ungfrú Rannveigu Þorsteinsdóttur, sem vafalaust hefur aflað þeim lista einhverra atkv., þá var það ákveðið á bak við tjöldin hjá þessum háttvirtu herrum, að þessi kona skyldi aldrei á þing komast, enda þótt hún væri boðin fram. Og endirinn á þessum deilum um varaþingmanninn verður nokkuð einkennilegur, þegar hv. stjórnarandstæðingar eru orðnir svo forhertir, eins og hv. 6. þm. Reykv. vék að, að telja nú allt annað stjórnarskrárbrot heldur en að afgreiða þetta mál með þeim hætti, sem þeir vilja, en þeir vikum og mánuðum saman hafa verið að velta fyrir sér, hvernig þeir gætu afgreitt, án þess að afgreiðslan væri stjórnarskrárbrot. Þessir menn hafa talað við okkur, þm. Sjálfstfl., einslega fram og aftur um þetta mál og hvort ekki væri hægt að finna einhverja skaplega samstöðu um lausn þessa máls án þess að gerast sekir um að brjóta stjórnarskrána, og þeir vita ósköp vel, að það er engan veginn af neinni andstöðu okkar sjálfstæðismanna gegn því, *hvorki að Eggert* Þorsteinsson komi hér á þing né að Alþfl. haldi sinni þingmannatölu, sem við höfum ekki viljað fallast á afgreiðslu þessa máls, eins og nú er, heldur vegna þess, að við höfum fyrr og síðar sagt: Það er ekki hægt með þessum hætti vegna ákvæða laga og stjórnarskrár.

Yfirkjörstjórnin í Reykjavík er búin að kveða upp úrskurð sinn um það fyrir sitt leyti, að það sé ekki hægt á grundvelli laga né í samræmi við stjórnarskrána að gefa út kjörbréf þessa varaþingmanns, sem hér um ræðir. Og sjálft Alþingi er búið að fella það að taka gilda kosningu þessa manns sem varaþm. Þm. Ak. taldi upp nokkra atburðaröð í þessu máli og hvað hér hefði gerzt og að nú væri komið að lokadeginum. Þá gleymdi hann einum lið, og það var sú ákvörðun Alþingis, meiri hl. Alþingis, að fella till. um að taka gilda kosningu Eggerts Þorsteinssonar, eins og málið lá fyrir. En það er ekki aðeins, að yfirkjörstjórnin standi enn við þann skilning sinn, hafi sagt, að það sé ekki hægt að gefa út kjörbréf handa varaþingmanni eins og hér um ræðir, og það er ekki aðeins, að Alþingi sjálft hafi svo fellt að taka kosningu þessa þm. gilda, heldur hafa, eins og hv. 6. þm. Reykv. benti á, komið fram í fjöldamörgum tilfellum öðrum hliðstæður, sem sanna, að hér er rangt að farið, og kenningar lögfræðinga fyrr og síðar, eins og vitnað var til í Réttarsögu Alþingis eftir Einar Arnórsson, og kenningar, sem stuðzt hefur verið við og fluttar hafa verið í Háskóla Íslands. Og það hefur aldrei, svo að vitað sé, a. m. k. er mér ekki kunnugt um það, og hv. stjórnarsinnar hafa ekki bent á neitt tilvik þess, að nokkru sinni hafi verið vefengt eða haldið fram, að þessar kenningar væru rangar eða farið hafi verið ranglega að við landskjörið 1926 og þar hafi verið brotin stjórnarskráin. Það er einkennileg tilviljun, að það skuli aldrei hafa komið fram nein skoðun eða sjónarmið um það fram að þessu, að þessar kenningar, sem vitnað hefur verið til, væru rangar eða brotin hafi verið stjórnarskráin 1926, en það er fyrst nú, að málflutningur hv. stjórnarsinna hnígur allur að því, að þar hafi verið framið stjórnarskrárbrot og að allt sé það rangt, sem áður hefur verið kennt af fræðimönnum í þessu efni.

Ég skal ekki elta ólar við einstök atriði í ræðu hv. þm. Ak. En eins og áður hefur verið vikið að, má segja, að það sé nokkuð mikil forherðing að draga nú loksins fram þá niðurstöðu, sem hann gerði, að allt annað en það, sem hér er verið að vandræðast með, sé brot á stjórnarskránni.

Um varaþingmennina, sem hér hefur verið aðallega deilt, er það svo, að þegar stjórnarskráin ákveður, að þeir skuli vera jafnmargir og kosnir samtímis og á sama hátt, þá hefur það verið,

eins og ég sagði, skýrt þannig, að það þýddi, að þeir væru ekki fleiri kosnir en aðalmennirnir á hverjum lista. Og þegar nauðsyn þykir og menn eru sammála um að breyta þessu í framkvæmd, vegna þess að í sjálfu sér fallast allir á, að þetta er óeðlilegt varðandi sveitarstjórnirnar, þá er samt sem áður fyrst í stað það mikill vafi á ákvæðunum, þegar þau eru flutt inn í þingið, að þá er talað um takmarkaða tölu varamannanna, sem hins vegar endar svo í meðferð þingsins þannig, að allir frambjóðendurnir á listanum teljast varamenn.

Auðvitað er það ljóst, að löggjöfin og þörf löggjafar í sambandi við kosningar á sveitarfulltrúum eða bæjarfulltrúum styður og sannar í raun og veru, að það er ekki hægt að fara að í sambandi við þingmennina eins og hér er ráð fyrir gert, og hún sannar einnig, að það er ekki hægt að gera þá breytingu, sem lagt er til hér í þinginu í frumvarpsformi, heldur — ef menn óska að breyta aðferðinni í þessum efnum — verður að gera það varðandi þm. með stjórnarskrárbreytingu.

Hv. 6. þm. Reykv. benti á það mjög réttilega, að meginuppistaðan í málflutningi stjórnarsinna hefur byggzt á því, hvað menn teldu eðlilegt og hvað menn teldu sanngjarnt og rétt í þessu efni. En um það atriði er ekki hér deilt, og sjálfstæðismenn eru í sjálfu sér sammála um það, að það sé knýjandi ástæða til að breyta þeim ákvæðum, sem nú eru í stjórnarskránni um kjör varaþingmanna. En við verðum í þessu sambandi, eins og réttilega hefur verið haldið fram, meðan ekki er búið að breyta stjórnarskránni, að halda okkur við ákvæði hennar, og alveg eins og það er nú brot á stjórnarskránni að ætla sér þrátt fyrir ákvæði hennar að viðhafa þann hátt, sem lagt er til af meiri hluta kjörbréfanefndar, þá er það einnig brot á stjórnarskránni að ætla sér að breyta ákvæðum hennar með einföldum lögum, eins og einnig er farið fram á. Og það er þeim mun alvarlegra, finnst mér, að þingmenn leggi út í slíkt ævintýri, þar sem það er engin knýjandi nauðsyn til þess að fara þannig að málum. En svo óhöndulega hefur hv. stjórnarsinnum farizt í þessu máli, að þegar þeir eru búnir að velta því fyrir sér, eins og ég sagði áðan, vikum saman og mánuðum, hvernig hægt sé að losna við afleiðingarnar af klækjunum frá kosningunum í sumar, og þegar þeir loksins koma inn í þingið, þá eru þeir sjálfum sér sundurþykkir á fyrsta stigi málsins, og meiri hluti þings er þá með því að fella till. um að taka kosningu Eggerts Þorsteinssonar sem varaþingmanns gilda. En þegar þetta er búið, er aftur setzt á rökstóla og reynt að finna nýjar leiðir, og þá er farin sú leið að reyna að ná settu marki með því, að Alþingi fyrirskipi yfirkjörstjórninni með þál. að gefa út kjörbréf. En það er ekki nóg, vegna þess að það virðist ekki fullnægja samlyndinu á stjórnarheimilinu, og þess vegna er svo loksins látið reka lestina frv. um það, hvernig með þessi mál skuli fara, frv., sem felur í sér breytingu á beinum ákvæðum stjórnarskrárinnar og verður því ekki með neinum rétti tekið fyrir hér á þinginu öðruvísi en sem stjórnarskrárbreyting.

ATKVGR.

Till. meiri hl. kjörbréfanefndar (ÁkJ, GíslG, AG) samþ. með 28:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞG, HÁ, HS, HV, HermJ, KGuðj, KK, LJós, PZ, PÞ, PP, SE, SkG, SvbH, AG, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, BjörgJ, ES, EirÞ, EystJ, GeirG, FS, GíslG, GÍG, GJóh.

nei: GTh, IngJ, JóhH, JJós, JK, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, PO, RH, SÁ, SóÓ, ÁS, BÓ, FÞ.

6 þm. (HG, SB, StgrSt, EmJ, BSt, BjörnJ) fjarstaddir.

Forseti (GJóh): Samkvæmt þessari atkvgr. tekur Eggert Þorsteinsson sæti á Alþingi sem varaþm. Alþfl. í fjarveru hv. 4. þm. Reykv. (HG).

Hv. þingmaður þarf ekki að undirrita eiðstaf, þar sem hann hefur setið á Alþingi áður.

Á 52. fundi í Sþ., 24. apríl, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs varaþingmanns.

Forseti (EmJ): Frá forseta neðri deildar hefur mér borizt svo hljóðandi bréf:

„Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Steingrími Steinþórssyni, 1. þm. Skagf.:

„Þar sem læknar hafa ráðið mér sökum heilsubrests að létta af mér störfum næstu vikur, leyfi ég mér hér með að óska þess, að varamaður minn, Ólafur prófessor Jóhannesson, taki sæti mitt á Alþingi skv. ákvæðum 144. gr. laga um kosningar til Alþingis.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt, með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.“

Hv. kjörbréfanefnd mun hafa athugað kjörbréfið, og framsögumaður nefndarinnar, hv. þm. N-Þ., mun gera grein fyrir störfum nefndarinnar.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman á fund og tekið til athugunar kjörbréf Ólafs Jóhannessonar, 1. varaþingmanns Steingríms Steinþórssonar í Skagafjarðarsýslu. Að athuguðu máli mælir n. með því, að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 27 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Ólafur Jóhannesson, undirritaði síðan drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 53. fundi í Sþ., 29. apríl, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfa.

Forseti (EmJ): Mér hafa borizt svo hljóðandi bréf frá hæstv. forseta Nd.:

„Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Guðmundi Í. Guðmundssyni, 7. landsk. þm.:

„Þar sem ég mun verða erlendis a. m. k. næstu tvær vikur, leyfi ég mér að óska þess, að varamaður minn taki sæti á Alþingi, þar til ég kem aftur til landsins.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt,

með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.“

Þá hefur mér einnig borizt annað bréf, svo hljóðandi:

„Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Magnúsi Jónssyni, hv. 2. þm. Eyf.:

„Hér með leyfi ég mér að tilkynna yður, herra forseti, að Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf., hefur ekki aðstöðu til þess að mæta til þings nú um tveggja vikna skeið vegna sérstakra anna við opinber störf heima í héraði, og er það ósk hans, að varamaður hans, séra Gunnar Gíslason, taki á meðan sæti hans á Alþingi.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt, með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.“

Það mun hafa verið leitað til kjörbréfanefndar um afgreiðslu kjörbréfa, en hún ekki hafa lokið störfum, og verður þess vegna gefið fundarhlé í einn stundarfjórðung eða til kl. 2, ef n. gæti á þeim tíma lokið rannsókn kjörbréfanna. — [Fundarhlé].

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf tveggja varaþingmanna, séra Gunnars Gíslasonar í Glaumbæ, sem er varaþingmaður Sjálfstfl., kosinn af D-lista í Skagafjarðarsýslu. Við athugun á því kjörbréfi hefur komið fram, að nm. voru sammála um að mæla með því, að kosningin yrði talin gild og kjörbréfið samþykkt.

Þá hefur n. haft til athugunar kjörbréf varaþingmanns, Gunnlaugs Þórðarsonar, Reykjavík, sem fyrsta varauppbótarþingmanns Alþýðuflokksins, og við athugun á því máli klofnaði n. þannig, að meiri hlutinn, ég, hv. þm. N-Þ. og hv. 1. landsk. þm., leggur til, að kjörbréfið sé samþykkt, en hv. sjálfstæðismenn í n. munu sitja hjá, en hv. 1. þm. Reykv. mun gera grein fyrir hjásetu þeirra. Ég ber því hér fram annars vegar till. nefndarinnar í heild sinni um það að samþykkja kjörbréf Gunnars Gíslasonar og hins vegar till. meiri hlutans um að samþykkja kjörbréf Gunnlaugs Þórðarsonar.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Svo sem kunnugt er, töldum við sjálfstæðismenn, að Alþfl. ætti ekki rétt á uppbótarþingmönnum eða landskjörnum þingmönnum skv. úrslitum síðustu kosninga. Alþingi úrskurðaði hins vegar á annan veg. Út af fyrir sig vefengjum við ekki, að úr því að kjörbréf þessara þingmanna hefur verið tekið gilt, þá eigi þeir einnig rétt á varamönnum, og við efumst heldur ekki um, að Gunnlaugur Þórðarson sé eftir reglunum um varamenn rétt kjörinn varamaður, og höfum því ekkert á móti því að taka hans kjörbréf gilt, en teljum þó réttara að sitja hjá við atkvgr. með hliðsjón af skoðun okkar varðandi rétt Alþfl. yfirleitt til uppbótarþingmanna að þessu sinni.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Gunnars Gíslasonar samþ. með 34 shlj. atkv.

Till. meiri hl. kjörbréfanefndar (ÁkJ, GíslG, AG) um kjörbréf Gunnlaugs Þórðarsonar samþ. með 27 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KGuðj, KK, PZ, PÞ, PP, SE, SkG, ÓJ, SvbH, AG, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, BSt, BjörgJ, BjörnJ, EOl, EystJ, FS, GíslG, GÞG, HS, HV, EggÞ, HermJ, EmJ.

IngJ, JóhH, JPálm, GGísl, MJ, ÓB, PO, RH, SÁ, SÓÓ, BBen, FÞ, GTh greiddu ekki atkv.

12 þm. (JJós, JK, KJJ, LJós, ÓTh, SB, BÓ, EirÞ, FRV, GÍG, GJóh, HÁ) fjarstaddir.

Hinn nýi þingmaður, Gunnlaugur Þórðarson, undirritaði því næst drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 54. fundi í Sþ., 6. maí, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs varaþingmanns.

Forseti (EmJ): Frá hæstv. forseta Nd. hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Pétri Péturssyni, 10. landsk. þm.:

„Þar sem ég er á förum til Bandaríkjanna og mun dvelja þar næstu 4—5 vikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 144. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður, Bragi Sigurjónsson ritstjóri, taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Einar Olgeirsson, forseti neðri deildar.“

Ég vildi þá leyfa mér að gera stutt hlé á fundinum og biðja kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til athugunar. Fundinum verður frestað í 10 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Kjörbréfanefndin hefur haft til athugunar kjörbréf hins nýja varaþingmanns, Braga Sigurjónssonar, Akureyri, og varð það niðurstaðan, að meiri hl. n., ég, hv. þm. N-Þ. og hv. 1. landsk. þm., leggur til, að kosningin sé tekin gild og kjörbréfið samþykkt. Hv. 11. landsk. þm. sat hjá við afgreiðslu málsins, svo sem hv. sjálfstæðismenn hafa gert áður og hv. 1. þm. Reykv. er búinn að gera grein fyrir.

ATKVGR.

Till. meiri hl. kjörbréfanefndar (ÁkJ, GíslG, AG) samþ. með 27 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Bragi Sigurjónsson, undirritaði síðan drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 58. fundi í Sþ., 20. maí, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (EmJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá hæstv. forseta Nd.:

„Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Ólafi Björnssyni, 9. landsk. þm.:

„Þar sem mér er ókleift að gegna þingstörf-

um til næstu mánaðamóta vegna utanferðar og síðar prófa við Háskóla Íslands, óska ég þess hér með, að varamaður minn, Jónas Rafnar hdl., Akureyri, taki í minn stað sæti á Alþingi frá og með 20. þ. m. og verði til þess gerðar nauðsynlegar ráðstafanir varðandi samþykkt kjörbréfs o. fl.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt, með ósk um að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.“

Kjörbréf þessa varamanns liggur hér einnig fyrir, og ég vildi leyfa mér að leggja til, að kjörbréfanefnd taki það til athugunar, fundarhlé yrði gefið í nokkrar mínútur og síðan yrði frá málinu gengið. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Með því að Ólafur Björnsson, hv. 9. landsk., víkur af þingi, höfum við tekið fyrir bréf frá forseta Sþ. um, að varamaður taki sæti fyrir hann, og liggur hér fyrir kjörbréf fyrir Jónas Rafnar á Akureyri sem fyrsta varauppbótarþm. Sjálfstfl.

N. hefur athugað kjörbréfið, og hún leggur einróma til, að kosningin sé tekin gild og kjörbréfið verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 31 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Sþ., 22. maí, utan dagskrár, mælti

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég vildi beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvernig stendur á því, að fyrsti varaþm. Alþfl., dr. Gunnlaugur Þórðarson, hefur vikið af þingi, hvort hann hefur tilkynnt forföll eða hver önnur atvik standa til þess, að við njótum ekki návistar hans hér lengur.

Í lögum, sem hæstv. Alþ. samþ. 6. maí og væntanlega er nú búið að staðfesta, en eru að þessu leyti endurtekning á því, sem áður var í lögum, stendur, — það er breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis:

„1. mgr. 144. gr. laganna orðist svo:

Varamenn þingmanna í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, taka þingsæti eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá eða forfallast, og án tillits til þess, hver þingmaður listans það er. Segi varamaður af sér, missi kjörgengi eða falli frá, tekur sá varamannssæti, sem næstur er á listanum og ekki var áður varamaður. Varamenn landskjörinna þingmanna taka sæti eftir hliðstæðri reglu.“

Eftir þessu ákvæði er það ljóst, að dr. Gunnlaugur Þórðarson hlýtur að eiga sæti á Alþ., þangað til hann tilkynnir forföll, meðan Alþfl. þarf á varamönnum að halda, og nú vitum við það, að svo er. Vel má vera, að það hafi farið fram hjá mér, þótt forföll hafi verið tilkynnt af hálfu dr. Gunnlaugs Þórðarsonar, og hann hafi óskað eftir því, að annar varamaður flokksins tæki sæti. En ef svo er ekki, virðist vera auðsætt, að hér hafi einhver mistök átt sér stað, og vildi ég óska leiðbeiningar hæstv. forseta um það, svo að við gætum vitað, hver er rétt kominn í þennan sal, jafnvel eftir þessum nýjustu lögum, sem hv. stjórnarlið hefur sett um skipan Alþ. Það er þó það minnsta, að við höfum um það einhverja leiðbeiningu, hverjir það eru, sem kallaðir eru rétt komnir inn í þennan sal.

Forseti (GJóh): Eins og hv. 1. þm. Reykv. (BBen) mun vera kunnugt, er ég varaforseti Alþingis og hef ekki kynnt mér þetta mál, en mun eiga viðræður við kjörbréfanefnd um málið og óska eftir frekari upplýsingum og mundi þá við fyrsta hentugt tækifæri gefa umbeðnar upplýsingar, ef einhverjar eru.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég heyri það, að hæstv. forseta er ekki kunnugt frekar en mér um þann hátt, sem hér hefur verið á hafður, og kann á honum engar skýringar, og skil ég það mjög vel.

En það er eitt atriði, sem a. m. k. er hægt að fá upplýst nú þegar, og það er vegna þess, að ég sé að hinn ágæti skrifstofustjóri Alþ. er hér viðstaddur, hvort Alþ. hefur borizt nokkur beiðni frá Gunnlaugi Þórðarsyni um, að hann yrði leystur frá þingstörfum, vegna þess að hann hafi ekki færi til þess að sinna þeim, og hann óski þess, að annar varamaður tæki við þeirri hvimleiðu skyldu að sitja á Alþ.

Forseti (GJóh): Ég vil taka það fram, að ég held mér við þá skýringu, sem ég gaf áðan. Ég mun eiga viðræður við kjörbréfanefnd og skrifstofustjóra og lofa hv. 1. þm. Reykv. því, að hann fái fullnægjandi skýringar á þessu dularfulla fyrirbrigði að hans dómi.

Bjarni Benediktsson: Ég heyri það, að þetta mál verður — eins og forseti sagði — þeim mun dularfyllra, sem það er meira rætt. En það er þó eitt, sem hlýtur að vera hægt að fá ákveðna staðfestingu á, af því að skrifstofustjórinn stendur við hægri hlið hæstv. forseta, — það, hvort Gunnlaugur Þórðarson hafi eða einhver fyrir hans hönd skrifað Alþ. eða skrifstofu þess og óskað að sleppa við þingstörf. Ég játa að vísu, að hugsanlegt er, að forseti Sþ. hafi tekið með sér bréfið til útlanda, en ólíklegt er það.

Á 60. fundi í Sþ., 27. maí, mælti

forseti (GJóh): Áður en gengið verður til dagskrár, vil ég leyfa mér að lesa hér upp svar í sambandi við fsp., sem hv. 1. þm. Reykv. beindi hér til mín á síðasta fundi sameinaðs Alþingis:

Á síðasta fundi í Sþ. beindi hv. 1. þm. Reykv. þeirri fsp. til mín, hvers vegna dr. Gunnlaugur Þórðarson hefði horfið af þingi, en ekki Bragi Sigurjónsson, er utanrrh. kom aftur til þings. Ég hef átt tal við formann kjörbréfanefndar, og segir hann, að nefndin hafi ekki fjallað um það, hve lengi varamenn skuli sitja á Alþingi, enda ekki tilefni til þess samkv. 4. gr. þingskapa; hins vegar hafi hún, eins og kunnugt er, á sínum tíma haft til meðferðar kjörbréf

Gunnlaugs Þórðarsonar og Braga Sigurjónssonar og gert till. til Alþingis um afgreiðslu þeirra. Þá hef ég rætt málið við skrifstofustjóra Alþingis, og er svar mitt þannig:

Dr. Gunnlaugur Þórðarson var kvaddur til þingsetu í forföllum utanrrh., Guðmundar Í. Guðmundssonar, 7. landsk. þm., 29. f. m. Er Pétur Pétursson, 10. landsk. þm., forfallaðist, var Bragi Sigurjónsson ritstjóri kvaddur til þingsetu í hans stað. Kom hann til þings 6. þ. m. Kjörbréf beggja þessara varamanna voru samþykkt samhljóða. Það er því ágreiningslaust, að þeir hafa báðir löglega tekið sæti á Alþingi, enda var hér farið eftir ákvæðum 144. gr. kosningalaga um það, í hvaða röð varamenn tækju sæti í forföllum aðalmanna. Dr. Gunnlaugur Þórðarson er 1. varamaður landskjörinna þm. Alþfl., enda var fyrst til hans leitað. Bragi Sigurjónsson er 2. varamaður landskjörinna þm. Alþfl. Til hans var leitað vegna þess, að dr. Gunnlaugur Þórðarson hafði þá þegar tekið sæti á Alþingi.

Hvenær á varamaður, sem löglega hefur tekið sæti á þingi, að hverfa þaðan aftur? Um það verður einnig að fara eftir ákvæðum 144. gr. kosningalaganna og venjum um framkvæmd þeirra. Þar segir:

„Ef þm. í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, eða landskjörinn þm. forfallast sökum veikinda eða annars, á hann rétt á að láta varamann taka sæti á meðan, en tilkynna skal hann forseta þeirrar deildar, er hann á sæti í, eða forseta sameinaðs Alþingis, ef Alþingi hefur ekki skipt sér í deildir, í hverju forföllin eru fólgin og hversu lengi þau munu vara. Ef varamaður tekur þingsæti í forföllum þm., skal hann ekki sitja skemur en tvær vikur, nema Alþingi hafi verið rofið eða því slitið eða frestað áður."

Hér virðist gert ráð fyrir, að hverju sinni sem þm. forfallast komi aðeins einn varamaður í hans stað. Hver sá varamaður er, fer eftir þeim reglum, sem áður er getið um. Ef varamaður getur af einhverjum ástæðum ekki tekið við sætinu, á hann að leita til næsta varamanns. Varamaður virðist því eiga að sitja, þar til aðalmaðurinn kemur aftur til þings og þó aldrei skemur en tvær vikur, nema þing sé rofið, því slitið eða frestað áður.

Dr. Gunnlaugur Þórðarson vék hér af þingi vegna þess, að aðalmaður, utanrrh. Guðmundur Í. Guðmundsson, 7. landsk. þm., kom aftur til þings. Pétur Pétursson, 10. landsk. þm., sem Bragi Sigurjónsson situr á þingi fyrir, er hins vegar enn ókominn til þings aftur.

Í Réttarsögu Alþingis eftir Einar Arnórsson segir á bls. 643:

„Þingsetutími varamanna fer eftir því, hvers vegna sæti aðalmanna hefur orðið autt. Ef hann deyr, missir kjörgengi eða segir af sér þingmennsku, þá situr varamaður á Alþ. það sem eftir er kjörtímabilsins, en ef aðalþm. forfallast vegna veikinda eða annars, getur hann látið varamann sinn taka sæti, meðan forföll standa, og aldrei skemur en 2 vikur, nema Alþ. verði rofið áður, því er slitið eða frestað."

Ég skal geta fordæmis, sem styður þennan skilning kosningalaganna. 2. des. 1949 tilkynnti Hannibal Valdimarsson, að hann mundi ekki geta setið á þingi um skeið vegna embættisanna heima fyrir. 1. varamaður, Guðmundur Í. Guðmundsson, tilkynnti, að hann mundi ekki geta tekið sæti Hannibals á þingi fram að næstu áramótum. Annar varamaður, Erlendur Þorsteinsson, var þá kvaddur til þingsetu. 10. jan. 1950 tilkynnti hann forföll, og tók þá 1. varamaður sæti á þingi. Þarna er dæmi um, að ekki var talið fært að skipta um þm. nema að undangenginni tilkynningu um forföll.

Þess skal að lokum getið, að er Guðmundur Í. Guðmundsson kom aftur til þings 18. þ. m., hafði Bragi Sigurjónsson aðeins setið á þingi í 12 daga.

Til viðbótar við þessa yfirlýsingu hefur mér borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 24. maí 1957.

Að gefnu tilefni skal það tekið fram, að það var að eigin ósk, að ég vék af þingi, en ekki Bragi Sigurjónsson, er herra Guðmundur Í. Guðmundsson utanríkisráðherra tók þar aftur sæti sitt þann 18. þ. m., enda tel ég, að svo hafi átt að vera samkvæmt kosningalögum og venjum.

Virðingarfyllst,

Gunnlaugur Þórðarson.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Ég tel því, að ég hafi svarað áður gerðri fyrirspurn.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég þakka forsetanum fyrir, að mál þetta er nú loksins nokkru betur upplýst en það var í fyrstu. Ég heyrði óglöggt það, sem hæstv. forseti las. Sú grg., sem hann las, — var það ekki rétt skilið, að hún var samin af skrifstofustjóra Alþ., eða var hún samin af hæstv. forseta? (**Forseti:** Það var fullt samkomulag okkar á milli um svarið.) En er það þá svar forseta eða skrifstofustjórans? (**Forseti:** Því er ekki svarað hér.) Því er ekki svarað, nei. Ég vek athygli á því, að því er ekki svarað, hvort hér er um að ræða úrskurð eða svar hæstv. forseta eða grg. skrifstofustjóra Alþingis, og það er nokkurt nýmæli, að það fæst ekki upplýst, hver hafi samið þau plögg, sem eru lesin.

Að öðru leyti get ég þess, að þetta er samt fróðleg grg. frá skrifstofustjóranum, eins og við var að búast af hans hendi. Ekki er nema allt gott um hana að segja, annað en það, að það er með mörgum orðum farið fram hjá því, sem eitt skiptir máli í þessu sambandi, að í viðeigandi ákvæðum kosningalaganna segir, að varamenn taka sæti í þeirri röð, sem þeir eru, án tillits til þess, hver þm. listans það er, sem forfallazt hefur eða látið hefur af störfum. Þannig er alveg ljóst, að varaþingmennirnir koma ekki inn í staðinn fyrir ákveðna þm., heldur í réttri röð, með þeim eina fyrirvara, sem leiðir af efni gr. að öðru leyti, að enginn þm. má eiga sæti skemur en 14 daga. Um þetta hef ég svo í raun og veru ekki meira að segja.

Ég vek athygli á því, að þannig er nú komið, að það er skrifstofustjóri Alþingis, sem í þessu tilfelli er mjög mætur maður, sem hefur verið

fengið það hlutverk að kveða á um það, hvaða þm. séu rétt kjörnir. Það er ekki lengur þjóðin eða kosningalög, heldur er orðið skrifstofuverk að fjalla um þetta. Og það hefur tekið upp undir það hálfan mánuð, að því er ég hygg, að fá þessa yfirlýsingu frá dr. Gunnlaugi Þórðarsyni, og verð ég að segja, að ýmsir hafa gefizt upp fyrr og samþ. fyrr að skrifa undir ógeðþekka hluti heldur en doktorinn hefur gert. Hann hefur sýnt meira þolgæði og staðfestu, sem honum var trúandi til, heldur en flestir þeir, sem á pinubekkinn hafa verið settir.

Forseti (GJóh): Síðasti fundur í Sþ. var haldinn 22. maí. Það, sem gerði m. a., að þetta svar barst ekki fyrr, var það, að hv. 1. þm. Reykv. var fjarverandi og ég vildi ekki birta þessa yfirlýsingu, nema hann væri við.

Viðvíkjandi þeirri fsp., sem hann gerði áðan, hver hefði samið úrskurðinn, þá er því að svara, að úrskurðurinn eða yfirlýsingin er samin af mér í samráði við skrifstofustjóra Alþingis.

X. Þingmaður leggur niður þingmennsku.

Á 58. fundi í Sþ., 20. maí, mælti

forseti (EmJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Þar sem ég hverf úr landi innan fárra daga til þess að taka við starfi sem sendiherra Íslands í Noregi, hef ég ákveðið að leggja niður þingmennskuumboð mitt frá og með 1. júlí n. k.

Þetta leyfi ég mér að tilkynna yður, hæstv. herra forseti, hér með.

Reykjavík, 9. mai 1957,
Haraldur Guðmundsson,
4. þm. Reykv.“

XI. Kosningar.

1. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á 11., 14. og 16. fundi í Sþ., 21. nóv., 5. og 12. des., var tekin á dagskrá

kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1956, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., 20. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jörundur Brynjólfsson fyrrv. alþm. (A),
Jón Pálmason alþm. (B),
Björn Jóhannesson fyrrv. bæjarfulltrúi (A).

2. Menntamálaráð.

Á 11., 14. og 16. fundi í Sþ., 21. nóv., 5. og 12. des., var tekin á dagskrá

kosning fimm manna í menntamálaráð til loka yfirstandandi kjörtímabils, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 7 12. apríl 1928, um menntamálaráð Íslands.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., 20. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Haukur Snorrason ritstjóri (A),
Birgir Kjaran hagfræðingur (B),
Helgi Sæmundsson ritstjóri (A),
Magnús Kjartansson ritstjóri (A),
Vilhjálmur Þ. Gíslason útvarpsstjóri (B).

3. Landskjörstjórn.

Á 11., 14. og 16. fundi í Sþ., 21. nóv., 5. og 12. des., var tekin á dagskrá

kosning landskjörstjórnar, fimm manna og jafnmargra varamanna, til loka yfirstandandi kjörtímabils, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 8. gr. l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., 20. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Sigtryggur Klemenzson ráðuneytisstjóri (A),
Einar B. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður (B),
Jón P. Emils héraðsdómslögmaður (A),
Ragnar Ólafsson hæstaréttarlögmaður (A),
Björgvin Sigurðsson framkvæmdastjóri (B).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar, sem á voru fimm nöfn samtals. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Vilhjálmur Jónsson hæstaréttarlögmaður (A),
Gunnar Möller hæstaréttarlögmaður (B),
Einar Arnalds borgardómari (A),
Þórhallur Pálsson fulltrúi (A),
Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður (B).

4. Stjórn fiskimálasjóðs.

Á 11., 14. og 16. fundi í Sþ., 21. nóv., 5. og 12. des., var tekin á dagskrá

kosning stjórnar fiskimálasjóðs, fimm manna og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1957 til 31. des. 1959, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 89 1947.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., 20. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Sigurvin Einarsson alþm. (A),
Sverrir Júlíusson útgerðarmaður (B),
Björn Jónsson alþm. (A),

Jón Axel Pétursson framkvæmdastjóri (A),
Davíð Ólafsson fiskimálastjóri (B).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar, sem á voru fimm nöfn samtals. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:
Jón Sigurðsson útgerðarmaður (A),
Sigurður Egilsson framkvæmdastjóri (B),
Konráð Gíslason kompásasmiður (A),
Sigfús Bjarnason framkvæmdastjóri (A),
Jakob Hafstein framkvæmdastjóri (B).

5. Útvarpsráð.

Á 11., 14. og 16. fundi í Sþ., 21. nóv., 5. og 12. des., var tekin á dagskrá

kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í útvarpsráð til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. l. nr. 25 18. febr. 1943.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., 20. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Þórarinn Þórarinsson ritstjóri (A),
Sigurður Bjarnason alþm. (B),
Benedikt Gröndal alþm. (A),
Björn Th. Björnsson listfræðingur (A),
Þorvaldur Garðar Kristjánsson héraðsdómslögmaður (B).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar, sem á voru fimm nöfn samtals. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:
Andrés Kristjánsson blaðamaður (A),
Kristján Gunnarsson yfirkennari (B),
Stefán Júlíusson kennari (A),
Sverrir Kristjánsson sagnfræðingur (A),
Valdimar Kristinsson viðskiptafræðingur (B).

6. Áfengisvarnaráð.

Á 11., 14. og 16. fundi í Sþ., 21. nóv., 5. og 12. des., var tekin á dagskrá

kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í áfengisvarnaráð til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv 27. gr. áfengislaga, nr. 58 1954.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., 20. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörin væru án atkvgr.:
Guðlaug Narfadóttir frú (A),
Magnús Jónsson alþm. (B),
Kristinn Stefánsson fríkirkjuprestur (A),
Sigurður Sigmundsson fulltrúi (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar, sem á voru fjögur nöfn samtals. Samkv. því voru kjörin án atkvgr.:
Gunnar Árnason skrifstofustjóri (A),
Kjartan J. Jóhannsson alþm. (B),
Jóhanna Egilsdóttir frú (A),
Alfreð Gíslason alþm. (A).

7. Tryggingaráð.

Á 11., 14. og 16. fundi í Sþ., 21. nóv., 5. og 12. des., var tekin á dagskrá

kosning tryggingaráðs, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 5. gr. l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., 20. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Helgi Jónasson læknir (A),
Gunnar Möller hæstaréttarlögmaður (B),
Brynjólfur Bjarnason fyrrv. alþm. (A),
Kjartan Ólafsson fyrrv. bæjarfulltrúi (A),
Kjartan J. Jóhannsson alþm. (B).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar, sem á voru fimm nöfn samtals. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:
Bjarni Bjarnason skólastjóri (A),
Þorvaldur Garðar Kristjánsson héraðsdómslögmaður (B),
Kristján Gíslason fulltrúi (A),
Stefán Jóh. Stefánsson fyrrv. ráðherra (A),
Ágúst Bjarnason skrifstofustjóri (B).

8. Fulltrúar í Norðurlandaráð.

a. Kosning í Ed.

Á 24. og 26. fundi í Ed., 6. og 10. des., var tekin á dagskrá

kosning tveggja fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkvæmt þingsályktun, samþykktri á Alþingi 29. jan. 1953, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Ed., 20. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, og var eitt nafn á hvorum. Samkv. því lýsti forseti, að kjörnir væru án atkvgr.:
Bernharð Stefánsson alþm. (A),
Sigurður Bjarnason alþm. (B).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:
Páll Zóphóníasson alþm. (A),
Friðjón Þórðarson alþm. (B).

b. Kosning í Nd.

Á 39. fundi í Nd., 20. des., var tekin til meðferðar

kosning þriggja fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkvæmt þings-

ályktun, samþykktri á Alþingi 29. jan. 1953, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Emil Jónsson alþm. (A),
Bjarni Benediktsson alþm. (B),
Einar Olgeirsson alþm. (A).
Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með þremur nöfnum samtals. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:
Gylfi Þ. Gíslason menntmrh. (A),
Magnús Jónsson alþm. (B),
Karl Guðjónsson alþm. (A).

9. Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs.

Á 11., 14., 16., 17. og 40. fundi í Sþ., 21. nóv., 5., 12. og 20. des., 27. febr., var tekin á dagskrá **kosning 4 manna og jafnmargra varamanna í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 2 1957, um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.**

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Sþ., 28. febr., var kosningin tekin til meðferðar.
Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri (A),
Kjartan J. Jóhannsson alþm. (B),
Óskar Hallgrímsson rafvirkjameistari (A),
Eðvarð Sigurðsson ritari Dagsbrúnar (A).
Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með samtals fjórum nöfnum. Kosningu hlutu því án atkvgr.:
Guttormur Sigurbjörnsson erindreki (A),
Jóhann Hafstein alþm. (B),
Magnús Ástmarsson prentari (A),
Hannes Stephensen formaður Dagsbrúnar (A).

10. Endurskoðandi byggingarsjóðs kaupstaða og kauptúna.

Á 21. og 40. fundi í Sþ., 24. jan. og 27. febr., var tekin á dagskrá
kosning eins endurskoðanda reikninga byggingarsjóðs fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabilsins frá 1. jan. 1954 til 31. des. 1957, í stað dr. Björns Björnssonar, sem er látinn, sbr. 9. gr. l. nr. 36 16. febr. 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Sþ., 28. febr., var kosningin tekin til meðferðar.
Aðeins einn maður var tilnefndur. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörinn væri:
Ásgeir Pétursson deildarstjóri.

11. Úthlutunarnefnd skáldastyrkja og listamanna.

Á 44. fundi í Sþ., 6. marz, var tekin á dagskrá **kosning fjögurra manna nefndar samkv. 15. gr. A. XII. í fjárlögum fyrir árið 1957 til þess að skipta fjárveitingu til skálda, rithöfunda og listamanna.**

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Sþ., 3. apríl, var kosningin tekin til meðferðar.
Fram komu tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir því, að kjörnir væru án atkvgr.:
Kristján Eldjárn þjóðminjavörður (A),
Þorsteinn Þorsteinsson fyrrv. sýslumaður (B),
Sigurður Guðmundsson ritstjóri (A),
Helgi Sæmundsson ritstjóri (A).

12. Þingvallanefnd.

Á 63. fundi í Sþ., 29. maí, var tekin á dagskrá **kosning Þingvallanefndar (þriggja alþingismanna) til loka næsta þings eftir nýafstaðnar kosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 5. gr. l. nr. 59 7. maí 1928, um friðun Þingvalla.**

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 65. fundi í Sþ., 31. maí, var kosningin tekin til meðferðar.
Fram komu tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir því, að kjörnir væru án atkvgr.:
Hermann Jónasson forsrh. (A),
Sigurður Bjarnason alþm. (B),
Emil Jónsson alþm. (A).

13. Húsnæðismálastjórn.

Á 63. fundi í Sþ., 29. maí, var tekin á dagskrá **kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í húsnæðismálastjórn, allra til ársloka 1960, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr., sbr. bráðabirgðaákvæði nýafgreiddra laga frá þinginu um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla l. nr. 36/1952 o. fl.**

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 65. fundi í Sþ., 31. maí, var kosningin tekin til meðferðar.
Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Hannes Pálsson fulltrúi (A),
Ragnar Lárusson fulltrúi (B),
Sigurður Sigmundsson fulltrúi (A),
Eggert Þorsteinsson alþm. (A).
Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með fjórum nöfnum samtals. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:
Eiríkur Þorsteinsson alþm. (A),
Þorvaldur Garðar Kristjánsson héraðsdómslögmaður (B),
Guðmundur Vigfússon blaðamaður (A),
Óskar Hallgrímsson rafvirkjameistari (A).

14. Stjórn og endurskoðendur byggingarsjóðs kaupstaða og kauptúna.

Á 63. fundi í Sþ., 29. maí, var tekin á dagskrá **kosning stjórnar byggingarsjóðs, fimm manna, og tveggja endurskoðenda reikninga sjóðsins, allra til þriggja ára, frá gildistökudegi nýafgreiddra laga frá þinginu til jafnlengdar 1960, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 8. og 9. gr. l. nr. 36/1952, um aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, og 21.—23. gr. nýafgreiddra laga um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyt. á I. kafla l. nr. 36/1952 o. fl.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Sþ., 31. maí, var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu sjóðsstjórnar komu fram tveir listar með nöfnum jafnmargra manna og kjósa skyldi. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Eysteinn Jónsson fjmrh. (A),
Jón G. Maríasson bankastjóri (B),
Finnbogi R. Valdimarsson alþm. (A),
Stefán Jóh. Stefánsson fyrrv. ráðherra (A),
Þorvaldur Garðar Kristjánsson héraðsdómslögmaður (B).

Við kosningu endurskoðenda komu einnig fram tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Halldór Jakobsson skrifstofumaður (A),
Ásgeir Pétursson deildarstjóri (B).

15. Yfirmatsnefnd um skatt á stóreignir.

Á 63. fundi í Sþ., 29. maí, var tekin á dagskrá **kosning fjögurra manna yfirmatsnefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. tölul. 2. gr. nýafgreiddra laga frá Alþingi um skatt á stóreignir.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Sþ., 31. maí, var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Skúli Guðmundsson alþm. (A),
Jónas Rafnar héraðsdómslögmaður (B),
Ingi R. Helgason héraðsdómslögmaður (A),
Magnús Ástmarsson prentari (A).

16. Bankaráð Framkvæmdabankans.

Á 63. fundi í Sþ., 29. maí, var tekin á dagskrá **kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Framkvæmdabanka Íslands til ársloka 1963, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 2. gr., sbr. bráðabirgðaákvæði nýafgreiddra laga frá Alþingi um breyt. á l. nr. 17 frá 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Sþ., 31. maí, var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Eysteinn Jónsson fjmrh. (A),
Jóhann Hafstein bankastjóri (B),
Karl Guðjónsson alþm. (A),
Gylfi Þ. Gíslason menntmrh. (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með nöfnum jafnmargra manna og kjósa skyldi. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Halldór E. Sigurðsson alþm. (A),
Ingólfur Jónsson alþm. (B),
Kristján Andrésson bæjarfulltrúi (A),
Eggert Þorsteinsson alþm. (A).

17. Bankaráð Landsbankans.

Á 63. fundi í Sþ., 29. maí, var tekin á dagskrá **kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Landsbanka Íslands til ársloka 1961, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 17. gr., sbr. bráðabirgðaákvæði nýafgreiddra laga frá Alþingi um breyt. á l. nr. 10 frá 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Sþ., 31. maí, var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Steingrímur Steinþórsson fyrrv. forsrh. (A),
Ólafur Thors fyrrv. forsrh. (B),
Einar Olgeirsson alþm. (A),
Baldvin Jónsson héraðsdómslögmaður (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með fjórum nöfnum samtals. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Skúli Guðmundsson alþm. (A),
Birgir Kjaran hagfræðingur (B),
Ragnar Ólafsson hæstaréttarlögmaður (A),
Guðmundur R. Oddsson forstjóri (A).

18. Endurskoðendur Landsbankans.

Á 63. fundi í Sþ., 29. maí, var tekin á dagskrá **kosning tveggja endurskoðenda Landsbanka Íslands til tveggja ára frá gildistökudegi nýafgreiddra laga frá Alþingi um breyt. á l. nr. 10 frá 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands, til jafnlengdar 1959, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 14. gr. sömu laga.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Sþ., 31. maí, var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Guðbrandur Magnússon forstjóri (A),
Jón Kjartansson alþm. (B).

19. Bankaráð Útvegsbankans.

Á 63. fundi í Sþ., 29. maí, var tekin á dagskrá **kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Útvegsbanka Íslands til ársloka 1961, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv.**

14. gr., sbr. bráðabirgðaákvæði nýafgreiddra laga frá Alþingi um Útvegsbanka Íslands.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Sþ., 31. maí, var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Gísli Guðmundsson alþm. (A),
Björn Ólafsson alþm. (B),
Lúðvík Jósefsson sjútvmrh. (A),
Guðmundur Í. Guðmundsson utanrrh. (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með fjórum nöfnum samtals. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Björgvin Jónsson alþm. (A),
Eyjólfur Jóhannsson framkvæmdastjóri (B),
Halldór Jakobsson skrifstofumaður (A),
Hálfdán Sveinsson kennari (A).

20. Endurskoðendur Útvegsbankans.

Á 63. fundi í Sþ., 29. maí, var tekin á dagskrá **kosning tveggja endurskoðenda Útvegsbanka Íslands, samkv. 23. gr. nýafgreiddra laga frá Alþingi um Útvegsbanka Íslands, til tveggja ára, frá gildistöku laganna til jafnlengdar 1959.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Sþ., 31. maí, var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Friðfinnur Ólafsson forstjóri (A),
Björn Steffensen endurskoðandi (B).

21. Stjórn vísindasjóðs.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórn vísindasjóðs til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 4. gr. nýafgreiddra laga frá Alþingi um vísindasjóð.**

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Einar Ól. Sveinsson prófessor (A),
Ármann Snævarr prófessor (B),
Halldór Pálsson ráðunautur (A),
Gunnar Cortes læknir (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með fjórum nöfnum samtals. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Steingrímur J. Þorsteinsson prófessor (A),
Páll V. G. Kolka héraðslæknir (B),
Kristján Karlsson skólastjóri (A),
Alfreð Gíslason læknir (A).

22. Menntamálaráð.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í menntamálaráð til loka yfirstandandi kjörtímabils, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 6. gr. nýafgreiddra laga frá Alþingi um menningarsjóð og menntamálaráð.**

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, sem á voru samtals nöfn jafnmargra manna og kjósa skyldi. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Haukur Snorrason ritstjóri (A),
Birgir Kjaran hagfræðingur (B),
Magnús Kjartansson ritstjóri (A),
Helgi Sæmundsson ritstjóri (A),
Vilhjálmur Þ. Gíslason útvarpsstjóri (B).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með samtals fimm nöfnum. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Kristján Benediktsson kennari (A),
Eyjólfur K. Jónsson lögfræðingur (B),
Sigurður Guðmundsson ritstjóri (A),
Gunnlaugur Þórðarson lögfræðingur (A),
Baldvin Tryggvason lögfræðingur (B).

XII. Starfsmenn þingsins.

Þessir menn voru ráðnir til starfa á þinginu af forsetum öllum í sameiningu:

Skrifstofan og prófarkalestur:
Sigríður Bjarklind, Sigríður Jónsdóttir, Jónas Kristjánsson, Halla Briem.

Skjalavarzla og afgreiðsla:
Kjartan Bergmann.

Lestrarsalsgæzla:
Petrína Jónsdóttir, Guðrún Egilson, Halldóra B. Björnsson.

Vélræn upptaka á þingræðum:
Starfsmenn frá Radio- og raftækjastofunni, Óðinsgötu 2.

Ræðuritun:
Umsjón með og eftirlit: Ólafur Siggeirsson.
Fastavinna um þingtímann: Ólafur Tryggvason, Jóhannes H. Jónsson, Jón Ó. Ásmundsson.
Tímavinna: Guðrún Thorarensen, Sigfríður Bjarnar, Stefanía Einarsdóttir, Gerður Ísberg, Hebba Herbertsdóttir, Kirsten Thorberg, Guðrún A. Kristinsdóttir, Ólöf Klemenzdóttir.

Dyra- og pallagæzla:
Jakob Jónsson (yfirvörður), Ólafur Þorvaldsson, Magnús Guðmundsson, Jón Hjartarson, Albert Guðmannsson, Þorlákur Haldorsen, Einar Eymann, Eiður Sigurjónsson, Guðjón Sigurjónsson, Úlfur Hjörvar.

Þingsveinsstörf:
Guðmundur Ingi Jóhannsson, Magnús Ólafsson (til 6. maí), Kristján Guðmundsson (til 19. maí), Magnús Jónsson (til 6. maí), Haukur Björnsson, Baldur Heiðdals (frá 9. maí), Sigurður H. Friðjónsson (20.—24. maí), Jón G. Friðjónsson (frá 25. maí).

Símavarzla:
Ingibjörg Pétursdóttir, Rannveig Haraldsdóttir, Gréta Jónsdóttir.

Fatagæzla:
Vigdís Torfadóttir, Kristín Ingileifsdóttir, Ástríður Guðmundsdóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi:
Helgi Hjörvar.

XIII. Þinghlé.

Á 42. fundi í Nd., 21. des., mælti

forseti (EOl): Það hefur verið gert ráð fyrir því, að þinghlé muni nú hefjast, og mun hæstv. forseti Sþ. á morgun tilkynna nánar um það. En svo fremi að eigi verði gerðar breytingar á því frv. um útflutningssjóð, sem nú liggur fyrir hv. Ed., verður þetta síðasti fundur þessarar hv. deildar fyrir jólaleyfi þm. Verði hins vegar gerð breyting á því frv., munum við verða að kalla saman fund að nýju í þessari deild, og vil ég hafa þann fyrirvara á.

En verði þetta okkar síðasti fundur fyrir jólaleyfið, vil ég leyfa mér að óska öllum hv. þdm. og hæstv. ríkisstj. gleðilegra jóla, góðs nýárs og þakka þeim fyrir samstarfið við mig á þessu liðna ári og það umburðarlyndi, sem þeir hafa sýnt mér.

Ég vil um leið óska starfsfólki þingsins gleðilegra jóla.

Ég vil sérstaklega óska þeim hv. þdm., sem fara nú langa vegu heim til sín, góðrar heimkomu og að við megum allir sjást hér aftur heilir á hinu nýja ári.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir árnaðaróskir hans til okkar þingmanna.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að nokkrar greinar hafa orðið með mönnum á þessu þingi, eins og oftast er, og að mínir félagar hafa ekki ætíð verið alveg ánægðir með fundarstjórn hæstv. forseta. En nú er sá tími árs kominn, þegar við kjósum að gleyma öllum deilum og hugsa það eitt, sem sameinar okkur, og það er þrátt fyrir allt meira en sundur skilur. Ég vil þess vegna af heilum hug óska hæstv. forseta árs og friðar, gleðilegra jóla, honum og hans fjölskyldu allra heilla, um leið og ég þakka honum fyrir að langsamlega mestu leyti ánægjulegt samstarf á þeim hluta þingsins, sem nú þegar er liðinn.

Ég bið hv. þingmenn um að standa upp og staðfesta með því heillaóskir okkar til hæstv. forseta. — [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (EOl): Ég vil þakka hv. 1. þm. Reykv. hlýleg orð í minn garð og árnaðaróskir og hv. þingmönnum fyrir að taka undir þær. — Ég segi svo þessum fundi slitið.

Á 42. fundi í Ed., 22. des., mælti

forseti (BSt): Þessi fundur, sem nú hefur verið haldinn, verður án efa síðasti fundur deildarinnar fyrir jól.

Ég leyfi mér að óska öllum hv. þingmönnum í deildinni gleðilegra jóla.

Þeim hv. þingmönnum, sem eiga heima utan Reykjavíkur, óska ég góðrar heimferðar og heimkomu, og öllum oss, að vér megum hittast hér heilir á næsta fundi, sem verður boðaður nánar með dagskrá á næsta ári.

Jóhann Jósefsson: Ég vil — og tel mig mega mæla það fyrir munn annarra hv. deildarmanna — þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir og óska honum einnig góðrar heimkomu, jólahátíðar og góðrar endurkomu aftur til starfs hér í þessari deild.

Ég vil biðja hv. deildarmenn að staðfesta þetta með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (BSt): Ég þakka hv. þm. Vestm. fyrir góðar óskir í minn garð og hv. þingmönnum deildarinnar fyrir undirtektir undir þær. — Segi ég svo fundi slitið.

Á 18. fundi í Sþ., s. d., mælti

forseti (EmJ): Þar sem nú er lokið afgreiðslu þeirra mála, sem aðkallandi var talið að afgreiða fyrir jól, verður nú gert hlé á fundum Alþingis um sinn og fram yfir hátíðar. Hæstv. ríkisstj. hefur óskað eftir því, að þetta fundahlé yrði til 21. jan., og verða því væntanlega ekki kallaðir saman fundir á ný fyrr en þann dag, og verða þá fundir boðaðir með dagskrá.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að óska hæstv. ríkisstj., hv. alþingismönnum og öllu starfsliði þingsins gleðilegra jóla og góðs og farsæls nýárs og þakka þeim fyrir samstarfið á liðna árinu öllum. Enn fremur vil ég óska hv. alþingismönnum, sem ferðast til heimkynna sinna utanbæjar, góðrar ferðar og góðrar heimkomu og að við megum allir hittast heilir hér, þegar fundir hefjast aftur eftir nýárið.

Ólafur Thors: Herra forseti. Ég leyfi mér fyrir hönd þingmanna að þakka hlýleg ummæli og góðar óskir. Við þingmenn þökkum hæstv. forseta réttláta og röggsamlega fundarstjórn, óskum honum og ástvinum hans gleðilegra jóla og biðjum þeim gæfu og blessunar. Ég bið hv. þingmenn að staðfesta orð mín og óskir með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (EmJ): Ég þakka hv. þm. G-K. fyrir vinsamleg ummæli í minn garð og góðar óskir og hv. alþingismönnum fyrir að hafa tekið undir þau. — Ég segi svo fundinum slitið.

Á 88. fundi í Ed., 12. apríl, mælti

forseti (BSt): Þetta verður án efa síðasti fundur d. fyrir páska. Vil ég óska öllum hv.

þm. deildarinnar gleðilegrar hátíðar og þeim, sem fara heim til sín út á land, góðrar ferðar og góðrar heimkomu og hingaðkomu aftur. Næsti fundur deildarinnar verður boðaður með dagskrá, en ekki haldinn fyrr en eftir páska.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég vona, að ég tali fyrir hönd allra dm. þegar ég óska hæstv. forseta gleðilegrar páskahátíðar, góðrar heimfarar og góðrar heimkomu.

Forseti (BSt): Ég þakka hv. 6. þm. Reykv. fyrir góðar óskir og segi fundi slitið.

Á 86. fundi í Nd., s. d., mælti

forseti (EOl): Það er í ráði, að þingfundum verði frestað fram yfir páskahátíðina, og þetta mun því verða fyrir þá hátíð síðasti fundur í þessari hv. deild.

Ég vil því leyfa mér að óska öllum hv. þm. gleðilegrar hátíðar og þeim, sem heim til sín fara nú, góðrar heimferðar og heimkomu og að við megum allir sjást hér aftur heilir á húfi, þegar störf byrja að hátíðinni lokinni.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég veit, að ég mæli það fyrir munn allra deildarmanna, er ég þakka hæstv. forseta árnaðaróskir hans okkur til handa, og ég vil f. h. þingmanna óska honum og hans fjölskyldu alls góðs um þessa hátíð og um alla framtíð og bið hv. þm. að standa úr sætum, þá sem undir þær óskir vilja taka. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (EOl): Ég þakka hv. 1. þm. Reykv. fyrir góð orð og óskir í minn garð og hv. þm. fyrir að taka undir þær. — Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundi er slitið.

Á 51. fundi í Sþ., s. d., mælti

forseti (EmJ): Verkefni þessa fundar er það eitt að skýra frá, að störfum Alþingis eða fundarhöldum verður nú frestað um sinn, eða fram yfir páska, til miðvikudagsins 24. þ. m., en þá munu fundir hefjast á ný. Ég vil nota tækifærið til að óska öllum hv. alþm. gleðilegrar hátíðar og þeim, sem fara burt úr bænum til heimila sinna, góðrar ferðar og góðrar heimkomu og að við megum allir hittast hér á ný að þessu þinghléi loknu.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd þingmanna þakka hæstv. forseta góðar árnaðaróskir og veit, að ég mæli það fyrir munn alls þingheims, þegar ég óska honum og hans fjölskyldu alls hins bezta nú og síðar. Bið ég hv. þingmenn um að taka undir þær árnaðaróskir með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (EmJ): Ég þakka hv. 1. þm. Reykv. fyrir góðar óskir í minn garð og minnar fjölskyldu og hv. alþm. fyrir að hafa tekið undir þær.

Þá er verkefni þessa fundar lokið. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá, væntanlega 24. þ. m., miðvikudaginn eftir páska. Fundinum er slitið.

XIV. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 113. fundi í Ed., 28. maí, mælti

forseti (BSt): Eftir því sem útlit er fyrir, má búast við, að þetta verði síðasti fundur d. á þessu þingi. Þó er það ekki alveg víst. Það gæti orðið kallaður saman fundur enn, en ég geri frekar ráð fyrir, að þetta verði síðasti fundur deildarinnar.

Þetta er orðið víst lengsta þing, sem háð hefur verið á Íslandi, og ég finn alveg sérstaka ástæðu til að þakka hv. deildarmönnum hér samvinnuna á þessu langa þingi.

Ég minnist þess ekki, að það hafi nokkurn tíma komið nokkur ágreiningur upp á milli mín sem forseta og hv. þm. í deildinni. Að vísu hef ég tekið þátt í umr. hér sem alþm., og ég á ekki við það, að það hafi ekki verið ágreiningur á milli mín sem þm. og annarra hv. þm., heldur minnist ég þess ekki, að það hafi verið milli mín sem forseta og annarra.

Ég óska öllum þm. deildarinnar góðrar framtíðar og að við hittumst heilir í haust allir. Þeim þm., sem heima eiga utan bæjarins, óska ég góðrar heimferðar og góðrar heimkomu. Starfsmönnum deildarinnar, varaforsetum og skrifurunum, þakka ég sérstaklega góða samvinnu, varaforsetunum fyrir að hafa hlaupið í skarðið fyrir mig og þá sérstaklega hv. 1. varaforseta, sem gegndi hér alveg forsetastörfum, meðan ég fór til útlanda í vetur, og skrifurunum alveg sérstaka stundvísi og skyldurækni í þeirra starfi.

Jón Kjartansson: Ég leyfi mér, herra forseti, að þakka hlý orð í garð okkar deildarmanna. Ég óska forseta góðs gengis og fjölskyldu hans, og ég vona, að hv. deildarmenn taki undir þá ósk með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum].

Forseti (BSt): Ég þakka hv. þm. V-Sk. hlý orð í minn garð og hv. þm. deildarinnar fyrir að hafa tekið undir þau — og segi svo fundi slitið.

b. Í neðri deild.

Á 117. fundi í Nd., 29. maí, mælti

forseti (EOl): Þá er dagskrá þessa fundar lokið, og ef ekkert sérstakt kemur fyrir, er þetta síðasti fundur í þessari hv. d. á þessu þingi.

Ég vil leyfa mér, þegar við nú skiljum, að óska öllum hv. þm., sem brott fara, góðrar heimferðar og góðrar heimkomu og að við allir megum sjást hér aftur heilir, þegar þing kemur saman að nýju næsta haust.

Ég vil leyfa mér að þakka öllum hv. þdm. fyrir ágæta samvinnu og samstarf við mig og fyrir það umburðarlyndi, sem þeir hafa sýnt mér óvönum í þessu starfi.

Ég vil svo óska þess, að við megum allir hittast heilir aftur, þegar þing kemur saman. Starfsmönnum þingsins vil ég þakka fyrir samstarfið við þá og óska þeim alls hins bezta.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það er ástæðulaust að leyna því nú í lok þessa langa þings, að um sumt hafa orðið greinir með mönnum. Þ. á m. teljum við sumir, að forseti hefði stundum getað beitt valdi sínu á annan veg en hann hefur gert, og er sú skoðun okkar enn óbreytt, frá því að þeir atburðir gerðust, sem ég hér vitna til. En þrátt fyrir þann ágreining hefur okkur aldrei dulizt, hvorki persónulegur velvilji forseta til að greiða úr öllum málum á þann veg, að sem bezt mætti fara, né heldur, að hann er röggsamur forseti og hefur yfirleitt stýrt fundum d. á þann veg, að vel hefur farið.

Ég vil því þakka forseta fyrir samstarfið á þessu þingi, og ég veit, að ég mæli fyrir hönd allra dm., þegar ég óska honum velfarnaðar nú og í framtíðinni og bið hv. þdm. um að staðfesta þær óskir með því að standa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (EOl): Ég þakka hv. 1. þm. Reykv. fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og hv. þdm. fyrir að taka undir þær.

Ég endurtek svo árnaðaróskir mínar til hv. þm. og segi fundi slitið.

XV. Þinglausnir.

Á 66. fundi í Sþ., 31. maí, las forseti svofellt yfirlit um störf Alþingis:

Þingið hefur staðið frá 10. okt. 1956 til 31. maí 1957, eða alls 234 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	117
- efri deild	116
- sameinuðu þingi	66
Alls	299 þingfundir

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:			
a. Lögð fyrir neðri deild	24		
b. — — efri deild	29		
c. — — sameinað þing	2		
		55	
2. Þingmannafrumvörp:			
a. Borin fram í neðri deild	41		
b. — — - efri deild	26		
		67	
		122	

Í flokki þingmannafrumvarpa eru talin 14 frumvörp, sem nefndir fluttu, þar af 12 að beiðni einstakra ráðherra.

Úrslit lagafrumvarpa urðu þessi:

a. Afgreidd sem lög:			
Stjórnarfrumvörp	48		
Þingmannafrumvörp	20		
		alls 68 lög	
b. Felld:			
Þingmannafrumvarp		1	
c. Afgr. með rökst. dagskrá:			
Þingmannafrumvörp		3	
d. Vísað til ríkisstjórnarinnar:			
Þingmannafrumvörpum		6	
e. Ekki útrædd:			
Stjórnarfrumvörp	7		
Þingmannafrumvörp	37		
		alls 44	
		122	

II. Þingsályktunartillögur:

a. Bornar fram í sameinuðu þingi		55	
b. Borin fram í efri deild		1	
			56
Þar af:			
a. Ályktanir Alþingis	25		
b. Ályktun efri deildar	1		
c. Felld	1		
d. Afgr. með rökst. dagskrá	3		
e. Vísað til ríkisstjórnarinnar	2		
f. Ekki útræddar	24		
		56	

III. Fyrirspurnir:

Allar bornar fram í sameinuðu þingi, 8, en tvær eru saman á þingskjali, svo að málatala þeirra er ekki nema	7
Allar þessar fyrirspurnir voru ræddar.	

Mál til meðferðar í þinginu alls	185
Tala prentaðra þingskjala alls	713

Síðan mælti

forseti (GJóh): Eins og sjá má af þessu yfirliti, hefur Alþingi það, sem nú lýkur störfum í dag, haft mörg merk og stór mál til meðferðar, enda hefur Alþingi setið lengi að störfum. Til þess liggja eðlilegar ástæður, sem hér verður ekki farið frekar út í.

Ég bendi hér aðeins á nokkur hinna stærri mála, sem afgreidd hafa verið á Alþingi.

Samþykkt voru lög um útflutningssjóð o. fl.

Sett lög, sem heimila ríkisstjórninni kaup á 15 nýjum togurum og 12 fiskiskipum, 200—250 smálesta hvert, ásamt lántökuheimild fyrir ríkisstj. til þessara skipakaupa. Áætlað er, að hinum nýju togurum og fiskibátum verði ráðstafað til þeirra byggðarlaga, er mesta þörf hafa fyrir aukinn atvinnurekstur á sviði sjávarútvegs og hafa jafnframt vinnslumöguleika í landi. Þá er og gert ráð fyrir því í lögunum, að ríkisstj. sé heimilt að setja á stofn ríkisútgerð togara til atvinnujöfnunar fyrir þau sjávarþorp, sem verst eru á vegi stödd með atvinnu.

Samþykkt voru lög um útflutning sjávarafurða o. fl.

Samþykkt hafa verið lög um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Samþykkt lög um búfjárrækt.

Endurskoðuð og samþykkt lög um lax- og silungsveiði og fleiri lög viðkomandi landbúnaði, sem ekki vinnst tími til að telja upp.

Þá hafa verið samþykkt ný lög um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl., mikill lagabálkur, þar sem í eru allmörg nýmæli, svo sem um húsnæðismálastofnun ríkisins, byggingarsjóð ríkisins, frjálsan sparnað og skyldusparnað ungs fólks gegn forgangsrétti til lána úr byggingarsjóði til húsbygginga.

Samþykkt hafa verið lög um breytingar á orlofslögunum. Nú fá t. d. hlutarsjómenn fullt orlof, en fengu áður aðeins hálft.

Samþykkt hafa verið lög um heilsuvernd í skólum og samþykktar breytingar á sjúkrahúsalögum.

Samþykkt lög um Háskóla Íslands, þar sem í eru mörg nýmæli frá eldri lögum.

Gerðar hafa verið breytingar á lögum um skemmtanaskatt og þjóðleikhús og félagsheimilasjóði séð fyrir auknum tekjum. Nú fá verkalýðsfélög og búnaðarfélög beina aðild að félagsheimilasjóði, sem þau höfðu ekki áður. Helmingur af skemmtanaskatti skal nú renna í félagsheimilasjóð í stað 35 af hundraði áður.

Þá hafa verið samþykkt lög um stofnun vísindasjóðs og sjóðnum tryggðar allmiklar tekjur árlega.

Þá hafa verið samþykkt þrjú bankafrumvörp um breytingar á bankalöggjöfinni. Aðalbreytingin er um seðladeild Landsbankans, sem nú verður undir sérstakri stjórn innan Landsbankans. Önnur aðalbreytingin er sú, að Útvegsbankanum h/f skuli breytt í ríkisbanka.

Samþykkt hafa verið lög um skatt á stóreignir.

Ég hef hér í sem stytztu máli nefnt nokkur frv., sem Alþingi hefur fjallað um og gert að lögum. Að sjálfsögðu eru fjölmörg önnur mál, sem Alþingi hefur haft til meðferðar og afgreitt sem lög. Einstaka mál hefur dagað uppi, og eru það engin nýmæli í sögu Alþingis.

Ég vil leyfa mér að halda því fram, að eftir þetta þing liggi mikið og merkilegt starf. Það er ósk mín og trú, að störf þessa Alþingis verði landi og þjóð til aukinnar hagsældar og blessunar.

Ég vil þakka öllum hv. alþm. fyrir góða samvinnu og fyrir þá miklu vinnu, sem þeir hafa lagt í störf sín í nefndum og á þingfundum.

Ég þakka hæstv. forsetum fyrir ágæta samvinnu, svo og riturum sameinaðs Alþingis, sem á margan hátt hafa aðstoðað mig við forsetastörfin.

Skrifstofustjóra Alþingis, fulltrúum og öllu starfsfólki þakka ég alla þá aðstoð og fyrirgreiðslu, sem mér hefur verið veitt og ætið hefur verið í té látin með glöðu geði.

Ég óska hæstv. alþm. alls hins bezta á komandi tímum. Utanbæjarþingmönnum svo og öðrum þeim, sem nú halda heim frá þingi, óska ég góðrar ferðar og heimkomu og að við megum öll heil hittast við setningu næsta Alþingis.

Ólafur Thors: Ég vil leyfa mér, herra forseti, að þakka fyrir hönd þm. góðar óskir forsetans. Einnig þökkum við ánægjulegt samstarf við hann og réttláta fundarstjórn hans. Við óskum honum og ástvinum hans velfarnaðar og vonum, að við megum hitta hann heilan, þegar við komum saman að nýju.

Ég vil leyfa mér að biðja hv. þm. að staðfesta þessi ummæli mín með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (GJóh): Ég vil þakka hv. þm. G-K. ummæli hans og árnaðaróskir mér til handa og hv. alþm. fyrir að hafa tekið undir þær og endurtek árnaðaróskir mínar til hv. alþm.

Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. alþm. Í dag hefur verið gefið út forsetabréf, sem svo hljóðar:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið, að Alþingi, 76. löggjafarþingi, skuli slitið í dag, föstudaginn 31. maí 1957.

Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gert að Bessastöðum, 31. maí 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

Hermann Jónasson.

Forsetabréf um þinglausnir."

Samkvæmt þessu bréfi, sem ég hef nú lesið, lýsi ég yfir því, að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið.

Ég óska þingmönnum velfarnaðar, þjóðinni allra heilla og bið þingmenn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp, og **forsætisráðherra, Hermann Jónasson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi."

Tók þingheimur undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.